

# LANDSINS ÚTVÖLDU SYNIR

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

RITSTJÓRAR

Davíð Ólafsson, Már Jónsson  
og Sigurður Gylfi Magnússon

7. bindi

# LANDSINS ÚTVÖLDU SYNIR

Ritgerðir skólapilta Lærða skólans í íslenskum stíl  
1846-1904

BRAGI ÞORGRÍMUR ÓLAFSSON

tók saman



REYKJAVÍK 2004  
HÁSKÓLAÚTGÁFAN

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR 7

# LANDSINS ÚTVÖLDU SYNIR

Ritgerðir skólapilta Lærða skólans í íslenskum stíl  
1846-1904

BRAGI ÞORGRÍMUR ÓLAFSSON  
tók saman

REYKJAVÍK 2004

## SÞNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÞUMENNINGAR

1. Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1997).
2. Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Þróm. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1998).
3. Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld. Sigrún Sigurðardóttir tók saman (1999).
4. Orð af eldi. Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883-1914. Erna Sverrisdóttir tók saman (2000).
5. Burt – og meir en bæjarleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2001).
6. Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711-1729. Már Jónsson tók saman (2002).

*Fimmtíu ára afmælisárgangur Menntaskólans í Reykjavík (1954)*

*Menningarsjóður*

*Nýsköpunarsjóður námsmanna*

*Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis (SPRON)*

*styrktu útgáfu þessarar bókar*

Háskólaútgáfan

Reykjavík 2004

© Davíð Ólafsson, Már Jónsson, Sigurður Gylfi Magnússon

Hönnun bókkápu: Alda Lóa Leifsdóttir

Umbrot: Sverrir Sveinsson

Prentumsjón: Prentsmiðjan Hjá Oss

Bókband: Bókavirkið ehf.

ISBN 9979-54-608-5



*Til Helgu og Arngríms Orra*



# Efni

Formáli .....	17
<b>I. Inngangur</b> .....	21
1. Efniviður .....	21
Inngangsorð – efni bókarinnar .....	21
Aðdragandi og efnistösk .....	22
2. Lærði skólinn .....	24
Sögusvið .....	24
Lífið í skólanum .....	29
Samskipti kynjanna .....	34
Vísir að æskumenningu .....	37
Skólinn sem samfélag .....	39
Ný staða, nýtt hlutverk .....	43
3. Heimildagildi, frágangur texta og uppbygging bókarinnar .....	48
Heimildagildi .....	48
Uppbygging bókarinnar og frágangur texta .....	51
4. Í þágu niðjanna .....	52
<b>II. Hvernig ætlarðu að verja sumarleyfinu?</b> .....	53
<i>Hvernig ætlarðu að verja sumarleyfinu? (1897)</i>	
Pétur Bogason .....	53
Ásgeir G. Gunnlaugsson .....	54
Einar Arnórsson .....	55
<i>Hvernig eiga nemendur lærða skólans að verja sumarleyfinu svo að það verði þeim til sem beztra nota? (1900)</i>	
Eiríkur P. Stefánsson .....	57
Sigurður Guðmundsson .....	58
<i>Hvar ætlarðu að dvejja í sumarleyfinu og hvernig hyggstu að verja því? (1902)</i>	
Sigurbjörn Ármannsson Ármann .....	60
Ólafur Gunnarsson .....	61
Einar P. Jónsson .....	62
Reinhold Samúelsson Richter .....	63
<b>III. Vetur og sumar</b> .....	65
<i>Að rita um vetur og sumar (1893)</i>	
Ásgeir Torfason .....	65
Guðmundur Guðmundsson .....	67

<i>Hvort hlakkar þú meira til vetrarins eða sumarsins og hvers vegna? (1897)</i>	
Sveinn Björnsson .....	69
Ólafur Möller .....	70
<i>Haust á Íslandi (1903)</i>	
Bogi Brynjólfsson .....	71
Haraldur Sigurðsson .....	73
<b>IV. Ferðalýsingar</b> .....	75
<i>Seg frá einhverri ferð, sem þú hefir farið (1900)</i>	
Friðrik Sigurðsson .....	76
Oddur Hermannsson .....	78
Jóhann G. Sigurðsson .....	80
Gunnlaugur Þorsteinsson .....	83
Bogi Benediktsson .....	84
Magnús (Maggi) Júlíusson .....	86
<i>Segjið frá skólaferðinni til Hafnarjjarðar eða einhverri annari ferð sem þið hafið farið (1901)</i>	
Oscar Clausen .....	87
Vernharður Þorsteinsson .....	89
Árni Árnason .....	91
<b>V. Hugsanir um himingeiminn</b> .....	93
<i>Himinhvefingin (1890)</i>	
Sigtryggur Guðlaugsson .....	94
Jóhann Briem .....	95
Jón Blöndal .....	96
Jón Benediktsson .....	97
<b>VI. Hjátrú og vantrú</b> .....	99
<i>Í hverju er hjátrú fólgin? Hverjar eru afleiðingar hennar? Og með hverju á að bægja henni burtu? (1852)</i>	
Jón Jónsson .....	99
Gunnlaugur Blöndal .....	101
Magnús Hannesson Stephensen .....	102
<i>Hvernig eflir traustið til guðs fullkonnun hvers þess manns, sem það hefur? (1855)</i>	
Davíð Guðmundsson .....	103
<i>Að lýsa vantrú og hjátrú og bera þær saman (1880)</i>	
Hannes Hafstein .....	104
Jónas Jónasson frá Hrafnagili .....	105
Pálmi Pálsson .....	107

<i>Hvernig getur vonin um annað líf stuðzt við trúna á guðs rjettlæti? (1881)</i>	
Sigurður Thoroddsen .....	109
Gísli Guðmundsson.....	110
Brynjúlfur Kúld .....	111
<b>VII. Kirkjulýsingar</b> .....	115
<i>Lýstu einhverri kirkju sem þjer er kunn (1902)</i>	
Júlíus Havsteen (Akureyrarkirkja) .....	115
Baldur Sveinsson (Húsavíkurkirkja) .....	116
Þórarinn Kristjánsson (Garðar á Álftanesi) .....	118
Magnús Stephensen (Dómkirkjan í Reykjavík) .....	119
<b>VIII. Fermingardagurinn</b> .....	121
<i>Þegar jeg var fermdur.</i>	
<i>(Endurminningar frá þeim degi afi minnar) (1897)</i>	
Jón Ófeigsson .....	121
Jóhann Sigurjónsson .....	123
Benedikt Sveinsson.....	124
Lárus Thorarensen .....	126
<b>IX. Freistingar</b> .....	129
<i>Hvað er çfund, og hvað er það sem menn tíðast çfunda aðra af? (1861)</i>	
Jón A. Hjaltalín .....	129
<i>Hverjar eru freistingar þær, sem fátækt og auðafi hafa hvort um sig í för með sjer? (1869)</i>	
Lárus Halldórsson .....	131
<i>Hverjar eru þær helztu hindranir fyrir manninn til að verða góður? (1870)</i>	
Páll Þorláksson .....	132
Þorvarður Andrésson Kjerulf .....	133
<i>Hinar helztu afleiðingar ágirndarinnar (1872)</i>	
Sigurður Jensson .....	134
<i>Hverjar eru hinar skaðlegu afleiðingar óhçfsseminnar? (1879)</i>	
Jónas Jónasson frá Hrafnagili .....	135
Sigfús Bjarnason .....	136
<i>Hverjar eru hinar helztar afleiðingar af iðjuleysi? (1886)</i>	
Hannes Þorsteinsson .....	138
Stefán Stefánsson .....	139
Jón Helgason .....	141
<i>Að sýna hversu nauðsynlegt það er, að gæta hçfs í hverju einu (1893)</i>	
Jón Hermannsson .....	143
Knud Zimsen .....	144

<b>X. Konur í Lærða skólanum</b> .....	147
<i>Að sýna fram á „ærlighed varer længst“ (1890)</i>	
Ólafía Jóhannsdóttir .....	148
<i>Hvernig getum vjer búið oss farsæla elli? (1897)</i>	
Elínborg Jakobsen .....	149
<b>XI. Lestur rómána</b> .....	151
<i>Hvaða not geta menn haft af lestri skemmtisagna (Romaner), og hvað illt getur af honum leitt? (1855)</i>	
Magnús Stephensen .....	151
Stefán S. Stephensen .....	152
Eiríkur Magnússon .....	153
<b>XII. Latínukennsla</b> .....	155
<i>Hver er tilgangur tungumála- og einkum latínukennslunnar í lærðum skólum? (1872)</i>	
Guðni Guðmundsson .....	155
Indriði Einarsson .....	156
<b>XIII. Hinn æskilegi námsmaður</b> .....	159
<i>Hver eru aðalskilyrði farsællar samvinnu kennara og skólasveina? (1901)</i>	
Þórarinn Þórarinsson .....	160
Vígfús Einarsson .....	161
<i>Lýs ötulum og iðnum námsmanni og lötum nemanda og seg mun á þeim (1901)</i>	
Magnús Magnússon .....	162
Páll Eggert Ólason .....	164
<b>XIV. Sveitalíf – bæjarlíf</b> .....	167
<i>Lýsing á störfum manna á Íslandi frá sumarmálum til veturnátta (1854)</i>	
Júlíus Havsteen .....	167
Anton H. Möller .....	168
<i>Berið hf bóndans hjér á landi saman við hf og starf sjáfarbóndans (1894)</i>	
Jón Hjaltalín Sigurðsson .....	169
<i>Lýsing á íslenzku sveitalífi um heyannatímann (1895)</i>	
Eggert Briem Eiríksson .....	171
Kristinn Björnsson .....	172
Hendrik Erlendsson .....	173
<b>XV. Meðferð dýra</b> .....	175
<i>Skyldur mannanna að því er snertir meðferð dýranna (1881)</i>	
Sigurður Hjörleifsson Kvaran .....	175

Valtýr Guðmundsson .....	176
Bjarni Þorsteinsson .....	178
<b>XVI. Þekktu sjálfan þig</b> .....	181
<i>Því er það svo áriðandi að þekkjja sjálfan sig, og því svo örðugt? (1855)</i>	
Lárus Blöndal .....	181
<i>Hví eigum vjer að þrjúfa sjáfa oss? Og hví er það svo örðugt, að þekkjja réttilega sjálfan sig? (1861)</i>	
Lárus Benediktsson .....	182
Tómas Björnsson .....	183
Páll Melsteð .....	184
<i>Að útlísta, hversu nytsamt og hversu torvelt það sje að þekkjja sjálfan sig (1869)</i>	
Jón Jónsson .....	184
Helgi Melsteð .....	186
<b>XVII. Lýsingar á heimaslóðum</b> .....	189
<i>Sjerhver piltur lýsi þeirri sveit, sem hann er alinn upp í (1894)</i>	
Árni Sigurðsson (Vestmannaeyjar) .....	189
Jón Brandsson (Skaftártunga) .....	190
Sigurjón Markússon (Reykjavík) .....	191
Hans Bjarnason (Reykjavík) .....	192
Jón Jóhannesson (Reykjavík) .....	192
<i>Lýstu landslagi og náttúruvegurð heima hjá þjer (1898)</i>	
Vilhjálmur Finsen (Reykjavík) .....	193
Þorsteinn Þorsteinsson (Reykjavík) .....	194
Valdimar Erlendsson (Ás) .....	196
<i>Lýsið þjerri sveit eða þeim bæ, sem hver yðar þekkir best (1903)</i>	
Ólafur Jóhannesson (Sauðárkrókur) .....	197
Júlíus Havsteen (Akureyri) .....	199
<i>Lýs fögrum vordegi í Reykjavík þegar gott útsýni er (1904)</i>	
Ólafur P. Pétursson .....	200
Steindór Björnsson .....	201
<b>XVIII. Æska og elli</b> .....	205
<i>Því er það svo áriðandi, að verja vel æskuárunum? (1854)</i>	
Lárus E. Sveinbjörnsson .....	205
Sæmundur Jónsson .....	206
<i>Að líkja saman lífi mannsins og lífi blómsins (1854)</i>	
Stefán S. Stephensen .....	207
<i>Uppeldi? Hví er gott uppeldi svo áriðandi og nauðsynlegt bæði fyrir hvern einstakan? Og heilar þjóðir? (1854)</i>	
Magnús Pétursson Stephensen .....	208

<i>Í hverju er gott uppeldi fólgið, og hverjir eru ávextir þess? (1862)</i>	
Matthías Jochumsson .....	209
Hallgrímur Sveinsson .....	211
<b>XIX. Þjóð, framtíð og framfarir .....</b>	<b>215</b>
<i>Hverja þýðingu hefur heimilislífið fyrir þjóðlífið? (1882)</i>	
Friðrik Jónsson .....	216
<i>Feðranna dáðleysi er barnanna böf og bölvun í nútíð er framtíðar- kvöl (1884)</i>	
Björn Jónsson .....	217
Einar Benediktsson .....	219
<i>Um þýðingu premfrelsisins fyrir framför mannkynsins (1889)</i>	
Magnús Jónsson .....	220
Jón Jónsson Aðils .....	222
Ólafur Thorlacius .....	223
<i>Hvaða þýðingu hefur menntunin fyrir manninn og mannrjelaði í heild sinni? (1890)</i>	
Már Nielsson .....	225
<i>Hvers vegna er það skylda hvers manns að elska ætjörð sína og í hverju er hin sanna ætjarðarást fólgin? (1895)</i>	
Sigurður Pálsson .....	227
Páll Sæmundsson .....	228
<i>Skrifaðu um sjómennsku og siglingar Íslendinga fyrrum og nú og seg, hverjar vonir þú gerir þjer um framfarir í þeim greinum (1898)</i>	
Jón Ófeigsson .....	229
Benedikt Sveinsson .....	231
<i>Samgöngufærin og þýðing þeirra (1900)</i>	
Páll Sveinsson .....	234
<i>Að hverju leyti standa menn nú betur að vígi til þess að hagnýta sjer gæði náttúrunnar en fyrir 100 árum? (1901)</i>	
Magnús Sigurðsson .....	236
Skúli Bogason .....	237
<i>Hver bönd binda oss við föðurlandið? Og hverjar eru venjulegar orsakir til úflutninga? (1902)</i>	
Sigurður Sigtryggsson .....	238
Halldór Jónasson .....	240
<i>Hver ráð eru bezt fallin til að efla andlegan þroska þjóðar vorrar? (1902)</i>	
Bjarni Jónsson .....	241
Sigurður Guðmundsson .....	243
<i>Í hverju lýsir sér sönn og rétt þjóðernistifinning? (1903)</i>	
Jón Kristjánsson .....	245
Jóhann G. Sigurðsson .....	247



<i>Að lýsa afli og áhrifum vanans (1895)</i>	
Guðmundur Guðmundsson .....	249
Jón Þorláksson .....	251
<b>XX. Lýðræði og önnur stjórnarform .....</b>	<b>253</b>
<i>Hvað er skilið við borgaralegt fjelag, hvað er það, sem heldur því, og hvað er það, sem verður því til sundrungar? (1871)</i>	
Indriði Einarsson .....	253
<i>Að flokka og útpýða hin ýmislegu stjórnarform, er fyrirkoma í mannkynssögunni (1872)</i>	
Jóhann Þorkelsson .....	255
<i>Þýðing fjálsrar stjórnarskipunar fyrir þjóðirnar (1893)</i>	
Magnús Arnbjarnarson .....	256
Sigurður Magnússon .....	258
Benedikt P. Gröndal .....	259
<b>XXI. Manngerðir .....</b>	<b>263</b>
<i>Hví leitast svo margir við, að sýnast það, sem þeir eru eigi? (1874)</i>	
Þorvaldur Thoroddsen .....	263
Gestur Pálsson .....	265
<i>Hví leitast svo margir við að sýnast að vera það, sem þeir eru eigi? (1877)</i>	
Árni Þorsteinsson .....	267
Jóhannes D. Ólafsson .....	267
<b>XXII. Sagan og sjálfstæðisbaráttan .....</b>	<b>269</b>
<i>Að útlísta, hversu niysamt það sje að þekkja sögu þjóðar sinnar (1871)</i>	
Þorvarður Andrésson Kjerulf .....	269
Árni Jóhannsson .....	270
Björn Stefánsson .....	272
<i>Að hverju leyti er það mikilsvert að vera vel að sjer í sögu síns eigin lands? (1896)</i>	
Halldór Hermannsson .....	273
Matthías S. Þórðarson .....	275
<b>XXIII. Tíska og glæsileiki .....</b>	<b>277</b>
<i>Eiga menn að tolla í tiskunni eða þverskallast við henni? (1902)</i>	
Guðmundur G. Jóhannesson .....	277
Haraldur Sigurðsson .....	278
<i>Hvern mann kallar þú glæsilegan? (1903)</i>	
Sigurður Lýðsson .....	279
Pétur Á. Jónsson .....	280

<b>XIV. Vinir og vinátta</b> .....	283
<i>Sá er vinur, er til vamma segir (1879)</i>	
Hannes Hafstein .....	283
Jón Jakobsson .....	285
Emil Schou .....	286
<i>Hver er sannur vinur minn? (1880)</i>	
Ólafur Einarsson .....	288
Jón Magnússon .....	289
<i>Hversu má illur fjelagsskapur spilla góðum siðum? (1882)</i>	
Lárus Árnason .....	290
Skúli Skúlason .....	291
<i>Sá, sem engan vin á, ferðast eins og útlendingur yfir jörðina (1889)</i>	
Friðrik Friðriksson .....	293
<b>XXV. Íþróttir og leikir</b> .....	297
<i>Lýsið hinum helztu líkamisíþróttum, sem tíðkaðar eru hjer á landi, og sýnið fram á það gagn sem af þeim getur leitt (1895)</i>	
Eggert Briem Eiríksson .....	298
Guðmundur Benediktsson .....	299
<i>Lýs þeim íþróttum, er þú hefur mestar mætur á (1902)</i>	
Þórður Guðmundsen .....	300
Árni Árnason .....	301
<i>Hveijir leikar og fimleikaa fingar tíðkast mest hér á landi? Lýs vandlega einhverjum leik er þú þekkir (1903)</i>	
Reinhold Samúelsson Richter .....	303
Ásgeir Gunnlaugsson Már .....	305
Sigfús Maríus Jóhannsson Johnsen .....	306
<b>XXVI. Listin að lifa</b> .....	307
<i>Í hverju er sönn hugprýði innifalin? (1853)</i>	
Bjarni E. Magnússon .....	307
<i>Hvernig getur þrífnaður stutt að velmegan og vellíðan manna? (1855)</i>	
Þorgrímur A. Johnsen .....	308
<i>Að útlista, hvers vegna gott mannorð er áriðandi fyrir hvern mann (1862)</i>	
Þorlákur Thorarensen .....	309
Tómas Björnsson .....	310
<i>Í hverju er fjarsæld manna fólgin? (1868)</i>	
Björn M. Ólsen .....	311
<i>Að hve miklu leyti er það satt, að skaðinn gjöri mann hygginn? (1869)</i>	
Jens Pálsson .....	312
<i>Að útlista eðli og einkenni sannrar hugprýði (1870)</i>	
Ólafur Briem .....	313

<i>Hví eigum vjer að forðast að vera cf auðtrúa? Og hver er meðalvegurinn milli þess og cf mikillar tortryggni? (1877)</i>	
Páll Briem .....	314
Finnur Jónsson .....	315
<i>Sælla er að gefa en þiggja (1881)</i>	
Klemens Jónsson.....	317
Bjarni Þorsteinsson .....	318
Guðmundur Magnússon .....	319
<i>Hví eigum vjer að vera varkárir í lcforðum vorum? (1880)</i>	
Jón Magnússon .....	321
<i>Því eigum vjer að forðast að vera cf auðtrúa? Og hver er meðalvegurinn millum þess, að vera cf auðtrúa, og tortrygninnar? (1881)</i>	
Einar Hjörleifsson Kvaran .....	322
<i>Hví megum vjer eigi fresta því til morguns, sem vjer getum gjört í dag? (1882)</i>	
Sigurður Hjörleifsson Kvaran .....	324
<i>Quisqve suae fortunae faber (Hver er sinnar gafu smiður) (1882)</i>	
Ólafur Davíðsson .....	325
<i>Að hve miklu leyti er það sannmæli, „suae quisque fortunae faber“? (Hver er sinnar gafu smiður) (1886)</i>	
Þórarinn Þórarinsson .....	327
Jóhannes Lárus Lyngel.....	328
<i>Hví eru svo margir cf mönnunum óánægðir með stöðu þá, sem þeir eru í? (1884)</i>	
Stefán Stefánsson .....	330
<i>Í hverju er hin ytri hamingja fólgin? Með hverju móti getum vjer sjáfir stutt að henni? (1894)</i>	
Páll Friðrik Vídalín Bjarnason .....	331
<i>Era svo got / sem gott kveða, / öl aldasonum, / því færra veit, er fleira drekkur, / síns til geðs gumí (1903)</i>	
Páll Sigurðsson .....	333
Árni Árnason .....	335
<i>Gjör reislul og vog þínu tali, og set hurð með loku fyrir þinn munn (1893)</i>	
Þorvarður Þorvarðarson .....	336
<i>Að skýra orðtækið: Enginn veit hvað átt hefur, fyrr en misst hefur (1880)</i>	
Ólafur Davíðsson .....	338
Jakob Sigurðsson .....	339
<i>Kapp er best með forsjá (1886)</i>	
Ólafur Thorberg .....	341
<i>Morgunstund hefur gull í mund (1889)</i>	
Kristján Kristjánsson .....	342

<i>Leiðir verða langþurfamenn (1896)</i>	
Stefán Guðmundsson Stefánsson .....	343
Jón Ólafsson Rósinkrans.....	344
<i>Að sýna fram á „ærlighed varer længst“ (1890)</i>	
Pétur Guðjohnsen .....	345
<i>Er það rjett, sem stendur í þjédikara Salómons (1.18):</i> <i>„Sá, sem eykur sína þekkingu, eykur og sínar raunir“? (1893)</i>	
Björn Bjarnason .....	347
<b>XXVII. Viðauki – fyrstu skref fræðimanns</b> .....	349
<i>Hvers vegna er það nauðsynlegt hverri þjóð að leggja rækt við sögu sína</i> <i>og fyrri alda bókmenntir? (1906)</i>	
Sigurður Nordal .....	349
Heimildaskrá .....	353
Nafnaskrá .....	361

## Formáli

*Landsins útvöldu synir* er sjöunda bókin í ritröðinni *Sýnisbók íslenskrar alþýðumennningar*. Hugmyndin að bókinni vaknaði sumarið 1999 þegar ég rakst á fjölda ritgerða eftir skólapilta Lærða skólans sem eru varðveittar á Þjóðskjalasafni Íslands. Ferlið frá hugmynd að útgáfu er nokkuð langt, og hafa margir lagt hönd á plóginn.

Ég vil fyrst nefna Sigurð Gylfa Magnússon sagnfræðing, sem var leiðbeinandi við BA-ritgerð mína í sagnfræði veturinn 1998-1999, en hann hvatti mig upphaflega til að gefa ritgerðirnar út. Hvatning hans, dugnaður og ráðleggingar hafa gert útgáfu þessarar bókar að veruleika og kann ég honum mínar bestu þakkir fyrir. Sigurður Gylfi las yfir inngang bókarinnar ásamt meðritstjórunum Davíð Ólafssyni og Má Jónssyni og bentu á ýmislegt sem betur mætti fara. Þá báru þeir saman texta og frumrit ásamt mér, Kára Bjarnasyni, samstarfsmanni mínum á handritadeild Landsbókasafns Íslands, og Báru Magnúsdóttur, fræðikonu í ReykjavíkurAkademíunni. Clarence E. Glad guðfræðingur og fræðimaður í ReykjavíkurAkademíunni las yfir inngang bókarinnar sumarið 2004 og gaf góð ráð.

Vinnan við bókina fór að mestu leyti fram á Þjóðskjalasafni Íslands sumarið 2000. Ég vil þakka starfsfólki safnsins fyrir veitta aðstoð, sérstaklega þeim Jóni Torfasyni og Péttri G. Kristjánssyni fyrir aðstoð og ábendingar við handritalesturinn. Ég vann að bókinni með hléum næstu misserin og var þá með vinnuástöðu í ReykjavíkurAkademíunni í návist fjölmargra fræðimanna af ýmsum sviðum og þakka ég þeim samveruna. Í byrjun árs 2004 hófst svo lokaspætturinn og hafa samstarfsmenn mínir á handritadeild Landsbókasafns Íslands reynt mér vel, sérstaklega þeir Örn Hrafnkelsson, Eiríkur Þormóðsson, Kári Bjarnason og Ögmundur Helgason. Ég naut góðs af návist Aðalgeirs Kristjánssonar sagnfræðings á lestrarsal handritadeildar sem gat leyst úr ýmsum vandkvæðum og álitamálum við ritun bókarinnar.

Alda Lóa Leifsdóttir hönnuður bjó til kápu bókarinnar, en hún hefur hannað allar kápurnar í ritröðinni og hafa þær vakið verðskuldaða athygli. Sverrir Sveinsson prentari braut bókina um og Inga G. Guðmannsdóttir prófarkalas inngang, millikafla og æviágrip. Bjarni Magnússon las allt handritið yfir og fór

yfir greinamerkingar. Olgeir Skúli Sverrisson hafði umsjón með prentun bókarinnar og Ásgeir Guðmundsson hjá Bókavirkinu sá um bókband. Jörundur Guðmundsson, forstöðumaður Háskólaútgáfunnar hefur stutt dyggilega við útgáfu bókarinnar og fylgt henni allt frá fyrstu skrefunum að útgáfu. Þessu fólki vil ég þakka gott samstarf.

Ég hef notið nokkurra styrkja við vinnuna og útgáfu bókarinnar. Nýsköpunarsjóður námsmanna veitti mér styrk sumarið 2000 til að skrifa ritgerðirnar upp og koma verkefninu af stað. Vorið 2002 fékk ég námsstyrk Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) sem gaf mér tækifæri til að einbeita mér að bókinni um skeið. Vorið 2004 fékk ég styrk úr Menningarsjóði og um sama leyti veitti fimmtíu ára afmælisárgangur Menntaskólans í Reykjavík (1954) mér útgáfustyrk, og kann ég forsvarsmönnum hans, þeim Þorvaldi S. Þorvaldssyni, Úlfi Sigurmundssyni, Unni Maríu Figved, Ólafi Bjarnasyni, Magnúsi Thoroddsen og Halldóri Halldórs bestu þakkir fyrir. Ég vil þakka Sveini Einarssyni fv. Þjóðleikhússtjóra sérstaklega fyrir milligöngu í þessu máli.

Foreldrar mínir, Bára Þorgerður Þorgrímsdóttir hjúkrunarfræðingur og Ólafur Jónsson læknir, hafa ávallt hvatt mig áfram við vinnu þessarar bókar og hefur faðir minn veitt mér margar gagnlegar ábendingar við ritun hennar. Unnusta mín, Helga Sigurðardóttir ljósmóðurfræðinemi, hefur stutt mig dyggilega á meðan ég vann að bókinni, og er hún því tileinkuð henni og syni okkar, Arngrími Orra.

29. október 2004  
*Bragi Þorgrímur Ólafsson*

*Þegar ég var nú kominn inn og allir piltar komu  
saman og ég horfði yfir hópinn – hóp landsins  
útvöldu sona, fannst mér mikið um og hið ólíklega  
orðið eftir hrakning æskuára minna*

Matthías Jochumsson, SÖGUKAFLAR AF SJÁLFUM MÉR (Reykjavík, 1959), bls. 137





## I. Inngangur

### *1. Efniviður*

#### *Inngangsorð – efni bókarinnar*

Á síðari hluta nítjándu aldar dró Lærði skólinn í Reykjavík til sín hóp ungra pilta hvaðanæva af landinu. Próf þaðan þótti jafnan glæsileg viðurkenning og veitti möguleika á góðu lífsstarfi innan íslenska embættismannakerfisins. Námsárin gáfu piltunum einnig tækifæri til skemmtilegra samvista og öflugs félagslífs sem oft setti svip sinn á bæjarbraginn. Námið átti þó að hafa forgang, en meðal þess sem skólapiltarnir þurftu að kljást við voru ritgerðir í íslenskum stíl. Ritgerðarefni voru mörg hver í spurningarformi þar sem nemendum var falið að taka afstöðu til ákveðinna mála varðandi lífið og tilveruna, vináttuna, ættjarðarástina, þroska, framfarir og dyggðugt líferni. Einnig voru þeir beðnir að lýsa einhverjum atburðum úr lífi sínu, til dæmis ferðalögum, heimahögum sínum, árstíðum, fyrirætlunum í sumarleyfinu, svo fátt eitt sé nefnt. Með þessum ritgerðum áttu nemendurnir að sýna ritfærni sína og ályktunarhæfni í rituðu máli en jafnframt lýsa samtíma sínum og tíðaranda út frá eigin brjósti.

Sýnisbókin sem nú kemur fyrir almenningssjónir hefur að geyma úrval þessara ritgerða á tímabilinu 1846-1904. Þeir sem hér halda á penna eru unglingspiltar sem margir hverjir áttu eftir að verða þjóðþekktir einstaklingar. Hér má nefna nöfn á borð við Hannes Hafstein (1861-1922), Einar Benediktsson (1864-1940), Matthías Jochumsson (1835-1920), Einar H. Kvaran (1859-1938) og Sigurð Nordal (1886-1974). Þá er hér einnig að finna skrif frá piltum sem minna fór fyrir í þjóðlífinu sem eru ekki síður áhugaverð. Ennfremur má finna hér ritgerðir fyrstu kvenna sem stunduðu nám við skólann, þeirra Ólafíu Jóhannsdóttur (1863-1924) og Elínborgar Jakobsen (1871-1929). Þessar ritgerðir hafa verið varðveittar á Þjóðskjalasafni Íslands í rúm sjötíu ár og munu nú nýtast til að gægjast inn í hugarheim og daglegt líf nemenda Lærða skólans á síðari hluta nítjándu aldar.

## *Aðdragandi og efnistöð*

Sumarið 1999 rakst ég fyrir tilviljun á skólaskýrslur Lærða skólans í Þjóðdeild Landsbókasafns Íslands. Eftir að hafa blaðað í gegnum skýrslu fyrir árið 1857 vakti yfirlit yfir prófverkefni athygli mína. Þar gat meðal annars að líta ritgerðarefni í íslenskum stíl: „Hverja nytsemi geta ungir menn haft af námi mannkynssögunnar?“<sup>1</sup> Verkefnið var óneitanlega forvitnilegt og athugun á fleiri skýrslum leiddi í ljós að verkefni í íslenskum stíl voru flest í svipuðum anda: „Hver bönd binda oss við föðurlandið og hverjar eru venjulega orsakir til útflutninga?“<sup>2</sup> (1902), „Hvers vegna er það skylda hvers manns að elska ættjörð sína og í hverju er hin sanna ættjarðarást fólgin?“<sup>3</sup> (1895) og „Hvers eiga ungir menn helst að gæta, er þeir velja sér lífsstöðu?“ (1887).<sup>4</sup> Ritgerðarefni gáfu nemendum augljóslega tækifæri til að skrifa frásögu út frá eigin brjósti og mér lék forvitni á að vita hvort ritgerðirnar sjálfar væru varðveittar.<sup>5</sup> Eftir skamma leit kom í ljós að þær eru geymdar á Þjóðskjalasafni í 123 öskjum sem innihalda svör við prófspurningum úr ýmsum námsgreinum á tímabilinu 1847-1909.<sup>6</sup> Eftir að hafa skoðað þar nokkrar mjög áhugaverðar ritgerðir frá ýmsum árum varð mér ljóst að hér væri á ferðinni mjög óvenjuleg en jafnframt forvitnileg heimild sem gaman væri að gefa út. Ég ræddi þessa hugmynd við ritstjóra ritraðarinnar *Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar* sem töldu að þetta efni ætti tvímælalaust erindi í sýnisbók í ritröðinni. Vorið 2000 fékkst styrkur frá Nýsköpunarsjóði námsmanna til að vinna að ritun bókarinnar og síðar fékkst styrkur úr Menningarsjóði, Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) og frá fimmtíu ára afmælisárgangi Menntaskólans í Reykjavík (1954) til að gefa hana út.

- 1 *Skýrsla um Hinn Lærða skóla í Reykjavík skólaárið 1856-57.* (Reykjavík, 1858), bls. 40. Yfirskrift þessara ritgerðarspurninga breyttist nokkuð á níttjándu öldinni. Í skólaskýrslunum má sjá að á tímabilinu 1846-1873 gengu þær undir nafninu íslenskur stíll, á árunum 1874-1881 kom íslensk ritgerð í staðinn, og loks frá 1882-1904 var ritgerðunum skipt í tvennt, íslensk ritgerð I og II. (Íslenskri ritgerð II var þannig háttað að nemendur áttu að nota fróðleik úr öðrum námsgreinum við ritgerðarsmíðina). Eðli þessara spurninga breyttist þó ekki með nafnbreytingunum (þ.e. fyrir utan íslenska ritgerð II). Til einföldunar verður hér eftir rætt um efnið sem ritgerðir.
- 2 *Skýrsla um Hinn Lærða skóla í Reykjavík skólaárið 1901-02* (Reykjavík, 1902), bls. 32.
- 3 *Skýrsla um Hinn Lærða skóla í Reykjavík skólaárið 1894-95* (Reykjavík, 1895), bls. 47.
- 4 *Skýrsla um Hinn Lærða skóla í Reykjavík skólaárið 1886-87* (Reykjavík, 1887), bls. 33.
- 5 Í fyrsta bindi Sögu Reykjavíkurskóla eru nefnd nokkur dæmi um þessi prófverkefni. Sjá: *Saga Reykjavíkurskóla I. Nám og nemendur.* Ritstjóri Heimir Þorleifsson (Reykjavík, 1975), bls. 46.
- 6 Þessi gögn ásamt fleirum er tengjast skólanum voru afhent Þjóðskjalasafni árið 1930 og eru varðveitt þar í skjalasafni Menntaskólans í Reykjavík. Það má jafnframt benda á að í handritadeild Landsbókasafns Íslands eru varðveitt skólablöð og önnur áhugaverð gögn tengd

Í samráði við ritstjóra ritraðarinnar var ákveðið að takmarka efni bók-  
arinnar við tímabilið þegar skólinn hét Lærði skólinn, eða tímabilið 1846  
til 1904.<sup>1</sup> Slík afmörkun er nauðsynleg þegar um svo mikið efni er að ræða.  
Við val á efninu var jafnframt lögð áhersla á að velja ritgerðir sem varpa  
sem mestu ljósi á hugarfar og samtíma skólapiltanna, helst persónulegt  
sjónarhorn þeirra sjálfra á ákveðið viðfangsefni. Einnig var ákveðið að  
hafa innihald ritgerðanna í fyrirrúmi, frekar en að láta höfund þeirra hafa  
áhrif á gildi þeirra. Þannig var talið skipta meira máli að fá áhugaverða  
ritgerð frá óþekktum skólapilti heldur en ópersónulega og hátíðlega ritgerð  
frá pilti sem átti síðar eftir að verða þjóðþekktur maður.

Með þessi viðmið í huga var farið yfir öskjur frá nánast öllum árum á  
milli 1846 og 1904, og ritgerðir í íslenskum stíl leitaðar uppi. Alls voru  
skrifaðar upp 178 ritgerðir frá þessu tímabili.

Þegar litið er á þessar ritgerðir má sjá að á tímabilinu 1847-1892  
fjölluðu ritgerðarefnin að miklu leyti um það hvernig hægt væri að lifa  
dyggðugu líferni, hvernig mætti efla hag þjóðarinnar, hvað bæri að varast  
á lífsleiðinni og þess háttar, en eftir 1892 var meiri áhersla lögð á að  
piltarnir lýstu umhverfi sínu og lífsreynslu, til dæmis með því að segja frá  
ferðalögum, lýsa heimahögum sínum og daglegu lífi. Hér verður ekki  
fullyrt af hverju slík breyting varð, en um tilurð ritgerðarefnanna má geta  
þess að í reglugerð skólans frá 1850 segir að yfirstjórnendur skólans skuli  
láta prófsfulltrúa (valdir af yfirstjórn skólans) „[...] eða einhverja aðra,  
sem um það eru færir, stinga upp á hinum skriflegu verkefnum handa  
lærisveinum, og senda síðan skólastjóra.“<sup>2</sup> Einhver áherslubreyting í  
ritgerðarefnunum hefur greinilega átt sér stað um 1892.

Skólinn á sér langa og merkilega sögu.<sup>3</sup> Svo heppilega vill til að í hand-  
ritadeild Landsbókasafns Íslands eru varðveitt bréf unglingspilts sem

- 
- 1 Árið 1904 var breytt um áherslur í skólastarfinu, og fékk skólinn þá nýtt nafn, *Hinn almenni menntaskóli í Reykjavík*. Árið 1937 var nafni skólans svo breytt í *Menntaskólinn í Reykjavík*.
  - 2 *Reglugjörð um kennsluna og lærdómspréfin í hinum lærða skóla í Reykjavík* (Reykjavík, 1852), bls. 15.
  - 3 Á árunum 1975-1984 kom út ítarleg saga skólans og arftaka hans, *Menntaskólans í Reykjavík. Saga Reykjavíkurskóla I-IV*. Ritstjóri Heimir Þorleifsson (Reykjavík, 1975-1984). Þá má einnig finna áhugaverð skrif í bókinni *Míningar úr menntaskóla*. Ritstjórar Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (Reykjavík, 1946), en hún hefur að geyma endurminningar fólks er lærði við skólann (og Menntaskólann). Árið 2000 kom svo út saga forvera skólans, latínuskólanna á Hólum og í Skálholti, Hólavallaskóla og Bessastadaskóla. Guðlaugur R. Guðmundsson, *Skólalíf. Starf og siðir í latínuskólunum á Íslandi 1552-1846* (Reykjavík, 2000). Þá má benda á að Hjalti Hugason guðfræðingur hefur ritað doktorsritgerð um Bessastadaskóla, sjá Hjalti Hugason, *Bessastadaskólan. Ett försök till prästskola på Island 1805-1846* (1983).

stundaði nám við skólann á fyrsta starfsári hans.<sup>1</sup> Í bréfunum segir hann frá lífinu í skólanum, námsefninu og sambýlinu við Reykjavík. Það er því tilvalið að kíkja örlítið í bréfin og rekja hér stuttlega sögu skólans. Pilturinn hét Árni Thorsteinsson (1828-1907) og varð síðar landfógeti.

## 2. Lærði skólinn

### *Sögusvið*

Síðla sumars 1846 skrifaði átján ára piltur, Árni Thorsteinsson á Stapa á Snæfellsnesi, bréf til bróður síns, Finns Thorsteinssonar (1822–1853), sem þá var við nám í Kaupmannahöfn. Árni hafði fréttir að færa því hann var að fara til Reykjavíkur og stunda nám við Lærða skólann, sem þá var nýbúið að reisa. Tilhlökkunin var greinilega mikil. Árni segir í bréfinu:

Ekki getur manni annað komið til hugar enn gleðjast bæði á líkama og sál þegar maður á að læra Frönsku Engelsku þýsku náttúrufræði, náttúrusögu, gymnastik [...] stíga dans með þeim stúlkum í Reykjavík, dömum að réttu nafni [...] Gaman verður að geta lært saunginn, géta látið raddirnar glymja um hinar hárafuðu skólahallir [...] Gaman verður læra að mála, og géta lært að lýsa hugsunum sínum á pappír [...]<sup>2</sup>

Hinn nýreisti skóli sem Árni batt svo miklar vonir við, var arftaki Bessastaðaskóla (1805–1846) sem átti rætur sínar að rekja til stólsskólanna á Hólum (1552–1802) og í Skálholti (1553–1784) og ennfremur til Hóla-vallaskóla í Reykjavík (1786–1804).<sup>3</sup> Skólinn var settur á fót í kjölfar breytinga á Bessastaðaskóla þar sem ákveðið var að flytja hann til Reykjavíkur og breyta námsáherslum undir nýju nafni. Í stað þess að miða að því að útskrifa prestsefni, var megintilgangur Lærða skólans að veita almenna menntun og undirbúa skólapilta fyrir háskólanám.<sup>4</sup>

1 Lbs 2429 4to – Bréfasafn Árna Thorsteinssonar og Þórunnar Hannesdóttur.

2 Lbs 2429 4to – Bréf Árna Thorsteinssonar til Finns Thorsteinssonar, ágúst 1846. Þess má geta að Þorleifur Óskarsson sagnfræðingur hefur notað bréf Árna í ritverki sínu, *Saga Reykjavíkur í þúsund ár 870-1870*. Seinni hluti (Reykjavík, 2003), bls. 327, 400-401.

3 Hér eru stofnár skólanna á Hólum og í Skálholti miðuð við konungsboð þar að lútandi. Skólarnir eiga hins vegar eldri rætur. Sjá: Guðlaugur R. Guðmundsson, *Skólahif*, bls. 12.

4 Samkvæmt reglugerð um skólann frá 1850. Þar segir að hlutverk skólans sé að veita lærisveinum skólans „[...] tilsögn, er leiða megi til sannrar og röksamlegrar frummenntunar, og jafnframt með fróðleiksauka og eflingu sálargáfnanna búa þá á þann hátt, sem bezt má verða, undir enn fremri menntunarframfarir í prestaskólanum eða bókiðnir við háskólann í þeim vísindagreinum, er hver þykist laginn til.“ *Reglugjörð um kennsluna og lærdómspráfin í hinum lærða skóla í Reykjavík*, bls. 3. Í daglegu tali var skólinn yfirleitt kallaður „Latínuskólinn.“

Rúmum mánuði eftir að Árni skrifaði bréfið, var Lærði skólinn settur í fyrsta sinn. „Hæstvirdu tilheyrendur“ voru fyrstu orð Sveinbjarnar Egilssonar rektors (1791-1852) sem hljómuðu við skólasetninguna.<sup>1</sup> „Tilheyr- endurnir“ voru meðal annarra, hópur 60 skólapilta, sem voru vissulega hæst- virtir í hugum landsmanna því þeir áttu flestir eftir að bætast í hóp hinnar íslensku embættismannastéttar og voru jafnvel álitnir höfðingjaefni komandi tíðar.<sup>2</sup> Það dugði því ekki annað en að reisa glæsilega byggingu fyrir skólann, svo að stórt timburhús var reist við tjörnina á árunum 1844-1846.<sup>3</sup> Hið glæsilega hús setti sterkan svip á bæinn, enda var það sjónarmið ráðamanna að húsið myndi taka sig vel út í sömu húsaröð og stiftamtmannshúsið (Stjórarráðið í dag) bakariúð og nýreist íbúðarhús landfógeta (þar sem veitingahúsin Kornhlaðan og Humarhúsið standa í dag).<sup>4</sup> Þó húsið væri afar glæsilegt var það ekki laust við galla. Nokkrum mánuðum eftir að Árni hóf nám við skólann, skrifar hann bréf til bróður síns og segir:

Skólahúsið lekur bæði að þaki og um glugga og líklegt er að nauðsynin neyði til að leggja þak á það ofaná hitt gamla og líka til að hafa tvöfalda glugga. Smidir tveir hafa verið haldnir hér í vetur og þegar maður skoðar vetrarvinnu þeirra þarf ei að furða sig þó skólahúsið hafi orðið dýrt.<sup>5</sup>

Þrátt fyrir lekann hefur byggingin eflaust þótt tilkomumikil og gnæft yfir bæinn, enda var hann afar fámennur þegar skólinn tók til starfa, en árið 1850 voru bæjarbúar aðeins 1149 að tölu.<sup>6</sup> Umhverfis skólann var svo meginbyggð bæjarins; helstu göturnar voru kringum Austurvöll og Lækjar-

- 
- 1 *Skólaræður Sveinbjarnar Egilssonar*. Haraldur Sigurðsson sá um prentun (Reykjavík, 1968), bls. 75.
  - 2 Friðrik Friðriksson, „Latínuskólinn.“ *Minningar úr menntaskóla*. Ritstjórar Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (Reykjavík, 1946), bls. 119. Staða skólans, kennarar hans og skólastarf var oft umdeilt og rataði sú deila stundum í blöð og tímarit. Sjá t.d.: Benedikt Gröndal, *Skóla-farganið* (Reykjavík 1883); Finnur Jónsson, Páll Briem, Skúli Thoroddsen, *Brjef til Íslendinga um lærða skólann frá Velvakanda og bræðrum hans* (Kaupmannahöfn, 1882-1883); Jón Þorkelsson, *Ástandið og umsjónin í latínuskólanum* (Kaupmannahöfn 1883); Finnur Jónsson, „Um hinn lærða skóla á Íslandi.“ *Andvari* 9 (1883), bls. 97-135.
  - 3 Sjá nánar um byggingu hússins, Heimir Þorleifsson, „Menntaskólahúsið. Bygging og nýting í 150 ár.“ *Skólabladið* 71. árg. 2. tbl. (1996) bls. 33-39.
  - 4 Jafnframt voru hugmyndir um að reisa húsið á Arnarhóli, Hlíðarhúsalandi eða á Austurvelli. Heimir Þorleifsson, „Menntaskólahúsið,“ bls. 34. Sjá einnig: Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*. I. bindi (1929), bls. 249-250.
  - 5 *Lbs* 2429 4to – Bréf Árna Thorsteinssonar til Finns Thorsteinssonar, 1. mars 1847.
  - 6 Bærinn breyttist mikið á síðari hluta aldarinnar vegna fólksflutninga og uppbyggingar í bæn- um. Árið 1900 voru íbúarnir þannig orðnir 6.682. *Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*. Ritstjórar Magnús S. Magnússon og Guðmundur Jónsson (Reykjavík, 1997), bls. 66. Tafla 2.3. Mannfjöldi eftir sóknum, kaupstöðum og sýslum 1769-1990.

torg, en í Þingholtunum, Grjótaþorpi og í Skuggahverfi voru kofaþyrpingar. Flestar verslanir voru við Hafnarstræti og Aðalstræti, og þar mátti jafnframt finna krár. Landakot var í útjaðri bæjarins og Öskjuhlíðin þótti vera í órafjarlægð frá bæjarkjarnanum. Til vitnis um fjarlægðirnar í Reykjavík á þessum tíma má nefna að þegar Guðmundur Eggerz sýslumaður (1873-1957) var 19 ára, gerðist hann fylgdarmaður Pólverja í fyrirhugaðri ferð um Suðurland. Ferðin byrjaði heldur brösulega, því að Guðmundur hafði aldrei farið lengra en rétt inn fyrir Elliðaár, og þegar hann var kominn að Árbæ villtist hann!<sup>1</sup>

Þó bærinn væri lítill var ýmislegt um að vera. Á veturna safnaðist fólk saman á tjörninni og fór á skauta og í sleðaferðir, á sumrin var vinsælt að fara í útreiðartúra og gönguferðir, fyrirlestrar og dansleikir voru haldnir, tignir erlendir gestir á borð við prinssa og aðalsmenn komu stundum í heimsókn, og frönsk herskip komu hér við. Lífið í Reykjavík fékk þó ekki háa einkunn hjá Árna. Þegar skólinn var búinn að starfa í tæpa tvo mánuði skrifaði hann bróður sínum og lýsir bærbragnum:

Lífið hérna í skólanum er alment mikið fjörugt gleði, ánægja og bróðerni drottmar meðal allra, en Reykjavíkurbúar eru misjafnir menn, tilfinningar þeirra eru daufar eða engar í mörgum hlutum svo sem hvað þjóðerni Íslendinga snertir, málefni lands vors og málið okkar Íslenskuna meta þeir lítils alteins og það sé gamall gripur ónítur og sem farið sé að falla á; svo er sem þeim þyki það óhæfa að við höfum reynt til að koma þeim anda útúr húsi hjá þeim.<sup>2</sup>

Það voru fleiri sammála Árna með lífið í Reykjavík – margir töldu það óþjóðlegt og beinlínis spillandi umhverfi, sérstaklega fyrir unga og óreynda skólapilta.<sup>3</sup> Sumir þeirra voru óvanir ys og þys bæjarlífsins og söknuðu hins rólega sveitalífs. Aftur er leitað í bréf Árna til bróður síns, en Árni hafði samanburð við skólalífið í Bessastaðaskóla eins og hann segir í lok október 1846:

Ennþá get jeg ekki sagt að öllu leyti hvörnveg mér líki við skólaflutninginn sumt er betra en sumt er verra enn á Bessastöðum. Mér þykir einkum eitt að hér í Reykjavík og það er það mér þykir ekki, jeg hafi nóg næði svo sem

1 Guðmundur Eggerz, *Míningabók Guðmundar Eggerz sýslumanns* (Reykjavík, 1952), bls. 70. Gönguferðir að Hlemmi, sem þá var brú yfir Rauðará, þóttu jafnframt vera ágæt upplýfting á góðviðrisdögum.

2 *Lbs* 2429 4to – Bréf Árna Thorsteinssonar til Finns Thorsteinssonar, 20. nóvember 1846.

3 Sjá t.d. „Hollt er heima hvað.“ *Norðanfari* 4. árg. 14.-15. tbl. 19. apríl 1865, bls. 27-28; 30. maí 1865, bls. 37-38; „Um lærða skólann.“ *Íslendingur* 4. árg. 3.-4. tbl. 25. ágúst 1864, bls. 20-22; 9. september 1864, bls. 25-27.



t.a.m. jeg fer á fætur klukkan 6 einsog lög gera ráð fyrir, svo hópum við oft saman og biðum hvör eptir öðrum máske þangað til kl. 7. svo förum við niður í bæ til að snæða, til þess geingur 1. tími, kl. 9 eru haldnar bænir. Dimittendi hafa 6 tíma í viku og 4 stíla og það er töluverð töl. Mér þókti gott á Bessastöðum því þar hafði jeg næði og var sem afskektur frá öðrum enn hér er einsog hrafnar krúnki yfir hræi. Á Bessastöðum hafði maður ei svo mikið að gera sem hér maður hafði opt frítíma þá gat maður hugsað um það sem manni var áður ként, þó alt væri það einsog hvör er maðurinn til, maður hafði þá upplestrartíma og í honum þókti mér að mér færi mest fram.<sup>1</sup>

Þótt bæjarlífið væri ekki við allra hæfi var engu að síður eftirsóknarvert að hefja nám við skólann. Til þess að fá inngöngu þurfti þó að uppfylla ýmis skilyrði. Krafist var kunnáttu í lestri og skrift, íslensku og dönsku, þekkinga helstu málfræðireglur í latínu og kunna undirstöðuatriði í sögu Norðurlandanna, reikningi og landaskipunarfræði.<sup>2</sup> Til að standast þessar kröfur nutu tilvonandi nemendur oft heimakennslu presta og þurftu jafnframt að taka inntökupróf. Við inngöngu í fyrsta bekk þurftu piltarnir jafnframt að vera fermdir, en þó ekki eldri en 16 ára (árið 1877 var viðmiðunum breytt, lágmarksaldur var 12 ár, en hámarksaldur 18 ár).<sup>3</sup> Hins vegar voru oft veittar undanþágur frá þessum aldurstakmörkum, og því var aldursbil skólapiltanna nokkuð breitt eins og kemur fram í hér á eftir. Piltarnir þurftu hins vegar ekki endilega að byrja í fyrsta bekk. Margir fengu kennslu heima hjá sér og gátu svo tekið inntökupróf inn í annan eða þriðja bekk.

Peirra sem teknir voru inn í skólann beið sex ára nám, sem stundað var á hverju ári frá byrjun október til loka júní.<sup>4</sup> Meðal námsefnis var latína, gríska, íslenska, danska, franska, enska, hebreska, stærðfræði, náttúrufræði, saga, trúfræði, leikfimi, skrift, söngur og teikning, og voru kennslubækurnar flestar á dönsku.<sup>5</sup> Dönsku skólabækurnar ollu sumum skólapiltum erfiðleikum, sérstaklega þeim yngri, sem ekki höfðu hana fullkomlega á valdi sínu. „Kom það og stundum kátlega í ljós, t.d. er piltur í 2. bekk kvað


1 *Lbs* 2429 4to – Bréf Árna Thorsteinssonar til Finns Thorsteinssonar, 20. október 1846.

2 *Reglugjörð um kennsluna og lærdómspræfin í hinum lærða skóla í Reykjavík*, bls. 3.

3 *Reglugjörð um kennsluna og lærdómspræfin í hinum lærða skóla í Reykjavík* (Reykjavík, 1877), bls. 3; *Auglýsing um reglugjörð fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík* (Reykjavík, 1877), bls. 3.

4 Einar Laxness, *Íslandssaga a-ö*. Annað bindi (Reykjavík, 1995), bls. 127. Um skeið var honum breytt í 15. september til 15. júní.

5 Námsgreinar breyttust lítið eitt með reglugerð 1877. Má nefna að kennsla í frönsku var aukin, m.a. vegna þess að talið var nauðsynlegt fyrir skólapiltana sem verðandi embættismenn að geta talað frönsku vegna mikill umsvifa franskra sjómanna hér á landi á þessum tíma. Sjá nánar: *Saga Reykjavíkurskóla I*, bls. 40.



Mynd 1 – Brautskráðir stúdentar frá Lærða skólanum 1847-1904. Fimm ára meðaltöl. Meðaltöl fyrir árin 1847-50 og 1901-1904 eru miðuð við fjögur ár. Heimild: Hagskinna, bls. 856. Tafla 18.11. Brautskráðir stúdentar 1847-1990.

hafa sagt við árspróf í sögu að „Renaissancen“ hefði verið frægur hershöfðingi á miðöldunum“ segir Sigurður Jónsson læknir (1876-1935) í minningum um skólaár sín.<sup>1</sup>

Meðal kennara og rektora skólans á 19. öld voru nokkrir af þekktustu lærdómsmönnum landsins. Má þar nefna Sveinbjörn Egilsson, sem hvað þekktastur er fyrir þýðingar sínar á klassískum bókmenntum, son hans Benedikt Gröndal skáld og náttúrufræðing (1826-1907), Björn Gunnlaugsson stjórnufræðing (1788-1876), Þorvald Thoroddsen náttúrufræðing (1855-1921), Bjarna Jónsson rektor (1809-1868), Jón Þorkelsson málfræðing (1822-1904), Björn M. Ólsen íslenskufraeðing (1850-1919), og Steingrím Thorsteinsson skáld (1831-1913). Sumir kennarar skólans fengu þó misjafna dóma hjá nemendum sínum og oft var sambúðin stíð, nægir til dæmis að nefna „pereatíð“ 1850 og átökin í kjölfar þess.<sup>2</sup>

Nemendafjöldi skólans var misjafn eftir árum, allt frá 30 árið 1863 og upp í 127 árið 1881.<sup>3</sup> Alls útskrifuðust 674 stúdentar frá Lærða skólanum 1847-1904.<sup>4</sup>

1 Sigurður Jónsson, „Sitthvað um kennara, kennslu og kennslubækur í Lærða skólanum á síðasta áratug 19. aldar.“ *Minningar úr menntaskóla*. Ritstjórar Ármann Kristínsson og Friðrik Sigurbjörnsson (Reykjavík, 1946, bls. 164.

2 Sjá nánar: Heimir Þorleifsson, *Saga Reykjavíkurskóla II. Skólalífið í Lærða skólanum* (Reykjavík, 1978), bls. 25-50. Sjá einnig: Finnur Jónsson, „Latínuskólinn 1872-1878.“ *Skírnir* 105 (1931), bls. 32-62, og Jón Þorláksson, „Kennslan í lærða skólanum.“ *Skírnir* 106 (1932), bls. 124-132.

3 Einar Laxness, *Íslandsaga a-ö*. Annað bindi, bls. 127.

4 *Hagskinna*, bls. 856-857. Tafla 18.11. Brautskráðir stúdentar 1847-1990.



Í þessum hópi má finna tvær konur, en það var ekki fyrr en 1886 sem stúlkum var leyft að taka próf við skólann. Elínborg Jakobsen lauk burtfararprófi árið 1897, en Ólafía Jóhannsdóttir lauk hins vegar 4. bekkjarprófi (fyrrri hluta burtfararprófs) árið 1890. Ritgerðir þeirra eru að finna í þessari bók.

Eins og nærri má geta bjó skólinn við sterkar hefðir liðins tíma. Forn fræði og latína setti sterkan svip á skólann og skólalífið, enda var drjúgum tíma varið til latínukennslu og lesturs á klassískum ritum. Innan um þessar hefðir, kennara skólans, og návistina við Reykjavík, mótuðu piltarnir félagslíf sem setti mark á skólasamfélagið og bæjarlífið eins og Árni Thorsteinsson benti á í bréfum sínum hér að framan.

### *Lífið í skólanum*

[...] ég hefi aldrei litið í skólabók, síðan þetta skólaár byrjaði, en las samt rómana í öllum tímunum, að svo miklu leyti, sem kennararnir stóðu ekki yfir mér.

*Lbs* 2686 8vo – Dagbók Ólafs Davíðssonar 1. nóvember 1881, bls. 9.

Skólapiltum mátti skipta í tvo hópa. Annars vegar þá sem bjuggu í skólahúsinu sem nefndir voru heimasveinar, en hins vegar þá sem bjuggu í bænum, ýmist hjá foreldrum, forráðamönnum eða í leiguhúsnæði, en þeir voru kallaðir bæjarsveinar.<sup>1</sup> Svefnaðstaða var fyrir heimasveina á annarri hæð skólans, á langalofti og litlalofti er svo voru kölluð, þar sem var svefnpláss fyrir 40 pilta. Skólapiltum fannst rúmin á loftinu vera frekar óþægileg, jafnvel „eins og að liggja á stórgrýti“ minnst Einar H. Kvaran.<sup>2</sup>

Hefðbundinn dagur í skólanum hófst klukkan hálf sjö að morgni, en þá voru skólapiltarnir vaktir. Á milli 7 og 8 var snæddur morgunverður og skutust þeir þá um bæinn, en allmörg heimili seldu skólapiltum mat. Rétt fyrir átta hófust svo morgunbænir. Sú athöfn var víst ekki ávallt hátíðleg, því stundum brugðu skólapiltarnir á leik við bænatóna. Guðmundur Eggerz segir í minningum sínum:

En mesta kátínu vakti bænátón Þorvaldar heitins Pálssonar, síðar læknis. Hann var ávallt fús til tónsins, þegar einhver busanna skarst úr leik. Hann byrjaði venjulega hátíðlega og svo lágt, að varla heyrðust bænaorðin, en þegar minnst varði, hvein í öllum salnum; svo voru söngrokurnar háar, er

1 Yfirleitt höfðu piltarnir fjárhaldsmann ef þeir bjuggu fjarri foreldrum sínum. Fjárhaldsmaður fylgdist þá með námsframvindu og fjárhag þeirra pilta sem hann hafði umsjón með.

2 Einar H. Kvaran, *Mannlýsingar* (Reykjavík, 1959), bls. 180.

Porvaldur þeytti út úr sér. Þannig tónaði hann alla bænina til enda. Eftir þennan skrípaleik var sunginn sálmur. Þvílík guðsþjónustugerð!<sup>1</sup>

Eftir að morgunbænum lauk hófst kennslan sem stóð með frímínútum til kortér fyrir ellefu, en þá var hálf tíma hlé á kennslu. Var þá vinsælt að skjótast í Bernhöftsbakarí og kaupa kökur, þar á meðal svokallaða „stúdentahafra“ sem voru samansettir úr rúsínum og möndlum og segist Sigfús Blöndal (1874-1950) í ævisögu sinni hafa „aldrei áður kynnt svo dýrðlegri fæðu.“<sup>2</sup> Kennslan hófst svo aftur kortér yfir ellefu og stóð til tvö. Þá var gefið frí fyrir miðdegisverð og þustu skólapiltarnir þá aftur um bæinn til að borða. Stundum var þó leikfimi á þessum tíma þar sem gerðar voru æfingar á slá og í köðlum og stokkið yfir hest.<sup>3</sup> Annars gafst oft tími til boltaleikja á grasblettinum fyrir framan skólann.

Klukkan fjögur hófst lestur í skólastofum sem heimasveinar áttu að nota til að lesa námsbækurnar fyrir næsta dag. Ef piltarnir vildu skreppa í bæinn á þeim tíma þurfti að fá leyfi hjá kennara. Á milli sjö og átta var svo kvöldmatartími. Sumir flýttu sér að borða til að geta notað tímann til að æfa söng, dans eða glímu áður en klukkan sló átta, því þá átti að halda lestrinum áfram.<sup>4</sup> Sumir freistudust þó til að fara í leiki, segja sögur eða syngja, en það þurfti að fara hljóðlega fram, svo að ekki heyrðist til þeirra út fyrir kennslustofuna.<sup>5</sup> Að loknum lestri klukkan tíu var hringt til kvöldbæna. Af og til gátu piltarnir dundað sér hálf tíma eftir bænir, farið í boltaleik eða glímt, eða lesið uppi í rúmi.<sup>6</sup> Þá var stundum kominn svefnþægalsi í þá og kom fyrir að piltarnir laumuðu skemmdu eggji eða lítilli vatnsskál í rúmin hjá þeim er þeir áttu eitthvað sökótt við, eða drógu sofandi skólabróður úr rúminu og beint á kalt timburgólfíð.<sup>7</sup> Jafnframt fóru stundum fram pústrar eða skipulagðar orrustur milli bekkja. Matthías Jochumsson, þá skólapiltur, lýsir átökum tveggja hópa á svefnloftinu með dramatískum hætti í bréfi til Steingrims Thorsteinssonar (síðar rektor skólans) í lok nóvember 1861:

Nú er búið var að hasla völl og orustan skyldi hafin heyrðust dunur miklar og í því sama bili ruddist maður inn í salinn, og áður en auga mætti á festa, hefur hann greitt foringja óvinanna tvo löðrunga, með svo miklu snarræði

1 Guðmundur Eggerz, *Minningabók Guðmundar Eggerz sýslumanns*, bls. 57.

2 Sigfús Blöndal, *Endurminningar* (Reykjavík, 1960), bls. 131.

3 Árni Thorsteinsson, *Harpa minninganna* (Reykjavík, 1955), bls. 116-117.

4 Heimir Þorleifsson, *Saga Reykjavíkurskóla II*, bls. 64.

5 Sigfús Blöndal, *Endurminningar*, 135.

6 Sigfús Blöndal, *Endurminningar*, 136.

7 Ingólfur Gíslason, „Í langalofinu.“ *Minningar úr menntaskóla*. Ritstjórar Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson, bls. 142.

að fáir vissu hver unnið hafði; hófst nú hinn harðasti bardagi og hin skæð-asta Aresar þraut: flugu hnefar og hlandkoppur svo þjett sem drífa, en voð-felldar nærbuxur rifnuðu ískrandi utan af lærleggjum kappanna, en skjótt tók bardaginn að hallast á stærrilyptinga. Þá kom Þrúðvaldur [Bjarni Jónsson rektor] og sagði slitið bardaganum; varð liðsmönnum felmt við, er þeir litu hann og stóðu höggdofa; gengu þrumur og eldingar úr munni hans og nösurn, en vjer ljettum sókninni og snerum heim við svo búid.<sup>1</sup>

Klukkan ellefu voru ljósin slökkt á svefnloftunum og átti þá að vera komin á ró og friður á svefnloftinu.<sup>2</sup> Námið og skólareglur skipuðu þannig stóran sess í hefðbundnum sólarhring skólans, að minnsta kosti hjá heimasveinum. Bæjarsveinar voru ekki eins bundnir af föstum liðum skólans eftir að kennslu lauk á daginn. Einn þeirra var Árni Þorvaldsson (1874-1946), síðar menntaskólakennari á Akureyri, sem segir frá daglegu lífi sínu í dagbók sinni á gamlársdag 1895:

Á hverjum morgni hef jeg farið upp í skólann kl. 7 – eða þar um bil en Lárus hefur þó ávalt farið á undan mjer. [...] Á kveldin er háttað seint hjá okkur, þetta 11–12 e.m., stundum hefir Bjarni vakað. Allmikið hefir verið að lesa í 6. bekk hingað til og hefir mjer stundum eigi veitt af 6 tímum til að ljúka því af, enda eru sumir dagarnir þungir eins og fimmtudagurinn (6 fög), laugard. og mánud eru ljettir og er það mjög þægilegt að svo er. [...] Síra Benedikt Kristjánsson er fjárhaldsmaður minn (eins og síðan jeg kom í skóla) og fer jeg með karakterbók mína til hans á hverjum sunnudegi og fæ jeg þá alt af kaffi + b.. Þar er Jón Jakobsson og Kristján Vídalín. Tala jeg þá stundum við kaþólsku prestana frönsku, dönsku eða ensku og hafa þeir stundum gefið mjer epli. [...] Þegar jeg kem heim úr skólanum hef jeg vanalega hlýtt Rönku litlu yfir landafræðina og er hún nú búin að læra Evrópu, gengur henni vel. [...] Við borðum hjer miðdegisverð kl. 3 e.m. eins og víða er gjört hjer í Reykjavík. Borðum við hjer niðri í sama herbergi og við lesum í og mamma, Valla og Ranka sofa (í einu rúmi); borðum við Nonni, Bjarni, Lárus og Ranka vanalega þar, en mamma og Valla borða sjaldan með heldur niðri í kjallara. Kveldverð borðum við kl. 7 (smurt brauð vanalega) og morgunverð í korterinu [...]<sup>3</sup>

Við kennsluna komu oft upp spaugileg atvik. Í minningum Guðmundar Eggerz segir til dæmis að einn kennara hans hafi ávallt verið hæstánægður

- 
- 1 *Lbs* 1700 4to – Bréf Matthíasar Jochumssonar til Steingrims Thorsteinssonar, 20. nóvember 1861.
  - 2 Þessar tímasetningar breyttust lítillega á 19. öld. Þannig áttu skólalipiltar að vera vaktir kl. 6 skv. reglum frá 1848.
  - 3 *Lbs* 4077 4to – Dagbók Árna Þorvaldssonar, 31. desember 1895 bls. 239-240.

þegar hann segði eitthvert hnyttið orðasamband í von um að vekja lukku meðal nemenda sinna. Tóku piltarnir þá sig saman og tóku að hlæja afskaplega hátt með þvílíkum látum, og endaði hláturinn víst með hreinum og beinum óhljóðum! „Ef ókunnur maður hefði verið staddur í skólastofunni, tel ég nokkurn veginn öruggt, að hann hefði ætlað, að hann væri á vitfirringahæli“ segir Guðmundur í minningum sínum.<sup>1</sup> Fleiri úr starfslíði skólans fengu að kenna á uppátækjum skólapiltanna – á skólaárum Árna Thorsteinsonar tónskálds (1870-1962) fékk Jón Þorkelsson rektor stundum að kenna á því, en þá var Jón orðinn bæði sjóndapur og farinn að missa lyktarskyn. Piltarnir gerðust stundum svo djarfir að reykja pípu í tímum hjá honum, enda sá hann hvorki reykinn né fann lyktina af tóbakinu.<sup>2</sup> Þannig voru samskipti nemenda og kennara ekki ávallt á formlegum nótum, og oft gekk mikið á í samskiptum pilta og kennara.<sup>3</sup> Stundum stálust heimasveinar í bæinn og fengu sér áfengi, en þurftu jafnframt að fara gætilega þegar þeir læddust aftur í skólann, því slíkt háttæni var harðbannað. Meðal skólapilta var þó óskrifað lög málað að hylja yfir syndir félaga sinna, ef þeir lentu í einhverjum ógöngum, eða voru ekki komnir upp í skóla á tilsettum tíma.<sup>4</sup> Um það segir Ingólfur Gíslason læknir (1874–1951) í ávísögu sinni:

Var þá ekki dæmalaust, að gripið væri til einhverra örþrifaráða, settur stór koddur eða slíkt eftir endilöngu rúminu undir teppið, til þess að svo liti út sem syndaselurinn væri þar, því að Björn Jensson [kennari] renndi sínum hvössu augum snöggt yfir hvíluraðirnar. Var nú sagt, að allir væru komnir, ljósið slökkt nær því strax, eftir að kennarinn var farinn, og nú var ráðgæzt um, hvað gera skyldi hinum týnda sauði til bjargar. Var vanalega tekið það ráð að senda röska manna, – stundum tvo. Urðu þeir að fara hljóðlega út um glugga og renna sér niður á kaðalspotta eða, ef annað var ekki fyrir hendi, þá á samanbundnum undirlökum og koma svo sömu leið til baka. En þá gat verið erfitt að koma þeim brotlega inn, ef hann var illa á sig kominn.<sup>5</sup>

Piltarnir stóðu einnig fyrir öflugu félagslífi. Þeir rituðu blöð, settu upp leikrit, og stofnuðu margvísleg félög.<sup>6</sup> Einnig má benda á að skólinn var oft

1 Guðmundur Eggerz, *Minningabók Guðmundar Eggerz sýslumanns*, bls. 59.

2 Árne Thorsteinsson, „Á víð og dreif.“ *Minningar úr menntaskóla*. Ritstjórar Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson, bls. 84.

3 Sjá nánar: Heimir Þorleifsson, *Saga Reykjavíkurskóla II*, bls. 175-208.

4 Jón Helgason, *Þeir, sem settu svip á bæinn. Endurminningar frá Reykjavík uppvaxtarára minna* (Reykjavík, 1954), bls. 132.

5 Ingólfur Gíslason, *Læknisævi* (Reykjavík, 1948), bls. 68.

6 Reyndar var félagslífið frekar rólegt á tímabilinu 1851-1867, sem ef til vill má rekja til fækkunar skólapilta á þessum tíma, en frá árinu 1867 hófst útgáfa skólaláða sem hafa staðið samfleytt síðan svo og öflugt félagslíf.

vettvangur félagslífs bæjarins og annarra merkra atburða. Þjóðfundurinn fór þar fram árið 1851, Alþingi var háð í skólanum þar til Alþingishúsið var tekið í notkun árið 1881, og þegar Kristján IX Danakonungur (1818-1906) kom til landsins árið 1874, var skólinn notaður sem móttökuhús. En það sem setti ef til vill einna mestan svip á bæjarlífið var skólahátíðin, sem haldin var á afmælisdegi konungs. Þá fór fram afar hátíðlegur dansleikur og var helsta viðhafnarfólki og ungfrúm bæjarins boðið. Skólinn var skrúbbaður í bak og fyrir, og allt gert til þess að hafa dansleikinn sem hátíðlegastan. Stundum héldu eldri piltarnir nokkurs konar námskeið fyrir yngri sveina, þar sem farið var í æskilega mannsiði sem hæfðu þessu tilefni. Piltarnir lögðu einnig ýmislegt á sig til að vera sem snyrtilegastir fyrir kvöldið. Ólafur Davíðsson, síðar þjóðsagnasafnari (1862-1903), segist í dagbók sinni hafa gert örvæntingarfulla tilraun til að verða sér úti um rakhnif til að vera snyrtilegur um kvöldið: „Jeg [...] fór til einna fimm manna, sem áttu rakhnif, en hitti enga þeirra heima. Seinast sagði jeg skeggið af mjer með bölvadri beinasög, sem Jóhannes Lyngé á, og var svo allur skaðskorinn á eftir.“<sup>1</sup> Tilstand Ólafs þarf ekki að koma á óvart, því að dansleikurinn var allur hinn virðulegasti og mikilvægt að líta vel út. Sumir skólapiltar kusu að taka ekki þátt í dansinum, heldur dunduðu sér frekar annars staðar í skólanum við spil og þess háttar þeir voru kallaðir rallistar, en ballistar þeir sem sóttu dansleikinn.

Þegar skólahátíðin hófst náðu skólapiltarnir í vinstúlkur sínar út í bæ og gengu svo upp að skólanum við lúðrablastur undir augum bæjarbúa, sem fylgdust vel með hinum skrúðbúnu þorum. Áður en dansinn hófst gengu piltarnir um og pöntuðu dansa hjá stúlkunum, sem fylltu út danskort sín. Þmsar skyldur fylgdu dansfélaganum eins og kemur fram í minningum Ingólfs Gíslasonar:

Hver dans stóð yfir rúman klukkutíma allan og þann tíma var maður nokkurs konar leikfélagi þeirrar stúlku, er ráðin var í þann dans samkvæmt kortinu, átti að ganga með henni og leiða hana, þegar „marsjerað“ var, dansa við hana, þegar það átti við, og sitja hjá henni þess á milli, sjá henni fyrir öllum þörfum, t.d. útvega henni að drekka, ef hún var þyrst, ef hún glataði einhverju, þá að leita að því og finna það. Ef hún þurfti til snyrtiherbergis, þá að fylgja henni þangað bara að dyrunum og bíða svo helzt á ganginum fyrir framan, þangað til hún kom. Gat það varað dálitla stund, t.d. ef laga þurfti rifu á kjól eða setja upp hár, sem færzt hafði úr skordum.<sup>2</sup>

1 *Lbs* 2686 8vo – Dagbók Ólafs Davíðssonar, 11. apríl 1882 bls. 76.

2 Ingólfur Gíslason, *Læknisævi*, bls. 76.

Þegar búið var að dansa í um það bil fjóra klukkutíma var gert hlé og sest til borðs uppi á langlofti. Þar voru veitingar og fluttar ræður. Að því loknu hélt svo dansinn áfram fram eftir nóttu, stundum jafnvel til klukkan fjögur eða fimm, enda mikið dansað og farið í ýmsa samkvæmisleiki.

### *Samskipti kynjanna*

Skólaböllin voru kjörinn vettvangur til að líta hýru auga til fegurstu stúlkna bæjarins, en þá þurfti líka að vanda alla framkomu. Ingólfur Gíslason segir í ævisögu sinni að mesti vandinn við skólahátíðina hafi verið að brydda upp á hentugu umræðuefni við dansfélagann. Nærtækasta umræðuefnið var veðrið, en það gat orðið heldur fábreytt umræðuefni til lengdar. Þá mátti tala um ástandið á dansgólfinu, hvort það hafi verið vel bónað eða ekki, tónlistina, skreytingu salarins eða klæðnað gestanna. Loks var hægt að tala um leiksýningar bæjarins eða áhugaverðar bækur. Ef þessi efni leiddu ekki til áhugaverðra umræðna var illt í efni. „Þá var eina bótin, að stúlkan var máské fær um að bjarga frá strandi og brjóta sjálf ísinn, drepa á eitthvað sem hún vildi tala um, og þá var að taka mannlega á móti. Og svo gat farið, að maður sleppti henni sárnaðugur að dansinum loknum“ segir Ingólfur.<sup>1</sup> Samræðurnar í dansinum leiddu til góðs í smásögu sem birtist í skólablaði árið 1878. Þar tala piltur og stúlka saman:

Hann: „Þykir yður ekki heitt hjerna inni?“

Hún: „Jú fjarskalega“

Hann: „Viljið þjer ekki gjöra svo vel að vifta mjer dálítið?“

Hún: „Aa, jú“

Hann: „Svona, þakka yður nú fyrir það var ágætt. Má jeg nú ekki aptur vifta yður?“

Hún: „Jú tak ... þjer kunið þetta ekki, jeg skal sýna yður hvernig þjer eigið að gjöra það; Sko svona.“ [...]

Hann: „Viltu ekki ganga dálítið með mjer fyrir utan húsið, það er svo heitt hjerna inni; og svo langar mig einnig til að fá að tala nokkur orð við þig í einrúmi.“

Hún: „Ajú, en jeg ætla þá fyrst að fá mjer sjal, til að forkölast ekki.“ [...]

Hann: „Æ, elskan mín, hversu lengi hef jeg ekki beðið eptir tækifæri til að láta í ljósi tilfinningum mínum fyrir þig ...

Hún: „Hvenær eigum við að declera?“<sup>2</sup>

1 Ingólfur Gíslason, *Læknisævi*, bls. 79.

2 *Lbs* 3335 4to – Aðalbók Ingólfs I, dálkur 372-378.

Sumir töldu reyndar að samskiptin við hitt kynið gætu boðið upp á vand-  
ræði – skólapiltur að nafni Einar Friðgeirsson, síðar prestur (1863-1929)  
taldi það skólalífi sínu til hróss að hann hafi aldrei komist í „kvennastúss“  
og ekki verið svo mikið sem „skotinn“, en bætti því við að „reyndar þykir  
mjer æfinlega fallett það sem fallett er, hvort sem það er köttur eða  
kvennmanns andlit eða eitthvað annað.“<sup>1</sup>

Samskipti skólapiltanna við hitt kynið koma einnig fyrir í skáldsögu  
sem hefur verið nefnd *Föstuinnangurinn 1861* og hefur líklega verið  
skrifuð af ónafngreindum skólapilti um 1861. Sagan, sem er einungis til í  
handriti, er skrifuð í miklum ýkjstíl, og segir frá nokkrum dögum innan  
skólans. Í einum kafla sögunnar ræða sögupersónurnar, tveir skólapiltar, um  
kvennafar liðins sumars:

Nú fóru menn ofan í bæinn. Gengu þeir saman Hákon og Skeggi. Þeir sjá,  
hvar koma á móti sér þær Ása Öfundardóttir og Snæfríðr Sveinsdóttir.  
Skeggi mælti: „gaman væri nú að snúa þeim við með sér og ganga með  
þeim suðr á mela.“ „Þær eru ekki neitt fýsilegar“, segir Hákon og ypptir  
öxlum; „jeg er orðinn svo vandfýsinn í seinni tíð, jeg komst upp á svo gott  
í sumar.“ „Duflaðir þú mikið?“ segir Skeggi. Hákon svarar: „Bágt ætti jeg  
með að sverja fyrir það“, og var heldr drjúglegur í róm. Skeggi segir: „Vertu  
nú ekki að liggja á því eins og ormr á gulli; ekki skal jeg kjafta frá því; ég  
vona þú þekkir mig ekki að því, jeg sé kjaftakind.“ Hákon segir: „jeg  
sofnaði svo aldrei í sumar, og fór aldrei svo úr rúminu, að ein rétt snotr jómf-  
frú tyllti sér ekki á rúmstokkinn hjá mér og stundum kannske meira.“  
Skeggi segir: „Hún hefir víst ekki verið jómfri þegar þú fórst?“ „Jú, öld-  
ungis intakta; jeg er ekki gefinn fyrir þetta grófa dufl“, segir Hákon.<sup>2</sup>

Samskipti kynjanna voru jafnframt viðfangsefni ýmissa skáldsagna og  
leikrita sem skólapiltarnir skrifuðu og birtust í skólablöðunum.<sup>3</sup> Eflaust  
hafa margir haft löngun til að kynnast stúlkum bæjarins, en ekki talið sig  
nægilega vel máli farna eða of klaufalega til að koma því í verk. Þá þótti  
óviðeigandi fyrir pilt að nema staðar og hefja samræður við stúlku úti á  
götu og ganga með henni um bæinn, því þá væri altalað að þau væru orðin  
harðtrúlofuð.<sup>4</sup> Það var því að ýmsu að hyggja. Í handskrifuðu skólablaði frá

1 *Lbs* 2701 4to – *Ævisögur* dimittenda frá Reykjavíkur lærða skóla, bls. 14.

2 *Lbs* 742a 4to – *Föstuinnangurinn 1861*, bls. 39. Sjá nánar um söguna: Matthías Viðar  
Sæmundsson, „Sagnagerð frá upplýsingu til raunsæis.“ *Íslensk bókmenntasaga*. Þriðja bindi.  
Ritstjóri Halldór Guðmundsson (Reykjavík, 1996), bls. 581-583.

3 Sjá nánar Gunnar Sveinsson, „Íslenskur skólaskáldskapur 1846-1882“ *Skírnir* 130 (1956),  
bls. 127-171.

4 Ingólfur Gíslason, *Læknisævi*, bls. 77.



vetrinum 1875-76 er að finna ráðleggingar til skólapiltanna um samskipti við hitt kynið. Þar er mælt með því að ganga að minnsta kosti einu sinni á dag framhjá húsi þeirrar stúlku sem maður hefur mætur á, líta inn um gluggann og reyna að ná augnsambandi og taka þá djúpt ofan. Ef svo vill til að þau séu í sama samsæti má grípa til þess ráðs að blikka stúlkuna. Ef hún lítur niður og roðnar er það álitnið gott merki, en getur þó brugðist ef hún er mjög feimin.<sup>1</sup> Í blaðinu er varað við stúlkum sem þykjast taka blikkinu vel og vera bálskotnar og brosa út að eyrum, en vilja svo ekkert með piltinn hafa. Stúlkurnar geta þó líka tekið frumkvæðið og sent piltum „ástarseðil“. Slíkir seðlar voru líka nytsamir fyrir piltana. Heppilegast var að biðja trúnaðarmann stúlkunnar að færa henni seðilinn, en ef enginn slíkur væri tiltækur, ætti að skrifa utan á seðilinn með breyttri hönd og biðja einhvern ókunnugan um að koma honum til skila. Í blaðinu er að finna uppkast að slíkum seðli sem piltarnir gátu stuðst við:

Síðan jeg fyrst sá yður, hefi jeg brunnið af ást til yðar, og er hún nú orðin svo mikil, að jeg get eigi lengur þolað við að jeg fái eigi annaðhvort að heyra af yðar munni, og þó neitunin sje beisk og jeg sje alls eigi viss um, að jeg sje maður til að þola hana, þá vil jeg þó heldur heyra hana af yðar indælu vörum en lifa ávallt í þessari óvissu, sem að síðustu mundi ríða mjer að fullu. En hvílík sæla væri það og eigi að heyra já, af yðar himnesku vörum, það væri svo mikil sæla að jeg get eigi ímyndað mjer meiri. Jeg bið yður því innil. gjöra svo vel og koma kl. ... til ...; þar mun jeg bíða eptir yður. Jeg vona að þjer sýnið mjer þessa ánægju sem sannarlega er sú mesta sem mjer verður gjörð.

Yðar með mestu virðingu og brennandi ást  
N.N.<sup>2</sup>

Ef seðlaskrifin bæru árangur mætti fara saman í gönguferð og finna þægi-  
legan stein eða hól og kvarta um göngupreytu, því betra væri að tala við  
stúlkuna sitjandi við hlið hennar en standandi. Hún getur jafnvel setið í  
kjöltu piltsins, en „[...] lengra má ómögulega halda, nema maður hugsir  
fyrir alvöru að slá því upp í hjónaband, þá má hver lifa og láta við hana  
sem honum best þykir, einungis ef hann passar að fyrsta barnið verði  
hjónabandsbarn“ segir loks í blaðinu.<sup>3</sup>

1 Lbs 3325 4to – *Rit Bandamannaþjélagssins* 1. ár 1875-76, bls. 35-41.

2 Lbs 3325 4to – *Rit Bandamannaþjélagssins* 1. ár 1875-76, bls. 41.

3 Lbs 3325 4to – *Rit Bandamannaþjélagssins* 1. ár 1875-76, bls. 35-41.



### *Vísir að æskumenningu*

Skólalífið, og allt sem það hafði upp á að bjóða, hefur óneitanlega verið frábrugðið lífsbraut annara pilta er ekki áttu kost á skólagöngunni. Sigurður Árnason vélstjóri (1877-1952) var í þeim hópi. Stuttu fyrir fermingu sína hugleiddi hann að hefja nám í Lærða skólanum, enda var hann mjög námfús, hafði gaman af öllum bóklestri, og var hvattur til þess að feta lærðomsbrautina. Í ævisögu sinni ræðir hann um þessi námsáform:

Ég talaði um þetta við mömmu, en hvorugt okkar sá í fyrstu nokkur ráð til slíks, með því líka, að við vorum bæði jafn fáfróð viðvikjandi því, hvað til þess þurfti. Allt strandaði á fjárhagsörðugleikunum, með því líka að enginn bóndi þar í sveit hafði, svo nokkur mundi til, sent son sinn á slíkan skóla. Það hefði þótt glöggt merki um vitfirru, ef einhver hefði hugsað til þess í alvöru.<sup>1</sup>

Sigurður reyndi að afla sér undirstöðuþekkingar fyrir inntökupróf, hann las ótt og títt í tómsundum sínum og naut kennslu hjá presti í Steinnesi, en „[...] kennslan var nálega engin. Var mér sjaldan hlýtt yfir, og ekkert haldið að námi, enda tími lítill til lesturs. Og oft var presturinn í ferðalögum, en þess á milli mjög lasinn.“<sup>2</sup> Svo fór loks að Sigurður lagði þessi námsáform sín á hilluna.

Fleiri piltar voru í sporum Sigurðar, efnilegir ungir menn sem ekki höfðu tækifæri til að fara til Reykjavíkur og stunda þar nám fjarri fjölskyldu og bústörfum. Flestir unglingspiltar réðu sig ýmist í vist eða héldu áfram að vinna við hlið foreldra sinna að lokinni fermingu fram á þrítugsaldurinn, og urðu síðar flestir bændur.<sup>3</sup> Fæstir áttu því möguleika á að ganga menntavegin, fyrir utan hina hefðbundnu barnafræðslu eða skammtímanám við aðra skóla.<sup>4</sup> Skólapiltarnir höfðu því óneitanlega sérstöðu gagnvart jafn-

---

1 Sigurður Árnason, *Með straumnum. Nokkrar afminningar* (Reykjavík, 1950), bls. 64.

2 Sigurður Árnason, *Með straumnum*, bls. 89.

3 Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld.“ *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880–1990. Ritgerðir*. Ritstjórar Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson (Reykjavík, 1993), bls. 16–17. Guðmundur styðst við tölfræðileg gögn frá Rangárvalla- og Eyjafjarðarsýslum frá miðri 19. öld.

4 Sjá nánar, Sigurður Gylfi Magnússon, „Alþýðumennning á Íslandi 1850–1940.“ *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880–1990. Ritgerðir*. Ritstjórar Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson (Reykjavík 1993), bls. 309–318. Margs konar alþýðu- og barnaskólar voru settir á stofn fyrir tilstuðlan ýmissa hugsjónamanna á síðari hluta 19. aldar. Kennslan í þeim var þó oft harla lítil og lognuðust margir þeirra út af eftir skamman tíma. Vísir að langskólanámi hófst á síðasta fjórðungi aldarinnar, en bókleg kennsla í iðngreinum hófst árið 1873 sem sunnudagaskóli í Reykjavík. Iðnskólinn í Reykjavík tók svo til starfa 1904, og gagnfræðaskólar voru settir á

öldrum sínum. Þeir áttu kost á þeim munaði sem fólst í því að stunda formlegt nám á Íslandi á þessum tíma. Setja má þessa sérstöðu skólapiltanna í samband við hugmyndir franska sagnfræðingsins Philippe Ariès, en hann hefur ályktað að með tilkomu ungmennaskóla hafi ungdómur nemenda þeirra í raun verið framlengdur – þeir hafi ekki þurft að takast á við hefðbundin lífshlutverk um leið og skyldunámi sleppti, heldur gátu þeir haldið áfram námi að minnsta kosti um nokkurra ára skeið, og frestað skyldum fullorðinsáranna.<sup>1</sup> Ugglaut mætti færa þessa hugsun yfir á nemendur Lærða skólans. Í stað þess að taka til hendinni við vinnumennsku og samfélagslega ábyrgð strax að lokinni fermingu, gátu skólapiltar einbeitt sér að námi og skólalífínu og öllu sem því fylgdi um nokkurra ára skeið; félagsstörf, skólaböll, bakarísferðir, samskipti við hitt kynið, og umgengni við aðra skólapilta, eins og kom fram hér að framan.<sup>2</sup> Þannig má segja að samfélagið í skólanum hafi verið vísir að „æskumenningu“ – piltarnir sem voru í skólanum voru í raun á millibilstímaskeiði barnæsku og fullorðinsára, en því tímabili áttu aðrir samfélagshópar ekki kost á, að minnsta kosti ekki fyrr en líða tók á tuttugustu öldina þegar fleiri fóru að feta menntavegin. Þetta samfélag sem fylgdi skólanum hefur þannig stungið í stúf við hefðbundið líf pilta til sjávar og sveita á þessum tíma. Í skólanum höfðu piltarnir jafnframt færi á að kynast nýjum viðhorfum og tækifærum, oft fjarri heimabyggð og taumhaldi foreldra – þeir voru þó sífellt varaðir við því að látast glepjust af óheftu frjálsræði og freistingum unglingsáranna, eins og kemur fram í þessari bók.<sup>3</sup>

---

fót á Möðruvöllum 1881 og í Hafnarfirði (Flensborg) 1882. Kvinnaskólinn var svo stofnaður í Reykjavík 1874, Búnaðarskóli var stofnaður á Hólum í Hjaltadal 1882, á Eiðum 1883, og á Hvanneyri 1889. Þá var starfræktur búnaðarskóli í Ólafsdal á árunum 1880-1907. Stýri-mannaskólinn í Reykjavík var stofnaður 1891.

- 1 Philippe Ariès, *Centuries Of Childhood. A Social History of Family Life*. (London, 1962). Loftur Guttormsson sagnfræðingur hefur unnið með kenningar Ariés. Sjá: Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar og lýçfræðilegrar greiningar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 10 (Reykjavík, 1983).
- 2 Sjá nánar um æskuna á 19. öld: Sigurður Gylfi Magnússon, „Alþýðumenning á Íslandi 1850-1940,“ bls. 295-318. Til að gera skýrari grein fyrir sérstöðu skólapiltana má benda á að á tímabilinu 1847-1904 var hlutfall brautskráðra stúdenta frá Lærða skólanum af fjölda tvítugra karla á landinu á milli 0,1-3,3%. Árið 2003 lauk 45% tvítugra karla stúdentsprófi. Heimild: *Hagskinna*, bls. 856-857. Tafla 18.11. Brautskráðir stúdentar 1847-1990; Upplýsingar frá Hagstofunni, október 2004.
- 3 Sigurður Gylfi Magnússon hefur rætt þetta nánar í bók sinni *Menntun, ást og sorg. Einsögu-rannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar*. Sagnfræðirannsóknir 13 (Reykjavík, 1997), bls. 248-255.

## Skólinn sem samfélag

Vér vorum eins og smáheimur út af fyrir sig [...]

Friðrik Friðriksson, „Latínuskólinn,“ bls. 120.

Að vissu marki má líta á Lærða skólann sem samfélag. Innan veggja hans vorðu skólapiltar stórum hluta unglingsáranna í návígi hverjir við aðra og kennara sína, og mótudust af hefðum og siðum skólans. Piltarnir sem mynduðu þetta samfélag voru á ólíkum aldri og vafalaust voru margir blautir bak við eyrun þegar þeir gengu í skólann í fyrsta skipti. Þegar Jes A. Gíslason (1872-1961), síðar prestur, var í 1. bekk veturinn 1885-86, voru bekkjarbræður hans á aldrinum 13–22 ára.<sup>1</sup> Á skólaárum Indriða Einarssonar, leikritaskálds og hagræðings (1851-1939), var einn skólapilturinn 33 ára gamall! Við það tækifæri sagði Bjarni rektor „Þú ert eins gamall og Alexander mikli, þegar hann dó.“<sup>2</sup> Þetta breiða aldursbil hefur eflaust valdið því að eldri piltarnir hafa haft töluverð áhrif á hina yngri.


Ekki má gleyma því að nýsveinar voru að takast á við nýja lífsreynslu við upphaf skólaferils síns, og margir þeirra eru komu úr sveit voru óvanir ýmsu er tengdist þéttbýlinu. Til dæmis er erfitt að gera sér grein fyrir því hve stór áfangi það var fyrir þá að ferðast langa leið til Reykjavíkur og takast þar á við nýjar aðstæður. Þannig má benda á að sumir piltar voru jafnvel óvanir margmenni. Fyrirnefndur Sigurður Árnason ræðir þetta í ævisögu sinni, en hann sá fyrst fjölmennan hóp fólks um tíu ára aldur, við brúðkaup systur sinnar: „Þar var margt manna samankomið og mikið af hestum alls staðar úti við. Ég var víst mjög undrandi og utan við mig, því að þetta var í fyrsta skiptið á ævinni, sem ég hafði séð fleira fólk samankomið en heimilisfólkið og nokkra nábýlismenn.“<sup>3</sup> Þessi munur á þéttbýli og dreifbýli kemur einnig fram í bænaskrá sem rætt var um á Alþingi árið 1861. Þar var bent á að erfitt væri að dæma um námshæfileika pilta út frá inntökuprófinu þar sem „[...] drengir í sveitum, sem lítið hafa vanizt mannfundum, verða einurðarlausir, þegar þeir, nýkomnir úr langferð, eiga að fara að standa próf á ókunnugum stað, fyrir ókunnugum kennurum, og ef til vill í viðurvist annara ókunnugra [...]“<sup>4</sup> Að auki nutu nýnemarnir oft lítillar virðingar hjá eldri skólapiltum, og þurftu þeir að ganga gegnum

1 Jes A. Gíslason, „Nokkrar minningar frá skólaárum mínum 1885-1891.“ *Minningar úr menntaskóla*. Ritstjórar Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (Reykjavík, 1946), bls. 104.

2 Indriði Einarsson, *Séð og hfað*. *Endurminningar* (Reykjavík, 1972), bls. 77.

3 Sigurður Árnason, *Með straumum*, bls. 51.

4 *Tiðindi frá Alþingi Íslendinga 1861* (Reykjavík, 1861-1862), bls. 597.



Mynd 2 – Starfsstéttir stúdenta Lærða skólans 1847-1904 að loknu námi.

Heimild: Minningarrit fímtíu ára afmælis Hins Lærða skóla í Reykjavík.  
 Saga Reykjavíkurskóla I, bls. 27-95.

ýmiss konar hrellingar á fyrsta skólaárinu. Þannig var skólavistinn eflaust nokkuð framandi fyrir nýfermda sveitapilta, sem deildu skólanum með mun eldri og lífsreyndari skólapiptum.

En þegar skólanum lauk stóðu piltarnir þó því sem næst jafnfætis. Þeir áttu flestir eftir að fylla upp í embættismannastétt landsins. Það kemur skýrt í ljós þegar litið er á tölur yfir starfsstéttir stúdenta skólans, en piltarnir urðu flestir prestar, læknar eða aðrir embættismenn eða 71%.<sup>1</sup>

Hið háa hlutfall stúdenta sem urðu embættismenn kemur skýrt fram, enda telur Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, að skólinn hafi í raun einkum haft það hlutverk að endurnýja hina íslensku embættismannastétt.<sup>2</sup> Guðmundur hefur einnig bent á að skólinn hafi veitt nemendum sínum ákveðna samkennd og sérstöðu, enda öðluðust þeir sameiginlega reynslu innan skólans og stefndu flestir á frama innan embættismannakerfisins.<sup>3</sup> Að auki fóru margir nemendur til frekara náms til

1 Minningarrit fímtíu ára afmælis Hins Lærða skóla í Reykjavík (Reykjavík, 1896); *Saga Reykjavíkurskóla I*, bls. 27-95.

2 Guðmundur Hálfðanarson, „Old Provinces, Modern Nations. Political Responses to State Intergration in Late Nineteenth and Early Twentieth-Century Iceland and Brittany.“ Doktorsritgerð frá Cornell University í Bandaríkjunum, 1991 (*Lbs-Hbs*), bls. 55.

3 Guðmundur Hálfðanarson, „Old Provinces, Modern Nations,“ bls. 55. Sjá einnig: Ólafur Ragnar Grímsson, *The Icelandic Elite and the Development of the Power Structure 1800-2000* (Århus, 1975), bls. 30-31.

Kaupmannahafnar eftir próf frá Lærða skólanum og dvöldu þar í nokkur ár. Þessi hópur hafði því nægan tíma til að mynda sterk vinabönd, byggð á sameiginlegri reynslu og stöðu. Í þessu sambandi má vekja athygli á endurminningum Sveins Björnssonar forseta (1881-1952), en þar segir hann um skólabræður sína:

Með okkur tókst nú sá félagsskapur, sem einkenndi allt skólalífið, hélzt öll sex árin gegnum skólann og lætur eftir sig tryggð og vináttu, sem helzt allt lífið. Sennilega ala slíkir hópar hver annan meira upp en nokkrir kennarar geta gert, þótt kennsla þeirra og leiðbeiningar séu auðvitað mikils virði.<sup>1</sup>

Þessi félagsskapur er fylgdi skólanum gerði piltunum kleift að mynda einsleitt samfélag innan skólans. Þeir vildu jafnframt minna aðra samfélagsþópa á sérstöðu sína, og notuðu til þess stundum ýmis tákni til að aðgreina sig frá öðrum hópum, aðallega þar til gerðar húfur.<sup>2</sup> Þörf skólapiltanna fyrir sérstöðu og aðgreiningu var ekkert nýmæli. Nemendur í latínuskólunum í Skálholti og á Hólum í Hjaltadal notuðu fatnað á sama hátt, en þar bar nokkuð á því að piltarnir notuðu fín klæði sem töldust til yfirstéttarinnar á meginlandi Evrópu.<sup>3</sup> Að auki voru nýsveinar í Bessastaðaskóla látnir lofa því hátíðlega að standa með skólafélögum sínum gegn utanskólamönnum og verjast öllum óhróðri um skólann.<sup>4</sup> Friðrik Friðriksson æskulýðsleiðtogi (1868-1961) ræðir stöðu skólapiltanna í minningum sínum:

Ég held, að vér skólapiltar höfum [...] fundið nokkuð til upphefðar vorrar og ábyrgðar um leið, að haga oss svo, að verðugt væri tign skólans og menntunarinnar. Þá var og eitt, er stuðlaði að þessari sjálfsvitund vorri, og það var samheldnin gagnvart umhverfi voru. Gagnvart öllum öðrum – og kennurum vorum líka – fundum vér, að vér vorum sem einn maður og ein sál. Vér fundum oss meðbræður frá neðsta bekk til hins efsta. Órjúfandi þagnarskylda hvíldi á oss um launmál félaganna, bekkjarins eða skólans í

---

1 Sveinn Björnsson, *Endurminningar Sveins Björnssonar* (Reykjavík, 1957), bls. 24.  
2 Heimir Þorleifsson, „Samskipti skólapilta í Lærða skólanum og Reykvíkinga á öldinni sem leið.“ *Reykjavík miðstöð þjóðlífs*. Safn til sögu Reykjavíkur (Reykjavík, 1978), bls. 118-122.  
3 Guðlaugur R. Guðmundsson, *Skólalíf*, bls. 241.  
4 Heimir Þorleifsson, *Saga Reykjavíkurskóla II*, bls. 15. Sjá einnig; Páll Melsteð, *Endurminningar Páls Melsteð* (Kaupmannahöfn, 1912), bls. 32. Benedikt Gröndal dregur þó úr þessari sérstöðu skólapilta í Bessastaðaskóla í æviminningum sínum. Benedikt Gröndal, *Dægradvöl* (Reykjavík, 1965), bls. 71. Að auki voru nemendur Lærða skólans ekki ávallt samhuga, og stundum komu upp deilur milli þeirra. Sjá nánar t.d. Heimir Þorleifsson, *Saga*

heild. Vér vorum eins og smáheimur út af fyrir sig, töluðum sérstakt mál, skólamálið, sem sveitamaður hefði ekki skilið helminginn af, ef hann hefði verið áheyrandi. Vér vorum dálítið upp með okkur af þessu undir niðri. Mér fannst hvíla hátign yfir skólalífínu í heild, enda þótt ekki væru allir tímar hátíðlegir.<sup>1</sup>

Þessi sérstaða skólapiltanna og stór hlutur í embættismannastéttinni er í samhengi við rannsóknir ýmissa erlendra fræðimanna sem margir hverjir hafa lagt töluverða áherslu á hve skólar gegni oft stóru hlutverki við að ýmist móta, mynda eða viðhalda stöðu ákveðinna þjóðfélagshópa. Bandaríski sagnfræðingurinn Harvey J. Graff hefur til dæmis kannað hvernig skólar í Bandaríkjunum á 19. öld hafi „skilgreint“ nemendur sína, þeir hafi sam- samað sig við skólana og móttakið þau lífshlutverk sem þeir veittu þeim.<sup>2</sup> Í frægri bók sinni, *The Power Elite*, (1956) færir fræðimaðurinn C. Wright Mills rök fyrir því hve skólaganga í fínnum einkaskólum í Bandaríkjunum hafi haft mikil áhrif á nýliðun í efri hópa samfélagsins í Bandaríkjunum um miðja 20. öld. Í þessa skóla safnaðist saman einsleitur hópur nemenda er komu frá vel stæðum fjölskyldum, og dvöldu saman um nokkurra ára skeið. Meðal hópsins kom oft fram sterk samkennd og samstaða og innan hans efldust gildi hópa úr efri þrepum samfélagsins.<sup>3</sup> Aðrir fræðimenn hafa haldið því fram að með eflingu ríkisvalds hafi ríkið notað menntaleiðina til að koma ákveðnum gildum á framfæri, gildum sem voru mótuð af ráðandi stéttum samfélagsins.<sup>4</sup> Hvað sem því líður virðist vera óhætt að álykta að skólar hafi haft mikil og víðtæk áhrif á nemendur sínar í gegnum aldirnar. Sagnfræðingurinn Ilana Krausman Ben-Amos tekur í svipaðan streng:

From what we know today about the Renaissance educational system, for example, it seems clear that schools in the early modern era were social

- 
- 1 Friðrik Friðriksson, „Latínuskólinn,“ bls. 120. Sumir skólapiltar voru þó ekki sannfærðir um hið háleita hlutverk sitt, eins og kemur fram í bréfi sem Klemens Jónssonar (1862–1930) ritar til Finns Jónssonar (1858–1934) í febrúar 1883 „[...] það er verst að fæstir þeirra [skólapiltar] hafa það vit, að skólinn er og á að vera styrkur þjóðar vorrar, því að út frá honum ganga þeir menn, sem síðar eiga að vera leiðtogar þjóðarinnar; en ættjarðarástín hjá þeim er eigi svo rík, að þeir vilji leggja neitt í sölnurnar.“ *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubref frá 19. öld*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 3. Sigrún Sigurðardóttir tók saman (Reykjavík, 1999), bls. 193.
  - 2 Harvey J. Graff, *Conflicting Paths. Growing up in America* (Cambridge, Massachusetts, 1995), bls. 105 og 174.
  - 3 C. Wright Mills, *The Power Elite* (Oxford, 1968), bls. 62–68.
  - 4 Pierre Bourdieu & Jean-Claude Passeron, *Reproduction in Education, Society and Culture*. Second edition (London, 1990). Sjá einnig: Ólafur Rastrick, „Uppeldi þjóðar. Alþýðumenntun og ríkisvald 1880–1918.“ B.A. ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands, 1993, (*Lbs.-Hbs.*).

institutions designed, among other things, to shape and discipline the adolescent's mind rather than simply to prepare them for vocational roles.<sup>1</sup>

Þó að rannsóknir þessara fræðimanna fjalli um mismunandi tímabil í mismunandi löndum má finna ýmis sameiginleg einkenni með rannsóknnum þeirra og samfélagi Lærða skólans. Til skólans kom hópur pílta, margir frá fjölskyldum embættismanna, dvöldust saman í sex ár, og gengu að því loknu flestir inn í embættismannakerfið. Þannig virðist óhætt að líkja skólanum við samfélag sem mótaði nemendur sína að vissu marki, og að vistin þar hafi verið fyrstu formlegu skrefin á lífsgöngu embættismannsins.

### *Ný staða, nýtt hlutverk*

Vandi fylgir vegsemd, eða eins  
og Bjarni rektor sagði oftlega:  
„Noblesse oblige“

Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér* (Reykjavík 1959), bls. 137.

Við inngöngu í Lærða skólann má segja að nýsveinar hafi hlotið nýja stöðu – stöðu skólasveina, sem áttu flestir eftir að ganga inn í hóp embættismanna landsins eins og kom fram hér að framan. Margir skólapiltar komu frá heimilum embættismanna eða 44% á tímabilinu 1846-1904<sup>2</sup>, og voru því að vissu marki þegar hluti af þeirri stétt áður en þeir hófu nám við skólann. Guðmundur Davíðsson (1866-1942), sonur Davíðs Guðmundssonar prests að Hofi í Hörgárdal lýsir samfélagsstöðu sinni sem prestssonur á skemmtilegan hátt í minningum sínum: „[...] eg var prestssonur, en þeir voru í þann tíð álitnir bera höfuð og herðar yfir aðra sveitunga sína, jafnvel þó þeir væru ekki neitt í neinu.“<sup>3</sup> Þessi staða breyttist við nám í Lærða skólanum, því þá mátti telja nokkuð víst að skólapilturinn myndi verða embættismaður sjálfur og haldast innan þess þjóðfélagshóps.<sup>4</sup>


1 Ilana Krausman Ben-Amos, „Adolescence as a Cultural Intervention: Philip Ariès and the Sociology of Youth.“ *History of the Human Sciences* 8:2 (1995), bls. 82.

2 Hér er miðað við brautskráða stúdenta Lærða skólans. *Skýrsla um Hinn Lærða skóla í Reykjavík skólaárið 1847-48; 1848-49; 1849-50; 1850-51; 1851-52; 1852-53* (Reykjavík, 1848-1854). Pétur Guðmundsson, *Annáll níjándu aldar*. II-V. bindi (Reykjavík, 1924-1959). ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1888-1902; *Lbs* 3364 4to – Skinfaxi.

3 *Lbs* 3754 8vo – Forlög I

4 Skipting í þjóðfélagshópa á þessum tíma var nokkuð skýr. Í daglegu tali var oft rætt um nokkrar stéttir eða hópa í samfélagsgerðinni; má nefna embættismenn, menntamenn, iðnaðarmenn, kaupmenn, námsmenn, tómthúsmenn, sjálfseignabændur, leiguliða, lausamenn,





Mynd 2 – Starfsstéttir fedra stúdenta Lærða skólans 1847–1904.

Heimild: Skýrsla um Hinn Lærða skóla í Reykjavík skólaárið 1847-48; 1848-49; 1849-50; 1850-51; 1851-52; 1852-53. (Reykjavík, 1848-1854); Pétur Guðmundsson, *Annáll níjándu aldar. II-V. bindi* (Reykjavík, 1924-1959). Þí Árbækur Lærða skólans 1888-1902, Lbs 3364 4to – Skriffaxi. Athugasemdir: Benda má á að hugtakið bændur getur hér skírskotað til breiðs hóps, sumir hafa e.t.v. verið kotbændur á meðan aðrir hafa verið „betri bændur“. Þannig má benda á að á milli 30 og 40% alþingismanna á níjándu öld voru bændur. Íslenskur söguatlas. Annað bindi. Frá 18. öld til fullveldis. Ritsjórar Árni Daníel Júlíusson, Helgi Skúli Kjartansson og Jón Ólafur Ísberg (Reykjavík, 1992), bls. 97.

En hvaða hlutverk álitu skólapiltarnir sig hafa – eða eiga að hafa? Orð Bjarna Jónssonar, rektors skólans á árunum 1851-1868 lýsa því ágætlega en hann hafði iðulega á orði máltakið „noblesse oblige“ við nemendur sína.<sup>1</sup> Þýðing máltaksins er falin í því að þeim sem eru málsmetandi samfélagsþegar beri skylda til þess að láta gott af sér leiða í samfélaginu. Segja má að orð Bjarna séu samhljóða hinni æskilegu lífsstöðu skólapiltanna, því þeim var sífellt innrætt hlutverk forystumanna samfélagsins sem áttu að vera stolt þjóðar sinnar á sem flestum sviðum. Það þarf því varla að koma á óvart þó að Matthías Jochumssyni hafi fundist hann vera kominn í hóp „landsins útvöldu sona“ þegar hann hóf nám í skólanum eins og hann ræðir í sjálfsævisögu sinni.<sup>2</sup> Þessi kjörstaða (*ideal*) nemendanna eða óska-

vinnuhjú og þurfamenn. Sjá t.d. Jón Helgason, *Þeir, sem settu svip á bæinn*, einnig: Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur 1870-1940. Bærinn vaknar*. Fyrri hluti (Reykjavík, 1991), bls. 8-16, og Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801-1930. Studies in the Relationship between Demographic and Socio-Economic Development, Social Legislation and Family and Household Structures* (Uppsala, 1988), bls. 33-35.

1 Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér* (Reykjavík, 1959), bls. 137.

2 Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér*, bls. 137.



hlutverk þeirra, kemur skýrt fram þegar litið er á efni þessarar bókar, en af því má ráða hve mikil áhersla var lögð á að þeir leituðu eftir dyggðugu lífverni og settu hag þjóðar sinnar í fyrirrúm. Þetta viðhorf kemur jafnframt í ljós í daglegu starfi skólans. Tína má til nokkur dæmi: Piltarnir stóðu fyrir mörgum leiksýningum í árunna rás, en þær mæltust afar vel fyrir hjá bæjarbúum, enda voru þær skemmtileg afþreying yfir vetrartímann. Piltarnir álitu þó að sýningarnar hefðu meira fram að færa en að eingöngu skemmta bæjarbúum, því um tilganginn með þessum sýningum segir svo í skólablaði frá vorinu 1847: „[...] að jafnframt því er vér skemtum bæarmönnum skyldum vér og fræða þá eða laga, og koma inn hjá þeim réttari skoðun á ýmsu er vér héldum að þeir áður hefðu.“<sup>1</sup> Heimir Þorleifsson sagnfræðingur hefur kannað efni og boðskap þessara leiksýninga, og hefur ályktað að sýningarnar hafi haft samfélagsleg markmið – með þeim hafi piltarnir einfaldlega ætlað sér að „bæta heiminn“, eins og Heimir orðar það, með boðskap sínum um hinar ýmsu dyggðir sem bæjarbúar ættu að hafa að leiðarljósi.<sup>2</sup> Piltarnir lögðu ekki einungis lag sitt við leiklistina, heldur einnig við sönglist, því þeir mynduðu karlakór sem kom fyrst fram opinberlega vorið 1854. Kórsöngur hefur verið settur í samhengi við þjóðfrelsisbaráttuna, en söngurinn og þátttaka í kórastarfi átti að efla hugmyndir um samstöðu og föðurlandsást, sem virðist hafa fallið í góðan jarðveg, því kórsöngurinn var fljótur að ryðja sér til rúms meðal annarra samfélagshópa.<sup>3</sup>

Nefna mætti fleiri dæmi um samfélagslega stöðu stúdenta. Stúdentar og menntamenn voru áberandi í félagsstarfi í Reykjavík á 19. öld og stóðu fyrir ýmsum fundum og fyrirlestrum. Hrefna Róbertsdóttir sagnfræðingur hefur kannað fundargerðir ýmissa menntafélaga frá þessum tíma, og telur að stúdentar hafi álitnið sig vera forystusveit um allt það er varðaði eflingu og velferð þjóðarinnar.<sup>4</sup> Þetta þarf ekki að koma á óvart því margir skólapiltar fengu ágæta þjálfun í ræðumennsku og fundarstörfum með þátttöku

---

1 *Lbs* 3317 4to – Bræðrablað 24. apríl 1847, bls. 16. Sjá nánar um leiksýningarnar: Heimir Þorleifsson, *Saga Reykjavíkurskóla* II, bls. 155-174; Heimir Þorleifsson, „Samskipti skólapilta og Reykvíkinga á öldinni sem leið,“ bls. 124-133.

2 Heimir Þorleifsson, „Samskipti skólapilta og Reykvíkinga á öldinni sem leið,“ bls. 128. Sjá einnig: Heimir Þorleifsson, „Skáldskapur á skólahátíðum 19. aldar.“ *Sögulódir. Afmælisrit helgað Ólafi Hanssyni sjötugum* (Reykjavík, 1979), bls. 203-226; Gunnar Sveinsson, „Íslenskur skólaskáldskapur 1846-1882,“.

3 Inga Dóra Björnsdóttir „Hin karlmannlega raust og hinn hljóðlátí máttur kvenna. Upphaf kórsöngs á Íslandi.“ *Saga* 36 (2001), bls. 7-50.

4 Hrefna Róbertsdóttir, *Reykjavíkurfélög. Félagastarf og menntastarf á cjanverðri 19. öld*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 26 (Reykjavík, 1990), bls. 83.

í hinum ýmsu félögum skólans, sem eflaust hefur aukið löngun þeirra til starfa á opinberum vettvangi. Þannig hefur málfundafélagið „Framtíðin“ til dæmis stundum verið kallað elsti stjórnmalaskóli landsins.<sup>1</sup>

Viðhorf piltanna gagnvart hlutverki skólans koma skýrt fram í grein sem Jón Ólafsson (1850-1916) síðar þekktur sem ritstjóri, skrifaði í skólablaðið *Fjölsvinnur* vorið 1867. Þar ræddi Jón um hinn mikla fróðleik sem alþýða landsins búi yfir og þakkar það embættismönnum landsins og þó sérstaklega prestum, sem hafi góða möguleika á að breiða út þekkingu og vísdom um landið í krafti menntunar sinnar og fjölda. Jón bætir við:

Þetta hefur þannig gengið til þessa, øllum til gleði og ánægju, og er vonanda, að slíku haldi fram. En til þess, að embættismenn geti meldað alþýðu, verða þeir sjálfir að vera menntaðir; en þá menntun, eða að minnsta kosti grundvöll þeirrar menntunar, fá embættismannaefni í skóla vorum.<sup>2</sup>

Prentuð blöð breiðdu einnig hlutverk skólans út um landið. Árið 1846 var stofnaður sjóður til styrktar nemendum skólans, s.k. *Bræðrasjóður*. *Reykjavíkurlósturinn* fagnaði því framtaki mjög, og sagði að skólinn væri dýrmætasta eign landsmanna og að þeir sem „[...] í skólanum alast upp, eiga síðan að vera leiðtogar þjóðarinnar.“<sup>3</sup>

Þessi sífelldi boðskapur innan skólans og utan um nauðsynlegt hlutverk skólapiltanna fyrir land og þjóð, hefur líklega haft nokkuð sterk áhrif á starfsval þeirra og lífsstöðu. Þetta kemur ágætlega fram í skólaritgerðum piltanna, til dæmis árið 1887, en þá áttu þeir að skrifa um verkefnið „Hvers eiga ungir menn að gæta, þegar þeir velja sér lífsstöðu?“. Í þessum verkefnum má sjá þann þrýsting sem var á piltunum að velja sér stöðu er kæmi landi og þjóð að sem mestum notum. Benedikt Eyjólfsson (1863–1913), síðar prestur, skrifaði:

Þegar ungmennið hefur valið lífsstöðu sína, má svo að orði kveða, að eigi sje lengur til setunnar boðið, þá bytjar hann að afla sjer æðri menntunar, og byggja á þeim grundvelli, er foreldrar og kennendur hafa lagt til þess að hann geti orðið sem tryggastur og öruggastur leiðtogi ástvina sinna á lífsleiðinni og sem nýtastur og styrkastur framkvæmda maður í þarfir fósturjarðarinnar.<sup>4</sup>

Einnig má taka sem dæmi hugleiðingar fyrrnefnds Ólafs Davíðssonar um æskilegt framtíðarstarf sem finna má í bréfi hans til föður síns sem hann

1 Berglind Hallgrímsdóttir, „Framtíðin.“ *Skólablaðið* 71. árg. 2. tbl. (1996), bls. 55.

2 *Lbs* 3367 4to – *Fjölsvinnur* 20. apríl 1867, bls. 16.

3 „Bræðrasjóður Reykjavíkurskóla.“ *Reykjavíkurlósturinn* 1. ár (1846), bls. 46-47.

4 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1887.

ritaði í byrjun febrúar 1882, en þá var hann að ljúka námi sínu við Lærða skólann. Ólafur skrifaði: „Ekki veit ég, hvað ég á að leggja fyrir mig. Mér finnst ég geta lært allt og hafa „interessi“ fyrir öllum vísindagreinum nema lögfræði. Henni er ég alveg frábitinn. Ég vil og taka einna mest tillit til þess, hvað þarfast er og gagnlegast fyrir landið.“<sup>1</sup> Því næst taldi Ólafur upp ótal námsgreinar og hugleiddi þær með þarfir þjóðarinnar í huga:

Mér þykir engin vísindagrein eins skemmtileg og „Estetik“, en landið hefur ekkert með estetiker að gjöra [...] Mér finnst að latnesk og grísk málfræði sé hálfleiðinleg, og þar að auki hér um bil gagnslaus fyrir landið [...] Þá eru nýju málin. Þau eru eflaust skemmtileg, en ég veit ekki, hvort landið hefur nokkuð með menn að gjöra, sem leggja þau eingöngu fyrir sig [...] Landið hefur ekkert að gera með „mathematikus“, enda ætlar einn bekkjarbróðir minn að leggja hana fyrir sig, og hann er miklu meir hneigður fyrir hana en ég [...] Þá er náttúrufræðin eftir. Náttúrufræðingurinn hefur alls staðar nóg að gjöra á Íslandi, því þar er ekkert kannað og ekkert rannsakað [...] Já, ég held ég hneigist helzt að náttúrufræðinni af þessum vísindagreinum, sem ég hef getið hér um, og þá einkum grasufræðinni [...] Ég ætla að biðja þig að segja mér, hvað þú vilt helzt láta mig stúdéra, og með hverju þú heldur að ég geti gjört landi og lýð mest gagn og mestan sóma.<sup>2</sup>

Hvort sem Ólafur var að skrifa bréfið í samræmi við óskir föður síns eða ekki, þá bera hugleiðingar hans sterk merki þeirra orðræðu sem ríkti innan skólans. Orðræðuna má setja í samhengi við þá þjóðfélagsumræðu er fram fór á síðari hluta aldarinnar, tímabil þjóðernishyggju og sjálfstæðisbaráttu. Þjóðfrelsisbaráttan hafði gríðarmikil áhrif á samfélagið á þessum tíma, en í flestum samfélagsmálum var lögð mikil áhersla á að efla veg þjóðarinnar svo að staða hennar yrði sem best á komandi tímum.<sup>3</sup> Til þess að ná settu marki þeirrar baráttu þurfti að bæta stöðu þjóðarinnar á allan hátt – á sviði menntunar, samgangna, framkvæmda og allra almennra framfara. Þessi mál brunnu sérstaklega á vörum málsmetandi hópa samfélagsins, hópa sem skólapiltarnir tilheyrðu. Í ritgerðunum hér á eftir kemur fram hve mikil áhersla var lögð á að skólapiltarnir tileinkuðu sér það hlutverk.

- 1 Ólafur Davíðsson, *Ég læt allt ljúka. Sendibref og dagbókarbrot frá skólaárunum*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar (Reykjavík, 1955), bls. 79.
- 2 Ólafur Davíðsson, *Ég læt allt ljúka*, bls. 79-81. Ólafur fór til Kaupmannahafnar um haustið og dvaldi þar í nokkur ár, án þess þó að ljúka prófi. Hann sneri aftur til Íslands 15 árum síðar og hóf að rannsaka þjóðleg fræði og náttúru landsins.
- 3 Sjá nánar um samband þjóðernis og sjálfstæðisbaráttu við framtíðarsýn Íslendinga á 19. öld: Bragi Þorgrímur Ólafsson, „Þjóð eignast fegurri framtíð. Einsögunarannsókn á framtíðarsýn Íslendinga á síðari hluta 19. aldar.“ B.A. ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands, 1999, (*Lbs.-Hbs.*); Bragi Þorgrímur Ólafsson, „Í þágu niðjanna. Framtíðarsýn Íslendinga á 19. öld.“ *Sagnir* 20 (1999), bls. 4-11, og Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*.

### 3. Heimildagildi, frágangur texta og uppbygging bókarinnar

#### Heimildagildi

Ritgerðirnar í þessari bók eru óneitanlega mjög sérstæðar heimildir. Þegar meta á heimildagildi þeirra þarf að hafa nokkur atriði í huga.

Í fyrsta lagi lúta ritgerðirnar ákveðnum reglum. Nemendurnir þurftu að sýna færni sína í uppbyggingu texta, réttitun og stíl, enda segir í reglugerð um skólann frá árinu 1850, að við mat á ritgerðum skuli dæmt eftir því „[...] hversu ljós hugsun lærisveinsins er, og hversu vel, skýrt og hreint, hann getur orðað hugsanir sínar [...]“<sup>1</sup> Ólíkt hefðbundnum skrifuðum frásögnum á borð við til dæmis sendibréf, var frásögn þeirra mælanleg á einkunnastiga og því valt töluvert á að standa sig vel og skrifa góðan stíl. Piltarnir gerðu sér grein fyrir því að kennararnir ættu eftir að lesa ritgerðirnar yfir, og hafa örugglega hagað þeim eftir því. Til þess var leikurinn gerður.<sup>2</sup>

Í öðru lagi er hætt við að piltarnir hafi reynt að haga skrifum sínum þannig að þau væru sem *réttust* – skrifa á þann hátt sem þeir töldu líklegt að félli kennurunum vel í geð. Að vissu leyti má því segja að piltarnir hafi reynt að búa til ákveðna mynd af sér í ritgerðunum, mynd af skynsömum og iðnum skólapiltum sem elskuðu þjóð sína og dyggðugt lífverni. Þannig er varasamt að nota þessar ritgerðir sem mjög áreiðanlegar heimildir um persónulegt lífsviðhorf piltanna. Benda má á að í ritverkum Jónasar Hallgrímssonar (1807-1845) er kom út árið 1989, má meðal annars finna prófræðu sem Jónas hélt við dimission í Bessastaðakirkju árið 1829. Ritstjórar verksins telja vafasamt að nota þá ræðu til að draga miklar ályktanir af henni um lífsviðhorf Jónasar á þessum tíma, þar sem efni ræðunnar var skylduverk.<sup>3</sup> Útskriftarefnum skólans var úthlutað ræðuefni.<sup>4</sup> Það sama má

1 *Reglugjörð um kennsluna og lærdómspréfin í hinum lærða skóla í Reykjavík*, bls. 11. Í reglugerðinni 1877 var sama markmið haft að leiðarljósi.

2 Í reglugerð frá 1850 segir að prófdómarar í íslenskri ritgerð við burtfararpróf skulu vera þrír, og einn þeirra væri íslenskukennari 4. bekkjar. *Reglugjörð um kennsluna og lærdómspréfin í hinum lærða skóla í Reykjavík*, bls. 17. Í reglugerð frá 1877 segir að prófdómarar væru íslenskukennari 5. bekkjar, einn prófsfulltrúa og einhver af kennurum skólans. *Auglýsing um reglugjörð fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík*, bls. 8.

3 *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar*. IV. bindi. *Skýringar og skrár*. Ritstjórar Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson (Reykjavík, 1989), bls. 252. Þess má geta að gagnfræðaprófsritgerð Halldórs Laxness hefur verið birt í ársriti Landsbókasafns Íslands. Sjá: Halldór Laxness, „Sumarstörf manna hér á landi.“ *Ritmennt 7* (2002), bls. 186-187.

4 Guðlaugur R. Guðmundsson, *Skólalíf*, bls. 118.

segja um efni þessarar bókar – hér má ekki draga of víðtækar ályktanir um raunveruleg viðhorf piltanna einungis út frá ritgerðum þeirra.<sup>1</sup> Þetta atriði kemur einnig fram þegar rætt er um heimildagildi sendibréfa, þar sem bréfitari býr oft til ákveðna mynd af sér til að koma vel fyrir í augum viðtakandans.<sup>2</sup> Í raun er lítið við þessu að gera, enda eðlilegt að vilja koma vel fyrir í augum annarra. Mikilvægt er að hafa þetta í huga við lestur ritgerðanna; piltarnir eru ekki að skrifa persónulegar frásögur í einrúmi, heldur eru þeir að skrifa ritgerð sem þeir vita að á eftir að verða lesin af kennara og metin á einkunnastiga. Markmið piltanna er að fá góða einkunn.

Í þriðja lagi er mögulegt að sumir piltar hafi misskilið prófverkefni á einhvern hátt, og skrifað ómarkvissan texta sem þeir ættu erfitt með að standa við. Um þetta atriði segir Sigurður Magnússon læknir (1866-1940) í ævisögu sinni:

Við burtfararpróf úr lærða skólanum lá víst við, að eg fengi 0 í íslensku. Verkefni okkar í ritgerð var: „Hvers eiga ungir menn að gæta, þegar þeir velja sér lífsstöðu?“ Líklega hefur spurningin legið eitthvað þversum í höfði mínu, en mér fannst ekki um margar lífsstöður að velja fyrir févana, íslenska stúdenta og álpaðist inn á þær villigötur að hnýta eitthvað í prestaskólann. Mér var sagt, að þegar til stóð, að eg fengi 0 fyrir ritgerðina, hafi Steingrímur Thorsteinsson bjargað máli mínu við og sagt: „Nú, mér finnst þetta mikið laglega skrifað,“ og vitnisburðurinn varð 3 = lakl.<sup>3</sup>

---

<sup>1</sup> Í Árbókum Lærða skólans eru þannig nefnd dæmi um að piltarnir hafi ekki verið sammála fullyrðingu sem þeir áttu að skrifa um. Árið 1900 áttu 3. bekkingar að skrifa um „líkamlega yfirburði manna yfir dýrunum“. Sumir voru þessari fullyrðingu ósammála og töldu að mennirnir hefðu einungis andlega yfirburði yfir dýrunum, en ekki líkamlega. *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1899-1900, bls. 77-78.

<sup>2</sup> Sigurður Gylfi Magnússon hefur rætt þetta nánar í bókinni *Menntun, ást og sorg*, bls. 52. Það hefur Sigrún Sigurðardóttir einnig gert í grein sinni „Tveir vinir. Tjáning og tilfinningar á nítjándu öld.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistaverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík 1998), bls. 149-150.

<sup>3</sup> Sigurður Magnússon, *Æviminningar læknis* (Reykjavík, 1985), bls. 52. Í ritgerð sinni skrifar Sigurður m.a.: „Mikill fjöldi unglinga fer í skóla, og lýkur burtfararprófi; sumir með góðum vitnisburði, sumir með vondum; fyrir hina fyrri eru margir vegir, til þess að velja sjer lífsstöðu, og eiga þeir þá að velja þann veginn, sem þeir eru hæfastir til að ganga, og getur orðið mannkyninu að mestu gagni að þeir gangi; hinir síðari eru aptur á móti miklu bundnari, fyrir þá er nálega eini vegurinn að ganga á prestaskóla, hvort sem þeim sjálfum líkar betur eða verr, verða því sumir þeirra að breyta algjörlega lífsstefnu þeirri, sem þeir hafa sett sjer, sjálfum sjer til skapraunar og landinu ef til vill til ómetanlegs tjóns.“ *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1887. Sigfús Blöndal minnst einnig lítillega á verkefni sitt í ævisögu sinni. Sjá: Sigfús Blöndal, *Endurminningar*, bls. 273.

Loks ber að hafa í huga að árangur piltanna í prófunum skipti töluverðu máli, ekki einungis fyrir þá, heldur líka fyrir aðstandendur sem eflaust hafa margir hverjir lagt hart að sér til að þeir gætu stundað nám við skólann. Mikið var lagt upp úr námsárangri piltanna í hverjum bekk, og gátu góðir nemendur hlotið námsstyrk. Piltarnir höfðu fleiri hvata til að standa sig vel, því að landsmenn gátu lesið um árangur þeirra í blöðum á borð við *Ejóðólf* og *Ísafold*. Sumir voru ósáttir við þessa birtingu, eins og kom fram í *Ísafold* vorið 1889, en þar var rætt um þessar upplýsingar og birting þeirra talin réttmæt, „[...] þó að aðstandendur pilta sjeu, eins og við er að búast, ekki allir svo ósjerplægirnir, að láta sjer það vel líka.“<sup>1</sup> Það eru jafnvel dæmi þess að sumir hafi lagt þessar upplýsingar á minnið.<sup>2</sup>

Þrátt fyrir ofangreindar takmarkanir þessarar heimildar, má tíunda ýmsa kosti hennar. Vissulega er hætta á að piltarnir hafi reynt að haga ritgerðum sínum með óskir kennara í huga. En það er einmitt ágætur vitnisburður um það hvernig *æskilegur* (ideal) hugsunarháttur átti að vera meðal skóla-sveinanna, þar sem ættjarðarást og dyggðugt líferni skyldi vera í fyrirrúmi, nokkurs konar „rétthugsun“ þess tíma.

Þá má finna ýmsar ritgerðir þar sem piltarnir lýsa æskuslóðum sínum, ýmsum ferðalögum, staðháttum og fleira. Slíkar lýsingar eru óháðar efnislegum duttlungum kennarans, og eru því hinar ágætustu samtímalýsingar. Einnig mætti benda á að það er ákveðin nálægð við þá atburði sem piltarnir voru beðnir að lýsa. Sem dæmi má nefna að hér á eftir eru piltarnir beðnir um að lýsa fermingardegi sínum. Slíkan vitnisburð má finna í sjálfsævisögum, en þær eru yfirleitt ritaðar þegar höfundurinn er kominn á efri ár og margir áratugir liðnir frá atburðunum sem þeir lýsa.<sup>3</sup> Hér aftur á móti eru piltarnir ungir að árum og yfirleitt einungis nokkur ár frá þeim atburðum sem þeir eru beðnir að lýsa. Þeir ættu því að vera nokkuð skýrir í ritgerðum piltanna hér á eftir.

Loks má benda á að margir skólapiltar áttu eftir að hasla sér völl á ritvellingum seinna meir. Hér eru mennirnir á bak við þessi nöfn ungir táningspiltar og áttu eftir að afreka það sem þeir urðu síðar þekktir fyrir. Þó er hægt að sjá hjá ýmsum hvert hugur þeirra stefnir. Þannig er áhugavert að sjá hvernig Sigurður Nordal fjallar um það hvers vegna það sé nauðsynlegt

1 „Skólaröð.“ *Ísafold*, 17. árg. 3. apríl 1889, bls. 106.

2 Hannes Þorsteinsson, *Endurminningar og hugleiðingar um hitt og þetta, er á dagana hefur drifið* (Reykjavík, 1962), bls. 26 og 80.

3 Sjá nánar: Sigurður Gylfi Magnússon, „Jeg er 479 dögum yngri en Nilli. Dagbækur og daglegt líf Halldórs Jónssonar frá Miðdalsgröf.“ *Skírnir* 169 (haust 1995), bls. 309-310.



hverri þjóð að leggja rækt við sögu sína og fyrri alda bókmenntir – en þá ritgerð skrifar hann á sínu tuttugasta aldursári.

Ritgerðirnar hafa því bæði kosti og galla sem heimildir. Þær eru skrifaðar eftir ákveðnum reglum og með ákveðin viðmið í huga. En þær nýtast einmitt til þess að bregða birtu á þau viðmið og á sama tíma lýsa daglegu lífi og samtíma nemenda skólans á síðari hluta nítjándu aldar.

### *Uppbygging bókarinnar og frágangur texta*

Bókin er byggð upp á einfaldan hátt. Ritgerðunum er skipt í nokkur þemu, en innan þeirra má finna ritgerðir frá ýmsum árum er fjalla um svipað efni. Á undan hverju þema er örstuttur inngangskafli þar sem fjallað er almennt um viðfangsefnið. Leggja ber áherslu á að hér er um valið efni að ræða. Efni bókarinnar takmarkast af fyrrnefndum viðmiðunum sem rætt var um í byrjun kaflans, og mati mínu sumarið 2000 á því hvað sé áhugavert að búa til prentunar. Finna má ótal fleiri forvitnilegar ritgerðir á Þjóðskjalasafni og jafnframt fjölda áhugaverðra höfunda, sem ekki gafst rúm fyrir hér. Skipting bókarinnar í þemu er jafnframt einungis mín hugmynd að skipulagi bókarinnar, en hana mætti gera á ýmsa vegu.<sup>1</sup>

Á eftir hverri ritgerð er örstutt samantekt um ævi viðkomandi einstaklings þar sem vísað er í frekari umfjöllun um hann. Reynt var að finna upplýsingar um æviferil allra þeirra sem eru í þessari bók, en upplýsingar um suma eru af skornum skammti, sérstaklega þeirra sem ekki luku prófi. Þá eru birtir palladómar um marga einstaklinga á eftir æviágripi þeirra, en í skólablöðum og árbókum frá síðasta fjórðungi aldarinnar og fram yfir aldamót má finna palladóma skólafélaga um flesta nemendur sem gengust undir burtfararpróf. Palladómarnir birtust flestir í öðru bindi af *Sögu Reykjavíkurskóla*.<sup>2</sup> Sumir þeirra eru nokkuð langir og ítarlegir og eru hér birtir nokkuð styttr.

Við flestar ritgerðirnar merktu piltarnir í hvaða bekk þeir voru og hvort ritgerðin hafi verið skrifuð við vorpróf eða miðsvetrarpróf og kemur það fram neðanmáls hér á eftir, þar sem þess hefur verið getið.

Hróflað var sem minnst við texta ritgerðanna. Augljós pennaglöp voru

---

1 Sigrún Sigurðardóttir sagnfræðingur hefur fjallað um svipaða flokkun í sýnisbók sinni, *Elskulega móðir mín, systir, faðir og sonur*, bls. 11-12. Í þessu sambandi má benda á grein Gunnars Karlssonar um val efnisatriða í sagnfræði. Sjá, Gunnar Karlsson, „Krafan um hlutleysi í sagnfræði.“ *Söguslóðir*. Afmælisrit helgað Ólafi Hanssýni sjötugum (Reykjavík, 1979), bls. 145-167.

2 *Saga Reykjavíkurskóla I*, bls. 211-234.

þó lagfærð og greinamerkjasetningu breytt lítillega á nokkrum stöðum til að auðvelda lesturinn. Hins vegar voru örnefni, kvæði eða málshættir sem koma fram í ritgerðunum voru látin halda sér óbreytt. Þá voru leiðréttingar kennara ekki færðar inn í því skyni að halda textanum í sem uppruna-  
legustu mynd.

#### 4. Í þágu niðjanna

Vjer þykjumst vita, að eptirkomendum vorum muni, jafnframt því sem þeim þykir gaman að fá að vita um hina helztu atburði, er gjörast í skólanum, gaman þykja að vita glögg deili á þeim er fært hafa þá í letur. [...] Vjer, sem nú erum annálaritendur, leggjum hjer nú slíka bók fram fyrir eptirkomendur vora, að þeir bæti við og haldi bókinni í góðri reglu, svo að hún geti náð tilgangi sínum.<sup>1</sup>

Þannig segir í samantekt yfir ritara *Árbóka Lærða skólans*, sem hafa að geyma lýsingar skólapiltanna sjálfra á lífinu í skólanum. Í *árbókunum* er víða lögð áhersla á að varðveita heimildir um skólalífið í þágu komandi tíma. Orð þessara manna enduróma þá umræðu er var í Þjóðfélaginu á þessum tíma, þar sem landsmenn voru hvattir til að byggja upp framfarir og efla land og þjóð í þágu framtíðarinnar með umhyggju fyrir afkomendunum í fyrirrúmi, eins og kemur fram hér á eftir. Í blöðum og tímaritum frá þessum tíma settu greinahöfundar sig stundum í spor afkomenda sinna í framtíðinni og litu þá yfir framfarir landsmanna á síðari hluta nítjándu aldar í þeirri von að samtímamenn sínir myndu „koma landinu upp“ eins og það var svo oft orðað.<sup>2</sup> Þannig höfðu þeir afkomendur sína í huga, hvort sem það var að varðveita heimildir um samtímamann eða leggja áherslu á framfarir í Þjóðfélaginu. Segja má að ritgerðirnar í þessari bók hafi samhljóm með þessari umræðu og riturum árbókanna. Frásagnir skólapiltanna og lýsingar þeirra í ritgerðunum bregða upp fyrir okkur hugarfari og staðháttum þeirra tíma og gefa okkur innsýn í íslenskt samfélag sem lagði grunninn að samfélagi nútímans. Enda vill það oft verða að hið minnsta sem samtíminn skilur eftir sig eykur gildi sitt með tímanum. Hinar smæstu lýsingar okkar á samtímanum munu á sama hátt eflaust þykja áhugaverðar fyrir afkomendur okkar.

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Skýrsla yfir ritendur Árbóka hins lærða skóla í Reykjavík, án bls.

2 Sjá nánar, Bragi Þorgrímur Ólafsson, „Þjóð eignast fegurri framtíð,“; „Í þágu niðjanna,“.



## II. Hvernig ætlarðu að verja sumarleyfinu?

Í þessum kafla eru ritgerðir sem skrifaðar voru í kringum aldamótin 1900 og fjalla um hvað piltarnir ætli að taka sér fyrir hendur í sumarleyfinu. Greina má ákveðinn tilhlökkunarhljóm í ritgerðunum, enda komu margir þeirra langt að og hlökkudu augljóslega til að hitta fjölskyldur sínar og vini eftir veturinn. Þá gafst þeim jafnframt tækifæri til að sinna ýmsum sumarstörfum. Sumir unnu við bústörf, aðrir stunduðu fiskveiðar, sumir voru aðstoðardrengir í verslunum eða unnu við vegavinnu. Störfin voru þó misvinsæl, enda mörg hver líkamlega erfið. Þá skipti einnig máli hvort kaupið væri greitt í peningum eða einhverju öðru eins og kemur fram hér á eftir.<sup>1</sup>

Í kaflanum eru ritgerðir eftir skólapiltana Einar Arnórsson (1880-1955) síðar ráðherra, Eirík P. Stefánsson (1878-1966) sem síðar varð prestur og Einar P. Jónsson (1880-1959) sem síðar ritstýrði *Lögbergi* og fleiri.



### *Hvernig ætlarðu að verja sumarleyfinu?*

(1897)

Þegar vorprófið er búið, fer jeg uppí sveit að Torfastöðum í Biskupstungum og verð þar smali. Jeg hef verið þar tvö undanfarin sumur og þykir mjer þar mjög skemmtilegt. Vanalega fer jeg á fætur klukkan (6) sex og fer þá út, er jeg er klæddur og kalla á hundinn sem jeg hefi ætíð við fráregstur og heitir hann Lappi. Oft hefi jeg með mjer kjötsneið og gef honum hana áður en við förum. Á Torfastöðum hagar svo til með landslagið, að bærinn stendur utan í brekku, en fyrir ofan eru holt stór. Nú fer jeg á stað með hundinn; fer jeg inn fyrir holtin og húa ánum fram eptir því, en það er mjög grösugt og halda ærnar sig þar oftast. Þó ber við að þær rása lengra og verð jeg þá að elta þær. Þegar jeg hefi náð í þær allar, þá fer jeg með þær heim að kvíunum og hjálpar Lappi mjer til að kvía þær, síðan fer jeg heim að bæ, og læt vita að jeg sje kominn með ærnar

1 Sjá nánar, Jón Guðnason, „Greiðsla verkkaups í peningum. Þáttur í sjálfstæðisbaráttu íslensks verkálýðs.“ *Saga* 23 (1985), bls. 7-57.

og fara þá vinnukonurnar að mjólka. Þegar jeg er búinn að þessu, þá fer jeg að slá eða snúa heyi. Þykir mjer það mjög gaman. Á Torfastöðum býr sjera Magnús Helgason; kona hans er Steinunn, móðursystir mín. Um hádegi, þegar fólk-ið, sem vakað hefur um nóttina, fer að sofa, fer jeg að baða mig í læk sem rennur um engjarnar. Í þeim læk er einnig silungur og fæst jeg oft við veiði. Á Torfastöðum er stór vatnsmilla og sje jeg um að hún hafi nóg korn til að mala. Þegar klukkan er hálf sjö (eftir hádegi) fer jeg aftur að smala. Einnig safna jeg blómum og pressa þau.<sup>1</sup>

### *Pétur Bogason*

Pétur fæddist árið 1882. Hann lauk námi frá Lærða skólanum árið 1902 og hélt til Kaupmannahafnar þar sem hann lauk lækisprófi árið 1910, og starfaði svo þar í landi við ýmis sjúkrahús. Pétur lést árið 1961.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

[V]el meðalmaður á vöxt og samsvaraði sér vel; dökkur yfirlitum og þykkleitur með svart hár [...] Sterkur vel og góður í leikfimi og aflraunum. Skákmaður góður. Afar skapbráður; las mjög vel síðustu ár sín í skóla. Reglusamur; lét ekki til sín taka um skólamál.<sup>3</sup>



## *Hvernig ætlarðu að verja sumarleyfinu?*

(1897)

Í sumarleifi mínu ætla jeg á þilskip með föður mínum, og verð fram í ágúst-mánuð á fiskiveiðum, því mjer þykir skemmtilegt að veiða fisk. Einhvern tíma sumarsins, fer jeg inn á Vestfirði til að hitta kunningja mína, en því miður get jeg ekki skemmt mjer lengi hjá þeim. Þótt eigi geti það heitið skemmtun að vera á fiskiveiðum, þá getur maður sjeð ýmsa staði, sem maður hefur aldrei sjeð áður, og er mikil skemmtun í því. Þegar jeg hætti við fiskiveiðar í ágúst-mánuði, þá fer jeg ef til vill austur að Geysi og Gullfoss, og kem um leið við á Þingvöllum, og skoða hinn þjóðkunnna stað, sem maður hefur lesið svo mik-ið um í fornsögnum.

Þegar jeg kem úr þeirri ferð, þá fer jeg upp í sveit, til að hitta kunningja mína, sem jeg hef verið hjá svo lengi, og dvel þar í nokkra daga, og ferðast á

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1897. Vorpróf 1. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi (Reykjavík, 1976), bls. 394.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1901-1902, bls. 261.

milli þeirra; síðan fer jeg í rjettirnar og verð þar í tvö dægur; úr rjettunum fer jeg heim til mín og verð í vinnu þangað til sumarleifið er útrunnið.<sup>1</sup>

### Ásgeir G. Gunnlaugsson

Ásgeir fæddist árið 1879. Hann lauk ekki prófi frá Lærða skólanum, en stundaði lengst af verslun í Reykjavík. Ásgeir lést árið 1956.<sup>2</sup>



## *Hvernig ætlarðu að verja sumarleyfinu?*

(1897)

Eins og kunnugt er, er jeg fæddur og uppalinn upp í sveit, og hugsa jeg því til að vitja hinna gömlu stöðva minna, æskustöðvanna. Jeg verð að játa það, að jeg hlakka til sumarleyfisins, og til þess að finna vini, ættmenn og kunningja, jafnvel þótt mjer hafi alls ekki leiðst, heldur miklu fremur þótt hjer mjög skemmtilegt. Það er almennt talið, að í sveitum sje skemmtilegra á sumrum en í kaupstöðum, og er því ekki að furða, þó að þá pilta, sem eru uppaldir í sveit, fýsi að dvelja þar sumarleyfið. Flesta, er hafa nokkra ást á ættjörð sinni, langar fremur til að eiga heima á henni, og því fremur langar marga til að vera, þar sem þeir eru uppaldir. Einmitt af þessari orsök langar mig heim á æskustöðvar mínar til þess að dvelja þar sumarleyfið. Ekki er svo að skilja, að jeg hugsi mjer að „setjast í helgan stein“, sem kallað er, heldur þarf jeg miklu fremur að vinna að heyskap og öðrum nauðsynlegum störfum. Hve hressandi og upplíf-gandi hlýtur það ekki að vera að ganga að vinnu í sumarsólskininu? Auðvitað er erfitt víða, á meðan á heyönnum stendur, en með því að menn koma óþreyttir eptir líkamleg störf, er þeir skilja við skólann á vorin, þá er hæfileg líkamleg áreynsla að eins til upplífgunar, til þess að hressa manninn og styrkja krapta hans.

Eins og jeg hefi áður sagt, ætla jeg þegar í stað upp í sveit, er skóla hefur verið sagt upp. Fer jeg landveg ríðandi, og er sú ferð ein af sumarskemmtunum mínum. Svo, þegar jeg er kominn heim, þá fer jeg að slá og vinna að heyverkum, og er það einhver skemmtilegasta vinna, enda á hún all vel við mig. Það er mjög unaðslegt að slá gras á góðu engi í fögru sumarveðri. Auðvitað geta menn orðið votir og hraktir við þá vinnu, ef veðráttu er slæm eða votsöm engi, sem unnið er á. Það hefir verið talið mjög gaman að slá gras á sljettu engi, og flest-

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1897. Vorpróf 1. bekkur.

2 Brynleifur Tóbiásson, *Hver er maðurinn*. I. bindi (Reykjavík, 1944), bls. 36.

um mun gæðjast vel að því, er þeir venjast því. Ef svo færi, að heyannir yrðu ekki byrjaðar, þegar jeg kem austur, þá rek jeg lömb á fjall og hjálpa til með fráfærur. Þau verk eru einnig mjög skemmtileg og vel löguð til þess að fjörga fólk og hressa, því að opt verða menn að hlaupa eins og þeir framast geta, þegar þeir eru að elta lömbin og ærnar. En þau verk eru jafn skemmtileg, þó að þau sjeu stundum nokkuð erfið. Þessi verk hugsa jeg, að jeg vinni á virkum dögum, en svo er að tala um sunnudagaverkin. Á sunnudögum um sláttinn lypta menn sjer opt töluvert upp og ríða þá til næstu bæja eða í næstu sveitir til þess að skemmta sjer og finna kunningja sína. Þykir það góð skemmtun að ríða góðum hestum á góðum vegi og í fögru veðri. Þegar menn eru á sunnudagskvöldin að hleypa gæðingum sínum á skeið í kvöldsólar skininu, þá er fátt yndislegra, því að þá leggur náttúran flest það fram er hún á, til þess að skemmta manningum, og hinar beztu skemmtanir, sem maðurinn getur fengið, eru einmitt þær skemmtanir sem náttúran umhverfis hann getur látið honum í tje. Þegar kvöldsólin skín enn þá á fjallatindana, svo að sjest í fjarska úr dölunum og af láglandinu, þá er það einhver hin skemmtilegasta og fegursta sjón, er menn geta fengið að sjá. Þessa sjón, þessa fegurð getur að líta á hverju einasta sumar eða haustkvöldi upp í sveitum, þegar heiðrikt er. Jeg hugsa mjer því að fara ekki alveg á mis við þessar unaðslegu sjónir sem náttúran veitir. Sumarleyfið mun vera ætlað til þess að hvíla pilta eptir veturinn og eptir námið, og þar eð bæði jeg og margir aðrir þurfa að vinna baki brotnu á virkum dögum, þá er það nauðsynlegt að lypta sjer dálítið upp á sunnudögum, og það hefi jeg líka hugsað mjer að gjöra, jafnvel þótt jeg búist alls ekki við, að fara langferðir, heldur þvert á móti. Lífið uppi í sveitum er líka töluvert tilbreytingarminna en við sjóinn og einkum í kaupstöðunum, því að þar eru hin sömu verk ávallt unnin dag eptir dag, en þrátt fyrir það er engu síður sveitalífið þægilegt að mörgu leyti. Þegar fer að hausta og heyannir eru úti, fer jeg ef til vill í fjallleitir, og er það opt skemmtilegt, en líka opt erfitt. Svo skemmti jeg mjer ef til vill með því að vera í rjettum o.s.frv. en þegar þetta er allt um garð gengið, þá er þegar komið að skólatímanum aptur, og sumarleyfið er liðið.<sup>1</sup>

### *Einar Arnórsson*

Einar fæddist árið 1880. Hann lauk Lærða skólanum árið 1901 og lagaprófi frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1906. Einar varð prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands, var þingmaður og ráðherra og lengi hæstaréttardómari. Hann gegndi jafnframt fjölmörgum trúnaðarstörfum. Ritstörf hans voru mikil að vöxtum, aðallega um söguleg og lögfræðileg efni. Hann lést árið 1955.<sup>2</sup>

1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1897. Vorpróf 1. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, 101-102.

### *Palladómur skólabræðra:*

Hár vexti og boginn í hnjáliðum. Svartur á brún og brá, freknóttur í andliti, munnófriður og kinnbeinaber. Heldur ólaglegur á velli. Hafði þann kæk að fitla við úrfesti sína. Styrkur var hann vel. Gáfumaður ágætur og fræðapulur einhver hinn mesti; stundaði námið ágætlega. Síðasta veturinn las hann bæði 5. og 6. bekk og kenndi þar að auk börnum 6 stundir á dag fram í marzmánuð. Ritfær vel og vel máli farinn, gaf sig allmikið við skólamálum, var forseti „Framtíðarinnar“ einn vetur og í stjórn „Þöku“. Hagorður vel og fljótur að yrkja. Meinhæðinn og stríðinn, en drengur góður þar sem hann tók því, en þó óvæginn þegar því var að skipta. Reglumaður.<sup>1</sup>



### *Hvernig eiga nemendur lærða skólans að verja sumarleyfinu svo að það verði þeim til sem beztra nota?*

(1900)

Ástæður nemenda lærða skólans geta verið og eru margvíslegar, en eptir þeim fer hvernig sjerhver ver sumarleyfinu bezt.

Þegar vjer göngum út frá því, að markmið allra sje að komast skólaveginn á enda, sem þeir hafa þegar lagt út á, verður spurningunni bezt svarað með því, að sjerhver verji sumarleyfinu bezt á hvern þann hátt, sem veitir honum mesta möguleika til að stunda námið framvegis.

Eins og jeg gat um, er það eingöngu komið undir ástæðum hvers eins, hvernig sumarleyfinu er bezt varið: einn piltur er t.d. svo fátækur, að hann getur ekki haldið áfram við nám sitt nema hann vinni baki brotnu í sumarleyfinu og þótt það sje engan veginn gott, að þurfa að vinna svo mikið, því að það getur verið til að veikja heilsuna og minka kraptana, þá ver þessi piltur, eigi að síður þannig bezt sínu sumarleyfi, því að með þessum eina hætti getur hann haldið áfram með áform sitt.

Annar getur verið, sem ekki þarf, hvað efni hans snertir, að vinna mjög mikið, hann ver sumarleyfinu bezt með því, að vinna, svo að líkaminn styrkist, sem hefur liðið óbeinlínis við erfiðið andans yfir veturinn, því að um leið safnast honum andlegt þrek og kraptur, svo að hann er betur hæfur til námsins á komandi ári en hann væri annars.

Einn er enn, sem hvorki hefur heilsu nje þrek til að stunda líkamlega vinnu í sumarleyfinu. Hann ver sínu sumarleyfi bezt með því, að styrkja sig og safna

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1900-1901, bls. 225.

sem mestum kröptum í andlegu og líkamlegu tilliti undir næsta skólaár, svo að hann geti stundað námið með sem mestum krapti.

Enn er einn, sem þarf að stunda nám í sumarleyfinu, svo að hann dragist ekki aptur úr sambekkingum sínum og missi þannig heilt ár af æfi sinni. Hann ver því bezt á þennan hátt, þótt hann auðvitað missi af hvíld þeirri, sem öllum er nauðsynleg, að hafa frá náminu í sumarleyfinu.

Þannig mætti telja upp margar fleiri ástæður, sem liggja til grundvallar fyrir því, að piltar verja með ýmsu móti bezt sumarleyfinu.<sup>1</sup>

### *Eiríkur Þ. Stefánsson*

Eiríkur fæddist árið 1878. Hann lauk prófi frá Lærða skólanum 1902 og frá Prestaskólanum 1905. Hann var barnakennari í Svinadal veturinn 1905-1906, en var lengst af prestur í Biskupstungum. Eiríkur lést árið 1966.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Góður meðalmaður á hæð og kjötmikill. Stórskorinn og heldur ófríður. Hárið ljósjarpt og gróft. Gat verið skemtilegur [...] Námsmaður í meðallagi og las vel. Reglumaður. Kom eigi við skólamál. Las utanskóla sem Björn bróðir hans.<sup>3</sup>



## *Hvernig eiga nemendur lærða skólans að verja sumarleyfinu svo að það verði þeim til sem beztra nota?*

(1900)

Þegar ræða skal og íhuga mál þetta, verður margs að gæta. Fyrst verður að athuga það, að kjör pilta eru ýmisleg og ólík. Þannig eru sumir þeirra mjög fátækir, sumir eru hins vegar allvel efnum búnir. Þá skiptast piltar og í tvo flokka, að því er snertir heimili þeirra: sveitapilta og kaupstaðapilta. Af þessu leiðir það, að þeir geta eigi allir stundað sömu vinnu í sumarleyfinu eður varið því eins. Skal nú fyrst rætt um fátæka pilta og sveitapilta.

Allmikill þorri pilta nýtur lítils styrks frá ættingjum sínum. Þessir piltar verða í þessu efni að klífa þrítugan hamarinn til þess að komast hina löngu leið gegnum skóla þenna. Sumarvinna þeirra er hið eina, er þeir hafa við að styðjast, auk námsstyrks skólans. Þeir verða því að leita sér þeirrar atvinnu, er þeir hafa sem mestan arð af, að því er fjárhag þeirra snertir. Það er skoðun skóla-

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1900. Vorpróf 4. bekkur.

2 Gunnlaugur Haraldsson, *Guðfræðingatal 1847-2002*. I. bindi (Reykjavík, 2002), bls. 321.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1901-1902, bls. 268.

pilta, að þeir hafi mestan hag af vegabótavinnu. Sjálfur get ég eigi dæmt hér um af eigin reynslu, en eigi virðist ólíklegt, að þetta sé rétt, einkum ef lítið er á það, að kaupgjald er þar alltaf greitt í peningum, því að högum sumra pilta er þannig varið, að þeir hafa naumast full not annars gjalds. Það er og brestur eigi alllítill á vinnu þessari, að hún er helzt til erfið og mun vart öðrum fær en þeim, er vanir eru vinnu og hraustir heilsu. Hollari mun heyskapur, en sá er hængur á þeirri vinnu, að hún mun sjaldan greidd í peningum nú á tímum, heldur í sveitavörum, er piltar geta, ef til vill, eigi hagnýtt sér sem best. Kaupgjald er og heldur lægra fyrir vinnu þessu en vegabótavinnu. Þó eru allmargir piltar við heyskap á sumrum, einkum þeir er eiga hjá foreldrum sínum, en flestir hinna allrafátækustu fást við vegabætur.

Þá sný ég mér að efnaða flokknum. Nokkrir pilta hafa verið þeim heillum bornir í heim þennan að þurfa eigi að bera umhyggju fyrir lífinu, að því er til fémála kemur, meðan þeir eiga dvöl í skóla þessum. Þeir geta því neytt sumarleyfisins sem þá lystir, enda væri synd að segja, að þeir gerðu það eigi margir þeirra. Annað mál er, hvort þeir nota það á sem heppilegastan hátt. Margir efnaðir kaupstaðapiltar, einkum piltar úr Reykjavík, eru iðjulausir allt sumarið. Þeim væri miklu hollara að fara upp í sveitir og venja sig líkamlegri vinnu. Slíkt myndi styrkja og örva krapta líkama og sálar, þeir myndu og fræðast um ýmislegt, er þeir áður voru ófróðir um að því er sveitalíf snertir, og hver sannur Íslendingur þarf að vita til þess, að geta talizt menntaður maður. Er það svo sem mælt er, að „heimskt er heimalið barn“. Sannast þetta á sumum Reykjavíkurlilta og er illt til þess að vita, hversu þeir eru ófróðir um ættland sitt, sumir. Þetta myndi taka bótum, ef þeir væru uppi í sveit á sumrum. Þá myndi og smám saman hverfa af þeim götudrengjabragurinn sem er eigi alltaf horfinn af sumum þeirra, er þeir koma í skóla.

Yfirleitt mun piltum hollast að leggja sem mesta stund á líkamlega vinnu í sumarleyfinu, því að slíkt styrkir líkamann en á veturnum fást þeir mikils til lítið við allt, er að slíku miðar. Þó má eigi skilja orð mín svo, sem ég ætlist til, að þeir megi vanrækja anda sinn. Ónei, þeir ættu miklu fremur að lesa góð útlend skáldrit á nýju málunum, ef þeir eiga þess kost, því að af því hafa þeir tvöfaldan hag: nema málin og kynnast höfundunum. †msir menn og hafa „holur að fylla“ að því er víkur við námsgreinum skólans, eins og rektor eitt sinn að orði komst. Væri eigi óheppilegt, að þeir „fylltu holur“ þessar ef þeir eiga þess kost eður hafa færi á því.<sup>1</sup>

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1900. Vorpróf 4. bekkur.



## *Sigurður Guðmundsson*

Sigurður fæddist 3. ágúst árið 1878. Hann lauk prófi frá Lærða skólanum 1902 og meistaraprófi í norrænum fræðum við Kaupmannahafnarháskóla árið 1910. Hann var stundakennari við Menntaskólann í Reykjavík 1911-1920, kennari við Kennaraskólann 1912-1921, og skólameistari Gagnfræðaskólans á Akureyri (Menntaskólans á Akureyri frá 1930) á árunum 1921-1947. Hann lést árið 1949.<sup>1</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður á vöxt. Gengur mjög hart og hnarreistur og lyftir annari öxlinni dálítið hærra en hinn. Hárið skolbrúnt, hvítur í andliti, stórskorinn, munnófríður og nefið stórt. Dökkeygur. Greindur vel, námsmaður í meðallagi, en las lítið. Stjórnmalagarpur hinn mesti og svarinn fjandi Valtýs; mælskur vel og gaf sig afar mikið við skólamálum. Ágætur í íslenzku og ritfær ágætlega. Hann var forseti Framtíðarinnar og ritari þessara árbóka [...]²



### *Hvar ætlarðu að dvelja í sumarleyfinu og hvernig hyggstu að verja því?*

(1902)

Í sumarleyfinu dvel jeg mestmegnis í foreldrahúsum mínum í Stykkishólmi. Þegar jeg kem heim í föðurgarð, verð jeg þar um kyrt í 6 daga. Þegar þeir eru liðnir, fer jeg á seglskipi inn á Hvammsfjörð, sem er stór fjörður innúr Breiðafirði, og verð aðstoðardrengur við verzlun sem á því verður. Úr Stykkishólmi er nefnilega sent árlega skip með vörur þangað, mönnum þeim til hægðarauka, sem búa inn í Dölum. Þar dvel jeg líklega hjerumbil 3 vikur, ef óveður heptir ekki förina. Þegar jeg kem aptur til Stykkishólms býst jeg við, að komið verði fram í ágústmánuð. Þá eru heyannir byrjaðar í Stykkishólmi, og fer jeg þá út í eyjar með vinnufólki föður míns og stunda þar heyvinnu. Þegar henni er lokið, sem verður, ef sumarið verður ekki mjög votviðrasamt, í byrjun septembermánaðar, þá fæ jeg alveg frí það sem eptir er af leyfinu. Það eru hjerumbil 15 dagar sem jeg á þá eptir þangað til jeg fer suður. Þá daga brúka jeg til þess að skemta mjer; jeg fer út á sjó, ríð upp í sveitina og ferðast fram í eyjar. Þetta eru skemmtilegir dagar, en svo kemur burtfarardagurinn fyr en mig varir, þá verð jeg að skilja við alla þá sem mjer þykir vænt um, en þá hugga jeg mig við, að

1 Ólafur P. Kristjánsson, *Kennaratal á Íslandi*. II. bindi (Reykjavík, 1965), bls. 121.

2 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1901-1902, bls. 264.



aptur kemur sumarleyfi og þá fæ jeg, ef guð lofar, að sjá aptur foreldra mína og systkyni.<sup>1</sup>

### *Sigurbjörn Ármannsson Ármann*

Sigurbjörn Ármannsson Ármann fæddist árið 1884. Hann varð síðar kaupmaður í Reykjavík. Sigurbjörn lést árið 1950.<sup>2</sup>



## *Hvar ætlarðu að dvelja í sumarleyfinu og hvernig hyggstu að verja því?*

(1902)

Jeg get ef til vill ætlað að dvelja hingað og þangað; t.d.: í kaupstað, eða uppi í sveit, hvort heldur er við skriftir, eða heyvinnu, sjómennsku, eða hvað annað, sem fyrir kemur, og jafnvel ekkert. Ef maður er í kaupstað, getur maður haft margt fyrir stafni, því að hægt er að vera búðarloka, vatnsberi, skólapiltur og svo margt fleira, sem jeg get ekki talið upp. Sje maður uppi í sveit, er vanalegasta vinna heyvinnu, en hún er ekki margbrotin, þó hún geti verið misjöfn, af ýmsum orsökum. Setjum nú svo að jeg ætli að verða sjómaður í sumar; þá getur margt komið fyrir mig, sem mjer ef til vill þykir ekki sem bezt. Þá getur verið fjarskalega mikið erviði dögum, og jafnvel vikum saman, svo að enginn sjómaður sofi einn einasta klukkutíma; en svo aptur ekkert að gjöra heila daga og þá jafnvel marga í einu.<sup>3</sup>

### *Ólafur Gunnarsson*

Ólafur fæddist þann 23. september 1885. Hann lauk námi frá Lærða skólanum 1907 og prófi frá læknadeild Háskóla Íslands árið 1912. Hann var lengst af læknir í Miðfjarðarhéraði og í Reykjavík. Ólafur lést árið 1927.<sup>4</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Ólafur Gunnarsson er lágur meðalmaður á vöxt, en þó eigi fullvaxta ennþá, enda spriklar svo fjörið í æðum hans og taugum að hann hefir hvergi frið. Kemur það greinilega fram í kennslustundum, því að þá situr hann vanalega öfugt

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1902. Vorpróf 1. bekkur.

2 *Lækjarbotnaett* II. bindi. Ritstjóri Jónína Margrét Guðnadóttir (Reykjavík, 2001), bls. 158.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1902. Vorpróf 1. bekkur.

4 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi (Reykjavík, 1951), bls. 49.

við það, sem hann á að sitja eptir boði kennarans. Hverfur Ólafur þá stundum, og veit enginn, hvað af er orðið. Finnst hann að lokum liggjandi endilangur á bekknum, einkum ef sessunautur hans skrópar, svo að rúmt er um hann [...]¹



## *Hvar ætlarðu að dvelja í sumarleyfinu og hvernig hyggstu að verja því?*

(1902)

Það mætti ófað segja margt, viðvíkjandi þessari spurning, en ekki býst ég samt við að verða langorður.

Þegar ég fer héðan, sem að líkindum verður fyrst í júlí, þá fer ég með strandferðaskipinu „Hólar“ austur um land til Vopnafjarðar, þar fer ég af skipinu og fer landveg heim til mín; upp að Háreksstöðum í Jökuldalshrepp í Norður-Múlasýslu og þar býst ég við að dvelja í sumar.

Ég gjöri ráð fyrir að verða við heyskap oftast nær, á virku dögnum, því það þykir mér einhver hin skemmtilegasta vinna. En á sunnudögnum býst ég heldur ekki við að vera starfslaus, því þá fer ég skemmtiferðir víðsvegar um kringum liggjandi byggðarlög, með einn–tvo–þrjá hesta til reiðar, og hitti þá bæði vini og vandamenn og gleð mig ásamt þeim, á baki hinna flugfráu gæðinga, sem líða með mann eins og í dularfullum draumi yfir hraun og holurðir, eins og yfir rennislétta, blómgróna grund. Ó, hversu það er unaðssamt líf! Ekkert getur jafnast á við sveitalífið. Ég hefi opt orðið hrifinn, þegar ég hefi komið út kl. 5-6 á morgnana heima hjá mér, þegar sólin hefir verið að roða efst á tindum hinna risavöxnu fjalla, og fjallatopparnir hafa speglað sig í hinum hyl djúpu, kristallsskæru vötnum, niður á undirlendinu, og fuglarnir hafa verið að syngja sín dýrðlegu ljóð, og bjóða daginn velkominn. Lóan, með sínum dillandi viðkvæmnissöng, og svanurinn, þessi dásamlega prýði lands vors, með sínum angurbliðu og töfraskæru hljóðum, sem sérhver óspillt sál hlýtur að verða hrifin af. Þar er mitt land, þar er mitt heimkynni, þar er allt sem eg ann og eg unni. Þar ætla eg líka að njóta gæða lífsins í sumarleyfinu.²

1 *Lbs* 3364 4to – Skinfaxi 24. maí 1903, bls. 191-192.

2 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1902. Vorpróf 1. bekkur.

## *Einar P. Jónsson*

Einar fæddist árið 1880. Hann stundaði nám við Lærða skólann 1902-1905 en lauk ekki námi. Hann vann á skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík til 1913, en fluttist þá til Winnipeg og bjó þar til æviloka. Einar var meðritstjóri *Lögbergs* á árunum 1914-1926 og aðalritstjóri 1927 þar til hann lést árið 1959.<sup>1</sup>



### *Hvar ætlarðu að dvelja í sumarleyfinu og hvernig hyggstu að verja því?*

(1902)

Þessi spurning er núna – tólfta júní níjtjándruð og tvö – lögð fyrir mig. Jeg svara henni þannig:

Þegar jeg hefi lokið prófi, fer jeg landveg heim til mín. Jeg á heima í Stykkishólmi; þar hefi jeg verið frá því fyrsta að jeg man til mín, þó neita jeg því ekki, að jeg hefi ferðast til hinna og þessara sveita hjer á landi, eins og flestir drengir á mínum aldri munu hafa gjört. Einn mánuð af sumarleifi mínu, hefi jeg hugsað mjer að nota til að hjálpa föður mínum, með hitt og þetta. Þegar sá mánuður er liðinn, fæ jeg að ferðast – hvort heldur á sjó eða landi – hvert þangað sem jeg vil; en sökum sjóveiki, mun jeg þó heldur kjósa að ferðast á landi. Mjer þykir líka mikið skemtilegra að ferðast lands veg. Yfir höfuð að tala er jeg mjög gefinn fyrir skemmtanir.

Þegar gott veður verður, tek jeg hestinn minn og ríð upp í sveitina, sem er rjett fyrir ofan kaupstaðinn. Þar uppi í sveitinni, eru eggsljettir vegir, grænir hólar og grösugar hlíðar; þar er allt svo hljótt, allt svo unaðsríkt; smáfuglinn syngur þar svo yndislega; allt er þar sem stuðlar til að gjöra mann ljettan í lund. Eins og eldingin þýtur yfir láð og lög, eins vil jeg láta hestinn minn þjóta með mig yfir grundir og móa, holt og börð, kletta og klungur. Jeg vil láta hann kasta steinum undan fótum sjer, svo að engum sje mögulegt að nálgast mig á ferð minni, því að jeg elska einveruna. Jeg vil ganga þar sem allt er hljótt; jeg vil ganga í lingunum, þar sem ekkert heyrir, nema einstöku sinnum þýtur, þegar einn og einn fugl flýgur úr hreiðri sínu, til að sækja sjer mat, eða eitt-hvað því um líkt. Jeg vil skemmta mjer á meðan jeg má.<sup>2</sup>

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. I. bindi (Reykjavík, 1948), bls. 107.

2 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1902. Vorpróf 1. bekkur.

### *Reinhold Samúelsson Richter*

Reinhold fæddist árið 1886. Hann stundaði nám við Lærða skólann um skeið, varð síðar forstjóri í Reykjavík. Hann lést árið 1966.<sup>1</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Reinhold Richter er lítill maður vexti, enda er hann ungur að aldri og lítt þroskaður. En hnellinn er hann og all-knár. Fallegur er hann á velli og friður í andliti. Mun hann ærið ganga í augu kvennfólki, þegar stundir líða [...]²



---

1 Pálína Magnúsdóttir, *Pálsætt á Ströndum*. III. bindi (Reykjavík, 1991), bls. 786.

2 *Lbs* 3364 4to – Skinfaxi 24. maí 1903, bls. 193.

### III. Vetur og sumar

Vetur og sumar mörkuðu skörp skil í hugum skólapilta sem og annarra landsmanna á síðari hluta nítjándu aldar. Arfleifð liðinna alda hafði gefið landsmönnum brýna ástæðu til að huga vel að sambúð mannsins við náttúruna þar sem oft var von á hörðum vetrum.<sup>1</sup> Fólk taldi sig því þurfa að nota sumarið vel til að undirbúa búskapinn fyrir veturinn. Slík fyrirhyggja var talin æskileg og má finna víða merki hennar á almenna samfélagshætti, jafnvel á fjárlagagerð á Alþingi þar sem varfærnisleg útgjaldastefna í þessum anda var einkennandi fram eftir tuttugustu öldinni.<sup>2</sup> Í ritgerðunum hér á eftir fjalla skólapiltar um vetur og sumar og koma þessi áhrif þar glöggt fram. Veturinn hafði þó ýmislegt upp á að bjóða; hann var hvíldartími manns og náttúru, en þá áttu menn að snúa sér að sínum innri manni og rækta sjálfan sig eins og kemur fram hér á eftir. Á veturna voru jafnframt ýmsir viðburðir og skemmtanir í Reykjavík sem skólapiltarnir gripu fegins hendi.

Hér taka til máls meðal annara Sveinn Björnsson (1881-1952) síðar forseti Íslands, Ásgeir Torfason (1871-1916) síðar efnafraeðingur, Bogi Brynjólfsson (1883-1965) síðar sýslumaður og fleiri.



#### *Að rita um vetur og sumar*

(1893)

Það er opt sagt, að veturinn sje dvalatími náttúrunnar, og það er að mörgu leiti satt. Að vetrinum deyja blómin og jurtirnar, sem hafa þroskast og borið ávöxt að sumrinu, og það má með sannni segja, að náttúran sje þá líkust því að hún væri dauð. Þó þessu sje nú þannig varið, þá finnst mjer edlilegast að skoða vet-

---

1 Sjá nánar, Gunnar Halldórsson, „Lútherskur rétttrúnaður og lögmál hallæraanna.“ *Sagnir* 10 (1989), bls. 46-57.

2 Sjá nánar, Gísli Blöndal, „Próun viðhorfa í íslenskri fjármálastjórn.“ *Fjármálatíðindi* 12:2 (1965), bls. 101-110.

urinn líkt og undirbúningstíma undir sumarið. Veturinn er í mínum augum hvíldartími náttúrunnar, að sínu leiti eins og nóttin er hvíldartími mannsins, sem hún notar til að safna nýjum kröptum til næsta sumars, til næstu blómgunar. Sumarið er starfstími, bæði í náttúrunni og hjá mönnum, veturinn hvíldartími. Að sumrinu spretta grös og jurtir, og öll náttúran fær þá nýtt fjör. Þá sendir sólin hina heitu geisla sína nærri þverbeint niður á jörðina, og vermir og vekur til lífs allt það, sem beðið hefur eptir hinum blessunarríku áhrifum hennar. Þá getum vjer að líta skrúðgræna velli og engi og kvikfjenaðinn, sem leikur sjer af gleði yfir sumrin; og ef vjer lítum upp í loftið, blátært og skýnandi, þá sjáum vjer fuglana svífa um það og syngja sumrinu lof og dýrð. Að vetrinum þar á móti sjáum vjer jörðina snæfjökta og jurtirnar og blómin, sem vjer dádustum svo mjög að, að sumrinu, eru þá öll fölnuð og hvíla undir klakafarginu, og bíða þar eptir nýju sumri til að blómgast og bera ávöxt á ný. Kvikfjenaðurinn hímir þá í högunum, eða er inni húsum; fuglarnir eru flestir farnir burt til heitari landa, og sólin sendir jörðinni hina vermandi geisla sína, af mjög skornum skammti. Allt er dautt og fjörlost. Fannhríðirnar og frostið hefur eins og læst allt líf í klakadróma. En þrátt fyrir þetta, er veturinn opt mjög fagur. Hinn alstirndi himinn, norðurljósinn og tunglið, sem dreifir hinum köldu, rólegu, hvítu geislum sínum yfir jörðina mjallahvíta, svo snjóstallarnir ljóma eins og þúsundir gimsteina, er einhver hin fegursta sjón, sem mannlegt auga getur sjeð. Að sumrinu búa mennirnir sig undir veturinn. Þá safna þeir forða handa fjenaði sínum og sjálfum sjer. Að vetrinum er aptur á móti, opt minna að starfa, en þá eigum vjer að snúa oss að vorum innra manni og leitast við eptir föngum að mennta anda vorn, því hverja stund, og hverja árstíð, eigum vjer að gjöra oss svo gagnlega, sem oss er frekast mögulegt.<sup>1</sup>

### Ásgeir Torfason

Ásgeir fæddist árið 1871. Hann nam fyrst búfræði í Ólafsdal en var tekinn í 2. bekk Lærða skólans árið 1892. Hann brautskráðist árið 1897 og fór þá til náms til Kaupmannahafnar og lauk prófi í efnafræði. Hann var fyrsti efnafræðingur landsins og var forstöðumaður efnarannsóknarstofu Íslands um skeið og forstöðumaður Iðnskólans 1911-1916. Ásgeir dvaldist í Danmörku um tíma við rannsóknarstörf. Hann lést árið 1916.<sup>2</sup>

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1893. Miðsvetrarpróf 2. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. I. bindi, bls. 95; Brynleifur Tóbiasson, *Hver er maðurinn*. I. bindi, bls. 39.

### *Palladómur skólabræðra:*

Hár maður vexti, grannvaxinn, hálslangur, grannleitur, úteygur og augun dálítið skásett, dökkur á hár, en jarpt yfirskegg. Vel gáfaður og skynsamur, en stundandi heldur illa námið. Góður í stærðfræði og náttúrufræði, en allsendis ónýtur í fornmalunum.<sup>1</sup>



### *Að rita um vetur og sumar*

(1893)

Hverju ári er skipt í tvær árstíðir: vetur og sumar; en þessar árstíðir eru mjög mismunandi að tímalengd á ýmsum stöðum á jarðarhnettinum. Í heitu löndunum er vetur miklu styttri en sumarið, en í köldu löndunum er vetur optast lengri. Á veturnum er sólin miklu lægra á lopti, en á sumrum og geislar sólarinnar falla skáhallara niður á jörðina á veturna og verður því kaldara á jörðinni á veturnum. Hjer við norðurshafið verða vetrar mjög kaldir, en því kaldari verða þeir sem nær dregur norðurheimskautinu; hið sama er að segja um suðurheimskautið. Vjer skulum nú virða veturninn dálítið fyrir oss, eins og hann birtist oss hjer á Íslandi.

Það eru mjög margir, ef til vill flestir, sem hugsa með óró og kvíða til vetrarins, hvert sinn sem hann kemur yfir þá; þeir hugsa með ógn og skelfingu um frostin, stórhríðirnar og snjóinn, sem hylur svo opt og eyðileggur allan jarðargróða. Og það er alls eigi kynlegt, þó menn hræðist veturninn, þennan jötun, ef svo mætti að orði komast, sem deyðir hið sæla sumarlíf náttúrunnar og gagnstekur allt jarðlífið með nístandi nákulda, þennan jötun, sem svo opt hefur búið svo mörgum stórtjón á eignum og lífi og sem optar en einusinni hefur sveiflað sverði hörmunganna yfir höfði þjóðar vorrar.

Þegar góður herforingi heyrir, að fjandmennirnir sjeu í nánd, og búi sig til að eyða her sínum og lífi sínu, þá býst hann um hið bezta og notar tímenn til þess að tryggja sig fyrir áhlaupi þeirra. Hann hræðist hvergi þegar þeir koma og leggur öruggur til orrustu við þá.

Vjer getum skoðað veturninn sem óvin vorn, sem vilji eyða lífi voru eða skaða oss á annan hátt, og vjer eigum því að nota tímenn, sem oss er ætlaður til þess að búa oss undir hann, sem bezt. Þessi tími er sumarið. Ef vjer búum oss undir komu hans um sumartímenn, þurfum vjer síður að óttast, þó jötuninn oti skallanum móti oss. Ef vjer söfnum oss og fjenaði vorum nægum forða á sumrin, þá er mikið gjört til að standast áhlaup hans. Þetta hlýtur að minna oss á

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1896-1897, bls. 120.

það, að treysta ekki um of ókomna tímanum, og minnst á hinn skaðlega og svívirðulega þjóðlöst, sem að vísu er óðum að hverfa, nefnil. „að setja ofmikið á heyin“; að ætla of mörgum skepnum heybygðir sínar og treysta því, „að það slarki“, eins og sumir segja. Ef menn gættu þess jafnan, að setja skynsamlega á, mundi síður þurfa að óttast sverð hungurdaða og hörmunga. Og þegar vjer hugsum alvarlega um veturinn, ættum vjer að skoða hann, eigi sem óvin, þó vjer að nokkru leyti höfum gott af að skoða hann þannig, heldur sem kennara, sem kennir oss að lifa, sem kennir oss að hugsa um líf vort og neyta krapta vorra; vjer höfum betra af því að hugsa þannig um hann, en að hugsa oss hann og líkja honum við dauðann og grófina og fleira slíkt. En, – gætum nú að; – vjer megum gjarnan hugsa oss hann sem dauðann, ef vjer þá í rjettu hlutfalli búum oss undir hann sem vandlegast.

Það er svo óteljandi margt, sem mætti rita um veturinn fleira, en tíminn bannar mjer það, og sama er að segja um sumarið, – sumarið, sem er tíminn, eins og jeg hef áður sagt, til þess að búa sig undir veturinn á, tíminn, sem vjer ekki megum aðeins nota til að dázat að og undrast, til að baða oss í sólskini og sælu, heldur til að starfa eitthvað til þarfa, og til þess er sumarið líka hentugur tími. Jeg veit það, að það er fagurt að sitja meðal sumarblómanna og skógarlundanna, en fegurra er þó, að hlúa að eikum krapta og framkvæmda í brjóstum vorum, svo vjer getum seinna haft skýli af ávöxtum verka vorra og framkvæmda til hins góða og fagra, þegar vetrarstormarnir dynja yfir oss.<sup>1</sup>

### *Guðmundur Guðmundsson*

Guðmundur fæddist árið 1874. Hann lauk prófi frá Lærða skólanum árið 1897. Að því loknu stundaði hann nám við Læknaskólann í Reykjavík, en hætti því og sneri sér að ritstörfum og kennslu í Reykjavík og á Ísafirði. Hann var afkastamikill á ritvellingum, bæði sem ljóðskáld, þýðandi og ritstjóri. Guðmundur lést árið 1919.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

[...] Allvel gáfaður, en las illa námsgreinar sínar, en las mikið utanhjá af skáldritum; fékkst mikið við ljóðagerð, og þótti takast sæmilega, enda allhugmyndaríkur, en ókritisur [...]<sup>3</sup>



- 1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1893. Miðsvetarpróf 2. bekkur.
- 2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. II. bindi (Reykjavík, 1949), bls. 151.
- 3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1896-1897, bls. 121.



## *Hvort hlakkar þú meira til vetrarins eða sumarsins og hvers vegna?*

(1897)

Jeg sem Reykvíkingur hlýt að hlakka meira til vetrarins heldur en sumarsins. Eins og margir vita er lífið í Reykjavík á sumrin ekki mjög skemmtilegt og er það aðalástæðan fyrir því, að jeg hlakka meira til vetrarins en sumarsins. Önnur ástæða er sú, að á veturna hef jeg visst verk fyrir stafni, nefnilega, að stunda nám. Ennfremur hefur maður meiri skemmtanir í Reykjavík á veturna en á sumrin. Bæði eru leiknir sjónleikar, haldnir samsöngvar, dansleikar og margt fleira, sem er skemmtilegra en að ráfa aðgjörðalaus um göturnar í Reykjavík á sumrin. Sömuleiðis getur maður á veturna skemmt sjer við skautuferð, en það getur maður ekki á sumrin.

Þetta eru helztu ástæðurnar fyrir því, að jeg hlakka meira til vetrarins en sumarsins.<sup>1</sup>

### *Sveinn Björnsson*

Sveinn fæddist árið 1881. Hann lauk prófi frá Lærða skólanum árið 1900 og embættisprófi í lögfræði við Kaupmannahafnarháskóla árið 1907. Hann var málaflutningsmaður við Landsyferréttinn, sendiherra í Danmörku, ríkisstjóri og loks fyrsti forseti Íslands árið 1944. Hann sat á Alþingi 1914-16 og 1919-20 og gegndi ýmsum trúnaðarstörfum. Sveinn lést árið 1952.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Tæpur meðalmaður á vöxt, en samsvaraði sjer vel. Hvítur í andliti og gráeygur. Fremur snotur og laglegur. Var mjög nefmæltur og stafaði það af nefsjúkdómi. Bráður í skapi og skömmóttur mjög, ef því var að skipta, en var þó góður drengur. Óróaseggur og æsingamaður og mikill fjandmaður rektors. Gaf sig nokkuð við skólamálum síðustu ár sín í skóla. Dansmaður mikill og var í stjórn skautafélagsins síðasta skólaár sitt. Gáfaður dável og stundaði námið heldur vel, en lagði ekki stund á neitt öðru fremur. Reglumaður ekki meiri en í meðal-lagi.<sup>3</sup>



1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1897. Miðsvetrarpróf 3. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 462-463.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1899-1900, bls. 142-143.

*Hvort hlakkar þú meira til vetrarins eða sumarsins  
og hvers vegna?*

(1897)

Þegar það haustar að, taka blómin að fölna og deyjja. Það kemur þá sem svefnhöfgi yfir alla náttúruna. Farfuglarnir flytja burt til fjarlæggra staða, og saungur þeirra dvín – Veturinn fer í hönd.

Jeg er í latínuskólanum í Reykjavík. Á haustin verð jeg því að hverfa úr sumarvistinni og að halda til suðurs sem farfuglarnir. Ekki fer jeg þó af sömu ástæðu sem fuglamir, til þess að finna mildari og betri vetrarvist, heldur sökum þess að skólabjallan kallar.

Þegar að jeg fer að heiman á haustin, get jeg ekki bundist kvíða og þó jafnframt tilhlakki. Jeg kvíði að því leyti sem að jeg þá verð að yfirgefa ættmenn og kunningja mína, er jeg hef þekt frá bernsku, og sökum þess, að jeg verð að kveðja æskustöðvar mínar. Á hinn bóginn hlakka jeg til þess margvíslega fagnaðar, er skólalífið veitir, en man þó mjög vel ýmsa örðugleika og þrautir, er það jafnframt hefir að bjóða. Að þessu leiti er það því að kvíðinn hjá mjer er hlakkinu ríkari á haustin, og þá ekki síður vegna þess, að sumarið er að kveðja.

Sumarið er horfið. Veturinn kominn, og hjúpar holt og börð mötli sínum. Næturnar eru dimmar og langar, en dagurinn stuttur. Útiverur eru því litlar, eða að minsta kosti í skammdeginu. Skemmtanir getur hver og einn þó ávalt fengið nægar í Vík, en betra mun þó að hafa þá peninga í vasanum. Hægt er að komast á samkomur Hjalpræðishersins, en það kostar opt 5 aura. Sömuleiðis er hægt að fá að sjá sjónleiki hjá honum Breiðfjörð, náttúrl. fyrir peninga eins og fyrir skrípaleikina, er heimamennirnir sýna, en jeg þarf þó að vera vel vakandi ef jeg á ekki að sofna í „Fjalakettinum“ en það getur mjer aldrei tekist í „Kastalanum“. – Þá er nú blessuð tjörninn. Hún veitir manni marga unaðslega stund, en þá kemur skautafjelagið er mann varir minst og spillir öllu. Refsinnornirnar hafa nefnil. heitist við skautafjelagið, líklega fyrir ofdramb þess á tjörninni, en það hefur viljað bæja smælingjunum frá. – Að lokum get jeg dansleikanna. Jeg hefi gaman af þeim, en nú á síðustu tímum þykir mjer loptið á slíkum stöðum vera nokkuð þvingandi.

Þegar tekur að vora lifnar yfir huga mínum. Það er farið að stytast til heimkomunnar. – Brátt fæ jeg að sjá vandamenn og vini, og æskustöðvanna þar sem jeg þekki hverja þúfu og laut. Og þegar jeg kem heim, nýt jeg fyrst sannrar

gleði, lausnar við svefn og rik frá dansleikastöðvunum, og þá tek jeg mjer orð skáldsins í munn:

„Sól og vor jeg syng um, snerti gleðistreng; Leikið lömb í kringum lítinn smaladreng.“<sup>1</sup>

### *Ólafur Möller*

Ólafur fæddist árið 1876. Hann stundaði nám við Lærða skólann um skeið. Hann lést árið 1910.<sup>2</sup>



## *Haust á Íslandi*

(1903)

Árinu skiptum vjer í fjóra parta, vetur, sumar, vor og haust; haustið köllum vjer þann hluta ársins, er blóm og hlýja sumarsins segir skilið við oss og er það fyrirrennari vetrarins. Svo má að orði kveða að haustið hjer á landi sje algerlega mótsettur tími við vorið, því að eins og allur jurtagróður lifnar smám saman við á vorin, þannig fölnar hann einnig smám saman á haustin. Þegar í stað þegar haustið fer í hönd, verðum vjer varir við, að það kemur eins og deyfð og drungi yfir náttúruna, jörðin tekur eins og stakkaskiptum, fuglarnir, er hafa skemmt oss um sumarið með söng sínum, segja skilið við oss um stundarsakir sökum þess, að þeim finnst orðið svo kallt og leita þeir til heitari landa. Því meir sem líður á haustið, þess meir verðum vjer varir við þá miklu breytingu, er verður á náttúrunni; þá fer snjórin að setjast á fjallatindana, hjúpa jörðina og allt bendir á, að veturinn sje þegar farinn að gera vart við sig.

Haustið er nokkurskonar undirbúningur undir veturinn, því að þá búum vjer Íslendingar oss undir veturinn. Þá fara bændurnir í kaupstaðafærðir til þess að selja afurðirnar og sækja vistir og annað, má þá opt sjá á fjölförnum vegum marga menn og hesta og má stundum svo að orði kveða að lestirnar slitni ekki; er þá opt glatt á hjalla hjá þeim, einkum ef þeim hefir gengið ferðin vel og þeir hafa eitthvað heim að flytja. Á haustin fara þeir á afrjettir til þess að smala fjenu; halda þeir rjettir, er þeir koma aptur og er það nokkurs konar hátíð, því að þangað safnast saman bæði ungir og gamlir. Margt hafa bændurnir að starfa á haustin svo sem að reisa hús o.fl., en allt miðar það þó að því að búa sig und-

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1897. Miðsvetrarpróf 3. bekkur.

2 Marta Valgerður Jónsdóttir, Þorsteinn Jónsson og Þóra Ása Guðjohnsen, *Knudsenætt*. I. bindi (Reykjavík, 1986), bls. 220.

ir veturinn. Bændunum finnst á haustin eins og það ljetti miklu af þeim og er það mjög eðlilegt, því að þá er slátturinn um garð genginn og er velmegan þeirra undir því komin að hann hafi gengið sem bezt. Margt höfum vjer Íslendingar að starfa á haustin eins og líka endra nær; er það mjög mismunandi hvað menn hafa fyrir stafni og fer það eptir því, hvort menn byggja sveitina eða kauptúnin. Þeir menn, er kauptúnin byggja, stunda einkum sjóinn og hafa ýmis önnur störf að leysa af hendi, sem eru mjög frábrugðin störfum sveitamanna.

Það má með sanni segja að haustið sje að mörgu leyti skemmtilegur árstími, einkum fyrri hluti þess og ef hann er mildur og blíður, þá er eins og vjer finnum lítið til þess, að sumarið sje um garð gengið. Á haustin er opt mjög skemmtilegt að vera þar sem fagurt er fjallasýni og er það mjög einkennilegt að sjá þegar snjórin tekur að setjast á fjallatindana, en allt er snjólaust annarsstaðar; en þá tekur líka sú hugsun að vakna hjá oss, íbúum þessa kalda lands, að hinn skemmtilegasti árstími sje um garð genginn og nú þegar annar fer í hönd, er opt hefir verið þungbær þessu landi.<sup>1</sup>

### *Bogi Brynjólfsson*

Bogi fæddist 1883. Hann lauk Lærða skólanum árið 1903 og prófi í lögfræði frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1909. Hann var sýslumaður í Húnavatnssýslu á árunum 1918-1932 og stundaði síðan lögfræðistörf í Reykjavík. Bogi lést árið 1965.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Bogi Brynjólfsson er snar í snúningum skarpur og fylginn sér, hann er og duglegur að hverju sem hann gengur. Námsmaður er hann töluverður og hefir verið iðinn og pössunarsamur með lærdóminn alla sína skólatíð [...] Bogi er minnugur vel eins og hann á ætt til og mundi geta lært utanað allar heimsins skrár og töflur en skilningurinn er ekki að því skapi sem ekki er heldur von, því til þess þyrfti mikið. Bogi hefir sérstaka gáfur sem verzlunarmaður, enda er hann þegar farinn að versla, eg tel það og víst að hann yrði öðrum fremri sem verzlunarmaður, sem hann mundi ef til vill ekki verða sem vísindamaður og óska eg svo nafna mínum allra heilla í framtíðinni.

Bogi Benediktsson.<sup>3</sup>



1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1903. Vorpróf 6. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 82.

3 *Lbs* 3364 4to – Skinfaxi 26. apríl 1903, bls.173-174.

## *Haust á Íslandi*

(1903)

Eptir sumarið verður mikil breyting hjer á öllu; á sumrin eru allir önnum kafnir við vinnu sína bæði á sjó og landi, því lítið verður gjört á hinum langa vetri; veturinn verður því hjá mörgum eins og nokkurs konar hvíld, eptir erfíði sumarsins. Einkenni haustins, sjáum vjer bezt þegar vjer lítum í kringum okkur og sjáum hversu „blóm eru fölnuð í brekkunum öll“; þau fáu trje og blóm, sem vjer höfum á Íslandi standa nakin og auð og öll náttúran tekur á sig annan blæ, í kaupstöðum fjölgar vanalega mjög á haustin, með því að þá koma allir sjómenn af skipum sínum og eins fólk, sem verið hefur við kaupavinnu um sumartímann, þar af leiðandi lifnar allt fjelagslíf við og menn fara að leitast við að skemmta sjer á ýmsan hátt, allir skólar og kennzlustofnanir taka þá til starfa til þess að auðga þekking manna; þá fara bændur að hugsa meira um fjenað sinn, sem hefur gengið alveg afskiptalaus allt sumarið, nú verður hann byrgður inni í húsum og þarf nákvæmrar hirðingar og umönnunar; á haustin fækkar öllum ferðum bæði á sjó og landi með því að þá verða vegir opt ófærir og ýmsar aðrar tálmanir af náttúrunnar völdum, sem hindra allar samgöngur og viðskipti manna á millum; sveitabóndinn verður því að afljúka öllum sínum viðskiptum á sumrin bæði við kaupmenn og aðra, því annars gæti svo farið að hann yrði vistarlaus um veturinn. Þrátt fyrir ýmsa ókosti sem haustið hefur í för með sjer, þá getur þó haustið verið mjög fallett og skemmtilegt; það að menn ekki hlakki til haustsins stafar af því að mönnum þykir leitt að sjá á bak hita og hlýju sumarsins.<sup>1</sup>

### *Haraldur Sigurðsson*

Haraldur fæddist árið 1882. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1897 og lauk prófi þaðan árið 1903. Hann fór utan árið 1904 til að læra lyfjafræði, en hætti því og varð verslunarmaður í Reykjavík og síðar forstöðumaður elliheimilisins Grundar. Haraldur lést árið 1934.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Haraldur Sigurðsson er lágur maður og grannvaxinn ennþá enda er hann ungur að aldri. Hann er dökkjarpur á hár; ekki er hann verulega fríður í andliti en

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1903. Vorpróf 6. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. II. bindi, bls. 328.

maður venst honum mjög vel og finnur þarafleiðandi eigi annað en að hann sé laglegur enda er hann einhver bezta sál undir sólunni og hvers manns hugljúfi. Honum leiðist mjög gríska og latína og elskar ekki kristinfræði og gjörir það víst aldrei að lífsstarfi sínu að iðka þau vísindi „því hann hatar þau eins og pestina“. Hann hefir samt komist slisalaust í gegnum skóla þennan og er það vottur þess að hann er eigi allstaðar eptirbátur annara og eins óska eg að hann komist slisalaust í gegnum lífið allt.

Bogi Benediktsson.<sup>1</sup>



---

1 *Lbs* 3364 4to – *Skinfaxi* 26. apríl 1903, bls.179-180.

## IV. Ferðalýsingar

Skólapiltar Lærða skólans ferðuðust margir hverjir miklar vegalengdir til skólans á haustin og heim aftur til sveita á sumrin, enda voru þeir hvaðanæva af landinu. Sem dæmi má nefna að fyrsta skólaárið (1846-1847) komu piltarnir meðal annars frá Vestfjörðum, Suður-Þingeyjasýslu, Skagafirði, Suður-Múlasýslu, Snæfellsnesi, Dalasýslu og Vestmannaeyjum. Ferðalöggin milli skóla og heimaslóða tóku oft langan tíma, enda voru margar þjóðleiðir seinfarnar – flestar ár voru óbrúaðar og vegir seinfærir. Mörgum fannst nóg um vegleysurnar, þó sérstaklega erlendum ferðamönnum sem komu hingað til lands.<sup>1</sup> Slæmt ástand samgöngumála í landinu var tíðrætt í blöðum og tímaritum á síðari hluta 19. aldar, en stjórnvöld réðust í ýmsar samgöngubætur þegar nær dró aldamótunum 1900. Vegir voru lagðir og bættir víða um land og margar ár brúaðar. Ber þar helst að nefna brýrnar yfir Þjórsá (1895) og Ólfusá (1891). Þær þóttu mikið stórvirki og auðveldu allar samgöngur á Suðurlandi.<sup>2</sup>

Yfirleitt voru skólapiltar samferða á leiðum sínum til og frá skóla og mynduðu þá litla ferðahópa, sem urðu þó stundum nokkuð stórir. Sigurbjörn Á. Gíslason (1876-1969), síðar prestur, ferðaðist með hópi 18 skólabræðra sinna milli Skagafjarðar og Reykjavíkur haustið 1891. Sú ferð tók nokkra daga og þurftu Sigurbjörn og félagar hans að æja við bæ einn er hét Gillhagi. Bóndinn þar á bæ hafði lítill tók á að hýsa svo stóran hóp með góðu móti, en svo fór að piltarnir sváfu þar sex í hverju rúmi!<sup>3</sup>

Skólaferðirnar voru ekki einu ferðalögin sem piltunum stóð til boða. Sumir gerðust leiðsögumenn erlendra ferðamanna sem komu hingað til

---

1 Sjá t.d. Sumarliði R. Ísleifsson, *Ísland, framandi land* (Reykjavík, 1996), bls. 157-158.

2 Í umræðu blaða og tímarita kemur fram að margir voru smeykir við hinn mikla kostnað sem fólst í dýrum samgöngubótum á meðan aðrir töldu nauðsynlegt fyrir framtíð þjóðinnar að koma sér upp öflugum samgöngukerfi. Sjá t.d. „Vegabætur og vegabótafje.“ *Ísafold* 11. árg. 5. nóvember 1884, bls. 173; 12. nóvember 1884, bls. 179-180. Einnig; Bragi Þorgrímur Ólafsson, „Þjóð eignast fegurri framtíð,“ bls. 33-40.

3 Sigurbjörn Á. Gíslason, „Skólapiltaferðir undir lok 19. aldar.“ *Minningar úr menntaskóla*, bls. 147.

lands og var þá oft farið að Gullfossi og Geysi eða til Þingvalla.<sup>1</sup> Þá hafa skólapiltar einnig getað farið með gufuskipum milli hafna. Ekki voru þó allir ánægðir með slíkan fararmáta. Einn farþegi lýsir ferð sinni í *Fjallkonunni* í nóvember 1890:

Hvernig fór um farþega á skipinu? Ó, þeir áttu ekki sjö dagana sæla. Að meðaltali munu hafa verið rúmir hundrað farþegar á skipinu. Það var fólk af ýmsum stéttum: námsmenn, námsmeyjar, sjóróðramenn að sunnan og norðan og vestan, kaupamenn, iðnaðarmenn og réttir og sléttir ferðalangar. Já, hér var þröng á þingi. Í öðru farþegarúmi var að jafnaði hálfur þriðji tugur manna. En í raun réttir er þar eigi rúm fyrir fleiri farþega en 10-12 og mun vera vel í lagt.<sup>2</sup>

Í kaflanum hér á eftir er að finna úrval ritgerða um ferðalög skólapilta sem skrifaðar voru á árunum 1900 og 1901. Þar er meðal annars sagt frá ferð með gufuskipi frá Akureyri til Reykjavíkur, ferð með enska ferðamann frá Reykjavík til Þórsmerkur, og ferð frá Möðruvöllum að Mývatni. Þessar frásagnir gefa ágæta mynd af samgöngumálum landsmanna á þessum tíma og eru jafnframt bráðskemmtilegar ferðasögur. Hér taka til máls meðal annarra Oddur Hermannsson (1884-1927), síðar skrifstofustjóri, Gunnlaugur Þorsteinsson (1884-1946), síðar læknir og Árni Arnason (1885-1971) síðar læknir.



### *Seg frá einhverri ferð, sem þú hefir farið*

(1900)

Merkilegazta og skemmtilegast[a] ferð, sem eg hefi farið, er sú, sem eg fór frá Möðruvöllum í Hörgárdal norður um Þingeyjarsýslu vorið 1897. Eg ætla nú í fáum orðum að geta þessarar ferðar. Sama vorið, sem eg fór þessa ferð, útskrifaðist eg frá Möðruvallaskólanum með ágætiseinkunn, (60 stig). Eg átti ýmsa góðkunningja og vini meðal skólabræðra minna, sem útskrifuðust með mér. Einn þessara manna hét Páll Jónatansson frá Búðarnesi, framarlega í Hörgárdalnum, þessi piltur var bezt vinurinn, sem eg þá átti og á enn. Annan góðkunningja og vin átti eg, sem hét Hallgrímur Jónsson, frá Baldursheimi við Mývatn, og var hann einnig vinur Páls.

1 Sjá t.d. Guðmundur Eggerz, *Míningabók Guðmundar Eggerz sýslumanns*, bls. 70.

2 „Um síðustu ferð strandferðaskipsins.“ *Fjallkonan* 7. árg. 11. nóvember 1890, bls. 137.



Eptir prófið héldum vér piltar kennurunum og oss sjálfum allgóða veislu og vorum kátir. Þar varð eg í fyrsta sinni fullur af víni á æfi minni. Eg talaði mikið við Pál og Hallgrím um nóttina, sem veislan stóð. Varð það úr, að Hallgrímur bauð mér og Páli, vini okkar, heim til sín að Baldursheimi við Mývatn og var ákveðið, að við skyldum koma í byrjun sláttar. Seint í júnímánuði, þegar sumir ætluðu að fara að slá tún sín, og allt stóð í blóma, lögðum við Páll af stað frá Möðruvöllum og höfðum báðir góða reiðskjóta. Við höfðum ásett okkur að ná til Lunds í Fnjóskadal sama dag, því að þar bjó einn skólabróðir okkar og vinur, Guðni Þorsteinsson. Við komum að Lundi um miðnætti og vorum þá alvotir, því að við höfðum orðið að ríða Fnjóská á sund. Morguninn eptir sagði Guðni okkur, að við myndum vera miklir gæfumenn, þar sem við hefðum komizt lifandi yfir Fnjóská með því að sundríða hana í vexti þeim, er hún þá var í.

Klukkan 11 morguninn eptir lögðum við af stað frá Lundi og Guðni með okkur og linntum ekki, fyr en vér komum að Baldursheimi. Var það mikil lukka, að við skyldum hitta á Baldursheim, því að vér vorum allir ókunnir vegum um þessar slóðir, því að vér höfðum aldrei farið þar um áður. En nú hittum vér svo illa á, að Hallgrímur var ekki heima og var sagt, að hann myndi ekki koma heim fyr en að tveim dögum liðnum, og þótti oss það sárt. Bóndinn á Baldursheimi var hinn skemmtilegasti og vildi fyrir hvern mun fá oss til þess að vera þar um nóttina, en oss langaði þá svo mikið til að halda áfram ferðinni, að vér höfnuðum því boði og bauðst bóndinn þá til að fylgja oss á leið, hvert sem vér færum. Eptir nokkurt ráðabrukk afréðum vér að halda til Grænavatns. Þar bjó þá og býr enn Möðruvellingur einn, er Kristján heitir og vissum vér að hann var bæði skynsamur og gestrisinn maður. Fengum vér hinar beztu viðtökur hjá Kristjáni og vorum nú þar um nóttina, sem var sunnudagsnótt.

Morguninn eptir, þegar vér vöknudum, var hið blíðasta og fegursta veður, logn og hitasólskin. Þegar vér höfðum klætt oss og etið, gengum vér niður að vatninu, sem er þar rétt hjá túninu. Töluverð silungsveiði er í vatninu og varp í smáhólmum nokkrum í því. Því næst lögðum vér af stað og ætluðum að fara í kringum allt Mývatn og halda svo heim. Vegurinn lá víða fram hjá djúpum sprungum og gjám, en alstaðar voru hraun og klungur, og hér og hvar háir hraunstrípar! Á svo kallaðri Geiteyjarströnd, við Mývatn að austan, er hið fegursta landslag, sem eg hefi séð og blómlegastur gróður í eyjum þeim, sem þar eru í vatninu. Á bænum Geiteyjarströnd fengum vér bát og mann til þess að róa með oss um vatnið og út í eyjar þær, sem þar eru næstar landi. Svo héldum vér áleiðis til Reykjahlíðar og áðum þar um stund. Þaðan er ekki meira en klukkutíma reið til Námafjalls.

Vér lögðum nú af stað frá Reykjahlíð um kvöldið og ætluðum að sjá leirhverana hjá fjallinu. Er það einhver hin ægilegasta sjón, sem eg hefi sjeð að sjá

niður í gíga þessa, enda hugðu menn almennt fyr á tímum, að þessir leirhverar væri gangar niður til helvítis og færur sálir vondra manna þá leið þangað niður. Í Námafjalli var tekinn brennisteinn mikill á þessari öld (eptir 1850) og fluttur á hestum alla leið norður á Húsavík. Um nóttina vorum vér í Reykjavíki. Daginn eptir fórum vér út í Slútnes – þar vex reynir (*Sorbus aucuparia*) og „fjögra laufa smári“ (*Paris quadrifolia*), björk (*Betula odorata*), víðir (*Salix glauca* o.fl.), stórvaxin Mývatnsdrottning og margt fleira. Svo héldum vér áfram alla leið að Halldórsstöðum í Laxárdal og fengum þar ágætar viðtökur. Þar fann eg jurt eina, sem eigi hafði fundist áður hér á landi nema á tveim stöðum.

Á Halldórsstöðum sá eg þá fallegustu stúlku, sem eg hefi séð, en ég má ómögulega segja hvað hún heitir, en víst er það, að eg man nafn hennar, og hún líka mitt, hygg jeg. Síðan sá eg ekkert né heyrði merkilegt á heimleiðinni og var mjög hljóður, því að eg hafði í fyrsta sinn á æfi minni orðið *skotinn*.

Svo fór um ferðina þá.<sup>1</sup>

### *Friðrik Sigurðsson*

Friðrik hætti námi árið 1901.



### *Seg frá einhverri ferð, sem þú hefir farið*

(1900)

Sumarið 1898 fór eg ásamt tveimur enskum ferðamönnum og íslenskum leiðsögumanni austur á Þórsmörk. Hinn 30. dag júnímánaðar lögðum við á stað úr Reykjavík. Við hjeldum upp að Mosfellsheiði á góðum akvegi og komum að Miðdal í Mosfellssveit og stóðum þar við nokkra stund til þess að fá okkur hressingu áður en við lögðum á heiðina. Yfir heiðina gekk ferðin heldur illa, því bæði var kalsaveður og útlendingarnir voru ekki duglegir að ríða og urðum við því opt að hafa hestaskipti og gátum ekki riðið nema fót fyrir fót. Við skoðuðum „sæluhúsið“ á Mosfellsheiði, en útlendingarnir álitu, að það væri ekki sann nefnt sæluhús, heldur þvert á móti. Loks komustum við austur yfir heiðina að Kárastöðum, eftir 10 tíma ferð úr Reykjavík og héldum áfram austur í Almagnagjá, og þótti okkur hamrarnir bísna fögur sjón. Um nóttina vorum við á Þingvöllum og einnig daginn eftir. Við gengum þá um og skoðuðum landslagið. Við vorum mjög hrifnir af Lögbergi og fleirum stöðum þar. Eftir hádegi

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1900. Vorpróf 2. bekkur.

rerum við út í Sandey, sem er á miðju Þingvallavatni. Var þar ekkert sérlegt að sjá, nema sandur og veiðibjölluegg. Um kvöldið veiddum við silung á stangir og vorum vel fisknir. Daginn eftir héldum við suður í Grafning fyrir vestan Þingvallavatn og skoðuðum hverina í Henglinum. Það eru stórir hverir og ein-kennilegir og hafa Þingvallasveitarmenn mikla trú [á] þeim. Mikill reykur spáir vætu, en lítill þurki. Við héldum svo áfram niður með Soginu og komum loks að Ölvesárbrúnni. Það er mikil brú og tignarleg og yrði of langt mál að lýsa henni hér. Næstu nótt vorum við á Laugardælum, og daginn eftir héldum við áfram lengra austur. Um landslagið í Flóanum og Holtunum er ekki hægt að segja mikið; það eru eintómar mýrar og er mjög svo leiðinlegt að ferðast um þær. Fyrir austan Vestri-Rangá byrjar fjallasýnin. Hekla, Þríhyrningur og Eyja-fjallajökull koma í ljós og vegurinn er góður á Rangárvöllum. Næstu nótt vorum við á Breiðabólstað í Fljótshlíð, og héldum daginn eftir inn Fljótshlíðina að Barkastöðum. Fljótshlíðin er mjög fögur sveit. Hún er mjög þéttbýl og liggur öll í brekku, og fyrir neðan þá brekku er Þverá, en ofan er Árgilsstaðafjall og Þríhyrningur. Fjallasýn er þar fögur bæði til Tindfjalla og Eyjafjallajökuls. Einhver sú fegusta sjón, sem eg hef séð, var sem eg sá á Barkastöðum um kveldið, þegar sólin var að ganga til viðar og sendi geisla sína á jökulinn, er þá virtist rauður. Frá Barkastöðum héldum við austur yfir Markarfljót og inn á Þórsmörk. Þórsmörk og Goðaland eru aðdánanlega fagrir staðir, skógi vaxnir og þaðan er ágætt útsýni bæði uppeftir jöklinum og niður á eyrarnar, enda segja það flestir, sem þangað hafa komið, að það sé sá fegursti staður, sem þeir hafi komið á. Síðan héldum við austur Eyjafjallasveit og að Þorvaldseyri. Þar vorum við eina nótt og daginn eftir héldum við á suðurleið aftur, því lengra var ferðinni ekki heitið.

Við fórum sama veg, sem austur, út að Ölvesá, en þá er þangað var komið, hjeldum við beint suður yfir Hellisheiði og niður í Reykjavík. Á Hellisheiði er góður akvegur, og þótti mér mikill munur að fara hann eða veg þann yfir heiðina er eg hafði áður farið, því að hann var nærri ófær. Frá Kolviðarhól og niður í Reykjavík er mjög góður vegur, en landið mjög grýtt og hrjóstugt eins og á Hellisheiði. Einkanlega kveður mikið að því í Svínahrauni. Í Svínahrauni er sæluhúskofi. Við komum niður í Reykjavík um hádegi 14. júlí óþreyttir og mjög ánægðir yfir ferðinni. Við vorum mjög heppnir með veður, höfðum góða hesta og fólk mjög alúðlegt við okkur; einkanlega voru útlendingarnir hrifnir af náttúruvegurð landsins.<sup>1</sup>

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1900. Vorpróf 2. bekkur.

## *Oddur Hermannsson*

Oddur fæddist 22. júní árið 1884. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1898, lauk burtfararprófi árið 1904 og lagaprófi frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1911. Oddur varð skrifstofustjóri í atvinnumálaráðuneytinu, sat í ýmsum nefndum og var settur bankastjóri Íslandsbanka 1923-24. Hann lést 5. febrúar 1927.<sup>1</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Oddur Hermannsson er í fullkomnu meðallagi á hæð, en mjög digur allur og gildur; hefir hann talsverða ístru, en hnút stóran á baki millum herðablaða. Höfuðið er stórt og hálsinn stuttur og digur. Þykkleitur er hann, rjóður og feitur í andliti og digur mjög allt um kjálkana [...] Nám sitt hefir hann stundað dável enda gengið vel í skóla. Fróður er hann um marga hluti, einkum það, sem lýtur að lögum og löggjöf. Honum er eigi jafnt kært að ræða um neitt, sem tilskipanir, frumvörp og samþykktir o.s. frv. Það er skoðun mín, að Oddur sje útvalið lögfræðingsefni. Það er og trúa mín að hann fái einhverntíma að skipa þann sess, sem mest er barist um á þessum tímum. Enginn kvennamaður er Oddur og laus við alla tilgerð. Gott þykir honum í staupinu, en gætir þó jafnan hófs í því sem öðru, því að það er megin regla hans að þræða hinn „gullna meðalveg“.<sup>2</sup>



## *Seg frá einhverri ferð, sem þú hefir farið*

(1900)

Svo sem lög gjöra ráð fyrir, fór ég heim til mín, þegar skóla hafði verið sagt upp í fyrra. Ferð þessi var að flestu leyti ómerkileg og ævintýralaus, en ég hygg, að hún sé hæfilega löng til þess að segja hana núna, og þess vegna vel ég hana til frásagnar.

Ég fór með „Reykjavík“ úr Reykjavík, sem ekki er frásöguvert, því að það gjöra svo margir. Skipið var fullt af farþegum, mestmegnis skólapiltum og kaupafólki. Ég hef nokkrum sinnum reynt það, að sumarferðir og einkum haustferðir eru mjög ævintýralegar, sérstaklega ef maður liggur í „lestinni“ – en það gjöri ég alltaf því að þar ber svo margt skrítið við. Nú hélt ég mig uppi á þilfari eins og flestir. Veður var hið bezta og þó nokkur gola og dálítið í sjóinn. Ruggaði því skipið og olli það margri stúlkunni sjósóttar. Ferðin gekk annars vel til Borgarness og án þess að nokkuð sögulegt gerðist. Nokkuð var orðið áliðið dags, þegar ég var kominn á land þar og búinn að átta mig eftir sjóferðina. Maður nokkur var mér samferða, er ég hér eftir mun kalla féлага minn.

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 13.

2 *Lbs* 3364 – Skinfaxi 24. maí 1903, bls. 225-226.

Hann var kunningi minn, lítið eitt eldri en ég, og ætlaði næstum því í sömu sveitina og ég.

Við höfðum búist við hestum til Borgarness, en þegar í land kom gengum við brátt úr skugga um það, að þar voru engir hestar, sem við áttum ráð á. Nú var sá kostur einn fyrir hendi að ganga, en það var gagnlaust gaman, minnsta kosti fyrir mig, sem ekki hafði annan skófatnað meðferðis, en roðþunna sauðskinnsskó, og auk þess er leiðin alsett holtum og hraunum, sem skera og merja á manni fæturna. Við fengum okkur lítið eitt sælgæti í nestið í Borgarнесi og lögðum þegar af stað kvíðafullir og hálfergilegir. Brátt fekk ég að kenna þess, hversu ég var illa skóaður, og eftir fáa klukkutíma var ég orðinn svo sárfættur, að ég gat í hvorugan fótinn stigið, eins og sagt er.

Félagi minn stakk upp á því, að við héldum áfram um nóttina, en ég tók því alldauflega í fyrstu, því að ég hugsaði til fótanna á mér. En, þegar hann minnti mig á það, að buddan væri létt og Borgfirðingar seldi greiða, þá var mér öllum lokið. Við komum skömmu fyrir dagsetur vestur að Langá. Hún er breið og slæm í botninn á ferðaváðinu, og auk þess var kveykja í henni, og vatnsmagnið því í meira lagi. Nú fór mér ekki að verða um sel. Ég minntist þess, hversu ég var sárfættur og vissi af reynslu að sárfættum manni veitir erfitt að vaða staksteinóttá á. Við þinguðum drykklanga stund við ána og bjuggumst til að vaða. En í þeirri svipan reið að okkur maður nokkur, sem við þekktum báðir að fornu fari, og þó félagi minn meir. Við báðum hann að lána okkur hestinn yfir ána og varð hann við bón okkar. Tvímenntum við yfir ána og heppnaðist viðlag þetta vel. Síðan rákum við hestinn aftur út í ána, veifuðum höttum til mannsins, og lögðum svo á leið okkar eftir þjóðveginum, upp með ánni í áttina til fjallsins.

Nú var nótt komin og allt, sem fyrir augu bar, virtist sofa. Enginn fuglsródd heyrðist; lóan var hætt að syngja fyrir skammri stund. Okkur þótti einkar skemmtilegt að ganga upp með ánni, í næturkyrðinni, og spjalla saman. Brátt nálgudumst við fjallið og beygðum eftir veginum, vestur með því. Við höfðum eigi gengið allengi vestur með hlíðinni, þegar við komum að skógi vaxinni hæð, nálægt Grímsstöðum. Í þessum litla skógi var fallett rjóður grasi vaxið og hríslaut. Ég stakk upp á því, að við blunduðum í þessu rjóðri um miðnæturskeiðið, með því vedrið var ágætt. Félagi minn féllst á það, og við lögðumst til hvíldar, höfðum sokkaskifti, því að við vorum orðnir votir í fætur, og sofnuðum síðan vært. Þegar við vöknudum aftur höfðum við sofið nálægt því í þrjá tíma. Okkur var hrollkalt og hálfskulfum við. Við lögðum þegar af stað.

Nú segir ekki af ferð okkar fyr en við komum í Staðarhraun. Í hrauni því rennur á sú, er Tálmi er nefnd. Hún rennur allstaðar í streng milli hárra bakka og ber nafn af því að hún þykir ferðamönnum farartálmi. Trébrú liggur yfir

hana milli tveggja kletta út af veginum; sú brú er ætluð göngumönnum og fórum við félagar því út af veginum og yfir ána á brúnni. En þess iðruðumst við mest síðar. Veginn fundum við ekki aftur, en hróktumst um hraunið aftur og fram, kúguppgefnir og sárfættir, í brennandi sólarhita. En það gramdist okkur mest að þurfa að margvaða Tálma fyrir þá skuld, að hann liggur í einlægum hlykkjum um hraunið þar upp frá. Eftir langa mæðu og mikið strit komumst við loks, óskaddir að mestu, út úr hrauninu. Hítará rennur vestan vert við hraunið. Óðum við alldjúpt í henni. Á hinum vestari bakka Hítará settumst við niður stundarkorn og hvíldum okkur.

„Ekki er ein báran stök“ segir gamalt máltæki, og það reyndum við nú. Eldborgarhraun liggur nokkru vestar en Staðarhraun, og liggja tveir vegir um það. Annar liggur í átt til sjávar og er stundum fjöruvegur, en hinn nær fjallinu. Þennan síðartalda áttum við að fara. En í aðgæzluleysi fórum við vegavillt og tókum ekki eftir því fyr en eftir allangan tíma. Við máttum ekki halda lengur áfram eftir þessum vegi, og því urðum annaðhvort að snúa við til vegamótanna, eða leggja aftur á hraun og ógöngur. Það var féлага mínum að kenna að við tókum þann kostinn. Þetta hraun varð okkur hálfu verra en hitt, því að hér voru steinnibbur og botnlausar gjár í staðinn fyrir hrís og lyngvaxnar lautir í hinu hrauninu. Ég tók mikið út í fótunum og sama held ég um féлага minn. Það leið á löngu áður en við kæmumst úr þessum kvalastað, hrauninu. Loks römbuðum við þó á vaðið á Haffjarðará, og þegar yfir hana var komið voru okkar þrautir á enda að heita mátti. Um kvöldið klukkan 11 komum við vestur í Miklaholts-hreppinn; höfðum við verið 2 daga og eina nótt héðan úr Reykjavík á þessu ferðalagi.

Við félagar hétum því að fara ekki oftari gangandi vestur á Snæfellsnes frá Borgarnesi, hverjar sem efndirnar verða.<sup>1</sup>

### *Jóhann G. Sigurðsson*

Jóhann fæddist 1. febrúar 1882. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1898 og lauk burtfararprófi árið 1904. Hann lést eftir að hann hóf nám í Prestaskólanum 1906.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Jóhann Gunnar Sigurðsson er meðalmaður á vöxt. Hann er langleitur í andliti og einkennilegur. Nefið er nokkuð stórt og sveigir ofurlítið út á við. Hakan er löng og mjó og mótari fyrir hökuskarði. Annars er svipurinn mjög breytilegur

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1900. Vorpróf 2. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi (Reykjavík, 1950), bls. 28.

enda er Jóhann mislyndur mjög og tilfinningamaður. Hann er reiðigjarn og getur er hann reiðist lagt margan mann að velli með svipnum einum. Reiðisvipur Jóhanns hefur opt verið kallaður „Medúsu“-svipur. Hann leggur sjaldan til manna að fyrra bragði. Jóhann er gáfumaður en töluverður letingi við nám og einn af aðalskrópastum skólans. Hann er ágætt skáld og mörg af kvæðum hans eru snildarleg. Sum kvæðin, t.d. eins og „Æfisaga“, mega teljast með allra beztu kvæðum „Framtíðarinnar“. Jóhann er víðast meiri formsnillingur, en nokkurt annað skólaskáld sem ég þekki. Hugmyndaskáld er hann ekki að sama skapi. – Flest kvæði Jóhanns bera það með sér að hann er ekki bjartsýnismaður, þótt hann hins vegar sé heldur ekki bölsýnismaður. Honum finst fara illa um sig í skólanum og lífinu, alt amar að. Hinn snildarlegi kvæðaflokkur um Gísla Súrsson, sem tvö kvæði hafa birst af í „Framtíðinni“, ber með sér að Jóhann skilur vel hetjuanda Gísla og kann að syngja um hetjuna svo að honum sé sómi að. – Eins og öll önnur skáld vor yrkir Jóhann nokkuð um meyjar og kossa, þótt hann hafi aldrei – svo ég viti verið við kvennmann kendur. Annars er Jóhann frumlegur svo sem hægt er. Skoðanir Jóhanns eru nokkuð á reiki. Hann er „þjóðlegur“ maður og er eiginlega bölvanlega við alla þá, sem vilja skerða nokkuð það, sem „þjóðlegt“ er hvort sem það er fagurt eða ljótt, gagnlegt eða ógagnlegt. Í stjórnmálum hallast hann að „Landvarnar“-kenningunni, en er þó ekki stækur fylgismaður hennar. Í skólamálum stendur hann framarlega í flokki sumblunga og er mikill áhugamaður í því máli. Bindindismálinu hefur hann aldrei verið hlyntur. – Að lokum má geta þess að hann er forseti og aðalmáttarstólpi „Framtíðarinnar“. Verður stórt skarð fyrir skildi þegar Jóhann fer.<sup>1</sup>



### *Seg frá einhverri ferð, sem þú hefir farið*

(1900)

Í fyrravor þegar sá tími var kominn, að þeir piltar, sem ætluðu að ganga inn í annan bekk lærða skólans í Reykjavík áttu að fara að koma til Reykjavíkur, lagði jeg af stað suður. Jeg hafði verið hjá Gísla Jónssyni presti á Langholti í Meðallandsþyngum þann vetur og ætlaði mjer að ganga inn í annan bekk hins fyrrnefnda skóla.

Jeg hlakkaði mikið til ferðarinnar, því hvað er skemtilegra, en að ferðast á Íslandi í góðu veðri og kynnast öðrum sveitum. Frá Langholti lagði jeg af stað tuttugasta og annan marz og ætlaði mjer að dvelja heima hjá foreldrum mínum um hvítasunnuna á Vík í Mýrdal. Síra Gísli fylgdi mjer yfir Kúðafljót, sem við ferjuðum yfir, en svo var jeg einn yfir Myrdallssand og gjekk mjer allvel, þótt

1 *Lbs* 3364 4to – Skinfaxi 24. maí 1903, bls. 214.



mjer findist sandurinn nokkuð langur, því alltaf vóru Myrdalsfjöllin að hækka og verða greinilegri í fjarlægðinni. Sjaldan hefur mjer vist Myrdalurinn fegurri, en í það skipti, því það er mikill munur að sjá fallega sveit eða Meðallandið, þar sem allt er eitt, sljettlendi og myrarflákar og aðeins smá hólar, sem bæirnir standa á. Þegar hvítasunnan var liðin, lagði jeg af stað að heiman og faðir minn með mjer, og var ekki laust við að ferðalaungunin væri farin að mínka og jeg væri í efa um, hvort jeg vildi heldur vera kyrr heima, eða halda áfram, því það var fleira, sem jeg átti fyrir höndum, en ferðin og sem mjer stóð talsverður beigur af, en það var prófið. Fyrsta daginn komumst við að Þorvaldseyri og vórum þar um nóttina, en næsta dag gekk okkur betur, því bæði fórum við fyr af stað um morguninn og líka vóru hestarnir viljugri og komumst við þann dag að Þjórsá og vorum þar um nóttina hjá Ólafi nokkrum hómópata. Mjer þótti mjög gaman að sjá brýrnar á Þjórsá og Ölfusá og hafði jeg aldrei sjed slík stórvirki fyr. Að morgni hins sjöunda dags lögðum við af stað frá þessum síðasta náttstað okkar og komumst þann dag að Elliðavatni hjer fyrir ofan Reykjavík og vórum þar þá næstu nótt, en morguninn eptir lögðum við enn af stað, og þá er við höfðum riðið nokkra stund sáum við Skólavörðuna og því næst Laugarnesspítalann og loks hina rómuðu Reykjavík, og var í fyrstu ekki frítt við að mjer findist hún leiðinlegri, heldur en jeg hafði búist við, því bæði var loftslagið óviðkunnanlegra, heldur en hið hressandi og fjörgandi sveitaloft og líka kunni jeg illa við hávaðann og fólksfjöldann á götunum.<sup>1</sup>

### *Gunnlaugur Þorsteinsson*

Gunnlaugur fæddist árið 1884 í Vík í Mýrdal. Hann lauk prófi frá Lærða skólanum 1904 og prófi frá Læknaskólanum 1909. Gunnlaugur var lengst af héraðslæknir í Þingeyrarhéraði. Hann lést árið 1946.<sup>2</sup>



### *Seg frá einhverri ferð, sem þú hefir farið*

(1900)

Eg hefi aðeins farið eina ferð á æfi minni, sem ferð getur kallast. Það var vorið 1898, er eg fór frá Akureyri við Eyjafjörð til Reykjavíkur. Ég hafði ætlað mér, að fara með gufuskipinu „Vestu“, sem átti að fara frá Akureyri 26. maí, og gekk eg á skips þennan dag, kl. 8 um kveldið.

Ég hafði aldrei fyrri komið útá gufuskip og þótti mér því margt þar undar-

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1900. Vorpróf 2. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi (Reykjavík, 1952), bls. 358.



legt og mikilfenglegt. Hérumbil kl. 10 lagði skipið af stað út úr höfninni og sigldi út eftir Eyjafirði. Veður var blákyrt, heiðskýrt og hið fegursta, og stóð eg því uppi á þiljum, þangað til skipið var komið út fyrir Ólafstjörð, en þá var kl. orðin eitt. Var það einhver hin fegursta sjón og stórkostlegasta náttúru- fegurð, er eg sá þá nótt, þegar sólskífan eldrauð gægðist upp yfir hafsbrúnina. Hún virtist helmingi stærrí en vanalega og varpaði frá norðri gullinni, síhvikandi glitblæju yfir hafið, svo langt sem augað eygði og uppljómaði standbjörgin háu að vestanverðu við fjarðarmynnið. Eg horfði lengi agndofa á þetta og óskaði að ég væri orðinn skáld; svo ég gæti lýst fegurð þessari, sem sæmdi. Fann eg þá hvílíkt snilldarverk kvæðið er, sem þetta erindi stendur í:

Á um njólu aldinn mar  
út hjá póli gaman,  
árdagssól og aftan þar,  
eiga stóla saman.

Þegar eg vaknaði næsta morgun, lá skipið á Sauðarkrók, fór eg þar ekki í land, þar sem skipið lagði af stað aftur eftir fáa tíma.

Á sama farrými og ég voru tveir íslenzkir menn, er komu frá Ameríku. Þeir ætluðu báðir að boða trú á Íslandi, en sína trúna hvor. Annar hét Lárus Jóhannesson og var „Methodisti“, en hinn hét Halldór Jónsson frá Utha, hann var „Mormoni“. Þeir rifust svo að segja frá morgni til kvölds, um trúarefni; sagði Lárus, að Halldór og hans trúarbræður myndu að eilífu gnísta tönnum í helvíti; hið sama sagði Halldór við Lárus. Þessir menn boðuðu þó bróðurkærleika og áminntu menn um að dæma ekki aðra!

Ég lét, sem ég hallaðist frekar að kenningu Lárusar og höfum við verið kunningjar síðan. Næst komum við á Ísafjörð, þar fór eg í land og skoðaði bæinn.

Það fallegasta, er eg sá þar var höfnin, eða pollurinn, er mer þótti taka langt fram Akureyrarpolli. Þvínæst komum við á Dýrafjörð; ekkert sá eg þar merkilegt, utan gufuskíp eitt, er dróg á eftir sér fimm hvali.

Síðan komum við í Stykkishólm, það var á Hvítasunnudag, var þá veður hvasst, með rigningu og fór eg því ekki í land.

Næsta dag um hádegi var skipið komið á Reykjavíkurböfn; þá var 30. maí. Þótti mér ferðin hafa gengið allgreiðlega, en það eitt þótti mér að henni, að eg gat ekki fengið tækifæri til að sjá Horn, því að þegar við sigldum þar framhjá, var hánótt og dimm hríð.<sup>1</sup>

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1900. Vorpróf 2. bekkur.

## *Bogi Benediktsson*

Bogi fæddist árið 1878. Hann brautskráðist frá Lærða skólanum árið 1904 og stundaði nám við Prestaskólann, en lauk ekki prófi. Bogi fluttist til Seyðisfjarðar og varð verslunarmaður þar, síðar skrifstofustjóri í Reykjavík. Hann lést árið 1947.<sup>1</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Bogi Benediktsson er meðalmaður á vöxt og karlmannlegur. Hann er svart-hærður og dökkeygur, ennið er laglegt, en nefið eins og þrístrendur „pýramídi“ [...] Hann er ágætlega skapi farinn, ræðinn og fyndinn, hægur og stiltur, ef ekki er leitað á hann, en ekki ístöðumikill [...]<sup>2</sup>



## *Seg frá einhverri ferð, sem þú hefir farið*

(1900)

Haustið 1897 var lagt af stað suður, seint um kvöld, en þangað, sem ætlað var að komast, var 4. tíma reið. Vorum við 5 í ferðinni. Á þessari ferð þarf að fara yfir Miðfjarðarháls, en áður, en farið er upp á hálsinn, er farið yfir leirdrag, og gekk ferðin vel að þessu leirdragi, en þegar við komum að því, var orðið aldimmmt og hjela yfir draginn, svo hver þóktist hafa sloppið vel, ef hann komst nokkurnveginn klakklaust yfir. Er við höfðum riðið skamma stund á þjóðveginum komum við að læk einum, en þeim megin, sem út í átti að fara, var bakkinn orðinn svo troðinn, að þar hafði myndast gryfja, sem var full af leir, þó komumst við öll klakklaust yfir; en kaupakona, sem var með okkur, þorði ekki, því hún var svo hrædd um, að hún myndi detta í lækinn, enda var hún ekki mjög föst í sessi, en hún var líka myrkfælin, og ætluðum við því að neyða hana til þess að fara yfir, með því að halda áfram, en þá fór hún að gráta og hljóða, svo við neyddumst til að teyma undir henni yfir lækinn.

Var nú haldið áfram, en ekki leið á löngu, áður en við tókum eptir því, að hestarnir voru að hrista sig alla og skekja, enkum þeir, sem næstir voru koffortahestinum, þá heyrðum við að lokið á öðru koffortinu á öðrum hestinum skelltist alltaf, fórum við þá af baki og þegar við fórum að gá betur að, hafði það opnast og ýmislegur farangur týnst úr því, var þá farið að leita og fannst allt það, sem týnst hafði, var nú koffortið bundið rammlega aptur og hjeldum við svo áfram og gekk ferðin vel úr því til áfangastaðarins.

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 296.

2 *Lbs* 3364 4to – Skinfaxi 24. maí 1903, bls. 216.

Daginn eptir var gott veður og lögðum við því snemma á stað, bar ekkert merkilegt til á meðan hjart var, en er fór að dimma og dimmt var orðið var farið að tala um, að hjer hefðu hinir og þessir orðið úti, varð hún þá svo hrædd, að hún fór að sjá alskonar ofsjónir og gat ekki sofið næstu nótt, því hún gat ekki hætt að hugsa um það, sem henni hafði verið sagt. En úr þessu gekk ferðin vel og bar ekkert við, sem geta þarf hjer.<sup>1</sup>

### *Magnús Júlíusson*

Magnús (breytt síðar í Maggi) var fæddur árið 1886. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum árið 1904 og prófi frá Læknaskólanum 1910. Magnús starfaði lengst af sem læknir í Reykjavík. Hann lést árið 1941.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Magnús Júlíusson er stuttur og digur, nærri ferstrendur, kringluleitur og búlduleitur í andliti, hárið ljósjarpt. Brosið einkennilegt, afar breitt og nær yfir allt andlitið. Hann er mjög góðlegur og meinlauslegur á svipinn. Hann er og dagfarsgóður, stiltur og góður drengur, meinlaus og gjörir aldrei á hlut nokkurs manns, enda mun öllum skólapiltum vera vel til Magga eða að minnsta kosti meinlaust [...]<sup>3</sup>



## *Segjið frá skólaferðinni til Hafnarfjarðar eða einhverri annari ferð sem þið hafið farið*

(1901)

### *Pingvalla og Geysis för mín*

Hjerum bil um miðjan ágústmánuð sumarið 1900<sup>4</sup> lagði jeg af stað klukkan 11 um morguninn frá Reykjavík ásamt fleirum. Kemur nú ekkert merkilegt fyrir okkur, þangað til við komum uppá miðja Mosfellsheiði. Þá er komið slagveður. Sjáum við þá á lengdar hjerum bil 100 menn koma á móti okkur ríðandi. Altaf færast þeir nær og nær. Á heiðinni er sæluhús ef sæluhús skyldi kall[a] úr torfi mjög hrörlegt, fyrir því er engin hurð og í því eru brotnir gluggar. Þegar við komum á móts við það, þá mætum við þessum mönnum og sjáum þá að þetta eru danskir stúdentar sem þettað sumar höfðu farið í leiðangur til Íslands og voru þeir mjög illa útleiknir. Vorum við nú altaf að mæta þeim í smá flokkum

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1900. Vorpróf 2. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 433-434.

3 *Lbs* 3364 4to – Skinfaxi 24. maí 1903, bls. 226-227.

4 Í textanum segir 1901 sem er augljós villa, þar sem ritgerðin er skrifuð 12. júní 1901.

og síðast mættum við tveim sem voru orðnir uppgefnir af að ríða og voru í vagni, voru þeir með kollhettur og slegin sjöl. Nú ríðum við fram hjá þeim og kemur ekkert fyrir okkur, fyr en við komum ofan í Þingvallasveitina. Þá er ríðið framhjá bæ sem heitir Kárastaðir og fleirum bæjum. Nú ríðum við í gegnum Almannagjá, sem er stærsta gjá á Íslandi, eptir henni rennur Öxará og er farið yfir hana á brú. Þettað var í fyrsta sinni, sem jeg sá gjána og undraðist mjög. Næst komum við í Valhöll, sem er gistihús á Þingvöllum og spurjum þar til vegar að Hrauntúni, sem er skammt frá Þingvöllum, því þar höfðum við ákvarðað að gista. Komum við nú þangað og þar var tekið vel á móti okkur, borðuðum við þar steiktan silung fyrir kvöldverð. Þar býr gestrisið fólk. Dvöldum við þar næsta dag af því að óveður tafði ferð vora. Næsta dag eptir þennan dag hjeldum við áfram ferð okkar og um miðjan dag komum við að Laugarvatni í Laugardal, og þar snæddum við og hjeldum síðan áfram. Þegar komið er frá Laugarvatni tekur við mjög fallegur skógur, ekki mjög hár en víðáttumikill; ríðum við nú í tvo til þrjá tíma í skóginum þá komum við að Brúará. Þótti okkur áin ljót og brúin afleit utan með henni eru engar grindur. Brúin er yfir gljúfur og rennur áin beggja megin ofan í það. Við förum nú yfir hana og komum því næst að Múla sem er bær eins tíma reið frá Geysi. Þar gistum við um nóttina. Næsta dag komum við til Geysis. Við Geysi er gistihús, sem heitir „Regensen“, og vorum við við Geysi um daginn og nóttina. Gaus Geysir 5 sinnum meðan við vorum þar og sáum við öll gosin okkur til mikillar ánægju. Snúum við nú næsta dag heimleiðis og komum við ekki til Reykjavíkur fyr en að þrem dögum, af því að við dvöldum 1 dag á Þingvöllum til að skoða hinn forna þingstað.<sup>1</sup>

### *Oscar Clausen*

Oscar fæddist árið 1887 í Stykkishólmi. Hann stundaði nám við Lærða skólann í þrjá vetur, en sneri sér að verslunarmennsku í Grundarfirði og Stykkishólmi. Hann stundaði jafnframt ritstörf. Oscar lést árið 1980.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Oscar Clausen er eigi meðalmaður á vöxt, ungur að aldri og óharðnaður. Hann er þykkleitur og sléttleitur og fríður sýnum. Virðist hann mér frekar sem ung mæer heldur en karlmaður að því er andlitsfall snertir og svip. Og verið getur, að hann sé líkur í anda, en um það get eg fátt sagt, því að eg er lítt kunnur skaplyndi hans. Eigi hefur hann til muna þátt [tekið] í áflogum við pilta, heldur

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1901. Vorpróf 1. bekkur.

2 *Íslenskir samtíðamenn*. Síðara bindi. Ritsjórar Jón Guðnason og Pétur Haraldsson (Reykjavík, 1967), bls. 124.

er hann jafnan hægur og stilltur í framgöngu. Afskipti hefir hann allmikil af bekkjarmálum, en lítt er mér nú kunnugt um þau. Bindindisvinur er hann hinn mesti og starfar af kappi fyrir það málefni. Engi er Clausen námsmaður, og mun það þó eigi vera sprottið af hæfileikaskorti, heldur miklu fremur af kæruleysi og leti. Tekur hann áminningum í því efni með stillingu og jafnaðargeði.

*Benedikt Bjarnason.*<sup>1</sup>



*Segjið frá skólaferðinni til Hafnarfjarðar eða  
einhverri annari ferð sem þið hafið farið*

(1901)

Nálægt klukkan 9 f.h. þann 30. maí lögðum við skólapiltar og þeir kennaranna, sem gangandi voru, af stað í skemtifærð til Hafnarfjarðar, sem stofnað var til, í þeim tilgangi að efla velgengni á milli kennara og lærisveina lærða skólans. Við gengum í skrautfylkingu, undir fána skólans, í gegn um bæinn og alllangt upp fyrir Skólavörðu, en jafnskjótt, sem komið var spölkorn frá bænum, fóru menn yfirleitt að ganga til hliðar eða dragast aptur úr. Nokkru á eptir okkur komu kennarar þeir, sem á hesti voru, Steingr. Thorsteinson yfirkennari, B.M. Olsen skólastjóri og Pálmi Pálsson og Þorleifur Bjarnason undirkennarar. Þegar við vorum komnir inn í Fossvog, hvíldum við okkur stundarkorn á grasi-vöxnum fleti, sem var þar hjá veginum. Eptir að hafa hvílt okkur eptir þörfum, hjeldum við áfram, yfir Kópavogsháls og komumst ofan í Kópavog eptir lítinn [tíma] og námum þar aptur staðar, til þess að hvílast, sem við gjörðum rjett fyrir utan túngarðinn á bænum Kópavogi. Rjett hjá þessum stað, rann lækur eigi alllítill úti í Kópavog og landið í kring var klætt grænum sumarskrúða. Allir voru glaðir og fjörugir og fyrir mitt leyti verð jeg að játa, að mjer gat ekki annað en dottið í hug orð skáldsins, þar sem það segir:

Ó! Þú sveitarsæla,  
sorg er lækna best,  
veitir værd indæla,  
veikan hressir mest.  
Mun jeg mæddur stríðum,  
mín þá æfin dvín,

---

1 *Lbs* 3364 4to – Skinfaxi 24. maí 1903, bls. 192-193.

felast friðarblíðum  
faðmi guðs og þín.

Eptir stundar bið lögðum við aptur á stað og hjeldum áfram til Hafnarfjarðar. Þegar við höfðum haldið áfram nokkra stund, komum við inn í Hafnarfjarðarhraun eða Garðahraun. Þetta hraun hefur allt runnið fyrir landnámstíð, og er ætlun manna, að það hafi komið úr gígum, sem eru alllangt í suðaustur frá Hafnarfirði. Hraun þetta er mjög einkennilegt á mörgum stöðum, og er mjög gaman að ganga um það og skoða það. Þegar við vorum komnir nálægt bænum Hafnarfirði var numið staðar, til þess að skipa fylkingu og var síðan gengið ofan í bæinn, í gegnum hann og til ákvörðunarstaðarins, sem liggur lítið eitt fyrir austan sjálfan bæinn og heitir Hörðuvellir. Á þessum stöðvum höfðust menn við mestan hluta dagsins og skemtu sjer við allt, sem mögulegt var, svo sem söng, fótboltaleik, drykkju, ræðuhöld og ýmsu, sem of langt yrði hjer upp að telja. Tvisvar sinnum um daginn var borðað. Voru ræður fluttar á meðan á því stóð. Um ræður þessar ætla jeg eigi að dæma, enda álít jeg mig alls eigi þar til færán. Þegar menn höfðu skemt sjer þannig allt til klukkan sex e.h. hugðust menn til heimferðar; tóku menn saman matarílát sín, því hver einstakur hafði mat með sjer, komu þeim á vagn þann, er til þess var notaður að flytja hann, og fóru svo af stað. Heimferðin gekk með líku móti og ferðin að heiman, vorum 2 tíma á leiðinni frá Hafnarfirði að Skólavörðu gengum svo í skróðgöngu niður Skólavörðustíg, Bakarastræti og Lækjargötu og þaðan upp í skóla; var þá ferðinni til Hafnarfjarðar lokið og skildust allir með mestu virktum.<sup>1</sup>

### *Vernharður Þorsteinsson*

Vernharður fæddist árið 1884 á Oddeyri við Eyjafjörð. Hann lauk prófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1906 og las heimspeki og fagurfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Vernharður var blaðamaður um tíma í Þýskalandi, Sviss og Noregi, en kom heim til Íslands árið 1921 og varð kennari við Menntaskólann á Akureyri. Vernharður lést árið 1959.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Vernharður Þorsteinsson er lágur maður vexti en þrekinn. Hann er ljósleitur í framan og svipurinn unglegur og góðlegur, enda er Vernharður hið mesta ljós í öllum viðskiptum. Hann er tilfinningamaður og því fljótur að reiðast ef til

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1901. Vorpróf 1. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 483.

hans er lagt. Hann er beztu drengur, fjörugur og mjög fyrir skemtanir og glaðværð, þó er hann hófmaður um alla hluti [...]¹



*Segjið frá skólaferðinni til Hafnarfjarðar eða  
einhverri annari ferð sem þið hafið farið*

(1901)

Eg átti að fá að fara til Reykjavíkur í fyrsta sinni. Eg man, að eg hlakkaði mjög til ferðarinnar, en einkum hlakkaði eg til að sjá bæinn sjálfan, sem eg ýmyndaði mjer að væri mjög stór og skrautlegur. Mjer fannst, að dagarnir væru helmingi lengri, en þeir voru vanir að vera og því lengri, sem leið nær þeim degi, er eg átti að leggja af stað. Loksins kom þó dagurinn. Eg vaknaði snemma um morguninn, en mjer til mikillar hryggðar, heyrði eg talað um, að ekki liti út fyrir gott veður. Samt sem áður lagði eg af stað ásamt foreldrum mínum. Þegar við vorum komin rúmlega miðja leið, kom hellirigning. Þegar við vorum komin ofan í bæinn, sýndist mjer hann mjög fallegur, þótt veðrið væri vont; mjer sýndist húsin vera helmingi stærri en þau eru í raun og veru, og mjer sýndist allt vera fallegra og mikilfengara, en eg hafði gjört mjer í hugarlund. En sakir óveðursins gat eg lítið skoðað mig um. Eg kom í eina búð um daginn, og sýndist mjer varningurinn vera mjög fallegur, eins og nærri má geta. Um kveldið slotaði óveðrinu dálítið, og morguninn eptir var komið bezta veður. Eg skoðaði mig þá dálítið um og hjelt síðan af stað. Þegar eg kom heim, hafði eg frá mörgu að segja og hafði eg skemmt mjer vel, en þó sá eg, að það hefði verið tilvinnandi, að bíða einum degi lengur, því þá hefðum við fengið gott veður. Hefði jeg verið dálítið þolinmóðari, þá hefði jeg skemmt mjer miklu betur í Reykjavík, sem eg fjekk þá svo sjaldan að koma í.<sup>2</sup>

**Árni Árnason**

Árni fæddist á Seltjarnarnesi árið 1885. Hann lauk prófi frá Menntaskólanum 1906 og cand. med. prófi frá Háskóla Íslands 1912 (dr. med 1935). Hann var lengst af héraðslæknir í Dalahéraði, í Berufjarðarhéraði og Skipaskagahéraði. Árni lést árið 1971.<sup>3</sup>

1 Lbs 3364 4to – Skinfaxi 24. maí 1903, bls. 218-219.

2 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1901. Vorpróf 1. bekkur.

3 *Læknar á Íslandi*. Þriðja útgáfa. Ritstjóri Gísli Ólafsson (Reykjavík, 1984), bls. 23.

*Palladómur skólabræðra:*

Árni Árnason er fremur lágur og grannur enda ungur að aldri. Hárið ljóst og lítið eitt hrokkið, augun gráblá og alllagleg; alt er andlitið smáfellt og stúlkulegt – Árni er fyrirtaksnámsmaður enda les hann ágætlega og svo virðist sem hann hafi ekki áhuga á neinu [nema] „fögunum“ og ekkert gefur hann sig við skólamálum, en fyllir flokk „sumblunga“ [...]¹



---

1 *Lbs* 3364 4to – Skinfaxi 24. maí 1903, bls. 221.



## V. Hugsanir um himingeiminn

Nítjándi öldin var tími mikilla uppgötvana á sviði tækni og vísinda. Vísindapekking jókst stórum og ávaxtaðist með tilkomu rafmagnsins og annarra nýjunga. Á síðari hluta aldarinnar fóru að berast hingað til lands fréttir af hinum og þessum tækninýjungum sem voru í þróun, þar á meðal af loftförum og fjarskiptatækjum, nýjum eldunaraðferðum og framandi samgönguháttum.<sup>1</sup> Ekkert virtist standa í vegi fyrir möguleikum tækninnar, sem gaf tilefni til að ætla að brátt myndi jafnvel sjálfur himingeimurinn verða þaukannaður, og leyndardómar hans afhjúpaðir. Þannig birtist til dæmis frétt í *Ísafold* haustið 1887 þar sem sagt var frá nýjum stjörnu-sjónauka í Bandaríkjunum sem átti að vera svo öflugur „[...] að sjá megi innan skamms, hvort hús eða önnur meiri háttar mannvirki sjeu í tunglinu, í líkingu við það sem gerist á vorum hnetti.“<sup>2</sup>

Skólapiltar Lærða skólans bjuggu svo vel að Björn Gunnlaugsson (1788-1876), helsti stjörnufræðingur landsins á nítjándu öld, var kennari við skólann fram til 1862. Eftir Björn liggur meðal annars ritið *Njóla*, heimspekilegt kvæði um himingeiminn og tilvist Guðs sem gefið var út þrisvar sinnum á nítjándu öld og var afar vinsælt meðal almennings.<sup>3</sup> Kennsla Björns hefur eflaust vakið áhuga skólapiltanna á eðli og undrum himingeimsins.

Árið 1890, tæpum þrjátíu árum eftir að Björn hætti kennslu við skólann, voru skólapiltar í 2. bekk beðnir um að skrifa um himingeiminn. Efnid er víðfeðmt, enda skrifa piltarnir í háfleygum stíl, en eru jafnframt óhræddir við að láta hugann reika og segja meðal annars frá vangaveltum sínum um líf á öðrum hnöttum. Skrif þeirra endurspegla þær fjölbreyttu frásagnir er birtust í blöðum og tímaritum um himingeiminn á þessum tíma, og sýna hvernig fólk hugleiddi leyndardóma náttúrunnar.

1 Sjá nánar, Bragi Þorgrímur Ólafsson, „Fljúgandi loptbátar. Samtímafrásagnir af tækninýjungum 19. aldar í íslenskum dagblöðum.“ *Lifandi Vísindi* 11 tbl. (1999), bls. 80-81.

2 „Stjörnuturninn á Hamiltonfjalli.“ *Ísafold* 13. árg. 21. september 1887, bls. 179.

3 Sjá nánar: Einar H. Guðmundsson, „Björn Gunnlaugsson og náttúruspekin í Njólu.“ *Ritmennt* 8 (2003), bls. 9-78.

Hér eru meðal annars að finna ritgerðir eftir Sigtrygg Guðlaugsson (1862-1959) síðar prest og skólafrömuð á Vestfjörðum og Jón Blöndal (1873-1920) síðar lækni.



## *Himinhvelvingin*

(1890)

Himinhvelvingu köllum vjer vanalega hið bláa hvolf, sem sýnist hvelfast yfir höfðum vorum, en sem raunar er ekki annað en apturkast ljóssins í gufuhvolfi jarðarinnar. Undir þessari himinhvelvingu sýnast oss vera skýin, norðurljósinn og stjörnurnar, en þessir líkamir eru þó í mjög mismunandi fjarlægð frá jörð vorri.

Skýin eru í gufuhvolfinu. Við hita breytist vatnið á jörðunni í vatnsgufu, sem stígur upp í loftið og berzt um það, en þegar hún kemur á kaldari staði þá dregst hún saman og myndar skýin. Stundum eru þau dimm og þekja himinhvolfið, en stundum líta þau út sem bjartir flókar, er svífa yfir jörðunni og bera ýmsa liti, en þeir koma fram við geizlabrot ljóssins í vatnsdropunum.

Norðurljósinn eru lýsandi bjarmi, sem líka er nálægt jörðunni. Þau eru ekki bjartari en svo, að þau hverfa fyrir lítilli dagsbirtu. Mest sjást þau við heimskautin, minka eptir því sem fjær þeim dregur og hverfa í tempruðu beltunum. Mynd þeirra er mjög margbreytt, stundum blika þau í kyrrum ljósbogum, en stundum leiptra þau og berast um loftið með afarmiklum hraða. Eigi er mönnum fulljóst um eðli þeirra, en það telja menn víst, að þau sjeu rafurmagngreizlar frá heimskautum jarðarinnar.

Lengst frá jörðinni eru stjörnurnar. Þessir glampandi smádeplar, sem oss sýnast vera, eru mjög stórir hnettir, afar langt úti í geimnum, en fjarlægð þeirra frá oss og stærð er samt mjög mismunandi. Sólin sýnist oss langstærst af þeim, en það er einkum af því, að fjarlægð hennar frá oss er lítil í samanburði við fjarlægðir flestra hinna, og hún er svo björt að ljós hinna hverfur alveg fyrir ljósi hennar. Stjörnunum er skipt í tvo aðalflokka: sólir og jarðstjörnur. Sólinnar eru sjálflystar, en jarðstjörnur fá ljós sitt frá sólunum. Eigi vitum vjer neitt um aðrar jarðstjörnur en þær, sem renna í kring um vora sól; stærstar þeirra eru átta, og er jörðin hin þriðja af þeim að fjarlægðinni frá sólinni. Um sumar af jarðstjörnunum renna aptur smærri hnettir, þá nefnum vjer tungl og sjáum af þeim með berum augum eigi nema það, sem fer í kring um vora jörð.

Af jarðstjörnunum sjáum vjer með berum augum aðeins fjórar; allur sá fjöldi er vjer sjáum af stjörnum á heiðum næturhimni er því sólir, sem ljóma í gegn um geiminn frá ósegjanlegri fjarlægð. Um þær vitum vjer lítið, en það

litla, sem vjer vitum, bendir þó til þess, að þær sju mjög lítill partur af alheiminum og hafi jarðstjörnur um sig eins og vor sól, og að sá stjarnaskari sju byggður lifandi verum eigi síður en vor jörð.<sup>1</sup>

### *Sigtryggur Guðlaugsson*

Sigtryggur fæddist árið 1862. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum árið 1894 og prófi frá Prestaskólanum 1897. Hann var lengi sóknarprestur í Dýrafirði og prófastur í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi. Hann vann mikið að skólamálum á Vestfjörðum og ræktaði þar blóma- og trjágarðinn Skrúð. Sigtryggur lést árið 1959.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður á allan vöxt, bjartur á hár, eigi fríður, en mjög góðmannlegur og bauð af sjer hinn bezta þokka. Gleðimaður var hann eigi, en ætíð jafn þægilegur í viðmóti, og skipti eigi sinni sínu, að því er vjer vitum, meðan hann var í skóla. Gáfumaður í vissar stefnur, en þó mjög slakur í öllum málum að íslenzkunni undantekinni, en mjög skynsamur og prýðisvel máli farinn. Skáldmæltur er hann vel og ritaði talsvert bæði í bundnu og óbundnu máli. Fjelagsmaður ágætur og mikils metinn, og virtur fyrir stillingu og mannkosti af öllum sem hann þekktu. Reglumaður mesti.<sup>3</sup>



## *Himinhvelfingin*

(1890)

Himinhvelfingin, er vjer nefnum svo, sýnist oss hvelfast yfir höfðum vorum. Börnin skoða því þannig opt himinhvelfinguna sem líkamlegan og uppfeitan himinn eða hreifanlegt og útþanið tjald. En það eru eigi einungis börnin, er skoða himinhvelfinguna þannig. Það hefur og verið fyr á tímum trú manna og þjóða. Í goðafræði Grikkja heitir sá Atlas, er stendur undir himinhvelfingunni til að styðja hana og halda henni fastri, svo að hún ekki detti, og í trúarbrögðum vorum er himinhvelfingin nefnd festing, er virðist benda á svipaðar hugmyndir, nl. að hún sje sem líkamlegur himinn eða tjald, fest og þanin yfir jörðina. En nú eru menn komnir að raun um, að himinhvelfingin er ekki líkamlegur himinn. Hún er það, sem vjer sjáum lengst frá oss út í geiminum; og stjörnurnar, sem samkvæmt hugmyndum fornþjóðanna voru ljós til þess, að skreyta hvelf-

- 
- 1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1890. Vorpróf 2. bekkur.
  - 2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 415.
  - 3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1893-1894, bls. 93.

inguna og lýsa heiminum, eru hinir óteljandi hnettir og jarðlíkamir, sem vjer vitum nú og viðurkennum að til eru í alheiminum. Það er margt, sem getur styrkt oss í þeirri trú, að stjörnur þessar eru hnettir, t.d. hrapstjörnurnar, sem falla niður á jörðina og sýna oss, að stjörnur eru líkamir með sama eðli og jörð sú, er vjer búum á. Blik stjarnanna minnir oss á hinn hraða snúning jarðar vorrar. Og sjónaukar og útreikningar vísindamanna styðja eigi hvað minnst að því að færa oss heim sanninn um það, að til er ótölulegur hnattagrúi, og hafa flestir þeir hnettir, er menn þekkja nokkuð til, líkt jarðfræðiseðli og jörð vor. Ef vjer því þannig gætum ímyndað oss, að þar byggju menn, liti og himinhvelvingin eins út fyrir þeirra augum og vorum, og jörð vor sýndist þar eins og líttill ljósdepill.

Þá er vjer tölum um himinhvelvinguna, eigum vjer þannig við hinn óendanlega geim, og er vjer tölum um stjörnur, við hnetti þá, er svifa í honum. Hinar fögru hugmyndir vorar um ljósum skreytta hvelvingu þurfa alls eigi að raskast þessvegna, ef vjer gjörum oss grein fyrir eðli hvelvingar þeirrar og ljósa. Og þá megum vjer og eigum að dást að þessari hvelvingu, er vjer sjáum í kringum oss í svo dýrðlegum, stórkostlegum og mikilfenglegum stýl.<sup>1</sup>

### *Jóhann Briem*

Jóhann fæddist árið 1874. Hann lést við nám í Lærða skólanum árið 1892. Í *Íslenskum æviskrám* segir að hann hafi verið vel gefinn, skáldmæltur og ástsæll.<sup>2</sup>



## *Himinhvelvingin*

(1890)

Með spursmáli þessu verð jeg að álíta að maður eigi að segja frá hugsunum þeim, er vakna í brjóstum vorum þegar vjer sjáum himinhvolfið.

Hugsanir þær er fyrst vakna hjá oss, þegar vjer sjáum himinhvolfið alþakið af stjörnum, er að hugsa um almætti þess, er skóp allan þennan fjölda af sólum, reikistjörnum og tunglum, er vjer sjáum og undrast fegurð þeirra; því næst verður manni að hugsa um verur þær, er á þeim hljóta að búa og um það hversu fullkomnar þær sjeu, því ekki er það líklegt, að guð hafi skapað himintunglin einungis til þess að lýsa jörðinni, heldur hafi þau annað hlutverk, og því heldur sem jörð vor mundi líta eins út, ef vjer sæum hana frá einhverri annari reikistjörmu eins og hún lítur út frá oss, því ólíklegra er að hún ein sje byggð af verum

1 *Þí* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1890. Vorpróf 2. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, (Reykjavík, 1950), bls. 23.

og að á öllum hinum hnöttunum sje ekkert líf, en þar sem að margar reiki-  
stjörnur sýnast vera ennþá fullkonnari en jörðin þá verður maður einnig að  
álíta að á þeim búi ennþá fullkonnari verur.

Stjörnunum öllum er skipt niður í hópa, sem eru nefndir sólkerfi, í sólkerfi  
voru eru aðeins ein sól, sem að allar reikistjörnurnar ganga í kringum og svo  
tunglin, sem fylgja þeim, ganga bæði í kringum þær og fylgja þeim á braut  
þeirra kringum sólina, og að endingu snúast þau um mündul sinn eins og reiki-  
stjörnurnar; þar á móti stendur sólin kyr, eða breitir aðeins lítið eitt stöðu sinni  
í sólkerfinu. Í flestum þeim sólkerfum, er vjer þekkjum eru fleiri fastastjörnur  
eða sólar og eru þær allar í margra miljóna mílna fjarlægð frá jörðunni; sólin í  
sólkerfi voru er 20 miljónir mílna frá jörðunni.<sup>1</sup>

### *Jón Blöndal*

Jón fæddist árið 1873. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1888, lauk burt-  
fararprófi 1894 og læknaprófi 1898. Hann var lengst af læknir í Borgarfjarðar-  
héraði. Jón lést árið 1920.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður; þrekinn. Afarlotinn í herðum. Meðallagi gáfaður, en las ekki vel,  
stundaði þó talsvert náttúrusögu og eðlisfræði; var svinheppinn við próf.  
Stökkmaður mikill og fifldjarfur, en óliðlegur og klaufalegur. Þótti gott í staup-  
inu en drakk þó eigi til lýta. Fjelagsmaður dágóður.<sup>3</sup>



## *Himinhvelfingin*

(1890)

Himinhvolfið er bústaður allra sóla, stjarna og tunglna. Sólinnar eru þeir einu  
hnettir, sem eru bjartir og veita öðrum hnöttum ljós; tunglin veita stjörnunum  
birtu um nætur af því ljósi, sem þau fá frá sólinni; stjörnurnar veita einnig hver  
annari ljós. Sólin hitar jörðina og viðheldur lífi manna og skepna; hún hitar og  
einnig vötn og höf; þar af leiðir að nokkur hluti vatnsins breytist í gufu og  
verður að skýjum; þegar skýin kólna breytist gufan aptur í vatn, fellur í drop-  
um niður á jörðina og veitir jurtum vöxt og viðgang. Ef kuldinn verður svo  
mikill að gufan frjósi, verður hún að snjó og fellur niður í smá kornum.

Himinhvelfingin er óendanlega stór, og í henni eru óteljandi sólar tungl og

- 
- 1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1890. Vorpróf 2. bekkur.
  - 2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 78.
  - 3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1893-1894, bls. 93.

stjörnur. Jörðin er ein af stjörnunum. Að öllum líkindum eru hinar aðrar stjörnur einnig byggðar, þó mönnum sje með öllu ókunnugt um hvernig þeim verum sje varið, sem þar búa.

Þegar maður er staddur úti um haust eða vetrarkvöld í heiðskýru veðri og virðir fyrir sjer hinn óteljandi fjöldi stjarna og himintungla, þá hlýtur maður að verða hrifinn af gleði og unun, því fátt sjer maður fegurra. Einnig er það skemtilegt að vera staddur úti á fögru sumarkvöldi, er kvöldroðin ljómar sem eldský við sjóndeildarhringinn og sjá sólina senda sinn rauða ljóma á fjalla tindana og að endingu hverfa, til þess einnig á hinum sama sólarhring að lýsa öðrum heimshlutum.<sup>1</sup>

### *Jón Benediktsson*

Jón hvarf frá námi við Lærða skólann veturinn 1890-1891.



---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1890. Vorpróf 2. bekkur.

## VI. Hjátrú og vantrú

Töluverð áhersla var lögð á kristilegar dyggðir og trúarlegt uppeldi í Lærða skólanum. Morgunbænir fóru fram í upphafi hvers skóladags og á kvöldin var farið með kvöldbænir, sungnir voru sálmar og lesið úr guðsorðabókum. Þá kváðu reglur skólans á um að skólapiltar áttu að sækja reglulega guðsþjónustu í Dómkirkjunni.<sup>1</sup>

Í ritgerðunum hér á eftir er fjallað um kristna trú og piltarnir beðnir að taka afstöðu til ýmissa þátta er snerta trúarlífið. Ritgerðirnar endurspeglar þá miklu áherslu sem virðist hafa verið lögð á að greina á milli kristinnar trúar og hjátrúar, og hve slík tengsl voru álitin óæskileg. Í kaflanum má einnig finna ritgerðir þar sem piltarnir fjalla um trúna á réttlæti og fyrirætlanir Guðs. Þar má greina sterka trú á forsjá Guðs, að hann muni ávallt haga kjörum og lífsferli manna eftir réttri braut. Slíka trú má finna víða í heimildum frá átjándu öld og fram eftir þeirri nítjándu.<sup>2</sup>

Meðal höfunda eru Hannes Hafstein (1861-1922) síðar ráðherra og Jónas Jónasson frá Hrafnagili (1856-1918) síðar prestur.



*Í hverju er hjátrú fólgin? Hverjar eru afleiðingar hennar? Og með hverju á að bægja henni burtu?*

(1852)

Í orðinu *hjátrú* liggur, að mennirnir hafi einhverja aukatrú, auk hinnar almennu trúar, sem á að vera í fyrirrúmi hjá þeim. Hjátrú er í því fólgin, að mennirnir snúa ekki öllu trúarljósi sínu að hinu sanna, heldur aðeins nokkrum hluta þess; af þessu verður trúin á sundrung og í pörtum og samsafn af rjettum og röngum

1 Sumum fannst þó sem þessar athafnir hefðu lítil trúarleg áhrif á sig. Sjá nánar, Heimir Þorleifsson, *Saga Reykjavíkurskóla* II, bls. 61-64. Björn M. Ólsen felldi niður skyldumessu skólapilta þegar hann varð rektor árið 1895.

2 Gunnar Halldórsson, „Lútherskur rétttrúnaður og lögmál hallæranna,“ bls. 46-57; Bragi Þorgrímur Ólafsson, „Í þágu niðjanna,“ bls. 4-11.

trúargreinum, en ekki nein andleg heild, eins og hún á að vera. Það köllum vjer og hjátrú, að trú á því, að til sjeu einhverjar huldar verur, er geti gjört oss gagn eða skaða, án þess þó að vjer trúum á þær t.a.m. álfar, draugar og dísir.

Hjátrú er því í því fólgin, að rangfæra trúna og bæta inní hana röngum trúargreinum, sem henni eru ósamhljóða, ef rjett er að gáð.

Afleiðingar hjátrúarinnar eru mjög margvíslegar, og fara þær eptir eðli hjátrúarinnar; í því eru þær þó hver annari líkar, að hjátrúin veiki trúna, gjörir hana reykula og daufa, og getur jafnvel rangfært hana með öllu. Af þessu getur maðurinn leiðst í trúarvingl og veit ekki hverju hann á að trúá; hann getur ekki gjört mun á trúnni og hjátrúnni; blandar hann þeim því saman, og verður þannig trú hans blönduð og rangfærð af hjátrúnni. Fari maðurinn að komast að raun um, að þessi trú hans er rangfærð orðin, en geti þó ekki skilið það rjetta og ranga, þá er hætt við, að úr því verði með tímanum trúarleysi, því maðurinn vill heldur enga trú en þá trú, sem hann veit að er röng, ef hann getur ekki lagfært hana og hreinsað frá villunni.

Að bægja hjátrúnni í burtu, þegar hún er orðin mögnuð, er ekki svo auðvelt, því til þess þarf maðurinn fyrst að komast að raun um, í hverju hún er fólgin, þ.e. hann hlýtur að þekkja hjátrúna, svo að hann geti ráðist á hana af alefli og losað sig við hana. Til þess að þekkja hjátrúna, verður maðurinn kostgæfilega að bera trú sína saman við trúarbækurnar og sjá í þeim, í hverju honum hefur skeikað, og gjöra sjer svo far um að burtrýma öllu því úr trú sinni, sem trúarbókunum er ekki samhljóða. En til þess, að hann geti þetta, verður hann að glæða trúarljós sitt af fremsta megni og hafa sjer svo til stuðnings almenningsálitið, því sje hann einn um að dæma, hvað sje rjett eða rangt, getur honum auðveldlega skeikað og síðari villan þannig orðið lík hinni fyrri.<sup>1</sup>

### *Jón Jónsson*

Jón fæddist árið 1830. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1846, lauk burtfararprófi árið 1853 og prófi frá Prestaskólanum 1855. Hann var lengst af prestur á Vopnafirði. Jón lést árið 1898.<sup>2</sup>



---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1847–1848, 1852.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 204–205.



*Í hverju er hjátrú fólgin? Hverjar eru afleiðingar hennar? Og með hverju á að bægja henni burtu?*

(1852)

Hjátrúin er fólgin í því að leggja trúnað á það, sem menn geta hvorki haft nokkra fullvissu um, að nokkur hæfa sje fyrir eða gjört sjer það skiljanlegt með skynseminni, að svo hljóti að vera. Menn trúa öllu því í blindni, sem eitthvað þykir undarlegt og frábrugðið hinu eðlilega og almenna, án þess að gefa gætur að hinni sönnu trú og skynseminni. Hjátrúin er ávallt byggð á röngum grundvelli, annaðhvort ósannri sögusögn, gömlum ímyndunum, ómarkverðum fyrirburðum eða röngum hugarburði sjálfra manna osfrv., og er þannig gagnstæð hinni sönnu trú.

Öll hjátrú hlýtur ávallt, að deyfa hina sönnu trú mannsins, og kæfa tilfinningu hins sanna og rjetta. Hjátrúin fær mannum optlega mikils tjóns og kemur honum einatt til að fremja margt það, sem hann hefði ella látið ógjört. Hjátrúin leiðir manninn í villu. Hinn hjátrúarfulli þykist jafnan fullviss um það, sem hann hlýtur að sjá seinna, að eigi var annað, en rangur hugarburður, og þannig steypir hann optlega bæði sjálfum sjer og öðrum, í glötun, og eru þetta afleiðingar hjátrúarinnar.

En til þess að geta rýmt hjátrúnni í burtu úr hjarta sínu, verður hinn hjátrúarfulli fyrst og fremst, að láta sjer það skiljast, að hann fari villur vegar og fá þannig viðbjóð á hjátrúnni; en til þess, verður hann, að afla sjer ljósrar þekkingar á guði, í orði hans og gjöra sjer þannig ljóst og skiljanlegt, hver sje hin eina og sanna trú. Þannig eflist þá smátt og smátt sannleikstilfinningin, og hið sanna trúarljós, er hjátrúin hafði deyft, hlýtur að glæðast aftur og maðurinn að öðlast þann styrk og staðfestu, sem er nauðsynleg til þess að verja sig fyrir árásum hjátrúarinnar.<sup>1</sup>

### *Gunnlaugur Blöndal*

Gunnlaugur fæddist árið 1834. Hann var tekinn í Lærða skólann 1848 og lauk burtfararprófi 1854. Hann hélt til Kaupmannahafnar og lauk lagaprófi þar 1863 og var lengst af sýslumaður í Barðastrandarsýslu. Hann lést árið 1884.<sup>2</sup>



1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1847-1848, 1852.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. II. bindi, bls. 209-210.

*Í hverju er hjátrú fólgin? Hverjar eru afleiðingar hennar? Og með hverju á að bægja henni burtu?*

(1852)

Hjátrú er, þegar maðurinn trúir á eitthvað annað, en það, sem honum er boðið að trúa á í Ritningunni. Hún kemur af því, að maðurinn missir sjónar á guði og eiginlegleikum hans, og getur hún verið margbreytt. Þegar maðurinn hefur misst sjónar á guði, fer hann að leita að einhverju í þessum sýnilega heimi, sem geti gefið honum vonir, og af hverju hann geti sjeð, hvað fram við sig muni koma, leiðist hann þá oft til að skoða náttúruna og tekur mark á ímsum fyrirburðum í henni, sem hann þá þýðir uppá sjálfan sig, og heldur að muni annað hvort verða sjer fyrir góðu eða illu. Þannig tekur hann mark á rás höfuðskepnanna og svo einnig á hverju eina smá atviki, sem fyrir ber í daglega lífinu. Hann trúir ekki eingöngu á sýnilega viðburði, heldur ímyndar hann sjer, að til sje einhver andaheimur, og verur þær, sem hann byggja, álitur hann sumar góðar og sumar illar, sem hartnær á hverjum degi hafi einhver áhrif á manninn. Verum þessum gefur hann ýmiss nöfn og kallar þær t.a.m. varðengla, fylgjur, apturgöngur, uppvakninga o.sv.frv., og trúin á þær svo rík hjá sumum, að þeir þykjast sjá þær og fá að kenna á þeim. Hinn hjátrúarfulli trúir og mjög á djöfulinn eða hið vonða, og heldur að mannum sje ekki unað, að komast hjá verkunum hans, þegar þær beri að.

Af hjátrúnni leiðir, að maðurinn trúir ekki á forsjón guðs, en heldur að allt, sem við ber í heiminum verði af einhverri hendingu (casualismus) og lætur náttúruna vera verkandi í öllu og þá tignar hann skepnuna fram yfir skaparann, það er: verður heiðingi.


Vegurinn til að útrýma hjátrúnni er: að gjöra sjer ljósa hugmynd um guð og eiginlegleika hans, bera þá síðan saman við náttúruna og þá mun hver einn fljótt komast að raun um, að þeir birtast þar; einnig sýnir fallvaltleiki náttúrunnar, að hún yrði að líða undir lok, væri henni ekki stjórnað af æðra krafti, af því sjest, að hún er sköpuð en getur sjálf ekki skapað neitt. Þegar maðurinn er kominn að raun um þetta, leiðist hann til að trúa á þessa veru, sem allt hefur skapað og viðheldur öllu, og burtrýmir hjátrúnni, eða allri annari trú, en á handleizlu þessarar veru.<sup>1</sup>

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1847-1848, 1852.

## Magnús Hannesson Stephensen

Magnús fæddist árið 1832. Hann var tekinn í Lærða skólann 1847 og lauk burtfararprófi árið 1853. Hann lést við laganám í Kaupmannahöfn árið 1856.<sup>1</sup>



### *Hvernig eflir traustið til guðs fullkomnun hvers þess manns, sem það hefur?*

(1855)

Traustið til guðs er sú fasta og örugga sannfæring, að guð stjórnir heiminum með speki og gæðsku, og leiði allt að hinu bezta miði, bæði hið einstaka og hið gjörvalla. Það er þessi sannfæring, sem veitir mönnum ósigranlegt hugrekki, gjörir menn alla jafna ánægða með kjör sín og gefur mönnum von um það, að menn öðlist umbun fyrir staðfestu sína í hinu góða.

Sá, sem treystir guði, hefur þá sannfæring, að hann styrki sig í öllum góðum áformum og verkum; hann lætur því ekki mótspyrnur eða tálmanir aprta sjer frá hinu góða, heldur ræðst hann í það og heldur því fram eptir megni. Alla jafna er hann ánægður og kvíðalaus; hann lætur ekki örvinglæzt af mæðu heims þessa, heldur gjörir hann sig ánægðan með allt, sem fyrir hann kemur, hvort sem það er blítt eða strítt; þetta kemur til af því, að það er hans sannfæring, að allt sem fram við hann kemur, miðið honum til góðs, miði að því, að leiða hann að hans rjetta takmarki. Hann hefur von um umbun; þá von fær hann af traustinu til guðs á þann hátt, að hann sjer, að það er samkvæmt speki og gæðsku guðs, að þeir verði sælastir, sem bestir eru. Þessi von eflir menn, til þessu, að gjöra ekki annað, en það, sem eptir sannfæringu þeirra, er gott, því umbunar geta menn ekki vænt sjer, nema menn sjeu staðfastir í hinu góða.<sup>2</sup>

## Davíð Guðmundsson

Davíð fæddist árið 1834. Hann lauk prófi frá Lærða skólanum 1855 og frá Prestaskólanum 1857. Hann var lengst af prestur á Möðruvöllum og jafnframt þingmaður Skagfirðinga 1869-1873. Davíð lést árið 1905.<sup>3</sup>



1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 456.

2 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1855.

3 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. I. bindi, bls. 306.

## *Að lýsa vantrú og hjátrú og bera þær saman*

(1880)

„Trúin er örugg eptirvænting þeirra hluta, sem menn vona og föst sannfæring um það, sem þeir ekki sjá“ segir ritningin. Hún er sannfæring um, að guð sje sannur guð, að hann hafi alla þá eiginlegleika, sem sönnum Guði eru eignaðir og stöðugt traust til þess, að hann láti náð sína koma fram.

Skortur á þessari hreinu trú er vantrú. Hún getur í fyrsta lagi verið efi um það, að guð sje til, því hinn vantrúaði getur ekki verið viss um, að neitt sje til, sem hann eigi þykist hafa líkamlegar sannanir fyrir. Af þessum efa hjá honum sprettur aptur efi í öllum öðrum trúarefnum, og sje sá efi mikill, getur hann orðið algjört trúleysi. Vantrú í vægari merkingu er skortur á krapti trúarinnar, svo að þótt maðurinn játi og finnist hann trúa því, að guð sje almáttugur og góður, þá verður hann þó efablandinn ef í raunir rekur, en það sprettur aptur af því sama, að trúin er eigi sterk; vantrúin er mjög almenn, því að með því að mennirnir eru aðeins ófullkomnir menn, þá eru þeir „veikir að trú“<sup>1</sup>, en því minni sem vantrúin er, vantrú hjá alþýðunni, og þegar vantrúin var komin, þá gátu heimspekingarnir fornu komið henni til að láta sannfærast af öllu, sem þeir gátu varið með rökum, og þá kom trúleysið; en þá var gatan rudd fyrir ljós kristinnar. Líkum gangi getum vjer og fylgt í hinni kristnu trú, þegar hjátrú og hgegiljur kaþólskunnar koma upp og blandast saman við hið hreina einfalda, þar til er menn hætta að trúa þeim, verða vantrúaðir á þær, og hinir miklu endurbætendur rísa upp. En nú á dögum er vantrúin meira eða minna drotnandi, að minnsta kosti í hinum menntaða heimi.<sup>1</sup>

### *Hannes Hafstein*

Hannes fæddist árið 1861. Hann var tekinn í Lærða skólann 1874 og lauk burtfararprófi 1880. Að því loknu hélt hann til Kaupmannahafnar þar sem hann lauk prófi í lögfræði árið 1886. Hannes vann við landsyfirdóminn 1887-1889 en varð þá ritari á landshöfðingjaskrifstofu. Árið 1895 varð hann sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði. Hannes var ráðherra Íslands 1904-1909 og 1912-1914. Hann er jafnframt kunnur af ljóðum sínum. Hannes lést árið 1922.<sup>2</sup>

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1880. Vorpróf 6. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. II. bindi, bls. 312.

### *Palladómur skólabræðra:*

Gildur meðalmaður á hæð, herðabreiður og íturvaxinn, fríður sýnum og höfðinglegur. Gáfaður í bezta lagi og vel að sjer í námsgreinum en stundaði ekki eitt öðru fremur. Skáldmæltur vel og orðheppinn. Mikils metinn af skólabræðrum sínum; góður reglumaður.<sup>1</sup>



### *Að lýsa vantrú og hjátrú og bera þær saman*

(1880)

Vantrú og hjátrú eru tvær systur, sem um aldur og æfi hafa haldizt í hendur til þess að verða mannkyninu og hinu andlega lífi þess til meins og spillingar. Báðar eru í rauninni andstæðar og togast á, því að önnur rífur niður það, sem hin byggir; en allt fyrir það hafa þær mjög líkar afleiðingar.

Það er vantrú að trú á því eigi í guðlegum og trúarlegum efnum, sem heilög ritning kennir oss, og neita því. Hún sprettur annaðhvort af heimsku hjá mannum og skilningsleysi, því að heimskinginn segir í hjarta sínu: „Það er enginn guð“, eða og af vísindalegum sjálfbyrgingsskap og hroka innra hjá mannum, þegar hann þykist hafa sannað með vísindalegum sniðvegum og heimspekilegum sannanflækjum, að trú vor og undirstöðuatriði hennar geti með engu móti staðizt. (t.d. Feuerbach o.fl.). Slíkir menn neita, sumir meiru, sumir minna af frumgreinum hennar.

En um leið og þeir neita því, sem vjer eigum að trú á, og neita ritningunni og dæma hana, sem er „innblásin af guði“, þá setjast þeir í dómarsæti yfir guði, skeyta ekkert um boð hans eða bann, drepa niður í hjarta sínu alla tilfinningu fyrir siðgæði, sem sprettur af trú, og hættir þá við að leiðast til lastafulls líferniss, af því að eðli hans er í sjálfu sjer illt. Slíkir menn hafa ekki við neitt að styðjast, þá er í mót blæs; þeirra eiginn sjálfsbyrgingsskapur og vantrú meinar þeim að leita sjer huggunar í trúnni og heil. ritningu, svo að þegar ógæfan og mótlætið ber að, verður ófyllandi tóm í hjarta þeirra, og þar býr að eins gremja og hatur í stað undirgefni og barnslegrar viðurkenningar á hinn vísadómfullu stjórn guðs á heiminum.

Það er hjátrú að trú á ýmsu fleiru, auk þess, sem stendur í heil. ritningu, eða þá öðru í þess stað. Orðið vantrú er aðeins haft í trúarefnum, en orðið hjátrú er og haft um annað, t.a.m. trú á drauga, galdra og gjörninga o.fl. En þesskonar hjátrú tala eg ekki hjer um. Hjátrúin er mjög fús á að trú á öllu því, sem er óeðligt og fjarstætt, og leiðist því opt til að trú á tvennu, þó að það kunni að vera

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1879-1880, bls. 89.

gagnstætt. Hjátrú í trúarefnum má telja sumt í hinni kaþólsku kirkju, t.d. trúna á „opera superrogatoria“, (sbr. ónýtir þjónar erum vjer, sem ekki höfum gjört meira, en oss var boðið.) og syndalausnarsöluna. Kaþólskir menn trúa, að helgir menn hafi gjört meira en krafizt er, og geti svo gjörzt meðalgangarar vorir hjá guði, og þeir trúa því, að páfar og klerkar geti fyrirgefið syndir sínar fyrir guðs hönd fyrir peninga!! Slík trú getur eigi gilt fyrir guði, sem að eins heimtar hreint hjarta, sanna iðrun og lifandi trú, en maðurinn í fávizku sinni trúir fyrirgefningu syndanna fyrir fje og er öruggur og óhræddur í hjarta sínu. Hjátrúin sprettur af fávizku og heimsku en aldrei af vísindalegum hroka; vantrú og menntun eru opt samfara, en hjátrú og menntun aldrei.

Það vill opt verða örðugt að ryðja hjátrúnni úr hjarta mannsins, en ef það heppnast, öðlast hann annaðhvort sanna þekking á náðarlærdómi guðs eða verður vantrúaður, og er þá hætt við, ef svo fer, að hann vilji framar engu trúa en því, sem skynsemi hans fær gjört sjer grein fyrir; þannig tekur þá vantrúin við af hjátrúnni. Vantrúaður maður leiðist aptur á móti mjög opt til viðurkenningar á sannindum guðs orðs og opinberunarinnar, þegar mótlætið ber að höndum og gjörist oft trúaður með aldrinum við reynslu lífsins, kannast við villu sína, og auðmýkir sig fyrir guði.

Þegar hjátrú og vantrú eru bornar saman, þá sjest fljótt að báðar eru hver annari andstæðar, en hafa þó sviplíkar afleiðingar: þær spilla trúarlífi mannsins, hamla honum frá sannri þekkingu á guði og hans náðarráðstöfunum og frá því að gefa sig með sannri og barnslegri auðmýkt undir hans vísdomsfulla og gæzkuríka vilja. En þær gjöra það sín á hvern hátt: vantrúin með því að trúa eigi náðarráðstöfunum guðs, hjátrúin með því að eigna öðrum guðs verk (t.d. fyrirgefning syndanna verðskuldun helgra manna, og hún fæst fyrir fje). Vantrúin trúir fáu og litlu; hjátrúin trúir röngu. Vantrúin getur ekki beðið; hjátrúin getur beðið heitt og innilega. Vantrúin hefur vantraust á guði; hjátrúin oftraust á guði eða þeim, sem hún ætlar hans erindreka. Báðar eru því rangar, og hafa illar afleiðingar fyrir manninn og hans innra ástand, en þó verður hjátrúin að illu til betri, því að hún er þó einhver trú, en vantrúin engin trú; kemur því í þessu tilfelli um öðru fram sannleikur hins forna orðtækis: „Öllu að trúa er ekki gott, en engu hálfu verra“.<sup>1</sup>

### *Jónas Jónasson (frá Hrafnagili)*

Jónas fæddist árið 1856. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1875, lauk burtfararprófi 1880 og prófi frá Prestaskólanum 1883. Hann var lengst af prestur í Eyjafirði og kennari á Akureyri. Jónas bjó á Hrafnagili og er kenndur við þann

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1880. Vorpróf 6. bekkur.

stað. Hann er einna þekktastur fyrir rit sitt *Íslenskir þjóðhættir* sem Einar Ólafur Sveinsson bjó til útgáfu árið 1934. Jónas lést árið 1918.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Afarstór, fremur grannvaxinn og bar höfuð yfir flesta pilta og var því opt nefndur Jónas langi. Eygður manna bezt. Gáfaður ágætlega, skáld gott og fjölfróður. Las manna mest, einkum skáldskaparrit, bókfræði (Literatur) og heimspeki. Heilsutæpur einkum á hinum síðari skólaárum sínum. Bezti reglumaður.<sup>3</sup>



## *Að lýsa vantrú og hjátrú og bera þær saman*

(1880)

Vantrúin er í því fólgin, að efast um þá lærdóma í trúarefnum sem gengið hafa frá kyni til kyns, öld eptir öld, og fengið hafa staðfesting af guði sjálfum fyrir opinberunina í holdinu. Vantrúaðir menn efast um sannleika trúarlærdómanna, með því að þeir leyfa skynsemi sinni aðgöngu að þeim, og að svo miklu leyti sem skynsemi þeirra fær ekki skilið leyndardóma trúarinnar, þá draga þeir efa á sannleika þeirra og neita þeim jafnvel með öllu. Trú þessara manna er því engin trú, því að þar, sem er fullkomin vissa fyrir, hvort sem það lýtr að trúarbrögðunum eða einhverjum öðrum atburði í sögu mannkynsins, þá getur trúin eptir eðli sínu ekki komizt þar að, og hennar þarf þar heldur ekki við. Um vantrú er einkum talað í sambandi við trúarbrögðin, en hún getur einnig komið fram og kemur fram í mörgum öðrum greinum mannlegs lífs, þegar menn efast um sannindi sögulegra viðburða eða rengja frásögu áreiðanlegra manna, svo framarlega sem þeir ekki geta sjálfir gengið úr skugga um það með rannsókn-um eða sjeð það með sínum eigin augum.

Hjátrúin er aptur á móti í því fólgin, að menn skapa sjer með ímyndunarafli sínu ýmisleg atriði samhliða trúargreinunum og leggja þau til jafns við hina verulegu, sönnu trúarlærdóma, eða með öðrum orðum, þeir gjöra engan mun á guðs opinberaða orði og því, sem hugþótti þeirra sjálfra segir þeim, hversu fjarstætt sem það kann að vera annaðhvort ritningunni eða röksemdum heilbrigðrar skynsemi. Sum atriði í trúargreinum hinna ýmsu, kristnu trúarbragða má beinlínis skoða sem hjátrú, með því að þau hafa ekkert við að styðjast, hvorki í ritningunni nje í því, sem skynsemin getur tekið til greina og fært rök að. Trúarbrögð heiðingjanna eru eptir vorum skilningi hvorki vantrú nje hjátrú;

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 336-337.

2 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1879-1880, bls. 89.



vantrú eru þau ekki fyrir þá sök, að flest þeirra, ef ekki öll, eru upprunaleg, sprottin af hugsjónarafli þjóðanna, en styðjast við ekkert eldra og hafa því ekki til orðið samhliða því eða út úr því, þó að þau hafi með tímanum lagast og breytt á margan hátt; hjátrú eru þau ekki af því, að þau hafa ekki rót sína í hinu opinbera orði guðs og eru því ekki sprottin af því, að trúarlærdómarnir hafi verið rangfærðir; trú margra heiðingja hefur líka verið mjög sterk, þeir hafa ekki efast um sannleika sinna trúargreina og hafa haft óbifanlegt traust á guðunum.

Þegar því vantrúin er borin saman við hjátrúna, þá kemur það í ljós, að vantrúin er efasemi bæði á sannindum trúarbragðanna og annara sögulegra viðburða, er menn ekki vilja taka til greina leyndardóma trúarinnar og segja, að þeir sjeu einber, ástæðulaus heilaspuni, sprottinn af fávizku og hindurvitnum óviturra manna, eða þeir rengja áreiðanlegleik og sannleiksást sögumanna sinna; hún lýtur þess vegna að því, að veita því eina fullkomið gylði, sem með engu móti má efa og styðst við óbyggjandi vissu; hjátrúin tekur aptur á móti margt og mikið fyrir góða og gylða vöru, sem er nær því eða með öllu ástæðulaust og fyllir þannig upp í skörðin og skapar sjer ef til vill nýjan heim með eintómum heilaspuna og ástæðulausum hindurvitnum. Þegar á allt er litið, þá verður vantrúin betri og affarasælli, þó því að eins, að henni sje haldið innan sinn rjettu vjebanda, með því að hún leitar þó sannleikans með ástæðum og vill færa sennileg rök að öllu, ella þykir henni það einskis virði, þar sem hjátrúin hirðir ekki svo mikið um ástæðurnar, heldur tekur það, sem hún á annað borð getur fellt sig við, sem heilagan sannleika. Vantrúinni eða efasemdinni má einnig segja það til lofs, að fyrir hennar hvatir hafa mennirnir aflað sjer margvíslegrar þekkingar á ýmsum efnun, sem ella hefði legið í dáí.<sup>1</sup>

### *Pálmi Pálsson*

Pálmi fæddist árið 1857. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1874, lauk burtfararprófi 1880 og magisterprófi í norrænum fræðum við Kaupmannahafnarháskóla árið 1885. Hann var lengst af kennari í Lærða skólanum (síðar Menntaskólanum í Reykjavík). Pálmi lést árið 1920.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Gildur meðalmaður á hæð, þrekvaxinn og karlmannlegur, háttprúður og hóglátur. Gáfaður vel og las mikið; lagði einkum stund á íslenzku og fornfræði; vel metinn og umsjónarmaður í sínum bekk alla sína skólatíð; reglumaður í bezta lagi.<sup>3</sup>



1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1880. Vorpróf 6. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 150.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1879-1880, bls. 90.



## *Hvernig getur vonin um annað líf stuðzt við trúna á guðs rjettlæti?*

(1881)

Þegar maðurinn virðir þessa spurningu fyrir sjer, þá liggur næst fyrir að skoða, í hverju rjettlæti guðs sje fólgið og því næst, í hvaða sambandi vonin um annað líf geti staðið við trúna á rjettlæti hans. Rjettlæti guðs er fólgið í því, að hann geldur sjerhverjum eptir því, sem hann hefur unnið, hvort heldur það er gott eða vont; rjettlæti guðs er tvenns konar: hegnandi, þegar guð hegnir oss fyrir illvirki vor og er það kallað reiði guðs, eða þá rjettlæti hans kemur fram eins og umbunandi, þegar hann launar oss fyrir þau góðverk, er vjer vinnum; þó kemur rjettlæti hans opt og einatt eigi fram í þessu lífi, því það ber tíðum við, að þeir, sem guðhræddir eru og góðir, eiga við bág kjör að búa, en hinir guðlausu menn, sem ekkert gott verk vinna, eru hinir auðugustu og í miklum metum; eins eru opt hinir guðhræddustu menn litlum gáfum gæddir, þar sem guðleysingjarnir aptur á móti eru gæddir miklum sálargáfum. Allt þetta sýnir, að umbunin kemur sjaldan fram í þessu lífi, heldur á jafnvel hið gagnstæða sjer stað, en það gjörir hinn alvísi guð til hins bezta fyrir oss, og opt er svo, að þá, sem auðugir eru og eigi hugsa um annað en að afla sjer auðs með hvaða móti sem er, þá litillækkar guð og sviptir þá auð sínum, einungis til þess að vita, hvort þeir eigi bæti ráð sitt.

Ef vjer því trúum og treystum því, að guð sje rjettlátur og gjaldi hverjum einum eptir sínum verkum, hvernig getum vjer þá annað en búizt við öðru lífi? Þegar vjer sjáum það, að á þessari jörðu verða sumir að búa við eynd og volæði en sumir aptur á móti við dýrð og dálæti, jafnvel þótt fátæklingurinn ætti það miklu fremur skilið, þá getum vjer ómögulega ímyndað oss annað, en að guð láti einhvern tíma í öðru lífi rjettlæti sitt fram á oss koma; því ef ekkert líf væri til eptir þetta, ef hinn jarðneski dauði væri endir alls lífs, þá kæmi guðs umbunandi eða hegnandi rjettlæti aldrei fram á oss, og þá gæti guð eigi verið rjettlátur.

Það leiðir því af trúnni á guðs rjettlæti, að vjer vonumst eptir öðru lífi en því líkamlega, en vjer megum ekki álíta, að jarðnesk gæði fari eptir verðleikum manna, því stjórnn guðs er margvísleg, og hann vill ekki uppræta illgresið undireins, heldur bíður hann af langlundageði sínu eptir bót og betrun vorri.<sup>1</sup>

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1881. Miðsvetrarpróf 5. bekkur.

## *Sigurður Thoroddsen*

Sigurður fæddist árið 1863. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1882 og prófi í verkfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1891. Hann var landsverkfræðingur á árunum 1893-1905 og síðar kennari við Menntaskólann í Reykjavík, yfirkennari á árunum 1920-1935. Sigurður lést árið 1955.<sup>1</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Lítill, en þrekvaxinn, feitlaginn og freknóttur, fríður vel. Sterkur og snar. Ekki iðnismaður, en vel lagaður fyrir stærðfræði. Fáskiptinn, góður drengur.<sup>2</sup>



## *Hvernig getur vonin um annað líf stuðzt við trúna á guðs rjettlæti?*

(1881)

Einn af eiginlegleikum guðs er, að hann er rjettlátur, það er, að hann geldur einum og sjerhverjum eptir hans verkum eða eptir því, hvernig hver og einn hefur í þessu lífi breytt, vel eða illa. En menn fá ekki ávallt umbun gjörða sinna í þessu lífi, heldur dregur guð einatt að launa hinum góðu og guðhræddu mönnum þangað til eptir dauðann; hinum óguðlegu hegnir hann ekki heldur ávallt í þessu lífi, heldur frestar hegning þeirra opt og einatt, og það virðist svo, sem hinir óguðlegu eigi opt við betri kjör að búa, heldur en hinn guðhræddi, sem einatt þarf að berjast við andstreymi og bágindi; en vjer vitum, að hvern drottinn elskar, þann agar hann og að guð lætur sína sól renna upp bæði yfir rjettláta og rangláta, það er vonda og góða.

Það má því ekki virða hið andlega ástand mannsins eptir því, þótt að honum vegni ekki vel hjer á jörðunni, því að guð frestar einatt bæði umbuninni og hegningunni fyrir breytni manna til þess síðar og einmitt það, að vjer vitum að guð er rjettlátur og að hann að lokunum launar oss, ef vjer breytum vel, og að hann ekki ávallt lætur hinum óguðlega óhegnt, einmitt það styrkir von vora um annað líf eptir dauðann, þar sem guð launar hinum guðhræddu og góðu með því, að taka þá til sín, og til þess að láta þá vera hjá sjer um alla eilífð, njótandi með sjer sælu og gleði; hinum óguðlegu aptur á móti hegnir hann með því að reka þá út í hin yztu myrkur, þar sem er grátur og gnístrun tanna.

Þannig er það, að fyrst vjer trúum því að guð sje rjettlátur, þá megum vjer trúa því og örugglega vona það, að til sje annað líf, því að andi vor er ódauð-

1 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 434-435.

2 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1881-1882, bls. 160.

legur og lifir því eptir dauðann, þó að líkaminn hverfi til jarðarinnar, þar sem hann var áður, og vjer höfum sönnun fyrir því, að vjer munum rísa upp, því að Kristur hefur risið upp frá dauðum, og upprisa hans er því fyrirmynd upprisu vorrar á efsta degi.

Hjer í lífi á það því að vera mark vort að láta oss fara fram í helgun og guðrækni, enda þótt vjer ekki getum orðið heilagir eða fullkomnir fyr en hinu megin grafarinnar, fyrst vjer vitum að guð er rjettlátur og að hann virðir góða viðleitni vora, ef vjer af hreinu hjarta reynum að þóknast honum með ráðvöndu lífverni.<sup>1</sup>

### *Gísli Guðmundsson*

Gísli fæddist árið 1859. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1876 og lauk burtfararprófi 1882. Hann stundaði nám í málfræði við Kaupmannahafnarháskóla, en lést 30. júlí 1884.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður á hæð, þrekvaxinn, rjóður og þykkleitur. Smáfríður, en svipurinn eigi tilkomumikill; kvenfólkinu leist vel á hann, en karlmönnum síður. Hafði námsgáfur góðar og stundaði skólanám mjög vel. Hægur í framgöngu og reglumaður. Gaf sig nokkuð við skólamálum, en varð lítið ágengt, enda var hann eigi málsnjall.<sup>3</sup>



## *Hvernig getur vonin um annað líf stuðzt við trúna á guðs rjettlæti?*

(1881)

Það er trú vor kristinna manna, að til sje eilíft líf eptir þetta líf, og þessa trú hljótum vjer að hafa af ýmsum ástæðum; því að um það fullvissar oss bæði hin heilaga ritning, og líka segir skynsemin oss, að svo hljóti að vera; því að til hvers ætti maðurinn að lifa og starfa hér á jörðinni, þegar allir hljóta fyr eða síðar að yfirgefa jörðina? Er hann fæddur að eins til þess að lifa nokkra tugi ára hjer á jörðinni? Nei, það er óhugsandi. Því að til hvers væru þá lög guðs og manna? Þau hefðu þá enga þýðingu. – Því að maðurinn á að forðast hið illa og stunda hið góða að eins til þess að fá umbun fyrir það í öðru lífi.

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1881. Miðsvetrarpróf 5. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. II. bindi, bls. 54.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1881-1882, bls. 160.

Það er svo víða í heilagri ritningu talað um eilíft líf, að ekki er unnt að tilfæra alla þá staði, og fyrir því held jeg mjer að eins við þann kafla, sem mjer er boðið að rita hjer um, nfl. rjettlæti Guðs. – Guð er rjettlátur, það er: hann umbunar hið góða og eflir það en hegnir hinu illa og aprtrar því. – Þessi orð standa í kverinu, sem jeg lærði áður en jeg var fermdur, og við þau ætla jeg að halda mjer. – Guð umbunar hið góða – og er þá fyrst að virða fyrir sjer, í hverju sú umbun getur verið fólgin.

Þá er oss líður vel og vjer lifum góðu lífi hjer á jörðunni, þá er það að sjálf-sögðu guði að þakka; og vera kann, að vellíðan sumra manna hjer á jörðu sje af einhverjum skoduð sem umbun fyrir góðverk þeirra; og í sannleika er það eðlilegt, að vjer, þegar vjer sjáum mann, sem enginn veit annað um en allt hið bezta, lifa farsælu lífi, að vjer þá hugsum; þetta gefur guð þeim, sem óttast hann og halda hans boðorð; og það kann líka vel að vera, að guð gefi þessum manni stundleg gæði, sem umbun fyrir góðverk hans; en þó megum vjer ekki ætla, að allir sjeu góðir, sem lifa farsællega eða allir sjeu vondir, sem við örbyrgð búa – það er með öðrum orðum: vjer megum ekki dæma breytni neins manns eptir hinum ytri kringumstæðum hans. Því að margir eru þeir, sem allir vita með vissu, að ekki eru góðir, sem eru drykkjumenn, hórkarlar, maurapúk- ar, lygarar, rógberar, þjófar eða ræningjar, og sem þó lifa í alls nægtum; og eigum vjer að ætla, að guð veiti þessum mönnum stundleg gæði sem umbun fyrir verk þeirra? Eigum vjer að ætla, að guð umbuni það, að þeir drekka eins og svín, og gjöra sig líkari dýrum en mönnum? Eða fyrir það, að þeir lifa í saurugum girndarbruma eins og heiðnir menn, sem ekki þekkja guð? Eða fyrir það, að þeir liggja á fje sínu sem ormar á gulli og láta hinn þurfandi aum- ingja allslausan frá sjer fara? Eða fyrir það að bera ljúgvitni gegn náunga sínum? Eða fyrir það að rægja hann við bræður hans eða systur og spilla svo mannorði hans? Eða fyrir það að stela því, sem þeir ekki eiga, af hvaða tegund sem það er? Eða fyrir það, að svæla undir sig eigur náunga síns með ráni og yfirgangi? Eigum vjer, segi jeg; að ætla, að guð umbuni þettað? Nei, guð forði oss frá slíkri hugsun! En fyrst guð gjörir ekki meir mun á hinum góðu og vondu hjer á jörðunni, þá er það sjálfsagt, að hann hlýtur að gjöra það í öðru lífi, og þar er það, að hann umbunar hið góða. Ritningin kennir oss, að sú umbun, sem guð veitir þeim, sem á hann trúa, sje: eilíft líf og sáluhjálp. Og það er í sannleika inndælt fyrir oss að hugsa til þess, er vjer yfirgefum jörðina, þetta heimkynni harmanna, og líðum um hinn ómælilega, bjarta geim blálopts- ins, langt yfir bústað hinna leiptrandi stjarna og inn í himnaríki: til dýrðar hjá guði dýrðar, sem er óendanlega heilög og háleit, að vjer aumir menn ekki fáum gjört oss neina ímyndun um hana.

Og þegar vjer lifum eptir guðs heilögu boðum, þá hlýtur von vor um eilíft

líf og sáluhjálp að styrkjast við trúna á rjettlæti guðs, fyrst það er í því fólgið, að hann umbunar hið góða.

En nú skulum vjer virða fyrir oss hinn síðari helming greinarinnar: Guð er rjettlátur, o.s.frv. Guð hegnir hinu illa, – en sú hegning er ekki ávallt í því fólgin, að hann láti böll og bágindi koma yfir illgjörðarmennina hjer á jörðu; nei, það bíður líka þangað til í öðru lífi, en þá verður þeim varpað í hin yztu myrkur, þar sem er óp og gnístran tanna. Og trúin á rjettlæti guðs hlýtur líka að fullvissa mennina um kvalarfullt líf eptir þetta líf; því að ef menn ekki fengju hegningu fyrir illverk sín í öðru lífi, þá gæti sjerhver lifað eptir sinni vild. Og trúin á rjettlæti guðs yfir höfuð hlýtur líka að styðja þessa von. Því að fyrst guð geldur ekki einum og sjerhverjum eptir hans verkum hjer á jörðu, þá hlýtur rjettlæti hans að opinberast í öðru lífi. En eins og jeg áður sagði, er engum manni fært að dæma neinn eptir högum hans hjer á jörðunni, og ekki verður með vissu sagt um ástand nokkurs manns í öðru lífi fyr en á hinum mikla degi, þegar mannsins sonur kemur í allri sinni dýrð, og segir við þá, sem rjettilega hafa lifað: „Komið þjer ástvinir föður míns, og eignizt það ríki, sem yður var fyrirbúið frá upphafi veraldar“, en við hina: „Farið frá mjer bölvaðir í þann eilífa eld, sem búinn er andskotanum og öllum hans árum.“ Því að hjer á jörðunni sjáum vjer að eins í gegnum gler og í ráðgátu, en eptir þetta líf getum vjer dæmt til hlýtar, því:

Naar Slöret for Livets Gaader falder,  
staar Aanden lys og forklaret hos Gud.<sup>1</sup>

### *Brynjólfur Kúld*

Brynjólfur fæddist árið 1864. Hann var tekinn í 3. bekk Lærða skólans 1879 og lauk burtfararprófi 1883. Hann stundaði laganám en lauk ekki prófi. Brynjólfur þýddi nokkur leikrit fyrir Leikfélag Reykjavíkur. Hann lést árið 1901.<sup>2</sup>



---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1881. Miðsvetrarpróf 5. bekkur.



## VII. Kirkjulýsingar

Í þessum kafla er að finna ritgerðir frá árinu 1902 þar sem viðfangsefnið var að lýsa einhverri kirkju sem skólapiltarnir þekktu. Hér má finna lýsingar á kirkjum á Akureyri, Húsavík, Álftanesi og Dómkirkjunni í Reykjavík. Höfundar ritgerðanna eru meðal annarra Júlíus Havsteen (1886-1960) síðar sýslumaður, Baldur Sveinsson (1883-1932) síðar blaðamaður og Þórarinn Kristjánsson (1886-1943) síðar hafnarstjóri.



### *Lýstu einhverri kirkju sem þjer er kunn*

(1902)

Þótt jeg hafi í marga kirkjuna komið, þá ætla jeg mjer að lýsa sóknarkirkju kaupstaðanna Akureyrar og Oddeyrar, þeirri kirkju þykist jeg bezt kunna frá að segja, þareð jeg er fæddur og uppalinn á Oddeyri og hefi sótt kirkju þá í 15 ár og verið fermdur í henni.

Kirkja þessi, sem jeg ætla frá að segja, liggur mjög innanlega á Akureyri á hinni svonefndu „Fjöru“ og er lega hennar þannig, að fyrir ofan hana gnæfir há og brött brekka, fyrir framan hana liggur sjórinn, öðru megin er grænn og sljettur bali, en hinumegin er stórt timburhús, og þótt hús þetta sje í sjálfu sjer fremur snoturt, þá þykir mjer það samt óprýða kirkjuna með legu sinni, og tekur frá henni birtu mikla. Kirkja þessi er timburkirkja, og er það með stærri kirkjum hjer á landi. Kirkjan er hvítmáluð og hefur turn einn mikinn er snýr til vesturs; efst á turni þessum er hvítur kross, og inni í honum þrjár klukkur.

Þegar gengið er inn í kirkjuna, þá kemur maður fyrst inn í nokkurskonar anddyri, og úr því liggja dyr inn í sjálfa kirkjuna, og tveir stigar upp til loptsins; þetta lopt ef svo má kalla, er líkt og önnur kirkjulopt sem jeg hefi sjeð, eru þar bekkir handa áheyrendum og á miðju loptinu andspænis altarinu er fallett og hljómgott orgel, sem hljómar yfir alla kirkjuna þegar messað er.

Ef maður heldur inn um dyrnar er leiða frá anddyrinu inn eptir, þá kemur maður inn í sjálfa aðalkirkjuna. Maður gengur þá eptir mjórri göng og hefur

kirkjustólana til beggja handa, þeir eru gulbrúnir á lit (eikarmálaðir) og í hverjum stól geta komist frá 6-8 tilheyrendur. Þegar maður er kominn inn fyrir kyrkjustólana, þá er einsog dálítill upphækkun á gólfinu, og rjett fyrir framan þessa upphækkun stendur skírnarfontur. Á þessari upphækkun, innst í kirkjunni og á miðjum austurgaflinum milli tveggja stórra glugga, er altarið, sem er eins og líka á að vera, hið skrautlegasta í allri kirkjunni; það er þakið rauðum silki-dúk og á honum eru saumaðir tveir gyltir stafir; á altarinu standa tveir gyltir ljósberar, sem er kveikt á við hátíðleg tækifæri. Fyrir ofan altarið hangir stórt málverk, lýsir það frelsaranum á krossinum þar sem hann talar við móður sína, og postulann Jóhannes, og er það indælt málverk.

Umhverfis altarið er hinn svonefndi „Grátur“, hann er mjög fallegur og klæddur dúk að neðan, og þar á hvílir fólkíð er það gengur til altaris.

Skamt frá altarinu og á suðurvegg kirkjunnar, er prædikunarstóllinn, hann er málaður með sama lit og kirkjustólarnir en príddur með gyltum listum og útskurði. Að innan er hann klæddur rauðum dúk. Eg hefi gleimt að skýra frá því, að kirkjan hefur 8 glugga; tveir eru á öðrum stafninum báðu megin við altarið, og þrír á hverri hlið. Gluggar þessi eru stórir og gefa góða birtu.<sup>1</sup>

### *Július Havsteen*

Július (Jóhannes Július) fæddist árið 1886. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1905 og prófi í lögfræði frá Kaupmanna-hafnarháskóla 1912. Hann var lengst af sýslumaður í Pingeyjarsýslu. Július lést árið 1960.<sup>2</sup>



### *Lýstu einhverri kirkju sem þjer er kunn*

(1902)

Húsavíkurkirkja.

Með því að mér er kunnust kirkjan heima hjá mér, skal eg lýsa henni stuttlega.

Hún stendur á háum hól norðaustantil í bænum. Umhverfis hana er kirkjugarður, sem er á stærð við skólablettinn hérna. eru nokkur minnismerki í honum, hér og þar. Fyrir kirkjudyrum liggur stór hella. Er það minnisvarði kaupmanns nokkurs, er dó í Húsavík á 18. öld. Má enn lesa letrið, en tekið er það nú að slitna af.

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1902. Miðsvetrarpróf 3. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 305.



Kirkjan er heldur lítil og hrörleg, enda gömul orðin. Hún er tjörguð utan, en gluggarnir eru hvítir. Undirstaða hennar er nú sígin í jörðu, svo að kirkjan er tekin að fúna að neðan. Kirkjudyrnar vísa til vesturs; yfir þeim eru tvær kirkjuklukkur. Á kirkjuburstinni er hvítur kross. Þrír gluggar eru á vesturstafni kirkjunnar, tveir á austurstafni, en 4 gluggar á hvorri hlið; allir eru þeir litlir.

Kirkjan skiftist í tvennt niðri: Kór og framkirkju. Kórinn er skilinn frá framkirkjunni með rendum spölum, en hvorki er hann hærri eða mjörri en framkirkjan. Inni í kórnum er altarið. Þar er og altaristafla. Á henni er mynd af „hinni heilögu kvöldmáltíð“. Er hún mjög ósnotur, því að líkari eru postularnir þar þursum en menskum mönnum. Í kórnum eru lausir bekkir. Sitja karlmenn þar, þegar messað er. Þar sem kór og framkirkja mætast, er prédikunarstóllinn til vinstri handar, þegar inn er gengið. Yfir honum, á þakinu, er lítill gluggi. Yfir kórdrum er spjald nokkurt og eru á því þessi orð: „Það er mín gleði þá til mín er sagt: Látum oss ganga í guðshús“. Inni í kórnum eru 2 spjöld; á þeim eru grafskriftir merkisbænda. Framan við predikunarstólinn er skímarfontur; aldrei er hann þó notaður, því að fatið er löngu glatað. Um framkirkjuna liggja göng og eru fastir bekkir til beggja handa. Þar situr kvenfólk. Innsti bekkurinn til vinstri handar, er nokkuð skrautlegri en hinir; er þar prestkonusætið. Yfir hálfri framkirkjunni er loft. Er gengið í það um lítinn stiga. Er þar organ nokkurt og þar situr söngfólkið. Kirkjan er förfuð innan ýmsum litum og ofarlega á veggjunum eru dregnar marglitar rósir. Loftið er óþiljað, svo að sér í sperrurnar og þrír bitar liggja um kirkjuna þvera. Mun vera 3<sup>1</sup>/<sub>2</sub> alin undir þá. Það er ráðgert að rífa kirkju þessa bráðlega, enda er hún nú orðin of lítil, síðan fólk fjölgaði í Húsavík. Mun þá verða reist stór kirkja og fögur á Höfðanum svokallaða, fyrir norðan kaupstaðinn.<sup>1</sup>

### *Baldur Sveinsson*

Baldur var fæddur árið 1883. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1899 og varð stúdent 1905. Veturinn eftir útskrift kenndi hann við Eiðaskóla. Árið 1907 fór hann til Vesturheims og var um skeið meðritstjóri *Lögbergs*. Hann kom aftur til Íslands árið 1911 og varð verkstjóri í Viðey á árunum 1911-1913, fór svo til Ísafjarðar og var þar kennari og skólastjóri 1913-1918. Hann var síðar meðritstjóri *Vísis*.<sup>2</sup> Baldur lést árið 1932.

### *Palladómur skólabræðra:*

Hann er afarlángur maður og vildi þó vízt gjarna „bæta einni alin við lengd

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1902. Miðsvetrarpróf 3. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. I. bindi, bls. 110.

sína“, ef hann gæti, því að honum þykir vænt um þessa líkamlegu yfirburði sína [...] Hann er í meira lagi fingralangur, enda sterkur í krók. Hann sér illa og les því með gleraugum. Engi er Baldur fimleikamaður, enda er hann mæðinn, en góð skytta segist hann vera og trúí ég því [...] Þegar vel liggur á honum er hann skemmtinn í tali, en þess á milli segist hann vera „skelþunnur“ og er þá lítið á honum að græða. Baldur er meinhægur og friðsamur við aðra menn og góður vinur vina sinna. Þegar honum er í nöp við menn kallar hann þá „helvítis dóna“.<sup>1</sup>



## *Lýstu einhverri kirkju sem þjer er kunn*

(1902)

Kirkja sú, sem jeg lýsi, er í Görðum á Álftanesi.

Kirkja þessi veit frá austri til vesturs, eins og allar kirkjur á Íslandi; á kirkjunni er turn, sem er á þeim helmingi kirkjunnar, er til vesturs snýr. Eigi veit jeg, hversu gömul hún er, nje hverjir byggðu hana; það eitt veit jeg um aldur hennar, að mun eigi vera gömul. Kirkjan er mjög fögur á að líta, hvítkölluð að utan, en fagurlega förfuð að innan. Sjálf kirkjan er úr múrsteini, en turninn er úr trje, sem er farfað hvítt. Lengd hennar er hjerumbil 60 fet, en hæð hennar alltað 15 fetum undir þakskjegg. Að innan er kirkjan förfuð ýmsum litum, svosem: Hvítum og dökkrauðum. Inn eptir kirkjunni gengur gangur milli bekkjanna, sem standa í tveim röðum, og á sjerhverjum bekk er bak; einnig eru bekkir á svölum, sem eru 4 álnir frá gólfi á vestri gaflí kirkjunnar. Allir lampar í kirkjunni eru litlir olíulampar, nema þeir, sem eru í ljósakrónunni; einnig er kirkjan lýst af kjertum. Á altaristöflunni, sem hangir fyrir miðjum austri vegg kirkjunnar og yfir litlum skáp, er máluð mynd af uppstigningu Jesús Krists. Hvoru megin við altaristöfluna standa stór kerti á sylfurstjökum. Í kirkjunni er auk þessa organ eitt, fremur lítið, sem spilað er á, þegar tíðir eru haldnar; uppi í kirkjuturni eru klukkur tvær, sem hringt er með til tíða. Fyrir suðvestan kirkjuna er stór kirkjugarður.<sup>2</sup>

### *Þórarinn Kristjánsson*

Þórarinn fæddist árið 1886. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1905 og prófi í byggingaverkfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1912. Hann var lengst af hafnarstjóri í Reykjavík. Þórarinn lést árið 1943.<sup>3</sup>

1 Lbs 3364 4to – Skinfaxi 24. maí 1903, bls. 201-202.

2 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1902. Miðsvetrarpróf 3. bekkur.

3 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi (Reykjavík, 1952), bls. 517.

### *Palladómur skólabræðra:*

Pórarinn Kristjánsson er ungur enn þá, en bráðþroska og stór eftir aldri [...] Þ. er hrafnsvartur á hár, enda er hann stundum kallaður krummi af skólabræðrum sínum. Hann ræður ekki við sig fyrir fjöri og kátínu, og það er þá eigi unnt að hleypa mönnum upp í galsa, ef Pórarinn getur það ekki. En þótt hann sé hverjum manni meiri æringi, vanrækir hann eigi nám sitt fyrir því. Hann les mikið og fer fljótt yfir sögu, því að hann eirir illa að sitja lengi við sama starf, enda þarf hann þess eigi, því að hann er flugskarpur piltur, einkum góður stærðfræðingur [...]¹



### *Lýstu einhverri kirkju sem þjer er kunn*

(1902)

Jeg vel mjer að lýsa sóknarkirkju minni, nefnilega dómkirkju Íslands. Það er þá fyrst að segja, að hún er á svo að segja miðju eiðinu sem er milli tjarnarinnar og hafnarinnar, og snúa gaflar hennar í austur og vestur; út úr vestri gafl gengur fordyrið og á því eru aðal dyr dómkirkjunnar; svo kemur kirkjan sjálf er hún há og byggð úr dökk gulum múrsteini og er þak hennar úr skívum og er það hátt risþak; vestast upp úr þakinu gengur kirkjuturninn, sem er hjerumbil 6-8 álnir á hæð, ferhyrntur úr timbri með skívirþaki, en vestast upp úr turninum er vindhani og í hann er skorið ártal það sem kirkjan er byggð 1847, en fyrir ofan fordyrið er konungsmerki Friðriks 8. Á öllum 4 hliðum turnsins er bogamyndaðir hleragluggar og fyrir ofan þá eru klukkuskívnar hvítar með svörtum vísirum, efst undir þakskegginu eru klukkubjöllurnar önnur stærri. Aptur úr austurgaflinum er kórinn, er hann jafn hár þakskeggi aðalkirkjunnar; svo að segja upp undir þakskeggi kórsins eru 3 bogamyndaðir gluggar mjög litlir. Á aðalkirkjunni er 2 raðir af bogamynduðum gluggum, sem eru litlir eptir stærð kirkjunnar. Þriðja úthýsi dómkirkjunnar er skrudhúsið, er það látt mjög með miklu risþaki og snýr gafl þess til suðurs með stórum vængjahurðum sem alltaf eru lokaðar og er[u] kolin geimdr þar fyrir innan; aðrar dyr eru á skrudhúsinu og veit þeim móti vestri, austri eru þær litlar og ljótar.

Þegar maður gengur inn um aðal vængjadyr kirkjunnar, þá kemur maður inní andyrið og eru þar stigar á báðar hliðar, sem ganga upp á lopt. eru það breiðir og góðir stigar, svo verða fyrir manni aðrar vængjadyr og þegar maður kemur inn fyrir þær er maður kominn inn í kirkjuna, það fyrst 20 bekkjir hvor megin, upp yfir dyrunum er organið er það stórt og fagurt og er járngrindverk

1 Lbs 3364 4to – Skinfaxi 24. maí 1903, bls. 212.

frammeð því. Uppi yfir bekkjunum er hið svokallaða lopt og bekkjunum þar til raðað þannig að hinn fremsti er lægstur hinn aptasti hæðstur og grindverk fram með því öllu – nær það jafn langt og bekkurinn niðri, kemur svo lár veggur, og hinu megin við hann er, að norðan verðu ætlað landshöfðingjanum en að sunnan biskupi. Fram undan biskupssætinu er prædikunarstóllinn og er sverstupull og eru orð þessi rituð á stólinn: „Sælir eru þeir er Guðs orð heyra og varðveita það“.<sup>1</sup>

### *Magnús Stephensen*

Magnús fæddist árið 1885. Hann stundaði nám við Lærða skólann og varð síðar verslunarmaður. Magnús lést árið 1916.<sup>2</sup>



---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1902. Miðsvetrarpróf 3. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 457.

## VIII. Fermingardagurinn

Hér má finna ritgerðir þar sem piltarnir voru beðnir að segja frá fermingardegi sínum. Fermingin hafði mikla þýðingu fyrir ungmenni á þessum tíma, enda var hún álitin skilja á milli barnæsku og fullorðinsára – jafnvel var álitid að fermingarbarnid væri komid í fullorðinna tölu strax að kveldi fermingardagsins.<sup>1</sup> Margir bæði kviðu og hlökkudu til dagsins, en fermingarbörnin þurftu að svara spurningum prestsins í áheyrn safnaðarins, og olli það kvíða hjá mörgum. Stundum var presturinn þó búinn að undirbúa spurningarnar með börnunum svo að þrautin yrði léttari eins og kemur fram hér á eftir. Þá litu margir á sig sem virka meðlimi samfélagsins eftir ferminguna, sem þurftu að axla ábyrgð og gegna ýmsum skyldum í kjölfarið. Sjá má glögg merki þess í ritgerðum piltanna, enda eru hér einungis nokkur ár liðin frá athöfninni. Meðal höfunda er Benedikt Sveinsson (1877-1954), síðar þingmaður.



*Þegar jeg var fermdur*  
*(Endurminningar frá þeim degi æfi minnar)*  
(1897)

Þessi dagur er hinn þýðingarmesti dagur í öllu lífi mannsins; þá er hann tekinn í kristinna manna tölu og lofar jafnframt, að hann skuli ávallt ganga á vegum guðs og aldrei láta syndina yfirbuga sig. Þegar jeg sat í kirkjunni og hlustaði á hina fögru ræðu prestsins, þá fannst mjer jeg vera svo sæll, mjer fannst jeg vera orðinn allt annar maður. Jeg vissi vel hvað mikil ábyrgð hvíldi á mjer, en þá fannst mjer allt svo ljett; jeg hugsaði eigi um hve margar þrautir og freistingar biðu mín í lífi mínu. Jeg hef að vísu eigi orðið fyrir miklum þrautum, en þó sje jeg nú, að lofordi því, sem jeg lofaði þá, er miklu erfiðara að fullnægja, en jeg hjelt. Þegar presturinn kom til mín og spurði mig þeim spurningum, sem allir kristnir menn eru spurðir, þá rjetti jeg honum vongóður hönd mína, því þá

1 Sjá nánar, Sigurður Gylfi Magnússon, „Alþýðumenning á Íslandi 1850-1940,“ bls. 309-312.

hugsaði jeg eigi um annað en þann dag. En þegar hann fór að vara okkur við þeim freistingum, sem væru lífinu samfara, þá vöknudu efasemdir í brjósti mínu um, hvort jeg hefði eigi verið of vongóður um, að jeg gæti sigrað freistingar þær, er fyrir mjer yrðu. En þessar efasemdir mínar hurfu samt brátt aptur, þegar hann fór að tala um, að engin hætta væri þeim búin, sem lifðu í guðsóttu og elsku til guðs. Mjer fannst jeg þá hafa engu öðru en blíðu mætt í veröldinni og ennfremur að lífið væri eigi annað en fagurt leiksvið, þar sem allt væri ánægja og gleði. Jeg er fremur gleyminn og gleymi fljótt því, sem liðið er, en þessum degi hygg jeg, að jeg muni aldrei gleyma; hann festist innst í sálu minni og gerði mig svo sælan, að jeg get ekki með orðum lýst. Áður en jeg fermdist, sá jeg þennan dag fyrir framan mig, allt af færast nær og nær; þá kveið jeg fyrir honum eins og börn gera opt, því jeg óttaðist að jeg mundi eigi kunna kverið nógu vel, en þegar hann kom, breytti jeg fljótt skoðun minni um þennan dag og hjelt þá og mun allt af halda að hann hafi verið sá beztu dagur, sem jeg hef lifað. Jeg hef að vísu lifað marga skemmtilega daga, en enginn þeirra hefur hafið huga minn eins hátt, sem fermingardagurinn og jeg er viss um, að hver maður, sem virðir þetta fyrir sjer, mun segja hið sama.<sup>1</sup>

### *Jón Ófeigsson*

Jón fæddist árið 1881. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1895, lauk burtfararprófi 1901 og prófi í málfræði frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1908. Jón var lengst af kennari í Menntaskólanum í Reykjavík. Hann lést árið 1938.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Hár maður vexti, en grannur, toginleitur og horaður, nefið hátt og þunnt, fökur í andliti og hörundið óslétt; augun gráleit; ljós á hár; ekki fríður sýnum. Námsgáfur hafði hann góðar og stundaði námið ágætlega; karaktersjúkur í meira lagi. Atkvæðamaður engi; gaf sig ekki við skólamálu. Meinleysingi í umgengni, skemmtimaður engi. Reglumaður (goðtemplar) og svarinn fjandi Baccusar. Danzisti.<sup>3</sup>



- 
- 1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1897. Miðsvetrarpróf 2. bekkur.
  - 2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 232.
  - 3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1900-1901, bls. 221.

*Þegar jeg var fermdur*  
*(Endurminningar frá þeim degi æfi minnar)*  
(1897)

Það var fagurt veður á fyrsta sunnudag eptir Trinitas; sólin kastaði geislum sínum frá heiðbláu loptinu með svo miklum hita, að allt ætlaði að stikna; það var líka um 20° hiti á Reamur í forsælu.

Allir, sem gátu farið að heiman, voru í óðaönn að búa sig til kirkju; hestarnir voru teymdir útúr rjettinni og piltarnir lögðu á þá; mjer var ætlaður gamli Svanur og þótti mjer ekkert að því, því hann kunni að spretta úr spori. Loks voru allir búnir að búa sig; það var stigið á bak og riðið úr hlaði; fyrst gekk ferðin hægt, en smátt og smátt eptir því, sem hestarnir svitnuðu, var farið að ríða liðugra. Þegar úteptir var komið, fórum við inn til Guðjohnsens, færðum okkur þar úr reiðfötunum og þáðum þar góðgjörðir. Þvínæst var gengið í kirkju. Þar var mikill fjöldi fólks saman kominn; var ekki pláss fyrir alla í kirkjunni, svo margir stóðu fyrir utan, en inni var slíkur hiti, að hann var lítt þolandi. Söngurinn byrjaði og fannst mjer hann venju fremur áhrifamikill, var sem hljóðöldurnar hvettu mig til þess að efna þau heit, er jeg brátt ætlaði að gjefa. Rjett áður en fermingar athöfnin byrjaði voru sæti sett hjá grátunum og settust þar öll fermingarbörnin. Presturinn tók nú að reyna kunnáttu vora; vjer unnum heit vor og oss var úthlutað altarissakramentinu. Það getur sannarlega haft áhrif á hjartans dýpstu tilfinningar að sjá mörg börn, sem standa fyrir framan altarið, vinna guði sínum það heit að forðast allt illt, en elska að sjá börn, sem flest eru grátin, meðtaka í fyrsta sinni altarissakramentið; en áhrifamest er þó, að vera einn í tölu barna þessara.

Þegar messugjörðinni var lokið, fórum vjer aptur til Guðjohnsens og þáðum þar mat, kaffi, epli og aðrar góðgjörðir, spjölluðum saman um landsins gagn og nauðsynjar, um ferminguna og um þennan dæmafáa hita, sem ætlaði alveg að gjöra út af við oss. Þegar öllu þessu var lokið, var tekið að hugsa til heimferðar, það var lagt á klárana hratt og stigið á bak; hattar og húfur voru á lopti, taumunum var kipt upp, fætturnir lagaðir í ístöðunum og þvínæst lagði allur flotinn á stað. Þá var jeg í góðu skapi; kverinu og biblíusögunum hafði nú verið velt frá hjarta mjer, Svanur gamli var vel viljugur, náttúran brosti svo blíðlega við mjer, og það bezta var, að jeg var kominn í kristinna manna tölu. Jeg var líka alltaf í broddi fylkingar, og var eigi laust við, að svitadroparnir læddust fram á hálsinum á Svani gamla, en hvað gjörði þá hann Svanur minn, taldi ekki

eptir sjer að hlaupa, þó heitt væri. Svona leið tíminn, jeg hugsaði ýmist um ferminguna, klárinn, framtíð mína eða veðrið, uns jeg var kominn heim.

Svo man jeg eigi áframhaldið, nema um nóttina var mig að dreyma fermingu, gamla Svan, epli og altari hvað innan um annað.<sup>1</sup>

### *Jóhann Sigurjónsson*

Jóhann fæddist árið 1880. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1895 og lauk fjórðabekkjarprófi árið 1899. Hann stundaði nám í dýralækningum, en sneri sér að ritstörfum og varð þekktur sem leikritaskáld. Jóhann lést árið 1919.<sup>2</sup>



## *Þegar jeg var fermdur (Endurminningar frá þeim degi æfi minnar)*

(1897)

Ég kom á kirkjustaðinn í fyrra lagi og fólkið streymdi að úr öllum áttum. Mannþyrpingin stóð á hlaðinu og í bæjardyrnum, en sumir fóru að ganga í kirkjuna. Þeim, sem inn vildu komast, var líka bezt að fara inn í tíma, því að auðsætt var, að ekki mundi allur þessi aragrúi fólks komast fyrir í kirkjunni.

Við fermingardrengirnir stóðum sunnan við bæinn og báru margir okkar kvíðboga fyrir því, að við mundum ekki vita það, sem presturinn spyrði okkur að. Að vísu höfðum við kunnað allvel daginn áður og þeir, sem fróðastir voru, sögðu, að presturinn spyrði einatt hins sama fermingardaginn, sem daginn fyrir. Þótti okkur sennilegt, að hann brygði ekki þeirri venju. Stúlkurnar stóðu skammt frá okkur og voru þær heldur hnuggnar í bragði, enda er víst, að sumar þeirra hafa gert sér ljósari grein fyrir því, sem fermingin hefir – eða á að hafa – í för með sér, en við drengirnir, því að ég held, að við höfum lítið hugsað um það.

Svo gengum við í kirkjuna og sat hver hjá foreldrum sínum eða vanda mönnum. Allir bekkir voru setnir og margir menn stóðu, en ekki komst nema rúmur helmingur alls fólksins inn. Hitinn varð brátt mjög mikill, en þá opnaði djákninn nokkra glugga og var það mikil hressing, er kuldaströkur komu inn um þá.

Þegar liðið var á messugerðina, kom djákninn með nokkra stutta bekki og setti þá kringum altarið. Okkur var vísað til sætis á bekkjum þessum. Sátum

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1897. Miðsvetrarpróf 2. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 28-29.



við drengirnir að sunnanverðu altarisins, en stúlkurnar hinum megin. Svo fór presturinn að spyrja. – Ég var svo heppinn, að ég sat fyrstur, en ekki var það fyrir kunnáttu sakir, heldur hitt, að ég dró þann miðann, sem „I.“ stóð á. Svo fór, sem okkur hafði grunað, að presturinn spurði hins sama og daginn áður. – Var þungum steini ljett af hjarta mínu þegar presturinn var búinn að spyrja mig. Það stóð á æðistund, að öll börnin voru spurð, en öllum gekk vel að svara því, sem fyrir þau var lagt.

Ekki hef ég orðið nokkurri stundu fegnari en þeirri, er ég kom úr kirkjunni og feringunni var lokið. Ég hafði lengi borið kvíðboga fyrir þessum degi. – Nú var annað efst á baugi. Nú gat ég farið að njóta góða veðursins, en áður hafði ég einatt þurft að vera inni yfir „kverinu“. Það er mikill munur á að mega vera úti á fögnum vordegi, í logni og heiðríkju, smala fé til rúnings, reka lömb á fjall o.s.fr.v., eða þurfa að sitja inni yfir bók, sem flestum þykir ógaman að fást við.

Okkur var öllum gefið kaffi á prestsetrinu, svo vóru hestarnir sóttir niður fyrir völlinn, reiðtygin lögð á þá og við héldum af stað heim á leið. – Þegar heim kom var haldin dálítill veizla, til minningar um það, að þennan dag hefði elzti drengurinn verið fermdur. Nú átti að reka lömbin á fjall daginn eptir. Hafði ég fyrir löngu beðizt þess starfa og hugsaði heldur en ekki til hreifings.<sup>1</sup>

### *Benedikt Sveinsson*

Benedikt var fæddur árið 1877. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum árið 1901 og var cand. phil. ári síðar. Hann var einn af stofnendum Landvarnarflokksins 1902 og varð ritstjóri *Ingólfs*, *Fjallkonunnar* og *Fjóðarinnar*. Benedikt var bankastjóri Landsbankans á árunum 1918-1921. Árið 1922 var hann ráðinn sem útgáfustjóri á sögu Alþingis. Á árunum 1931-1941 var hann bókavörður á Landsbókasafni og síðar skjalavörður á Þjóðskjalasafni. Benedikt sat á Alþingi um skeið og í ýmsum nefndum og ráðum. Hann lést árið 1954.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Háralagið er einkennilegt, sveipur í hárinu framanverðu og rís það upp. Kóngsnef hefur hann geisimikið, augun grá og skarpleg, bjartur á hörund, svipmikill og skarplegur. Gáfaður vel og skynsamur, en stundaði námið illa. Lipur í viðkyningu og drengur góður. Ritfær prýðis vel, enda mjög vel að sjer í norrænu og íslenskum fræðum. Stjórnmalagarpur hinn mesti og svarinn fjandi Valtýs og Valtýva. Gaf sig mikið við skólamálum og rjeði þar miklu, enda hafði hann gott

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1897. Miðsvetrarpróf 2. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 52-53.

fylgi. Forseti „Framtíðarinnar“ um tíma, í stjórn „Íþöku“ og ritari árbóka þessara. Þótti sopinn góður, en mátti þó eigi kallast óreglumaður.<sup>1</sup>



*Þegar jeg var fermdur*  
*(Endurminningar frá þeim degi æfi minnar)*

(1897)

Þegar jeg fór að stálpast og var orðinn hjerumbil tíu til ellefu ára, sögðu foreldrar mínir opt við mig: „Nú verðurðu að fara að læra kverið þitt bráðum, því þú ert orðinn svo gamall“, og jeg ljét mjer þetta að kenningu verða og fór að lesa það af miklu kappi, en einkum þó fyrst og kunni jeg allvel boðorðin, því þau eru fremst í kverinu, en jeg á góða móður, sem „dreif“ mig áfram og ávítaði mig ef jeg kunni ekki allt jafnvel og þessvegna lagði jeg ekki síður stund á að kunna einn kaflann í kverinu betur en annan og er prestur kom að „húsvitja“, líkaði honum vel við mig og bráðum var jeg kominn fast að fermingu; jeg kveið fyrir þeim degi, því að jeg var feiminn og var líka þessvegna hræddur um að jeg mundi ekki standa mig eins vel hjá prestinum eins og heima og væri slíkt leiðinlegt í áheyrn alls safnaðar, en hjá þessu varð ekki komist. Nú var kominn dagur sá, er átti að vera aðalundirbúningur undir ferminguna, en fermingin átti að verða daginn eftir, nefnilega á sunnudag.

Á sunnudagsmorguninn var jeg snemma á fótum og er messuguðsþjónustutíminn nálgadist, bjó jeg mig í snatri og reið síðan ásamt með foreldrum mínum og öðrum til kirkju og síðan byrjaði guðsþjónustugjörðin og fermingin, þetta vandasama fótímál í lífinu; jeg stóð mig vel að svara því, er prestur spurði mig að og síðan tók hann af mjer hinn mikla eið er allir eigi að halda, sem ver fer. Nú var sagt að jeg væri kominn í kristinna manna tölu og allir vinir og vandamenn er nálægir voru, óskuðu mjer til lukku og jeg var glaður mjög, þegar þetta var allt um garð gengið, en af því jeg var ennþá barn í andlegum skilningi, vildi jeg nú helst gleyma öllu því, er jeg hafði lært í kverinu mínu og svo loks, er jeg fór frá foreldrum mínum, gleymdist mjer smátt og smátt það góða er jeg hafði lært, því enginn getur verið manni í góðrar móður stað að öllu leyti, því hver mundi fremur rjetta manni hjálparhönd, þegar í nauðirnar rekur, hver fremur vara við hinu illa, hver fremur ala önn fyrir manni og gjöra lífið ljett heldur en hún – ekki einn!

Jeg hugsa opt til þess, þegar jeg var fermdur og um leið rifjast upp fyrir

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1900-1901, bls. 228.

mjer ýmsar aðrar sælar endurminningar hinna fyrri æskudaga, þegar „gleðisól-  
in björt og heið lýsti mjer“ og þegar jeg þekkti ekki heiminn nje hans tálsmör-  
ur, en lífið verður ljett oss ef maður hefur hugfast það, sem gott er og breytir  
ávallt eptir boðum góðra foreldra og vina, og dettur mjer í hug vísa þessi í  
slíku sambandi:

Víst ávalt þeim vana halt  
að vinna, lesa og yðja,  
en umfram allt þú ætíð skalt  
elska guð og biðja.

(HP)<sup>1</sup>



### *Lárus Thorarensen*

Lárus fæddist árið 1877. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1895, lauk burt-  
fararprófi 1901, og prófi frá Prestaskólanum 1905. Hann var um skeið prestur  
á Ísafirði, en starfaði lengst af sem prestur í Vesturheimi. Hann lést á leið heim  
til Íslands í júní 1912.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Hár vexti og krangalegur, lotinn í herðum, brjóstið flatt; ólánlegur á velli. Hár-  
ið skolótt og þunnt, augun grá og lítil, brúnaber og ennið kúpt, freknóttur og  
fremur ófríður sýnum. Reri alltaf, er hann sat og nagaði neglur sínar, hafði  
ýmsa aðra kæki, var síhóstandi, enda var hann brjóstveill. Allur var maðurinn  
skrítinn, enda hendu menn einatt gaman af honum og ljett hann það mjög á  
sjer festa, því að hann var bráður og fólstur. Treggáfaður og einfaldur, en  
stundaði námið ágætlega. Fuglafræðingur var hann mikill. Hafði gott söng-  
eyra, en litla rödd, en laglega það sem hún var. Meinhægðarmaður í  
umgengni, er ekki var gjört á hlut hans. Reglumaður.<sup>3</sup>



1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1897. Miðsvetrarpróf 2. bekk-  
ur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 391.


3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1900-1901, bls. 227-  
228.



## IX. Freistingar

Í þessum kafla eru að finna ritgerðir sem allar fjalla um hinar ýmsu freistingar. Piltarnir töldu óhófsemi, græðgi, hégóma og öfund vera helstu freistingarnar sem hættu væri á að mennirnir féllu fyrir, og því bar að forðast þær af öllum mætti og halda sig við dyggðugt líforni.

Hér taka til máls meðal annara Hannes Þorsteinsson (1860-1935) síðar ritstjóri *Þjóðóífs*, Jón Helgason (1866-1942) síðar biskup, Knud Zimsen (1875-1953) síðar borgarstjóri og Jónas Jónasson frá Hrafnagili (1856-1918).



### *Hvað er öfund, og hvað er það sem menn tíðast öfunda aðra af?*

(1861)

Öfund er sá löstur, að geta ekki vitað að öðrum líði vel, það er að segja að gremjast yfir því; öfundin er öldungis hið gagnstæða náunganskærleikanum, eða elskunni, sem vjer eigum að hafa hver til annars; eptir því, sem þessi elska býður oss, þá eigum vjer að gleðjast yfir því og fagna, þegar vjer sjáum að náunga vorum heppnast fyrir tæki sín, að hann gjörir verk sinnar köllunnar, og honum vill ekkert óhapp til, hvorki í líkamlegum, nje andlegum efnum; sá maður, er eigi getur þolað þetta án harms og gremju er öfundsjúkur; og það hugarfar, sem þannig lýsir sjer hjá honum, er öfundsyki eða öfund; því að það er ekki alltaf nákvæmlega aðgreint öfund og öfundsyki. Í hvert skipti, sem þetta vonda hugarfar brýzt út, þá er það öfund, en hin stöðuga tilhneiging til þessa löst, er öfundsyki; en sakir þess, að það er optast, að það er eigi greint í almennu máli, þá látum vjer það hjer vera hjer um bil hið sama; vjer viljum þá í fáum orðum álykta af þessu, að öfund sje það, að geta eigi unnt öðrum góðs. Með þessu viljum vjer þá svarað hafa hinum fyrri hluta spurningarinnar.

En hvað er það þá, er menn tíðast öfunda aðra af? Er það af því, að þeir lifi réttvíslega, ræki skyldur sínar, hafi sálarfrið og rósemi, þótt hretviðri mótlæt-

inganna dynji á þeim? Það lýtur svo út í fyrstu, sem menn helzt mundu sjá ofsjónum yfir því, ef einhverjum gæti tekizt, að ná þessum mannkostum og þeirri sælu, er þeir hafa í för með sjer, því að það er einmitt þetta, er gjörir manninn sælastan; en þó væri það eigi rjett, að sjá ofsjónum yfir því, heldur ætti það að vekja hjá oss virðingu fyrir þeim mönnum, er þannig breyta, og löngun til að líkjast þeim. En nú er þessu ekki þannig varið með flesta menn, að þeir öfundi aðra af þessu. Hvað er það þá, segi jeg enn, sem menn öfunda aðra tíðast af? Það eru metorð, auður, álit hjá mönnum og annað þess konar. Flestum mönnum er svo varið, að það hefur mest áhrif á þá, er gengur í augum við fyrsta álit; þeir skoða það, sem nálægt þeim er, en líta ekki til þess, sem lengra er í burtu. Það munu vera fá dæmi þess, að menn hafi öfundað að mann, þótt hann væri góður, guði þekkur, og ánægður með kjör sín, hafi lítið borið á honum í heiminum, hafi hann verið fátækur og lítilsvirtur. Nei, þessa heims börn öfunda hvert annað af þessa heims gæðum; en þeir sem ekki eru af þessum heimi, þeir öfunda ekki hverjir aðra; þeir gleðjast yfir þeim náðargáfum er faðirinn gefur þeim sameiginlega, og heimurinn getur ekki metið rjettilega. Það mun því tíðast sú raunin verða, að menn öfunda aðra af þeim hlutum, er lítilsverðir eru í sjálfu sjer, en geta einungis haft nokkuð gildi, ef þeim er varið til að efla hin sönnu gæði. En þessir hlutir eru einkum, eins og jeg áður hef sagt, auður, metorð og álit hjá mönnum; eptir þessu sækjast menn, og vilja einir hafa, því að það eru þeir hlutir, er koma mönnum bezt áfram í heiminum, og gjöra menn sæla í augum hans. Það eru reyndar til svo spilltir menn, að þeir hafa ýmigust á þeim, er sækjast eftir hinum andlegu gæðum, en það er ekki af því, að þeir sjálfir vilji ná þeim; og það verður ekki eiginleg öfund, sem þeir hafa á þeim, heldur fyrirlitning. Maðurinn er svo fastur við hið holdlega og jarðneska, að hann festir helzt augun og hugan á því, sem er holdlegt og jarðneskt, og það verður helzt fyrir öfund manna.<sup>1</sup>

### *Jón A. Hjaltalín*

Jón fæddist árið 1840. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum árið 1861 og prófi frá Prestaskólanum 1864. Hann vann við kennslu og ritstörf í Reykjavík, London og Kaupmannahöfn 1864-1871, var bókavörður í Edinborg 1871-1880 og var síðan skólustjóri Möðruvallaskóla. Jón lést árið 1908.<sup>2</sup>



1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1861.

2 *Alþingismannatal 1845-1975* (Reykjavík, 1978), bls. 219-220.

*Hverjar eru freistingar þær, sem fátækt og auðæfi  
hafa hvort um sig í för með sjer?*

(1869)

Sá, sem er fátækur getur freistast til að efast um rjettlæti guðs, þegar hann ber kjör sín saman við kjör annara manna og sjer hvernig sumum mönnum, er lifa í opinberum svívirðingum og löstum, gengur allt að óskum, en hann sjálfur, sem þykist þó ekki vera verri en hver annar, á í basli og bágindum; honum hættir við að hugsa: hvað hef jeg þá til unnið, að kjör mín skuli vera svona vond, og leiðist hann þannig til að mögla móti guði, því að sjálfum sjer eru menn ófúsir á að kenna ógæfu sína; vera kann og, að hann bæti við: jeg er þó ekki verri en helvítið hann „Pjetur eða Páll“, og þannig sýnir hann, að hann hefur horn í síðu annara fyrir það, að þeim líður betur, en honum sjálfum; honum hættir við að gleyma því, að hann hefur eigi verðskuldað annað af guði en refsingu, og þykjast vera verðugur alls góðs af honum, að minnsta kosti fremur en margir aðrir menn; ennfremur freistar fátæktin manna til syndar á þann hátt, að menn leiðast til að leitast við að auka fjármuni sína með ýmsu ógudlegu athæfi, svo sem þjófnaði og öðru þvílíku, og að endingu geta menn orðið svo örvinglaðir af fátækt sinni, að þeir ráðast í að gjöra enda á eynd sinni með því að taka lífið af sjálfum sjer, og taka þannig fram fyrir hendurnar á guði.

Þegar auðmaður ber kjör sín saman við kjör fátæklinga þá dettur honum í hug: hvað veldur þessum mikla mun, sem er á kjörum okkar, og þá er honum hætt við að taka lítið tillit til stjórnar guðs og þakka sjer einum auð sinn og kenna hinum fátæka einum örbyrgð hans, en af því sprettur sjálfþótti og stærilæti á annan bóginn, en á hinn bóginn fyrirlitning á fátæklingnum; ennfremur er þeim manni, sem er vellauðugur, hætt við að vilja lifa í viðhöfn og eiga góða daga, eða þá á hinn bóginn sökkva sjer niður í áhyggju og umhugsun um, hvernig hann eigi að vernda auð sinn og afla sjer meira fjár, en gleyma tilgangi lífsins.<sup>1</sup>

**Lárus Halldórsson**

Lárus fæddist árið 1851. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1870 og frá Prestaskólanum 1873. Hann var prestur á Reyðarfirði 1886-1899, prestur í

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1869. Vorpróf 4. bekkur.

Frikirkjunní í Reykjavík 1899-1903, sat á þingi 1886-1891 og var stundakennari í Lærða skólanum 1903-1904. Hann lést árið 1908.<sup>1</sup>



*Hverjar eru þær helztu hindranir  
fyrir manninn til að verða góður?*

(1870)

Þegar jeg á að leysa úr þessari spurningu, verður mjer fyrst fyrir að spyrja sjálfan mig, hvað þýði þetta orð: „góður“. Í daglegu tali er almennt skilið við „góður“ um mann sama sem „ráðvandur“, „guðhræddur“, „vænn“ (í nýrri merkingu) o.s.fr; en það er og einnig sagt, að einginn sje góður nema guð einn; þar er „góður“ sama sem „heilagur“; hjer ætla jeg þá að skoða „góður“ í hinni daglegu eða vanalegu þýðingu, er lögd er í það orð, þá er talað er um einhverja andlega hæfilegleika hjá manninum og leitast við að skýra frá því, hverjar sjeu þær hindranir, er maðurinn verður fyrir, þá er hann vill vanda allt ráð sitt og hegðun sína svo, að hann geti heitið góður; guðhræddur, rjettvís o.s.frv.

Hin mesta hindrun fyrir manninn til að geta orðið góður er efalaust hið syndumspillta eðli hans, og af því leiðir þá aptur allar aðrar hindranir, því að ef maðurinn væri ekki undir syndina seldur, gæti hann ekki verið annað en góður, því að syndin er undirrót alls illis hjá honum, og með því að hann er getinn í syndinni og hann lifir í henni alla sína daga; þó hann hafi vilja til hins góða, getur hann það ekki, nema hann geti sigrast á öllum ástríðum syndarinnar. Misjafnt er það að vísu, hvernig mönnum gengur að sigrast á ástríðunum og stjórna sjálfum sjer, og er það ljósar vottur þess, að sálarþrekið er eins misjafnt hjá mönnunum, eins og líkamsþrekið, og sumir fá því betur bælt niður ástríðurnar en sumir; ástríðurnar, er af syndinni leiðir, hindra því manninn í því að breyta rjettilega, en til þeirra teljast bæði öfund og ágirnd, reiði og hatur o.s.frv. Þeir menn, er að miklu leyti geta yfirbugað allar sínar ástríður og bælt þær niður, eru almennt kallaðir góðir, en hinir, sem láta algjörlega yfirbugast af ástríðunum, eru aptur á móti kallaðir vondir menn.<sup>2</sup>


1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 387.

2 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1870. Vorpróf 4. bekkur.



## *Páll Þorláksson*

Páll fæddist árið 1849. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1866 og lauk burtfararprófi árið 1871. Hann fluttist til Vesturheims og varð þar prestur. Páll lést árið 1882.<sup>1</sup>



### *Hverjar eru þær helztu hindranir fyrir manninn til að verða góður?*

(1870)

Hinar helztu tálmanir fyrir því, að maðurinn verði góður, eru í fyrsta lagi eðlisspilling sú, er honum er meðsköpuð, í öðru lagi spilling aldar þeirrar, er hann lifir á, í þriðja lagi athugaleysi sjálfs hans meðan spillingin festir rætur sínar í hjarta hans, og loksins í fjórða lagi þrekleysi hans að losa sig, er hann á endanum sjer spillinguna og athugar hversu skaðsamleg hún er. Eðlisspilling sinni getur maðurinn eigi við gjört og eigi heldur spilling aldar sinnar, en athugaleysi sínu og þrekleysi ætti hann að geta við gjört í allflestu, er að höndum ber, en nú með því allflestum mönnum er svo varið, að þeir, meðan þeir eru á æskuskeiði ætla, að þeir megi fyrst, að minnsta kosti þangað til fullorðinsárin koma, njóta lífsins eptir því sem girndirnar bjóða í þann og þann svipinn og athuga eigi, að jafnfram spillingunni þverrar þrekið til að drepa sig úr drómunda hennar, þá ættu þeir að láta sjer aldaspillinguna að kenningu verða, er sýnir svo berlega hversu allflestum verður hált á þessu sjálfstrausti sínu, og athuga og gæta vandlega að, hvort þeir muni vera þeir þrekmenn, að þeir geti hætt nær sem vera skal, og ef þeir sjá, að þeir eigi muni geta það, en svo munu allflestir, að hætta þá þegar í stað og hætta eigi farsæld sinni bæði hjer í lífi og annars heims af athugaleysi einu.<sup>2</sup>

## *Þorvarður Andrés�on Kjerulf*

Þorvarður fæddist árið 1848. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1864, lauk burtfararprófi 1871 og læknaprófi 1874. Hann var héraðslæknir á Fljótsdals-héraði og alþingismaður á árunum 1881-1891. Þorvarður lést árið 1893.<sup>3</sup>



1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 148.

2 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1870. Vorpróf 4. bekkur.

3 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 254.

## *Hinar helztu afleiðingar ágirndarinnar*

(1872)

Manninum er innrætt löngun eptir því sem hann þarf með til þess að viðhalda lífinu, og það er eðlilegt og rjett, að hann reyni til að afla sjer þess á leyfilegan hátt; en til þess að löngun þessari geti orðið fullnægt á leyfilegan hátt þá má hún eigi ganga úr hófi. Maðurinn má eigi sækjast eptir meiru en hann þarf með, eða í stuttu máli, hann verður að vera nægjusamur; en ef nú löngun þessi gengur úr hófi, og maðurinn fer að sækjast eptir meiru en hann þarf með, þá verður þessi löngun, sem í fyrstunni var eðlileg, óeðlileg og löstur. Þegar löngun þessi eptir jarðneskum gæðum gengur úr hófi, þá heitir hún ágirnd, en ágirndinni verður eigi fullnægt á leyfilegan hátt, því að ágirndin er eins og hver annar löstur, að því meira sem maðurinn lætur eptir henni, því meira vald fær hún yfir honum, og því meira þarf til þess að fullnægja henni.

Af því að ágirndin er óleyfileg og löstur, þá hljóta afleiðingar hennar að vera illar. Hún hefur þau áhrif á manninn, að hann gleymir sínum æðra tilgangi og hugsar einungis um að auka eigur sínar og heldur, að það sje hin mesta sæla, að eiga sem mest. Hann missir alla tilfinningu fyrir því, sem er fagurt og gott. Gáfur hans og andlegir hæfilegleikar dofna. Þannig skaðar ágirndin manninn, án þess að veita honum nokkra gleði, því að ágjarn maður getur eigi orðið ánægður, hve mikið sem hann öðlast; hann vill ætíð hafa meira. Þar að auki er hann hræddur um að missa það, sem hann hefur, og getur því aldrei verið rólegur og aldrei notið þessara gæða, sem hann hefur varið svo miklum tíma og svo mikilli áreynslu til að afla sjer. Auk þessa vekur ágirndin fjandskap og sundurlyndi milli manna, því ágjarn maður missir svo alla sómatilfinningu, að hann jafnvel reynir með rangindum að svipta aðra þess, sem þeir hafa, til að auka eigur sínar. Ágirndin skaðar þannig bæði hvern einstakan mann og allt mannfjlagið yfir höfuð.<sup>1</sup>

### *Sigurður Jenson*

Sigurður fæddist árið 1853. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1867, lauk burtfararprófi 1873 og prófi frá Prestaskólanum árið 1876. Hann var lengst af prestur í Flatey. Sigurður lést árið 1924.<sup>2</sup>



1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1872. Vorpróf 4. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 228-229.

## *Hverjar eru hinar skaðlegu afleiðingar óhófseminnar?*

(1879)

Óhófssemi og leti hafa ávallt þótt vágastir í mannlegu fjelagi og munu þær jafnan illu olla þar sem þeirra gætir, en það mun víða vilja við brenna. Þær leiðast hver af annari á víxl, en þó mun opt svo vera, að óhófsemin er móðir letinnar. Óhófsemin hefur í för með sjer alla þá eynd og bágindi, sem leitt getur af svalli og munaðarlífi, og er það ófagur bálkur í sögu mannanna, ef hann er vandlega rakinn.

Óhófið eyðir fje manna. Svallarinn eða munaðarseggurinn lætur sjer lítið eða alls ekkert umhugað um hag sinn eða sinna, heldur ber að eins umhyggju fyrir því, að kýla vömb sína eða drekka frá sjer vitið, eða þá og hlaða utan á sig fánýtu skrauti, sem í rauninni er einskis virði, nema það er fulldýrt að prýða sig með því. Hver sá, sem leggur í vana sinn að borða yfir sig og drekka áfenga drykki, leggst venjulega í leti og ómennsku, sefur meðan hann á að vinna og lætur teymast af fýsnum sínum, þegar hann á að hvílast. Hann eyðir þannig hinum dýrmæta tíma og viðurværi sínu og sinna til ónýtis, og aflar sjer einskis í stað þess, sem eytt er, og leiðir eynd og volæði yfir hyski sitt, og fer venjulegast sjálfur með því á vonarvöl, ef hann annars hefur eigi stytst sjer svo stundir með óhófi sínu, að hann hafi eigi dáíð áður en svo var komið.

Óhófið spillir heilsu manna. Flestir munu kannast við það, að ef þeir einhverntíma hafa borðað yfir sig eða orðið ofurölva, verða þeir sjúkir á eptir og geta ekki á heilum sjer tekið meðan líkaminn er að komst í samt lag aptur. Af ofáti og ofdrykkju verður verkfærum líkamans ofboðið; ólga og ofsi kemur í blóðið og taugarnar ofreynast, og verða svo á eptir máttvana og kraptlitlar. Ef þetta kemur opt eða daglega að, þá er auðvitað, að líkaminn hefur eigi getað náð sjer aptur eptir hina fyrri skemmd, og þá er illu við illt bætt með því að sýkja hann ennþá meir. Við þetta verður líkaminn allur aumur og veikur, og ofdrykkjumaðurinn fær aldrei á heilum sjer tekið, nema hann sje ölvaður; svo hefur vındrykkjan spiltt honum. Líf slíkra manna „tekur opt enda með skelfingu“.

Óhófið drepur niður andann og hinu góða, sem mannum er gefið. Óhófsmaðurinn getur aldrei hugsað eða beitt anda sínum eins og hinn hófsami. Þegar hann hefur borðað meir enn þörf krefur, leggst hann í andlegt dá; deyfð og leti gagntaka hann allan, og hann hefur ekki frjálsa notkun sinna andlegu og líkamlegu krapta. Fjórið deyr út, og hann verður ekki annað enn máttlítill líkami, sem misst hefur allt hið andlega líf sitt nema lífsandann, sem bæríst fyrir

brjósti hans. Hugsunin verður allajafna sljó og aðgjörðalítill. Aptur á móti vaka og dafna hina holdlegu girndir furðanlega vel. Tilfinningin fyrir því fagra og góða, nytsama og heiðarlega deyr út, og sómatilfinningin hverfur, en hinar illu og spilltu girndir þróast óðum, og hjálpa óhófinu furðufljótt til að bera líkamann ofurliði og tortíma honum. Drykkjumaðurinn hefur í för með sjer ófrið, þráttan og deilur, og friður og ánægja forðast hann og eru honum aldrei samferða. Síðan, er hann hefur eytt öllum fjármunum sínum og spillt heilsu sinni, en lifir þó enn eptir og getur eigi látið eptir hinum taumlausu hvötum, þá hafa þær fengið svo óstjórnlegt vald yfir honum, að hann má ekki við þeim. Annadhvort fellst honum þá hugur, svo hann fyllist örvæntingar og samvizkukvala og ræður sjer ef til vill bana eða þá að öðrum kosti stælist í spillingu sinni og verður þjófur eða glæpamaður til að afla sjer fjár til þess að geta haldið áfram hinu fyrri lífi sínu; því sjaldan munu slíkir menn aptur fara að vinna fyrir sjer á heiðarlegan hátt, þegar svo er komið.<sup>1</sup>

### *Jónas Jónasson (frá Hrafnagili)*

Jónas fæddist árið 1856. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1875, lauk burtfararprófi 1880 og prófi frá Prestaskólanum 1883. Hann var lengst af prestur í Eyjafirði og kennari á Akureyri. Jónas bjó á Hrafnagili og er kenndur við þann stað. Hann er einna þekktastur fyrir rit sitt *Íslenskir þjóðhættir* sem Einar Ólafur Sveinsson bjó til útgáfu árið 1934. Jónas lést árið 1918.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Afarstór, fremur grannvaxinn og bar höfuð yfir flesta pílta og var því opt nefndur Jónas langi. Eygður manna bezt. Gáfaður ágætlega, skáld gott og fjölfróður. Las manna mest, einkum skáldskaparrit, bókfræði (Literatur) og heimspeki. Heilsutæpur einkum á hinum síðari skólaárum sínum. Bezti reglumaður.<sup>3</sup>



### *Hverjar eru hinar skaðlegu afleiðingar óhófseminnar?*

(1879)

Eptir því sem vjer eldumst, sjáum vjer, hversu skaðleg óhófsemin er og hversu skaðlegar afleiðingar hennar eru. Óhófsemin finnst oss, sem allt annað, vera komna undir uppeldi manna í æskunni. Ungir menn eru jafnan sólgnir í

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1879. Vorpróf 5. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 336-337.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1879-1880, bls. 89.

skemmtanir og eyða þannig því, er þeim áskotnast, til skemmtana eða einhvers annars óþarfa. En þessar skemmtanir geta verið margvíslegar, því sumum þykir gaman að þessu, en hinum að öðru, en hjer ætlum vjer að tala um óhófsemina og afleiðingar hennar hinar skaðlegu sem vjer ætlum, að sje afleiðing þess, að mannum í æskunni hafi verið leyft að lifa og láta eins og hann sjálfur vildi og þótti mest gaman að.

Óhófsemin getur verið margvísleg; hún á sjer stað bæði í mat og drykk. Sá maður, er drekkur áfenga drykki fram úr hófi, er óhófsamur í víni, sá maður, er borðar meira en hann í raun og veru þarf, er óhófsamur í mat, því eins og það er skaðlegt, að drekka áfenga drykki fram úr hófi, eins er það og skaðlegt að borða meira en þörf gjörist, jafnvel þó sú óhófsemin sje meinlausari; sama er að segja um tóbaksbrúkunina, t.a.m. að tyggja tóbak og reykja of mikið; allt þetta er skaðlegt bæði fyrir líkamann og heilsuna. Versta óhófsemin er þó vín-drykkjan, því hún afskræmir eigi aðeins líkamann, heldur firrir hún menn og viti. Auk þessa hefur óhófsemin margar aðrar skaðlegar afleiðingar í för með sjer, því það er ekki nóg með það, að sá óhófsami spilli sjálfum sjer, heldur spillir hann og öðrum; sá óhófssami svallar sjaldan einn, heldur sækir hann aðra með sjer og nema þeir svo og þessa list.

Sá óhófsami eyðir tímanum, sem er einhver hin dýrmætasta guðs gjöf, til einskis, því hann svallar optast á þeim tíma, sem mannum er ætlaður til svefns og sefur svo á þeim tíma, er honum er ætlaður til vinnu og nytsamra fyrirtækja; hann sóar bæði fje sínu og annara til slarks og sællífis; svo hefur hún og í för með sjer leti og ódugnað og spillir öllu mannfjelinu, ef að henni kveður til muna.<sup>1</sup>

### *Sigfús Bjarnason*

Sigfús fæddist árið 1857. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1873, lauk burtfaraprófi 1880 og lagði stund á lögfræði við Kaupmannahafnarháskóla, en sneri sér að verslunarfræðum. Hann starfrækti verslun og útgerð á Ísafirði og var þar bæjarfulltrúi. Sigfús lést árið 1923.<sup>2</sup>



1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1879. Vorpróf 5. bekkur.  
2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 189-190.

## *Hverjar eru hinar helztar afleiðingar af iðjuleysi?*

(1886)

Það er kunnugra, en frá þurfi að segja, að afleiðingarnar af iðjuleysi eru margar og illar, og geta komið fram á ýmsan hátt, svo að það er mjög torvelt að telja þær allar upp, en þó viljum vjer reyna að taka fram hinar helztu, og eru þær illar, því að eigi verður sagt, að iðjuleysið hafi nokkurn tíma gott í för með sjer, og þess konar afleiðingar geta því alls ekki komið hjer til skoðunar.

Þess ber þá fyrst að gæta, að í eðli allra manna liggur einhver hvöt eða löngun til starfsemi, og það er þessi innri hvöt, sem gjörir það, að vjer erum ánægðari, þegar vjer höfum eitthvað fyrir stafni, en þegar vjer erum iðjulausir, því að þegar vjer vinnum finnst oss tíminn líða skjótar en ella, og vjer gleymum að miklu leyti áhyggjum vorum við það, að hugsa um verk vort. En á hinn bóginn, þegar vjer erum iðjulausir, dvelur hugur vor ekki við neitt sjerstakt; vjer finnum þá til leiðinda og óánægju, án þess að geta gjört oss ljósa grein fyrir, hvernig á því standi, og þá hljótum vjer að leita oss skemmtunar á einhvern hátt, en það er nokkuð misjafnt, hvernig það er gjört. Sumir leita sjer skemmtunar með því að spila, tefla o.s.frv., og getur það verið saklaust, en hinir eru miklu fleiri, er stytta sjer stundir á skaðlegan hátt, og viljum vjer stuttlega skoða, hvað þetta hefur í för með sjer.

1. *Drykkjuskapur*; hann sprettur mjög opt eða ávallt af iðjuleysi og magnast jafnan meir og meir, því lengur sem honum er haldið áfram, og þá býður ein syndin annari heim, því að þótt vínsins sje í fyrstunni neytt til þess, að gleðja hugann og afla sjer skemmtunar og það sje hóflega gjört, getur jafnan farið svo, að þetta verði hið fyrsta stig til fullkominnar óreglu, og þegar þetta stig er einu sinni stigið, verður flestum mjög torvelt, að snúa við. Vjer vitum, hversu mikla ógæfu drykkjuskapurinn hefur leitt yfir einstaka menn og heilar þjóðir, og upptökin til þessarar ógæfu finnum vjer einmitt í iðjuleysinu, og má þess vegna beinlínis skoða það, eins og móður alls hins illa, er af drykkjuskapnum leiðir, og er það ærið margt, eins og kunnugt er.

2. *Örbrigð* er einnig bein afleiðing af iðjuleysinu, eins og gefur að skilja, því að sá maður, sem jafnan liggur í leti og iðjuleysi, verður fyr eða síðar að líða skort, enda þótt hann eigi allmiklar eignir, og þurfi ekki beinlínis að lifa af handafla sínum, því að auðæfi þverra mjög fljótt, ef þau komast í hendurnar á duglausum og hirðulitlum manni, eins og lítil efni geta aptur á móti margfaldast í höndum ötuls dagnaðarmanns. Það er vitaskuld, að örbrigðin verður enn meir, ef iðjuleysinginn er einnig drykkjumaður, eins og opt ber við, en þetta

þarf ekki að fylgjast að, því að iðjuleysið út af fyrir sig er nægilegt til þess, að steypa manningnum í eynd og volæði án drykkjuskaparins.

3. *Fyrirlitning* er einnig ein afleiðing af iðjuleysinu, því að lettinginn er hvergi virtur, og enginn dugandi maður vill hafa neitt saman við hann að sælda, og af því leiðir, að hinn lati og duglausi maður fer margra þæginda á mis, engir reiða sig á hann, og allir tala um hann með fyrirlitningu, svo að honum verður varla vært meðal annarra dugnaðarmanna, og það hlýtur þó að vera þungbært fyrir þann mann, sem hefur nokkra tilfinningu.<sup>1</sup>

### *Hannes Þorsteinsson*

Hannes fæddist árið 1860. Hann lauk prófi frá Lærða skólanum 1886 og frá Prestaskólanum 1888. Hann kenndi við Barnaskóla Reykjavíkur, Kvennaskólann og Lærða skólann. Hann ritstýrði *Fjóðólfi* um skeið, var alþingismaður og þjóðskjalavörður. Eftir hann liggja mörg verk á sviði íslenskrar sögu og sagnfræði. Hannes lést árið 1935.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður á hæð, þrekvaxinn og karlmannlegur, en ekki að sama skapi fríður. Hannes var gáfumaður mikill og stundaði nám sitt vel; einkum var hann mjög vel að sjer í sagnafræði, og svo var hann og fróður í ættfræði, að aldrei hyggjum vjer, að neinn piltur í Reykjavíkurskóla hafi komist í neinn samjöfnuð við hann í þeirri grein. Eftir hann liggja nokkrar fróðlegar ritgjörðir í „Framtíðinni“.<sup>3</sup>



## *Hverjar eru hinar helztar afleiðingar af iðjuleysi?*

(1886)

Það sem vjer köllum iðjuleysi, er það, að hafa ekkert fyrir stafni, er verða megi til gagns þeim, er starfar eða einhverjum öðrum. Iðjuleysi er því ekki sama og aðgjörðaleysi, því að mannsandinn getur aldrei verið með öllu aðgjörðalaus.

Vjer skulum þá fyrst í stuttu máli rekja hugsanlegan lífsferil iðjulauss manns:

Hann Jón var orðinn rúmlega tvítugur; hann var hinn mannvænlegasti og hafði með elju og ástundun unnið sjer hylli og þokka manna með dugnaði sín-

1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1886. Miðsvetrarpróf 6. bekkur.

2 Gunnlaugur Haraldsson, *Guðfræðingatal 1847-2002*. I. bindi, bls. 433-434.

3 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1885-1886, bls. 125-126.



um hafði hann ávaxtað lítinn arf, svo að þá mátti kalla hann vel fjáðan; með iðni hafði hann aflað sjer góðrar menntunar og þekkingar; með hæfilegri vinnu og áreynslu kraptanna hafði hann styrkt heilsu sína og líkama svo að honum varð sjaldan misdægurt; hann var glaður og ánægður á daginn, en svaf rótt og vært á nóttunni; hann hafði þá verið giptur góðri konu í tvö ár og hafði þeim orðið barna auðið.

En þá var það einn dag, að honum datt sú heimska í hug, að nú hefði hann stritast og unnið nóg; hann gæti nú farið að hafa náðuga daga og látið aðra vinna þau störf, er hann hefði sjálfur gjört. En hvernig fór þá? Fje hans tók að minnka í stað þess að vaxa, því að nú átti hann umsjá eigna sinna undir hollustu annara, en „sjálfs er höndin hollust“, segir málshátturinn; og svo stuðlaði hann sjálfur fremur til að eyða eignum sínum en auka þau því með iðjuleysinu hvarf ánægjan á daginn og hinn væri svefn á nóttunni, en í stað þess komu leiðindi og vökunætur, hann undi því ekki lengur heima, en fór að leita sjer afþreijunar í skemmtunum þeim, sem kosta peninga; þá var vínið og sú stundastytting, sem því fylgir, einna fyrsta meðalið; hann fór að sitja við drykkju á kvöldum fram á nótt, því að nú þurfti hann ekki lengur að vakna snemma til vinnu sinnar; þannig leiddist hann smámsaman út í svall og óreglu. Heilsa hans tók að versna og líkamskraptar að hrörna, því hin styrkjandi og holla vinna hjelt þeim ekki lengur við. Traust manna til hans fór minnkandi eptir því sem meir fór að bóla á ólifnaði hans, og starfsmennirnir, sem þó jafnan eru meiri og betri hluti mannkynsins, fengu „ýmigust“ á iðjuleysingjanum. Þekking hans auðgaðist eigi heldur í gagnlega stefnu, því að iðjuleysinginn hefur jafnmikla óbeit á andlegri sem líkamlegri vinnu. Í stuttu máli, æfi hans endaði með því, að hann varð örsnaður, heilsulaus og illa þokkaður vesalingur, sem ásamt hyski sínum varð sveit sinni til byrðar og ætt sinni til smánar.

Svona eða þessu líkt má búast við að fari fyrir iðjuleysingjunum; hverjir sem þeir eru og í hvaða stöðu, þá getur samt iðjuleysið komið þeim á knje. Þessar illu afleiðingar, sem iðjuleysið hefur fyrir einstaklingana, hefur það og fyrir heilar þjóðir. Fámennar og efnalitlar þjóðir geta í slæmu landi átt við margfalt betri kjör að búa, en öflugar og auðugar þjóðir í ágætu landi. Ástæðan til þessa mun opt vera sú, að hið harða landið hvetur menn og neiðir til þess að nota sína líkamskrapta og sálarhæfilegleika, en örlát náttúra aptur á móti freistar manna til iðjuleysis, því að þar verður eigi eins greinilegur munur á ytri kjörum starfsmannsins og iðjuleysingjans.<sup>1</sup>

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1886. Miðsvetrarpróf 6. bekkur.




## Stefán Stefánsson

Stefán fæddist árið 1864. Hann var tekinn í Lærða skólann 1880, lauk burtfararprófi 1886 og prófi í læknisfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1893. Hann starfaði lengst af sem læknir í Danmörku. Stefán lést árið 1938.<sup>1</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Hann var meðalmaður á hæð og svaraði sjer vel að gildleika; lotinn var hann nokkuð í herðum og ekki skörulegur á velli; stilltur var hann og góðlyndur en nokkuð ósjálfstæður; gáfumaður í bezta lagi og vel að sjer í öllum námsgreinum.<sup>2</sup>



## *Hverjar eru hinar helztar afleiðingar af iðjuleysi?*

(1886)

Frá ómunatíð hefur sú skoðun verið ríkjandi, að iðni og atorkusemi sjeu aðal-skilyrðið fyrir andlegri og líkamlegri heill einstakra manna og heilla þjóða; en þar á móti iðjuleysið átumein og drep bæði einstaklingsins og þjóðfélagsins yfir höfuð að tala, og undanfari alls konar eymda og báginda. Menn hafa á öllum tímum, í ræðum og ritum varað við iðjuleysinu og reynt að sýna mönnum fram á það, hve skadlegt það sje, en þó má fullyrða að enginn löstur sje almennari í öllum löndum en iðjuleysið. Í stórborgum í sumum löndum, eru stofnanir, einskona hegningahús fyrir iðjuleysingja, þar sem þeim er þröngvað til að vinna. Í ritningunni er mjög víða varað við því og mennirnir hvattir til að vinna; þegar í sköpunarsögunni lesum vjer það, að Jehóva segir við Adam: „Í sveita þíns andlitis skaltu þíns brauðs neyta“; postulinn Páll tekur það mjög víða fram, hversu fara skuli með þá menn er eigi nenni að vinna; hann segir: „Sá, sem ekki vill vinna, á heldur ekki mat að fá“, og á öðrum stað er það tekið fram, hvers slíkir menn megi vænta, þar sem stendur: „Iðjulausir húsgangsmenn og betlarar munu ekki guðsríki erfa“. Því verður þess vegna alls ekki um kennt, að þetta hafi eigi verið brýnt fyrir mönnum á öllum tímum og á öllum stöðum.

Vjer þekkjum allir málshátt einn íslenskan, sem hljóðar svo: „Iðjuleysi er allra lasta móðir“. Það getur engum manni blandast hugur um það, hvílík sannindi felast í honum, nje fundist hjer tekið of djúpt í árinna; því hvaða löstur eða lestir geta ekki leiðst af iðjuleysinu? Það mun varla hægt að tilfæra nokkurn,

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 335.

2 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1885-1886, bls. 126.

því þótt hann eigi beinlínis leiði af iðjuleysinu, þá getur hann leiðst af einhver-  
um öðrum lesti, sem sprottinn er af iðjuleysinu, því „ein syndin bíður annari  
heim“.

Það verður eigi búizt við því, að sá, sem í æskunni temur sjer iðjuleysi, geti  
orðið til mikils gagns fyrir þjóðfjelaðið, þegar hann er orðinn fulltíða og á  
sjálfur að fara að sjá fyrir sjer. Hann hlýtur þá að reka sig á það, sem hann van-  
rækti í æskunni; hann lendir þá iðulega í basli og bágindum og verður öðrum  
til þyngsla. Iðjuleysingjanum leiðist ávallt; hann er óánægður með sjálfan sig  
og lífið. Af iðjuleysinu leiðist hann út í óreglu og svall, verður fyrirlitinn af  
öllum hinum betri mönnum, ættingjum sínum og vinum til kvalar og skapraun-  
ar. Af drykkjuskapnum leiðist hann enn þá lengra; í ölæðinu vinnur hann  
máskæ einhver óbótaverk, gjörir sig sekan í glæpum ýmsum, og hefur þannig  
á skömmum tíma fyrirgjört sinni tímanlegu og andlegu velferð. Opt verður það  
og að þeir, sem hann átti fyrir að sjá, t.a.m. hjú og börn leiðast út á sama lasta-  
vegin og verða ólámsmenn og auðnuleysingjar alla sína æfi, því „feðranna  
dádleysi er barnanna böll“, eins og eitt af vorum beztu skáldum hefur að orði  
komizt. Vjer getum því með fáum orðum sagt, að iðjuleysið

í 1° gjörir manninn óhæfan til allrar vinnu, svo að hann verður öðrum til  
þyngsla, og getur eigi sjeð fyrir sjer nje sínum;

í 2° gjörir líkamann slappan: og veikan; svo að hann þolir enga áreynzlu,

í 3° sljóvgar sálargáfurnar og gjörir þær óhæfar til að vinna verk köllunnar  
sinnar og

í 4° sviptir þjóðfjelaði þeirri stoð, sem það með rjettu gat af manningum  
heimtað.<sup>1</sup>

### *Jón Helgason*

Jón fæddist árið 1866. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1886 og  
prófi í guðfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1892. Jón var lengi biskup  
Íslands (1916-1938) og gegndi margvíslegum félags- og trúnaðarstörfum. Hann  
var forstöðumaður Prestaskólans og prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands.  
Jón skrifaði jafnframt mikið um guðfræðileg og söguleg efni. Hann lést árið  
1942.<sup>2</sup>



1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1886. Miðsvetrarpróf 6. bekk-  
ur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 396-397.

*Að sýna hversu nauðsynlegt það er,  
að gæta hófs í hverju einu*

(1893)

Það eru flest verk svo löguð, að það verður að neyta kapps og orku til þess að koma þeim fram, en þó getur kapp þetta keyrt fram úr hófi og orðið ofurkapp. Það má ef til vill segja, að það sje eigi hygginn maður, sem byrjar á því verki, er hann verður að neyta ofurkapps til að framkvæma, en það er þó eigi ávallt svo; ýmsar orsakir geta legið til þess, sem ómögulegt er að sjá fyrir.

Jeg hef tekið að mjer að vinna eða láta vinna verk fyrir annan mann á hans kostnað; jeg er ráðvandur maður og vil hag húsbónda míns í hvívetna. Ef jeg nú sparaði fje hans svo mikið, að verkið yrði eigi vel af hendi leyst, af því jeg hafði verið of sparsamur og of hófsamur, þá gerði jeg honum ógagn, en eigi gagn. Hins vegar verð jeg að gæta þess að vera eigi of smásmugulega vandvirkur, og eyða þar í vinnu og fje að óþörfu.

Það hefur verið talið illt og óviturlegt að láta allt eptir börnum í uppvextinum, en þó má og gæta hófs í því að beita eigi of mikilli hörku gegn þeim, því það getur jafnvel gjört þau að aumingjum.

Þar eð jeg er námsmaður, er það nauðsynlegt fyrir mig að vera iðinn og ástundunarsamur, ef jeg ætla mjer að komast vel áfram, en þó er og nauðsynlegt að gæta hófs í því, sem öðru; jeg set svo, að jeg sæti við lestur langt fram á nótt, og gæfi mjer eigi tíma til að sofa og yrði svo dauðsyfjaður og lúinn allan daginn, jeg er hræddur um, að sú iðni mundi vinna sig upp; það væri miklu betra, að jeg læsi minn ákvarðaða tíma, og vera svo ósyfjaður og hraustur. Það mun verða svo í fleiru.<sup>1</sup>

### *Jón Hermannsson*

Jón fæddist árið 1873. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1893 og lagaprófi frá Kaupmannahafnarháskóla 1899. Hann starfaði lengst af sem tollstjóri. Jón lést árið 1960.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Mjög hár maður vexti, en ekki gildur að sama skapi. Bjartur á hár, stórskorinn í andliti og stórhreinlegur. Kattþrifinn og hafði mætur á hreinlæti og góðri

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1893. Miðsvetrarpróf 6. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 272.

umgengni fremur mörgum öðrum. Allvel gáfaður og kunni vel að haga orðum sínum í ritum og ræðu. Fjelagsmaður góður; stundaði námið kappsamlega. Vinsæll var hann og sökum geðprýðis- og meinhægðar. Reglum. góður.<sup>1</sup>



*Að sýna hversu nauðsynlegt það er,  
að gæta hófs í hverju einu*

(1893)

Þegar vjer eigum að vinna eitthvert verk, þá eigum vjer að leggja kapp á að leysa það fljótt og vel af hendi. Það verður þó að gæta þess að leggja ekki ofmikið á sig, heldur verða menn að haga gjörðum eptir kröptum, svo að þeir geti unnið verk til enda, en gefist ekki upp á miðri leið. Í öðru lagi mega menn ekki flýta sjer svo að koma verkinu af, að þeir hirði lítt um að leysa það vel og vandlega af hendi, því að þá er verkið ónýtt og betra ógjört en gjört. Í þriðja lagi má ekki flana að því að vinna verkið, heldur verða menn að sæta lagi og vinna það á þeim tíma, sem hentugastur er. Það eru mörg verk svo löguð, að það er margfalt auðveldara að vinna þau á einum tíma, en öðrum, og það væri sannarlega fásinna, að kappkosta að vinna verkið á þeim tíma er það væri örðugast. Það sjest þá á þessu, að vjer eigum að gæta hófs í kappinu og málshátturinn segir líka: „Kapp er best með forsjá“.

Eins og vjer eigum að gæta hófs í kappinu, eins eigum vjer að vera hófsamir í öllu öðru. Það er mjög nauðsynlegt að gæta hófs í mat og drykk. Fæðan er alveg nauðsynleg til lífsins, en jafn skaðleg er hún, ef hennar er neytt í óhófi, því að maginn getur þá ekki melt hana til fulls, en hún safnast fyrir og getur þá valdið veikindum og jafnvel dauða. Sama er að segja um drykkinn. Vatn er alveg nauðsynlegt til lífsins, en ef þess er neytt í óhófi, verður það skaðlegt. Enn skaðlegra en þetta eru áfengir drykkir, ef þeirra er neytt í óhófi. Þeir eru raunar ekki nauðsynlegir til lífsins og geta aldrei gjört líkamanum neitt gagn, en ef þeirra er neytt í hófi eru þeir heldur ekki skaðlegir. Fyrst þegar þeirra er neytt í óhófi, verða þeir skaðlegir líkamanum og geta valdið sjúkdómum og dauða. Það er því mjög nauðsynlegt, að gæta hófs í öllum mat og drykk, þar eð óhófið er skaðlegt heilsunni, en auk þess eyða menn bæði fje og tíma með óhófsseminni.

Einnig í skemmtunum verða menn að gæta hófs, því að þótt skemmtanir geti haft góð áhrif á manninn að mörgu leyti, þá geta þær líka haft spillandi

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1892-1893, bls. 35-36.

áhrif, ef ekki er gætt hófs í þeim, og þeir, sem ekki gjöra það eyða fje og tíma til þeirra, sem þeir annars gætu notað til annars nytsamlegra.<sup>1</sup>

### *Knud Zimsen*

Knud var fæddur árið 1875. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum árið 1893 og prófi í byggingarverkfræði árið 1900. Hann starfaði sem verkfræðingur í Reykjavík, en var borgarstjóri á árunum 1914-1932. Knud lést árið 1953.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Hann var og unglingur er hann kom í skóla, en settist í 3. bekk. Stundaði námið vel og var optast dux. Hann var lágur vexti, en allþrekinn og vel limaður, dökkur á hár og fögur í andliti, dáfríður en eigi hraustlegur, enda eigi heilsu-sterkur. Bráður í lund og kappsmaður, en raungóður að sögn þeirra er þekktu hann vel. Ljet lítt til sín taka í þeim fjelögum er hann var í; mest í Mími, og var hann þar forseti tvö hin síðustu ár sín í skóla og í Glímufjel. Þar var hann forseti 1 ár. Las mest Fysik og stærðfræði. Reglum. góður.<sup>3</sup>



---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1893. Miðsvetrarpróf 6. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 315-316.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1892-1893, bls. 34-35.



## X. Konur í Lærða skólanum

Það er skemmst frá því að segja að ekki var gert ráð fyrir því að konur stunduðu nám við Lærða skólann fyrr en árið 1886, en þá var gefin út tilskipun um rétt kvenna til skólagöngu og prófa.<sup>1</sup> Samkvæmt þeim máttu konur stunda nám og taka próf við Lærða skólann, Læknaskólann og Prestaskólann, en með takmörkunum þó. Formlegt bóknám kvenna þótti mikil nýjung hér á landi á þessum tíma og í almennri þjóðfélagsumræðu má greina það viðhorf að bóknám kvenna væri óþarft og að slíkt nám myndi jafnvel draga hug þeirra frá hefðbundum bú- og heimilisstörfum.<sup>2</sup> Í *Ejódófi* sumarið 1879 birtist sem dæmi grein um menntun kvenna, og kaus greinarhöfundur að „[...] skrifa rólega og stutt í einu um kvennamentun vora, enda er mál þetta svo nýtt, svo mikið og margbrotið, að alþýða fær traudlega skilið þess fulla sannleik og þýðing nema jafnóðum og reynslan kemur.“<sup>3</sup> Smátt og smátt jókst þó almennur stuðningur við menntun kvenna, ýmsir kvennaskólar spruttu upp á síðasta fjórðungi aldarinnar, stofnuð voru kvenfélög og lagalegur réttur þeirra fór batnandi.<sup>4</sup>

Ólafía Jóhannsdóttir (1863-1924) tók 4. bekkjarpróf 1890. Nokkrum árum síðar hélt hún til Danmerkur þar sem hún hóf nám við Lýðháskóla. Það var svo árið 1897 sem fyrsta stúlkan tók stúdentspróf á Íslandi, en það var Elínborg Jakobsen (1871-1929).

Í *Árbókum* skólans er sagt frá Ólafíu:

Það er dæmalaust í skólasögu vorri, að kvennmaður gangi undir próf með piltum, þangað til í vor. Þá gjörði það stúlka ein að austan, Ólavía Jóhannsdóttir, dóttir sjera Jóhanns Benediktssonar á Kálfafellsstað og systurdóttir Benedikts Sveinssonar. Hún lauk fyrri hluta burtfararprófs með 4bekking-

---

1 *Sjórntartíðindi* 1886 A-hluti (Reykjavík, 1886), bls. 96.

2 Sjá nánar, Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð. Ímyndir, veruleiki og frelsishugmyndir kvenna á 19. öld.“ *Saga* 35 (1997), bls. 57-94.

3 „Kvennaskólarnir.“ *Ejódófi* 31. árg. 19. júlí 1879, bls. 77.

4 Sjá nánar um kvenréttindi, *Ártöl og áfangar í sögu kvenna*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir (Reykjavík, 1998).

um með sæmilegum vitnisburði, enda fóru kennararnir vel með hana. Annars er hún allgáfuð og dugleg að lesa, og er í orði að hún gangi undir síðari hlutann á næsta vori.<sup>1</sup>

Elínborg fékk einnig umfjöllun í *Árbókunum*:

Það þótti nýlunda, að þetta vor [1894] tók einn kvenmaður fjórða bekkjar próf, fröken Elinborg Jakobsen, og er hún annar kvenmaður, er það próf hefur tekið; hin fyrri var fröken Ólavía Jóhannsdóttir [...] En sá er munurinn að Ólavía hætti náminu, en fröken Elinborg ætlar að halda áfram og taka stúdentspróf. Verður hún þá hinn fyrsti kvenmaður, er það próf tekur hjer við skólann. Við prófið stóð hún sig fremur illa, en fjekk þó III. eink. 53 stig. Það er raunar ekki hægt að ætlast til eins mikils af þeim, sem aldrei hafa setið í tímum og eru því gjörsaml. ókunnugir kennsluáferð og spurningum kennara.<sup>2</sup>

Hér má finna ritgerðir frá þessum stúlkum. Ólafía skrifar um efnið „Að sýna fram á „ærlighed varer længst“ (ráðvendni er affarasæl) árið 1890, en Elínborg skrifaði um efnið „Hvernig getum vjer búið oss farsæla elli?“ vorið 1897.



### *Að sýna fram á „ærlighed varer længst“*

(1890)

Það eru margir, sem segja, að það borgi sig bezt í heiminum að vera eigingjarn og vondur, þeim, sem sjeu það, líði bezt. Þegar maður tekur það, sem heimurinn kallar hamingju fyrir mælikvarða, virðist nokkuð satt í þessu. Sá vegur blasir oft við manni, er liggur til auðs og metorða, hann virðist breiður og ruddur, og maður þarf einungis að afneita samvizku og sannfæringu til að ganga hann. Auðsástin, metorðagyrnin, hægindi, vinátta völdugra manna, máske líka dagleg þörf, laða og seyða, smá kæfa niður rödd samvizkunnar og veikja trúna á manns köllun, að breyta eftir sannfæringunni. Kjör þeirra, sem höfnuðu þessum gæðum þegar þau buðust, og gengu sinn veg eftir sinni sannfæringu, virðast oft köld og vanþakklát og heimsgæðingurinn yptir öxlum þegar hann mætir þeim. En gái maður að því, að sú varanlega hamingja er að hafa frið við sjálfan sig, að vera sem óháðastur brygðlyndi lukkunnar; að geta borið höfuð sitt hátt, þrátt fyrir fátækt og ef til vill fyrirlitning heimskingjanna, sem miklast

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1889-1890, bls. 157.

2 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1893-1894, bls. 89.



yfir að hafa selt samvizku sína og sannfæringu við hæzta boð, af því maður veit, að maður hefur hlýtt sinni köllun og sannfæringu, þá sjer maður að ráðvendi og drengskapur eru sín eigin laun, og veita mannum þann frið, sem er betri en allur heimsins hagnaður. Gái maður að því hverjir það eru, sem hafa flutt þjóðirnar nær ljósi mannúðar og sannleika, þá eru það þeir, sem hlýddu samvizkunni, sem gengu þann veg, sem köllun og sannfæring sýndi þeim, þó hann væri mjór og hrjóstrugur, og menn kölluðu þá sjervitringa af því þeir sáu þá ekki keppa eftir hagnaði. Gái maður að, hverjir það eru, sem ánægðastir geta kvatt lífið, þá eru það þeir, sem ekki bundu hug sinn við gæði lífsins, heldur að hlýða sinni köllun og sannfæringu og vera öðrum til gagns, því þeir hafa náð takmarkinu. Hverjir það eru, sem þakklæti og virðing þjóða og einstaklinga er fagur minnisvarði, þá eru það þeir, sem mátu drengskap og sannfæringu fram- ar öllu öðru. Þessvegna nær „Ærligheg“ útyfir takmörk lífsins, og lengra getur ekkert náð.<sup>1</sup>

### *Ólafía Jóhannsdóttir*

Ólafía fæddist árið 1863. Hún lauk 4. bekkjarprófi við Lærða skólann árið 1890, stundaði nám við lýðháskóla í Danmörku og bjó lengi í Noregi. Ólafía starfaði alla sína ævi að mannúðar- og kvenréttindamálum og var brautryðjandi í kvenréttindamálum á Íslandi en var jafnframt þjóðþekkt í Noregi fyrir líknarstörf sín þar. Hún vann einnig að ritstörfum. Ólafía lést árið 1924.<sup>2</sup>



### *Hvernig getum vjer búíð oss farsæla elli?*

(1897)

Það vill opt verða svo, að á yngri árum vilja menn sem minnst hugsa um ókomna tímann, og síst um þann hluta æfínnar, sem menn nefna elli. Það er heldur engin glæsileg tilhugsun fyrir mann á beztu árum að hugsa sjer, að hann eigi eptir að lifa það að ganga um boginn, með skjálfandi limi og grár fyrir hærum, sjálfum sjer og öðrum að byrði; það virðist því liggja mjög nærri fyrir menn, þar sem þeir daglega sjá fyrir sjer dæmi þess, hversu ellin getur farið með menn, að reyna til, ef það annars er á þeirra valdi, að gjöra sjer ellina sem ljettbærasta. Menn verða þá fyrst og fremst að gjöra sjer ljóst, hvað er undir- rótin til, að sumir á elliárunum verða svo hrumir og lasburða, en aðrir aptur

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1890. Vorpróf 4. bekkur.

2 Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna, bls. 20-21.

ganga um fjörmiklir og heilbrigðir, vitaskuld er það, að margt getur verið, sem maðurinn ekki sjálfur ræður við, sem verður til að gjöra honum ellina erfða, en ótal dæmi eru þó til, sem sýna, að menn hefðu getað skapað sjer betri lífdaga á elliárunum með því að fara skynsamari að ráði sínu í æskunni, en mönnum vill opt verða það á að ana áfram í hugsunarleysi og þrjósku og baka sjálfum sjer í æskunni þeirra erfiðleika og mæðu, sem þeir eiga við að búa á efri árum. Það hefur ekki litla þýðingu fyrir lífið að hafa farið vel með bæði sálar og líkamskrapta sína, því að það kemur jafnsjaldan fyrir að líkaminn sje heilbrigður þegar sálarlífið er sjúkt, eins og hitt, að sálin sé heilbrigð þegar líkaminn er lasburða. Menn verða því miður að játa, að margt af því böli, sem þeir eiga við að búa á hvaða tíma æfinnar sem er, baka þeir sér sjálfir með óskynsemi og hugsunarleysi sínu. Þeir yngri hlaupa í gönur og daufheyrast við aðvörunum eldri manna, og opt eru þeir eldri þá svo hugsunarlausir, að þó þeir viti með sjálfum sjer, að þetta eða hitt hafi orðið þeim að falli, þá dettur þeim varla í hug að vara þann yngri við að láta sjer yfirsjást í sama efni.

Til þess að fá að njóta farsællrar elli, verða menn að varast allt, sem getur haft spillandi áhrif á heilbrigði líkamans og ekki síst að reyna til að halda sálar-arkróptunum óskemmdum. Það eru mörg dæmi til, að menn hafa orðið fjörgamlir og haldið sálarkröptum sínum ungum og óskemmdum, en það eru þeir menn, sem á yngri árum hafa lifað góðu og óspilltu lífi bæði til sálar og líkama, og geta horft tilbaka yfir líf, sem hefur verið varið í þjónustu þess góða til að efla sína eigin og annara velferð.<sup>1</sup>

### *Elínborg Jakobsen*

Elínborg fæddist árið 1871. Hún lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum árið 1897 og hélt til Kaupmannahafnar þar sem hún lagði stund á nuddlækningar. Elínborg lést árið 1929.<sup>2</sup>



---

1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1897. Vorpróf 6. bekkur.  
2 *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*, bls. 33.

## XI. Lestur rómana

Í þessum kafla er að finna ritgerðir frá árinu 1855 sem fjalla um hvaða not væri hægt að hafa af lestri skemmtisagna (romaner) og hvað illt gæti leitt af slíkum ritum. Ritgerðirnar endurspeglu það viðhorf að lestur slíkra sagna gæti mögulega haft slæm áhrif á lesandann. Páll Melsteð, sögukennari í Lærða skólanum (1812-1910), segir sem dæmi í æviminningum sínum að hann telji það sér til lofs að á námsárum sínum hafi hann eingöngu lesið „[...] það, sem eg vissi vera eftir góða rithöfunda, en forðaðist hina, sem eg heyrði um sagt að spiltu siðferðinu, og heyrða eg helzt til nefnda frakkneska rómanahöfunda.“<sup>1</sup> Nokkuð var rætt um áhrif rómana innan skólans og greina má það viðhorf að slíkar sögur gætu gert menn lata gagnvart námi sínu, gæfu óraunhæfa mynd af heiminum, sögupersónurnar væru einhliða, þær gætu gert menn „yfirspennta“ og ástsjúka svo fátt eitt sé nefnt.<sup>2</sup>

Í þessum kafla taka til máls meðal annarra Magnús Stephensen (1836-1917), síðar landshöfðingi.



### *Hvaða not geta menn haft af lestri skemmtisagna (Romaner), og hvað illt getur af honum leitt?*

(1855)

Notin af því, að lesa skemmtisögur, eru þau helzt, að menn verða fróðari við það, því að opt er það, að einhverjum merkjum mönnum er lýst, og aðgjörðum þeirra, öldinni er þeir lifðu á, og þeim, er uppi voru um sama leyti; í skemmtisögnum sjá menn og menn, er skara langt fram úr öllum, er lifðu á þeirri öld, að ýmsum mannkostum, t.a.m. elsku, tryggð og hugprýði; þannig eru og heilar þjóðir, er bera af hinum þjóðunum, og heilar aldir, er virðast að minnsta kosti óspilltastar; geta menn tekið miklum framförum við það, með því, að haga sjer eptir þeim. Þá er og í skemmtisögnum lýst mönnum og heilum þjóðum og

1 Páll Melsteð, *Endurminningar*, bls. 58.

2 *Lbs* 3326 4to – Rit Bandamannafélagsins 2. ár, 1876-1877, bls. 309-316.

öldum, er taka öllum fram að illsku og öllum löstum t.a.m. hatri, dugleysi, svikum og öðru fleiru. Líka er í skemmtisögunum lýst mönnum, er eru með öllu ómenntaðir, og öðrum, er eru vel menntaðir. Mönnum er þar og lýst, er lifa aðeins sjer, og til þess, að fullnægja girndum sínum og fýstum; getur þetta allt verið mönnum til nota, ef þeir kunna með að fara.

Það illa, er getur leitt af lestri skemmtisagna, er það, að menn eyða of miklum tíma til þess, að lesa þær, því að fyrir fæstum er svo ástatt, að þeir hafi eigi eitthvað annað, er þeim er nær að gjöra, en lesa skemmtisögur. Þær geta og haft skaðvæn áhrif á menn, því að þeir geta sett fyrir sig ýmsa viðburði er koma fyrir í skemmtisögunum, þýtt sumt upp á sig, og af öllu þessu geta þeir ef til vill sturlazt. Þær geta og vakið illar fýstir hjá mönnum, er annars hefðu eigi vaknað, hefðu menn eigi heyrt þeim lýst og heyrt talað um þær hjá öðrum.<sup>1</sup>

### *Magnús Stephensen*

Magnús fæddist árið 1836. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1849, lauk burtfararprófi 1855 og lagaprófi frá Kaupmannahafnarháskóla 1862. Hann var dómari við Landsyfírréttinn, amtmaður og landshöfðingi. Manús lést árið 1917.<sup>2</sup>



### *Hvaða not geta menn haft af lestri skemmtisagna (Romaner), og hvað illt getur af honum leitt?*

(1855)

Skemmtisögur (Romaner) eru tilbúnar sögur, er eiga að sýna hvernig lífið er; þær eiga að sýna háttu manna og breytni í ýmsum myndum, og geta því einkum aflað manni þekkingar á þessu; því fæstir eru þess um komnir, að afla sjer eins góðrar þekkingar á þessu með eigin reynzlu. Skemmtisögurnar sýna það góða og illa í heiminum í fullkomnari myndum, og ljósar, en það vanalega kemur fram í daglega lífinu og jafnframt, sýna þær ljósar ávexti hvers um sig. Af þeim má og læra fagra siði og kurteisi í umgengni, og margt annað, er lýtur að mannsins ytri menntun. En það er ekki einungis það líf, sem vjer sjáum kringum oss, sem þær sýna oss eða geta sýnt oss; þær geta einnig sýnt oss háttu fornaldarinnar, og frætt oss um margt, sem þar að lýtur. En til þess að geta haft þessi not af skemmtisögum, útheimtist að menn kunni að færa sjer sannleika þann, sem í þeim liggur, í nyt. Fæstar skemmtisögur eru svo, að ekki sjeu þær

1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. Skrifleg próf 1855.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 456.

meira eða minna skreyttar og frá brugðnar því eðlilega; menn mega því ekki taka þær eins og heilagan sannleika, menn verða að hafa vita á, að vinsa úr það nýtílega; því ef menn ekki geta það, verður það manni til ills að lesa þær; því þá gefa þær manni of fagar og góðar hugmyndir um lífið, og geta þannig leitt mann á ýmsa afvegum; þær geta truflað sjónir manns á því eðlilega og þannig gefið hugsunum manns og lífi óeðlilega og ranga stefnu.<sup>1</sup>

### *Stefán S. Stephensen*

Stefán fæddist árið 1832. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1847, lauk burtfararprófi 1856 og prófi frá Prestaskólanum 1858. Hann var lengst af prestur í Grímsnesi. Stefán lést árið 1922.<sup>2</sup>



## *Hvaða not geta menn haft af lestri skemmtisagna (Romaner), og hvað illt getur af honum leitt?*

(1855)

Margskonar gagn geta menn haft af að lesa rit þessi. Bæði er það, að menn fræðast um marga hluti og marga viðburði, er skeð hafa fyrir mörgum öldum einhverstaðar út í heimi; læra að þekkja hugsunarhátt þjóðarinnar, er skemmtiritið ræðir um; sjá aldarháttinn; stjórnarfyrikomulagið og kjör og daglegt líf hins einstaka manns, eða að minnsta kosti sumra. Í öllu þessu láta góðir skemmtiritahöfundar sjer annt um að komast sem næst sannleikanum, og hafi þeim heppnast það, verður næsta mikill fróðleikur í, að lesa skemmtiritin. Í ritum þessum má sjá margskonar fagra og háleyta mannkosti, og að því skapi hryllilega og svívirðulega glæpi; verður hvortveggja þetta, að einu leiti fögur fyrirmynd fyrir oss, og að öðru leitinu alvarleg viðvörðun. Þar sjáum vjer það ofurglöggt, að ekki er ávallt umbunað fyrir hið góða og refsað fyrir hið illa í þessu lífi; því opt nýtur fanturinn valda og vegs, meðan valmennið stynur í þungri ógæfu, og er opt næsta nytsamt að sjá, hvernig hvor um sig ber kjör sín. Varla sjáum vjer nokkurstaðar betur en þar, hvað gæðum lífsins er misskipt; og gefst oss opt færi á að sjá tilgang forsónarinnar í því. Hvergi sjáum vjer betur en þar, hvað hamingjan er hvíkul; auminginn, sem ekki átti nokkurstaðar skjól, verður æðsti maður þjóðar sinnar; hinn æðsti aptur hnígur í hans sess. Af öllu þessu má læra óendanlega mikið. Öll eru rit þessi meir eða minna skáldleg, og

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. Skrifleg próf 1855.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 337.

næsta vel löguð til að vekja og glæða skáldlegt hugsunarlíf hjá þeim, er lesa þau; hugmyndirnar eru opt fagrar og háfleygar, og opt hreinar og saklausar. Loks hafa menn þann haga af því að lesa rit þessi, að þau eins og kenna mönnum að rita skemmtirit ef þeir á annað borð eru lagnir á það.

Margt getur leitt illt af því að lesa rit þessi. Fyrst er það, að margir verða svo sólgirnir í að lesa þau, að þeir vanrækja við það skylduverk sín; illt er það líka þegar ímyndunar aflíð fer í gönur, sem ber við hjá mörgum, er mjög lesa rit þessi; illt er það líka að taka þessháttar sjer til fyrirmyndar, sem ekki er unnt að breyta eptir og getur alls ekki átt við þennann heim nje mannlegt eðli, en vakir einungis fyrir ímynduninni (Ideal). Enn verra er þó að lesa þessháttar skemmtirit, er lýsa bófum og öðrum þessháttar mönnum, þar mjög er hætt við, að menn hljóti illt af því það leiði menn út í einhverja óhæfu, en þó er verst að lesa þessháttar rit til að hafa mennina sjer til fyrirmyndar.<sup>1</sup>

### *Eiríkur Magnússon*

Eiríkur fæddist árið 1833. Hann var tekinn í Lærða skólann 1848, lauk burtfararprófi 1856, og prófi frá Prestaskólanum 1859. Hann starfaði einkum erlendis og var bókavörður í Cambridge á árunum 1871-1909, lauk þar meistaragráðu árið 1878. Hann var afkastamikill rithöfundur og þýddi töluvert á enska tungu. Eiríkur lést árið 1913.<sup>2</sup>



---

1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. Skrifleg próf 1855.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. I. bindi, bls. 415-416.

## XII. Latínukennsla

Latínunni var gert hátt undir höfði í Lærða skólanum, enda var skólinn í daglegu tali yfirleitt kenndur við hana og kallaður *Latínuskólinn*. Það voru þó ekki allir sáttir við mikla áherslu skólans á fornámalunum latínu og grísku, og þegar nær dró aldamótunum 1900 fóru að koma kröfur um að breyta áherslum í skólasterfinu. Árið 1904, þegar skólanum var breytt í menntaskóla, minnkaði kennslan í latínu til mikilla muna og grískukennsla var felld niður.

Í þessum kafla er að finna ritgerðir þar sem piltarnir áttu að skrifa um tilgang kennslu í þessum málum í skólanum. Í ritgerðunum draga þeir fram helstu rökin með kennslu þessara mála og leggja áherslu á arfleifð latínunnar í hinum vestræna heimi.

Indriði Einarsson (1851-1939), síðar hagfræðingur og leikritaskáld og Guðni Guðmundsson (1850-1908), síðar læknir eru höfundar ritgerðanna.



### *Hver er tilgangur tungumála- og einkum latínukennslunnar í lærðum skólum?*

(1872)

Tilgangur kennslunnar í tungumálum í lærðum skólum er einkum sá að gjöra lærisveinana svo úr garði, að þeir geti tekið á móti kennslu í þeim á æðri vísindastofnunum, og einnig haldið námi sínu áfram af eigin rammleik. En það getur eigi verið tilgangur kennslunnar í tungumálum í lærðum skólum, að lærisveinarnir verði fullnuma í nokkurri tungu. Tilgangur latínukennslunnar er, að lærisveinarnir sjeu færir um að taka á móti frekari kennslu í henni á skólum þeim, sem ætlaðir eru til þess að verða fullnuma í henni á. Til þess er og ætlað, að lærisveinarnir geti skilið óbreytta latínu er þeir eru sendir burt úr skólunum. Það er og tilgangur latínukennslunnar að vekja hjá lærisveininum ljósa hugmynd um hinar fögru mentir fornaldarinnar; sömuleiðis að ljetta fyrir lærisveininum að nema tungur þær, er af latínunni eru komnar. Það er einnig til-

gangur latínukennslunnar og einkum kennslunnar í latneskum stýl að skerpa og glæða skynsemina, auk þess að efla framfarirnar í málinu.

Það er auðsætt, að nauðsynlegt er, einkum fyrir oss, að kunna nokkur hinna nýrri tungumála, þaræð svo fáir erlendir menn, er vjer eigum við að skipta, kunna vora tungu; eigi höfum vjer heldur bækur á voru máli, er vjer getum lært allt það af, sem vjer bæði þurfum og viljum vita. Til þessa er heldur eigi von, þar eð vjer erum svo fámenn þjóð, að þær bækur gætu með engu móti borgað sig.

Latínan er öllum þjóðum jafnt nauðsynleg, er menntaðir vilja heita. Ef vjer eigi kynnum latínu og grísku, þá þekktum vjer lítið eða ekkert af vísindum fornaldarinnar, sem eru undirstaða íþróttu og lista þess tíma, er vjer lifum á. Þessar tungur eru og öldungis nauðsynlegar til þess að þekkja sögu fornaldarinnar; en hana þekktum vjer mjög lítið, ef vjer eigi kynnum þessar tungur. Hinir lærðu skóla eru því hinar fyrstu stofnanir til þess, að leiða menntir fornaldarinnar í ljós fyrir þeirri kynslóð, sem lifir á hinum sama tíma og þeir og hinni eptirkomandi.<sup>1</sup>

### *Guðni Guðmundsson*

Guðni fæddist árið 1850. Hann var tekinn í Lærða skólann 1865, lauk burtfararprófi 1872 og prófi í læknisfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1880. Guðni var lengst af lækur á Borgundarhólmi. Hann lést 1908.<sup>2</sup>



## *Hver er tilgangur tungumála- og einkum latínukennslunnar í lærðum skólum?*

(1872)

Tilgangur með allri kennslu er sá að skerpa skilninginn og glæða allar sálgáfur, og þennan sama tilgang hefur og tungumálakennslan. Sá sem eigi veit neitt í tilliti til málfræðinnar, hann veit eigi eptir hvaða lögum hann talar, þótt hann sje talandi, og svo er sem hann viti eigi, hvað hann fer með. En hjer er eigi einungis talað um móðurmálið, heldur um önnur tungumál. Það getur eigi dulizt, hve nytsamt það er að kunna önnur tungumál og hve gagnlegt það sje að geta sjeð, hvernig ágætir rithöfundar hafa hugsað og skrifað, eins fyrir það, þó þeir hafi ritað á öðru máli, og eins er auðsætt, hve það er nytsamt að geta skilið og

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1872. Vorpróf 6. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. II. bindi, bls. 194.



talað við útlendan mann. Aðaltilgangur tungumálakennslu verður því að glæða sálargáfurnar og það að veita hinum unga nægileg meðul til að auka þekkingu sína og efla framfarir hans.

En um það eru deildar skoðanir, hvar byrja skuli. Franklín vildi láta leggja móðurmálið til grundvallar, halda svo áfram, eins og maður, er gengur upp stiga, og læra nýju málin (ensku, frönsku, spönsku og ítölsku), en taka síðan fyrir latínu og grísku; þessa skoðun munu allmargir hafa. En þetta dugar eigi, því að, að byrja á að læra nýju málin, og enda á latínunni, verður eins, og húsa-smiður vildi byggja hús, og byrjaði á mænirnum, en byggði svo niður fyrir sig, því að latínan hefur verið, er, og verður grundvöllur hinna nýju mála. Út frá Ítalíu streymdu Rómverjar í allar áttir, og fluttu þannig með sjer menntun sína og hið fagra móðurmál sitt, og þess vegna finnast enn miklar leifar þess í nýju málunum. Fyrir því að latínan liggur til grundvallar fyrir hinum nýju málum, er hún helzta málið, sem kennt er í lærðu skólunum.

Önnur er og nytsemi latínunnar, sem eigi er minna verð, er hún fróðleikur sá, er felst í hinum latínsku ritum, eptir honum er leitað um leið. Í hinum latínsku bókmenntum liggur öll fornöldin eins og í gröf sinni og hefur geymst þar, eins og smurður líkami, óskemmd um margar aldir, og sá er nokkuð vill vita um hinn nýja tíma, verður fyrst að fræðast um fornöldina, ef hann á að komast að niðurstöðu. Eins og hin nýja kynslóð er komin af hinni eldri, eins er og hinn nýji tími framleiddur af og í ætt við hinn gamla. Þar byrjar allt, og fyrir því verður eigi gengið fram hjá því. Vildi nokkur ganga fram hjá menntun fornaldarinnar og álíta hana annaðhvert ónaúðsynlega eða innifalda í hinni nýrri menntun, þá myndi honum farið, sem þeim manni, er les síðari hluta bókar, en sleppir hinum fyrri.

Hinn þriðji kostur er málfegurð latínunnar; og það, hvað hún er fullkomin; hún er fyrirmyndar mál að orðmyndafjölda; hún er hrein og hljómfögur, og eins og skáldið Tegner segir um hana,

Ren är din stämman och skarp  
som rasslet af härdade klingor.

og er þess von, þar sem hún hefur myndast og haldist við í svo stóru ríki, verið töluð og rituð í svo margar aldir, að hún sje þroskaðri, en flest önnur mál.<sup>1</sup>

---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1872. Vorpróf 6. bekkur.

## *Indriði Einarsson*

Indriði fæddist árið 1851. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1866 og lauk burtfararprófi 1872. Indriði lauk prófi í hagfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1877 og starfaði lengst af í fjármáladeild stjórnarráðsins. Indriði var jafnframt afkastamikið leikskáld. Hann lést árið 1939.<sup>1</sup>



---

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. II. bindi, bls. 392-393.

### XIII. Hinn æskilegi námsmaður

Í æviminningum ýmissa stúdenta Lærða skólans má oft finna greinargóðar lýsingar á kennurum og kennsluháttum innan skólans. Margir litu upp til kennaranna, enda margir þeirra landsþekktir vísinda- eða fræðimenn. Sumir þeirra voru jafnframt álitnir sérstaklega viðfeldnir; þar má nefna mann eins og Pál Melsteð (1812-1910), sem þóraði alla skólapilta, kunni ótal sögur um menn og atburði í mannkynssögunni og lagði sig fram við að gera kennslu sína áhugaverða. Hann segir sjálfur í æviminningum sínum að öll þreyta og lasleiki hafi ávallt horfið frá honum við að kenna, og hann væri þá fyrst kominn til sjálfs sín þegar hann væri búinn að kenna í 2-3 tíma!<sup>1</sup> Greinilegt er að skólapiltum fannst sögukennsla hans vera lifandi og áhrifamikil, því þegar Guðmundur Eggerz (1873-1957) var í sögutímum hjá Páli, lagði hann svo mikla áherslu á að Kleópatra hefði verið mikið klækjakvendi að Guðmundur „[...] sárvorkenndi Cæsar og Antoníusi að hafa lent í klónum á henni. Ég var alveg sannfærður um að hún hefði forfært þessa heiðursmenn.“<sup>2</sup>

Sumir kennarar fengu þó misjafnar einkunnir hjá nemendum sínum, þóttu erfiðir í fasi og stíðlegir í kennslu. †mислеgt gekk líka á í samskiptum nemenda og kennara, allt frá smávægilegum hrekkjabrögðum í skólastofunni upp í alvarleg mótmæli á borð við pereatið. Í ritgerðunum hér á eftir eru skólapiltar beðnir um að lýsa því hvernig heppilegast sé að tryggja gott samstarf kennara og skólapilta svo og að lýsa því hvernig fyrirmyndarnámsmaður stundar nám sitt. Meðal höfunda eru Vigfús Einarsson (1882-1949), síðar skrifstofustjóri, og Páll Eggert Ólason (1883-1949) síðar prófessor.



1 Páll Melsteð, *Endurminningar*, bls. 95.

2 Guðmundur Eggerz, *Minningabók Guðmundar Eggerz sýslumanns*, bls. 64.

## *Hver eru aðalskilyrði farsællar samvinnu kennara og skólasveina?*

(1901)

Aðalskilyrði farsællar samvinnu kennara og skólasveina eru í fáum orðum þessi: 1) Að skólasveinarnir elski og virði kennarar sína og kappkosti, að vera þeim til geðs og sóma í hvívetna. 2) Að kennararnir aftur á móti elski lærisveina sína, sýni þeim alúð og vinsemd og kappkosti að kennsla þeirra og góðar áminningar hafi sem best áhrif og festi sem dýfstar rætur í hjörtum lærisveinanna. 3) Að lærisveinar og kennarar hafi sem flest tækifæri til að kynnast og vera saman bæði utan skóla og innan, sökum þess, að með því einu móti getur samvinna þeirra farið í góðu lagi, að samlíf þeirra sje sem bezt og fullkomnast.

Við lærisveinar lærða skólans hjer í Reykjavík höfum ekkert til samanburðar í þessu efni; en það vitum við þó, að góð samvinna getur með engu móti átt sjer stað nema samlíf og samkomulag kennaranna og lærisveinanna sje sem bezt.

Látum oss nú sjerstaklega snúa oss að vorum skóla, til þess að athuga samkomulag og samvinnu kennara og lærisveina. Því miður hefir ekki ávalt átt sjer stað gott samkomulag og þar af leiðandi ekki góð samvinna hjer í skólanum, en guði sje lof fyrir, að á þessu síðasta skólaári, virðist sem að hvorutveggja hafi batnað stórum; vjer álítum þetta vera samkomum þeim að þakka, sem kennarar og piltar hafa átt með sjer á þessu síðasta skóla ári. Hin svokallaða velferðarnefnd, sem kosin var hjer í skólanum í vetur álítum vjer að hafi verið til mikils góðs og óskandi væri, að hún ávalt sýndi jafn mikinn áhuga og starfsemi á velferðarmálum skólans eins og hún hefir gjört í vetur.<sup>1</sup>

### *Þórarinn Þórarinsson*

Þórarinn stundaði nám við Lærða skólann á árunum kringum aldamótin 1900, en lauk ekki burtfararprófi.



---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1901. Vorpróf 4. bekkur.

## *Hver eru aðalskilyrði farsællar samvinnu kennara og skólasveina?*

(1901)

Það sem virðist liggja næst að athuga er þetta: Hvað er það sem skólasveinar þurfa að gjöra til þess að samvinna þeirra og kennara verði farsæl? Hvað þurfa kennarar að gjöra til þess að samvinna þeirra og skólapilta verði farsæl?

Sveinarnir eiga að vanda framferði sitt sem bezt og vera kennurum sínum hlýðnir. Það er eingu fallegra að vera óhlýðinn kennurum sínum en foreldrum sínum og sjá allir hve ljótt það er. Kennararnir vilja skólasveinunum vel, og hvaða ástæða er þá til að vera óhlýðinn? Skólasveinar verða að búa sig vel undir hverja kennslustund og taka vel eptir því, sem kennarinn segir og ekki vera að lesa annað en það, sem verið er að kenna eða tala saman, að jeg ekki tala um áflog og því um líkt. Slíkt er beinlínis óhæfa. Ef sveinarnir lesa ekki vel undir hverja kennslustund, þá kunna þeir ekki það, sem þeir hafa lært illa, þegar að prófunum kemur. Þá er seint að fara að læra það, því þá veitist nóg með að lesa upp.

Skólasveinar verða að leggja vel stund á þær námsgreinar, sem þeir eru ekki vel lagaðir fyrir og hugsa þannig: Jeg skal reyna að verða svo fær í þessu, sem jeg get og hagnýta mjer sem bezt tilsögn kennara míns. Meira get jeg ekki. Að hafa á móti því sem kennarinn segir, það er óhæfa. Skólasveinninn veit það, að kennarinn hlýtur að vita þetta betur er hann. Það er mjög ljótt að stríða kennurum sínum eða tala illa um þá. Það gjöra ekki góðir drengir. Það er eðlilegt að það betri ekki samvinnuna. Ef skólasveinar gjöra þetta: að vanda allt framferði sitt, að lesa vel undir hverja kennslustund, að hagnýta sjer sem bezt allar bendingar og tilsögn kennara sinna, að reyna að taka sem mestum framförum í því sem þeim er ábótavant og gjöra ekki á hluta kennara sinna í neinu, þá virðast þeir hafa gjört það sem þeim ber að gjöra. Þetta ætti hver skólasveinn að taka sjer fyrir reglu.

Kennarar eru feður sveinanna að nokkru leyti. Þeir eiga því að gjöra allt sitt til þess að bæta samvinnuna. Veiti þeir sveinunum sem bezta uppfræðslu, að þeir geta og sjeu þeim góðir og eptirlátir, að svo miklu leyti sem þeir sjá vera hentugt og vaki yfir siðferði þeirra þá hafa þeir gjört sitt til að bæta samvinnuna og gjöra hana farsæla. Kennarar sjá sjálfir betur en skólasveinar, hvað bezt á við og stundum finnst skólasveinum kennarar of strangir, þó að þeir sjeu það ekki í raun og veru.<sup>1</sup>

---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1901. Vorpróf 4. bekkur.

## Vigfús Einarsson

Vigfús fæddist árið 1882. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1903 og prófi í lögfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1910. Hann var lengst af skrifstofustjóri í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu og sat jafnframt í ýmsum nefndum og ráðum. Vigfús lést árið 1949.<sup>1</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Vigfús Einarsson prests að Kirkjubæ hefur einungis verið í skólanum þetta ár. Hann er meðalmaður á hæð og gildleik og fremur vel vaxinn. Andlitið er ekki frítt, en viðkunnalegt og sakleysilegt. Já, það má nú segja að Fúsi er saklaus eins og dúfa; það er sagt að hann roðni ef minst er á stúlku í áheyrn hans, en ekki skal ég fullyrða það. Vigfús er hófsmaður um alla hluti og bezti drengur það ég veit og bíður skólinn mikið tjón við burtför hans [...]

Jón Kristjánsson.<sup>2</sup>



## *Lýs ötulum og iðnum námsmanni og lötum nemanda og seg mun á þeim*

(1901)

Hver sá maður, sem hefur sett sjer eitthvert takmark, verður að keppa að því af alefli, ef hann ætlar sjer að ná því. Þannig verður sjerhver sá, er ætlar sjer að verða lærður og menntaður að neyta allra krapta sinna til þess að afla sjer fróðleiks og þekkingar. Til þess að greiða fyrir þeim mönnum, sem vilja ná því takmarki, hafa skólar verið stofnaðir. Vjer gætum nú hugsað, að allir þeir sem ganga á sama skóla, ættu að vera jafnir, eða að minnsta kosti líkir, að menntun. En dæmin sýna, að svo er eigi. Það er enda eðlilegt, því að það vitum vjer, að ekki eru allir sömu gáfum gæddir. En vjer getum líka verið þess fullvissir að munurinn á námsmönnum fer ekki ávallt eptir námsgáfum þeirra. Menn þurfa á fleiru að halda, en námsgáfunum einum til þess að verða fróðir og menntaðir. Engu minna ríður á því, að færa sjer rjettilega í nyt tímanna, sem ætlaður er til lesturs.

Piltur, sem hefur tregar námsgáfur, getur með iðni og eptirtekt aflað sjer meira fróðleiks en sá sem að vísu er vel gáfaður, en færir sjer illa í nyt tímanna og kennsluna. Ötull og iðinn námsmaður byrjar að lesa undir eins og hann fær tíma til þess. Hann les það, sem honum var sett fyrir þangað til hann hefir lært

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 513-514.

2 *Lbs* 3364 4to – Skinfaxi 26. apríl 1903, bls. 174.

það. Hann reynir að hafa upp utanbókar það, sem hann las og er ekki ánægður fyr en hann finnur, að hann getur sagt frá því með eigin orðum. Ef slíkur piltur er nú svo duglegur, að hann geti lokið við leskafla sína áður en hann finnur hvöt hjá sjer til að ganga til rekkju og hvílast, þá tekur hann einhverja nytsama bók og les í henni sjer til fróðleiks og skemmtunar. Allt öðruvísi fer latur nemandi að. Hann frestar starfi sínu þangað til það er orðið um seinan, en eyðir tímanum í skemmtunum eða iðjuleysis. Þegar hann svo loksins byrjar að lesa, lætur hann sjer nægja að hlaupa yfir leskafla sína á hundavaði eða, ef til vill, sleppa einhverju af þeim. En er hann kemur til kennara síns, verður hann að lesa meðan á kennslunni stendur og fer því á mis við það sem kennarinn segir fram yfir það sem í bókunum er skráð. Auk þess er hann órólegur og kvíðinn og hefur því harðla lítið gagn af lestrinum. Vjer sjáum nú hve afarmikill munur hlýtur að vera á iðnum námsmanni og lötum. Sá iðni getur ávallt verið hughraustur og ókvíðinn; hann er sjálfstæðari í anda og þarf ekki að naga sig í handarbökin fyrir það, að hafa vanrækt skyldu sína. Iðni hans og kostgæfni við námið heldur honum og frá ytri lystisemdum og löstum og venur hann á að rækja starf sitt í hvívetna með trúmennsku og áhuga. Sá lati aptur á móti, sem eyðir tímanum til ónýtis, má búazt við að leiðast út í óreglu og ósiðu, er síðar geta orðið honum að falli. Hann venst á hirðuleysi og dáðleysi, þar sem hann sýnir starfi sínu engan sóma; verður hann því óhæfur til að takast á hendur nokkurn þann starfa, er geti orðið fósturjörð hans til uppbyggingar. En sá sem hefir þegar í æsku lært að verja kröptum sínum rjettilega, hann getur glaður haft von um að geta komið þjóð sinni og ættjörð að liði síðar meir.<sup>1</sup>

### *Magnús Magnússon*

Magnús fæddist árið 1879. Hann stundaði nám við Lærða skólann um aldamótin 1900, en lést í maí 1902.



---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1901. Vorpróf 2. bekkur.

*Lýs ötulum og iðnum námsmanni og lötum nemanda  
og seg mun á þeim*

(1901)

Hvergi höfum vjer ljósari dæmi en hjer í skóla, hver munur er á ötulum og iðnum pilti í samaburði við latan pilt.

Ef vjer tókum til dæmis skólapilt, sem kappkostar með öllu móti að lesa námsgreinir sínar og hagnýtir tímam bæði til þess að fullkomna sig í því, sem hann er vankunnandi í og rifja það upp, er hann hefir áður lært, þá hlýtur sá piltur að ávinna sjer ást og virðingu kennara sinna og skólabræðra, jafnframt því, sem hann hefir ánægju af starfi sínu. Enn fremur eykst skilningur hans og honum verður hægara um lestur. Sá piltur, sem byrjar nám sitt með dugnaði og skyldurækt, hann mun geta sigrazt á öllum þeim freistingum, sem ginna hann frá náminu, ef hann að eins sýnir staðfestu í byrjun, því að viljinn dregur hálf t hlass, segir málshátturinn. Þegar ungur piltur hefir setzt í skóla, þá eru freistingarnar margar, sem um hann sitja.

Svo virðist sem sumir piltar hafi gaman af að leiða nýsveina á glapstigu, einkum er það títt, að þeim sje talin trú um það, að það beri jafnvel vott um gáfnaskort að lesa vel námsgreinir sínar og er geigvænlegt að hugsa sjer, hve skaðlegir þess konar menn eru ungum og óreyndum unglíngum; en fáir munu þeir vera, er þannig eru skapi farnir, sem betur fer. Ef piltur sá, sem fyrir þessu verður, er staðfastur, þá gefur hann fortölum skólabræðra sinna engan gaum, en ef hann er staðfestulaus, þá semur hann sig skjótt að síðum leiðtoga sinna, sýnir leti við námið og hefir í frammi ýmsa óknytti til þess að eyða tímanum, glatar allri skyldurækt, er lítílsvirtur af kennurum og skólabræðrum, er sífellt hræddur um að ná eigi prófi og á ávallt á hættu að fá refsingar fyrir óknytti sína; því að letin getur af sjer lestina. Sömuleiðis hefir hann samvizkubit yfir því að hafa eytt tíma sínum í iðjuleysi og það, sem er verst, hann getur aldrei bætt upp þann tíma, sem hann hefir sóað.

Munurinn á ötulum og iðnum pilti í samanburði við latan er í stuttu máli sá, að hinn ötuli og iðni hlýtur ást og virðingu allra þeirra, sem kynnast honum; hann nær smám saman andlegum þroska og menntun og hefir þá sælu meðvitund, að hafa notað vel námstíma sinn sjer til gagns. Aptur á móti er hinn lati lítílsmetinn af öllum og ber sjálfur fyrirlitningu fyrir sjer, þegar hann hef-



ir náð fullorðinsaldri; hann sjer þá um seinan, að hann hefir eytt sínum beztu árum í glaumi og glaðværð og fær aldrei bætt upp aptur það tjón, er hann beið þá.<sup>1</sup>

### *Páll Eggert Ólason*

Páll fæddist árið 1883. Hann lauk prófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1905 og prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1918 (doktorsnafnbót 1919). Hann var prófessor í sögu við Háskóla Íslands og bankastjóri um hríð. Páll er kunnastur fyrir fræðistörf sín á sviði sögu og íslenskra fræða, en hann tók saman *Íslenskar æviskrár* í fimm bindum (1948-1952), *Skrá yfir handritasafn Landsbókasafns Íslands* (1918-1947), *Menn og menntir siðaskiptaaldarinnar I-IV* (1919-1926), *Jón Sigurðsson I-V* (1929-1933) og skrifaði nokkur bindi í ritröðinni *Saga Íslendinga* (1942-1944). Páll sat jafnframt í ýmsum nefndum og ráðum. Hann lést árið 1949.<sup>2</sup>



---

1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1901. Vorpróf 2. bekkur.  
2 Brynleifur Tóbiásson, *Hver er maðurinn*. II. bindi, bls. 140-141.



## XIV. Sveitalíf – bæjarlíf

Segja má að skólapiltar er komu úr sveitum landsins hafi lifað í tveimur heimum. Annars vegar voru þeir við nám í Reykjavík á veturna og kynntust þar lífinu í ört vaxandi bæ, en hins vegar áttu þeir áttuga í sveitum landsins og áttu þar ættingja og vini. Munurinn á þessum heimum var töluverður eins og kemur fram hér á eftir. Hér er að finna ritgerðir þar sem piltarnir segja frá daglega lífinu til sveita og bera saman við lífið í Reykjavík og aðra staði við sjávarsíðuna. Meðal höfunda eru Júlíus Havsteen (1839-1915) síðar amtmaður og sr. Jón Hjaltalín Sigurðsson (1878-1955) síðar prófessor.



### *Lýsing á störfum manna á Íslandi frá sumarmálum til veturnátta*

(1854)

Þegar menn segja eitthvað um störf manna á Íslandi, verða menn að lýsa bæði störfum í sveitinni og í kaupstaðnum.

Þegar sumar er komið fara þeir, sem búa í sveitinni á fjall með hin ungu lömb. Um leið fara menn og að hirða um túnin, og er þá vakað á næturnar, svo að hestar og annar fjenaður ekki komizt inn á túnin og skemmi þau. Síðan þegar þessu er aflokið er farið í kaupstað, til þess að útvega sjer matvæli, kaffi, sikur og þesskonar varning; einnig kaupa þeir trjávið, til þess að byggja úr honum hús og ýmislegt annað. Þeir, sem langt eiga að, hafa með sjer tjöld, og tjalda þeim þá nálægt kaupstaðnum, því optast hljóta þeir, að dvelja nokkra daga, þareð þeim verður ekki framgegn þegar í stað, þegar aðrir eru komnir þangað áður. Líður nú þannig undir slátt og byrja menn þá að slá bæði tún og engi; fara menn þá mjög snemma á fætur til þess að geta komið sem meztu af; þegar búíð er að slá grasið láta menn það liggja úti, svo að það þorni; þegar það er orðið þurt fara menn að binda og flytja síðan heim í hlöðu. Það hey, er menn fá af túnunum, er kallað taða, en það, sem menn fá af engjum, störf. Þegar sláttur er búinn fara menn á fjall, til þess að leita að þeim fjenaði, er þangað hefur verið rekinn á vorin.

Eru þá margir menn saman í hóp þangað til komið er á fjöll, fer þá hver í sína átt. Reka þeir allan fjenaðinn, sem þeir hafa fundið í afrjett, og koma þá bændur saman og skipta milli sín; hver fær sitt, því öll lömbin eru mörkuð. Þegar heim er komið, slátra þeir nokkrum hluta, með nokkuð fara þeir í kaupstað og selja það þar og hitt láta þeir lifa. Mismunandi eru að sönnu störf manna, sem búa uppí landinu í, og þeirra, sem búa við sjó, en samt eru þau störf, er getið hefur verið um, sameiginleg öllum þeim, sem ekki búa í kaupstöðum.

Þegar veturinn er liðinn, fara þeir, sem búa í kaupstöðum, að búa sig undir það, að taka á móti skipunum, sem koma frá útlöndum. Þegar þau eru komin er farið að flytja varninginn í land, og koma þá bændur ofan úr sveitinni, og fara að verzla; og líður þannig allt sumarið. Þegar sumarið er nærri því liðið, taka þeir á móti þeim fjenaði, er bændur koma með, og senda þeir nokkuð af honum til annara landa, en hinum hlutanum halda þeir sjálfir.<sup>1</sup>

### *Júlíus Havsteen*

Júlíus fæddist árið 1839. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1853, lauk burtfararprófi 1859 og prófi í lögfræði frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1866. Hann var lengst af amtmaður í Norður- og Austuramt og síðar Suður- og Vesturamt og sat jafnframt á Alþingi 1887-1891 og 1899-1914. Júlíus lést árið 1915.<sup>2</sup>



## *Lýsing á störfum manna á Íslandi frá sumarmálum til veturnáttu*

(1854)

Fyrst á vorin, þegar snjórinn og ísinn er horfinn af jörðinni, fer bóndinn, að plægja hana og yrkja með áburði, og með því, að sljetta hana, svo að hún beri ávexti og blómgist. Þá eru ruddir vegirnir og hlaðnir upp túngarðarnir; þá er rúð fjeið og rekið á fjall.

En á meðan þessu fer fram í sveitinni, er sjávarmaðurinn, að eiga við fiskiróðra, og vinna fyrir höndlunar-mennina í kaupstaðnum; fær hann fyrir það varning og mat. Þá kemur lesta tíminn, þá koma bændurnir í kaupstaðinn, til þess, að sækja handa sjer mat og varning til sumarsins, og til þess, að fala kaupmennina. Þetta er nú helzta vorvinna Íslendinga. Þá kemur sumarvinnan;

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1854. Vorpróf 1. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 346-347.

Það er slátturinn, þegar menn fara til þess, að skjera upp og slá jörðina; en grasið er geymt í heygörðunum og gefið skepnunum á veturna, því hjer í þessu kalda landi getur engin skepna haldizt við úti, nema klakahross, og það naumlega. Þá er eptir haustvinnan. Þá fara menn á grasafjall og týna fjallagrösín, sem eru höfð bæði í mat og lif; þá koma fjallaleitirnar, þá fara menn, að leita aptur fjárs síns, sem rekið er í rjettirnar, og í þær fara flestir þeir, er vetlingi geta valdið, ungir og gamlir, er það bæði mikil gleði, þegar vel er heimt og gott er veðrið, og mikil skemtan, einkum fyrir ungmennin, er skemta sjer bæði með reiðum, og alls konar leikjum. Síðan er rekið fjeið í kaupstaðinn og selt þar sjávarmanninum fyrir fisk og annan varning. Þá þegar heim er komið, er farið, að slátra fjenu, og taka inn kýrnar og ærnar. Þegar öllu þessu er lokið, fer sjávarmaðurinn aptur til sjóróðra, en sveitarmaðurinn sest inn í hús og fer að vinna vetrarverkin.<sup>1</sup>

### *Anton H. Möller*

Anton fæddist árið 1839. Hann brautskráðist frá Lærða skólanum árið 1859, hélt til frekara náms við Kaupmannahafnarháskóla en fór þaðan til Vesturheims. Óvíst er hvað varð um hann þar samkvæmt heimildum.<sup>2</sup>



## *Berið líf bóndans hjér á landi saman við líf og starf sjáfarbóndans*

(1894)

Þegar maður ber saman líf bóndans og sjáfarmannsins þá verður að skoða líf hvers fyrir sig og jafna saman á eptir. Líf hvortveggja er tóm barátta. Vjer skulum fyrst stuttlega minnst á líf sveitabóndans.

Á veturna eru menn uppi í sveit, að vinna ullarvinnu; kvennfólkið spinnur, karlmenn kempa ullina. Á kvöldin les sá, sem best er lesandi einhverja sögu, eða ef hún er ekki, til kveða menn rímur. Á morgnana og kvöldin gefa menn fjénu og er það mjög erfið og köld vinna. Að fara út í hvaða veður sem er og þurfa að gefa mörgum kindum, geta menn sjeð, að er mjög köld vinna. Þegar líður á veturinn fara menn að búa sig í verið. Seinni parts veturs og fyrri partinn af vorinu fara flestir vinnumenn og bændur til sjáfar og róa þar því að bújörðin nægir þeim ekki ein. Á sumrin er slátturinn, þá keppast allir við eins

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1854. Vorpróf 1. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. I. bindi, bls. 12.

mikið og þeir geta. Það er erfiðasti hluti ársins hjá sveitabóndanum, en hinn skemmtilegasti. Þegar búið er að slá og búið að koma heyjnu fyrir þá fara menn á fjall. Menn smala saman öllu því fje sem menn koma auga á og reka það ofan í rjett og dregur þar hver bóndi sínar kindur og hefur heim með sjer. Svo byrjar vetrarvinnan og svona gengur það ár eptir ár.

Líf sjávarbóndans er mjög erfitt en þó sjer í lagi á veturnar. Opt er svo mik-ið óveður að ekki er hægt að komast út á sjóinn og ef svo gengur lengi þá má heita að sjávarbóndinn líði neyð. Nú lægjir stormurinn lítið eitt þá verða menn að fara um miðja nótt og sitja ef til vill alla nóttina í gríðarkulda. Ef alltaf vel gengi þá gæti það ef til vill borgað sig, en það er nú ekki alltaf að það gengur vel, opt fer svo að menn fá rétt í soðið. Ef fiskast hefur vel um veturinn þá verða menn á vorin að þvo fiskinn og þurka hann og leggja flestir hann inn til kaupmannsins sem þeir hafa fengið lán hjá um veturinn. Á sumrin fara margir upp í sveit og eru þar kaupmenn því bæði fá þeir þar betra fæði og meira kaup um sláttinn. Á haustin gera menn við net sín og búa sig á annan hátt undir veturinn. Líka er róid á haustin. Nú erum við búnir lítið eitt að líta á líf og starfa sveitabóndans og sjáfarbóndans. Fyrri part veturs er starf sjáfarbóndans miklu erfiðara og kaldara en sveitabóndans, því þó að það sje erfitt og kalt að gegna fjenu, þá er samt enn kaldara og erfiðara að róa margar mílur og sitja marga klukkutíma á sjónum og fá ef til vill lítið í aðra hönd. Seinni part vetrar er starf sveitabóndans og sjáfarbóndans mjög líkt, þeir róa nefnilega báðir.

Á vorin er starf sveitamannsins mjög líkt starfi sjómannsins að erfiði. Sveitamenn skera torf en sjáfarmenn þvo fisk. Á sumrin er starf sveitabóndans erfiðara enn þeirra sem eru kyrrir við sjóinn. Því að keppast við að slá, raka, binda og flytja hey heim er miklu erfiðara en að þurka saltfisk. Á haustin er starf sveitabóndans líka erfiðara enn sjáfarmannsins. Sjáfarmaðurinn býr sig undir veturinn. Sveitamaðurinn dyttar að húsum og sljettar túnin. Arður sjáfarbóndans er ekki eins viss og sveitabóndans. Í góðum fiskiárum getur sjáfarbóndinn grætt mikið, en í fiskileysisárum getur hann misst allt sem hann á. Aptur er arður sveitabóndans miklu vissari því það kemur miklu síðar fyrir að grasið vaxi ekki og ekkert fiskist. En ef annað hvort er, þá hefur þó bóndinn ágóðann af því fyrst hann stundar landbúnað og fiskar líka.<sup>1</sup>

### *Jón Hjaltalín Sigurðsson*

Jón fæddist árið 1878. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1898 og prófi í læknisfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1906. Hann var lengst af prófessor í lyflæknisfræði við Háskóla Íslands. Jón lést árið 1955.<sup>2</sup>

1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1894. Vorpróf 2. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 291.

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður á allan vöxt og hnellinn. Hefur fallegan hnakka, er ljóshærður og rjóður í andliti. Hafði góðar námsgáfur, næmur og minnugur, og stundaði námið mjög vel. Söngmaður góður. Hann var „inspector scolæ“ síðasta ár sitt í skóla, en fékkst annars lítið við skólamál. Drengur góður og reglumaður.<sup>1</sup>



### *Lýsing á íslenzku sveitalífi um heyannatímann*

(1895)

Heyannir byrja með túnslætti í 9-11 viku sumars. Meðan á túnslætti stendur er grasið ýmist slegið og þurkað, eða bundið heim í garða og hlöður, en þegar túnslætti er lokið og taðan er komin í garðinn eða hlöðuna, eru haldin töðugjöld. Töðugjöldin eru sem veizla, enda hugsa menn þá mest um munninn og magann, því að bæði er maturinn góður og ríflega skamtad; allvíða er einnig vakað fram á nótt við drykkju og er þá glaumur og gleði.

Nú byrjar engjasláttur; er þá árla risið úr rekkju og farið á engjar, annaðhvort gangandi eða ríðandi en á þeim bæjum, sem engjavegur er langur. Er legið við, sem svo er kallað, af því að þá er nokkur hluti af fólkinu látinn liggja í tjaldi út á engjum, og koma þeir, er það hreppa, ekki heim á bæjinn nema á sunnudögum. Víðast hvar á Suðurlandi er hey þurkað á engjum, en á Norðurlandi reida menn votaband, sem svo er kallað; heyið er þá flutt heim á tún, jafnótt og það er slegið, og þurrkað þar. Þetta er þó ekki gjört nema þar sem engjar eru votar. Meðan á slætti stendur er nátturlega hugsað um peninginn, eins og á öðrum tímum árs; það eru þó að eins ærnar og kýrnar, sem lítið er eptir, því að á sumrum hafa menn ekki not af öðrum skepnum, en þeim, er mjólka má. Úr mjólkinni er gjört smjör og skir.

Heyannatíminn er venjulega úti fyrir göngur, sem eru venjulega í 21.-22. viku sumars. Er þá lokið við umbúnað á heyjum og karlmenn eru sendir í göngurnar.<sup>2</sup>

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1897-1898, bls. 183.

2 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1895. Vorpróf 2. bekkur.

## *Eggert Briem Eiríksson*

Eggert fæddist árið 1879. Hann var tekinn í Lærða skólann 1893 og lauk 4. bekkjarprófi árið 1897. Hann stundaði búfræðinám í Kaupmannahöfn og varð bóndi í Viðey þar sem hann rak stórbú um hrið. Hann lést árið 1939.<sup>1</sup>



## *Lýsing á íslenzku sveitalífi um heyjannatímamann*

(1895)

Uppi í sveit um heyjannatímamann er ætíð mikið að gjöra. Fólkið rís árla úr rekkju, karlmennirnir til að slá en kvennmennirnir annaðhvort til að gegna búsjálfum eða til að raka.

Þegar fólkið er búið að vinna alllangan tíma fer það inn til að borða. Þegar búið er að borða fer það aptur út og fer aptur vanalega inn um hádegi og sefur þá meðan sólin er hæðst á lopti; þegar það er búið að sofa 1-3 tíma fer það aptur út og um 10. tímann kemur það inn til að sofa eða þar um.

Á helgum dögum hvílir fólkið sig eða skemmtir sjer sem bezt það getur, annaðhvort með því að ríða sjer til skemmtunnar eða fara á berjamó eða með einhverju þvítíku.

Um heyjannatímamann hefur fólkið engar skemmtanir um hönd nema á helgum dögum því fólkinu veitir sannarlega eigi af þeim hvíldartíma, sem það hefur, því sveitalífið á Íslandi um heyjannatímamann er mjög þreytandi einkum fyrir karlmennina, sem þurfa að standa við vinnu nærri því frá morgni til kvelds án hvíldar eða með mjög lítilli hvíld.

Heyjannatímanum má skipta í tvo höfuðflokka: túnaslátt og engjaslátt. Byrjað er á túnasláttinum og getur fólkið þá hvílt sig og borðað í sjálfum bænum eða húsinu; seinna þegar búið er að slá túnið er byrjað á engjasláttinum; hefur fólkið þá vanalega tjöld með sjer til að borða og hvíla sig í eða leita sjer hælís þegar óveður er.<sup>2</sup>

## *Kristinn Björnsson*

Kristinn fæddist árið 1879. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1893, lauk burtfararprófi 1899 og prófi í læknisfræði frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1907. Hann stundaði lengst af lækningar í Danmörku. Kristinn lést árið 1939.<sup>3</sup>

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. I. bindi, bls. 314-315.

2 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1895. Vorpróf 2. bekkur.

3 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 373.



### *Palladómur skólabræðra:*

Kristinn Bjarnason múrara Guðmundssonar í Reykjavík (17/12 '79) er ekki með-almaður á hæð og rýr allur, en vaxinn snoturlega. Rauðbirkinn og andlitið heldur þunnt niður. Eygur vel. Kátur og gáskafullur í meira lagi [...] Gáfaður var hann vel, en lagði ekki stund á nokkuð öðru fremur, nema ef vera skyldi „rómana“. Hann var löngum í leikfélagi skólapilta og þótti leikari góður. Annars var hann ekki afskiftinn um skólamál. Dansari.<sup>1</sup>



### *Lýsing á íslensku sveitalífi um heyannatímann*

(1895)

Þegar heyannirnar byrja lifnar allt við í sveitinni. Þá taka efnaðir bændur kaupafólk og hafa mjög margir þeirra manna, er búa við sjávarsíðuna, atvinnu af því.

Fyrst byrja menn vanalega á túnaslætti og er það optast í byrjun júnímánaðar. Nálega hvarvetna slá karlmennirnir en konur raka. Á túnaslætti slá menn opt á nóttunni en sofa á daginn, þegar miklir þurkar eru, því þá bitur betur á grasið í næturdögginni; en á daginn raka konur heyinu í flekki. Þá er heyið er orðið þurr er það reitt heim í hlöðu. Að loknum túnaslætti er á mörgum stöðum haldin veizla er „túngjöld“ eða „töðugjöld“ er kölluð. Að loknum túnaslætti er tekið til engjasláttar. Um sláttinn gera allir eitthvað gagn, smáir sem stórir. Það er alvant að drengir fyrir innan fermingu eru látnir slá, og börn, sem eru yngri annaðhvort gæta fjár eða snúast eitthvað fyrir fullorðna fólkið. Um engjasláttinn eru stálpaðir drengir látnir fara á milli og starfa ýmislegt. Á sunnudögum eru sjaldan unnin útiverk, en getur þó komið fyrir, ef svo vill til að þá sje þerrir en óþurkar hafa verið meiri hluta vikunnar. Annars þegar lítið er að gjöra, fara menn á þeim dögum, einkum þó börn, í berjamó eða skemmta sjer á annan hátt. Svo er heyskapnum vanalega hætt fyrir fjallgöngurnar í 21 eða 22 viku sumars. Þá búa menn um heyin undir veturinn og taka að búa sig í göngurnar.<sup>2</sup>

### *Hendrik Erlendsson*

Hendrik fæddist árið 1879. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1893, og lauk burtfararprófi 1899. Henrik lauk læknaprófi 1910 og var lengst af læknir í Hornafjarðarhéraði. Hann lést árið 1930.<sup>3</sup>

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1898-1899, bls. 26.

2 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1895. Vorpróf 2. bekkur.

3 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. II. bindi, bls. 346-347.

*Palladómur skólabræðra:*

Hann er lágur vexti og digur mjög, fögur yfirlitum, dökkhárr og gráeygur. Skapbráður er hann, en fljótt fer úr honum; nokkuð hreykinn. Hann þótti kvikur í skoðunum og kallaður var hann óhreinlyndur. Hneigður var hann bæði til vins og vífa. Barði oft á bumbuna, er hann var drukkinn, en annars var hann mjög skemmtilegur við öl, enda var hann þýður í viðkyrningu við hvern, sem var.<sup>1</sup>



---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1898-1899, bls. 24.

## XV. Meðferð dýra

Þegar flett er í blöðum og tímaritum frá síðari hluta nítjándu aldar má sjá að umræðan um dýravernd var að vakna hérlandis. Tímaritið *Dýravínurinn* var þannig stofnað árið 1885 þar sem talin var brýn þörf á að vekja athygli landsmanna á rétttri meðferð húsdýra. Í árganginum 1887 segir sem dæmi að á Íslandi fari menn almennt illa með húsdýr sín vegna hugsunarleysis og af gömlum vana. Bent er á að meðferð dýra sé mun betri erlendis því þar hafi hugarfarsbreyting átt sér stað, þar gildi ströng dýraverndunarlög og dýraverndunarfélög verið sett á stofn.<sup>1</sup> Greinilegt er að þessi umræða hefur verið að gerjast um þetta leyti, en í þessum kafla er að finna ritgerðir frá árinu 1881 þar sem piltarnir voru beðnir að skrifa um skyldur manna við meðferð dýra. Sjónarmið dýraverndunar kemur þar skýrt fram.

Valtýr Guðmundsson (1860-1928) síðar ritstjóri *Eimreiðarinnar*, og Bjarni Þorsteinsson (1861-1938) síðar prestur, eru meðal höfunda hér á eftir.



### *Skyldur manna að því er snertir meðferð dýranna*

(1881)

Á jarðarhnettinum er ótölulegur grúi af dýrum, og eru þau sum á hærra stigi heldur enn önnur. Sjerhvert dýr virðist að hafa sitt ætlunarverk, og eru þau næsta breytileg. Alstaðar, þar sem vjer höfum sögur af, hafa mennirnir haft dýrin sjer til nota. Sum hafa þeir sjer að fæðu, af sumum fá þeir klæði sín, sum eru burðardýr þeirra o.s.frv. Dýrin eru að mörgu leyti, sem önnur hönd þeirra, og verða þeir því að stjórna dýrunum, því eins og hið sterka þarf að styðja hið veika, þannig verður líka meira vit og andlegur þroski að ráða yfir því, sem ekki er jafnvel gáfum gætt. Dýrin eru þannig eigi á jafnháu stigi og mennirnir, og fyrir því eru þau þeim háð.

En eins og kotungurinn hefur rjett gagnvart konunginum, þannig hafa og dýrin rjett gagnvart mönnunum, og sú rjettarhugmynd hlítur að vera hverjum

---

1 Tryggvi Gunnarsson, „Formáli“ *Dýravínurinn* 2. ár (1887), án bls.

manni því ljósari, sem hann sjálfur hefur göfugri anda og fullkomnari. Þetta virðist þó lengi hafa verið mönnum næsta óljóst, því allt til þessa tíma hefur verið farið með menn, sem þó eru dýrunum æðri, eins og þeir væru með öllu rjettlausir; svo var með þrælasöluna og þrælaveiðarnar, enda verður það sem svartur blettur á sögu mannkynsins, svo lengi sem nokkur saga er til. Siðferðis-tilfinning sjerhvers manns hlítur því að bjóða honum að fara vel með þau dýr, er hann á með að fara, því þó dýrin hafi ekki mál til þess að hallmæla mannum fyrir meðferðina eða til þess að biðja hann vægðar, þá má þó að mörgu leyti sjá á þeim, ef þau taka mikið út af illri meðferð og það tungumál hlítur hver göfugur andi að skilja. Það er því skylda allra manna að gæta rjettar dýranna gagnvart mönnum og láta eigi andstyggilega gróðafýst og aðrar óhræinar hvatir villa sjer svo sjónir, að þeir gæti eigi sóma síns í því efni. Skyldur manna að því er snertir meðferð dýranna, eru því í stuttu máli fólgðar í því, að þeir mega ekki misbjóða dýrunum. Lög hafa einnig verið samin til þess að hafa nokkra tryggingu fyrir því, að eigi sje farið ósæmilega með dýrin, en þau lög geta ekki ætíð náð tilgangi sínum, nema innra lögmál anda manna banni þeim að níðast á dýrunum.<sup>1</sup>

### *Sigurður Hjörleifsson Kvaran*

Sigurður fæddist árið 1862. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1877, lauk burtfararprófi 1883 og prófi í læknisfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1893. Hann stundaði lækningar á Akureyri og var ritstjóri *Norðurlands* á árunum 1905-1912. Sigurður lést árið 1936.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Lágur maður, gildvaxinn, herðamikill; nokkuð einkennilegur í göngulagi; rjóður og þykkleitur í andliti; gáfaður vel og iðinn; lagði sig eptir estetik. Hann ritaði mikið bæði í bundnu og óbundnu máli, gaf sig mikið að skólamálum og kom jafnan vel fram.<sup>3</sup>



### *Skyldur mannanna að því er snertir meðferð dýranna*

(1881)

Vjer vitum allir, að í hinum kristilega trúarlærdómi er kennt, að þeir menn, sem eru skipaðir yfir aðra menn, hafi ýmsar skyldur gagnvart þeim sem undir þá eru skipaðir. Með því að þetta er nú þannig meðal mannanna, þá má af því ráða, að

- 1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1881. Vorpróf 4. bekkur.
- 2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 244-245.
- 3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1882-1883, bls. 32.

maðurinn, sem eptir guðs boði<sup>1</sup> er skipaður yfir hin önnur dýr, hafi einhverjar skyldur gagnvart þessum undirdýrum sínum. Þá er að minnast á, hverjar þessar skyldur eru, eða hinar helztu af þeim.

Það er mjög eðlilegt, að þegar vjer tökum einhver dýr til notkunnar, hvort sem vjer látum þau hjálpa oss við vinnu vora eða tökum undir oss þann arð, er þau gefa af sjer, þá verðum vjer að ala önn fyrir þeim, að þau hafi nóg til lífsins viðurhalds, að því leyti, sem þau sjálf geta það ekki.

Vjer skulum taka til dæmis, að bóndi haldi manni, sem vinnur hjá honum allt sumarið, og fær ekkert kaup, en þegar veturinn kemur, þá segir hann: „Nú verður þú að sjá fyrir þjer sjálfur, jeg hef ekkert gagn af þjer lengur, og því vil jeg ekki vera að eyða fæði í þig; – en í vor og að sumri, þá skaltu koma aptur, því að þá þarf jeg þín með.“ Ætli að þetta þætti sanngjarnt? – Nei, það mundi öllum þykja rangt. Maðurinn, sem fyrir þessu yrði, færi þá til yfirvaldanna og fengi leiðrjetting á máli sínu, – en dýrið, sem þannig væri breytt við, hvert ætti það að fara? Það er mállaust, það getur því ekki kært mál sitt fyrir neinum. Það er ætíð álitíð verra og níðingslegra að leggjast á lítilmagnann og þann, sem ekki getur borið hönd fyrir höfuð sjer, en þann, sem sjálfur er öflugur, og getur hrundið árásinni og rjett við hluta sinn. Það er því hin níðingslegasta vanbrúkun á því valdi, sem mönnunum er gefið yfir hinum öðrum dýrum, að neyta þess þannig, – það er viðbjóðsleg synd, sem kemur þeim í koll, sem drýgir hana, því dýrin eiga verndara, og verndari dýranna er einnig drottinn mannanna.

Það er því skylda vor að sjá þeim dýrum fyrir lífsuppeldi, sem vjer tökum til vorrar notkunar.

Önnur skylda vor gagnvart dýrunum er sú, að vjer ekki misþyrnum þeim eða förum illa með þau, og nær það til allra dýra. Til misþyrmingar telst ekki, þótt af þeim sje tekið lífið á skaplegan hátt, og ekki heldur, þótt á þau sje lagt erfiði, sem þau hafa krapta til að bera. Það er ill meðferð eða misþyrming, þegar þau eru barin um hóf fram, lagt á þau erfiði, sem þau eru ekki vaxin, meidd eða limlest, og lífið kvalið úr þeim. Vjer skulum taka hestinn til dæmis og heimfæra þetta til hans.

Ef maður á latan hest, sem hefur noga krapta, og er fljótur eða frá, þá getur það ekki talizt ill meðferð, þótt hann slái í klárinn til þess að fá hann til að spretta úr spori, meðan hann ofþjakar honum ekki með höggum og meðan hesturinn er ekki orðinn svo lúinn, að hann á bágð með að fara hraðara. En það má ekki heimta af neinum meira en honum er gefið. Ef því sá hestur er laminn og

---

1 „Gjöríð yður jörðina undirgefna og drottnið yfir fiskunum í sjónum, og fuglunum í loptinu, og yfir öllum dýrum, sem hrærast á jörðunni.“

barinn, sem annaðhvort af lúá eða einhverjum öðrum ástæðum getur ekki farið harðara, þá er það misþyrming eða honum er misþyrmt.

Slíkt verður og með hin önnur atriði, að meðferð dýranna verður að vera komin undir og löguð eptir eðli þeirra sjálfra, því það, sem á vel við eitt dýrið, getur verið ill meðferð á öðru, einkum að því, er snertir krapta þeirra.

Það er og skylda vor að veita þeim dýrum, sem vjer höfum til notkunar, vörn móti óbliðu náttúrunnar og árásum annara dýra að svo miklu leyti sem oss er unnt. Sömuleiðis eigum vjer að hjálpa öllum dýrum, sem bágt eiga, ef vjer erum þess um komnir, t.d. græða sár þeirra, bjarga þeim úr lífsháska o.s. frv. Þessar eru nú hinar helztu skyldur vorar gagnvart dýrunum.<sup>1</sup>

### *Valtýr Guðmundsson*

Valtýr fæddist árið 1860. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1877, lauk burtfararprófi 1883 og dr. phil gráðu frá Kaupmannahafnarháskóla 1889. Valtýr var lengst af háskólakennari (prófessor 1920-1928) í Kaupmannahöfn. Valtýr sat á Alþingi og var ritstjóri *Eimreiðarinnar* 1895-1917. Hann lést árið 1928.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Lítill maður og lotinn í herðum; hvítleitur og grannleitur; gáfaður í meðallagi; lagði sjerstaklega stund á Norrænu, en var sjerstaklega frábitinn Grísku. Hann gaf sig mikið við skólamálum, var metorðagjarn og áhugamikill; ritaði mikið, bæði í bundnu og óbundnu máli. Framan af var hann óreglumaður, en fór batnandi og síðustu árin var hann reglusamur í betra lagi.<sup>3</sup>



## *Skyldur mannanna að því er snertir meðferð dýranna*

(1881)

Það hefur optsinnis, einkum nú á seinni tímum, verið ritað um hina illu meðferð á dýrunum, sem því miður á sjer svo víða stað, og er það meðal annars eitt til merkis um það, að sú skoðun er almennt farin að ryðja sjer til rúms, hversu ósæmilegt það sje að fara illa með dýrin, sem oss eru á hendur falin, og að vjer höfum margra skyldna að gæta gagnvart þeim; að vísu hefur þetta verið viðurkennt þegar í fornöld, og má meðal annars sjá það á ákvörðunum Mósesar um meðferð á dýrum. Af öllum lifandi skepnum á jörðunni er maðurinn fullkomnastur, og einn af hinum mestu yfirburðum hans yfir önnur dýr er málið; en þó öll önnur dýr sjeu mállaus, þá hafa þó mörg þeirra allmikla skynsemi, náttúru-

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1881. Vorpróf 4. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 39-40.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1882-1883, bls. 32-33.

hvatir og margar hinar sömu þarfir og maðurinn, en þau eru fengin oss í hendur til gagns og gamans, og eru oss alveg undirgefin.

Það dýrin hafa tilfinningar, þá er það skylda vor að láta þeim líða vel, og það því fremur, sem þau hafa ekki málið til að skýra frá tilfinningum sínum eða kvarta yfir ómiskunsamri meðferð á einhvern hátt, og það er eins og sett oss í sjálfsvald, að hve miklu leyti vjer viljum marka þarfir dýranna af vorum eigin þörfum, og með skynsemi vorri gefa gætur að, nær þau muni þurfa fódurs, hvíldar, lækningar eða einhvers þvílíks. Það er einnig skylda vor að láta dýrin fá nóg og gott fóður og á hentugum tíma, því einnig í því efni eru dýrin hinum sömu lögum háð og vjer; en margt getur borið til þess, að oss veiti óhægt að fylla upp þessa skyldu, bæði harðæri, fátækt vor og ýmislegt, sem vjer getum ekki gjört að, en betur væri, að allir reyndu af fremsta megni að fullnægja þessari skyldu sinni. Ekki megum vjer heldur leggja of mikið á þau dýr, sem vjer höfum til vinnu; en þó hægra sje að fullnægja þessari skyldu en mörgum öðrum, er hún allt of opt vanrækt. Sömuleiðis ber oss að halda við heilsu dýranna og hjálpa þeim í veikindum þeirra, að svo miklu leyti sem oss er unnt, en sakir þess, að þau eru mállaus og geta þess vegna ekki skýrt oss frá, hvað að þeim gengur, þá er opt örðugt að ráða bót á meinum þeirra.<sup>1</sup>

### *Bjarni Þorsteinsson*

Bjarni fæddist árið 1861. Hann lauk prófi frá Lærða skólanum 1883 og frá Prestaskólanum 1888. Hann var bæjarfógetaritari í Reykjavík 1883-85 og stundakennari við Lærða skólann 1884-85. Bjarni var lengst af prestur á Siglufirði (1888-1935). Hann stundaði þjóðlagarannsóknir og gaf út grundvallarrit um þær í upphafi tuttugustu aldar, *Íslensk þjóðlög*. Bjarni vann að skipulagi Siglufjarðar í upphafi aldarinnar, gerði m.a. uppdrátt að skipulagi bæjarins, stóð fyrir gerð vatnsveitu 1911, símasambandi 1912 og rafveitu með götulýsingu 1913. Bjarni lést árið 1938.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður á hæð og vel vaxinn; friður sýnum, hörundsþjartur, dökkhárr, bláeygur og rangeygur; gáfaður vel. Lagði mikla stund á latínu og grísku en þó mesta á söng og hljóðfærslátt, síður á aðrar námsgreinir; skrifaði og teiknaði best allra sinna skólabræðra; bar af öllum piltum í leikfimi; reglumaður ágætur.<sup>3</sup>



1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1881. Vorpróf 4. bekkur.

2 Gunnlaugur Haraldsson, *Guðfræðingatal 1847-2002*. I. bindi, bls. 249-250.


3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1882-1883, bls. 31-32.





## XVI. Þekktu sjálfan þig

„Þekktu sjálfan þig“ er ein af helstu kennisetningum forngrískrar heimspeki og var í hávegum höfð innan Lærða skólans. Grundvöllur dyggða og farsældar var talinn felast í þessum orðum því með sjálfsþekkingu gæti hver einstaklingur forðast rangar ákvarðanir á lífsleiðinni eins og sjá má í ritgerðunum hér á eftir. Lárus Benediktsson (1841-1920) síðar prestur og Tómas Björnsson (1841-1929) síðar prestur eru hér á meðal höfunda.



*Því er það svo áriðandi að þekkja sjálfan sig,  
og því svo örðugt?*

(1855)

Vjer verðum iðulega að rannsaka lífurni vort, breytni vora og krapta vora, til þess að geta fengið rjetta þekkingu á sjálfum oss. Það er oss harðla áriðandi, að þekkja oss sjálfa, því að þá sjáum vjer, í hverju oss er áfátt, og hvað vjer megum bjóða kröptum vorum, og þegar vjer sjáum það, þá veitir oss hægar að ráða bót á brestum vorum, og að ná þeirri fullkonnun, sem oss er ætlað að ná; vjer tökum oss þá ekkert á herðar, sem kröptum vorum er ofvaxið, og þess vegna örmögnumst vjer ekki undir byrðinni á miðri leið, heldur fáum vjer komið henni þangað, sem vjer ætludum. Þegar vjer þekkjum sjálfa oss, og sjáum, hversu oss er mjög áfátt í mörgu, hlýtur að vakna hjá oss auðmýkt og lotning fyrir hinum heilaga og algóða guði, og vjer hljótum að blygðast vor fyrir honum, þegar vjer sjáum vanmátt vorn og almætti hans, bresti vora og fullkomlegleika hans; en auðmýkt og lotningu fyrir guði er oss boðið að hafa, og þessa auðmýkt og lotningu er samfara elskan til guðs eða kærleikurinn, sem er öllu æðra.

Oss veitir örðugt að þekkja sjálfa oss, vegna þess, að vjer erum skammsýnir og breiskir, og oss hættir við að álíta það lítinn galla á oss, sem jafnvel er mjög mikill. Vjer erum líka opt mjög tregir á að sjá vanmátt vorn, og oss finnst sem fátt sje kröptum vorum of vaxið; og vjer erum aptur á móti mjög glöggskyggnir á mannkosti vora, ef vjer höfum þá til að bera, og hættir oss þá við,

að gjöra sem minnst úr brestum vorum, og þess vegna eigum vjer svo örðugt með að fá rjetta þekkingu á sjálfum oss, og gjöra eins mikið úr því, sem oss er áfátt í, eins og vera ber.<sup>1</sup>

### *Lárus Blöndal*

Lárus fæddist árið 1836. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1851, lauk burtfararprófi 1857 og prófi í lögfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1865. Hann var lengst af sýslumaður í Húnaþingi. Lárus lést árið 1894.<sup>2</sup>



## *Hví eigum vjer að prófa sjálfa oss? Og hví er það svo örðugt, að þekkja réttilega sjálfan sig?* (1861)

Það er mannum mjög áriðandi og nauðsynlegt að prófa sjálfan sig, það er að segja að skoða nákvæmlega athafnir sínar og hugrenningar, rannsaka þær og meta rjettilega. Því prófum vjer eigi sjálfa oss, göngum vjer fram í andvaralausum líferni og verðum naumast varir við yfirsjónir vorar, og þótt samvizkan á stundum láti til sín heyra, þá gefum vjer ekki gaum að röddu hennar, og lifum þannig í athugaleysi án þess vjer vitum í hverju oss er ábótavant.

Prófum vjer þar á móti sjálfa oss og dæmum allt vort hugarfar og breytni vora með óvilhóllum dómi þá verðum vjer þess varir, í hverju oss er ábótavant, og finnum til þess, sem gott er í fari voru; við það sjáum vjer, hvílíkur mismunur er á milli hins góða og illa, hvað það góða er fagurt og hve viðbjóðslegt hið vonda er. Vjer finnum þá til gleði yfir hinu góða og leggjum kapp á að stunda það, en þar á móti yðrumst vjer hins vonda, og einsetjum oss, að hafna því framvegis. Þegar vjer þannig höfum prófað sjálfa oss, þá sjáum vjer hvílíkir vjer erum, hvaða veg vjer stefnum og hvað vjer eigum ógjört til að ná ákvörðun vorri, og ástundum að verða æ fullkomnari í hinu góða en forðast hið vonda og þannig miðar oss þá ávallt nær og nær fullkomnun vorri.

Að þekkja sjálfan sig er harla örðugt, því vjer erum breiskir og fúsir til þess, að meta langtum minna yfirsjónir vorar en þær eru í raun og veru, en láta oss mikið finnast til, ef vjer verðum einhvers góðs varir í fari voru og meta það langtum meira en það í sjálfu sjer er vert. Oss er einnig mjög hætt við að ætla oss betri og fullkomnari en vjer erum og við það vaknar upp hjá oss sjálfstraust

1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1855.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar ævisskrár*. III. bindi, bls. 386-387.

og þar af framkoma margir lestir og yfirsjónir. En þegar vjer þekkjum sjálfa oss sjáum vjer breiskleik vorn og vanmátt, hve verk vor eru lítilsverð og hvað það er heimskulegt að treysta sjálfum sjer.<sup>1</sup>

### *Lárus Benediktsson*

Lárus fæddist árið 1841. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1858, lauk burtfararprófi 1864 og prófi frá Prestaskólanum 1866. Hann var lengst af prestur í Selárdal. Lárus lést árið 1920.<sup>2</sup>



*Hví eigum vjer að prófa sjálfa oss?  
Og hví er það svo örðugt, að þekkjja réttilega sjálfan sig?*  
(1861)

Það er skylda sjerhvers manns, að kappkosta ávallt að betra sig, svo hann geti náð ákvörðun þeirri, sem honum er ætluð af skapanum. En ákvörðun þessari getur hann ekki náð, ef hann ekki þekkir sjálfan sig rjettilega; en til þess að þekkjja sig rjettilega, verður hann, að prófa sig, eða með öðrum orðum skoða nákvæmlega og íhuga hegðun sína og hugarfar. Ef vjer nú prófum oss rjettilega, þá munum vjer sjá syndir vorar og fá viðbjóð á þeim.

Ef menn ekki prófa sig, getur það leitt til sjálfstrausts sem aptur kemur af því, að menn þekkjja sig ekki rjettilega, og af sjálfstraustinu geta aptur sprottið aðrar syndir. Það veitir mörgum mjög örðugt, að prófa sjálfa sig rjettilega, það er að segja, þó þeir prófi sig, sjá þeir ekkert í fari sínu, sem þeim þykir ábótavant, því mörgum er af náttúrunni innrætt sú ímyndun, að þeir sjeu sjálfum sér nógir, og sjeu alls megnandi.

Sumir þar á móti sjá að sönnu yfirsjónir sínar og vilja betrast, en hafa ekki kjark í sjer til að standa á móti tilhneigingunum.<sup>3</sup>

### *Tómas Björnsson*

Tómas fæddist árið 1841. Hann var tekinn í Lærða skólann 1858, lauk burtfararprófi 1865 og prófi frá Prestaskólanum 1866. Hann var lengst af prestur á Barði í Fljótum. Tómas lést árið 1929.<sup>4</sup>



- 1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1861. Miðsvetrarpróf 3. bekkur.
- 2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 385.
- 3 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1861. Miðsvetrarpróf 3. bekkur.

*Hví eigum vjer að prófa sjálfa oss?  
Og hví er það svo örðugt, að þekkja réttilega sjálfan sig?*  
(1861)

Það er oss nauðsynlegt að prófa sjálfa oss, til þess vjer getum sjeð, hvernig vjer erum, og hvað oss er ábótavant, og varað oss við freistingum heims þessa. Því vjer erum allir skammsýnir og freistingunum undirgefnir, og eigum vjer því ávallt að vaka og biðja, að vjer föllum eigi í freistni; því þótt andinn sje reiðubúinn, er holdið þó veikt. Því að þegar ástríðurnar og syndin hafa náð yfirhönd hjá manningum, er hann fallinn, og á sjer eigi viðreisnar von, nema hann snúi sjer aptur til guðs. Sá sem því prófar sjálfan sig, verður að gæta sín, og láta eigi glepjust af innri eða ytri freistingum, svo sem sjálfelsku, ofmetnaði og ýmsum holdlegum girndum, er innan að koma, eða glisi og munaði heimsins, er utan að kemur.

Aptur á hinn bóginn er það örðugt að þekkja sjálfan sig, því að sumpart verður sjálfelskan oss til fyrirstöðu, er villir fyrir oss sjónir, svo vjer hyggjum, að vjer sjeum betri en vjer í raun og veru erum, og sumpart átölur samviskunnar, sem eru svo bitrar, að maður vill sem minnst hreifa við þeim. Þessvegna verður hver, sem prófar sjálfan sig, að þekkja vanmátt sinn.<sup>1</sup>

**Páll Melsteð**

Páll fæddist árið 1844. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1857 og lauk burtfararprófi árið 1863. Hann lést tveimur árum síðar.<sup>2</sup>



*Að útlista, hversu nytsamt og hversu torvelt það sje  
að þekkja sjálfan sig*  
(1869)

Að þekkja sjálfan sig er mjög áriðandi, því að sá maður, sem eigi þekkir sjálfan sig, getur eigi lagað líferni sitt, jafnvel þótt hann vildi, því að hann veit eigi, hvað hann á að bæta í fari sínu, og þekkir ekki bresti sína. Af þessu leiðir, að það er mjög torvelt, að slíkum manni geti farið fram í nokkru góðu, en mjög er

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1861. Miðsvetrarpróf 3. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 132.

hætt við, að hann sökkvi dýpra niður í spillinguna. Þegar því einhver vill leiðrjetta annan, þá byrjar hann jafnan á því, að segja honum til syndanna, og er það rjett gjört, því að eigi er hægt að bæta úr því, sem hulið er.

En ef mennirnir þekktu sjálfa sig fullkomlega, þá mundu fleiri leggja alúð á að bæta líferni sitt og að verða góðir menn. Vanþekkingin á sjálfum sjer er of algeng meðal mannanna, og er það að vonum, því að mennirnir eru skamm-sýnir. En helzta orsökkin, til þess, að svo fáir þekkja sjálfa sig fullkomlega, hygg jeg að sje sjálfelskan. Mennirnir eru svo gjörðir, að þeir eiga hægra með að sjá það, sem ábótavant er í fari annara, að svo miklu leyti sem það sjezt, heldur en sína bresti.

En þótt einhver þekki kosti sína, þá er það ekki nóg til sjálfþekkingar, því að hann verður að þekkja ókostina líka. Sjálfelskan kemur mönnunum til þess, að vilja fegra brezti sína bæði fyrir öðrum og sjálfum sjer. Af þessu leiðir, að fáir vilja grenslazt nákvæmlega eptir hugarfari sínu, og að fáir dæma hlutrægnislaust orð sín og verk. Sökum þessa er mjög torvelt, að þekkja sjálf-an sig. En þó verður það enn torveldara, ef menn hafa eigi nógu ljósa hugmynd um það, hvað rjett er og hvað rangt er. Til að komast að raun um þetta, er guðs-orð hverjum manni hinn áreiðanlegasti leiðarvísir, og það hvetur mennina líka til að rannsaka sjálfa sig.

Nú hef jeg leitazt við að sýna, hversu áriðandi það væri að þekkja bresti sína, og hversu torvelt það væri. En að þekkja kosti sína er líka mjög áriðandi, en þekkingin á þeim verður að vera samfara þekkingunni á ókostunum, því að þá hefur maðurinn fyrst fengið fullkomna þekkingu á sjálfum sjer, þegar hann þekkir hvorutveggja bæði kosti sína og ókosti. En sjálfelskan gjörir mönnun-um líka örðugt, að þekkja kosti þeirra, því að hún blindar augu manna, svo að þeim þykja kostir sínir miklir og margir, en brestirnir litlir og fáir.


Mennirnir eiga miklu hægra með að líta hlutrægnislaust á kosti og ókosti annara, að svo miklu leyti sem þeir sjást. Þannig leiðir það af sjálfelskunni, að mennirnir gjöra lítið úr brestum sínum en mikið úr kostunum. En sá sem þaggar niður röddu sjálfelskunnar í brjósti sínu og leitazt við að vera óhlutrægur dómari hugarfars síns, orða sinna og verka, og auk þess hefur góðan vilja og ljósa þekkingu á rjettu og röngu, mun ávallt læra að þekkja sjálfan sig betur og betur, og mun geta bætt ráð sitt og gengið þann veg sem til lífsins leiðir.<sup>1</sup>

---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1869. Vorpróf 6. bekkur.

*Jón Jónsson*

Jón fæddist árið 1849. Hann var tekinn í Lærða skólann 1864, lauk burtfararprófi 1869 og prófi frá Prestaskólanum 1874. Hann var lengst af prestur í Stafafelli í Lóni. Jón lést árið 1920.<sup>1</sup>



*Að útlista, hversu nytsamt og hversu torvelt það sje  
að þekkja sjálfan sig*

(1869)

Maðurinn fæðist í heiminn með holdlegu og breisku eðli, og þegar hann stálpast og skilningurinn þroskast, tekur ávallt meir og meir að bera á tilhneigingu hjá honum til þess, sem vont er. Meðan hann er ungbarn, ber að vísu minna á henni, því þá er heimurinn með freistingum sínum ekki búinn að ná í hann til þess að vekja og auka hjá honum tilhneigingu til þess, sem vont er. En þegar hann er orðinn stálpaður og kominn af barnsaldrinum og hann heldur úti heiminn, sem fullur er af freistingum og tálsnörum, þá tekur tilhneigingin til þess, sem vont er, ávallt meir og meir að sýna sig og koma fram. Þessi tilhneiging lýsir sjer þó hjá mönnum á margan hátt og í mjög ýmislega stefnu, og fer það eftir fjölda freistinganna og eftir því, hvernig maðurinn er gjörður. Sökum þess, að freistingarnar, sem mæta mannum í heiminum, eru svo margar og hann fæðist með holdlegu og breisku eðli, er það mjög nytsamt fyrir hann að þekkja sjálfan sig; en maðurinn getur þekkt sjálfan sig, ef hann stöðuglega með gaumgæfni og athygli gair að því, í hvaða stefnu tilhneigingin til þess, sem vont er, lýsir sjer hjá honum og hefur vilja á því og löngun til þess, að kefja hana niður, svo hún fái eigi yfirhönd og sigri; en fái hún tíma til þess að eflast og þróast, verður það næsta torvelt og næstum ómögulegt fyrir manninn, að kefja hana niður. Sá, sem þekkir sjálfan sig, veit því, hvaða tilhneiging það er, sem mest hreifir sjer hjá honum og getur því kæft hana niður, svo hún fái eigi yfirhönd. Í öðru lagi getur sá, sem þekkir fullkomlega sjálfan sig, sjeð til hvers hann er lagaðastur og hæfastur og lagað stefnu sína í lífinu eftir því. Líka er oss boðið af Kristi, að reyna og prófa oss sjálfa. Af þessu leiðir þá, að það er mjög nytsamt að þekkja sjálfan sig. Á hinn bóginn er það næsta torvelt að þekkja sjálfan sig; því það eru næsta fáir, sem hafa það stöðuglyndi og þá staðfestu, sem þarf til þess, að gá þegar frá unga aldri að, og vaka yfir sínum vondu

---

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 206-207.

tilhneigingum. Í öðru lagi eru freistingarnar margar í heiminum, sem hrífa manninn í burtu með sjer, þegar hann ætlar að fara að gá að sínum vondu tilhneigingum og vaka yfir þeim.<sup>1</sup>

### *Helgi Melsteð*

Helgi fæddist árið 1849. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1862 og lauk burtfararprófi þaðan árið 1869. Hann stundaði nám í Prestaskólanum, en lést 1872.<sup>2</sup>



---

1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1869. Vorpróf 6. bekkur.  
2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. II. bindi, bls. 342.





## XVII. Lýsingar á heimaslóðum

Í þessum kafla er að finna nokkrar ritgerðir sem voru skrifaðar í kringum aldamótin 1900, þar sem skólapiltarnir voru beðnir um að lýsa landslagi og staðháttum í heimabyggð sinni og í Reykjavík. Hér er meðal annars að finna lýsingar á Akureyri, Vestmannaeyjum og Sauðárkróki. Þeir sem hér taka til máls ásamt öðrum eru Vilhjálmur Finsen (1883-1960) síðar stofnandi og ritstjóri *Morgunblaðsins*, Þorsteinn Þorsteinsson (1880-1979) síðar hagstofustjóri og Valdimar Erlendsson (1879-1951) síðar læknir.



*Sjerhver piltur lýsi þeirri sveit, sem hann er alinn upp í*

(1894)

Lýsing af Vestmannaeyjum.

Tvær til þrjár mílur frá Landeyjasandi er hólmi sá, er Vestmannaeyjar heytir. Þar er mjög hálandt og fjöldi fjalla, sem eigi eru mjög há. Af þeim fjöllum, sem eru áföst við eyjuna, er hið hæðsta 916 fet. Þar að auki er fjöldi fjalla allt í kringum eyjuna, nema að suðaustan.

Byggðinni á eyjunni er skipt í þrennt. Hún er samt mest í kaupstaðnum, sem er norðan til á eyjunni, sömuleiðis er austur og suðurparturinn byggður, en að vestan er hún alveg óbyggð.

Helstu atvinnuvegir eyjabúa eru fiskiveiðar, fuglatekja, kálgarðarækt, og talsverður fjenaður hjá hinum efnabetri. Fiskirí er þar mjög hvigullt, einkanlega sökum hinna miklu ógæfta, sem þar eru mjög tíðar. Þó koma öðru hverju góð fiskiár. Helstu fiskjategundir eru, þorskur, langa og ísa. Fuglatekjan er aptur á móti mjög mikil og arðsöm eyjabúum, einkum er hún arðsöm að því, að hún mishepnast aldrei algjörlega. Fuglategundir eru þar einkum lundi, svartfugl og fílungi. Hættumest er að ná fílunganum, því að menn verða að síga niður af fjallabrúninni, til að ná honum, sökum þess að hann er allur utan í berginu, og vill það eigi allsjalda til að hrapa menn og er þá optast vís dauði. Þó vill til að menn koma lifandi niður. Hve margir menn þannig hafa dáðið, er

ekki auðvelt að segja, en hitt vita menn, að í einu fjalli hafa hrapað um 20 manns, og er það eigi lítið. Kálgarðaræktin er sömuleið arðsöm eyjabúum. Bændur fá þar í góðum árum frá 20 til 50 tunnur af kartöflum.<sup>1</sup>

### Árni Sigurðsson

Árni fæddist árið 1875. Hann stundaði nám við Lærða skólann um skeið, en lauk ekki prófi.



### *Sjerhver piltur lýsi þeirri sveit, sem hann er alinn upp í*

(1894)

Sveit sú, sem jeg er uppalinn í, heitir Skaptártunga og er í Vestur-Skaptafells-sýslu; það er mjög fögur sveit, og fremur frjósöm; ár renna beggja megin við hana og heitir önnur Skaptá, en hin Hólmsá; eptir miðri sveitinni rennur lítil á, er Tungufljót heitir, og rennur í Hólmsá, sem eptir það heitir Kúðafljót.

Landslag er mjög fagurt í Skaptártungu, því að bæði er landið alltsaman grasi vaxið og útsýnið eptir því fagurt; í austri blasir við Örafajökull, en í vestri Mýrdalsjökull, og þegar himininn er vel heiður, er það mjög fögur sjón að sjá, þegar sólin gengur undir jökul þennan á kvöldin.

Það sveit þessi er mjög langt frá kaupstöðum, lifa menn mest á því, sem landið gefur af sjer; og er það því mest kvikfjárrækt, sem menn leggja stund á; þar að auki er garðrækt mikið stunduð, einkanlega í suðurhluta Skaptártungu, og má heita að þriðjipartur fólksfjöldans lifi á henni.

Til eldiviðar nota menn mest skóg, því að mór er lítill mjög og sendinn; eru sandlög mjög tíð, þegar niður í jörðina kemur, sakir hinna mörgu eldgosa, sem komið hafa úr Skaptárjökli og Kötlu.

Í menntunarlegu tilliti eru Skaptártungu búar fremur stutt komnir, einkanlega hvað búnaðinn snertir; en barnauppfærðing hefur aukist núna á síðustu árum, það farið er að veita sveitakennurum styrk til að ferðast og kenna á veturna.<sup>2</sup>

### Jón Brandsson

Jón fæddist árið 1875. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1899 og prófi við Prestaskólann 1902. Hann var lengst af sóknarprestur og prófastur í Strandaprófastsdæmi. Jón lést árið 1959.<sup>3</sup>

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1894. Vorpróf 1. bekkur.

2 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1894. Vorpróf 1. bekkur.

3 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 261.

### *Palladómur skólabræðra:*

Hann er meðalmaður á vöxt, kringluleitur, gráeygur og allur heldur snotur, enda mesta snyrtimenni. Prúðmenni í framgöngu og „gentlemaður“. Gáfaður í betra lagi, en hirðulaus um nám sitt [...] Hann gaf sig lítið við skólamálum og var meðallagi reglusamur. Dansari – dansaði einna best þeirra manna er í skóla voru honum samtímis.<sup>1</sup>



### *Sjerhver piltur lýsi þeirri sveit, sem hann er alinn upp í*

(1894)

Reykjavík stendur innanvert við Faxaflóa. Bærinn liggur í kvos og er mjög ljótt bærstæðið. Sunnantil í bænum er tjörn, úr henni rennur lækur gegnum miðjan bæinn út í sjó. Göturarnar eru heldur mjóar og ljótar. Í miðjum bænum er Austurvöllur. Í honum miðjum er myndastytta af Thorvaldssen. Sunnantil við Austurvöll er kirkjan og alþingishúsið, sem eru með merkilegustu húsum í bænum. Helstu skólar í Reykjavík eru latínuskólinn, prestaskólinn og lækna-skóli. Hús í Reykjavík eru enginn hærrí en tvíloftuð. Stærstu hús í bænum eru þessi: Latínuskólinn, alþingishúsið og Glaskóv. Eitt sjúkrahús er í bænum. Þangað eru þeir fluttir, sem veikir eru. Veitingahús eru tvö. Austan og vestan til í bænum eru torfbæir, og óprýða þeir mjög mikið bæinn. Bærinn er orðinn nokkuð fjölmennur, hann hefur um 5000 íbúa. Helstu höfðingjar landsins sitja í Reykjavík.<sup>2</sup>

### *Sigurjón Markússon*

Sigurjón fæddist árið 1879. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum árið 1900 og prófi í lögfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1907. Hann var sýslumaður í Skaftafellssýslu og víðar og síðar starfsmaður í fjármálaráðuneytinu. Sigurjón lést árið 1959.<sup>3</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Tæpur meðalmaður vexti, grannleitur og fólleitur og óhraustlegur. Dökkur á brún og brá. Hann var snar nokkuð og fylginn sjer. Meðallagi gáfaður og rækta námið illa framan af. Vel að sjer í söng og ljek vel á fortepiano. Prúðmenni og snyrtimenni og vel kynntur, enda drengur hinn bezti. Gaf sig ekki við skólamál-

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1898-1899, bls. 30.

2 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1894. Vorpróf 1. bekkur.

3 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 441.

um, en var þó eitt sinn í skólahátíðarnefnd. Danzari mikill og danzstjóri. Heilsuveill. Reglumaður.<sup>1</sup>



*Sjerhver piltur lýsi þeirri sveit, sem hann er alinn upp í*

(1894)

Jeg er fæddur í Reykjavík. Sá bær er höfuðstaður Íslands, og hefur yfir 3000 íbúa. Í Reykjavík eru flest hús af trje en fáein af steini. Stærstu húsin eru Alþingishúsið og kirkjan, bæði úr steini, og fá önnur hús eru teljandi. Bærinn liggur við sjó, og er allur miðbærinn niður í kvos, og sjest því ekki sá partur af honum af sjó utan; í miðbænum eru húsin byggð fremur reglulega, helst meðfram götunum, sem liggja næst sjónum; eptir miðjum bænum rennur lækur, sem þrýðir hann mjög, og liggja yfir hann sex brýr. Á útjöðrum bæjarins eru litlar byggingar, og er mest þar af torfkofum. Í vestur parti bæjarins eru ekki eins mörg hús, sem í miðbænum, því túnin eru þar fremur stór, þó er töluverð bygging þar einkum meðfram Vesturgötu, sem svo er kölluð. Yfir höfuð að tala er bærinn fremur fallegur.<sup>2</sup>

*Hans Bjarnason*

Hans stundaði nám við Lærða skólann um skeið, en lauk ekki prófi.



*Sjerhver piltur lýsi þeirri sveit, sem hann er alinn upp í*

(1894)

Reykjavík er höfuðstaður landsins og er mjög fjölmennur bær, hefur hún aukist mjög mikið á seinni tímum. Bærinn hefur dómkirkju og alþingishús og presta-skóla og læknisskóla, ennfremur stóran latínuskóla, og eru mjög þar margir piltar. Reykjavík hefur einnig lyfjabúð og landsbanka og tvö leikhús. Í vor var gjörður lystigarður bak við alþingishúsið; í miðjum bænum er grasblettur, sem kallaður er Austurvöllur, og á honum er myndastytta af hinum mikla listamanni Thorvaldssen. Bæjarbúar hafa mjög mikinn arð af komu útlendinga, sem koma til að skoða Heklu, Geysi, Strokk og fleira; þeir fara líka til Þingvalla til að veiða lax. Atvinnuvegir bæjarbúa eru helstir: Fiskiveiðar bæði á opnum bátum

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1899-1900, bls. 146.

2 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1894. Vorpróf 1. bekkur.

og þilskipum, og veiða því helst þorsk og ýsu en á þilskipunum einnig hákarl. Margir eru að vinna í kolum, salti og ýmsu hjá kaupmönnum, aðrir fara í kaupavinnu norður á land, eða á veturna suður til fiskiróðra, og margir fara í vegavinnu; hjer er einnig mikið farið að ryðja tún hjá Reykjavík. Sumir fara austur á Seyðisfjörð til að vera þar við fiskveiðar; hjer er einnig veiddur lax og síld, mikið æðarvarp er úti í Viðey og Engey og lundi út í Akurey.

Yfir höfuð er Reykjavík falletgur bær með beinum götum og styttum og með stórum og nýjum húsum.<sup>1</sup>

### *Jón Jóhannesson*

Jón fæddist árið 1878. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1899 og frá Prestaskólanum 1903. Jón var lengst af prestur í Steingrímsfirði. Hann lést árið 1958.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Lágur vexti, en hnellinn, skolbrúnn á hár, smáeygur og gráeygur, bólugrafinn. Miðlungi vel gáfaður, en stundaði námið illa. Hann var bezta skinn, en var ekki viðriðinn skólamál. „Sportmaður“, einkum var hann skotmaður góður. Hann var drykkfelldur nokkuð og kvensamur. „Ballisti“.<sup>3</sup>



## *Lýstu landslagi og náttúrufegurð heima hjá þjer*

(1898)

Reykjavík er í Gullbringu- og Kjósarsýslu í sveit þar, sem heitir Mosfellssveit. Mosfellssveit er nokkuð hálend, og sjást flest fjöllin af þeim úr Reykjavík. Ef maður gengur niður að ströndinni, þá blasir stórt og mikið fjall við manni, er heitir Esja og dálítið þar fyrir vestan og norðan er Akrafjall. Fyrir neðan Esjuna er Kjalarnesið, sem er dálítið hólótt, en eru þó tún og garðar þar. Kringum Reykjavík er landið hrjóstrugt, mest holt og hæðir, en þó eru nú á seinni tímum mikið að batna þar, því bæði kaupa margir þaðan grjót til að byggja hús úr, og svo eru einnig keyptir þar partar, sem grjótið er flutt burtu af, og þar gjörð tún og garðar. Einnig eru melar miklir fyrir sunnan Reykjavík, sem hjer um bil einginn grasvöxtur er á, nema einstaka strá á stangli. Þar hafa einnig verið

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1894. Vorpróf 1. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 273.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1898-1899, bls. 29-30.

gjörð tún og garðar, einkum á seinni tímum, sem hafa gefið mikið af sjer af jarðeplum. Sjálf Reykjavík liggur niðri í dæld, og er þar mikið af túnum og gördum. Í miðjum bænum er lítil tjörn, sem lækur rennur úr út í sjó og skiptir bænum í 2 hluta, miðbær og austurbær. Náttúrufegurð er mjög mikil í Reykjavík í góðu veðri. Gangi maður upp að Skólavörðu, þá sjer maður yfir allan bæinn, flestar nærsveitirnar og út allan Faxaflóa. Kaupstaðinn Akranes, sem liggur fullkomlega 2 mílur í burtu getur maður sjed, og jafnvel talið gluggana á húsunum, og með sjónauka þekkt mennina á götunum. Á kveldin, þegar að sólin er að ganga til viðar í góðu veðri, þá speglar sólin sig í sjónum; svo það sýnist eins og eldstólpi í sjónum, og þá sjer maður Snæfellsjökul í allri sinni dýrð í fjarska.<sup>1</sup>

### *Vilhjálmur Finsen*

Vilhjálmur fæddist árið 1883. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1902 og lagði svo stund á hagfræði og málfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Vilhjálmur var blaðamaður við *Politiken* í Kaupmannahöfn árið 1906, en gerðist svo loftskiptamaður á línuskipum milli Evrópu og Bandaríkjanna. Hann stofnaði *Morgunblaðið* árið 1913 (ásamt Ólafi Björnssyni) og ritstýrði blaðinu á árunum 1913-1921. Árið 1921 fór hann að vinna við *Tidens Tegn* í Ósló en gerðist svo sendifulltrúi og sendiherra í Svíþjóð. Vilhjálmur lést árið 1960.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður á vöxt og grannur. Hvítleitur og grannleitur. Dálítið hrokkinhærður, gráeygur [...] Þótti sopinn góður. Danzandi.<sup>3</sup>



## *Lýstu landslagi og náttúrufegurð heima hjá þjer*

(1898)

Reykjavík liggur að miðju Seltjarnarnesi, sem gengur vestur í Faxaflóa. Nes þetta er fremur hrjóstrugt, mest holt með litlum jurtagróðri. Fremst á nesinu er nokkur byggð og ræktuð tún í kring um bæina. Þar er dálítill hæð og þaðan víðsýni nokkuð út yfir flóann. Nokkru austar er önnur hæð; á henni stendur vesturhluti bæjarins, mest óálitleg smáhýsi eða torfbær; sunnan til á henni eru nokkur tún og fyrir sunnan hana eru sljettir melar, sem einkum eru notaðir sem leikvöllur, en þegar austur af henni dregur, tekur við lítil kvos; í henni stendur

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1898. Vorpróf 1. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 486.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1901-1902, bls. 266.

aðalhluti bæjarins og öll stærstu og reisulegustu húsin. Fyrir austan kvosina rennur lítill lækur, sem kemur úr tjörn sunnanvert við hana. Bæði að austan- og vestanverðu við tjörnina eru vel ræktuð tún, en fyrir sunnan hana er svört og ljót smámýri. Á hæðinni fyrir austan kvosina er allmikil byggð og efst uppi á henni er varða, sem skólavarða heitir; er þaðan ágætt útsýni yfir bæinn og grenndina. Hæð þessi er mjög grýtt. Þar fyrir austan taka við tvær grýttar hæðir, en mýrar á milli, sem ýmist eru notaðar til mótekju eða til þess að rækta úr tún. Nokkru fyrir austan sjálfan bæinn er fremur láglegt nes er Laugarnes heitir. Þar var biskupssetur snemma á þessari öld. Skammt þaðan eru heitar laugar sem einkum eru notaðar til þvotta. Þar fyrir austan taka við eintóm holt og mýrar á víxl. Sjálft nesið má yfir höfuð kalla ófagurt, ýmist grýttar hæðir eða mýrar, en aptur á móti er mjög fagurt umhverfis það. Fyrir sunnan nesið er fjörður einn lítill, er Skerjafjörður nefnist, og fyrir sunnan hann Álptanes, fagurt og grösugt nes; þar bjuggu áður ýmsir helztu embættismenn landsins og þar var einnig latínuskóli um nokkra hríð. Fyrir sunnan Álptanes eru nokkrir aðrir smáfirðir og nes allt suður að Reykjanesi. Fyrir norðan Seltjarnarnes er langur fjörður, er Kollafjörður heitir; á honum eru nokkrar fagar og fríðar eyjar. Fegurst þeirra er hin austasta, Viðey, sem fræg er úr sögu landsins. Á milli þessara eyja og lands er höfn bæjarins; er hún allstór, en ekki sem öruggust. Fyrir vestan höfnina gengur grand milli lands og einnar eyjunnar, er fellir yfir þegar hásjávað er. Fyrir norðan Kollafjörð blasir við Esjan og Kjalarnes fyrir neðan hana; er þar allfríð byggð upp undir fjallinu.<sup>1</sup>

### *Þorsteinn Þorsteinsson*

Þorsteinn fæddist árið 1880. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1902 og varð cand. polit. árið 1908. Hann var lengst af hagstofustjóri. Þorsteinn lést árið 1979.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður á vöxt, lítið eitt lotinn í herðum, breiðleitur, dökkeygur, munnófríður; stillilegur og góðmannlegur á svip með skolbrúnt hár. Námsmaður ágætur og lagði stund á Esperanto. Ritari „Framtíðarinnar“ og dómsnefndarmaður og í stjórn „Íþöku“. Hann var og ritari árbóka þessara. Lærði dans í 6. bekk, en fylgdi sumblungum áður að málum.<sup>3</sup>



- 1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1898. Vorpróf 1. bekkur.
- 2 Brynleifur Tóbiásson, *Hver er maðurinn*. II. bindi, bls. 336-337.
- 3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1901-1902, bls. 260.

## *Lýstu landslagi og náttúruvegurð heima hjá þjer*

(1898)

Ég ætla að lýsa sérstaklega hvoru fyrir sig; landslaginu og náttúruvegurðinni.

Landslagið: Bærinn, sem eg hef alið aldur minn á í næstliðin 10 ár, heitir Ás. Hann stendur á háum hól. Austan við bæinn er mýri með smá þúfunöbbum, en þegar maður horfir yfir hana sýnist hún vera alveg slétt. Það er einkennilegt við mýri þessa að uppúr henni gnæfa klettar tveir; þeir eru háir og allir mosa-vaxnir. Það var trú manna fyrrum, að huldufólk hefði bústað sinn í klettum þessum. Eptir mýrinni, mitt á milli klettanna rennur lækur, sem kemur fram úr gili því, er Bæjargil heitir. Lækur þessi rennur í smá bunum framm af hamrabelti einu, er lykुर um tjörn þá, er Ástjörn heitir; sem liggur fyrir norðan og austan bæinn. Beggja megin við tjörnina eru hálsar, og brattar brekkur liggja niður að henni; í þeim eru grjótskriður miklar, sem ganga niður í tjörnina. Á milli grjótskriðanna eru samt grasivaxnir geirar og tungur. Fyrir norðan Tjörnina er viði vaxin landspilda, en fyrir norðan hana taka við auðnir, óbyggðir og næstum graslausir sandar. Á fyrri tímum voru þessir sandar gróðursælar mýrar og engjar, en á átjándu öld er sagt að komið hafi hlaup mikið í Jökulsá, sem hafi eyðilagt allan jurtagróður á landsvæði því, er liggur fyrir sunnan hana, sem sandar þessir ná yfir. Fyrir austan mýrina, er ég gat um hér að framan, er há hlíð vaxinn allháum skógi.

Fyrir sunnan bæinn liggja lágir skógivaxnir hálsar. Einn þeirra, sem er spölkorn fyrir sunnan túnið, heitir Miðdegishóll; hann er allhár og á honum er stór varða. Fyrir sunnan hálsana taka við holt og klettadrög og er jarðvegurinn alstaðar mjög grýttur. Sumstaðar eru einnig sandar, melar og mýrar. Þegar sunnar dregur rísa einstök fjöll og fjallahnjúkar upp úr láglandinu. Örstutt fyrir vestan bæinn er hið fræga Ásbyrgi, sem mjög margir ferðamenn bæði innlendir og útlendir flykkjast til, til þess að sjá og skoða náttúruvegurð þess.

Náttúruvegurðin: Það er mjög fagurt á Ási. Ég veit ekki hvað skemtilegra er en að sitja á Miðdegishólum á fögru og björtu vorkveldi, þegar túnið er gult af sóleyjum og fíflum og mýrin græn og skógurinn í hlíðinni fyrir ofan hana er í blóma. Tjörnin prýðir líka mjög mikið og eru á henni óteljandi sundfuglar: Álftir, gæsir, og endur. Jökulsá liðast eins og gulgrátt band eptir söndunum, en fyrir norðan hana hillir undir sléttar, grænar engjar. Lengst burt í norðri sjést sjórinn eins og blá rönd. Fjöllin auka sömuleiðis mjög náttúruvegurðina og fegra útsýnið. Þau liggja á þrjá vegu í kring um Kelduhverfið, sveitina, sem Ás er í. Að vestan eru Tunguheidarfjöllin og blánar fyrir þeim frá Ási. Að sunnan



eru hinir áður nefndir hnjúkar og mörg önnur fjöll á Mývatnsöræfum; en að austan í Axarfirðinum eru hin svonefndu Austurfjöll. Öll þessi fjöll eru falleg og gera útsýnið frá Ási fegurra.<sup>1</sup>

### *Valdimar Erlendsson*

Valdimar fæddist árið 1879. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1902 og prófi í læknisfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1909. Hann starfaði lengst af sem læknir í Danmörku. Valdimar lést árið 1951.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður vexti og allur holdugur vel. Rauður í andliti, gráeygur, dökkhærður [...] Námsmaður í betra lagi og las vel.<sup>3</sup>



## *Lýsið þeirri sveit eða þeim bæ, sem hver yðar þekkir best*

(1903)

### Lýsing á bænum Sauðárkrók

Sauðárkrókur stendur innst við Skagafjörð vestanverðan. Eins og nafnið bendir til stendur bærinn í krók, er liggur fyrir norðan á er Sauðá heitir; fyrir ofan bæinn eru brattar hæðir, er kallaðar eru „móar“. Undirlendið undir „móum“ þessum er aðeins örmjór malarkambur fyrir norðan bæinn á nokkru svæði, en endar þó eigi þannig, heldur breiðir sig aftur norður að Gönguskarðsá og myndar þar breiðan tanga út í sjóinn. Tangi þessi er kallaður „Eyri“ og eru þar nokkur hús, er teljast undir Sauðárkrók. Undirlendið smábreyttar suður og austur frá fjarðarbotninum. Sauðá myndaði áður takmörkin við Sauðárkrók að sunnan en rennur nú í gegnum bæinn, sem farinn er að vaxa suður fyrir hana. Brú er á ánni.

Tvö löng gil ganga inn í „móana“ fyrir ofan bæinn. Fyrir nokkrum árum streymdi vatnið í leysingum niður gil þessi niður í bæinn og gerði skaða mikinn, því víða fylltust kjallarar í húsum af vatni; en nú hefur hlaðinn verið varnargarður uppi á móunum, svo vatnið rennur nú niður annað gil langt fyrir sunnan bæinn.

Hús á Sauðárkrók eru allmörg og öll mjög vel máluð, flest ljósgrá að lit og

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1898. Vorpróf 1. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 480.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1901-1902, bls. 267.

eykur það mjög feður bæjarins; tala útlendingar oft um það, hve húsín séu falleg að utan.

Ein aðalgata liggur nú í gegnum bæinn. Ekki veit ég með vissu um fólksfjölda, en bæjarbúar munu vera talsvert yfir 500 og fjölgar þeim mikið á ári hverju. Af húsum má nefna kirkjuna, hún er mjög snotur og prýði fyrir bæinn, byggð af samskotum bæjarbúa; í henni eru 3 ljósakrónur og fögur altaristafla. Turninn er hár og endar í þremur kúlum, hvorri upp af annari. Kirkjudyarnar snúa í austur. Kirkjugarðurinn liggur uppi á „móunum“ fyrir ofan kirkjuna og liggur krákustígur upp þangað, til þess að uppgangan sé auðveldari. Í kringum kirkjugarðinn er trégróing. Goodtemplarafélag er í bænum og hefur það reist sér hús og heldur uppi leikjum í því á vetrum. Einnig er annað leikfélag í bænum og er talsverð samkefni milli þessara tveggja félaga. Gestgjafahús hefur verið í bænum til skams tíma, kallað „Hotel Tindastóll“, en er nú lagt niður og leigt hinum og þessum.

Höfnin er fremur vond, en gera mætti hana brúklega með því að hlaða grjótgard út af „Eyrinni“ en hún ein veitir helzt dálítið hlé; einu sinni var byrjað á verki þessu, en hætt við það aftur.

Fiskiveiði er mikil á Sauðárkrók og oft svo að segja uppi í landsteinum; er fiskað bæði á lóð og færi; þegar ég var fyrir norðan reri ég oft til fiskjar, þótt ég væri ungur og fiskaði mikið. Frá Sauðárkrók er róið á vorin út í Drangey og legið við í nokkrar vikur, til þess að veiða svartfugl, sem þar er mikið af.

Silungsveiði er þó nokkur í sjónum við Sauðárkrók. Garðrækt er allmikil og túnrækt nokkur. Verzlanir á Sauðárkrók eru 5 eða 6 og því talsverð samkefni.

Sauðárkrókur er einn af hinum yngstu verzlunarstöðum hér á landi, og þó orðinn í tölu hinna stærstu, og má víst ætla, að hann eigi glæsilega framtíð fyrir höndum.<sup>1</sup>

### *Ólafur Jóhannesson*

Ólafur fæddist árið 1885. Hann var tekinn í Lærða skólann 1899 og lauk burtfararprófi árið 1905. Hann stundaði laganám í Kaupmannahöfn en varð að hætta því vegna heilsuleysis. Hann lést á Akureyri árið 1912.<sup>2</sup>



1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1903. Vorpróf 4. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 56.

## *Lýsið þeirri sveit eða þeim bæ, sem hver yðar þekkir bezt*

(1903)

Akureyri.

Á norðurlandi innst við Eyjafjörð stendur kaupstaður að nafni Akureyri, er það fremur ungur kaupstaður, en hefur aukist mjög á seinni árum, og er þegar orðinn næstur höfuðstaðnum að fólksfjölda. Bænum er eiginlega skipt í tvo aðal parta, eða er öllu fremur orðinn að tveimur minni kaupstöðum, þar sem annar þeirra, sá sem innar stendur og eldri er, kallast Akureyri, en yngri parturinn Oddeyri, og ætla jeg að lýsa kaupstaðnum þannig, að lýsa hverjum parti í senn; því á seinni tímum er gjörður greinarmunur á Akureyri og Oddeyri, einkanlega í öllum bæjarmálum.

Akureyri: Þessi partur kaupstaðarins er eldri og stærri; liggur hann vestanvert við höfnina sem kölluð er „Pollur“ og er bæjarstæðið ekki ósnoturt, þar sem grænar brekkur er altaf fara smá hækkandi liggja ofan að bænum, en rjett fyrir innan hann hólarnir sem eru með blómlegustu hjerudum á landinu. Ekki er hægt að segja, að bæjarstæðið sje vel hentugt, því sjórinn er grunnur, og grynkar ár frá ári, en samt sem áður þykir það ekki borga sig að bera í hann mold, og fylla upp, en milli fjals og fjöru, er örmjótt, svo húsin standa einungis í tveimur röðum nema á parti, sem nefndur er „miðbærinn“. Þar standa allmörg hús í hnapp.

Það bærinn er svona mjór, eru ekki nema tvær götur, sem teljandi eru. Önnur þeirra sem kölluð er „Strandgata“ liggur meðfram sjónum, og liggja einungis 4 hús meðfram götunni sjávarmeginn en hinumeginn liggur húsaröð, og eru það aðallega verzlunarhús og geimsluhús ásamt nokkrum íbúðarhúsum. Hin gatan er um miðjan bæinn, og liggja að henni fjöldi húsa, og eru mörg þeirra snotur, einkanlega nýu húsin, sem byggð eru í stað húsana sem brunnu árið 1900, og má þá sjerstaklega nefna veitingahúsið. Fyrir sunnan miðbæinn sameinast þessar tvær götur, sem þegar hafa verið nefndar, og hefur sú gata verið kölluð „Fjara“ og hafa menn borið þar mikið af mold úr brekkunum í sjóin, og hefur þar myndast mikil húsaloð. Á þeirri lóð standa nú 4 hús. Upp frá miðbænum liggur stígur upp í gil, sem kallað er bærgil, og standa þar allmörg kot. Úr gilinu rennur bæarlækur Akureyringa. Fyrir ofan Akureyri utarlega á brekkunni stendur sjúkrahús sem þykir annað bezta sjúkrahús á landinu.

Oddeyri: Þessi partur kaupstaðarins er miklu yngri en hinn hlutinn, og má svo að orði kveða, að hann hafi myndast á 15-20 árum. Fyrir rúmum 30 árum

voru einungis til 2 hús á eyrinni, verzlunarhús „Gránufjelagsins“ og geimsluhús sem er til enn, út og upp á eyrinni, og voru þessi hús þá nýlega byggð. Nú eru um 600 íbúar á Oddeyri, svo það líður líklegast ekki á löngu, þangað til hún jafnast við gamla bæinn.

Eins og nafnið bendir á, er bærinn byggður á eyri, og liggur eyri sú rjett utan við „Pollinn“ og er það henni mjög að þakka, að jafn skjólgott er fyrir á höfninni, einkanlega þegar næðingur er að norðan. Oddeyrinni mætti aptur skipta í tvennt í efri og neðri eyrina.

Neðri parturinn sem öðru nafni nefnist „Tangi“ er örmjó strandlengja sem er skilinn frá efra partinum með djúpum ós, er myndast úr þremur kvíslum er koma frá á nokkuri, er rennur fyrir utan Oddeyri og kallast „Glerá“. Á Tanganum standa 2 bræðsluhús, og er þar brætt lýsi úr hákarlslifrum. Ennfremur standa þar 3 hús önnur, og eru þau notuð við síldarútgerð á haustin.

Efri parturinn er aðalhluti Oddeyrinnar, og standa húsin þar mjög reglulega við 3 götur sem liggja um eyrina, tvær yfir hana þvera að túnunum, og ein meðfram sjó. Tún eru nefnd ytri partur Oddeyrar, eiga þau ýmsir menn, en þá á Gránufjelagið mest, og átti upphaflega eyrina alla.<sup>1</sup>

### *Július Havsteen*

Július (Jóhannes Július) fæddist árið 1886. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1905 og prófi í lögfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1912. Hann var lengst af sýslumaður í Þingeyjarsýslu. Hann lést árið 1960.<sup>2</sup>



### *Lýs fögrum vordegi í Reykjavík þegar gott útsýni er* (1904)

Eins og kunnugt er, er Reykjavík höfuðstaður Íslands, og stendur á norðanverðu Seltjarnarnesi. En sökum þess að bærinn stendur í lægð milli tveggja hæða, er eins og gefur að skilja lítið útsýni niður í sjálfum bænum. Af þessum ástæðum verður maður, til þess að fá gott útsýni yfir landið umhverfis bæinn, að fara upp á hæðirnar sem eru í útjöðrum bæjarins.

Austur og upp af bænum er Skólavardan, og er sú hæð, sem hún stendur á, hæsta hæðin í nágrenni bæjarins, og er þaðan útsýni gott. Andspænis Skólavörðunni, fyrir vestan bæinn er önnur hæð, Landakotstúnið, og er þaðan víðsýni talsvert. Í þetta skipti ætla jeg að hafa Landakotstúnið fyrir sjónarhól og lýsa því helzta, sem ber fyrir augun.

1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1903. Vorpróf 4. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar ævisskrár*. VI. bindi, bls. 305.

Þegar lítið er til austurs sjezt yfir bæinn, sem liggur beint framundan, og má þar sjá og heyra margt og mikið, sem yrði of langt mál að fara að telja upp hjer. Þegar austur fyrir bæinn kemur, sjázt holt og melar, sem eru fremur ófögur útlits; þótt allt sje nú að blómgast og skryðast skruði vorsins, því þar sjezt nær því ekkert annað en grátt grjót; lengra austur sjázt í fjarska fjöllin í Reykjanesfjallgarðinum, og eru á þeim snjófannir á stöku stað, sem ekki eru bráðnaðar enn. Ef lítið er til norðurs, sjezt fyrst höfnin, og liggja í hring um hana þrjár eyjar, Viðey fyrir austan, Engey fyrir norðan og Effersey fyrir vestan; en vestur af Effersey er Akurey. Allar þessar eyjar eru skruðgrænar og fremur blómlegir blettir. Norður af þessum eyjum er Kollafjörður, sem nú er alveg spegilsljettur, en fyrir handan hann sjezt Kjalarnes. Út eftir Kjalarnesi gengur Esjan, sem lítur út eins og hár múrveggur, og speglar hún sig í firðinum, sem liggur fyrir neðan hana. Vestur af Kjalarnesi sjezt Akranes ásamt með Akrafjalli, og svo þar vestur af sjázt fjöllin í Snæfellsnesfjallgarði og er hinn snæviþakti Snæfellsjökull yztur þeirra fjalla og er hann að sjá til vesturs.

Hjer megin við Snæfellsjökul er Faxaflói og er mjög fagurt að líta út yfir hann alveg rennisljettan. Til suðurs sjezt Reykjaneskagi, og hjerna nær Álptanes sem lítur mjög blómlega út, eins og það sje allt eitt tún.<sup>1</sup>

### *Ólafur P. Pétursson*

Ólafur fæddist árið 1886. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1901 og lauk prófi þaðan árið 1907. Hann fór til Danmerkur og stundaði nám í læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla, en lést þar árið 1911.<sup>2</sup>



### *Lýs fögrum vordegi í Reykjavík þegar gott útsýni er*

(1904)

Fagur vordagur í Reykjavík.

Eg vaknaði við það að tveir menn hnakkrifust fyrir utan gluggann hjá mér og haninn galaði í kapp við þá. Eg reis þegar upp og fór að klæða mig. Á meðan eg var að því, varð mér lítið út og sá eg þá að vedrið var ágætt, logn og blíða; virtist mér óvenjufagurt að líta yfir bæinn með marglitum húspökunum og að sjá húsin á Hólavelli og kirkjugarðinum með öllum sínum margvíslegu grafmerkjum speglast í tjörninni. Eg var lengi að dunda við að klæða mig, af því að eg hafði svo lítið að gjöra. Þegar því var lokið fór eg út og gekk dálítið mér

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1904. Vorpróf 3. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 77.

til skemtunar; varð mér ósjálfrátt gengið niður í miðbæinn og fanst mér flest er eg sá þar stínga í stúf við veðurblíðuna og fegurðar-bjarma loptsins. Nú fór að líða að matmálstíma og gekk eg því áleiðis heim; lá leið mín um Kirkjustræti, varð mér allstarsýnt þar á nývirki eitt. Það var fuglsmynd, sem nýbúið var að festa upp á alþingishúsið. Sá eg brátt að það mundi eiga að vera fálki, enda þótt ólíkt væri, en undarlegast þótti mér að hann var látinn standa með nær sam- lagða vængi í lausu lopti.

Miðhlutann úr deginum notaði eg til að skoða blómin í náttúrunni, það er að segja, þau innlendu, sem ekki hafa verið tekin til sérstakrar ræktunar, og fanst mér þar ekki um auðugan garð að gresja. Jafnframt þessu naut eg útsjónarinnar eins og unt var, en þar skiptir í tvö horn, og sama er að segja um landslagið.

Í nágrenni bæjarins getur maður sagt, að hver bletturinn sé öðrum svipljó- t-ari; þar skiptast á urðarholt og gróðurlausir melar, flög og mýrar, en innan um allt þetta eru smærri og stærri túnblettir, girtir á ýmsan hátt, sumir með grjó- gördum, aðrir með skurðum, en flestir með gadda-vír. Þegar maður lítur lengra burt, sést sjórinn; hann er ætíð tignarlegur, en núna var hann svo blíður að sjá, þar sem ekki sást nokkur alda og skipin morruðu í logninu með öll segl uppi, en þar á milli sáust reykjjarstrókarnir úr gufuskipunum, sem brunuðu áfram með fullri ferð og skildu eptir skýra rák þar sem þau höfðu farið, sem hvarf ekki fyr en eptir langann tíma. Á bak við allt þetta blánuðu fjöllin í fjarska og báru hvítir topparnir við ljós-grá-bláan himininn, sem hvergi sást skýflóki á. Á meðan eg virti þetta fyrir mér leið tíminn og verð eg að fara aptur inn í bæjarskarkalann, til að fá mér að eta. Nú var orðið krökt á götunum; það var unga fólkíð, sem hafði verið heldur lengi úti kvöldið fyrir og því sofið yfir sig. Reykjavík er ekki holl fyrir æskulýðinn, hann venst of snemma á slarkið, því fer sem fer.

Um kvöldið gekk eg upp í holt, lagðist þar niður á grasbala dálítinn og fór að lesa sögu. Þegar leið á kvöldið fór eg að virða fyrir mér útsýnið og þótti mér það nú töluvert fegurra en áður. Nú glitraði sjórinn allur og leit út eins og á hon- um flytu ótal smástjörnur og undir sól að sjá var sem geislabrú lægi yfir hann. Sólarlagið var mjög fagurt, en þó get eg ekki verið Guðm. Guðmundssyni sam- þykkur, þar sem hann segir „aldrei eg sólarlag sá um sumarkveld fegurra en hérna“, eg hef séð það fegurra á mörgum stöðum og hef eg þó ekki víða farið.

Eg gekk heim í hægðum mínum og hugsaði heim til mín og svo um daginn hvernig hann hafði verið og liðið; um þetta var eg að hugsa á meðan eg háttaði, og sofnaði síðan með það í huganum, sem eg síðast hafði komist að niðurstöðu um, að dagurinn liðni hefði verið svo fagur og góður, sem vordagur í Reykjavík gæti verið.<sup>1</sup>

---

1 Þf – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1904. Vorpróf 3. bekkur.

## *Steindór Björnsson*

Steindór fæddist árið 1885 á Hvanneyri í Borgarfirði. Hann stundaði nám við Lærða skólann á árunum 1901-1905 en hélt svo til Danmerkur þar sem hann lærði leikfimikennslu 1906-1907. Hann var leikfimikennari alla sína ævi og var virkur í félagsstarfi ungmennafélaga og bindindisfélaga. Steindór lést árið 1972.<sup>1</sup>



---

1 Ólafur Þ. Kristjánsson, *Kennaratal á Íslandi*. II. bindi, bls. 185-186.





## XVIII. Æska og elli

Hér fjalla skólapiltarnir um sígilt viðfangsefni – samband æsku og elli og nauðsyn þess að gæta hófsemda á æskuárunum. Greinilegt er að töluverð áhersla hefur verið lögð á að piltarnir notuðu æskuárin skynsamlega og voruðust alls kyns freistingar og ólifnað, enda voru margir skólapiltar langt frá heimahögum og umsjá foreldra sinna og nutu því ákveðins fjálsræðis.<sup>1</sup> Sumir nýttu þetta fjálsræði með því að slá slöku við lærdóminn og einbeita sér að skemmtanalífi bæjarins. Í slíkum tilfellum var álitid að skólalífið og frelsið sem það hafði í för með sér, hefði slæm áhrif á piltana eins og segir í einni fundabók skólapilta frá 1871-72: „Vjer höfum dæmi upp á, að piltar hafi farið hjeðan verri en þeir komu, það er að segja í siðferðislegu tilliti. Eg hefi áður sagt, að hjer sjeu margar freistingar, einkum drykkjuskapur og kvennafar [...]“<sup>2</sup> Skólayfirvöldum var mikið í mun að koma í veg fyrir að skólasveinarnir hættu sér út á hálar brautir á sínum mótunarárum, en einbeittu sér frekar að dyggðugu lífern. Ritgerðir piltanna hér á eftir endurspeglu þann boðskap. Meðal höfunda er Lárus E. Sveinbjörnsson (1834-1910) síðar bæjarfógeti og Matthías Jochumsson (1835-1920) síðar prestur og skáld.



*Því er það svo áriðandi, að verja vel æskuárunum?*

(1854)

Æskan er vor lífsins, og hinn skemmtilegasti og áhyggjulausasti kafli lífsins. Það er tími sá, sem vjer eigum að verja til þess að nema það, sem seinna meir gagnar manni í öllu lífinu. Það er því mjög áriðandi að verja æskuárunum vel; það er rótin til allrar gæfu og sælu í lífinu; þá eiga menn að búa sig undir fullorðinnsárin og ellina, og gjöri menn ekki það, þá verða þau sjálfum manni þungbær og leiðinleg, en öðrum ónýt. Menn eiga því að verja æskuárunum til

1 Sjá nánar, Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 252-255.

2 *Lbs* 3293 4to – Fundabók Bandamannafélagsins 1871-1872, bls. 9.

Þessa nema fræði þau og reglur, sem kenna oss og sýna, hvernig vjer í öllu lífinu eigum að hegða oss. Láti menn því æskuárin líða í dáðleysi og leti, þá geta menn ekki, þegar fullorðinsárin fara í hönd, bætt upp það, sem menn ljettu hjá sér líða í æskunni; þá verða menn fávísir alla æfi sína, lítilsvirtir af öðrum, og lífið manni þungbært. Reynslan sýnir ljósan vott þess, að þeir, sem varið hafa æskuárunum vel, verða duglegir menn og starfsamir í sinni stjett. Aptur á hinn bóginn sýnir hún, að þeir, sem varið hafa æskuárunum illa, það er, í gleði og glaumi, og látið sjer einungis um það hugað, að gjöra sjer æskuárin svo þægileg og skemmtileg sem unnt er, aldrei verða duglegir menn, og ekki færir um að rækja köllun sína; og ekki nóg með það; þegar þeir í æskunni hafa notið allra þeirra skemmtana, sem þeir gátu, þá verður ellin þeim þungbær og leiðinleg; þá er það svo komið að þeir annaðhvort geta ekki, sökum elli sinnar, lengur notið skemmtananna, eða þeim þá er farið að leiðast þær, eða þá í þriðja lagi, að þeir í æskunni hafa sóað þannig út fjármunum sínum, að þeir ekki í ellinni lengur geta útvegað sjer þær.

Þannig er það áriðandi, að verja vel æskuárunum, og dæmi þeirra, sem verja þeim illa, á að fæla menn frá, að ganga sömu leiðina.<sup>1</sup>

### *Lárus E. Sveinbjörnsson*

Lárus fæddist árið 1834. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1848, lauk burtfararprófi 1855 og prófi í lögfræði frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1863. Lárus gegndi ýmsum embættum um ævina, hann var sýslumaður í Árnesþingi, bæjarfógeti í Reykjavík, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, yfirdómari í landsyfirdómi og bankastjóri Landsbankans um skeið. Hann lést árið 1910.<sup>2</sup>



### *Því er það svo áriðandi, að verja vel æskuárunum?*

(1854)

Æskan er sá hluti æfinnar, sem maðurinn á að verja til þess að búa sig undir hið komandi líf; í æskunni eiga kraptar sálar og líkama að ná þeim framförum og þroska, sem unnt er, til þess maðurinn geti orðið hæfilegur til þess að vinna að því verki, sem hann tekur sjer fyrir. En reynslan sannar oss, að dugnaður mannsins í mannlegu fjelagi er einmitt kominn undir því, hvernig hann hefur varið æskuárunum, og af því sjest, hversu áriðandi það er, að verja þeim vel.

Sá, sem þegar á æskuárunum hefur sökkt sjer niður í leti og alls konar mun-

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1854.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 391.

að, og ekki hikað sjer við að gjöra það, sem ljótt er, þrátt fyrir áminningar foreldra eða yfirboðara, verður aldrei að neinu gagni í stöðu sinni, hver sem hún er, enda þótt hann hafi þegið góðar gáfur, því hann hefur ekki varið þeim samkvæmt þeim tilgangi, sem honum voru gefnar þar; hann hefur spillt þeim og aflagað þær, og með því ollað sjer þess tjóns, sem hann aldrei bíður bætur af.

Hinn aptur á móti, sem á æskuárunum hefur lagt alla alúð á, að ná sem mestum framförum í öllu góðu, hefur verið hlýðinn við yfirboðara sína, og fengið viðbjóð á öllu því, sem ljótt er, hann mun í öllu lífi sínu standa vel í stöðu sinni því „Hvað ungur nemur, gamall temur“, og þó hann hafi ekki þegið eins miklar gáfur og hinn, sem illa varði æskuárunum, vinnur hann það brátt upp með iðninni; í ellinni hefur hann yndi og ánægju af að hugsa um, hversu vel hann hafi varið æskunni en hinn, sem varði henni illa, hryllir við því.<sup>1</sup>

### *Sæmundur Jónsson*

Sæmundur fæddist árið 1832. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1847, lauk burtfararprófi 1855 og prófi frá Prestaskólanum 1857. Hann var lengst af prestur í Hraungerði í Flóa. Sæmundur lést árið 1896.<sup>2</sup>



### *Að líkja saman lífi mannsins og lífi blómsins*

(1854)

Lífi mannsins og blómsins má skipta í þrjá parta. Hjá mannum er það, 1. Æskan, eða framfaraskeiðið. 2. Miðbik æfinnar, eða sá tími sem maðurinn er í broddi lífsins. 3. Ellin, eða hnignunartíminn. Hinir sömu kaflar í lífi blómsins eru 1. Vorið. 2. Sumarið. 3. Haustið.

Æskan er grundvöllur undir öllu lífi mannsins; að þeirri fullkornun og þroska, er maðurinn fær á æskuárunum, á hann að búa það sem eptir er æfinnar. Það sem helst styður til þess, að afla manni þessa þroska, er: gott uppeldi, meðlæti og mótlæti og svo mörg önnur atvik, er fyrir geta komið. Eptir vorinu fer einnig vöxtur blómsins, það er blómsins þroska tími. Það sem helst hefur áhrif á þroska þess, er: góð ræktun og veðurblíða og kuldi o.s.fr.

Þegar maðurinn í broddi lífsins, sýnir hann ávexti þess, er sáð var til í æskunni; og fer þá uppskeran eptir því sem niður var sáð (það ungur nemur gamall fremur). Þó getur útaf þessu brugðið, ef mannum vilja til einhver óhöpp eða slis, t.a.m. sjúkdómar og hrakfarir, er geta staðið mannum fyrir.

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1854.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 384.

Sama er að segja um blómið, það ber ávöxtinn á sumrin, og fer hann eptir vorinu. Þó getur margt komið fyrir er verði því eins og manningnum til hnekkirs.

Á elliárunum eyðist smátt og smátt allt líf og fjör manning; hann verður grá-hærður, sköllóttur, fölnur og fjörlaus, og sýnir ljóslega að hann er á leiðinni frá lífinu til dauðans. Eins fer og með blómin þegar hausta tekur; þau fölna fyrst, og verða hvít, síðan falla blöðin af þeim, og að lokunum kulna þau með öllu.<sup>1</sup>

### *Stefán S. Stephensen*

Stefán fæddist árið 1832. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1847, lauk burtfararprófi 1856 og prófi frá Prestaskólanum 1858. Hann var lengst af prestur í Grímsnesi. Stefán lést árið 1922.<sup>2</sup>



## *Uppeldi? Hví er gott uppeldi svo áriðandi og nauðsynlegt bæði fyrir hvern einstakan? Og heilar þjóðir?*

(1854)

Uppeldi er bæði hvað líkamann snertir og sálina. Að því leyti, sem það snertir líkamann, er það öll sú aðhjúkrun og umönnun, er líkaminn nýtur í æskunni, til þess, að hann verði fær um, að vera verkfæri sálarinnar og fara eptir boðum hennar. Hvað sálinni viðvíkur, er það öll sú fræðsla og leiðbeining er sál æskumannsins nýtur, til þess, að hún verði fær um að haga sjer vel og geti stjórnað líkamanum. Fyrir hvern einstakan er gott uppeldi áriðandi og nauðsynlegt, því með því er grundvöllur lagður fyrir öllu lífinu; æskan er byrjun lífsins, og allt það, er menn læra í æskunni er mönnum hugfast alla æfina, eins og málshátturinn segir : „Hvað ungur nemur gamall hefur.“ Allir þeir kostir eða ókostir, er menn temja sjer í uppvextinum, loða við menn alla æfina t.a.m. venji menn sig á reglusemi og sje mönnum innrætt að temja sjer hófsemi í uppvextinum verða menn allajafna hófsamir og reglumenn. Sje manni eigi kennt það, er menn eiga að læra í uppvextinum verða menn að læra það síðar, verður það mönnum miklu örðugra og stundum ef til vill eigi unnt. Í uppeldinu eiga menn að læra að hlýða þeim, sem yfir mönnum eru, því annars læra menn það aldrei, en án þess getur þó enginn komið af í heiminum átörlulaust, og enginn sá, er eigi kann að hlýða, getur boðið öðrum. Þegar menn njóta góðs uppeldis styrkist líkaminn og verður færari til vinnu, menn eru vandir við alls konar til þess, að

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1854.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 337.

menn geti kennt það öðrum, enda þótt menn aldrei gjöri það sjálfir. Af öllu þessu, er nú er talið, verða menn mikils metnir af öðrum úti í frá og þykja æfinlega mestu menn. Með því nú þjóðirnar eru eigi annað en margir einstakir menn þá leiðir af því, að sama gott leiðir af því, að njóta góðs uppeldis fyrir heilar þjóðir, og hvern einstakan mann, nema hvað það er meira og yfirgripsmeira hjá heilum þjóðum en hjá einstökum mönnum, og er það mjög edlilegt.<sup>1</sup>

### *Magnús Pétursson Stephensen*

Magnús var fæddur árið 1835 (eða 1836 skv. æviskrám). Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1849, lauk burtfararprófi 1856 og prófi í læknisfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1862. Hann varð héraðslæknir í Vestmannaeyjum 1863, en lést tveimur árum síðar.<sup>2</sup>



### *Í hverju er gott uppeldi fólgið, og hverjir eru ávextir þess?*

(1862)

1. Uppeldi er tvenns konar, í tilliti til líkamans, og í tilliti til sálarinnar.

a) Gott uppeldi í tilliti til líkamans er fólgið í því, að hinni líkamlegu ákvörðun verði náð, eða að líkaminn verði svo hæfilegt verkfæri handa sálinni sem unnt er. Til þess að takmarki þessu verði náð hljóta þeir, sem börn uppala, að ala og varðveita líkamlegan þroska þeirra, ekki einungis með fæðu og klæðum og umhirðingu, heldur og með því að láta þá temja sjer harðræði, áreynslu og starfsemi, því við það vex þróttur og þrautgæði, svo og með því, að innræta þeim þrifnað, umhyggjusemi og alls konar þrúðmennzku. Auk þessa er um alla menn gildir, eru og til ýmsir aðrir kostir og íþróttir, er ungir menn þurfa að temja sjer, og sem fer eptir stjett og stöðu; svo ber, t.a.m. hermannsefninu öðrum fremur að temja sjer hreyzti og hvatleik, bóndanum elju og strit, fræðimanninum athygli og ástundan o.svofrv.

b) Eigi hins vegar hið andlega uppeldið að vera gott, hljóta foreldrar og fræðendur að hafa fyrir augum hið andlega miðið, því svo sem sálin er andi og ódauðleg, svo er og hennar ákvörðun andleg og óendanleg. Þegar er hinn ungi tekur að vitkast, svo að hann má gjöra grein á góðu og illu, skal honum vera innrættur guðsótti, því hann er „upphaf vizkunnar“; en sú innræting verður að

1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1854.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 458-459.

vera rjett, þ. er samhljóða skilningi og eðli hins unga, svo að hugmyndirnar um hinn algóða verði eigi eins og daufar skuggamyndir í huga barnsins, heldur fjörugar hugsjónir, sem það hefur unað af. Jafnframt skal hinn ungi nema góða siði, og ríður þá hvað mest á eptirdæmi hinna eldri, en einkum þeirra, er upparar eiga þeir eigi einungis að kenna í orði, heldur einnig í verki.

Því næst er ást og auðsveipni við foreldra, vandamenn og yfirboðendur, og einkum ástin til ættjarðarinnar; sú ást á að vera ríkust og helgust hjá hinum unga, næst ástinni til guðs. Ættjörðin hefur í sjer fólgið allt sem honum er, og á að vera, dýrast á jörðunni; hún er vagma hans og verkahringur; hún hefur alið foreldri hans og á að veita viðtöku og fóstur niðjum hans.

Þessar dyggðir eru hinar helztu og helgustu og fylgja þeim ýmsar aðrar, er að nokkru leiti fara eptir stöðu og ákvörðun manna, en einkum er það sjálfsagt, að ungum mönnum sje kennd og gefin svo góð menntun, sem kostur er á; þó skulu þær listir ávallt í fyrirrúmi vera, er bezt henta þeim, er nemur, bæði samkvæmt skapi hans og hæfilegleikum, og svo stöðu hans í lífinu.

Þannig er talið hið helzta er virðist lúta að góðu uppeldi.

2: „Hvað ungur nemur, gamall temur“, segir spakmælið, og er þar mikið sagt í fám orðum, og eru þess ótal dæmi, svo ekki þarf útlistunna við, að fullorðins aldur mannsins er einatt skuggsjá æskunnar: hafi uppeldi hins unga verið vanrækt, og hann numið lesti og varmennsku í æsku, fer sjaldan hjá því að hann ekki einungis temur sjer hið sama á hinum efra aldri sínum, heldur fer hann jafnvel æ versnandi með aldrinum. En þegar ungur maður hefur í æsku sinni hlotið það uppeldi, er áður var ábent, mun traudlega hjá því fara, að hann verði góður maður og nýtur í fjelagi sínu og sýni sjálfur með breytni sinni og verkum ávexti hins góða sæðis, er í æsku hans var hjá honum gróðursett.

„Kenn þeim unga þann veg, sem hann á að ganga, og þegar hann eldist mun hann eigi af honum víkja“. (Sal. Orðskv.)<sup>1</sup>

### *Matthías Jochumsson*

Matthías fæddist árið 1835. Hann lærði verslunarfræði í Kaupmannahöfn veturinn 1856-1857 en var tekinn í Lærða skólann árið 1859. Hann lauk burtfararprófi 1863 og prófi frá Prestaskólanum 1865. Hann var lengi prestur á Akureyri. Matthías var mjög afkastamikill á ritvellingum og er eitt af höfuðskáldum þjóðarinnar. Hann lést árið 1920.<sup>2</sup>



1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1862. Vorpróf 5. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 479-480.

*Í hverju er gott uppeldi fólgið,  
og hverjir eru ávextir þess?*

(1862)

1. Gott uppeldi er í stuttu mál í því fólgið, að sýna barninu þegar í æsku leið þá, sem það skal ganga, til þess, að verða sem beztur og nytsamastur borgari í guðs ríki, og sem beztur og nytsamastur limur í mannfjelaginu, það er með öðrum orðum, til þess að það geti sem framast náð ákvörðun sinni, bæði hinni andlegu og hinni líkamlegu; þó er það eigi nóg, að sýna barninu aðeins leiðina, því að gott uppeldi er eigi síður fólgið í því, að hjálpa barninu til að komast á þessa braut og halda því í uppvextinum sem fastast við hana, svo að það villist eigi síðar frá henni, þá er aldur færast yfir það, sjónarsvið þess stækkar, og freistingarnar taka að tæla það og ginna.

Til þess, að fá þessu framgegn, verður að verja, glæða, viðhalda og stjórna öllum þeim góðu kröptum, sem barninu eru gefnir af skaparanum, bæði kröptum sálarinnar og líkamans; virðist því ástæða til, að skipta uppeldinu í tvær greinir, hið andlega uppeldi, og hið líkamlega. Skoðum þá, hvernig uppeldið á að vera.

a) „Ótti drottins er upphaf vitzkunnar“ segir Salómon, og kannast menn almennt við, að það sje sannmæli. Fyrir því skal innræta barninu þegar á æskualdri sannan guðsótta, á meðan sál barnsins er viðkvæmust og næmst að taka á móti öllum áhrifum, góðum og illum; hins vegar skal og brýna rækilega og samviskusamlega fyrir barninu, hversu háskasamlegt hið illa sje, og koma þannig inn hjá því megnum viðbjóð á syndinni. Eptir því, sem skilningur barnsins vex og þroskast, ber að leggja nákvæmlega niður fyrir því, hverjar skyldur það hafi að rækja við guð, sjálft sig og meðbræður sína, og hvert mið það sje, sem því beri að keppa að, og hversu háleitt og fagurt miðið er. Þá skal og glæða hjá barninu tilfinningu fyrir því, að sál mannsins er guðlegs eðlis í öndverðu, og þannig hátt hafin yfir hið líkamlega og jarðneska, því að sú tilfinning mun síðar gæta mannsins við margri hrösun, ef hún er nógu ljós og vaxandi hjá honum. Þessa fræðslu skal veita barninu smám saman, eptir því, sem það getur tekið á móti henni eptir skilningsþroska sínum. Enn skal og frá blautu barnsbeini kenna því kurteisi og góða siðu, og glæða hjá því tilfinningu fyrir öllu fögru, góðu og rjettu, hvar sem það kemur fram.

Þá ber og að hafa nákvæmar gætur á þeim hinum illu fýsnum, sem kunna að lýsa sjer hjá barninu, og kæfa þær í tíma, áður en þær ná að festa rætur. Skaplyndi barna er með ýmsu móti, og eigi má fara eins að öllum börnum; fyrir



Því skal sá, sem vill ala vel upp barn sitt, leitast við, að ná sem ljósastrí og rjettastri þekkingu á skapferli og lundarlagi þess, því að sú þekking gjörir honum auðvelt að taka jafnan í þann strenginn, sem bezt á við, er hann vill beina huga barnsins að einhverju góðu, eða frá einhverju illu. Of mikið eptirlæti getur orðið barninu eins hættulegt og of mikil harka, og því skal hvortveggja jafnt varast.

Eptirdæmið er það, sem veitir kenningunni áhrif og afl, og því er það nauðsynlegt, að barnið sjái sem mest gott, og sem minnst illt fyrir sjer. Þetta er hið helzta, sem gæta skal við hið andlega uppeldi, þegar það er skoðað almennt, en að öðru leyti verður það að laga sig eptir þeirri lífsstöðu, sem barnið á í að standa; sumum börnum er haldið til bókvits, öðrum til handiðna, og enn öðrum til almennrar vinnu, og skal þá taka nákvæmt tillit til hæfilegleika barnsins, og annars þess, sem þar getur komið til greina, og uppeldið verður að laga sig eptir lífsstöðu þess.

b) Hin önnur grein er hið líkamlega uppeldi. Það er í því fólgið, að leitast við, að gjöra líkama barnsins sem hæfastan til að vinna það hlutverk, sem honum er ætlað, svo að hann verði sem hentugast verkfæri sálarinnar, og tálmi sem minnst sýslunum hennar. Sökum þessa þarf að iðka líkamskrapta unglingsins, og stæla þá, ef svo má að orði kveða, og kenna honum að ala önn fyrir heilbrigði og velvegun líkamans með þrifnaði, hreinlæti, og hófsemi í mat og drykk. Enn skal kenna æskumanninum að venja sig á látlausan og þokkalegan líkamaburð og framgöngu, því að eigi hæfir, að fögur sál búi í ófögnum og óprúðum híbýlum. Að öðru leyti á og hjer við það, sem áður er sagt um hið andlega uppeldi, að hin ýmsa lífsstefna mannsins skal þar miklu ráða.

2. Uppskeran er undir sáningunni komin, og svo er og um uppeldið og ávexti þess. Sá, sem fær gott uppeldi, verður optast góður maður og nytsamur meðbræðrum sínum og nær þannig ákvörðun sinni, ef hann lætur sjer jafnan hugfast það, er hann nam í æsku og fylgir lífsreglum þeim, sem honum voru þá kenndar, og ef hann af eðli sínu ekki er öldungis óhæfur til að njóta góðs uppeldis, en þeir menn munu mjög fáir vera. Þó ber stundum út af því, að uppeldið skapi manninn, en engu að síður sýnir reynslan, að það er hin vanalega rás hlutanna.<sup>1</sup>

---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1862. Vorpróf 5. bekkur.



### *Hallgrímur Sveinsson*

Hallgrímur fæddist árið 1841. Hann lauk prófi frá Lærða skólanum árið 1863, hélt til Kaupmannahafnar og lauk prófi í guðfræði frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1870. Hallgrímur var skipaður dómkirkjuprestur í Reykjavík árið 1871 og skipaður biskup yfir Íslandi 1889. Hann var alþingismaður 1885-1887 og 1893-1905. Hallgrímur lést árið 1909.<sup>1</sup>



---

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. II. bindi, bls. 289-290.



## XIX. Þjóð, framtíð og framfarir

Sjálfstæðisbaráttan setti sterkan svip á þjóðfélagsumræðuna á síðari hluta nítjándu aldar. Hún teygði sig inn á flest svið þjóðlífsins, og kom skýrt fram í blöðum og tímaritum. Í þeirri umræðu má finna tengsl við framfarahyggjuna sem kemur einna skýrast fram í þeirri trú, að þjóðin geti eflst stig af stigi í átt til æ meiri velmegunar og hagsældar.<sup>1</sup> Sumir voru mjög þjartsýnir gagnvart framförum, eins og maður að nafni Guðmundur Guðmundsson sem skrifaði í *Ejðóðólf* sumarið 1886:

Framför einstakra manna, heilla þjóða og alls mannkynsins fylgir sömu meginlögum í stóru sem smáu. Munur á framförum ei er að eins fólgin í því, hvað þær eru skjótar og hve langt þær komast, en allir menn og þjóðir feta hinn sama fastákveðna feril að takmarki fullkomunarinnar.<sup>2</sup>

Þrímur greinahöfundar tóku í sama streng og töldu að koma þyrfti þjóðinni á næsta þrep framfara, svo að þjóðin gæti eflst stig af stigi, og lifað við góðar aðstæður þegar fram liðu stundir.<sup>3</sup> Óþekktur höfundur ritaði í þessum anda í *Ejðóðólf* árið 1889: „Hin mikla þrá hjá mönnum til þess, að þjóðin verði auðugri, er í raun rjettri löngun til þess, að eptirkomendur vorir verði sælli og að þeim líði betur, heldur en oss sjálfum, og á hún rót sína að rekja til kærleikans.“<sup>4</sup> Þessi trú á mögulega velmegun þjóðarinnar í framtíðinni varð mörgum innblástur til framkvæmda. Talsmaður vegabóta segir þannig í *Ísafold* í nóvember 1884 að samtíðarmenn megi ekki láta það hindra sig

[...] þótt fæstir, sem nú lifa, geti átt von á að njóta til nokkurrar hlítar ávaxtanna af þessum framkvæmdum [samgöngubótum], eða þótt þær komi misjafnt niður á ýmsa landsins parta. Þjóðfélagið tekur jafnt yfir alda sem

1 Sjá nánar um framfarahyggjuna, Robert A. Nisbet, *History of the Idea of Progress*. Second edition (New Brunswick, 1994).

2 Guðmundur Guðmundsson, „Um menntun og jafnrjetti kvenna.“ *Ejðóðólfur* 38. árg. 4. júní 1886, bls. 91.

3 Sjá nánar, Bragi Þorgrímur Ólafsson, „Þjóð eignast fegurri framtíð“, „Í þágu niðjanna“, Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*.

4 „Auðlegð Íslendinga.“ *Ejðóðólfur* 41. árg. 8. mars 1889, bls. 47.

óborna; því á allt, sem það framkvæmir, að vera eigi síður gert ókomnum kynslóðum til hagsældar.<sup>1</sup>

Í ritgerðum skólapiltanna hér á eftir má finna sterk tengsl við þessa umræðu. Í þeim er rætt um framfaramál á borð við samgöngur og siglingar, eflingu á þroska þjóðarinnar, ættjarðarást og ýmislegt fleira, er tengja má við sjálfstæðisbaráttuna og framfarir í þágu þjóðarinnar og komandi tíma. Meðal þeirra sem hér taka til máls eru Einar Benediktsson skáld (1864-1940) og Jón Þorláksson (1877-1935) síðar forsætisráðherra.



### *Hverja þýðingu hefur heimilislífið fyrir þjóðlífið?*

(1882)

Heimilislífið er mjög þýðingarmikið, og má svo að orði kveða, að þjóðlífið hafi sínar dýpstu rætur í því. Því stærri sem tala þeirra húsbænda er, sem með atorku og hyggindum stýra heimilum sínum, þess öflugra og auðugra verður þjóðfjelagið, og þess betur verður það fært um að framkvæma ýmislegt í almennings þarfir. Þegar húsbóndinn er máttarstoð heimilis síns, eflir hann með því hag þjóðarinnar; hann býr í haginn fyrir eptirkomendur og er samtímismönnum sínum fögur fyrirmynd. Það er og mjög þýðingarmikið, að heimilislífið sje siðlegt og gott, því andi sá, sem ríkir á heimilunum, myndar hina upprennandi kynslóð. Sje þar dád og dugnaður, stjórnsemi og reglusemi, mentunar

og frelsisandi, getur ekki hjá því farið, að þaðan renni lindir til blessunar fyrir land og lýð; börnin venjast þá snemma á að elska og stunda það, sem rjett er og gott, og foreldrarnir leitast þá við að gjöra þau að nytsömum mönnum, sem geti staðið vel í stöðu sinni og eflt frelsi og framfarir ættjarðar sinnar. Vjer sjáum af mannkynssögunni, að þeir bræður Graccharnir Tiberius og Gajus, sem lögðu líf sitt í sölurnar fyrir ættjörðu sína, áttu því láni að fagna að vera synir Corneliu, sem var svo ágæt móðir, að hún vildi ekki gjörast drottning Egyptalandskonungs, til þess að hún gæti því betur stundað uppeldi sona sinna.

Ef þar á móti heimilislífið er illt, hefur það vond áhrif á þjóðlífið og getur jafnvel haft mjög skadleg áhrif á það. Drotni leti og dádleysi á heimilum, leiðir af því fátækt, og er þá mjög hætt við, að heimilið verði þjóðfjelinu til þyngsla, og ríki þar sundurlyndi og sje hver hendin upp á móti annari verður

---

1 „Vegabætur og vegabótafje.“ *Ísafold* 11. árg. 19. nóvember 1884, bls. 182.

engu góðu framgegn; húsbændurnir verða bornir ofurliði af börnum sínum og hjúum, og þau spillast sjálf. Illt heimilislíf vekur hneyksli í fjelaginu, og opt fóstrar það ónytjunga og glæpamenn. Sjeu foreldrarinn óhlutvandir og skeyt-ingalausir, er hætt við, að börn og hjú verði það líka, því eptir höfðinu dansa limirnir. Börn þau, sem alast upp við illa siði og agaleysi, verða sjaldan sjer eða öðrum til gagns; þau hafa ekki neina sómatilfinningu og geta ýmist ekki gjört greinarmun góðs og ills eða þau skeyta því ekki; það er því mjög eðlilegt, að þau verði buguð af ýmsum freistingum, og að þau jafnvel fremja glæpi þá, sem steypi sjálfum þeim og öðrum í ógæfu og verði þannig þjóðlífinu að tjóni.<sup>1</sup>

### *Friðrik Jónsson*

Friðrik fæddist árið 1860. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1875 og lauk burtfararprófi 1882 og prófi frá Prestaskólanum 1886. Hann varð síðar kaupmaður í Reykjavík. Friðrik lést árið 1938.<sup>2</sup>



## *Feðranna dáðleysi er barnanna böL og bölvun í nútíð er framtíðarkvöl*

(1884)

Opt má sjá það, að börnin eins og erfa kjör foreldra sinna. Sjeu foreldrarinn mikilmenni, göfugmenni og framtaksmenni, er það óhugsandi, að þau láti sig litlu skipta uppeldi barna sinna. Þeir hljóta sífellt að hafa það fyrir augum, að ala þau þannig upp, að þau geti orðið nýtir menn í borgaralegu fjelagi og stod og stytta þjóðfjelsins. Á hinn bóginn hljóta dáðlausir foreldrar að hafa ill áhrif á börn sín. Það er óhugsandi að sá geti nokkurn tíma orðið að manni, er í æskunni hefur eigi haft annað fyrir augum en leti og ómennsku. Þegar fram í sækir og hann á að fara að ráða sjer sjálfur, hefur hann ekkert við að styðjast. Hann hefur enga menningu hlotið í æskunni og það hefur aldrei verið brýnt fyrir honum, hversu þýðingarmikið það er fyrir mannfjelagið, að einstaklingurinn leggi alla sína krapta fram í þarfir þess. Þótt hann hefði all-góðan vilja, mundi það koma honum að litlu haldi; hann getur ekki losað sig við gamlan vana, og mundi málshátturinn sannast á honum: smekkurinn sá, sem kemst í ker, keiminn lengi eptir ber. Hvað efnahag snertir, þá hlýtur dáðleysinginn að skilja við börn sín í örbirgð og volæði. Hann yfirgefur þau því andlega og líkamlega snauð og óánægð með sig sjálf, án þess þau hafi vilja, þrek eða vit, til

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1882.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. II. bindi, bls. 23-24.

Þess að taka sjer fram. Taka mætti og dæmi úr sögunni. Ef vjer lítum á lífsferil Þjóðanna, sjáum vjer, að þegar er þær hafa hætt starfsemi og eljun og sökkt sjer niður í munadarlífi og gjörst dáðlausar, þá hefur þeim óðum farið að hnigna og þessa hnignun hafa niðjar þeirra erft, og hún hefur hrundið þeim æ dýpra og dýpra, þar til er aðrar dáðmeiri Þjóðir hafa eytt þeim með öllu. Vjer þurfum eigi langt að sækja. Vjer þurfum eigi annað en líta á sögu vors eigin lands. Vjer sjáum þá beiskan sannleik þessara orða: „Feðranna dáðleysi er barnanna böL.“ Hversu þunglega megum vjer eigi gjalda þess dáðleysisbragðs feðra vorra, er þeir ljetu tælast til þess að ganga undir útlent konungsvald? Síðan voru feður vorir kúgaðir og drepinn allur kjarkur úr þeim. Þess megum vjer gjalda allt fram á þennan dag. Sökum þessa erum vjer fullri öld á eptir öðrum menntuðum Þjóðum. Vaninn er orðinn svo ríkur, að oss finnst þess enginn kostur að bæta úr bölinu. Allir klaga en enginn finnur ráð til þess að bæta úr neyðinni. Þannig sjáum vjer, hvernig „dáðleysi feðranna er barnanna böL“, því að það verður að fastri venju hjá börnunum, er þau geta eigi slitið sig frá, og með dáðleysinu fylgir alls konar böL, fátækt, úrræðuleysi og fáfræði.

„BöLvan í nútíð er framtíðarkvöl.“ Þetta virðist vera nokkurs konar skýring fyrra atriðisins. Það er óhugsandi, að tímarnir geti breyzt svo, að „nútíðin“ hafi eigi talsverð áhrif á „framtíðina“. Milli þeirra er sama samband og milli orsakar og afleiðingar. Sjeu kjörin bág í „nútíðinni“ hlýtur slíkt að draga einhvern dilk eptir sjer fyrir framtíðina.<sup>1</sup>

### *Björn Jónsson*

Björn fæddist árið 1858. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1878, lauk burtfararprófi 1884 og prófi frá Prestaskólanum 1886. Hann var lengst af prestur á Miklabæ. Björn lést árið 1924.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Gáfaður vel. Stundaði einkum sögu og norrænu. Sagt var að hann væri eigi trúarsterkur. Reglumaður sæmilegur.<sup>3</sup>



- 
- 1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1884. Vorpróf 6. bekkur.
  - 2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. I. bindi, bls. 232.
  - 3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1883-1884, bls. 55.

*Feðranna dáðleysi er barnanna böll  
og bölvun í nútíð er framtíðarkvöl*

(1884)

Þegar feðurnir eru dáðlausir, gengur eynd og volæði í arf til niðja þeirra, því í stað þess, að þeir áttu að auka þann grundvöll, sem lagður er af kynkvíslunum, hverri fram af annari, til sældar og blessunar einstaklingunum, og um leið heildinni, hafa þeir staðið kyrrir og svo að segja stöðvað rás tímans í sjálfum sjer; því með straumi tímans skapast ávallt nýjar þarfir og nýjar kröfur, sem þarf að fullnægja til þess, að maðurinn geti verið sæll, en það er því aðeins unnt, að hann einnig fullnægi ætlunarverki sínu í lífinu: að vinna með vopnum andans og líkamans. Hann á að setja sjer fast takmark, sem miðar honum og niðjum hans til heilla. Og þótt maðurinn stundum ekki nái að því takmarki, er hann hefur sett sjer, annaðhvort af því, að kraptar hans hafa í raun og veru verið of litlir til þess, eða þá að óheppileg atvik hafa hindrað það, þá er það sprottíð af barnalegri og ósjálfstæðri lífsskoðun, að álíta slíkt ógæfu; því eitt hefur hann þó unnið, og það er, að hann hefur gjört það, sem hann átti að gjöra; en það eitt ætti vissulega að vera nóg til þess að gjöra manninn ánægðan með lífsstarf sitt, og hið bezta ráð til þessa er, að miða nógu hátt og beita síðan öllum kröptum til þess að ná takmarkinu. Þótt slíkum manni ekki endist aldur til þess að vinna það, er hann ætlaði, hefur hann þó skilið niðjum sínum eptir fagran og hvetjandi arf: að enda og fullkomna það, sem faðirinn byrjaði.

Það er auðsætt, að mennirnir sem fjelag og skynsemi gæddar heimsráðandi verur gætu ekki staðizt, ef sjerhver maður vildi sjá allan ávöxt vinnu sinnar og njóta hennar einn; því það eru skrælingjar einir og dýr, sem eta það í dag, sem þeir öfluðu í gær og láta það mætast; en því meir sem slík heimskuleg eigin-girni ríkir hjá mönnum, því meir nálgast þeir skrælingjana sem þjóð og sem menn. Sambandið milli nútíðar og framtíðar er eins náíð og sambandið milli orsakar og afleiðingar, en þeir, sem ekki vita það, eru „dáðlausir feður“, ónýtir fjelagsmenn og skadlegir sjálfum sjer. En því fer betur, að hinir menntuðu menn hafa skapað sjer nýja nautn og nýjan ávöxt vinnu sinnar; það er virðing og þakklátsemi meðbræðra sinna og fagur minnisvarði síðar meir í sjálfum verkunum. Af því er menning og menntun heimsins spröttin.

Fram, er tímans takmark og fram, er þjóðanna stríð. Heiður þeim, sem vinnur, og auðgar niðja sína fjársjóðum menningar og manndáðar með því að geta

sagt: „Fetið í mín fótspor og takið ávöxtinn af erfiði mínu í arf“. En skömm sje þeim, sem liggur á liði sínu og lifir og deyr sem ómagi síns lands.<sup>1</sup>

### *Einar Benediktsson*

Einar fæddist árið 1864. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1879 og lauk burtfararprófi 1884. Hann lauk lagaprófi frá Kaupmannahafnarháskóla 1892. Ritstjóri *Dagskrár* 1896-1898 og var sýslumaður í Rangárþingi 1904-1907. Einar bjó víða erlendis þar sem hann fékkst við kaupsýslu. Hann er þekktastur fyrir ritverk sín og er talinn eitt af höfuðskáldum þjóðarinnar. Hann lést árið 1940.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður á vöxt, friður sýnum og skarpleitur. Ofláti mikill og óspektarmaður. Ágætlega gáfaður. Vel máli farinn og óhlýfinn í orðum. Ókurteys, hrekkjóttur og ósvífinn langt úr hófi, einkum við kennara. Kvennamaður mikill og drykkjumaður.<sup>3</sup>



## *Um þýðingu prentfrelsisins fyrir framför mannkynsins*

(1889)

Prentfrelsið hefur hina mestu þýðingu fyrir framför landa og lýða, sje því beitt rjettilega; hver einstakur maður hefur með því fengið tækifæri til að sýna fram á skoðanir sínar í ýmsum málefnum sem geta orðið þjóðfjelaginu til heilla, framfara og blessunar. Áður meðan sterkar gætur voru hafðar á öllu, sem út kom fyrir almennings sjónir, var þetta allt öðruvísi; þá gátu menn opt ekki látið í ljósi skoðanir sínar á ýmsum velferðarmálum og sem því ekki gat orðið framgegn. Nú á tímum getur hver maður óhindraður látið skoðanir sínar í ljósi, og þó margt sje fært í letur, sem fremur hefði mátt vera hulið mannasjónum, þá vegur það þó ekki upp á móti öllu því, sem ritað er til þarfa og heilla hjá flestum þjóðum. Þesskonar ritum, sem þá eðlilega ekki eru á góðum rökum byggð, er líka vanalega líttill gaumur gefinn, svo þeirra gætir lítið og þeirra skadlegu áhrif verða því ekki eins tilfinnanleg. Prentfrelsið stuðlar og betur en allt annað að því að útbreiða almenna mentun og vekja þjóðirnar til umhugsunar um framfarir sínar, bæði í andlegum og veraldlegum efnum. Þess eru mörg dæmi, að ef einhver hefur ritað um þarflegar endurbætur á stjórnarfyrirkomulaginu

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1884. Vorpróf 6. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. I. bindi, bls. 339.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1883-1884, bls. 56.



hjá þjóð sinni og færir órækar sannanir fyrir því, að breyting sú sem hann vill gjöra, hljóti að verða þjóðfjelaginu til heilla og blessunar, og láti þessa skoðun sína koma fyrir almennings sjónir, að menn þá gefi gaum riti hans og fylgi fram málefnum með alúð og áhuga, ef það er almenn skoðun að það leiði til gagns og framfara. Þessi maður hefði átt mjög óhægt með að brýna þetta velferðarmál fyrir þjóðinni, ef hann ekki óhindraður hefði getað rætt málið opinberlega eða fært það í letur svo það gæti komið fyrir almennings sjónir. Það hefur sýnt sig á seinni tímum, að flestar þjóðir hafa tekið meiri og minni framförum bæði í andlegum og veraldlegum eignum og er það mikið að þakka ritum ýmsra merkra manna, sem riðið hafa á vaðið og fært í letur skoðanir sínar til athugunar fyrir þjóðirnar; en þó þessir menn hefðu sýnt hverjum einstaklingi fram á skoðanir sínar, þá hefðu þær aldrei haft eins fljótt verkandi áhrif á þjóðfjelaði í heild sinni og ef til vill aldrei orðið að tilætluðum notum. Yfir höfuð er bezt að sem flestir riti opinberlega um ýmis málefni, því þó að hjá sumum kunni að slæðast með margt, sem ekki sje gaumur gefandi, þá getur samt eitthvað fundist nýtilegt hjá þeim. Einasta er þá mjög áriðandi að velja rjett og hafna því, sem miður má fara.<sup>1</sup>

### *Magnús Jónsson*

Magnús fæddist árið 1864. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1889 og prófi frá Prestaskólanum 1892. Hann var lengst af prestur í Aðalvík (1905-1934) en dvaldist eftir það á Ísafirði. Magnús lést árið 1951.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Magnús Rúnólfur Jónsson (18/8 64) prests Jónssonar að Stað á Reykjanesi, freklega meðalmaður á hæð, laglegur í vexti, spengilegur og hnarreistur á götu. Aldrei stundaði hann nám sitt vel, en komst þó á endanum gegn um skólann af því hann var skyldur Dr. Olsen. Í 5. bekk sagði hann sig úr skóla og las utan-skóla eptir það. Enginn var hann ritsmiður eða mælskumaður, en mælgí og glamuryrði voru stöðugt á reiðum höndum hjá honum. Það má um hann segja að hann var lagaður fyrir „heiminn og holdsins lystingar“.<sup>1</sup>



- 
- 1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1889. Vorpróf 6. bekkur.
  - 2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 348.
  - 3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1888-1889, bls. 100.

## *Um þýðingu prentfrelsisins fyrir framför mannkynsins*

(1889)

Þegar Jóhann Guttenberg uppgötvaði prentlistina, mátti svo heita, sem allt andlíf mannkynsins umskapaðist við þá uppgötvun. Áður á tímum hafði öllum þorra manna veitt mjög örðugt að afla sjer bóklegrar þekkingar. Allar bækur voru ritaðar, en það starf þurfti mikinn tíma, og varð því ærið kostnaðarsamt, svo efnalitlir menn áttu eigi kost á að eignast bækur, enda voru menn almennt mjög fáfróðir. Þessu varð öðruvísi varið við uppgötvun prentlistarinnar, er gjörði mönnum miklu hægra fyrir að eignast bækur. Fyrst framan af og langt fram eptir öldum var þó prentlistin takmörkuð. Stjórnendur og stjórnarráð landanna lögðu bönd á prentfrelsið af ótta fyrir, að flugrit og æsingablöð breiddust út og bökuðu stjórninni óvinsældir, því einstakir menn hikuðu sjer eigi við að ávíta og finna að því, er miður þótti fara í landsstjórninni, stínga upp á nýbreytingum og enda kveykja byltingar. Stjórnendur báru eigi hlýjan hug til slíkra rita, og vildu því takmarka útbreiðslu þeirra meðal almennings. Voru víða um lönd gefin út lög, er fengu stjórninni í hendur eptirlit með bóka-prentun. Skyldi landsstjórninni sent allt það, er prentað var, og hún síðan ákveða, hvað af því mætti koma fyrir augu almennings og hvað eigi. Þetta var á útlendu máli nefnt Censur. Þeir menn, er stjórnin nefndi til að hafa eptirlit með þessu, bönnuðu algjörlega að prenta sum rit eða greinar, en suma kafla í ritum, er þeim þóttu óhæfir, námu þeir burt. Þannig var því eigi hægt að birta neitt á prenti, er stjórninni gazt eigi að.

Slíkt ófrelsi viðvíkjandi prentlistinni gat eigi annað en lagt bönd á þjóðlíf-ið, einkum að því, er snerti landsmálefni. Menn gátu eigi í ritum glætt almenningsþekkingu á málefnum, er vörðuðu alla þjóðina, gátu eigi vakið eptirtekt nje umhugsun á ýmsum þeim atriðum, er voru mikilsvarðandi fyrir land og lýð. Mönnum var synjað að láta í ljósi skoðanir sínar, ef þær voru í frjálsslynd-ara lagi, því ritdómendurnir álitu slíkt stjórnfræðislegar villukenningar og höfðu ýmigust á þeim. Yfir þjóðunum hvíldi deyfðarmók og þrællyndi, eins og enn á sjer stað hjá almenningi á Rússlandi og Póllandi. Almenningi var gjört lítt mögulegt að fá þekkingu á landsmálefnum, og rithöfundum varnað þess, að breiða út sannsýnar og heillavænlegar skoðanir, þótt þeir vildu og hefðu hæfileika til.

Með prentfrelsislögum hafa þessi fjötrar nú víðast hvar verið leystir af mönnum, til mikils gagns fyrir lönd og lýði. Með lögum þessum hefur þeim mönnum, er góða þekkingu höfðu á stjórn og lögum, verið gefinn kostur á að

láta skoðanir sínar afdráttarlaust í ljósi. Hafa rit þeirra opt opnað augu manna fyrir þarflegum og nauðsynlegum lagabótum, og komið inn hjá alþýðu rjettri skoðun á ýmsum málefnum, er varða almenning, og um leið aukið henni þor til að krefjast umbóta; því með sannfæringunni um það, að hafa á rjettu að standa og fara fram á sanngjarnar kröfur, fylgir stöðuglyndi og þolgæði í að fylgja fram máli sínu. Alþýða manna hefur því opt risið öndverð móti kúgun og rangindum stjórnarinnar og með lögum sjeð sjer borgið gegn yfirgangi. †msir ágætismenn hafa risið upp og sett sjer það fyrir mark og mið að útbreiða þekkingu meðal manna, orðið forvígsmenn þjóðar sinnar, fært hana fram á braut þekkingar og menntunar með ræðum og ritum, aukið henni þor og áræði til að krefjast þess, er til heilla mátti verða fyrir land og lýð, veitt henni hugmynd um gildi sitt og kent henni að bera virðingu fyrir sjálfri sjer.<sup>1</sup>

### *Jón Jónsson Aðils*

Jón fæddist árið 1869. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1883 og lauk burtfararprófi árið 1889. Hann stundaði nám í sagnfræði við Kaupmannahafnarháskóla, varð síðar prófessor við Háskóla Íslands og skrifaði mörg fræðirit á þeim vettvangi. Hann lést árið 1920.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Jón Jónsson frá Mýrarhúsum er meðalmaður að hæð, vel vaxinn, fríður sýnum og góður drengur. Hann hefir stundað nám sitt fremur vel, sagði sig úr skóla í 4. bekk og las utanskóla undir fyrrihlutann og burtfararpróf. Hann er raddmaður hinn bezti og hefir yndi af söng. Enginn reglumaður.<sup>3</sup>



## *Um þýðingu prentfrelsisins fyrir framför mannkynsins*

(1889)

Það var lengi fram eptir öldum, á meðan kathólska kirkjan og kennilýðir hennar sátu yfir rjettri manna, og hálfvitlausir munkar, prestar, biskupar og páfar voru hinir einu andlegu leiðtogar þjóðanna, þá hjeldu þeir þeim hnepptum í fjötra villu og vanþekkingar; þeir bönnuðu mönnum að láta í ljósi skoðanir sínar, í ræðu og riti, ef þær að nokkur leyti komu í bága við kenningar þeirra og skoðanir um sama efni; þeir reyndu að bæla niður allt menntalíf og alla frjálsa

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1889. Vorpróf 6. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 38-39.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1888-1889, bls. 100.

hugsun; þeir ætluðu sjer að hugsa fyrir alla, og þeirra lögmáli áttu allir að hlýða. En, sem betur fór, þá stóð þetta eigi um aldur og æfi. Miðaldirnar liðu, og vanþekkingarmyrkri þeirra ljetti smátt og smátt; þjóðirnar fóru að reyna að hugsa sjálfar, og menntun og vísindi tóku að glæðast. Síðan hefur þjóðunum smá mjakað áfram, og það allt af með því stærri skrefum, sem nær hefur dregið hinum nýrri tímum. En skilyrðið fyrir framförum þjóðanna er það, að hver einstaklingur leggi fram sína krapta, og noti þá sem bezt hann getur til eflingar þess þjóðfélags, sem hann lifir í, en til þess að geti það, þá þarf hann að hafa fullt frelsi, til að beita þeim eftir sinni vild, mannkyninu til gangs. Þess vegna má engin bönd leggja á atvinnuvegi manna í neinu tilliti, ef þeir að eins gjöra sig eigi seka í brotum gegn borgaralegum lögum, því að það hamlar mönnum frá því, að beita kröptum sínum eins og þeir vilja, og heptir framfarir þjóðanna.

Prentfrelsið veitir mönnum fulla heimild til að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti, ef menn aðeins bera ábyrgð orða sinna. Það vinnur að því, að útbreiða menntun og þekkingu meðal þjóðanna í andlegu og líkamlegu tilliti. Vísindamenn geta nú ótrauðir komið fram með skoðanir sínar á ýmsum málefnum, frætt menn og leitast við að leiðbeina mönnum og lagfæra það, sem aflaga fer. En menntunin er undirrótin undir velmegun og hagsæld þjóðanna; því betur sem þær læra að þekkja þá vegi, sem þær eiga að ganga til framfara, því hægra eiga þær með að ganga þá. Vísindin og menntunin stuðla til þess að sameina kraptana; vísindamennirnir koma með hugmyndirnar og aðrir framkvæma þær optast nær. Útbreiðsla menntunarinnar kippir hyrningarsteininum undan margri hjátrú og vitleysu, sem stendur mönnum fyrir þrifum. Sömuleiðis er það, að þegar allir fá að láta í ljósi skoðanir sínar, hvernig sem þær eru, og víta um ýmis málefni, þá vakna menn til umhugsunar um ýms efni, sem þeir annars ef til vill hefðu látið óhugsað um. Þegar menn lesa ýms rit um samskonar efni, þá fara menn að bera þau saman og gjöra sjer hugmynd um hvernig fara ætti með það efni, og hvað rjett væri hjá hverjum fyrir sig. Með öðrum orðum, slíkur samanburður kemur mönnum til að hugsa nákvæmar um hlutina. Menn verða meira sjálfstæðir í skoðunum sínum og láta eigi leiðast af öðrum án þess fyrst að hugsa sjálfir og leita sannleikans sjálfir.

En eins og alla aðra hluti, má og vanbrúka prentfrelsið; það er ekki til það frelsi, að eigi sje auðið að vanbrúka það, ef reynt er til þess. Nú útbreiðast rit á örstuttum tíma, sem hafa vond áhrif á hugsunarhátt alþýðu manna, og allra þeirra, sem ekki eru nógu sjálfstæðir í hugsunum sínum til þess, að gefa þeim eigi gaum. En þótt svo sje, þá eru hin góðu áhrif þess svo yfirgnæfandi, að þetta eina er langt frá því að vega á móti þeim.<sup>1</sup>

---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1889. Vorpróf 6. bekkur.

## *Ólafur Thorlacius*

Ólafur fæddist árið 1869. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum árið 1889 og frá Læknaskólanum 1896. Hann vann m.a. að berklavörnum og sat um skeið á Alþingi. Ólafur var lengi héraðslæknir í Berufjarðarhéraði. Hann lést árið 1953.<sup>1</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Er tæpur meðalmaður á hæð og ekki ófríður. Hann settist (haustið '84) í 2. bekk og var þá „real-student“ frá Möðruvallaskóla. Hjer hefur hann stundað nám sitt allvel og var sjerlega vel að sjer í „tölvísi“. Velkynntur. Reglum. í meðallagi.<sup>2</sup>



## *Hvaða þýðingu hefur menntunin fyrir manninn og mannfjlagið í heild sinni?*

(1890)

Fyrst þegar maðurinn kemur í þennan heim, er skynsemi hans á mjög lágu stigi, en eptir því sem árin færast yfir barnið, því meiri þroska tekur það bæði til sálar og líkama. Það ber ávallt fleira og fleira fyrir augu þess, og hinn námsfúsi andi þess auðgast um leið; hinn andlegi sjóndeildarhringur þess færast jafnan meira og meira út, eptir því sem það sjer fleira og reynir fleira. En fáir maðurinn enga menntun, þá hefur hann ekki eins mikið gagn af því, sem fyrir hann ber í lífinu, eins og hann mundi hafa, ef hann væri menntaður. Á náttúruna lítur hinn ómenntaði maður allt öðru vísi en hinn menntaði; hann sjer raunar hið sama, en þekking hans á henni nær miklu skemmra en hins menntaða manns. Hann hefur að vísu tekið eptir því, að blöðin falla af trjánum, þegar hausta tekur og að allt í náttúrunni fölnar og fær einhvern dauðablæ, þegar veturinn gengur í garð og spennir sínum klakaklóm utan um gjörvallt, er lifir í hinum köldu löndum. Hitt er honum ókunnugt um, hversu hvað eina í náttúrunni er sínum föstu lögum háð, hversu öllu er þar vísdomslega og dásamlega niðurraðað. Hann skoðar grös og jurtir, og honum virðist þetta fagurt á að líta, en hvernig jurtirnar æxlast og hvernig lífi þeirra er varið, veit hann ekki, en ef hann þekkti það, þá mundi honum þykja miklu meira í það varið, að skoða þær og virða þær fyrir sjer. Þannig er það svo ótal margt, sem hinn ómenntaði maður skoðar í allt öðru ljósi en hinn menntaði, ef jeg mætti

1 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 375-376.

2 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1888-1889, bls. 97.

svo að orði komast. Barnið hefur opt allt aðrar skoðanir á ýmsum hlutum en hinir fullorðnu; skoðanir barnsins eru opt rangar, af því að það hefur enn sjeð svo fátt, af því að það þekkir lífið svo lítið, af því að það er, eins og vjer segjum, óviti. Að mörgu leyti er hinn ómenntaði maður eins og óvitinn, ef vjer berum hann saman við þá, sem menntun hafa hlotið.

Menntunin eflir og glæðir hið andlega líf hjá manningum, hefur betrandi áhrif á tilfinningar hans, lagar viljann, og lyptir manningum á æðra stig bæði líkamlega og andlega, gjörir hann færari um að greina hið fagra frá hinu ljóta, hið rjetta frá hinu ranga, kennir honum að velja hið góða, en hafna hinu illa, kennir honum að þekkja sjálfan sig, sem mikils er um vert, og lagar hina ytri hegðun hans og gjörir hann í stuttu máli færari um að breyta sem skynsemi gædd vera, sköpuð eptir guðs eigin mynd; hún opnar augun hans og kennir honum að þekkja margt það, sem skeð hefur í heiminum fyrir hans daga, og margt af því er mjög lærdómsríkt fyrir hann. Menntunin lagar opt skapsmunina og gjörir manning ljúfari og þýðari, svo að hann á hægra með að þýðast góð ráð og bendingar reyndra og hygginna manna. Menntunin er að mörgu leyti innifalin í reynslu, og með því að færa sjer reynslu þeirra, sem lifað hafa á undan oss, vel í nyt, getum vjer lært margt. Vísindin komast ávallt á hærra og hærra stig, af því að vísindamennirnir hafa um margar aldir fært það í letur, er þeir smátt og smátt fundu upp og drógu út af ýmsu, sem fyrir þá bar í lífi þeirra. Niðjar þeirra lásu þetta og færði sjer það í nyt, og einnig þeir urðu margs áskynja, er hinum hafði dulizt, þannig kom eitt lagið ofan á annað; eptirkomendurnir hafa byggt ofan á verk forfeðranna og þannig hefur það orsakast, að margar þjóðir eru komnar á svo hátt menningarstig.

Hver þjóð og allt mannfjlagið í heild sinni er samsett af tónum einstaklingum, og líf og líðan þjóðanna fer því að mestu leyti eptir því, hvernig lífi einstaklinganna er varið. Hver þjóð hefur átt sín bernskuár, og sumar þjóðir eru enn í bernsku. Meðan þjóðirnar eru í bernsku og menntunin ekki hefur fest rætur hjá þeim, líkist líf þeirra meira eða minna lífi hinna skynlausu skepna. Menntunin lagar siðu þjóðanna og kennir þeim að yrkja jörðina og færa sjer margt í náttúrunni í nyt, er þær eigi áður kunnu að nota. Eptir því sem menntun hvers einstaklings fer fram, því meiri þroska tekur þjóðin á framfarastigi sínu. Menntunin hefur kennt þjóðunum að bera virðingu hver fyrir annari og láta hvern einstakling njóta rjettar síns. Allt siðleysi hinna ómenntuðu þjóða hefur horfið, þegar þær hafa orðið hluttakandi í gæðum hinnar sömu menntunar.

Menntunin hefur enn fremur kennt þjóðunum að bera rjettilega umhyggju fyrir lífinu og bætt svo mjög hin ytri kjör þjóðanna og yfir höfuð komið miklu betra skipulagi á allt mannfjlagið. Það má í stuttu máli segja, að menntunin hefur þau áhrif á mannfjlagið í heild sinni, að hún verður til þess að auka

velliðan hvers eins, bætir kjör og bústaði manna, eflir framfarir hjá þjóðunum, dregur þær fram úr myrkri vanþekkingar og villu, og flytur þær fram í ljós sannleikans. Fyrir sanna menntun nær maðurinn bezt og fyrst því takmarki, sem hann er skapaður til að ná.<sup>1</sup>

*Már Nielsson*

Már stundaði nám við Lærða skólann um skeið en lauk ekki burtfararprófi.



*Hvers vegna er það skylda hvers manns að elska ættjörð sína og í hverju er hin sanna ættjarðarást fólgin?*

(1895)

Hver maður, sem kominn er til vits og ára ætti að elska fósturjörð sína og stuðla að því af öllu megni að framfarir hennar yrðu sem mestar. Hann hlýtur að bera elsku til þess lands, sem hann er fæddur í ef hann horfir til bernskustunda sinna og allra þeirra gleðitíma, er hann naut er hann var ungur. Hann verður að kannast við með sjálfum sjer hversu margs góðs hann hafi orðið aðnjótandi, og þótt síðar hafi eitthvað það komið fyrir hann, sem honum í einhverju hefur fundist vera mótdrægt, þá má hann alls eigi hata fósturjörð sína fyrir það, því margar orsakir hafa getað verið til þess, sem hann sjálfur ef til vill hefði getað afstýrt, ef hann hefði haft nóga fyrirhyggju. Ættjörðin hefur fóstrað hann, veitt honum uppeldi eptir því, sem hún frekast gat. Hann á henni að þakka allar sínar gleðistundir, auðæfi, metorð og heiður, sem hann öðlast. Þegar ættjörðin leggur þannig allt sitt fram, er hún hefur til að bera, þá ætti það líka aptur á móti að vera skylda hvers manns að bera umhyggju fyrir velferð hennar og vinna að því að hagur hennar í öllum greinum tæki sem mestum framförum. Að þessu hafa líka hinir mestu ættjarðarlandsvinir allra þjóða stuðlað, frá því fyrstu sögur fara af og munu ávallt gera. Vjer sjáum að ýmsar þjóðhetjur hafa af helgri ættjarðarást ofrað sjer og mönnum sínum. Sem betur fer eru allflestir þannig gerðir, en samt eru þeir til, sem ef allt fellur þeim eigi vel heima á fósturjörð sinni, leita hamingjunnar í öðrum löndum og reyna þá opt að kasta skugga á sína gömlu ættjörð, eigna henni það, sem hún verðskuldar eigi, og reyna til að draga úr álitni hennar, sem mest hjá öðrum þjóðum. Þeir menn, sem þannig eru gerðir, mega sannarlega kallast landráðamenn, þeir hugsa ekkert um þær skyldur, sem þeim ber að sýna fósturjörð sinni. Opt er það að þessir menn gera þetta í ágóða skyni

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1890.



t.d. einsog vesturfaratúlkarnir, sem hjer hafa gengið um sem grenjandi ljón til þess að fá fólk til Ameríku. Þeir hafa beitt ýmsum brögðum til þess að tæla fólk, fegrað fyrir því sæluna þar vestra og reynt til að minnka föðurlandsást hvers eins með því að útmála hve aumt væri hjer heima, harðstjórn, eldgos, hafís, en þar eilíf sæla. Þessir menn, er þannig hafa breitt eða breita við ættjörð sína, þeir hafa sannarlega enga ættjarðarást. Ættjörðin hlýtur að fella harmatár yfir þessum mönnum og segja: „Þið synir mínir, sem jeg hef fóstrað og frætt, og veitt allt það gott er jeg á í skauti mínu, þið getið orðið til þess að gera mjer það mein sem í ykkar valdi stendur.“ Vjer álitum það skyldu vora að elska þá, sem okkur standa næstir, svo sem foreldra og ættmenn, og þá menn, er vjer höfum eitthvað gott af þegið, hvað eigum vjer þá að gera við ættjörð vora, sem er vor sameiginleg móðir? Hver og einn hlýtur að játa að honum beri að elska hana, sakir þess mörgu gæða sem hún veitir honum. Hin sanna ættjarðarást er í því fólgin að vjer reynum til að verða dugandi menn í þjóðfjelagi voru, leggjumst allir á eitt til þess að efla hag og velgengi hennar hver hendin má eigi vera upp á móti annari. Ef vjer lítum til hins alkunna þjóðskörungs vors, Jóns Sigurðssonar, sem með sanni var kallaður „Sómi Íslands, sverð þess og skjöldur“, þá sjáum vjer að hjá honum kom fram hin sanna ættjarðarást, hann varði öllu lífi sínu til þess að fá því velferðarmáli landsins, sem öllum lá þá á hjarta, framgegn; af því hafði hann engan hagnað; það var aðeins ættjarðarástin, sem knúði hann til þess.

Ef vjer Íslendingar ættum marga hans líka, þá mundi landi voru vera fyrir höndum mikil og glæsileg framtíð.<sup>1</sup>

### *Sigurður Pálsson*

Sigurður fæddist árið 1870. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum árið 1895 og stundaði nám við Læknaskólann. Hann var síðar bóndi á Barðaströnd. Sigurður lést árið 1947.<sup>2</sup>



*Hvers vegna er það skylda hvers manns að elska ættjörð sína og í hverju er hin sanna ættjarðarást fólgin?*

(1895)

Í æsku vorri þekkjum vjer ekkert annað land en heiðarnar eða mýrarnar, fjöllin eða dalina, sem vjer erum fæddir í; þar lifum vjer vorar fegurstu æfistundir,

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1895. Vorpróf 6. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 430.



æskuárin; þar verðum vjer fyrir áhrifum, sem lifa hjá oss alla æfi. Þar leikum vjer barnaleiki vora, og vjer skoðum þessar stöðvar eins og vini og kunningja. Þegar vjer síðan þroskumst og sjóndeildarhringur vor stækkar, sjáum vjer, að vjer eigum ættjörð vorri margt fleira að þakka; vjer komumst að raun um, að það er hún, sem elur oss og agar, og að hún því í sannleika má heita móðir vor. Jafnframt ættum vjer að sjá það, að það er skylda vor, að viðurkenna þessar velgjörðir og launa ættjörð vorri þær eptir megni. Það getum vjer með því að elska hana, og sýna þá elsku í verkinu. Sanna ást til ættjarðar vorrar berum vjer, þegar vjer metum hag hennar meira en vorn eigin hag, þegar vjer stuðlum af alefli að heill hennar og hamingju og kappkostum að hún megi taka sem mestum framförum.<sup>1</sup>

### *Páll Sæmundsson*

Páll fæddist árið 1874. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum árið 1895, hélt til Kaupmannahafnar og starfaði í danska fjármálaráðuneytinu. Hann lést árið 1961.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Lágur vexti og laglegur í andliti. Snyrtimaður í allri háttsemi. Nærsýnn. Söngmaður góður, þó hvergi nærri jafnoki Geirs bróður síns í þeirri grein. Gaf sig ekki við skólamálum. Reglumaður ágætur.<sup>3</sup>



## *Skrifaðu um sjómennsku og siglingar Íslendinga fyrrum og nú og seg, hverjar vonir þú gerir þjer um framfarir í þeim greinum*

(1898)

Að vísu er eigi hægt að segja, að sjómennska og siglingar á dögum forfeðra vorra hafi verið á mjög háu stigi, en margt var samt þá starfað, sem mikið má nefna, ef tekið er tillit til mannfæðar og samgönguleysis milli landsmanna sjálfra.

Snemma á tímum var það almennur siður, að heldri manna synir hjeðan af landi sigldu til annara landa, einkum Noregs, komust þar í kynni við konunga og þjóðhöfðingja og fengu frægðarorð á sig fyrir farir sínar. Sumir lögðust í víking og öfluðu sjer þannig fjár og frægðar, en aðrir fengust við fríðsamleg

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1895. Vorpróf 6. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 390.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1894–1895, bls. 170.

störf, svo sem kaupferðir og því líkt. Þá var verzlun hjer á landi að mestu leyti fólgin í vöruskiptum. Fleira má telja en þetta, er leiddi af sjóferðunum, þannig t.d. að Eiríkur rauði fann Grænland, er svo allengi var byggt af Íslendingum. Enn fremur fann sonur Eiríks, Leifur, nokkurn hluta Ameríku, er nefnt varð Vínland hið góða (Massachusetts). Þegar fram liðu stundir fóru Íslendingar að hafa minni afskipti af sjómálum sínum, og verzlunin komst þá í hendur fárra manna eða borga; það var byrjun einokunarverzlunarinnar, sem hefur orðið landi og lýð til hins mesta tjóns. Einokunartímabilið stóð allengi yfir og má með sanni segja að landinu færi í mörgu tilliti aptur um þann tíma. En síðan einokuninni ljetti af, hefur landið tekið framförum í mörgum greinum.

Fiskveiðar voru hjer framan af einungis stundaðar á opnum skipum. Þess konar fiskveiðum fylgir mikil hætta, en óveður og stormar geta aptrað mönnum frá, að leggja eins mikla rækt við þær sem skyldi og þyrfti, þar eð það er einn af aðal atvinnuvegum Íslendinga. Menn sáu, að þetta gat komið sjer illa og þá er farið að nota þilskipin, sem síðan hafa náð meiri og meiri útbreiðslu; þau voru stærri og þoldu betur sjóvolkið. En eigi er svo að skilja, að hætt sje að stunda fiskveiðar á opnum skipum, nei fjarri fer því. Margir menn afla sjer enn viðurværis á þeim og munu gera það langt fram í aldir. Nú á síðustu árum hafa nokkrir menn haft gufuskíp til fiskveiða, en lítið kveður að því enn, þótt einhverntíma kunni sá tími að koma, að þau komi í stað þilskipanna, sem nú eru notuð.

Samgöngur milli ýmsra landshluta eflast bæði á sjó og landi. Gufuskíp sigla með ströndum fram og flytja bæði menn og vörur frá einum landshluta til annars; áður voru samgöngur mestar á landi, en þó örðugar; svo mætti segja, að landsmenn þekktu eigi hvorir aðra. Sjóferðum og verzlun hefur farið ótrúlega mikið fram á síðari árum og jeg efa eigi að svo mun halda áfram.

Það er eigi lítið sem þjóðinni yfirleitt hefur farið fram síðan einokunarverzlunin var numin af, og nú eru menn farnir að rísa upp og æskja eptir að hefja landið úr vesaldómi þess, en það verður á engan hátt betur gert en með því að bæta samgöngur innanlands og koma mönnum í meiri kynni við útlendar þjóðir, en til þess miða einmitt siglingar og sjóferðir. Jeg efa ekki, þegar jeg hugsa um, hve mikið hefur verið starfað á síðustu árum, að hinar komandi kynslóðir muni láta vísir þann, sem lagður er til siglinga og verzlunar, aukast og margfaldast; þeir ættu hæglega að geta haldið sömu stefnu, því að almennt mun mestur vandi vera talinn að byrja. Það er mín innileg von og stöðug sannfæring, að landið muni hefjast úr niðurlægingu, ekki einungis í þessu tilliti, heldur einnig í öllu öðru.<sup>1</sup>

---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1898. Vorpróf 3. bekkur.

## Jón Ófeigsson

Jón fæddist árið 1881. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1895, lauk burtfararprófi 1901 og prófi í málfræði frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1908. Jón var lengst af kennari í Menntaskólanum í Reykjavík. Hann lést árið 1938.<sup>1</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Hár maður vexti, en grannur, toginleitur og horaður, nefið hátt og þunnt, fögur í andliti og hörundið óslétt; augun gráleit; ljós á hár; ekki friður sýnum. Námsgáfur hafði hann góðar og stundaði námið ágætlega; karaktersjúkur í meira lagi. Atkvæðamaður engi; gaf sig ekki við skólamálum. Meinleysingi í umgengni, skemmtimaður engi. Reglumaður (góðtemplar) og svarinn fjandi Baccusar. Danzisti.<sup>2</sup>



## *Skrifaðu um sjómennsku og siglingar Íslendinga fyrrum og nú og seg, hverjar vonir þú gerir þjer um framfarir í þeim greinum*

(1898)

Landnámsmennirnir, forfedur vorir, komu hingað til lands ýmist frá Noregi eða sunnan um haf frá Skotlandi, Írlandi, Hjaltlandi, Orkneyjum og Suðureyjum og enn víðar að. Voru margir þeirra víkingar, er lengi höfðu legið úti á sætrjám og herjað til ýmissa landa og voru því þáulvanir siglingum og öllu sjóvolki. Skipin áttu þeir sjálfir, er þeir komu út hingað, og þótt margir bryti skip sín við land, þá áttu og ýmsir skipin lengur. En er landið var albyggt, þá komu Austmenn opt út hingað og keyptu landsmenn þá stundum af þeim skip, heil eða hálf og höfðu til utanferða. Stundum gáfu konungar Íslendingum skip og fleiri ríkir höfðingjar. Áttu Íslendingar sjálfir skip í förum alla þá stund, er þjóðveldi þeirra stóð og voru þá sjómenn miklir. Mestar voru þó utanfarirnar frá byggingu landsins og fram um daga þeirra sona Magnúsar konungs berfætts, Eysteins og Sigurðar, en úr því urðu þær minni. – Optast fóru Íslendingar til Noregs því að þar áttu þeir vini og frændur. Seldu þeir þar varning sinn, vaðmál og varafeldi og skinn og ýmislegt fleira, en keyptu aptur helztu nauðsynjar. Stundum sigldu þeir til Danmerkur eða Svíþjóðar eða Englands og þeirra landa annara, er fyr voru talin. – En einna frægastar eru ferðir þeirra vestur um haf: Fundur Grænlands og bygging þess og ferðirnar til Vínlands hins góða og fleiri

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 232.

2 Þf – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1900-1901, bls. 221.

landa í Ameríku. Skipum fornanna var að ýmsu ábótavant, enda hröktust þeir opt lengi í hafi og er það ekki undarlegt, þegar menn höfðu engan leiðarstein. Þó voru menn mjög fljótir í ferðum, ef vel gaf byri: Þórarinn Nefjólfsson kom einu sinni á alþing fjórum nóttum síðar en hann hafði verið með Ólafi konungi Haraldssyni í Noregi.

Fornmönnum lét einkar vel að yrkja um sjóferðir og siglingar og eru sumar siglingarvísur þeirra eitt hið bezta í norrænum kveðskap. Er það merkilegt, að hjá þeim koma fram líkar hugmyndir um hæð bylgnanna, sem hjá Grikkjum hinum fornu:

Hraud í himin upp glóðum  
hafs, gekk sær af afli.  
Börð hikk at ský skerðu,  
skaut Ránar-vegr mána.

En úr því að landið kom undir konung, þá áttu Íslendingar fáir eða engir skip í förum, enda var það eitt ákvæði gamla sáttmála, að konungur skyldi sjá um, að sex skip kæmi til landsins hvert sumar, með helztu nauðsynjar handa landsmönnum. – Síðan hafa Íslendingar, að kalla má, látið erlenda menn færa sér allt hingað heim – og svo var deyfðin mikil, er Friðrik fimmti Danakonungur hvatti Íslendinga til þess að eignast skip, þá þótti flestum það allt of mikið stórræði og risu öndverðir móti því. Þó hafði Guðbrandur Hólabiskup skip í förum fá ár, en þá fórst það og var þá lokið skipaeigninni. Við þetta hef-ir sitíð þangað til á þessari öld. Íslendingar hafa ekki átt önnur skip en smábáta til fiskiveiða og sjóferða með landi. Þó hafa margir röskir menn verið á þeim fleytum og eru margar sagnir til um siglingar og hrakninga manna á þeim. Frægastir sjómenn hafa verið um Breiðafjörð og margt er sagt af Hvanndala-bræðrum nyrðra, er fóru hvert ár til Kolbeinseyjar að sækja egg og fugla „og þótti það heldur mikilræði.“

Það var fyrst er „Gránufélagið“ var stofnað fyrir 20-30 árum, að Íslendingar eignuðust aptur kaupskip, sem fór milli landa, og var, „Grána“ hið fyrsta skip þeirra. Síðan eignaðist félag þetta fleiri skip, en nú er því stórum að hnigna aptur.

Um miðja þessa öld eða fyr tóku Eyfirðingar að kaupa og smíða þilskip, er þeir höfðu til hákarlaveiða út á hafi, og fyrir nokkrum árum eignuðust kaupmenn í Reykjavík þilskip, er þeir gerðu út til fiskiveiða. Hafa fiskiskútur þessar mjög fjölgad bæði í Reykjavík og á Vestfjörðum og enda víðar hin síðustu árin, einkum síðan það varð auðsætt, að bátfiski Íslendinga var stórtjón búið af botnvörpu-veiðum Englendinga.

Fyrst er þessum fiskiskipum var haldið út héðan, þá voru á þeim útlendir

menn, en þetta hefir nú mjög kippst í lag, því að stýrimannaskóli hefur verið stofnaður í Reykjavík og eru nú íslenskir formenn og hásetar á flestum eða öllum skipum.

Enda þótt skipastóllinn hafi vaxið mjög þessi síðustu ár, þá eiga þó Íslendingar enn miklu færri skip en Færeyingar, en líklegt er, að þeir komist fram úr þeim innan skamms, ef því vindur fram, sem nú horfir við.

Ekki eru miklar líkur til þess, að Íslendingar hafi dáð til þess fyrst um sinn að eiga skip í kaupferðum; verzlán er að mestu leyti í höndum útlendinga og innlendir kaupmenn selja útlendum selstöðumönnum verzlánir sínar, og er það heldur en ekki óefnilegt. Íslendingar standa forfeðrunum svo langt að baki í kaupferðum, að ekki má saman jafna, og á þeim fáu skipum, sem „Gránufélagið“ hefir átt, hafa verið erlendir menn. Aftur eiga Íslendingar nú skipastól til fiskiveiða (sem áður er sagt), sem enginn var til í fornöld.

Ef Íslendingar fengi meira frelsi og sjálfsforræði en þeir hafa nú haft um margar aldir og ef alþingismenn og aðrir oddvitar þjóðarinnar keppi að því að efla allar þjóðlegar framfarir, dáð og dugnað meðal landsmanna, þá efast ég ekki um, að Íslendingar gæti orðið aftur jafnmiklir siglingarmenn og þeir voru í fornöld.<sup>1</sup>

### *Benedikt Sveinsson*

Benedikt var fæddur árið 1877. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum árið 1901 og var cand. phil. ári síðar. Hann var einn af stofnendum Landvarnarflokksins 1902 og varð ritstjóri *Ingólfs*, *Fjallkonunnar* og *Þjóðarinnar*. Benedikt var bankastjóri Landsbankans á árunum 1918-1921. Árið 1922 var hann ráðinn sem útgáfustjóri á sögu Alþingis. Á árunum 1931-1941 var hann bókavörður á Landsbókasafni og síðar skjalavörður á Þjóðskjalasafni. Benedikt sat á Alþingi um skeið og í ýmsum nefndum og ráðum. Hann lést árið 1954.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Háralagið er einkennilegt, sveipur í hárinu framanverðu og rís það upp. Kóngsnef hefur hann geisimikið, augun grá og skarpleg, bjartur á hörund, svipmikið og skarplegur. Gáfaður vel og skynsamur, en stundaði námið illa. Lipur í viðkyningu og drengur góður. Ritfær prýðis vel, enda mjög vel að sjer í norrænu og íslenskum fræðum. Stjórnmalagarpur hinn mesti og svarinn fjandi Valtýs og Valtýva. Gaf sig mikið við skólamálu og rjeði þar miklu, enda hafði hann gott fylgi. Forseti „Framtíðarinnar“ um tíma, í stjórn „Íþöku“ og ritari árbóka þessara. Þótti sopinn góður, en mátti þó eigi kallast óreglumaður.<sup>3</sup>

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1898. Vorpróf 3. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 52-53.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1900-1901, bls. 228.

## Samgöngufærin og þýðing þeirra

(1900)

Tilhögun náttúrunnar er, svo sem að líkum ræður, mjög svo margvísleg um heim allan. Landslag og loptslag veldur því, að fyrirkomulag manna og lífnáð-arhættir eru næsta ólíkir á ýmsum stöðum jarðarinnar. Það er því auðsætt, að samgöngufæri manna verða að mestu leyti að vera sniðin eptir tilhögum náttúrunnar. Þess vegna eru þau líka að ýmsu leyti ólík og mismunandi; væri því eigi auðgert, að telja þau öll upp í fljótu bragði, en yfir höfuð að tala eru hin helztu þeirra kunn víðast um heiminn, svo að hægt er að fá stutt yfirlit yfir þau.

Aðallega virðist mega skipta samgöngufærum í tvo flokka eptir notkun þeirra. Sum þeirra eru eingöngu notuð á landi, en önnur á sjó; þá má og nota nokkur bæði á sjó og landi.

Á landi nota menn til samgangna ýmist hesta, gufuvagna, skauta, skíði, o. fl. Auk hesta eru og víða notuð önnur dýr, eptir tilhögum lands og náttúru t.d. úlfaldar, fílar og fjöldi annara dýra. Til ferða landa á milli nota menn skip, seglskip eða gufuskip. eru seglskipin eigi eins hentug sem gufuskipin, því að notkun þeirra (seglskipanna) er að mestu leyti bundin við veðráttuna, en gufuskipin fara þar á móti ferða sinna hvernig sem viðrar, jafnt í logni sem vindi og eru að því leyti miklu hentugri en seglskipin.

Róðrabátar eru og notaðir þar, sem eigi þarf að fara mjög langa leið.

Raddsímar og ritsímar eru notaðir bæði milli einstakra landshluta og landa á milli.

Samgöngufærin taka miklum breytingum og framförum á hverri öld og hverju ári, má segja. Þannig er eigi nema rúm öld síðan mönnum hugkvæmdist að nota gufuna til þess að greiða samgöngur milli ýmsra landshluta og heilla landa. Sama er að segja um rafmagnið. Eigi er langt síðan menn fóru að færa sjer það í nyt, t.d. til raddsímans og ritsímans.

Einnig hefur mönnum tekizt að svífa í loptinu yfir láð og lög; til þess nota menn loptbáta, en nytjar þeirra eru eigi miklar enn þá sem komið er, því að alt til þessa hafa menn eigi fundið fullgylða aðferð til þess að stjórna þeim.

Nytjar samgöngufærananna eru að vísu mismunandi, en eru þó í annan stað yfir höfuð að tala svo miklar, að með sanni virðist mega segja, að þau sju skilyrði als mannlífs og velgengni hjer á jörðunni.

Hestar eru notaðir bæði til reiðar og áburðar; eru þeir mjög nauðsynlegir þar sem langa leið þarf að fara eða torfæra sakir vatna. Væri þannig ómögulegt að komast af í ýmsum hjeruðum, ef hestar eða önnur þess konar dýr væru eigi

til aðstoðar. En aðalskilyrðið til þess að geta haft full not af þeim, er auðvitað að hafa góða vegi, því að víða eru löndin svo af náttúrunnar hendi, að ómögulegt væri að koma þar við hestum eða öðrum samgöngufærum, ef eigi væri gert neitt til þess að lagfæra slíkt. Þannig getur viljað til, að ómögulegt sje að komast á nokkurn hátt fyrir ýmsar ár, nema þær sjeu brúaðar.

Hjólhestar koma og að talsverðum notum, einkum í borgum og bæjum eða þar sem vegir eru góðir. Skipin eru og ómissandi þar sem yfir stórvötn eða sjó er að fara. Geta menn með þeim farið landa á milli á tiltölulega skömmum tíma. Einnig eru þau notuð til þess að flytja vörur eða annað þess konar, er ómögulegt væri án þeirra. Gufuvagnar eru einkar hentugir til ferða á landi; fara þeir með ótrúlegum hraða og geta menn því á örstuttum tíma farið afarlangar leiðir.

Raddsíma nota menn til þess að tala hver við annan, þótt þeir sjeu sinn á hvorum landsenda,; er auðsætt, hversu mjög það greiðir viðskipti manna og samgöngur. Ritsíminn er og að sama skapi nauðsynlegur, því að með honum senda menn hraðskeyti út um alla heima og geima.<sup>1</sup>

### *Páll Sveinsson*

Páll fæddist árið 1878. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum árið 1900. Hann var lengst af kennari við Menntaskólann í Reykjavík og vann að þýðingum. Páll lést árið 1951.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður vexti, grannvaxinn, horaður í andliti, bjartur yfirlitum og veiklulegur. Gæflyndur og þrúður í framgöngu. Atkvæðamaður engi og gaf sig ekki við skólamálum. Námsmaður góður og stundaði námið ágætlega og lagði einkum stund á gömlu málin. Var gáfaður í meðallagi. Reglumaður hinn mesti.<sup>3</sup>



1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1900. Vorpróf 6. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 389.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1899-1900, bls. 142.



*Að hverju leyti standa menn nú betur að vígi til þess að  
hagnýta sjer gæði náttúrunnar en fyrir 100 árum?*

(1901)

Þegar vjer lítum til baka og virðum fyrir oss, hvernig ástatt var í lok 18. aldar, þá sjáum vjer undir eins, að hjer er um stórkostlegar framfarir að ræða, og er það allt annað en auðvelt að gjöra grein fyrir þeim í fáum orðum. Það getur engum efa verið bundið, að vjer stöndum miklu betur að vígi til að hagnýta oss gæði náttúrunnar en þeir menn, er lifðu um aldamótin 1800, og er það að þakka hinum mörgu og merkilegu uppgötvunum, sem gjörðar hafa verið á 19. öldinni. Það má með sanni segja, að 19. öldin er einhver mesta framfara og breytinga öld, sem ennþá hefur komið. Á henni hafa menn lært að nota þá krapta, er áður voru lítt kunnir eða með öllu óþekktir. Á 18. öldinni voru fáar vjelar kunnar og öll vinna var miklu erfiðari, því að þá notuðu menn mest mannskraftinn til allrar vinnu, en nú hefur þetta breyst mjög, því að nú nota menn vjelarnar og láta þær vinna fyrir sig og mennirnir stjórna þeim einungis. Af þessari ástæðu geta menn unnið miklu stærri og meiri verk en áður, án þess að hafa jafn mikið fyrir þeim. Allt stefnir að því að leggja undir sig sem flesta krapta til þess að láta þá svo vinna, en maðurinn uppsker auðvitað launin fyrir vinnu þeirra.

Það var undireins í byjun 19. aldar, að menn fara fyrst að nota gufukraftinn á ýmislegan hátt, til þess að knýja áfram vjelar á landi eða á sjó. Í fyrstu var kraptur þessi lítið notaður, en nú hefur notkun hans breiðst út um allan heim og haft hinar stórkostlegustu afleiðingar. Gufukrafturinn er hafður til þess að knýja ýmsar vjelar t.d. vjelar í hinum stóru verksmiðjum erlendis, hann er hafður til þess að ná málum úr jörðu o.s.frv. Nú fara eimknerrir landa á milli og eru miklu fljótari í förum en seglskip. Járnbrautir flytja menn og farangur á landi.

Um miðja 19. öld fara menn fyrst fyrir alvöru að nota annan merkilegan krapt, er nefnist rafurmag. Rafurmagið er ódýrara en gufukrafturinn, og er því öll líkindi til þess, að það muni með tímanum útrýma honum. Rafurmagið er allstaðar á jörðunni, en mest er það í fossum. Þá hafa menn einnig fundið upp ritsímamann, og hefur það aukið mjög viðskiptalífið og verzlun landa á milli.

Fæst af því, er hjer hefur verið drepit á, höfum vjer Íslendingar ennþá lært að færa okkur í nyt, því að vjer erum svo langt á eptir öðrum þjóðum í öllum verklegum framförum,; en þess verður ekki langt að bíða að vjer tökum einnig til starfa og hagnýtum betur krapta þá er náttúran hefur látið okkur í tje. Vjer



stöndum miklu betur að vígi en fyrir hundrað árum, því að vjer höfum betri verkfæri til þess að vinna með og þess verður ekki langt að bíða, að fossarnir okkar taka einnig til starfa og vinna í þjónustu fósturjarðar vorar, og þá munum vjer geta hagnýtt oss betur gæði náttúrunnar.<sup>1</sup>

### *Magnús Sigurðsson*

Magnús fæddist árið 1880. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1901 og prófi í lögfræði við Kaupmannahafnarháskóla 1906. Hann var lengst af bankastjóri Landsbankans og sat í fjölmörgum nefndum og ráðum. Magnús lést árið 1947.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Vel meðalmaður á hæð; grannur og beinvaxinn, baraxlaður, vel farinn í andliti, dável eygur. Námsmaður góður og hafði góðar gáfur. Sögumaður einhver hinn bezt. Drengur góður í viðkyningu og reglumaður. Afskiftalaus um skólamál, danzari; var inspector scolae 2 vetur og söngmaður góður.<sup>3</sup>



## *Að hverju leyti standa menn nú betur að vígi til þess að hagnýta sjer gæði náttúrunnar en fyrir 100 árum?*

(1901)

Ef vjer berum saman efnahag manna yfirleitt fyrir 100 árum og nú, þá sjáum vjer að munurinn er mjög mikill. Fyrir 100 árum var alþýða manna einkum bændur, miklum mun fátækari en nú, og var þó fólksfjöldinn miklu minni. Ástæðan til þess var að nokkru leyti sú, að ófrelsis- og kúgunaraldir höfðu gengið yfir og drepið þrött og dug úr þeim. En að þeir fóru þá að tjetta við var mikið því að þakka, að eptir aldamótin 1800 og alla 19. öldina, gjörðu menn ýmsar mikilsverðar uppgötvanir og fundu ýmis ráð, til að hagnýta sjer betur krapta náttúrunnar en áður.

19. öldin er sú mesta uppgötvunaröld sem nokkur tíma hefur verið. Nú eru mjög margar vjelar til, sem áður þekktust ekki og sem gjöra það að verkum, að nú þarf miklu færri menn til að vinna ýms verk heldur en áður og verkið þó miklu fljótar og betur unnið. Þess vegna er nú miklu ódýrara að láta vinna þau

1 Þf – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1901. Miðsvetrarpróf 6. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 441-442.

3 Þf – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1900-1901, bls. 222.

en áður. Nú þurfa bændur því miklu færri vinnufólk en áður; sláttarvjelarnar og rakstrarvjelarnar vinna á við marga. Þar sem skógur er nota þeir vjelar til að saga trjén niður í bjálka, þar sem þurt land er og hrjóstrugt nota þeir vjelar til að ausa upp vatni til að vökva jarðveginn og geta þannig með litlum kostnaði ræktað það svo upp, að það gefi margfaldan ágóða. Nú þekkja menn einnig miklu fleiri manneldisjurtir en áður, sem lítið kostar að rækta, en sem gefa þó góðar jurtir. Nú eru komnar á reglulegar póstferðir og samgöngufærin miklu betri og ódýrari en áður, síðan gufuvagnar, gufuskip, málþræðir og margt annað varð algengt. Af því leiðir, að bændur eiga miklu auðveldara með, að selja vörur sínar og þá að vita hvar markaður er beztur fyrir þær. Nú nota menn fossana til að reka vjelar og til að lýsa upp borgir og bæi. Gufukrapturinn og rafmagnið hafa gjört aldamótin 1800 og 1900 mjög ólík og fáa menn á 18. öldinni munu hafa grunað það, að menn, sem eru sinn á hvorum stað, gætu á 19. öldinni talað saman án þess að þurfa að hittast. Og svo er um flest annað.<sup>1</sup>

### *Skúli Bogason*

Skúli fæddist árið 1881. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum árið 1901 og prófi í læknisfræði frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1908. Hann var lengst af læknir í Danmörku. Skúli lést árið 1949.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Tæpl. meðalmaður á vöxt, en þrekinn. Svarthærður og suðrænn yfirlitum. Búlduleitur; lotinn var hann í herðum. Fimleikamaður mikill og ágætur raddmaður. Hafði ágætar námsgáfur en vitmaður engi. Rómanafífl og spilagosi. Var formaður „Íþöku“-stjórnar; gaf sig ekki annars við skólamálum. Meinlaus í viðkyrningu og galgopi. Danzari; mikill reglumaður.<sup>3</sup>



## *Hver bönd binda oss við föðurlandið? Og hverjar eru venjulegar orsakir til útflutninga?*

(1902)

Flestum mönnum mun vera svo varið, að þeim þykir vænt um föðurlandið, landið sem þeir eru fæddir og uppaldir í. Þar eru venjulega allir þeir, sem manni eru kærstir: foreldrar manns, vinir og vandamenn, svo að það er ekki að furða,

- 1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1901. Miðsveitarpróf 6. bekkur.
- 2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 490.
- 3 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1900-1901, bls. 221-222.

að oss þykir vænt um það, þótt sú ást sje því miður ekki ætíð eins mikil og hún ætti að vera, sízt á voru landi, Íslandi. Oss þykir vænt um landið sjálft, af því að oss finnst það „fagurt og frítt“, oss þykir vænt um þá menn, er það byggja og oss þykir vænt um tungu og sögu þjóðarinnar. Og sú vill oftast verða reyndin á, að þar sem maður elskar flest, þar unir maður best, og það knýr oss til þess að leggja krafta vora fram í þjónustu föðurlandsins og vinna að velmegun og framförum þess. Ættjarðarástin er sterkasta bandið, sem bindur oss við föðurlandið, og sá þáttur, er oss verður örðugast að slíta, en aftur á hinn bóginn of lítil ættjarðarást og of lítil trú á framtíð landsins, sem stuðlar að útflutningum.

Venjulegasta orsökina til þess, að menn flytja af landi burt, er sú, að mönnum finnst þeim ekki líða nógu vel á ættjörðinni – einkum í efnalegu tilliti – og ætla að sjer muni líða betur annarsstaðar. Það er oft svo, að mönnum virðist allt fegurst, sem fjærst er og svo er því varið hjer. Menn líta oft að eins á svörtu hliðarnar hjer en annarsstaðar sjá menn ekki annað en gull og græna skóga. En það fer oft svo, að þótt mönnum ef til vill líði betur í efnalegu tilliti annarsstaðar en á ættjörðinni, þá líður þeim ekki allskosta vel fyrir það. Það ásækir þá ávallt einhver þrá til ættjarðarinnar og hugurinn vill oft leita þangað og þá fara björtu hliðarnar að koma í ljós. Það binda þá sterkari bönd við ættjörðina en svo, að þeir geti slitið þau. †msar aðrar orsakar liggja til þess að menn flytja af landi burt, t.d. óánægja með stjórnarfar eins og átti sjer stað hjá Norðmönnum á 9. öld og núna t.d. hjá Finnum.

Útflutningarnir til Vesturheims er eitt hið versta átumein þjóðar vorrar, með því að vjer meguum svo fáa missa af landi burt. Helzta ráðið gegn útflutningnum er að efla og glæða ættjarðarástina, og það næst bezt með því að efla menntun og menningu í landinu.<sup>1</sup>

### *Sigurður Sigtryggsson*

Sigurður fæddist árið 1884. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum árið 1902 og prófi í málfræði við Kaupmannahafnarháskóla 1909. Hann var lengst af yfirkennari í Danmörku. Sigurður lést árið 1944.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Fremur hár vexti en grannur og óhraustlegur. Langleitur og fölleitur, gráeygur og jarphærður. Fróður og las margt. Hafði meðal námsgáfur. Gaf sig ekki að skólamálum, – dansisti.<sup>3</sup>



1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1902. Vorpróf 6. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 484-485.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1901-1902, bls. 263.

*Hver bönd binda oss við föðurlandið?  
Og hverjar eru venjulegar orsakir til útflutninga?*

(1902)

Fáir munu þeir vera, sem eru svo tilfinningu sneyddir, að þeir finna eigi til þess, að það eru einhver bönd, er tengja þá við þá staði, sem þeir eru fæddir og upp aldir á. – Svo sem sá maður finnur lítt til banda er eigi hreyfir sig í þeim, þannig getur reyndar margur lifað svo, að hann finni ekki til þeirra, er binda hann við föðurlandið. Það er því fyrst, þá er hann fer burt úr áttögum sínum, að það vaknar hjá honum þrá, er líkist afar sárum þorsta eftir því, að komast aftur heim. Þetta er nú reyndar sjúkleg tilfinning, er grípur þá með mestu afli, sem veikastir eru fyrir, en þó getur hún af sér hina hreinu og heilbrigðu föðurlandsást, sem er heitust og öflugust á að vera hjá þeim, sem sterkastir eru að sálarþreki og andlegum burðum. Hún er það öflugasta band er bindur oss við fósturjörðina og hana er sérhver skyldur að efla og glæða eftir megni.

Því fer miður að svo lítur út sem föðurlandsástin hafi ekki gagntekið almenning hér á Íslandi svo sem skyldi. Þar sem það er þó eðli hennar, að vekja yndi og vellíðan í hugum þeirra, er hana bera, þá sjáum vér þess þó ljósan vott, að mönnum finnst almennt hér á landi að sér líði ekki vel, en mundi geta liðið betur annarsstaðar. Það liggur innrætt í huga mannsins, að honum finnst minna til þess koma, sem næst honum er, en að það hvíli einhver dýrdarljómi yfir því, sem liggur í nægilegri fjarlægð. Þessvegna er það mjög auðvelt fyrir þá er vilja hafa sig til þess, að vekja hjá almenningi trú á sæluna og vellíðanina í Vesturheimi, en vantrú á framtíð Íslands. En þetta er nóg til þess að menn streyma í hópum burt af landinu, eins og þeim finnist ekkert það vera til, er bindi sig við það. Þeir hugsa eingöngu um sinn eigin hag en ekkert um það, að landið má ekki missa fólk, því að það er eitt af aðalskilyrðunum fyrir því, að það megi þrífast og þroskast og fyrir þeirri von, að vér þurfum eigi einlægt að verða öld á eftir tímanum. Það er því skylda okkar, sem viljum heita sannir Íslendingar, að vekja athygli almennings á því, sem land vort hefur sér til gildis að telja, svo sem óviðjafnanlega náttúrufegurð, fornar bókmenntir, einkennilegt og fagurt þjóðerni og mál, ásamt mörgu fleira. Þetta á að vera nægilegt til þess að vekja sanna föðurlandsást hjá hverjum Íslending og höfum vér þá innrætt um leið hjá mönnum trú á landinu, sem er hið eina og vissa skilyrði til þess, að það nái vexti og viðgangi, bæði að því er snertir stjórnarfar, menntun og viðleitni í verklegum framkvæmdum.

Þegar þetta allt er komið í lag, er von um að ýmsir gallar á landinu, svo sem

óblíða veðráttu ofl., verði ekki svo þungur á metunum, að þeir reki neinn af landi burt, er síðar þurfi að naga sig í handarbökin, er hann hefur á þennan óþægilega hátt komist að sannindum hins forna málsháttar „Enginn veit hvað átt hefur fyrir en misst hefur“.<sup>1</sup>

### *Halldór Jónasson*

Halldór fæddist árið 1881. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1902 og las sálfræði og heimspeki við Kaupmannahafnarháskóla 1902-1907. Hann var síðar kennari en lengst af starfsmaður á Hagstofunni. Halldór lést árið 1966.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Rauðhærður og rauður í andliti; freknóttur, gráeygur. Hafði góðar námsgáfur, en ekki mjög ástundunarsamur; skapbráður, enda strítt mjög. „Musikalskur“ og stækur bindindispostuli. Snar í snúningum og góður í leikfimi.<sup>3</sup>



## *Hver ráð eru best fallin til að efla andlegan þroska þjóðar vorrar?*

(1902)

Sjaldan eða aldrei hefur verið talað jafnmikið um menntun eins og einmitt nú á síðari árum. Það er orðin tízka, að menn leita sjer kennslu í ýmsum námsgreinum, sem álitid er að muni síðar meir koma mönnum að gagni í lífinu. Bæði opinberir skólar, fjelög og einstakir menn gefa mönnum kost á að efla kunnáttu sína og menntun og margir færa sjer slíkt í nyt, og er enginn efi á því, að menn verða fróðari og lærðari en áður. En mjög margir fara á mis við slíkt, því að þá brestur efni og margt annað hindrar þá frá því. En á þessum menntunartíma er það samt auðsætt, að andlegur þroski þjóðar vorrar eflist ekki að sama skapi, og einmitt nú kemur það mjög vel í ljós, að menntun og andlegur þroski er ekki ávallt samfara miklum lærdómi. Þeir gallar virðast vera á menntalífi þjóðar vorrar, að menn hugsa meir um að læra svo og svo mikið af tungumálum og öðru heldur en að auðga anda sinn og reyna að hugsa og álykta sjálfir. Þess vegna hljóta þær spurningar að koma fram, hvað gera beri til að bæta úr þessu og hver ráð sjeu fyrir hendi til að efla andlegan þroska.

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1902. Vorpróf 6. bekkur.

2 Ólafur Þ. Kristjánsson, *Kennaratal á Íslandi*. I. bindi, bls. 249.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1901-1902, bls. 265.

Íslendingar eiga þann fjársjóð, er seint mun þverra; bókmenntir Íslendinga hafa vakið aðdáun og undrun útlendra þjóða, og það liggur í augum uppi, að það land sem á slíka gersemi, hljóti líka að hafa átt lærða og menntaða menn, og einmitt þessvegna er það leiðinlegra og sárara ef Íslendingar, er nú lifa og hin komandi kynslóð, gætu ekki sýnt sín á meðal nein merki andlegs þroska. Til þess að slíkt geti ekki hent land vort, ber öllum menntuðum mönnum að leita að þeim ráðum, sem gætu hindrað þetta. Ráðin eru mörg og erfitt að segja, hver ráðin sjeu bezt, er þá verður að reyna ýmis ráð og vita, hver ráðin muni bezt gefast.

Jeg álit, að það sje fyrsta skilyrði fyrir andlegum þroska, að þjóðin sjálf verði sjer þess meðvitandi, að margt brestur á menntun hennar, þessvegna er brýn þörf á, að þjóðin eigi þá menn, sem elska svo þjóð sína, að þeir þori að benda henni á gallana og vekja þörf og þrá hjá hverjum manni eptir menntun og andlegum þroska. En þegar sú þrá er vakin hjá þjóðinni, þá verða einhver ráð að vera fyrir hendi, sem bæti úr þörfinni. Íslendingar eru fátæk þjóð og verður því að sjá um, að menntunin hafi ekki mikinn kostnað í för með sjer fyrir hvern einstakling. Æskilegast væri að landið legði fram fje, svo að hægt væri að gefa út bækur, sem væru við hæfi þjóðarinnar og svo ódýrar, að hverjum væri hægt að kaupa þær. Þetta hefur verið gert að nokkru leyti. Íslendingasögur hafa verið gefnar út, en færri hafa keypt þær en vænta mátti og álit jeg, að það stafi af því, að það er ekki búið að vekja þrána eptir slíkum fjársjóð. Bækur ætti að gefa út, sem væru auðskildar og almenns efnis, lipurlega samdar, svo að fólk þreyttist ekki á þeim þegar í stað. Jafnframt bókum yrði líka að halda fyrirlestra, sem væru fræðandi og aðlaðandi og má ekki aðeins halda fyrirlestra á einum stað á landinu, heldur um allt land, svo að þjóðin í heild sinni gæti haft gagn af þeim.

Annað fyrirkomulag verður að vera á kennslu í skólum og hjá einstökum mönnum en nú er, kennslan verður að vera lifandi, og umfram allt verða menn að gæta þess að ofþyngja ekki börnum með því að láta þau læra of mikið þegar í byrjun, svo að þeim leiðist ekki námið. Heppilegast er að leggja grundvöllinn undir andlegan þroska hjá barninu, með því meðal annars að hvetja þau til þess að afla sjer sjálf menntunar, reyna að láta þau sjálf hugsa í stað þess að treysta kennslubókunum, því að sjálfstæð menntun er aðalþáttur menntalífsins og skilyrði fyrir andlegum þroska; það er ekki svo að skilja, að kennsla standi andlegum þroska fyrir þrifum, heldur er það skaðlegt, að menn láta staðar numið við það eitt, sem þeim er skipað að læra. Íslendingar verða að leggja af letina, því að hún er andlegum þroska til hindrunar, Íslendingar geta vel þroskast, ef þeir vilja, og þegar svo er langt komið áleiðis, að menn vilja eitthvað sjálfir, þá vantar aðeins nógu mikinn framkvæmdarkraft. Það á því að

vera hlutverk hvers ættjarðarvinar sem hefur sjálfur náð andlegum þroska, að lífga viljakraftinn, sem liggur falinn hjá þjóðinni, knýja hana til að rísa af svefni og taka til starfa, og þegar svo langt er komið, að þjóðin sjálf vaknar og vill ná sannri menntun, þá verður þess ekki langt að bíða, að ótal góð ráð finnist til þess að efla andlegan þroska hjá þjóð vorri.<sup>1</sup>

### *Bjarni Jónsson*

Bjarni fæddist árið 1881. Hann lauk prófi frá Lærða skólanum 1902 og prófi í guðfræði við Kaupmannahafnarháskóla 1907. Bjarni varð síðar prestur við Dómkirkjuna í Reykjavík, og vígslubiskup í Skálholtsbiskupsdæmi 1937. Bjarni var kjörinn heiðursdoktor við Háskóla Íslands árið 1941. Hann lést árið 1965.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Dökkhærður og guðhræddur [...] Stundaði námið vel, ákafur trúmaður. Dansandi.<sup>3</sup>



## *Hver ráð eru bezt fallin til að efla andlegan þroska þjóðar vorrar?*

(1902)

„Varðar mest til allra orða,  
að undirstaðan rétt sé fundin“

Fyrst ber að athuga, hvað andlegur þroski er.

Þegar nefndur er andlegur þroski einhvers manns, þá er átt við það, að hann kunni vel að hugsa og neyti hugsanakrafta sinna til þess að leita sannleikans og að hann hafi hug á að afla sér víðtækrar þekkingar. Andlegur þroski einhverrar þjóðar er það, að sem flestir þegnar hennar séu gæddir kostum þeim, er nú vóru nefndir, eða að hún sé menntuð, svo að vér orðum þetta sem skýrast. Andlegur þroski er því sama sem menntun.

Flestir munu á eitt sáttir um það, að andlegur þroski eða menntun spenni þjóðirnar þeim megingjörðum orku og dáða, að slíkt veiti þeim helzt sigurinn í tilverubaráttu þeirra. Allir munu og játa því, að þjóð vor þurfi að ná meiri andlegum þroska en hún hefir náð nú. En hitt greinir menn á um; hver ráðin séu

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1902. Miðsvetrarpróf 6. bekkur.

2 Gunnlaugur Haraldsson, *Guðfræðingatal 1847-2002*. I. bindi, bls. 242-243.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1901-1902, bls. 261-262.



haldkvæmust og notadryggt – Til þess, að hún nái sem fyrst þessu veglega marki, er hún þreytir skeið að, sem aðrar þjóðir og hver þegn mannfjelagsins. Hér er umræða um það atriði.

Það verður hér síst að meini, að tillögunarvanti hafi verið um þetta mál. Sumir hafa viljað stofna barnaskóla í hverri sveit. Aðrir eru því mótfallnir og vilja hafa þessa svokölluðu umferðarkennara o.s.frv. Yrði of langt mál að ræða hér nokkuð tillögur þessar.

Þroski hvers manns er oftast undir því kominn, að hann fái gott uppeldi. Er mest vert um það, að hlúð sé að gáfum andans, er menn eru á unga aldri. Börn þjóðarinnar þurfa að fá betra uppeldi. Það þarf að venja börnin á að hugsa sjálf og kenna þeim að vera gerhugul um hvaðvetna, er fyrir augu ber. Það þarf að kenna börnunum að elska allt það, er gott er og göfugt og fagurt. Það þarf líka að hlúa að þroska líkamans, því að oftast mun sú raunin verða, að því að eins ná menn að þroska anda sinn, að líkaminn sé hraustur.

En það er sá vandi að ala börnin upp á þann veg, er nú var á bent að slíkt er ekki öllum hent. Og þeir eru fáir meðal þjóðar vorrar, er því eru vaxnir. Fyrir því þurfum vér að fá menn, er séu hæfir til þess að kenna börnunum, er kunni að kenna, eins og á að gera það. Fyrir því þarf að setja á löggvar skóla hér á landi, er hafi það hlutverk eingöngu að búa menn undir að kenna börnum. Vér þurfum kennaraskóla. Þegar stundir líða, verða þeir menn þá aðeins látnir fást við kennslu barna, er numið hafa í skóla þessum. Þeir einir verða látnir kenna þeim unga að feta þá leið, er liggur upp á sjónarhól andlegrar víðsýni og sannrar menntunar. Líklega verður það heppilegast, að kennarar þessir verði umferðarkennarar, eftir því sem högum þjóðar vorrar er háttað nú. Að vorri hyggju er það ofvaxið kröftum vorum nú að hafa barnaskóla í hverri sveit.

Annað atriði vildum vér minnst á, er hefir of lítill gaumur verið gefinn til þessa. Það er menntun kvenna. Mæðurnar eiga oftast allra manna mest mök við börnin. Það er því ekki lítills vert, að þær séu vel hugsandi, og kunni að leiðbeina hugsunum barnanna í rétt horf. Því þarf af setja á stofn kvennaskóla, er kenni dætrum þessa lands nýtsamleg fræði, en ekki fánýtan hégóma, glæði sálarlíf þeirra og hlúi að því.

Fræðsla eða menntun unglunga hér á landi er oft aðeins sú, að þeim er kennt kverið og biblúsögur utan bókar og eitthvað að skrifa og reikna, auk lesturs. Hafa prestar þá skyldu að annast, að börnin nemi þetta. Að vorri hyggju leikur mikill efi á því, hvort þessi utanbókarfræðsla veldur ekki eins miklu bölv og gagni. Eykur lítið hugsunarþroska barna eða hvetur þau til sjálfstæðrar hugsana, er prestarnir kenna þeim fræði þessi og segja þeim að trúá „í blindni“, því, er þeir kenna þeim. En það ætti að vera eitt hið fyrsta verk vor ungu



mannanna, er tökum að fást við mál þessi, að ryðja burt öllum tálmunum frjálsra hugsana!<sup>1</sup>

### *Sigurður Guðmundsson*

Sigurður fæddist 3. ágúst árið 1878. Hann lauk prófi frá Lærða skólanum 1902 og meistaraþrófi í norrænum fræðum við Kaupmannahafnarháskóla árið 1910. Hann var stundakennari við Menntaskólann í Reykjavík 1911-1920, kennari við Kennaraskólann 1912-1921, og skólameistari Gagnfræðaskólans á Akureyri (Menntaskólans á Akureyri frá 1930) á árunum 1921-1947. Hann lést árið 1949.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður á vöxt. Gengur mjög hart og hnarreistur og lyftir annari öxlinni dálítið hærra en hinn. Hárið skolbrúnt, hvítur í andliti, stórskorinn, munnófríður og nefið stórt. Dökkeygur. Greindur vel, námsmaður í meðallagi, en las lítið. Stjórnmalagarður hinn mesti og svarinn fjandi Valtýs; mælskur vel og gaf sig afar mikið við skólamálum. Ágætur í íslenzku og ritfær ágætlega. Hann var forseti Framtíðarinnar og ritari þessara árbóka [...]<sup>3</sup>



## *Í hverju lýsir sér sönn og rétt þjóðernistilfinning?*

(1903)

Þjóðernið er það, sem gjörir flokk manna að þjóð, það er þjóðarandinn. Þjóðernistilfinningin er tilfinningin fyrir því eða meðvitundin um það, að maður er meðlimur þjóðar og ræktin við hana.

Sá maður, sem þessa tilfinningu hefur, elskar auðvitað þjóðernið. Það er strax hægt að sjá á honum og heyra, hvernar þjóðar hann er. Hann skammast sín ekki fyrir ætt sína né uppruna, landa sína né þjóðerni.

Hann elskar land sitt og þjóð. Það, sem sérstaklega myndar þjóðir, eru löndin. Landslag, lifnaðarhættir o.fl. gerir íbúa landsins frábrugðna þeim, sem í öðrum löndum búa; hugsunarháttur þeirra verður annar; þjóðarandinn verður annar. Sá, sem ber rækt til þjóðar sinnar og finnur, að hann er meðlimur hennar, hlýtur því að elska landið, sem hefur myndast, elur og fæðir þjóðina og þar á meðal sjálfan hann.

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1902. Miðsvetrarpróf 6. bekkur.

2 Ólafur Þ. Kristjánsson, *Kennaratal á Íslandi*. II. bindi (Reykjavík, 1965), bls. 121.

3 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1901-1902, bls. 264.

Hann trúir á framtíð landsins og leggur því fram alla krafta sína til þess, að það geti tekið sem mestum framförum og þjóðin þroskist líkamlega og andlega. Trú á framtíð landsins leiðir beinlínis af ástinni. Sá, sem finnur, að hann er meðlimur þjóðar, finnur hjá sér skyldu til að starfa eftir megni að því, að framtíð lands og þjóðar verði sem fegurst og best; hann sér að „það er svo bággt að standa í stað“ og af því að hann veit, að landið á framtíð fyrir höndum, berst hann fyrir framförum þess.

Hann ber virðingu fyrir því, sem þjóðlegt er. Það er landið, sem hefur skapað hið þjóðlega og er það því svo náskyld þjóðerninu. Hann elskar hið þjóðlega eins og eigu þjóðarinnar og erfðagrip, en lætur það þó ekki standa í vegi fyrir nauðsynlegum framförum þjóðarinnar, því að hann veit, að því meiri framförum sem þjóðin tekur, því fullkómnnari verður hún. Hann berst á móti illum útlendum áhrifum, en hlynnir að hinu þjóðlega.

Sönn og rétt þjóðernistilfinning lýsir sér því í ást á þjóðerninu og landinu, trú á framtíð landsins og virðingu fyrir því, sem þjóðlegt er.<sup>1</sup>

### *Jón Kristjánsson*

Jón fæddist árið 1885. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1898 og lauk burtfararprófi 1904. Hann hélt til Kaupmannahafnar þar sem hann lauk prófi í lögfræði árið 1909. Jón var lengst af prófessor við Háskóla Íslands. Hann lést árið 1918.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Jón Kristjánsson er lágur vexti, en samsvarar sjer vel og má kallast vel vaxinn [...] Framan á enninu var sveipur og sjást hans merki enn, þótt nú sje næstum horfinn, því að Jón hefir látið Ballsmið gjöra það við hárið á sjer sem á Reykjavíkurmáli er kallað að „krulla“ [...] Hann er kátur mjög og ljettlyndur og gefinn fyrir hverskonar fagnað og skemmtanir. Góður þykir honum sopinn, en er þó alls eigi nokkur drykkjumaður. Verður hann svo ofsakátur við vín, að mörgum þykir nóg um kæti hans. Drengur er hann hinn beztu og vel sjeður meðal skólabræðra sinna. Jón er fimleikamaður mikill, einkum ljet honum vel að stökkva yfir Trójuhestinn, þótti mönnum sem allskammt myndi til himins, þegar hann fór sem hæðst [...] Ekki veit jeg, hvort hann gengur í augun á kvenfólkinu, en snyrtimenni er hann í framgöngu og kurteis og berst talsvert á [...]<sup>3</sup>



- 
- 1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1903. Vorpróf 5. bekkur.
  - 2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 213.
  - 3 Lbs 3364 4to – Skinfaxi 24. maí 1903, bls. 227.

## *Í hverju lýsir sér sönn og rétt þjóðernistilfinning?*

(1903)

Fáum mun koma til hugar að neita því, að þjóðrækni og þjóðernisást sé einhver hin göfugasta tilfinning manna; hún er svo náin ættjarðarástinni að önnur getur naumast án hinnar verið, þótt sumir vilji ef til vill halda því fram. Ættjarðarást-in er raunar víðtækari, og þjóðernisástin gæti kallast ein grein hennar, en sterkasti þátturinn virðist mér hún vera. Það er hætt við að ættjarðarástin fari að dofna, þegar þjóðernistilfinningin er lítilsvirt. Enginn hefir enn gjörst svo djarfur að rýra gildi ættjarðarástarinnar, þótt raddir hafi heyrzt, er lítið gera úr þjóðrækninni.

Ættjarðarástin hvetur menn til að vinna fyrir þjóð sína og land, án sérhlífni og hagsmunavonar fyrir sjálfan sig, en bendir ekkert á, hvernig haga skuli starfinu. Þjóðernisástin hins vegar beinir mönnum til að hlynna að öllu því, er einkennilegast er þjóðinni, og glæða það, sem bezt er í þjóðarandanum. En svo er um þetta sem annað að sitt sýnist hverjum. Þarf því góða menn og vitra til þess að grein rétt frá röngu í þessu efni, því það er jafnmikill skaði að loka sig inni fyrir góðum og hollum menntastraumum, eins og að hleypa útlendum hugsunum og þjóðareinkennum inn í landið. Það er vandi að greina það sem illt er og skadlegt þjóðarandanum frá því, sem hollt er og gagnlegt, því þetta er stundum svo náíð samtvinnað að lítið ber á muninum.

Sumir telja fjárhag þjóðarinnar einu sældina og eina hyrningarsteininn undir vellíðan manna; þessir menn telja það litlu skifta, hvaða tungu þjóðin mælir, hverja þjóðsiðu hún hefir, hvort bókmenntirnar eru af útlendum eða innlendum rótum runnar og fleira þesskonar láta þeir sér um munn fara. En svo virðist sem menn þessir miði flest við magann og meti allt til peninga, beri lítið skyn á það, sem gott er og fagurt og hafi ræktarþel til ættar sinnar. Getur verið að slíkar kenningar séu nú efst á baugi í heiminum, en ætla má þó, að slíkur hugsunarháttur verði eigi jafnan í hávegum hafður.

Aukin viðskifti manna, mikilvægar uppgötvanir og allar verklegar framfarir eru ekki allra nauðsynlegasta skilyrðið fyrir velferð manna, heldur er það góður og göfugur hugsunarháttur, drenglyndi og ást til alls og allra. Takmarkið ætti að vera það, að allir yrðu góðir menn og sælir, en ekki hitt, að gjörvallur heimurinn gæti lifað í hóglífi. En þjóðernistilfinningin glæðir göfugan hugsunarhátt og bætir menn. Annars er hún ekki sönn og rétt.

En þá kemur það, sem vandasamast er; það er að greina sanna þjóðernisást frá þjóðardrambi, naglaskap og afturhaldi. Fyrst atriði þjóðernisástarinnar

kemur þannig í ljós að lýðurinn allur vill heita sérstök og sjálfstæð þjóð og einstaklingurinn hefir ánægju af því að vera barn þeirrar þjóðar og telur það sé til lofs og heiðurs. Þá kemur ástin til alls, sem gott er og fagurt í einkennum þjóðarinnar og viljinn til að glæða það og ala, en útrýma því sem þjóðlestir mega kallast.

Þegar allir eru þessu marki brenndir, myndast bróðurband milli samlandanna og þeir verða samtaka um að verja sig og rétt sinn gagnvart öðrum þjóðum, en vernda tungu sína og fegra hana og hreinsa, að heiðra minningu ágætismanna þjóðar sinnar, ala alla þjóðkosti, lyfta ættjörðu sinni á stig og ryðja henni braut til frelsis og framfara.

Þjóðernisástin er byggð á ræktarsemi alveg einsog ást til skyldmenna, sem þykir einhver hin fegursta og göfugasta. Má af því marka göfgi þessarar tilfinningar.

Mjög greinir menn á um hvað spilli þjóðerninu eða bæti, þótt annars séu samhuga um að elska það, enda er þar vandratað meðalhófið. Sumir telja klæðnað og íþróttir merk atriði, en aðrir neita því. Enginn dómur skal hér lagður á það, því til þess er eigi tími né rúm að taka málið svo nákvæmt fyrir. Málið er mest um vert; þar munu allir samdóma, en aftur greinir menn á um hvað sé spilling á málinu og hvað ekki. En þótt menn greini á um smáatriði, þá sakar það eigi svo mjög. Ef allir vilja elska þjóðernið og þjóðina, þá er vel farið.

Um þetta efni mætti skrifa heila bók, svo mikilsvert er það. Það er því sízt að undra þótt þessi fáu orð sé ónákvæm og frágangur allur verri en efnið verðskuldar.<sup>1</sup>

### *Jóhann G. Sigurðsson*

Jóhann fæddist 1. febrúar 1882. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1898 og lauk burtfararprófi árið 1904. Hann lést eftir að hann hóf nám í Prestaskólanum 1906.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Jóhann Gunnar Sigurðsson er meðalmaður á vöxt. Hann er langleitur í andliti og einkennilegur. Nefið er nokkuð stórt og sveigir ofurlítið út á við. Hakan er löng og mjó og mótar fyrir hökuskarði. Annars er svipurinn mjög breytilegur enda er Jóhann mislyndur mjög og tilfinningamaður. Hann er reiðigjarn og getur er hann reiðist lagt margan mann að velli með svipnum einum. Reiðisvipur Jóhanns hefur opt verið kallaður „Medúsu“-svipur. Hann leggur sjaldan til manna að fyrra bragði. Jóhann er gáfumaður en töluverður letingi við nám og

1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1903. Vorpróf 5. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 28.

einn af aðalskrópistum skólans. Hann er ágætt skáld og mörg af kvæðum hans eru snildarleg. Sum kvæðin, t.d. eins og „Æfisaga“, mega teljast með allra beztu kvæðum „Framtíðarinnar“. Jóhann er víðast meiri formsnillingur, en nokkurt annað skólaskáld sem ég þekki. Hugmyndaskáld er hann ekki að sama skapi. – Flest kvæði Jóhanns bera það með sér að hann er ekki bjartsýnismaður, þótt hann hins vegar sé heldur ekki bölsýnismaður. Honum finst fara illa um sig í skólanum og lífinu, alt amar að. Hinn snildarlegi kvæðaflokkur um Gísla Súrs-son, sem tvö kvæði hafa birst af í „Framtíðinni“, ber með sér að Jóhann skilur vel hetjuanda Gísla og kann að syngja um hetjuna svo að honum sé sómi að. – Eins og öll önnur skáld vor yrkir Jóhann nokkuð um meyjar og kossa, þótt hann hafi aldrei – svo ég viti – verið við kvennmann kendur. Annars er Jóhann frumlegur svo sem hægt er. – Skoðanir Jóhanns eru nokkuð á reiki. Hann er „þjóðlegur“ maður og er eiginlega bölvánlega við alla þá, sem vilja skerða nokkuð það, sem „þjóðlegt“ er hvort sem það er fagurt eða ljótt, gagnlegt eða ógagnlegt. Í stjórnmálum hallast hann að „Landvarnar“-kenningunni, en er þó ekki stækur fylgismaður hennar. Í skólamálum stendur hann framarlega í flokki sumblunga og er mikill áhugamaður í því máli. Bindindismálinu hefur hann aldrei verið hlyntur. – Að lokum má geta þess að hann er forseti og aðalmáttarstólpi „Framtíðarinnar“. Verður stórt skarð fyrir skildi þegar Jóhann fer.<sup>1</sup>



## *Að lýsa afl og áhrifum vanans*

(1895)

Áhrif þau, er vaninn hefur á líf og lífernisháttu þjóðanna eru margvísleg, og má lengi þrátta um það, hvort þau sjeu happasæl eða eigi, en mörg eru þau dæmi, sem sýna oss, að afl vanans er mikið. Afl vanans er fjótrandi afl, sem bindur oss við síði forfeðranna og liðna tíma; það er aprandi afl, sem bægir oss frá því, að fylgja nýjum kenningum og síðum. Verið getur að það stemmi opt stigu fyrir því, að vjer hleypum út í eitthvert fenið, – varni því, að vjer látum einhvern „framfara“-vindbelg leiða oss í gönur, – en hve mörgum sinnum hefur það ekki lokað augum vorum fyrir sönnum framförum; hversu opt vjer höfum ekki látið það tjóðra oss við þrældómsklafa gamals hugsunarleysis og hleypidóma? Menn hrósa opt þeim mönnum, sem þeir kalla „vanafasta“, og getur verið að þeir verðskuldi það, en segja mun mega um marga þessa vanaföstu menn, að þeir láti fornar venjur blinda sig, svo augu þeirra sjá ekki það nýja; þeir segja meðal annars: „Svona höfðu foreldrar mínir það, og fór vel; þessu vandist jeg í ásku, – jeg get ekki verið að því, að breyta til!“ Ekki

1 *Lbs 3364 4to* – Skinfaxi 24. maí 1903, bls. 214.

ber því að neita, að margar gamlar venjur eru góðar, nytsamar og fagrar, en til eru einnig þær, sem eru illar, ónýtar og ljótar; menn mega því ekki vera of vanafastir, – þeir verða að greina hið betra frá hinu lakara við ljós skynseminnar, og bera saman rjetthverfu og ranghverfu. Enginn kastar gömlu fati án þess að athuga, hvort hið nýja, sem hann ætlar að taka í stað þess, sje betra. Þannig skyldu menn einnig gjöra við ríkjandi vananum. Dæmi, sem sýna afl og áhrif vanans og afleiðingarnar af því, að láta hann drottna of mikið yfir sjer, sjáum vjer víða í sögum og lífi einstakra manna og heilla þjóða. Síðasti ófriðurinn milli Kínverja og Japana sýnir glögg og greinilega afleiðingarnar af of mikilli vanafestu. (Kínverjar).

Vaninn hefur temjandi áhrif; hann getur sætt oss við það, sem oss í fyrstu fellur ekki í geð, – en hann getur líka látið oss leiðast það, sem oss í fyrstu þótti skemmtilegt. Þegar hann gjörir hið fyrnefnda, þá eru þau áhrif hans góð, ef það, sem oss var ekki geðþekkt, var gott í raun og veru, en að öðrum kosti eru þau ill, því þau aptra oss þá frá því, að leita annars betra. Sömu leiðis geta áhrif hans verið góð eða vond eptir því sem á stendur, þegar hann gjörir oss leiða á því sem oss í fyrstu var að skapi. Opt er það, að vaninn kemur því til leiðar, að oss þykir ekkert koma til listaverks, sem hreif oss fyrst þegar vjer sáum það, þegar vjer venjumst því, og það jafnvel þótt vjer eigi sjáum nein veruleg lýti á því.

Það að flestir una sjer bezt þar sem þeir uxu upp í æsku, og að menn unna meira æskustöðvum sínum, en öðrum stöðum, – hvað er það annað en áhrif vanans? Hvað er ættjarðarástin annað en áhrif og afl vanans?

Hver skyldi nú vera orsök þess, að vaninn hefur svo mikið vald yfir mönnum og svo mikil áhrif á mannlífið? Jeg álít, að það sje trú manna á reynsluna; menn vilja heldur fylgja því sem menn eru vanir, því sem þeir eða feður þeirra hafa reynt, en því, sem enn er lítt reynt, og er það að mörgu leyti eigi óskynsamlegt. En þess ber samt að gæta, að trúa ekki of mikið á reynsluna, – vilji menn komast feti fram, verða menn að reyna sjálfir.

Ef vaninn segir við þig: „Varaðu þig! Farðu gætilega þar sem lítið er rannsakað, og leggðu ekki sterkan trúnað á það, sem þjer er sagt, án þess að sterkar sannanir fylgi!“ Þá skaltu hlýða rödd hans, og þá verða áhrif hans góð. En segi vaninn: „Skiptu þjer ekkert af þessum nýju siðum; – láttu þjer nægja það, sem forfeður þínir ljetu sjer nægja!“ – Þá skaltu brjóta bönd hans af þjer og troða upp í eyrun þegar hann reynir að keyra þig þannig í dróma lítilmannlegrar apturhaldsstefnu.<sup>1</sup>

---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1895. Vorpróf 4. bekkur.

## Guðmundur Guðmundsson

Guðmundur fæddist árið 1874. Hann lauk prófi frá Lærða skólanum árið 1897. Að því loknu stundaði hann nám við Læknaskólann í Reykjavík, en hætti því og sneri sér að ritstörfum og kennslu í Reykjavík og á Ísafirði. Hann var afkastamikill á ritvellingum, bæði sem ljóðskáld, þýðandi og ritstjóri. Guðmundur lést árið 1919.<sup>1</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

[...] Allvel gáfaður, en las illa námsgreinar sínar, en las mikið utanhjá af skáldritum; fékkst mikið við ljóðagerð, og þótti takast sæmilega, enda allhugmyndaríkur, en ókritisur [...]<sup>2</sup>



## *Að lýsa afli og áhrifum vanans*

(1895)

Vjer sjáum hvervetna hve ríkt afl vanans er, og hve mikil áhrif hann hefur á framferði einstakra manna og heilla þjóða. Vjer sjáum einnig, að þótt einhver maður hafi margar venjur, þá eru þær ekki allar jafn rótgrónar í hugskoti hans, heldur eru þær sterkastar og áhrifamestar, sem eru elztar. Því eldri sem einhver venja er, því meiri eru áhrif hennar, og sökum þessa eru gamlir menn jafnan fastheldnari við fornar venjur, en ungir menn. Þær venjur fá að jafnaði mest ráð yfir hverjum manni, sem honum eru innrættar frá barnæsku; þær ná opt svo mikilli festu, að það stóðar eigi, þegar maðurinn er orðinn gamall, þótt yngri menn segi honum, að betur megi fara á annan hátt. Vaninn hefur þá fengið svo mikil yferráð yfir honum, að hann getur eigi losað sig undan þeim, jafnvel þótt hann sjái að þau sjeu skaðleg. Vaninn getur einnig fengið mjög mikla festu hjá heilum þjóðum. En eigi er því þó svo varið, að hinar sömu venjur haldist ávallt við í sama landi, því að á stundum koma fram einstök mikilmenni, sem eru svo að segja hafin yfir vanann; slíkir menn koma opt af stað miklum breytingum í venjum heilla þjóða. Venjur þjóðanna breytast einnig mjög mikið sökum þess, að aðrar þjóðir og aðrar venjur hafa áhrif á þær. Fyrir því eru þær þjóðir að jafnaði fastheldnastar við fornar venjur, sem hafa minnst mök við erlendar þjóðir, svo sem Kínverjar og flest alþýða manna hjer á Íslandi.

Áhrif vanans eru mjög mikil; þau eru á stundum góð, en stundum næsta skaðleg. Einna skaðlegust verða áhrif vanans, þegar þau eru því til fyrirstöðu

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. II. bindi, bls. 151.

2 *Þí* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1896-1897, bls. 121.

að nýjar skoðanir og nýjir siðir, sem mundu hafa betri áhrif, ryðji sjer til rúms. En vjer sjáum þess mjög mörg dæmi, og ekki sízt hjer á landi, að eldgamlar og illar venjur gjöra það að verkum, að menn sjá ekki hvað illa fer, og hverju er ábótavant. Þessi áhrif vanans koma helzt fram, þegar hann er orðinn svo rótgróinn hjá einhverri þjóð, að hún vill ekki sjá hvað betur má fara.

Áhrif vanans geta einnig opt verið góð og gagnleg. †msar venjur sem hafa fest rætur hjá heilli þjóð, geta gjört henni ómetanlegt gagn með því, að greina hana frá öðrum þjóðum, sem hún ella mundi hafa blandazt saman við, og að lokum hætt að vera til sem sjerstök þjóð. Þessa sjáum vjer mörg ljós dæmi í sögu mannkynsins. Ef Grikkir hefðu ekki haldið trú sinni og þjóðsiðum og venjum, þrátt fyrir yfirráð Tyrkja, þá mundu þeir nú ekki vera til sem sjerstök þjóð. Vani og fastheldni við fornar venjur getur og forðað bæði einstökum mönnum og heilum þjóðum frá því, að rasa að nýjungum og breytingum, sem mundu hafa illar afleiðingar í för með sjer.<sup>1</sup>

### *Jón Þorláksson*

Jón fæddist árið 1877. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1891, lauk burtfararprófi 1897 og prófi í verkfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1903. Jón gegndi ýmsum embættum um ævina, var landsverkfræðingur 1905-1917, forstöðumaður Iðnskólans 1905-1911, formaður Íhaldsflokksins og síðar Sjálfstæðisflokksins, borgarstjóri, fjármálaráðherra og forsætisráðherra. Hann lést árið 1935.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Mjög lágur vexti, heldur laglegur í andliti. Ágætum námsgáfum gæddur og stundaði skólanámið mjög vel, einkum síðari árin, enda „examensmaður“ mikill; hann var því mjög vel að sjer í námsgreinum skólans, en mun vart hafa lesið mikið utanhjá nema „rómana“, enda ekki fróður um margt. Stærðfræðingur góður, skynsamur vel og allvel máli farinn. Gaf sig allmikið að skólamálum. Reglumaður. Hann hlaut ágætiseinkunn.<sup>3</sup>



- 
- 1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1895. Vorpróf 4. bekkur.
  - 2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 317.
  - 3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1896-1897, bls. 118.



## XX. Lýðræði og önnur stjórnarform

Í þessum kafla eru ritgerðir sem fjalla um ólík stjórnarform í mannkynsögunni, kosti þeirra og galla. Sjá má að ritgerðirnar eru skrifaðar á tímum mikilla breytinga innan evrópskra stjórn mála; ný ríki eru að myndast á meðan önnur liðast í sundur, frjálshyggja og íhaldssemi togast á og grunnur er lagður að ólíkum stjórn málastefnum er áttu eftir að koma fram á tuttugustu öld. Í ritgerðunum má greina sterkan anda sjálfstæðisbaráttunnar, enda leggja piltarnir mikla áherslu á að frelsi þjóðanna sé grundvöllur hagsældar og að bágborið ástand á Íslandi fyrr á öldum megi rekja til erlendra yfirráða. Hins vegar þurfi þjóðir að kunna að fara með frelsið, því annars geti það orðið þeim að falli.

Meðal höfunda eru Jóhann Þorkelsson, (1851-1944) síðar prestur, Sigurður Magnússon (1869-1945) síðar læknir og Indriði Einarsson (1851-1939) síðar hagfræðingur og leikritaskáld.



*Hvað er skilið við borgaralegt fjelag,  
hvað er það, sem heldur því,  
og hvað er það, sem verður því til sundrunar?*

(1871)

Af því að hver finnur til þess, að hann er eigi sjálfum sjer nógur, að hann getur eigi mætt öllu, sem fyrir hann kemur einn, þá eru mennirnir vanir að fá sjer hjálparmenn, sem geti staðið við hlið þeim og hjálpað þeim. Þannig hjeldu ættirnar saman í fornöld og ljetu hinn elzta ráða fyrir sjer, því þær vissu hann vera reyndastan og sáu, að þær gátu orðið farsælastar, ef þær hlýddu hans boðum. En skjótt varð sú raunin á, að þær voru of fámennar, til að verja sig gegn ofríkismönnum, svo fjelög þessi stækkuðu óðum, og að lokum urðu þau heilar þjóðir og opt margir þjóðflokkar.

En hvað eru þessi fjelög, og hvaða tilgang hafa þau? Þau eru sambönd, sem hafa þann tilgang að öðlast farsæld í sameiningu, og til þess, á hver í sambandinu að styrkja hina.

Til þess að fjelög þessi haldist saman og nái takmarki sínu, þá verður að stjórn þeim. Í rauninni hefur hver maður í þeim rjett til að eiga þátt í stjórninni, og hefur það verið gjört (t.d. Aþenuborg), en reynslan hefur sýnt, að það getur farið illa, því að eigi eru allir hæfir, eða færir til þess. Fyrir því hefur hinum beztu úr fjelaginu verið fengin stjórnin í hendur, og hefur eðli manna þeirra, sem í fjelaginu eru, optast nær ráðið skilmálunum, sem stjórnarar þeirra skyldu bindast. Skylda stjórnandanna er sú, að sjá fyrir fjelaginu, halda því við, og halda því saman. Til þess, að geta haldið því saman þurfa þeir að geta haldið við samlyndi, því það er hið eina meðal til að halda fjelagi saman. Þeir þurfa því, að nema allt það á brott, sem geti verið jafnvel hið minnsta fræ til óánægju, því ef engin orsök er til hennar, þá kemur hún eigi fram. En þetta má eigi allt heimta af stjórnendunum, en hver einstakur maður á að hjálpa þeim, því þeir geta eigi sjeð allt og vitað allt; ef stjórnendur gera þetta og fjelagslimirnir hjálpa þeim, þá fer vel, því að

Frægur foringji  
stýri fræknu liði;  
því fylgir sverði sigur.

Svo segir eitt af skáldum vorum, og mun það satt reynast.

Hvað veldur sundrungu hins borgaralega fjelags? Henni veldur ósamlyndi, og eins fjarlæggar orsakirnar til ósamlyndis eða sundurlyndis. Orsakirnar til sundurlyndis eru margar: t.d. stjórnleysi, því þá vaða hinir verri uppi og gjöra fjelaginu ógagn, og við það verða deilur og þrætur og hver höndin uppi á móti annari. T.d. ef stjórnendurnir fara betur með nokkurn hluta fjelagsins, en hafa annan út undan, því allir menn vilja hafa jafnrjetti við samborgara sína. Það, sem veldur þá sundrungu borgaralegs fjelags, er þá sundurlyndi, sem að mestu leyti er sprottið af stjórnleysi. Önnur orsök getur og verið til sundurlyndis, og hún er sú, að fjelagið sje sett saman af ólíkum þjóðum, því þá geta góðir stjórnendur eigi ráðið við; en hvernig hafa þær gengið í eitt fjelag? Það hefur vanalega orðið svo, að önnur hefur kúgað aðra undir, og þá er eigi við því að búast, að neinn geti lengi haldizt nauðugur í fjelaginu. Ef samlyndið helzt eigi við, þá kemur óánægjan og sundurlyndið, og hver höndin verður uppi á móti annari, og þá fer svo, að

Brædr munu berjask  
ok at bönum verðast  
munu systrungar  
syfjum spilla.<sup>1</sup>

---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1871. Vorpróf 4. bekkur.

## *Indriði Einarsson*

Indriði fæddist árið 1851. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1866 og lauk burtfararprófi 1872. Indriði lauk prófi í hagfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1877 og starfaði lengst af í fjármáladeild stjórnarráðsins. Indriði var jafnframt afkastamikið leikskáld. Hann lést árið 1939.<sup>1</sup>



### *Að flokka og útpýða hin ýmislegu stjórnarform, er fyrir koma í mannkynssögunni*

(1872)

Þegar vjer lítum yfir mannkynssögu bæði forna og nýja, virðist oss svo sem stjórnarfyrirkomulag þeirra skiptist í tvennt, í tvær greinir, er allar stjórnarskipanir megi heimfæra undir. Þessir höfuðstjórnflokkar eru einveldi og þjóðveldi.

Til einveldis (Monarchie) má telja: óbundið einveldi, einræðisstjórn (Absolutisme, Tyrannies) og bundið einveldi (constitutionelt Monarchie).

Til þjóðveldis (Republik) heyrja: höfðingjastjórn (Aristokratisk stjórn), alþýðustjórn eða lýðstjórn (Demokratisk stjórn) og fámennisstjórn (Oligarchie).

Þessar stjórnmyndir eru, að ætlun vorri, hinar helztu og tíðkanlegustu í þjóðasögunni, og má finna margar þeirra, ef eigi allar í sögu sumra þjóða, t.a.m. Aþenuborgarmanna. Sú, sem einna sjaldnast kemur fyrir á seinni tímum, er ef til vill fámennisstjórnin.

Þegar vjer eigum að skýra hið einkennilega við þessar stjórnarskipanir, má geta þess, að nöfnin sjálf sýna oss glögglega höfuðmismun og einkenni þeirra.

Þar, sem einveldi er, ræður einn maður stjórninni, og vilja og boð hans má skoða sem lögmál þjóðarinnar; hann ræður meira eða minna hag hennar og ásigkomulagi. Þessari stjórnarskipun skiptum vjer í tvær greinir, óbundna einveldisstjórn, þar sem stjórnandinn, hvort sem hann nefnist keisari eða konungur hefur ótakmarkað stjórnarvald, og ræður lögum og lofum, svo að eigi má ripta eða á neinn hátt breyta; boð hans er óbrjótanleg lög fyrir þjóðina. Bundið er einveldið, þegar stjórnandi verður að leita samþykkis þjóðarinnar í ýmsum málefnum; getur þjóðin þá opt haft rjett til þess að stinga upp á lögum og stundum framkvæmdarvald, er lög eru fengin, og á ýmsan annan hátt geta stjórnendur verið takmarkaðir.

Þegar vjer tölum um þjóðveldið, tökum vjer fyrst hið einkennilega við það

---

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. II. bindi, bls. 392-393.

í heild sinni. Þar ráða fleiri en einn stjórninni, og þar hefur vilji þjóðarinnar jafnan meira gildi. Stjórnendur eru þar fremur skoðaðir sem fulltrúar þjóðarinnar eða verkamenn, en sem feður eða forráðsmenn. Höfðingjastjórn er kölluð, þar sem stórmenni ræður landsstjórn og rjetti, en alþýða manna hefur lítið eða ekki að segja; kemur slík stjórn opt upp úr alþýðustjórn, en svo er kölluð sú stjórn, þar sem almúgi, bændur og borgarar, hafa fullan rjett til jafns við tigna menn og ráða framkvæmdum og fyrirtækjum í sameiningu, greiða atkvæði til laga og úrskurða málefni þjóðleg.

Fámennisstjórn er kölluð, þegar fleiri en einn, en þó eigi margir hafa stjórn-  
tauma ríkisins í höndum, og er hún að nokkru leyti sem milliliður milli beggja flokkanna, en sýnist þó standa nær hinum síðari. Þessi stjórnarskipun kemur helzt eptir alþýðustjórn eða óstjórn (Anarchie) og stundum einveldi upp úr henni.

Einnig mætti skipta stjórnforminu í alla þessa flokka sem hliðarflokka (coordineraða), í staðinn fyrir það, sem hjer er gjört, að hafa tvo aðalflokka, en hina „subordineraða“.<sup>1</sup>

### *Jóhann Þorkelsson*

Jóhann fæddist árið 1851. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1873 og prófi frá Prestaskólanum 1875. Hann starfaði sem prestur í Mosfellssveit og síðar við Dómkirkjuna í Reykjavík. Jóhann lést árið 1944.<sup>2</sup>



## *Þýðing frjálsrar stjórnarskipunar fyrir þjóðirnar*

(1893)

Því munu allir samdóma, að það hafi mikla þýðingu fyrir hverja þjóð hvernig henni er stjórnað, eða með öðrum orðum, hvernig stjórnarskipun hennar er. En um hitt eru skoðanir manna umdeildar, hver stjórnarskipun sje affarasælust fyrir land og lýð, og um það efni hafa bæði fyr og síðar orðið miklar og ákafar deildur, bæði á milli einstakra manna og stærri eða minni flokka, sem hafa haft afskipti af opinberri stjórn. Frjálsleg er stjórnarskipunin kölluð, þegar hún heimilar hverjum einstaklingi þjóðarinnar hluttöku í stjórninni. Hver áhrif og þýðingu slík sjálfsstjórn hefur fyrir þjóðina fer eptir andlegum þroska og hyggindum þjóðarinnar sjálfrar. Einnig er munur á hvort þjóðin hefur aðeins nokkurn þátt í stjórninni eða hún hefur alla stjórnartauma í sinni hendi.

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1872.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 385.

Frelsið í sjálfu sjer er gott og verður til heilla þeim, sem njóta þess, svo framarlega sem eigi vantar vit og vilja til að beita því á rjettann hátt. Ófrelsisbönd tálma frjálsu hreifingum þeirra, sem í þau eru hnepptir og eru til fyrirstöðu, framförum og framsókn þeirra og liggja, sem farg á þeim, er ávalt heldur þeim niðri. Rík ófrelsisbönd, er á mörgum þjóðum hafa hvílt um langan aldur hafa verið til ómetanlegs tjóns fyrir þær og sökkt þeim niður í eynd, volæði, fátækt, ósjálfstæði og menntunarleysi, og þá fyrst er losað hefur verið um þau, hefur þeim getað miðað áfram til velmegunar, manndáðar og þekkingar.

Bæði frelsi og ófrelsi getur verið á mismunandi stigi; þegar ófrelsið er á mjög háu stigi, þá hefur það hina fyrstöðu ókosti í för með sjer, en frelsið aptur á móti, þegar því er beitt í hófi og með skynsemd, þá kosti sem gagnstæðir eru þessum ókostum, og liggur því í augum uppi, að það hefur eigi lítillsvarðandi þýðingu fyrir þjóðirnar. En eins og ófrelsi hefur marga og mikla ókosti í för með sjer, eins getur ótakmarkað frelsi haft ill áhrif hjá þeim, sem eigi kunna með að fara, og eru allmörg dæmi þess; þó má eigi kenna slíkt frelsinu sjálfu, heldur skammsýni og óviturleik þeirra, sem með fara. Nokkrir eru þeir, er kalla alla stjórn, lög og reglu ófrelsi, og jafnvel þær ákvarðanir, sem miða að því að tryggja og varðveita mannrjettindi og sjálft frelsið. Þeir menn, sem þannig er háttáð, kunna hvorki að stjórna sjer nje öðrum, og þeim er eigi hollt óbundið frelsi og betra er fyrir þá að aðrir stjórni þeim, sem hafa meira vit og forsjálmi til að bera. Ef í einhverju þjóðfjelagi eru eingöngu eða mestmegnis slíkir menn, sem nú voru taldir, þá er það ekki fært um að stjórna sjer sjálft. Það er eins með þjóðirnar eins og einstaklingana, að þær á lágu menntunarstigi eru ekki færar um að hafa eins mikið frelsi sem á háu menntunarstigi. Líka fer það nokkuð eptir lyndiseinkunn þeirra, hvort þær eru gætnar og stilltar eða óhyggna og vanstilltar.<sup>1</sup>

### *Magnús Arnbjarnarson*

Magnús fæddist árið 1870. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum árið 1893 og prófi í lögfræði frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1900. Hann starfaði lengst af sem lögfræðingur í Reykjavík. Magnús lést árið 1956.<sup>2</sup>



1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1893. Vorpróf 6. bekkur.  
2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 341.

## *Þýðing frjálsrar stjórnarskipunar fyrir þjóðirnar*

(1893)

Um langan aldur hafa mennirnir lifað saman í fjelögum og í þeim hafa lög verið sett og menn skipaðir til þess að gæta þess, að eptir þeim yrði breytt, og yfir höfuð að tala til að annast um velferð og heill fjelagsins og stjórna því. Tilhögunin á slíkri stjórn nefnist „stjórnarskipun“. Þó að stjórnarskipun geti í rauninni átt heima í svo litlum fjelögum sem vera skal, er venjulegast átt við heilar þjóðir eða ríki. „Stjórnarskipunin“, eptir almennum skilningi orðsins, er því tilhögun á stjórn þjóðfjelagsins eða ríkisins.

Stjórnarskipunin er nauðsynleg fyrir þjóðirnar; án hennar getur svo að segja engin menning þrífist eða framfara verið að vænta. Þá mundu menn spilla hver fyrir öðrum; það, sem einn bygði, mundi annar rífa, í staðin fyrir, að í þjóðfjelögunum hjálpa menn hver öðrum að meiru eða minna leyti.

Það er eigi nóg að einhver stjórnarskipun sje hjá þjóðunum; hún verður að vera góð og haganleg, en það getur hún trauðla verið, nema hún sje frjáls, eða þegar hún stendur einstaklingunum í vegi á brautinni til þroska og farsældar. Munum vjer nú sýna, hverja þýðingu frjáls stjórnarskipun hefur fyrir þjóð-irnar.

Ófrjáls stjórnarskipun heptir einatt atvinnuvegi manna, svo að arðurinn af þeim verður miklum mun minni, og svo mikið getur ófrelsið orðið, að mjög örðugt sje fyrir almenning að verða efnaðan. Dæmi þess má sjá á Tyrkjum nú á dögum. Almenningur er þar snauður, enda á hann við mikið ófrelsi að búa, og stjórnin og embættismennirnir fjefletta hann. Af þessu sjáum vjer, að frjáls stjórnarskipun er nauðsynleg í tilliti til efnahagsins.

Ef vjer virðum fyrir oss þjóð, sem á við ófrjálsa stjórnarskipun að búa, þá sjáum vjer, að stjórnin fer einatt með þegnana, svo sem þeir væru börn, ómyndugir eða ófrjálsir menn. Það er hætt við, að þegnarnir hætti að hugsa um að þroskast og taka framförum og komast áfram í heiminum, þegar stjórnin skiptir sjer of mjög af breyttni þeirra og leggur of mikil höpt á hana. Dæmi þess sjáum vjer á Kínverjunum. Þeir hafa snemma komizt á allhátt mennta- og menningarstig, en stjórnin hefur verið of rík hjá þeim og skipt sjer af of miklu og lagt þannig höpt á þroska og sjálfstæði einstaklinganna. Þegar þegnarnir hafa þannig vanist á „handleiðslu“ stjórnarinnar, hafa þeir hætt að geta bjargað sjer sjálfir sem skyldi.

Það eru eigi aðeins Kínverjar, sem eru með þessu marki brenndir, heldur allar þær þjóðir, sem ófrjálsa stjórnarskipun hafa og með ótal dæmum má

sanna, að þær þjóðir, sem nú hafa frjálsa stjórnarskipun, hafa tekið miklu meiri framförum eptir að þær hafa fengið hana en áður á jafnlöngum tíma.

Þýðing frjálsrar stjórnarskipunar kemur því þannig því til leiðar, að hinn andlegi þroski þegnanna vex, því þá fá þeir meira færi á að nota krapta sína, og við það verða fullkomnari hinir andlegu hæfileikar. Þegar menn svo komast á hærra þroskastig, verður hinn ytri hagar þeirra betri, því þeir sýna meiri duggnað, framsýni og umhyggju.

Eins og af flestu öðru, getur verið of mikið af frelsinu, og kallast það þá stjórnleysi, og er það engu betra en ófrelsið. Svo er og hægt að vanbrúka frels-ið, og þess dæmi sjáum vjer opt, en ekki verður við öllu sjeð, og til eru óefað þeir menn, sem ófrjálseg stjórnarskipun er betri fyrir en frjálseg, en því betur eru þeir tiltölulega fáir.<sup>1</sup>

### *Sigurður Magnússon*

Sigurður fæddist árið 1869. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1893 og prófi í læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla 1901. Hann var lengst af yfirlæknir á Vífilsstöðum. Sigurður lést árið 1945.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður á hæð, en þrekvaxinn og karlmannlegur, dálítið lotinn í herðum, hvítur á hár og hrokkinhærður; frekknóttur í andliti bláeygur og svipgóður, nefstór og stórskorinn. Allvel gáfaður, en stundaði námið naumast meira en í meðallagi síðari árin. Geðprýðis-maður hinn mesti og hinn vinsælasti. Dans-maður mikill og gaf sig töluvert við skemmtunum. Fjelagsmaður góður, ritaði nokkuð, en talaði minna. Forseti Framtíðarinnar síðasta ár sitt í skóla. Reglum. ágætur.<sup>3</sup>



## *Þýðing frjálsrar stjórnarskipunar fyrir þjóðirnar*

(1893)

Það er öllum mönnum meðskapað að hafa mætur á frelsinu, ef þeir eru frjálsir, og girnast það, ef þeir eru á einhvern hátt kúgaðir. Ófrelsið drepur niður kjarkinn, veikir áræðið, gjörir menn ósjálfstæða og stendur öllum veraldlegum og andlegum framförum fyrir þrifum. Það er þessi óvinur mannkynsins, sem

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1893. Vorpróf 6. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 483.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1892-1893, bls. 36.



Þjóðirnar hafa frá alda öðli barist við og verið að leitast við að sigra; enn í dag eru þjóðirnar að berjast fyrir frelsinu, og jafnan eru það helstu og beztu mennirnir, sem gjörast forkólfar slíkra styrjalda; margur góður og nýtur drengur hefur sætt ofsóknum, og jafnvel hlotið bana í stríðinu fyrir frelsi fósturjarðar sinnar; margur hefur orðið að fyrirláta fjármuni og föðurland, vini og vanda-menn af því, að hann setti sjer fyrir mark og mið að útrýma kúgun og ófrelsi, en leitaðist við að koma á fót frjálsri stjórnarskipun í landi sínu. Og það er sannarlega engin furða, þótt þjóðirnar hafi lagt mikið í sölnurnar til þess að öðlast frjálsa stjórnarskipun; því það er ekki neitt smáræði, sem um er verið að ræða, eða sem barist er fyrir.

Vér sjáum það ljóslega af veraldarsögunni, hversu mikill munur er á kjör-um þeirra þjóða, sem eiga frjálsri stjórn að fagna og þeirra, sem búa við kúgun og harðstjórn. Í skjóli frelsisins blómgast atvinnuvegirnir, samgöngur verða tíðari, fjelagsskapur dafnar, og það er, yfir höfuð að tala, eins og þjóðirnar þá fyrst finni til máttar síns, þegar þær eru engum háðar og geta komið vilja sínum fram í öllu því, er þær girnast. Stjórnarfyriřkomulagið hefur einnig áhrif á andlegt líf þjóðanna; því þar sem frelsi á heima, þar getur hver og einn sagt og ritað það, sem honum býr í brjósti; þar verða því miklu fleiri málefni rædd opinberlega, heldur en þar, sem strangt eptirlit er haft á hverju, sem talað eða ritað er. En við það, að menn ræða ýmis mikilsverð málefni á mannfundum, í dagblöðum og í tímaritum, við það eykst þekking manna í öllum greinum og þar af leiðir, að menn verða færari um að bjarga sjer í lífinu.

Vjer Íslendingar höfum bæði átt við frelsi og ánauð að búa. Allt fram undir miðja þrettánda öld voru Íslendingar sjálfum sjer ráðandi; þá var líka gullöld þjóðarinnar, eins og öllum er kunnugt. Svo rann frelsisstjarna þjóðarinnar í æginn, og þá fór einnig öllu smátt og smátt aptur; á seytjándu og átjándu öldinni kvað svo ramt að vesöld og eymdarskap þjóðarinnar, að hún hafði þá því sem næst týnt tungumáli sínu. En nú hefur þetta, sem og betur fer, fengið aðra og betri stefnu: Málið er aptur orðið hreint og fagurt, atvinnuvegirnir taka ár frá ári stórum framförum, eptir því sem vænta má hjá jafnlítilli þjóð og fátækri, sem Íslendingar eru. Og þessar framfarir eru bein afleiðing af því, að vjer höfum fengið stjórnarfyriřkomulag, sem er margfalt betra, en hið fyrra var, þótt það sje, ef til vill, eigi að öllu fullkomið. Þannig mætti náttúrulega tína til æði mörg dæmi úr veraldarsögunni, sem sýna beinlínis, að stjórnarfyriřkomulagið hefur mjög blessunarrík áhrif á þjóðirnar, ef það er frjálstlegt. En, eins og frjálstlegt stjórnarfyriřkomulag er gott, þegar það er notað í hófi, eins getur taumlaust sjálfræði orðið þjóðunum til falls.<sup>1</sup>

---

1 Þf – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1893. Vorpróf 6. bekkur.



### *Benedikt Þ. Gröndal*

Benedikt fæddist árið 1870. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1885 og lauk burtfararprófi árið 1893. Hann stundaði nám í Prestaskólanum, en gerðist kennari í Ólafsvík. Síðar varð hann bæjarfógetaskrifari í Reykjavík. Hann lést árið 1938.<sup>1</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Fremur hár vexti en grannur, vel vaxinn, haltur og gekk við hækju; frekknóttur, rauðhærður og smáfríður í andliti. Gáfaður vel og skáld allgott. Nám sitt stundaði hann miðlungi vel, fór úr skóla í 5. bekk sakir óreglu. Fjelagsmaður góður og ritaði og orkti mikið í fjelögum skólans, var það eink. Þjóðlegs efnis, er hann orkti. Söngmaður mikill og góður og gefinn fyrir glaðværð. Reglumaður ekki góður.<sup>2</sup>



---

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. I. bindi, bls. 125-126.

2 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1892-1893, bls. 39-40.



## XXI. Manngerðir

Í þessum kafla er að finna ritgerðir þar sem piltarnir svara spurningunni um það af hverju margir leitist við að villa á sér heimildir og þykjast vera aðrir en þeir eru. Piltarnir nefna helst að hégómagjarnir og drambsamir menn séu þar fremst í flokki. Ritgerðirnar eru frá árunum 1874 og 1877. Hér halda á penna meðal annarra Þorvaldur Thoroddsen (1855-1921) síðar náttúrufræðingur og Gestur Pálsson skáld (1852-1891).



*Hví leitast svo margir við, að sýnast það,  
sem þeir eru eigi?*

(1874)

Flestir menn munu vera þannig skapi farnir, að þeir reyna til þess, að skara fram úr öðrum í einhverju, annaðhvort í líkamlegu eður andlegu atgjörvi. Þetta á annaðhvort rót sína í fögrum og ráðvöndum hugsunarhætti eða í valda- og metorðagirnd. Sumir vilja afla sjer þekkingar og kunnáttu, til þess með því að geta gagnað mannfjelaginu og eflt vísindi og íþróttir eða reyna að skara fram úr í ágætum verkum og guðrækni, án þess með því að reyna til að kasta rýrð á aðra, heldur að eins með þeim tilgangi að komast sem næst fullkomunnar takmarkinu; aðrir hroka sjer upp yfir meðbræður sína og leitast við með keppni og drambsemi að taka öllum fram, án þess að hafa annan tilgang en að verða öllum frægari og drottna yfir löndum og lýðum. Það liggur því nærri fyrir þá menn, sem sækjast eptir fullkomnun eða reyna að skara fram úr öðrum, aðeins af metorðagirnd, frægðarlöngun eða hgegómagirmi, að þeir með öllu móti reyni að virðast meiri en þeir eru, því þeir líta eigi á hina innri verðugleika, heldur á það, að ljóma fyrir augum manna. Hgegómagirndin kemur mönnum opt til að grobba af mannkostum sínum, fegurð, auðæfum o.fl. þess konar, en opt er það, að þeir, sem mest láta af sjer, hafa minnsta hæfilegleika til að bera, en þeir, sem sanna mannkosti hafa, draga sig heldur í hlje.

Hgegómagjarnir menn leitast við með alskonar brögðum, að fullvissa menn

um að þeir sjeu öllum fremri, bæði að lærdómi og mannkostum en gleyma að leita hinnar sönnu vizku og hinnar sönnu dyggðar. Sumir halda, að þeir sjeu öllum fremri í öllu og reyna að sýnast það, ef þeir aðeins skara fram úr í einu.

Menn leitast og við að sýnast annað en þeir eru á annan hátt, það er að segja, þeir leitast eigi við að sýnast meiri menn en aðrir, heldur reyna að dyljast fyrir mönnum og látast hafa allt annan mann að geyma en þeir í raun rjettri hafa. Þetta getur haft margar orsakir, en þó optast einhverjar illar hvatir, t.d. eigingirmi, metorðagirnd, ágirnd og hræsni. Opt er það, að slíkir menn eru blíðmálir við alla og tala það, sem hverjum líkar, þykjast vera allra vinir, en svíkja alla í tryggðum, þegar mest á liggur, ef þeir halda, að þeir muni hafa einhvern hagnað af því eða ávinning; á slíkum mönnum er opt illt að vara sig, því þegar þeir eru orðnir leiknir í að dylja hugsanir sínar og tilfinningar undir grímu, þá verður sá, er vill komast undan klækjum þeirra og kænskubrögðum að hafa mikla lífsreynslu og taka vel eptir hverju atviki og smáatriði. Þessir bragðar-efir geta alls eigi gagnað mannfjelaginu heldur koma þeir til leiðar ósamlyndi, óánægju og hatri manna á millum, enda er það tilgangur þeirra, því þá geta þeir optast haft mestan hagnað sjálfir.

En fjarri fer því, að hulinshjálmurinn sá, er menn draga yfir hugsanir sínar og athafnir, ávallt hafi íllar afleiðingar fyrir mannfjelagið. Það getur stundum orðið til mikils gagns og blessunar bæði fyrir einstaka menn og heilar þjóðir. †msir stjórnmítingar hafa verið mjög leiknir í að dylja hugsanir sínar og ráð og hafa opt með því gagnað sjer og landi sínu. Sumir menn dyljast af metorðagirnd. Það er t.d. sagt um Sixtus páfa 5ta, að hann hafi komizt á páfastólinn með kænsku sinni og af því, hve vel honum tókst að dylja sinn innri mann; hann þóttist vera veikur og hrumur af elli og ófær til allra starfa, svo kardínálar hjeldu, að hann mundi brátt deyja, er hann væri seztur á páfastólinn og þá mundi verða að velja nýjan páfa; en þeim brást bogalístin. Sumir láta svo, sem þeir sjeu allra manna guðhræddastir og hræsna fyrir mönnum, annaðhvort af hjeómagirnd eða einhverjum öðrum óhreinum hvötum og af því þeir ætla, að þeir með því nái í meiri jarðnesk gæði eða völd eða fái á sig orð fyrir guðrækni og síðsemi. En opt eru þessir menn undir niðri mestu fantar og fúlmenni til allra hluta óhæfir.<sup>1</sup>

### *Þorvaldur Thoroddsen*

Þorvaldur fæddist árið 1855. Hann var tekinn í Lærða skólann 1868, lauk burtfararprófi 1875 og lagði stund á náttúrufræði við Kaupmannahafnarháskóla á árunum 1875-1880. Hann var kennari í Lærða skólanum 1885-1899, settist að í

---

1 Þf – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1874.

Kaupmannahöfn og var þar til æviloka 1921. Þorvaldur er einna þekktastur fyrir ritstörf sín á sviði náttúrufræða. Má nefna ritin *Ferðabók I-IV* (1913-1915), *Lýsing Íslands I-IV* (1908-1920), *Landfræðisaga Íslands I-IV* (1892-1894), o.fl..<sup>1</sup>

*Palladómur skólabræðra:*

Fremur lítill vexti; gáfaður vel; skemmtinn, gamansamur; vel þokkaður.<sup>2</sup>



*Hví leitast svo margir við, að sýnast það,  
sem þeir eru eigi?*

(1874)

Margir leitast við að sýnast vera það, sem þeir eru eigi af ótta fyrir mönnum. Hrekkjamennirnir reyna opt til þess að dylja hina hrekkvísu sál sína, svo lengi sem þeir geta; þess vegna leitast þeir við að sýnast saklausir menn og hrekklausir; enga menn þykjast þeir hata meir en hrekkjamenn og ekkert lasta þeir svo mjög sem hrekki og svik; þannig reyna þeir til þess að telja öllum þeim mönnum, sem þeir kynnast trú um það, að þeir sjeu vandaðir menn og góðir. Þetta gjöra þeir eigi einungis af ótta fyrir refsingu, heldur og af ótta fyrir því, að sjer gefizt síður kostur á að beita hinu sanna hugarfari sínu, ef þeir eigi fá dulið það. Hvorttveggja þetta er ótti fyrir mönnum. Glæpamaðurinn reynir af sömu ástæðum til þess að dylja hinn glæpauðga hug sinn, svo lengi sem unnt er. Þannig er fleirum farið. Aptur eru aðrir menn, sem leitast við að sýnast vera það, sem þeir eigi eru af sjálfáliti. Þeim finnst sem þeir sjeu mörgum eða einhverjum þeim kostum búnir, sem þeir eigi eru, og koma fram í sambúð sinni við aðra menn, sem þeir væru búnir atgjörvi því, sem að eins er ímyndað; mannleysingar vilja stundum sýnast afreksmenn til burða; þeir lofa mjög krapta sína, þegar þeir eiga tal um sig við aðra menn, og látast sem sjeu þeir búnir til hverrar aflraunar, sem er. Menntunarlitlir eða jafnvel menntunarlusir menn, leitast stundum við að sýnast lærðir menn og vísindamenn; þeir halda stundum langar ræður fyrir jafningjum sínum, sem þeim sjálfum og öðrum þeirra líkum finnst ómetanlegur lærdómur og vizka vera fólgin í; en þeir láta jafnvel opt eigi þar við lenda; þeir eru stundum búnir til þess, að eiga kappræður við þá menn, sem í raun og veru eru lærðir, og þá er svo sem auðvitað, að þeim finnst sjaldnast sem þeir sjálfir hafi ósigur. Enn eru aðrir menn,

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 248-249.

2 *Þf* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1874-1875, bls. 72.

sem leitast við að sýnast vera það, sem þeir eigi eru af hgegómagirnd. Þeir finna hjá sjer innilega löngun eptir því að hafa einhvern hæfileika, einhvern kost eða einhverja gáfu, sem þeir eigi finna hjá sjer; færi þessi löngun í rjetta stefnu, gæti hún ef til vill leitt menn þessa á veg til framfara og fullkonnunar; en hjer skal einungis ræða um hina röngu stefnu; í stað þess, að menn þessir ætla að láta löngun þessa vekja hjá sjer einlægán vilja og óbifánlega alúð, láta þeir hana leiða sig hráparlega afvega; þeir örvænta um það, að þeir nokkurntíma öðlist þetta, sem þeir sækjast svo mjög eptir, og þá taka þeir það ráð að leitast við að sýnast þó hafa það til að bera. Hátturinn, sem þeir hafa til þessa, er ýmislegur; sumir leitast við að breyta í ýmsum útvortis-háttum eptir einhverjum ágætismönnum í því, sem þeir æskja sjer; en með því að þeir gleyma opt sannmæli skáldsins alkunna: „parvum parva decent“ (Horat. Epist. 1,7), verða þeir til athlægis; stundum verður þeim og það á, að þeir líkja eptir löstum ágætismannanna, en eigi því í fari þeirra, er sámd er að. Margir eru aðrir hættir þeir, sem menn hafa til þess af hgegómagirnd að sýnast vera það, sem þeir eigi eru.

Þannig er það ætlan vor, að menn leitist við að sýnast vera það, sem þeir eigi eru, annaðhvort af ótta fyrir mönnum, sjálfsáliti eða hgegómagirnd. Stundum getur allt þetta þrennt fallið saman og stundum tvennt af því. En varla munu dæmi til þess, að mönnum hafi tekizt að sýnast vera það, er þeir eigi voru, þannig að engir aðrir menn hafi sjed það.<sup>1</sup>

### *Gestur Pálsson*

Gestur fæddist árið 1854. Hann var tekinn í Lærða skólann 1868 og lauk burtfararprófi 1875. Hann hélt til Kaupmannahafnar og lagði stund á guðfræði, en lauk ekki námi og kom heim til Íslands 1882. Hann var ritstjóri *Fjóðólfs* um skeið, stofnaði *Suðra* og vann einnig á skrifstofu landshöfðingja og Alþingis. Hann fór til Vesturheims 1890 og tók við ritstjórn *Heimskringlu*. Gestur er einna þekktastur af skáldverkum sínum. Hann lést árið 1891.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður að hæð, hálslangur mjög og illa vaxinn; gáfaður vel og skáldmæltur; heldur óreglumaður, óvinsæll af mörgum; óspar á fje.<sup>3</sup>



1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1874.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. II. bindi, bls. 37-38.

3 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1874-1875, bls. 71-72.

*Hví leitast svo margir við að sýnast að vera það,  
sem þeir eru eigi?*

(1877)

Mörgum er svo varið, að þeir hafa mjög mikið álit á sjálfum sjer og þykjast miklu meiri, en þeir í raun og veru eru og gjöra sjer allt far um, að öðrum sýnist hið sama. Hinn drambláti leitast á allan hátt við að sýnast meiri og nýtari maður en hann er og telur sig jafnsnjallan þeim, sem í öllu eru honum fremri. En þetta kemur af engu öðru en því, að hann vill, að aðrir hafi sig í hávegum og sýni sjer þann heiður, sem hann ekki á.

Hið mikla álit, sem maðurinn hefur á sjálfum sjer og hann vill að aðrir hafi á sjer, á opt rót sína í því, að hann þekkir ekki sjálfan sig eða hefur ekki vit á að rannsaka hæfilegleika sína, og er þess vegna einkenni á heimskum mönnum, en ekki vitrum, því að vitrir menn eru vanalega lítillátir, og sumir þeirra vilja jafnvel ekki sýnast það, sem þeir eru. Aðalorökin til þess, að maðurinn vill sýnast annað, en hann í raun og veru er, lýsir sjer í því, að hann vill vera heiðraður af öðrum; og talinn nýtari, en hann er, en það sprettur hvorttveggja af drambi og stærilæti.<sup>1</sup>

*Árni Þorsteinsson*

Árni fæddist árið 1851. Hann lauk prófi frá Lærða skólanum árið 1878 og prófi frá Prestaskólanum árið 1880. Hann var lengst af prestur að Kálfatjörn. Árni lést árið 1919.<sup>2</sup>



*Hví leitast svo margir við að sýnast að vera það,  
sem þeir eru eigi?*

(1877)

Oss mönnum er svo varið, að vjer viljum jafnan vera öðruvísi en vjer erum og erum aldrei vel ánægðir með sjálfa oss, einkum í samanburði við aðra; vjer viljum, að aðrir hafi meiri hugmyndir um oss en vjer finnum sjálfir, að vjer í raun og veru eigum skilið, og þetta knýr oss til að leitast við að sýnast öðruvísi

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1877.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. I. bindi, bls. 78-79.

í annara augum en vorum eigin; þetta á sjer stað hjá öllum, sem leita sjer upphéðar hjá mönnum og hugsa, að allt sje undir því komið að hafa mikil völd og metorð í annara augum. Það kemur daglega í ljós, að vjer reynum að sýnast öðruvísi en vjer erum, og hver og einn mun ekki geta borið á móti því, að hann hafi einhverju sinni reynt að sýnast öðruvísi, en hann átti að sjer, en hvað knýr oss þá einkum til þessa? Það er að minni hyggju eigingirmi og drambið, því að maðurinn er sannarlega drambsamt dýr og gjörir allt, sem hann getur til þess að upphefja sig. En sá, sem sjálfan sig upphefur, hann mun niðurlægjast.

Í trúarbrögðum leitast margir við að sýnast öðruvísi en þeir eru; sumir koma fram, sem væru þeir hinir guðhræddustu, hlýða messu þegar færi er á o.s.frv., en þessir eru opt hinir guðlausustu menn; þeir sjá, að ef þeir ljetu vonzku sína í ljósi, mundu allir góðir menn fyrirliða þá; þeir eru alveg bundnir við þennan heim, en hugsa ekki um, að einn er hjartnanna og nýrnanna rannsakari, og fyrir honum dugar ekkert yfirsýn guðhræðslunnar. Þessa verðum vjer varir, þegar á fyrstu tímum, t.d. hjá Faríseunum, sem reyndu til með öllu móti að afla sjer virðingar hjá mönnum; þá er þeir báðu, stóðu þeir á gatnamótum, þá er þeir föstuðu ljetu þeir sjá það á andliti sínu o.s.frv.

Mörgum tekst að hafa þetta yfirsýn um tíma, sumum lengur, sumum skemur. En á endanum kemst hið sanna jafnan upp, og er slíkt yfirsýn í mörgu tilliti hættulegt; hinir blíðmálustu menn eru opt hinir verstu og draga oss á tálár með fagurgala sínum, sem er einskis virði; þeir fá oss til að ætla, að þeir sjeu oss tryggir vinir, en snúa við oss bakinu, er í raunirnar rekur; þeir hafa einungis komið þannig fram til þess að afla sjer lofs. Einnig höfum vjer, því miður, margir þá galla og höfum margt illt gjört, sem oss finnst þó vera betra að reyna að leyna til þess að halda virðingu og metorðum sem lengst að auðið er.<sup>1</sup>

### *Jóhannes D. Ólafsson*

Jóhannes fæddist árið 1855. Hann lauk prófi frá Lærða skólanum árið 1878 prófi í lögfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1883. Hann var lengst af sýslumaður í Skagafjarðarsýslu. Jóhannes lést árið 1897.<sup>2</sup>



1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1877.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 37.



## XXII. Sagan og sjálfstæðisbaráttan

Í þessum kafla glíma skólapiltar við spurninguna um það hversu nytsamlegt það sé að vera vel að sér í sögu eigin lands. Í ritgerðunum kemur fram sterk framfaratrú þar sem bent er á nauðsyn þess að þekkja söguna til að vita hvað hafi komið þjóðinni á framfarabraut og hvað hafi hamlað frekari framförum hennar. Piltarnir töldu að söguna bæri að nota sem vopn í sjálfstæðisbaráttunni, og bentu á að ef Íslendingar þekktu ekki sögu sína, þá ættu þeir engar kröfur á hendur Dönnum fyrir sjálfstæði þjóðarinnar.<sup>1</sup>

Hér taka til máls meðal annara Matthías S. Þórðarson (1877-1961) síðar þjóðminjavörður og Halldór Hermannsson (1878-1958) síðar bókavörður og prófessor.



### *Að útlista, hversu nytsamt það sje að þekkja sögu þjóðar sinnar*

(1871)

Sagan segir frá framförum og apturförum hvernar þjóðar, hvað hafi eflt framfarir hennar og hvað hafi hnekkst þeim. Nú er hverjum þeim manni, er dugandi vill verða fyrir þjóðfjelagið, nauðsynlegt að vita, hvernig hann megi efla framfarir þess en sporna við apturförum. En hvernig fær hann gjört það? Eigi, nema því aðeins, að hann þekki sögu þjóðar sinnar, sem segir svo skýrt og rjett frá þessu. Þessa fróðleiks getur hann eigi aflað sjer, nema hann hafi hann úr sögunni; reynsla hans, þó mikil kunni að vera, verður honum ónóg, nema hann þekki sögu þjóðar sinnar og kunni að færa sjer hana í nyt til eflingar landi og lýð.

Sá einn, er þekkir söguna, kann að efla framfarir þjóðarinnar og sporna við apturförum hennar. Af hverju kemur það? Einmitt af því, að sagan segir svo

---

1 Sjá nánar um tengsl þjóðernishyggju og sagnaritunar, Ingi Sigurðsson, *Íslensk sagnfræði frá miðri 19. öld til miðrar 20. aldar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 15 (Reykjavík, 1986), bls. 81-85.

greinilega frá því, er eflt hefur framfarir hennar, og á hinn bóginn, hvað hefur hnekkð þeim; en þó virðist svo stundum, sem eigi dugi þau hin sömu ráð, er sagan getur um, en það kemur til af því, að dugað hafi í þeim eða þeim mál-efnum; en það kemur af því, að tímarnir breytast, en þeir breyta og öllu, og verður því hver sá, er færa vill sjer söguna í nyt, að gæta þessa vandlega; er og sagt frá þessu í sögu hverrar þjóðar. Hinn sögufróði sjer þannig sker þau, er hann þarf að forðast, til þess að koma fram áformi sínu, og neytir hinna sömu bragða til þess að koma því fram, sem hann af sögunni sjer að hentugust eru, það er að segja með þeim breytingum, er tíminn krefur. En aptur á móti fer optast svo fyrir þeim, er ósögufróður er, og þeim er styðst við sína eigin reynslu, að hann rekur sig einmitt á sömu agnhnúana, sem getið er um í sögunni, að hafi orðið þessu sama máli að fjörlesti, og sjer maður þannig hversu nytsamt það er að vera sögufróður. Hver einstakur maður getur þannig með söguþekkingu sinni bæði eflt sína heill og heill þjóðarinnar, og gjört það án þess honum þurfi að skjátla nema lítið eitt, þar sem þar á móti allt er komið undir heppninni, hvort hinum ósögufróða muni takast það. Virðist mjer svo nægilega sýnt, hversu söguþekkingin sje nytsöm.<sup>1</sup>

### *Þorvarður Andrés­son Kjerulf*

Þorvarður fæddist árið 1848. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1864, lauk burtfararprófi 1871 og læknaprófi 1874. Hann var héraðslæknir á Fljótsdals­héraði og alþingismaður á árunum 1881-1891. Þorvarður lést árið 1893.<sup>2</sup>



### *Að útlista, hversu nytsamt það sje að þek­kja sögu þjóðar sinnar (1871)*

Það er almennt álit­ið, að þekking á sögunni sje mjög nytsöm og áriðandi og það svo, að hún kenni mönnum að lifa, eins og hið latínska máltæki segir: „Historia vitae magistra“. Það má því segja, að sá kunn­i eigi að lifa, er eigi þekkir neitt til sögunnar; honum er líkt farið, og þeim manni, er gengur í þoku, og sjer að eins skammt frá sjer og veit eigi af neinu nema því, er gjör­ist rjett í kringum hann; hann hefur fátt eða ekkert sjer til leiðbeiningar, og er því hætt við, að hann villist af hinum rjetta vegi. Þannig er þeim manni varið, sem eigi

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1871. Vorpróf 6. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 254.

þekkir neitt til sögunnar, hann veit eigi neitt nema það, er gjörist kring um hann og um hans daga; hann hefur því fátt við að styðjast á lífsleið sinni; en sagan er nokkurs konar leiðtogi á lífsleið vorri. Hún sýnir oss lífsferil mannkynsins í heild sinni; hún bendir oss á ýmsa þá afvegi, er menn hafa villst inn á, og hún sýnir oss einnig mörg heilla- og framfarastig hjá þjóðunum; og yfirhöfuð er sagan full af þeim dæmum, er oss geta að miklu gagni orðið, ef vjer færum oss þau rjettilega í nyt, bæði oss til viðvörunar og til eptirbreytnis. Menn segja að eptirleikurinn sje hægri, og svo er um þetta, að ef menn þekkja söguna og aðfarir hinna eldri manna, þá geta menn víða sjeð, hvar þeim hefur skjátlazt, og geta því komizt hjá þeim misfellum, er orðið hafa á hjá þeim.

Eins og það er nytsamt, að hafa almenna þekkingu á sögunni yfir höfuð, svo er það og nytsamt fyrir hverja þjóð út af fyrir sig að þekkja sögu þjóðar sinnar sjerstaklega, því að hvert land og hver þjóð hefur ýmislegt sjerstaklegt við sig, og má eigi í öllu laga sig eptir siðum og háttum annara þjóða, heldur verður hún að sníða sjer stakk eptir vexti, en til þess að hún geti sniðið stakkinn eptir vexti eða svo, að hann fari vel, þá þarf hún að þekkja vöxt sinn. Menn mega eigi fara einungis eptir þeim vexti og því útliti, sem þjóðin hefur í þann og þann svipinn, heldur verða þeir að þekkja, hvernig þjóðin hefur myndast og hvernig hún hefur vaxið eða hvernig hún hefur verið á sig komin á þeim og þeim tíma.

Ef menn þekkja sögu þjóðar sinnar, þá þekkja þeir einnig þá menn, er mestu hafa til leiðar komið hjá þjóðinni, hvort heldur það hefur verið til góðs, eða ills, og geta þeir lagað sig eptir dæmum þeirra. Þeir sjá, hvaða fyrirtæki hafa haft beztan árangur og hvað hefur orðið til ógagns fyrir þjóðina, hvaða atvinnuvegir hafa haft beztan framgang, o.s.frv. Þeir sjá og, hver viðskipti forfeður þeirra hafa haft við aðrar þjóðir og í hvaða sambandi þeir hafa verið við þær, og sjá því bæði hvað þeir eru þeim skyldugir og hvers þeir geta aptur með sanngirni af þeim þjóðum krafizt.

Sagan er því hin bezta hjálp til þess að halda uppi rjetti þjóðarinnar, gegn öðrum þjóðum, sem hún hefur haft viðskipti við. Þannig er t.a.m. með oss Íslendinga, að ef vjer eigi þekktum neitt til sögu vorrar og vissum eigi, í hvaða sambandi vjer höfum stadið í við Noregsmenn og Dani, þá hefðum vjer nú engar sanngjarnar kröfur til Dana og yrðum því að beita rjetti vorum samkvæmt því, sem hagar vor nú stendur, án nokkurs tillits til þess umliðna.

Það er því auðsætt að þekking á sögunni er ómissandi til að ná sönnum framförum.<sup>1</sup>



1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1871. Vorpróf 6. bekkur.

## Árni Jóhannsson

Árni fæddist árið 1842. Hann lauk námi frá Lærða skólanum 1871 og prófi frá Prestaskólanum árið 1873. Honum var veittur Glæsibær í Eyjafirði sama ár. Árni drukknaði árið 1880 í kaupstaðarferð.<sup>1</sup>



### *Að útlista, hversu nytsamt það sje að þekkja sögu þjóðar sinnar* (1871)

Það er í öllu tillit mjög nytsamt og öldungis áriðandi að þekkja sögu þjóðar sinnar, því að af henni geta menn sjeð, hvaðan þjóðin er í öndverðu, hvort hún hefur ávallt verið í sama landi frá því fyrst, að sagan þekkir hana, eða hún hefur fluttst frá sínum upprunalega aðseturstað og tekið sjer bólfestu í tjarlægð og þannig fengið á sig annan blæ en hún hafði í öndverðu; breyst að síðum og máli, og þannig að nokkru leyti misst þjóðerni það, er hún hafði í öndverðu, því að þess sjá menn víða dæmi í mannkynssögunni.

Á sögu þjóðar sinnar sjá menn framfarir hennar og apturfarir á hverjum tíma; sagan sýnir manni, hvað það er, sem hefur steipt þjóðinni og hvað það er, sem hefur stutt hana; enn fremur sjá menn af sögu þjóðar sinnar, hverjir hafa verið mestir ágætismenn á hverjum tíma, og hverjum vjer eigum, sjer í lagi, að þakka menntun og vísindi og ýmislegt það, er miðað hefur til að efla þetta hvortveggja; hvernig hún smátt og smátt hefur náð meiri og meiri fullkonnun eptir því, sem hún tók framförum í menntun og vísindum; af sögu þjóðanna sjáum vjer, hvernig stjórnleysi, svall og sællífi hefur gjöreytt völdugustu þjóðum, en aptur á móti, hvernig góð stjórn, góð skipan og reglusemi hefur hleypt upp jafnvel lítilmótleigustu þjóðum. Rómverjar voru í fornöld hin völdugasta þjóð í heimi, og mikillátasta, en stjórnleysi, svall og sællífi gjörðu útaf við hana. Enn fremur sjáum vjer af sögunni, að menn af lægstu stigum hafa komizt til hinna æðstu valda og metorða fyrir dugnað sinn og atorkusemi, svo sem Maríus hjá Rómverjum og fl. Það hefur því í öllu tilliti ávallt þótt mikilsvert að þekkja sögu þjóðar sinnar; og hinir fornu Íslendingar ljetu sjer svo annt um það, að þeir eigi að eins kynntu sjer ýmsar fornsögur þjóðarinnar, heldur lásu þær svo, að þeir gátu sagt frá þeim orðrjett upp úr sjer, og þótti sú mennt, sem von var, mikils verð, og þeir menn voru í heiðri hafðir í öðrum löndum og voru

---

<sup>1</sup> Gunnlaugur Haraldsson, *Guðfræðingatal 1847-2002*. I. bindi, bls. 206.

alla jafna að vistum með konungum og öðrum göfugum stórmönnum. Að endingu get jeg hjer hins forna latneska orðtækis: *Historia vitae magistra*.<sup>1</sup>

### *Björn Stefánsson*

Björn fæddist árið 1843. Hann lauk prófi frá Lærða skólanum 1871 og frá Prestaskólanum 1873. Hann var prestur á Sandfelli í Örfæfum 1873 til æviloka 1877.<sup>2</sup>



## *Að hverju leyti er það mikilsvert að vera vel að sjer í sögu síns eigin lands?*

(1896)

Þegar vjer kynnum oss söguna og með hennar tilstyrk og undir hennar forustu lítum á og lærum að þekkja liðnar aldir þá er eins og vjer stæðum á sjónarhól og virtum fyrir oss löndin þjóðirnar og hvern einstakling umhverfis. Sagan skýrir oss frá því, sem við hefur borið á liðnum öldum og sýnir oss eigi einungis æfiferil einstakra manna, heldur og heilla þjóða, hversu þær komast til valda, þróast og þroskast, og svo hversu þeim smátt og smátt hnignar; en með þessu kennir sagan oss meira og það er, að vjer getum af sjónarhólnum sjeð fyrir og getið til um ýmsa atburði, er fram muni koma, því jafnan er rás viðburðanna líkum eða sömu lögum og skilyrðum háð, og jafnan hefur það verið svo og mun verða svo, að lestir og siðaspilling, ódrenglyndi og flokkadrættir koma því til vegar að þjóðirnar verða óstyrkari og með tímanum líða alveg undir lok, en dád og dagnaður, samheldni og frelsi styður þær og styrkir. Þegar vjer höfum þessi dæmi fyrir oss, þá getum vjer sjeð, hvað þjóð og landi sje til framfara og hvað sje því til niðurdreps, og því beinir sagan oss í rjetta átt að því, er snertir hið ókomna, enda þótt margt sje breitt frá því sem áður var. En er oss þá sama og er það nóg, ef vjer einungis þekkjum sögu einhverrar þjóðar í heiminum? Og getur það komið oss að jafngóðu haldi, að þekkja sögu einhverrar einstakra þjóðar, sem vjer þekkjum að eins að nafninu til? Nei, því fer fjarri. Það, sem oss ríður mest á að þekkja bezt, er saga vors eigins lands og þjóðar, því að hún skýrir oss frá forlögum, gjörðum og hugsunarhætti forfeðra vorra og fyrirrennara, hvað þeir gjörðu landi sínu til framfara og eflingar og hvað þeir ljetu ógjört, þar sem þeir álitu það til ills eins fyrir landið. Eptir

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1871. Vorpróf 6. bekkur.

2 Gunnlaugur Haraldsson, *Gudfræðingatal 1847-2002*. I. bindi, bls. 267.

Þessu getum vjer opt hagað oss, en gæta þess þó jafnan að vera ekki fastheldnir um of við það forna, og muna eptir því, að „tímarnir breytast og mennirnir með“. Vjer verðum og að hafa þá dómgreind, er vjer lesum söguna, að sjá, hvort fyrirrennarar vorir hafa haft rjett eða rangt fyrir sjer, því eigi megum vjer fylgja neinu blint án þess að skoða og hugleiða, hvað illt eða gott verk það, sem um er að ræða, hafi í för með sjer. Sagan stuðlar og mikið að því að vekja oss til umhugsunar, beina anda vorum í rjetta átt, kenna oss að kunna fótum vorum forráð og hepta oss, ef vjer á æskuárunum ætlum að hlaupa í gönur af unggæðinsskap, framgirni og hugsunarleysi. Og þá liggur oss mest við að skoða æfiferil þeirra vorra samlanda, er á undan oss hafa lifað, þar eð æfiferill vor líkist vanalega meir æfiferli þeirra, heldur en manna af einhverju öðru þjóðerni. Það er því ávallt þýðingarmest fyrir oss að þekkja sem allra best sögu þjóðar vorrar, en jafnframt að hafa gott yfirlit yfir veraldarsöguna í heild sinni og eigi um of að rígbinda sig við neitt einstakt. Affarasælast er að hafa víðsýni ekki þröngssæi. Að dæma og álykta eptir fáum skilríkjum og frásögnum getur komið mönnum á kaldan klaka og hefur þegar opt gjört það. Það ber að kynnast því, sem næst er fyrst, og svo að færa sig smátt og smátt meira upp á skaptið. Það verður aldrei um of brýnt fyrir mönnum að læra að þekkja sjálfa sig og þá að læra sögu sinnar eigin þjóðar. Vjer Íslendingar getum stungið hendinni í vörn eigin barm. Hversu gagnlegra er það ekki fyrir oss að þekkja sögu ættjarðar vorrar heldur en einhvers annars lands, ef vjer ætlum að verða ættjörð vorri til gagns og sóma og styðja hana og styrkja með ráðum og dáð. Það verður ekki í fám orðum skýrt frá því, hve mikilsvert það sje að þekkja vel sögu ættjarðar sinnar, en mikilsvert er það og mikilsverðara flestu öðru.<sup>1</sup>

### *Halldór Hermannsson*

Halldór fæddist árið 1878. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1898, hélt til Kaupmannahafnar í laganám en hóf að starfa við bókasafn Willard Fiske í Flórens á Ítalíu. Eftir andlát Fiske 1904 var bókasafnið flutt til Cornellháskóla í Bandaríkjunum þar sem Halldór varð forstöðumaður safnsins og jafnframt kennari og prófessor. Halldór lést árið 1958.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Halldór Hermannsson (f. 7/1 '78) frá Velli á Rangárvöllum var hæstur vexti skólabræðra sinna en eigi var vöxturinn tígulegur að því slapi, herðalotinn og samsvaraði sér illa. Hann var ljóshærður kollvikamikill, gráeygur, nefið mjög stórt og eigi fagurt, hvítur yfirlitum og búlduleitur. Næmur mjög og minnugur,

1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1896. Vorpróf 4. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 194–195.

en skilningurinn ekki að sama skapi. Söngmaður ágætur og allviðlesinn. Var mjög viðriðinn skólamál, en eigi þótti hann koma lipurlega fram á stundum, enda var hann einatt í minnihluta. Hann var forseti „Framtíðarinnar“ frá '97-'98 og ritaði þar mikið. Í stjórn Íþöku '95-'97 og formaður hennar síðasta árið. Ritari árbókanna frá '95-'98. Hann var aðstoðarmaður rektors á skólabókasafninu og honum mjög handgenginn. Hann þótti drembinn og var ekki vinsæll, enda nokkuð stirðlyndur. Hann var einbeittur og stundaði nám sitt vel.<sup>1</sup>



*Að hverju leyti er það mikilsvert að vera  
vel að sjer í sögu síns eigin lands?*

(1896)

Jeg álit að hverjum einum sje það mjög mikilsvert að vera vel að sjer í sögu síns eigin lands, ef hann vill heita maður með mönnum, einkum ef hann fer til útlanda eða er meðal útlendra, sem eðlilega vilja kynnast sögu lands hans; því þeir geta lært margt af henni eins og einnig hann sjálfur. Oss Íslendingum er það einkum mjög mikilsvert, þar eð útlendingar hafa margir hverjir gjört sjer rangar hugmyndir um Ísland og Íslendinga, og gjöra það víst enn þann dag í dag, þótt þekking manna á Íslandi sje að vísu að fara í vöxt að minnsta kosti í Evrópu. Íslendingum veitir það heldur eigi mjög örðugt að vera vel að sjer í sögu lands síns því hún nær ekki yfir svo mjög langt tímabil og svo mörg ágætis rit eru einnig til í sögu þess, að flestum Íslendingum ætti að vera hún nokkurn veginn ljós, að minnsta kosti helztu viðburðirnir.

Jeg vil taka til dæmis um það hversu mikilsvert það er, að vera vel að sjer í sögu síns eigin lands að lærisveinar í I. bekk fengu nú við prófið fyrir verkefni í íslenskum stýl, að segja frá lífláti Jóns biskups Arasonar, og mun það nú eðlilega vera mjög mikilsvert fyrir þá að vera vel að sjer í Íslandssögu. Þetta er að vísu sjerstakt dæmi, en eins og jeg hefi sagt, kemur það ávallt og allstaðar fram, að hverjum manni er mikilsvert og nauðsynlegt, að vera vel að sjer í sögu síns eigin lands, en jeg vil og geta þess, að það er einnig mjög mikilsvert, að vera vel að sjer í sögu annara landa, þótt sjerhver ætti raunar að kynnast sögu síns eigin lands fyrst.

Annað dæmi má einnig nefna viðvíkjandi oss Íslendingum, sem er, að margir útlendingar, sem ferðast hafa hjer um land, hafa kvartað yfir því, að fylgdarmenn þeirra hafi lítið getað frætt þá í sögu Íslands og ýmsu þar að lút-

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1897-1898, bls. 182-183.

andi, er þeir hafi spurt þá um og er það illt, því eins og jeg hefi sagt er þekking útlendinga á Íslandi og í sögu þess fremur lítil. Dæmi þessu eru að vísu sjerstakleg og ná eigi yfir hið almenna, en það má sjá það hversu mikilsvert það er, að vera vel að sjer í sögu síns eigins lands og annara af því, að í sjerhverjum skóla er kennd saga lands hans og annara landa.<sup>1</sup>

### *Matthías S. Þórðarson*

Matthías fæddist árið 1877. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1898 og stundaði svo nám í norrænni málfræði og fornfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Hann var lengst af þjóðminjavörður. Matthías lést árið 1961.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður vexti. Hárið dökkt og þétt, gráeygur, langleitur og freknóttur. Skynsamur vel og myndinn, hagsýnn og þrifinn. Fálátur mjög og þekktu hann fáir. Gaf sig ekkert við skólamálum. Reglumaður mikill.<sup>3</sup>



---

1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1896. Vorpróf 4. bekkur.

2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 358-359.

3 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1897-1898, bls. 185.



## XXIII. Tíska og glæsileiki

Hér fjalla skólapiltarnir um nauðsyn þess að fylgjast með tískunni í sem víðustum skilningi þess orðs, og segja frá þeim skilyrðum sem maður þarf að uppfylla til að teljast glæsilegur. Þetta eru áhugaverðar frásagnir; piltarnir skrifa um muninn á fatatísku í Reykjavík og til sveita, nýjungar meðal Kínverja og annarra þjóða, og kvenfatatískuna á þessum tíma. Ritgerðirnar um glæsileika eru sérstaklega skemmtilegar, enda koma þar fram viðhorf um æskilega mannkosti og útlit sem menn þurfa að hafa til að teljast tígulegir. Meðal höfunda eru Haraldur Sigurðsson (1882-1934) síðar verslunarmaður og Sigurður Lýðsson (1884-1926) síðar ritstjóri *Ingólfs*.



### *Eiga menn að tolla í tískunni eða þverskallast við henni?*

(1902)

Þetta verkefni, sem við eigum nú að sýna ritsnilld okkar á, getur gefið tilefni til margvíslegra athugana. Við, sem erum að stálpast og ekki enn höfum lagt út í baráttu lífsins, ættum að yfirvega þetta nákvæmlega. Opt getur það verið efasamt, hvort menn eiga að tolla í tískunni eða ekki. Að þverskallast við henni dálítinn tíma, geta menn gjört sjer að skaðlausu eða meinlitlu. En þegar fram í sækir, fer að verða lakara. Nú getur vaknað hjá manni sú spurning: Ætli þetta verði lengi tízka? En það er ekki gott að svara sjer. Hver getur sagt með sannni, hve lengi þetta eða hitt verði „móðins“. Við þekkjum svo mörg dæmi þess, að tízkan er fallvölt. Það þarf ekki annað en nefna Hollenzku laukana. Athugum við líf forfeðra vorra, verðum við þess brátt varir, að tízkan er einnig breitleg hjá þeim. Brúðkaupsveizlur og erfidrykkjur eru gengnar „úr móð“ víðast. Svona er um ýmsar siðvenjur, sem voru til forna, að þær eru nú horfnar. Kínverjar hafa hingað til ekki viljað tolla í tískunni, að því er snertir siðu, háttu og menningu Evrópuþjóða. Þeir hafa þverskallast við henni. Öllum mönnum er kunnugt, hve mikið tjón þeir hafa beðið sökum þess. „Sá er lýttur, sem ekki fylgir landsiðum“. Jeg hefi kunnað þennan málshátt lengi, og jeg hygg, hann

segi satt. Ef við athugum klæðabúnað manna, þá verðum við þess fljótt varir, að hann er öðruvísi nú, en hann var þegar við munum fyrst eptir, þótt ekki sje langt umliðið. Það má segja um hann með miklum rjetti að hann breytist árlega. Ef við aðeins bindum okkur við Íslendinga og virðum fyrir okkur klæðabúnað þeirra, þá verðum við þess fljótt varir að búnaður manna breytist meira í kauptúnnum en til sveita. Orsökina er sú, að breytingarnar koma að utan. Þær hafa ekki komið upp hjá þjóðinni sjálfri, heldur eru þær aðfluttar. Hvernig ætli mönnum yrði við, ef einhver tæki upp þá tízku t.d. í klæðaburði, sem hefði legið í þagnargildi um allmörg ár. Ætli mönnum þætti það ekki hjákátlegt? Jú, það mætti reiða sig á það, að hann yrði öðrum til spotts og hláturs.

Skoðun mín verður þá í fám orðum þessi: Það er ekki rjett að þverskallast við tískunni. Menn hafa svo mörg dæmi, sem sýna að slíkt hefur lítið gott í för með sjer. Einnig er tízkunni þannig varið, að hún er breyting frá því, sem áður hefur verið og er mjög opt breyting til batnaðar.<sup>1</sup>

### *Guðmundur G. Jóhannesson*

Guðmundur stundaði nám við Lærða skólann um skeið, en lauk ekki burtfararprófi.



### *Eiga menn að tolla í tískunni eða þverskallast við henni?*

(1902)

Tískan er ekki annað en siður eða venja, sem alltaf ríkir í öllum löndum á öllum tímum, en sem stöðugt er að breytast, þó ekki sje það mikið í hvert sinn. Allar þjóðir hafa þessa tísku og berst hún land frá landi og mann frá manni, nema ef til vill ekki til einhverra villiþjóða, sem enga mannasiðu þekkja og aldrei eiga nein viðskipti við siðaðar þjóðir; til þessara þjóða kemst hún aldrei, en hjá slíkum þjóðum helst ef til vill gamall siður frá forfeðrum þeirra, óbreittur allt til vorra daga.

Klæðaburður manna er sú tíska, sem einna mest breytist og hefur alltaf haldið áfram að breytast frá því á dögum forfeðra vorra; mest af þessum breytingum koma frá Frakklandi, þar er uppspretta þeirra; þær berast svo norður eptir Evrópu og hana svo seinast til okkar, sem búum svo norðarlega.

Ísland er eitt af þeim löndum, þar sem klæðaburðurinn er sá sami og hann var fyrrum; reyndar er það ekki nema hjá kvenfólkinu, en hann er nú samt því

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1902. Miðsvetrarpróf 5. bekkur.

miður að leggjast niður. Þessa tízku bera opt konungar með sjer frá öðrum löndum og í lönd sín; hún breiðizt svo smámsaman út til hirðarinnar og þaðan út til allrar þjóðarinnar. Hafi þessi tízka í för með sjer slæma siðu, þá eiga menn að reyna að sporna við henni, en miði hún til almenningsheilla, þá ættu menn að reyna að útbreiða hana sem mest. Það er mjög líkt með trúna, þannig hefur hún breiðst út til allra þjóða og haft betrandi áhrif á hugi þjóðanna. Það er því mitt álit að menn eigi ekki að aðhyllast hana, nema menn sjái að hún miði til góðs og reyna af öllum mætti að sporna við henni.<sup>1</sup>

### *Haraldur Sigurðsson*

Haraldur fæddist árið 1882. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1897 og lauk prófi þaðan árið 1903. Hann fór utan árið 1904 til að læra lyfjafræði, en hætti því og varð verslunarmaður í Reykjavík og síðar forstöðumaður elliheimilisins Grundar. Haraldur lést árið 1934.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Haraldur Sigurðsson er lágur maður og grannvaxinn ennþá enda er hann ungur að aldri. Hann er dökkjarpur á hár; ekki er hann verulega fríður í andliti en maður venst honum mjög vel og finnur þarafleiðandi eigi annað en að hann sé laglegur enda er hann einhver bezta sál undir sólunni og hvers manns hugljúfi. Honum leiðist mjög gríska og latína og elskar ekki kristinfræði og gjörir það víst aldrei að lífsstarfi sínu að iðka þau vísindi „því hann hatar þau eins og pestina“. Hann hefir samt komist slisalaust í gegnum skóla þennan og er það vottur þess að hann er eigi allstaðar eptirbátur annara og eins óska eg að hann komist slisalaust í gegnum lífið allt.

Bogi Benediktsson.<sup>3</sup>



## *Hvern mann kallar þú glæsilegan?*

(1903)

Glæsímenn kalla jeg þá eina, sem eru afbragð annara manna að líkamlegu og andlegu atgerfi. Þeir hljóta að vera fríðir sínum og tígulegir, karlmannlegir á velli, vel vaxnir, en þann mann kalla jeg vel vaxinn, sem er bæði stór og föngulegur, herðibreiður og mittismjór. Einnig hljóta þeir að vera snyrtimenni

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1902. Miðsvetrarpróf 5. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. II. bindi, bls. 328.

3 *Lbs* 3364 4to – Skinfaxi 26. apríl 1903, bls.179-180.

í allri framgöngu, rammir að afli og hinir hraustustu. Enn fremur verða þeir að bera af öðrum að gáfum og vera sannmenntaðir, en sannmenntaðan, kalla jeg þann mann, sem mentunin hefur gjört betri og göfuglyndari. Þá hljóta þeir og að hafa næma rjettlætistilfinningu, ráðast eigi á menn að ósekju, en láta eigi hlut sinn, ef þeim er órjettur gjerr. Einnig er það skylda hvers þess, sem vill kallazt glæsimaður, að vera gjöfull við fátæka, ef að hann sjálfur er vel efnum búinn, og veita þeim, sem eru veikburða og nauðuglega staddir fylgi, til þess að ná rjetti sínum, þá er hinir ríkari hafa rangindi í frammi við þá. Svo ber honum að hvetja aðra til framfara, og styðja af alefli allt, sem er gott og að gagni má verða, en aptur á móti, að spyrna af fremsta megni á móti því, sem er skaðlegt og óþarft. Þá verða og glæsímenn að vera vingjarnlegir í viðmóti og siðferðisgóðir, því að þeim ber í því sem öðru, að vera fyrirmynd annara.

Einnig gjörir það menn glæsilegri, ef að þeir berast mikið á í klæðaburði, en venjulega er það þó sprottið af hjejómagirni, en hún sæmir eigi glæsímönnum. Einnig hljóta glæsímenn, að elska þjóð sína og ættjörð og reyna að vinna henni allt það gagn, sem þeim er auðið og stuðla að því, að þjóðin taki framförum í öllu því, er henni má að gagni verða, því að helga ættjörðunni starf sitt, ber vott um mikið göfuglyndi, en enginn getur kallazt glæsimaður, sem eigi er göfuglyndur. Fáir munu þeir vera sem glæsímenn geta kallazt, því að þeir eru eigi margir, sem gæddir eru öllum hæfileikum; sumir eru afbragð annara að líkamlegu atgerfi, en aðrir bera af öðrum að gáfum og öðrum andlegum hæfileikum.<sup>1</sup>

### *Sigurður Lýðsson*

Sigurður fæddist árið 1884. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1901, lauk þar burtfararprófi og hélt svo til Kaupmannahafnar þar sem hann lauk laga-prófi árið 1911. Hann starfaði lengst af í fjármálaráðuneytinu. Var um tíma ritstjóri *Þjóðviljans* og *Ingólfs*. Sigurður lést árið 1926.<sup>2</sup>



### *Hvern mann kallar þú glæsilegan?*

(1903)

Útlit manna er mismunandi hjer í heimi, einn er vel vaxinn, annar er veiklulegur, einn er fríður í andliti, annar er ófríður, einn er lotinn, annar er karl-

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1903. Miðsvetrarpróf 3. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 245.

mannlegur á velli. Sumir menn hafa alla þá góðu kosti, hvað ytra útlit snertir; eru laglegir í andliti, vel vaxnir, karlmannlegir í framgöngu sinni og háttprúðir. Sá maður er glæsilegur, sem hefur alla þessa kosti til að bera, en er um leið hjartagóður, laus við allan sjálfsþotta og sjálfsálit og að endingu vel gáfaður. Þá ætla jeg að skýra frá þeim kostum, sem jeg hef talið upp. Fríðan kalla jeg þann mann, sem hefur reglulega drætti, karlmannlegan svip, mjúka húð og skörp augu. Vel vaxinn kalla jeg þann mann, sem er herðabreiður, vöðvamikill og mittismjór. Íþróttamenn eru þeir menn, sem eru vel að sjer í öllum íþróttum, það er að segja, að þeir ríða vel, sjeu góðir í almenntri leikfimi, sjeu skautamenn, knattleikamenn o.s.frv. Karlmannlegir eru þeir menn, sem ganga upp-rjettir, eru fótvissir og þola augnatillit sjerhvers manns. Háttprúður er sá maður, sem gætir sóma síns hvar sem hann er, reynir ekki að egna menn til reiði með háðsvörum og snýr ekki út úr þegar við hann er talað, heldur svarar kurt-eislega þegar hann er spurður. Hjartagóður er sá maður, sem ekki eingöngu er hjálpsamur við vini sína, heldur við hvern, sem í hlut á. Að vera laus við sjálfsþotta og sjálfsálit er að hafa ekki þá vitlausu hugmynd að enginn sje jafnsnjall sjálfum sjer. Vel gáfaður er sá maður, sem hagar sjer eptir stað og tíma og lætur ekki taumlausar ástríður hlaupa með sig í gönur.<sup>1</sup>

### *Pétur Á. Jónsson*

Pétur fæddist árið 1884. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1906, hélt til Danmerkur þar sem hann hóf nám í læknisfræði, en sneri sér að söngnámi og varð óperusöngvari í Þýskalandi. Pétur flutti heim til Íslands árið 1932. Hann lést árið 1956.<sup>2</sup>



- 
- 1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1903. Miðsvetrarpróf 3. bekkur.
  - 2 Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi, bls. 398.



## XIV. Vinir og vinátta

Innan veggja Lærða skólans stofnuðu margir piltar til vináttu og kunnings-  
skapar, enda var alls um sex ára nám að ræða og gafst því nægur tími til  
samvista. Vinátta hefur eflaust skipt margan piltinn töluverðu máli, enda  
voru sumir þeirra komnir langt að til Reykjavíkur og ef til vill ekki þekkt  
marga bæjarbúa. Því var æskilegt að eignast góða samferðamenn um skóla-  
árin og deila með bæði námi og tómstundum.<sup>1</sup> En það bar að vanda valið,  
því góðir vinir voru gulli betri, en slæmir gátu leitt á ranga lífsbraut eins og  
kemur fram í ritgerðunum hér á eftir. Hér má meðal annars finna skrif  
Hannesar Hafstein (1861-1922), síðar ráðherra, Jóns Jakobssonar (1860-  
1925) síðar landsbókavardar, Jóns Magnússonar (1859-1926) síðar forsæt-  
isráðherra og Friðriks Friðrikssonar æskulýðsleiðtoga (1868-1961).



### *Sá er vinur, er til vammis segir*

(1879)

Vinátta er það samband milli manna, að þeir vilji hver öðrum vel af öllu hjarta  
og vilji, að þeim hlotnist allt gott og vilja þar með hjálpa þeim í öllu, sem þeir  
geta og forða þeim frá öllu illu, sem þeir geta. Með vináttunni fylgir og innilegt  
samband milli vinanna, einlægni og hreinskilni, og þeir segja hver öðrum blátt  
áfram og undandrátarlaust ætlanir sínar og skoðanir.

Það er því auðvitað, að ef vinur sjer hjá vini sínum eitthvað það, er miður  
fer, þá er það samkvæmt eðli hinnar sönnu vináttu, að hann segi honum til þess,  
að hann geti lagfært það. Það er í tvennu tilliti eptir eðli vináttunnar, bæði af  
því, að vinir eiga að vera einlægir og hreinskilnir hver við annan, og af því, að  
þeir vilja hvorugur annars vamm vita og vilja hjálpa hver öðrum til alls góðs.  
Hin miklu sannindi, sem liggja í þessum gamla málshætti, eru því auðsæ.

1 Sjá nánar: Sigrún Sigurðardóttir, „Tveir vinir. Tjáning og tilfinningar á níjtjándu öld,“ bls.  
145-169 og Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 252-257. Einnig: Páll  
Björnsson, „Að búa til íslenska karlmenn: kynjaímyndir Jóns forseta.“ *Íslenska sögupingid*  
30. maí-1. júní 2002. *Ráðstefnurit I* (Reykjavík, 2002), bls. 43-53.

Þó kann opt svo að fara, að menn styggist, ef þeim er sagt undandráttaarlaust til syndanna og þyki sjer misboðið, og getur jafnvel svo farið, að þeir leggi fæð á þá, er það gjöra, því að „sannleikanum verður hver sárreiðastur“, eins og annað máltæki segir, en það á þó eigi að aptra vini frá því, að segja vini sínum til vammis hans, því að í fyrsta lagi eiga vinir að vilja „leggja sjálfa sig í sölurnar“ fyrir vini sína, og í öðru lagi er það eigi sannur vinur, sem reiðist vini sínum fyrir það, er hann gjörir í bezta skyni, og sje það sannur vinur, og fari svo, að hann reiðist, þá fer eigi hjá því, að hann sjái sig um hönd síðar og þakki vini sínum fyrir það, að hann opnaði á honum augum.

Hjer að framan hefur verið talað um vináttuna sem hina sönnu og einlægu vináttu, sem er allt annað, eða getur að minnsta kosti verið allt annað en það sem kallað er vináttu í daglegu tali. Í daglegu tali kalla menn alla „viðhlæjendur“ og „vilmælendur“ vini sína, en menn finna það, þegar í raunirnar rekur, hverjir eru vinir og hverjir ekki vinir. Eins virðist málsháttur þessi benda á, að menn geti einmitt þekkt vini sína frá hræsnurunum á því, að vinimir segja þeim til vammis þeirra, en hræsnararnir og smjaðrararnir tala jafnan eins og þeim bezt líkar og forðast að segja nokkuð það, sem á einhvern hátt getur styggt þá, og segja, að allt sje gott, sem sá gjörir, er þeir vilja þóknast. Sannur vinur segir vini sínum það, er honum býr í brjósti, og þá er eigi audið, að hann jafnan lofi öll verk hans, því að „enginn lifir svo öllum líki“, og því hlýtur sannur vinur opt að geta sagt vini sínum eitthvað, sem honum þykir miður fara í breytni hans, til þess, að hann geti lagfært það.<sup>1</sup>

### *Hannes Hafstein*

Hannes fæddist árið 1861. Hann var tekinn í Lærða skólann 1874 og lauk burtfararprófi 1880. Að því loknu hélt hann til Kaupmannahafnar þar sem hann lauk prófi í lögfræði árið 1886. Hannes vann við landsyfirdóminn 1887-1889 en varð þá ritari á landshöfðingjaskrifstofu. Árið 1895 varð hann sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði. Hannes var ráðherra Íslands 1904-1909 og 1912-1914. Hann er jafnframt kunnur af ljóðum sínum. Hannes lést árið 1922.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Gildur meðalmaður á hæð, herðabreiður og íturvaxinn, fríður sýnum og höfðinglegur. Gáfaður í bezta lagi og vel að sjer í námsgreinum en stundaði ekki eitt öðru fremur. Skáldmæltur vel og orðheppinn. Mikils metinn af skólabræðrum sínum; góður reglumaður.<sup>3</sup>

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1879. Miðsvetrarpróf 5. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. II. bindi, bls. 311-312.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1879-1880, bls. 89.



## *Sá er vinur, er til vamma segir*

(1879)

Þegar vjer gætum að, hversu mennirnir eru sjer sjálfir ónógir, gætum að böli því og andstreymi, sem margir þeirra verða að bera, þá getur oss ekki dulizt, að þeir þurfa að hafa einhvern, sem þeir geti snúið sjer til, sem þeir geti sagt það, sem þeim liggur þyngst á hjarta, og í stuttu máli, sem þeir geti látið taka hlutdeild í öllum þeirra kjörum, í gleði og sorg, í meðlæti og mótlæti; en til hverra eiga þeir þá að snúa sjer með þetta, ef ekki til þeirra manna, sem þeir ætíð hafa reynt sem góða og guðhrædda menn, sem aldrei hafa sýnt sig öðruvísi við þá, en sem holla og staðfasta, það er að segja, til þeirra manna, sem eru sannir vinir þeirra. Sannir vinir eru því eins dýrmætir og falskir vinir eru skaðlegir.

En hvernig skal þá vini velja, og hvernig er hægt að sjá, hvort þeir eru dyggir eða ódyggir? Það er hægst að sjá á því, hvernig þeir koma fram við oss, hvort þeir jafnan ráða oss til þess, sem oss er fyrir beztu og líta einungis á vort sannarlega gagn, eða þá, að þeir tala jafnan eins og vjer viljum heyra og eru fláráðir smjaðrarar. Þeir eru sannir vinir, sem jafnan segja oss, eins og þeim finnst vera og draga ekkert úr því. Þeir, sem segja oss þau lýti, sem þeir finna hjá oss, og draga ekkert úr brestum vorum við sjálfa oss, en þar á móti þegja því betur yfir þeim við aðra, engu að síður verða þeir þó að segja oss það með varkárni, sem þeim finnst að oss vera og einkanlega varast að koma fram með það, eins og nokkurs konar hegningarræðu, því að þá er hætt við, að vjer tökum það, eins og það sje talað af heiptarhug, en eigi af sönnum velvilja til vor. Í mótlætinu höfum vjer og gott tækifæri til að læra að þekkja vini vora, því að sá er vinur, sem í raunum reynist; þá draga þeir sig í hlje sem fagurt mæla en flátt hyggja, en þar á móti sýna sannir vinir sig aldrei nærgætnari og betri við oss, en þá er vjer þurfum þess mest við og erum mest upp á þeirra hjálp og aðstoð komnir. Beztir vinir reynast oss vanalega þeir, sem vjer höfum bundizt vináttubandi við í barnæsku vorri, því að þá eru hugsanir vorar hreinastar og móttækilegastar fyrir það, sem gott og fagurt er. En með aldrinum slæðist eiginirnin inn hjá oss, og þá verða hvatirnar til þess, sem vjer gjörum, óhreinni, en meðan vjer erum saklaus börn.

Vjer skulum gefa oss mikið að vinum vorum og láta þá aldrei sjá, að vjer drögum oss undan samfjelagi við þá í nokkru því, sem saklaust er, því að óvíst er, hvað þeir geta þar út af dregið, heldur sem í Hávamálum segir:

Veistu, ef þú átt vin,  
þann þú vel trúir,  
far þú at finna opt;  
því af hrísi vex  
ok hávu grasi  
vegr, er vætki treður.<sup>1</sup>

### *Jón Jakobsson*

Jón fæddist árið 1860. Hann var tekinn í Lærða skólann 1874, lauk burtfararprófi 1880 og stundaði um skeið nám í málfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Hann starfaði lengst af sem landsbókavörður og var alþingismaður Skagfirðinga um hríð. Jón lést árið 1925.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður á hæð. Grannvaxinn og regingslegur, smávaxinn og eigi karlmannlegur. Dável gáfaður og góður latínumaður, raddmaður mikill og söngfróður. Keppinn í ræðum og snúinlyndur, sjergóður og hrokafullur. Enginn vinsældamaður. Reglumaður í meðallagi.<sup>3</sup>



### *Sá er vinur, er til vammis segir*

(1879)

Þegar foreldrarnir finna að við börnin og vanda um við þau, þegar þeim hefur yfirsjezt í einhverju, þá gjöra þeir það aðeins af elsku sinni til barnanna; þeir vilja gjöra þau að góðum og siðsömum börnum með því að segja þeim, hvað ljótt sje í fari þeirra, til þess að þau skuli bæta ráð sitt og vara sig á því framvegis, er þau einu sinni hafa hrasað á. Góðir foreldrar taka börnum sínum nógu snemma vara fyrir því, að fylgja taumlaust girndum sínum og sýna fram á, hve skaðlegt það sje og syndsamlegt. Góðir foreldrar eru dýrmæt Guðs gjöf og hinir fyrstu og beztu vinir, er maður getur eignast. Þegar börnin snemma fara frá foreldrum sínum út í heiminn, þar sem óteljandi freistingar bíða þeirra, þá þau þurfa, að eiga vin, eða með öðrum orðum, að eiga einhvern þann að, er segir þeim til, þegar þau breyta eigi eins og vera ber.

- 
- 1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1879. Miðsvetrarpróf 5. bekkur.
  - 2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 163. Hann skrifaði föðurnafn sitt „Jakobsson“ síðar á ævinni.
  - 3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1879-1880, bls. 89.

Það er engin sönn vinátta á milli þeirra, er láta hverir aðra sökkva niður í lesti og ósóma, án þess, að reyna til þess að telja um fyrir þeim og sýna þeim fram á, hve ljótt og syndsamlegt framferði þeirra ef ske kynni að þeir bættu ráð sitt, og forðuðust sitt fyrra framferði. Hver er sá, að hann geti með rólegu geði sjeð vin sinn, er hann elskar og heiðrar, sökkva sjer æ dýpra og dýpra niður í spillinganna og eymdanna djúp, án þess, að leitast við, að bjarga honum og snúa honum frá villu síns vegar? Sönn vinátta er það að segja vinum sínum til syndanna, þó að þeim kunni að sýnast hart, þegar einhver brýnir fyrir þeim beizkan sannleikann, því að það er eina ráðið til þess að bjarga þeim; en hitt er engin vinátta, að smjæðra fyrir þeim, fallast á allar gjörðir þeirra og finna aldrei neitt að við þá.

Opt miskilja menn orðið vináttu. Stundum köllum vjer þá vini vora, er aðeins eru oss meira eða minna málkunnugir, án þess að vjer þekkjum þá rjetti-lega, eða vitum, hver maður býr í þeim.

Aumur er sá maður, er engan vin á. Hann stendur einmana uppi í stríði lífs-ins, hann veit ekki, hvert hann á að snúa sjer, því að allt í kring um hann eru eintómar freistingar og tálsnörur. Á honum sannast hið fornkveðna:

Hrörnar þöll  
sú er stendur þorpi á,  
hlýr-at henni börkr nje barr;  
svá er maðr,  
sá er manngi ann  
hvat skal hann lengi lifa?

Ef enginn er sá, er segir honum það, sem ljótt er í fari hans, þá sekkur hann æ dýpra og dýpra, þangað til honum er engin uppreisnar von. Sönn vinátta getur eigi verið án hreinskilni, án þess að menn segi vini sínum allt, er mönnum býr í brjosti, hvort heldur honum er það geðfellt, eða eigi.<sup>1</sup>

### *Emil Schou*

Emil fæddist árið 1860. Hann var tekinn í Lærða skólann 1874 og lauk burtfar-arprófi 1880. Hann lauk prófi í heimspeki frá Kaupmannahafnarháskóla 1881 og hélt svo til Vesturheims. Emil lést í Kansas í Bandaríkjunum árið 1891.<sup>2</sup>

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1879. Miðsvetrarpróf 5. bekk-ur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. I. bindi, bls. 431.

### *Palladómur skólabræðra:*

Vel meðalmaður á hæð, óliðlegur á velli, fríður sýnum og allvel gáfaður, fremur latur og enginn „kuristi“. Önguglyndur, fremur ruddalegur, gleðimaður mikill og trúlofaðist opinberlega í skóla, hagarður, reglumaður nokkurnveginn.<sup>1</sup>



### *Hver er sannur vinur minn?*

(1880)

Það hafa margir kvartað mikið undan því, að það sje torvelt að þekkja mennina, hvernig þeir sjeu skapi farnir; en það hafa menn vissulega eigi gjört um of, því að „svo er margt sinnið sem skinnið“. Að þekkja, hver sje sannur vinur vor, kennir reynslan oss bezt; vjer komumst smámsaman að því, hver vill oss vel og hver ekki. Vjer viljum telja upp fáein af helztu einkennum þess manns, sem vill oss vel og sem vjer dæmum af, að sje sannur vinur vor.

Hinn sanni vinur vor er jafnan reiðubúinn til þess að hjálpa oss, þá er oss liggur mikið á; ef vjer eigum við bág kjör að búa, þá vill hann fúslega bæta úr því eptir fremsta megni og láta eitt yfir sig og oss ganga; hann reynir til með öllu móti að bæta kjör vor ekki síður en sín. Hinn sanni vinur vor ræður oss heilt, þá er vjer spyrjum hann ráða; hann ræður oss það, sem hann sjálfur mundi hafa tekið til bragðs, ef eins hefði verið ástatt fyrir honum; hann gefur oss þar að auki heilræði, svo sem Njáll gaf Gunnari á Hlíðarenda. Hinn sanni vinur vor er oss tryggur; hann lætur ekki aðra vonda menn spilla sjer við oss, og trúir ekki, beri þeir ósannindi á oss, og jafnvel ekki, þótt þeir segi um oss eitthvað satt, sem hann þá eigi veit um, og sem hann finnur, að oss er til hneisu. Hinn sanni vinur vor varast að segja öðrum frá því, sem vjer viljum halda leyndu, og vjer höfum sagt honum frá. Hann tekur málstað vorn þar, sem vjer sjálfir eigi erum viðstaddir, og oss er bakmælt; hann vill eigi að talað sje illt um oss fremur en um sjálfan sig; hann ver rjett vorn, þá er ósanngjarnir menn vilja halla honum, svo sem hann ætti að verja rjett sjálfs sín. Hinn sanni vinur vor aprar oss af fremsta megni frá svalli og ofdrykkju og alls konar löstum, ef hann sjer, að vjer ætlum að hrasa, og er sjálfur góður og dyggðugur maður; (en skeð getur að honum þyki sopinn góður og sje hrösull, en sje sannur vinur vor fyrir því). Hann vill oss í stuttu máli allt hið bezta.

Þetta gefur oss og hugmynd um, að það er mikið varið í fyrir oss að eiga sannan vin.<sup>2</sup>

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1879-1880, bls. 90.

2 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1880. Vorpróf 5. bekkur.

## Ólafur Einarsson

Ólafur lést nokkrum mánuðum eftir að hann skrifaði þessa ritgerð, 21 árs að aldri.



### *Hver er sannur vinur minn?*

(1880)

Oss er í mörgu mjög ábótavant, og vjer þurfum hver annars aðstoðar; þetta knýr oss til að leita vina. En vinirnir eru tvenns konar, rangir og sannir vinir. Rangir vinir eru þeir, sem aðeins játa það, að þeir sjeu vinir vorir, en eru það eigi; það eru þeir menn, sem ekki eru vinir vorir vegna sjálfra vor, heldur af eigingirni; þessir menn eru vinir vorir aðeins, meðan þeir sjálfir geta haft gott af því, en þá er þeir þurfa ekki lengur vináttu vorrar og einkum þá, er vjer þurfum þeirra, þá eru þeir ekki frammar vinir vorir. Þá er allt leikur í lyndi fyrir oss, smjaðra þeir fyrir oss, en þegar er á móti blæs, snúa þeir við oss bakinu og kannast jafnvel ekki við oss. Röng vinátta sprettur aðeins af eigingirni. Breytni sanns vinar vors er með öllu gagnstæð þessu; en sannur vinur vor er sá, sem ekki er vinur vor sín vegna heldur vor vegna. Þegar vel gengur, og vjer erum sízt upp á aðra komnir, þá dregur hann sig í hlje, því að þá veit hann að vjer þurfum hans ekki, og hann vill aldrei vera oss til þyngsla; en þegar mótlætið heimsækir oss, þá kemur hann óbedinn og hjálpar oss með góðum ráðum og dáð, og það skilur einkum sannan og rangan vin, að þegar mótlætið kemur, þá kemur hinn sanni vinur vor til vor, en hinn rangi vinur fer þá frá oss. Þegar hinn sanni vinur vor veitir oss velgjörð, þá er það á þann hátt, að svo virðist sem vjer veitum honum velgjörð einmitt þá, er vjer þiggjum hina mestu velgjörð af honum. Hann segir oss sannleikann afdráttarlaust og hlífir ekki brestum vorum; hann segir oss vægðarlaust til syndanna og hirðir ekki um það, hvort oss líkar betur eða ver, heldur hyggur að eins á það, að gjöra oss sem mest gagn en hugsar ekki um hitt, að koma sjer í mjúkinn hjá oss; en vjer verðum að varast það að stýggjast við vini vora, þó að þeir segi oss til syndanna, því að sá er vinur, sem til vammis segir. Sannur vinur er eins óeigingjarn, eins og rangur vinur er eigingjarn, þess vegna sviptir sannur vinur vor sjálfan sig mörgum unaðsemdum lífsins, til þess að vjer getum notið þeirra, leggur sig sjálfan í hættu fyrir oss og vill heldur bíða hið mesta tjón, en bregðast vinum sínum.<sup>1</sup>

---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1880. Vorpróf 5. bekkur.

## Jón Magnússon

Jón fæddist árið 1859. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1875, lauk burtfararprófi árið 1881 og prófi í lögfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1891. Jón gegndi ýmsum embættum á sínum ferli, var sýslumaður í Vestmannaeyjum, landshöfðingjaritari, bæjarfógeti í Reykjavík og forsætis- og dómsmálaráðherra árið 1917 og aftur 1924 til æviloka 1926.<sup>1</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður á hæð og allsnotur. Gáfaður, hygginn og ástundunarsamur. Prúðmenni og þótti fremur hneigjast að höfðingjaflokki hin síðari árin. Reglumaður, en eigi jafnmikill fjandmaður Bakkusar sem faðir hans.<sup>2</sup>



## *Hversu má illur fjelagsskapur spilla góðum siðum?*

(1882)

Vjer sjáum það daglega, að illur fjelagsskapur spillir góðum siðum, og má sanna það með mörgum dæmum. Vjer þurfum eigi lengra að fara enn til barnanna. Þau eru vön að taka vel eptir því, sem þau heyra og sjá, og nema það fljótt, sem fyrir þeim er haft; gjörum vjer nú ráð fyrir, að þau sjeu fengin til gæzlu ungri stúlku, sem eigi er svo vönduð, sem vera skyldi. Hún heldur, að sjer sje óhætt að gjöra hvað sem henni býr í brjósti, af því börnin hafi eigi vit á því og taki það eigi eptir sjer. En þessu er eigi þannig varið.

Vjer skulum taka til dæmis, að ungur og óspilltur maður, sem ávallt hefur verið hjá ráðvöndum foreldrum uppi í sveit, komi í fjölmenna borg. Hann hefur þangað aldrei komið og þekkir þar engan mann. Hann er í ráðaleysi, hvað hann á af sjer að gjöra; hittir hann þá mann, sem er mjög vingjarnlegur við hann. Hann segir honum, hvernig ástatt sje fyrir sjer, með því hann þekki þar engan mann. Hinn síðarnefndi biður honum að taka hann að sjer, og þiggur hann það. Þessi maður er t.d. hinn mesti ofdrykkjumaður. Hann gengur á veitingahús og telur skjólstæðing sinn á að fara með sjer, en hann skorast undan því, með því hann man eptir því, að foreldrar hans báðu hann heitt og innilega, er hann kvaddi þau, að hafa gætur á sjálfum sjer, svo hann leiddist eigi út í svall og gjálífi heimsins, og að varast að láta sambúð vondra manna spilla sjer. Hann hefur þetta allt fast í huga sjer og ásetur sjer að hafa stöðugar gætur á sjálfum sjer, til þess hann geti sagt við foreldra sína, er hann kemur heim aptur, að hann

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 224-225.

2 *Þf* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1880-1881, bls. 128.

hafi dyggilega gætt boða þeirra. Með þessum ásetningi getur hann í fyrstu stað-  
izt átölur sambýlings síns; en brátt fer hann að finna til leiðinda, er hann setur  
einn heima. Hann veit nú eigi hvað hann á að gjöra, með því hann þekkir eng-  
an, og hyggur, að það geti eigi skaðað sig, þótt hann fari með sambýlingi sín-  
um. Í veitingahúsinu eru margir menn, og taka þeir vel á móti honum. Hann  
hefur óbeit á víninu í fyrstu, en þykir þó leitt að skorast undan að drekka eitt  
glas af víni. Honum þykir þar miklu skemmtilegra enn heima og fer optar og  
optar þangað og að lokum er hann orðinn gjörspilltur drykkjumaður.

Af þessu má sjá, að sambúð vondra manna spilli góðum siðum, með því  
fæstir eru svo sterkir, að þeir geti staðizt á móti árásum freistinganna, og edli  
mannsins í sjálfu sjer er brotlegt og undir syndina gefið, og að vjer eigum að  
fordast að hafa samgöngur við illa menn og óráðvanda, en taka oss til fyrir-  
myndar þá menn, er í öllu sínu dagfari sýni ráðvendni og óspillt hugarfar.<sup>1</sup>

### Lárus Árnason

Lárus fæddist árið 1862. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1884 og  
kenndi um skeið við barnaskóla í Vestmannaeyjum. Haustið 1885 hóf hann nám  
í læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla, en fór til Vesturheims og gerðist  
lyfsali í Chicago. Lárus lést árið 1909.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Fríður sýnum og snyrtimannslegur; treggáfaður, stiltur og allgóður reglumað-  
ur.<sup>3</sup>



### *Hversu má illur fjelagsskapur spilla góðum siðum?*

(1882)

Hversu það rætist að illur fjelagsskapur spilli góðum siðum, það sjáum vjer  
daglega ásannast. Vjer mennirnir erum þannig úr garði gjörðir af náttúrunnar  
hendí, að oss er nauðsynlegt að vera í fjelagi við aðra menn, og er vjer leitum  
fjelags við þá, er undir því komið fyrir oss, hvernig þeir eru, er vjer hittum fyr-  
ir. Ef þeir hafa óspillt siðferði og standa oss í einhverju framar, getum vjer haft  
gott af fjelagsskap við þá; en ef vjer hittum fyrir menn, sem þessum eru ólíkir,  
og sem eru siðferðislega spilltir, og göngum í fjelag við þá, þá er hætt við að  
vjer drögum dóm af vorum sessunautum og að fjelagsskapur þeirra spilli siðum  
vorum. – Það sjáum vjer daglega, að börn laga sig mjög eptir leikbræðrum og

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1882. Miðsveitarpróf 4. bekk-  
ur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 429-430.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1883-1884, bls. 53.

leiksystrum sínum, er stundum fá þau til þess, sem gagnstætt er boði foreldra þeirra, er hafa hvatt þau til hins góða, og þó þau þá með fyrstu vilji eigi láta tilleiðast, þá láta þau skjótt undan og taka siði hinna ósiðsömu barna og verða eins spillt, ef ekki spilltari en þau. En þetta á eigi aðeins við börn, þó á æsku-árunum sje oss hættast við að hlaupa eptir ginningum annara. Að illur fjelagsskapur spilli góðum siðum, sjáum vjer einnig á fulltíða mönnum, sem láta leiðast af öðrum til ýmislegs óhófs. Þannig sjáum vjer, að einn, sem sólginn er í einhvern munað, þykist eigi njóta hans, nema hann hafi fjelagsbróður, er taki þátt í munaði sínum, og sá sem dreginn er til þessa, verður innan skamms engu betri en hinn, sem tældi hann, og þannig getur gengið mann af manni. Að illur fjelagsskapur spilli góðum siðum sjáum vjer á heimilum, þar sem spilltir foreldrar hafa allskonar klæki fyrir börnum sínum, eða ef eigi það, þá að minnsta kosti hafa þau eigi ofanaf því, sem illt er.

Að vísu eru sumir menn móttækilegri en aðrir fyrir illa siði. Það er að skilja, fljótari til og næmari á, að taka það eptir, sem ósæmilegt er í fari annara, og er því sambúð þeirra við vonda menn hættulegri fyrir þá, heldur en fyrir þá menn, sem fastari eru fyrir og hlaupa eigi eptir öllu, er þeir heyra og sjá.

Að illur fjelagsskapur spilli góðum siðum, er bæði fólgið í því, að hinn illi reynir til að fá þann, sem betri er, til fjelagsskapar við sig, og hinn sem betri er, sækist eptir fjelagi við hinn, eða að hvorttveggja á sjer stað.

Hið bezta meðal fyrir oss, til þess að illur fjelagsskapur spilli eigi siðferði voru, er það, að forðast sambúð við vonda menn, eða þótt vjer eigi algjörlega getum það, þá að hafna siðum þeirra og breyta eigi eptir þeim.<sup>1</sup>

### *Skúli Skúlason*

Skúli fæddist árið 1861. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1878, lauk burtfararprófi 1884 og prófi frá Prestaskólanum 1886. Hann var prestur á Rangárvöllum, en lengst af starfsmaður í fjármálaráðuneytinu. Skúli lést árið 1933.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Hár vexti og vel vaxinn; stilltur vel og siðprúður; í meðallagi gáfaður; reglu- maður góður; stundaði ekkert nema skólafögin, gaf sig lítið við skólamálum.<sup>3</sup>



- 
- 1 *Þf* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1882. Miðsvetrarpróf 4. bekkur.
  - 2 Brynleifur Tobiásson, *Hver er maðurinn*. II. bindi, bls. 238.
  - 3 *Þf* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1883-1884, bls. 51.



*Sá, sem engan vin á,  
ferðast eins og útlendingur yfir jörðina*

(1889)

„Það er ekki gott, að maðurinn sje einn, jeg vil gjöra honum meðhjálp,“ sagði guð í öndverðu er hann hafði skapað manninn og sá hve einmana og gleðisnautt líf hans hlyti að verða, ef hann hefði ekki einhverja aðra mannlega veru að búa með. Hinn fyrsti maður hafði leitað meðal allra dýranna, en ekkert fundið sem gæti verið anda hans til gleði eða gjört honum stundirnar stuttar. Hann hefur þá fundið til þess, að hann vantaði eitthvað á sælu sína og þótt lífið tómlægt. Þessi þrá eptir sambúð líkra vera liggur í eðli flestra skepna á jörðunni. En hjá mannum verður hún sterk, sterkari en hjá nokkurri skepnu annari. Það er líka mjög eðlilegt, því maðurinn hefur svo mikla og ágæta hæfileika fram yfir aðrar skepnur. Hann einn getur látið skýrt í ljósi hinar innstu hjartans hreifingar sínar, og skilur líkar hræringar hjá öðrum. En lyndisfar manna er margbreytilegt. Sumir hneigjast að þessu, aðrir að öðru o.s.frv. Af þessu kemur, að hugir manna dragast í ýmsar áttir og keppa að mismunandi takmarki; er því ekki að búast við, að menn geti dregizt jafnt að öllum eða haft jafnmikla skemmtun að sambúð hvers og eins, sem vera skal. En sálin gleymir aldrei þrá sinni eptir innilegu samtengingar bandi. Hún leitar og hefur enga ró, fyr en hún hefur fundið einhverja þá veru, sem hafi líkar tilfinningar og hún, en opt er örðugt, að finna þann, sem geti fullnægt þessari sterku þrá mannlegs anda en því torsóttara sem það er, því sterkari verður löngunin og því innilegri þráin. Vjer ætlum nú í ritgjörð þessari að virða lítið eitt fyrir oss það ástand, sem maðurinn kemst í, ef hann fær ekki þessa hjartans innstu og heitustu löngun uppfyllta.

Ef vjer tókum mann til dæmis, sem hefur liðið skipbrot við eitthvert ókunnugt land, þar sem hann hvorki þekkir mennina nje skilur málið, þá sjáum vjer skjótt, að hagur hans er ekki glæsilegur. Hann er einn meðal ótal ókunnra manna og veit ekki hvert hann á að snúa sjer. Hann getur engum treyst af því hann á ekki kost á að láta neinum í ljósi þarfir sínar. Hann getur ef til vill búizt við öllu illu af mönnum þeim, er hann ekki þekkir. Hann ráfar úr einum stað í annan, en mætir engu vinarauga. Allir ganga fram hjá honum eins og þeir sæju hann ekki. Örvinglun og ótti gagntekur hann aðra stundina, en tildræg von hina. En mitt í öllum þessum raunum er þó eitt, sem kvelur hann mest af öllu, og lætur hann aldrei hafa frið. Það er þráin og löngunin eptir, að mega og geta opnað hjarta sitt fyrir einhverri mannlegri veru, að mæta einhverjum manni, sem hann geti treyst og sem rjetti honum hjálpandi hönd og tali við hann hugg-

andi orð. Það er þessi þrá, sem þungbærust er af öllu í útleðarlífínu. Á líkan hátt er þeim varið, sem ekki hefur neinn vin. Lífið leggst á hann með öllum þunga sínum, en enginn er sá, sem ljetti undir byrðina með honum. Hann sjer daglega menn í kringum sig; hann heyrir orð þeirra, en þau ná ekki inn að hjarta hans. Hann er svo gott sem mállaus, því enginn vill skilja tilfinningar hans eða heyra það, sem honum liggur á hjarta. Hann þorir ekki, að birta vilja sinn fyrir öðrum, því hann er hræddur um, að þeir gjöri aðeins gis að honum fyrir það. Blóðug eru þau tár, sem hann fellir á einverustundunum, en enginn er þó sá, sem fari með viðkvæmri hendi um hina brennandi hvarma og þerri þau, eða kæli hina heitu þrá sálar hans. En treginn vex dag frá degi og löngunin verður að botnlausri kvala glóð sem held er yfir höfuð honum. Það má því með sannni segja, að þessi maður sje útlendur hjer á jörðunni, því hann fer á mis við þá mestu sælu, sem hjer fæst. Heimurinn með öllum gæðum sínum verður myrkur í augum hins vinarlausa, og allt ber á sjer sorgarblæ. Þannig er þessu varið og því ætlum vjer, að verða glaðir, er vjer fáum einhvern góðan vin og keppast eptir að halda honum í örmum tryggðar og ástar og hafa það ætíð í huga, að lífið er eins og sandorpin eyðimörk, sem stiknar ýmist af brennandi hita eða frýs af kulda. Það er ekki gott að maðurinn sje einn. Hann má til að eiga vin, sem beri með honum eða að minnsta kosti ljetti undir með honum lífsins þungu byrði.<sup>1</sup>

### *Friðrik Friðriksson*

Friðrik fæddist árið 1868. Hann lauk prófi frá Lærða skólanum 1893 og hélt svo til Kaupmannahafnar þar sem hann stundaði nám í læknisfræði og málfræði. Hann lauk prófi frá Prestaskólanum árið 1900. Friðrik stofnaði Kristilegt félag ungra manna og Kristilegt félag ungra kvenna (KFUM og KFUK), starfaði sem prestur við Laugarnesspítala, Dómkirkjuna í Reykjavík og á Akranesi. Friðrik stundaði einnig æskulýðsstarf í Danmörku og í Norður-Ameríku. Hann lést árið 1961.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður á hæð og heldur þrekinn. Dökkhærður og hárprúður, dökkeygur, fülleitur í andliti, óhreystlegur og þreytulegur. Gáfaður vel og skáldmæltur og orkti mikið; lundgóður en hviklyndur. Brjóstgóður, og kom það einkum fram við alla sjúka. Heitur var hann í lund og gefinn fyrir ástir. Nám sitt stundaði hann vel framan af, en miður síðari árin. Hann fór úr skóla í 5. bekk, og gekk svo ekki upp úr þeim bekk fyr en að 3 árum liðnum. Fjelagsmaður góður, og

1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1889. Vorpróf 4. bekkur.

2 Gunnlaugur Haraldsson, *Guðfræðingatal 1847-2002*. I. bindi, bls. 339-341.

orkti mikið í skólafjelögunum. Mikið riðinn við öll skólamál, og fylgdi þar fram sínu máli meir með kappi en forsjá. Las mikið utan hjá, sjer í lagi skáldskap; fjekkst mikið við barnakennslu og var mjög barngóður, var því stundum í gamni kallaður „Börneven“. Reglumaður góður framan af, en í meðallagi síðari árin.<sup>1</sup>



---

1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1892-1893, bls. 37-38.



## XXV. Íþróttir og leikir

Á síðari hluta nítjándu aldar var íþróttalíf landsmanna í sókn. Glímufélag var stofnað í Reykjavík árið 1873, fimleikafélag 1884, skautafélag 1893 og Fótboltafélag Reykjavíkur árið 1899 (síðar nefnt Knattspyrnufélag Reykjavíkur).<sup>1</sup>

Leikfímikennsla hófst í Lærða skólanum árið 1857, en hana kenndi danskur uppgjafaliðsforingi, Carl Peter Steenberg að nafni. Hann gaf hvassar og ákveðnar skipanir við kennsluna líkt og á heræfingum og átti það til að klípa í eyrun á mönnum þegar þeim gekk ekki nægilega vel að framfylgja skipunum hans.<sup>2</sup> Þmsir piltar reyndu að forðast leikfímistímana með því að útvega sér læknisvottorð og var þá helst kvartað yfir tannpínu, magapínu, ógleði eða höfuðverk.<sup>3</sup> Á hverju vori fóru fram leikfímipróf, en þau hafa eflaust verið mismikið tilhlökkunarefni meðal piltanna, því þegar þau fóru fram, hópuðust bæjarbúar upp í leikfímihúsið og horfðu á piltana glíma við ýmsar þrautir.<sup>4</sup> Piltarnir gerðu aðallega æfingar á slá og í köðlum og stukku yfir hest, en stunduðu jafnframt skyldingar sem vöktu mikla eftirvæntingu. Sverðaglamur og hvinur ómaði þá um leikfímihúsið.<sup>5</sup>

Hér má finna lýsingar skólapiptanna á leikjum og íþróttum sem þeir þekkja til. Flestir fjalla um glímu og lýsa yfir aðdáun sinni á þeirri íþrótt, en jafnframt má finna lýsingar á knattspyrnu sem var greinilega að ryðja sér til rúms á þessum tíma. Þá er sagt frá ýmsum leikjum sem piltarnir þekktu. Hér taka til máls meðal annarra Eggert Briem (1879-1939) síðar stórbóndi í Viðey og Árni Árnason (1885-1971) síðar læknir.



1 Einar Laxness, *Íslandssaga a-ö*. Annað bindi, bls. 20-22.

2 Árni Thorsteinsson, *Harpa minninganna*, bls. 116-117.

3 Guðmundur Eggerz, *Minningabók Guðmundar Eggerz sýslumanns*, bls. 62.

4 Árni Thorsteinsson, *Harpa minninganna*, bls. 116-117.

5 Árni Thorsteinsson, *Harpa minninganna*, bls. 116-117.

*Lýsið hinum helztu líkamsíþróttum, sem tíðkaðar eru hjer á landi, og sýnið fram á það gagn sem af þeim getur leitt*

(1895)

Hinar helztu líkamsíþróttir, sem tíðkaðar eru hjer á landi, eru glímurnar. Glímur hafa haldist við hjer á landi frá því í fornöld enda eru þær hin bezta skemmtun og ágæt líkamsæfing. Glímumaðurinn þarf bæði að vera hraustur og sterkur, en einkum þarf hann að vera fimur. Til skamms tíma hafa verið haldnir glímufundir opt á ári hverju. Á þessum glímufundum koma saman hinir glímnustu menn, til þess að reyna með sjer. Árið 1892 var haldinn glímufundur í Hruna; fund þennan sóttu jafnt konur sem karlar og ungir sem gamlir. Beztur glímumaður reyndist unglingspiltur nokkur, er hjet Erlendur; hann var frá Mikla-holti í Biskupstungum.

Glímurnar hafa hin beztu áhrif á líkamann, því að þeir sem glíma verða bæði fimir og snarráðir. Glímurnar eru einkum gagnlegar af því, að þegar menn eru að glíma, reynir á flesta vöðva líkamans.

Knattleikur er tíðkaður hjer á landi; við knattleika er einkum komið undir því að menn sjeu fráir á fæti. Knattleikurinn hefur breyzt mikið frá því sem hann var til forna.

Sund er tíðkað hjer á landi, enda er það einhver hin hollazta og bezta íþrótt. Alþingi hefur veitt fjárstyrk til þess að efla þessa íþrótt. Engir eru nú slíkir sundmenn hjer á landi eins og í fornöld, því, að fáir menn munu jafnast á við Grettir Ásmundarson hinn sterka.

Íslendingar fara mikið á skíðum og skautum; norður í Fljótum fer hvert mannsbarn á skíðum. Íþróttir þessar eru hin bezta skemmtun, og gagn þeirra er ómetanlegt, því að opt er svo ill færð að eigi verður farið nema á skíðum.

Nú hef jeg talið nokkrar af þeim íþróttum, sem tíðkaðar eru hjer á landi. Íþróttir þær er jeg hef nefnt hafa það sameiginlegt að þær auka bæði krapta og fimleik; það þori jeg að fullyrða að flestar íþróttir, sem tíðkaðar eru hjer á landi, auka bæði krapta og fimleik, auk þess að þær eru bæði hin bezta skemmtun og hinar holluztu.<sup>1</sup>

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1895. Miðsvetrarpróf 2. bekkur.

## *Eggert Briem Eiríksson*

Eggert fæddist árið 1879. Hann var tekinn í Lærða skólann 1893 og lauk 4. bekkjarprófi árið 1897. Hann stundaði búfræðinám í Kaupmannahöfn og varð síðar bóndi í Viðey þar sem hann rak stórbú um hríð. Hann lést árið 1939.<sup>1</sup>



### *Lýsið hinum helztu líkamsíþróttum, sem tíðkaðar eru hjer á landi, og sýnið fram á það gagn sem af þeim getur leitt* (1895)

Ein hin helzta af líkamsíþróttum þeim, sem tíðkaðar eru hjer á landi eru glímurnar. Glímur hafa löngum verið tíðkaðar hjer á landi, því að bæði eru þær hin bezta skemmtun og ágæt líkamsæfing. Glíman er í því fölgín, að tveir menn taka tókum hvor á öðrum og leitast hvor fyrir sig að fella hinn með ýmsum brögðum og sveiflum. Glímumenn þurfa fremur á fimleika en kröptum að halda, bezt er þó að þeir sjeu bæði fimir og hraustir. Til skamms tíma hafa opt verið haldnar glímusamkomur; koma þar saman hinir glímnustu menn til þess að reyna sig. Samkomur þessar eru nú nokkuð farnar að leggjast niður, en eru þó víða tíðkaðar enn. Glímurnar hafa hin beztu áhrif á líkamann, því að þeir, sem opt glíma, verða mjög fimir og fljótir til, ef á þarf að halda. Einnig vaxa kraptarnir og menn læra að nota þá krapta, sem þeir hafa. Hjer á landi eru einnig tíðkuð hlaup eða stökk, en þau eru þó nokkuð farin að leggjast niður. Getur opt komið í góðar þarfir, að geta stokkið bæði langt og hátt eins og til dæmis Skarphjedi Njálssyni er hann stökk yfir Markarfljót. Þar á móti eru skautafærðir mjög að færast í vöxt hjer á landi. Er það bæði hin hollasta hreyfing og verður opt að góðum notum, þá er ísar eru, því að góðir skautamenn eru fljótir í ferðum, ef gott er skautafæri.

Einnig eru víða tíðkaðar hjer á landi ýmsar handæfingar, svo sem krókur, krumla og handfang; eru þær íþróttir mest komnar undir kröptum og vana.

Nú hef jeg talið allar hinar helztu líkamsæfingar, sem tíðkaðar eru hjer á landi; allar hafa þær það sameiginlegt, að þær auka krapta, fimleika og eru hið bezta meðal til að halda við heilsunni; væri óskandi að Íslendingar leggðu eigi niður þessar líkamsíþróttir, og að þeir tíðkuðu þær sem mest, einkum glímurnar.<sup>2</sup>

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. I. bindi, bls. 314-315.

2 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1895. Miðsvetrarpróf 2. bekkur.

## *Guðmundur Benediktsson*

Guðmundur fæddist árið 1879. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1893 og lauk burtfararprófi 1899. Hann stundaði nám í hagfræði við Kaupmannahafnarháskóla en hvarf frá því og varð ritari í Íslandsbanka. Guðmundur lést árið 1918.<sup>1</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Hann er meðalmaður vexti, kringluleitur og eygur vel. Hann er gáfaður vel og stundaði vel nám sitt. Hann er hægur og hógvær í skapi, vinsæll mjög og virtur vel, enda beztu drengur og laus við allan „dúxa“ hroka. Gaf sig nokkuð að skólamáli í seinni tíð. Hann var í stjórn „Íþöku“ frá 1896-98 og formaður hennar síðara árið, í dómnefnd „Framtíðarinnar“ frá 97-99 og forseti hennar 1898-1899, ritari árbóka þessara 1896-1899. Hófsemdarmaður og reglusamur. „Ballisti“.<sup>2</sup>



## *Lýs þeim íþróttum, er þú hefur mestar mætur á*

(1902)

Með því að jeg á heima í eyjum, sem eru auðugar af hinum svonefndu „fugla-  
björgum“, ætla jeg að lýsa þeirri íþrótt, að veiða bjargfugl.

Þegar menn síga í bjarg, eru vanalega 5-6 menn saman í hóp, hóparnir skipta sjer um bjargið, og hver hópur hefur sinn hluta bjargsins að sækja. Einn maður úr hverjum hóp tekst á hendur það hlutverk að síga ofan bjargið; hann er bundinn í sterka kaðalfesti, og til þess að menn sjú öruggir um, að hnútarnir á hinni digru festi rakni ekki utan af manningnum, er bundið yfir hnútana og jafnframt um lendar og bak mannsins, með mjórri, fíngerðari festi. Hann fer því næst með hægð fram af brún bjargsins og hefur í höndunum „snöru“, sem hann veiðir fuglinn í. Þessi snara er 5 álna langt skapt, með bognum járnteini á öðrum endanum, fremst á enda þessa járnteins er bundinn alinlangur seglgarnsspotti og í þann spotta er bundinn lítill vírhringur. Þessum hring er smokkað upp á járnteininn og myndast þá lykkja. Þessa lykkju setur veiðimaðurinn yfir höfuð fuglsins, dregur að sjer skaptið og dregst þá lykkjan að hálsi fuglsins, og er hann þá náður; veiðimaðurinn tekur hann úr snörunni og kastar honum annaðhvort á hyllu eða þrep, sem er nálægt honum í bjarginu, eða ofan í sjó, og er þá bátur við bjargið til þess að taka veiðina, sem ofan er kastað.

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. II. bindi, bls. 127.

2 *Þí* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1898-1899, bls. 24.



Þegar veiðimaðurinn er orðinn þreyttur að hanga í festinni, kallar hann til fjelaga sinna, sem á brúnni eru til þessa að láta hann síga niður og draga hann upp og biður þá að draga sig upp.

Öðruvísi er farið að við lundaveiði: Við þá veiði nota eyjaskeggjar háf, sem upphaflega er kominn frá Færeyjum til Vestmannaeyja, áður notuðu þeir grefla og net, en þau veiðarfæri eru nú fyrir 20 árum lögð niður. Sá, sem veiðir í háf, situr optast á brún bjargsins, sjaldnar langt frá brúninni, hann kappkostar, að fela sjálfan sig og háfinn fyrir augsýni fuglsins með því að sitja hokinn undir steinum og torfuhnausum, sem hann annaðhvort hleður upp, eða sem eru gerðir af náttúrunni. Þegar fuglinn flýgur fram hjá, þar sem veiðimaðurinn situr bregður hann upp háfnum, sem snarast og reynir að hæfa fuglinn. Hafi hann náð fuglinum, dregur hann að sjer háfinn og greiðir hann úr honum og snýr hann úr hálsliðunum. Þessi íþrótt þykir mjer skemtileg, en það þykir mjer leiðinlegt við hana, að verða að drepa hinn fallega og hugprúða fugl, lundann, sem leitast við að verja líf sitt með mikilli hreysti með því að neyta allrar atorku með klóm og nefi.<sup>1</sup>

### *Þórður Guðmundsen*

Þórður stundaði nám við Lærða skólann um skeið.



### *Lýs þeim íþróttum, er þú hefur mestar mætur á*

(1902)

Íslendingar hinir fornu tömdu sjer margar fagar íþróttir, t.d. glímur og sund og marga fagra leika, en margar af þessum íþróttum eru nú lagðar niður að mestu, enda eru það tiltölulega fáir, sem kunna þær.

Glímur lögðu fornmenn mikla stund á, enda eru þær mjög fögur íþrótt. Í bændaglímu eru valnir tveir foringjar, sem svo skipta liði með sjer. Þegar því er lokið þá er tekið að glíma. Hvor foringinn velur einn mann úr sínu liði, er hann sendir á móti öðrum manni, er hinn foringinn (eða bóndinn, sem svo er nefndur) hefir til tekið. Ef völlurinn er nægilega stór, glíma tvennir eða fleiri. Þá er annarhvor þeirra, er glíma, fellur, hætta þeir venjulega í það skiptið; en þyki þeir vera mjög jafnir, eða ef einhverjar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi og þeir eru eigi mjög móðir, þá reyna þeir þrisvar með sjer og er þá sá sigraður, er optar (tvisvar) fellur. Sjeu þeir, er glíma, svo jafnir, að hvorugur sigri, þá

---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1902. Vorpróf 2. bekkur.

er þeir hafa lengi reynt með sjer, hætta þeir leiknum um stund, en reyna síðan aptur; sigri þá hvorugur, er þeim skipað á móti öðrum. Falli báðir, reyna þeir annaðhvort aptur, eða þeir eru álitnir báðir sigraðir og glíma eigi aptur í þeim leik.

Bændurnir glíma síðastir. Sjeu nokkrir eptir af liði annars bóndans, þá glímur hinn bóndinn fyrst við þá og verði hann sigraður af einum þeirra, þá er leiknum lokið.

Þótt annar af bændum hafi nokkra eptir af liði sínu, þá geta bændur reynt með sjer fyrir því, ef þeir koma sjer saman um það.

Í glímu eru notuð alls konar brögð, þar á meðal eru t.d. klofbragð, leggjarbragð, mjaðmarhnykkur, sniðglímur og fleiri, og er því meira komið undir lipurð og fimleika en kröptum. Ef óliðlega er glímt, geta meiðsli nokkur hlotist af þeim (glímunum), hið sama getur og komið fyrir, ef völlurinn er ekki í góðu lagi. Þeir, sem glíma, eiga að standa sem beinastir og hafa föst tök með annari hendi, en leggja hina á mjaðmir þess, er þeir glíma við.

Glímur eru mjög fögur, skemtileg og holl íþrótt; þær gjöra menn fima, þolna og hrausta og eru því mjög nytsamar. Einnig eru mörg dæmi þess, að þær hafi komið mönnum að góðu haldi.

Sund er fögur, karlmannleg og nytsöm íþrótt. Það stælir vöðvana og gjörir menn þolna og hrausta engu síður en glímurnar. Jafnframt því, að það stælir vöðvana, eykur það einnig sálarþrekið og er því ásamt glímum og öðrum líkamsæfingum mjög nauðsynlegt fyrir námsmenn.

Sund er miklu nytsamast af þeim íþróttum, sem tíðkaðar eru hjer á landi, því margir hafa bjargað lífi sínu á sundi og þar eð Íslendingar stunda mjög fiskiveiðar eins og kunnugt er, þá sætir það furðu, hve fáir þeirra kunna sund.

Eg hef því mestar mætur á þessum tveim íþróttum sökum þess, að þær eru fagrar, skemmtilegar, hollar, karlmannlegar, nytsamar og þær gjöra menn fima, sterka, þolna og heilsugóða.<sup>1</sup>

## Árni Arnason

Árni fæddist á Seltjarnarnesi árið 1885. Hann lauk prófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1906 og cand. med. prófi frá Háskóla Íslands 1912 (dr. med 1935). Hann var lengst af héraðslæknir í Dalahéraði, í Berufjarðarhéraði og Skipaskagahéraði. Árni lést árið 1971.<sup>2</sup>

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1902. Vorpróf 2. bekkur.

2 *Læknar á Íslandi*, bls. 23.

### *Palladómur skólabræðra:*

Árni Árnason er fremur lágur og grannur enda ungur að aldri. Hárið ljóst og lítið eitt hrokkið, augun gráblá og alllagleg; alt er andlitið smáfellt og stúlkulegt – Árni er fyrirtaksnámsmaður enda les hann ágætlega og svo virðist sem hann hafi ekki áhuga á neinu [nema] „fögunum“ og ekkert gefur hann sig við skolamálum, en fyllir flokk „sumblunga“ [...]¹



### *Hverjir leikar og fimleikaæfingar tíðkast mest hér á landi? Lýs vandlega einhverjum leik er þú þekkir*

(1903)

Eins og allir vita, eru til fjöldamargir leikar og eru þeir sinn með hvoru móti, svo ekki er gott fyrir einn mann að þekkja þá til hlýtar, nema hann annaðhvort lesi um þá, þar sem þeir eru vandlega útskýrðir, eða að hann taki þátt í þeim, eða hann sjái þá leikna. Jeg er ungur og þekki því fáa aðra leiki en þá, er jeg tók þátt í þegar jeg var barn og voru það máskje hinir algengustu og lítilfjörlegustu leikar, en samt sem áður skemtilegir; nú síðan jeg varð eldri og fór að fara að heiman til hinna og þessa staða, þá hefi jeg kynnst mörgum þeim leikjum, er jeg ekki þekkti áður og hefi jeg reynt til að læra þá, til þess að geta kennt þá krökkum fyrir vestan svo þau stæðu ekki að baki öðrum börnum, hvað leika snertir; þetta síðastefnda hafa víst flest allir piltar gjört, svo jeg ætla ekki að fara meira út í þá sálma. Jeg ætla nú að setja upp leika þá er jeg kann og taka þvínæst einhvern þeirra og lýsa honum eins og jeg get. Hinir helstu leikar eru þessir: skautahlaup, skíðaferðir, sleðaferðir, stórfiskaleikur, feluleikur, skolla-leikur, hestaleikur, hornaleikur – það að hlaupa í horn – og svo hinir og aðrir leikar er jeg ljek með leikföng mín, þakboltaleikur, slagboltaleikur, útilegumannaleikur, síðastaleikur, fuglaleikur, dúfuleikur, pilla, pilla akur, karlaleikur, skipaleikur, orustuleikur, póstferðaleikur, sömuleiðis margir jóllaleikar er jeg ekki veit hvað heita, fótboltaleikur, dansleikur og fleiri þessháttar leikar. Svo er nú að minnast á hina gömlu leika svo sem glímur sem hinir gömlu og heiðvirðu Íslendingar yðkuðu mikið fyr á tímum. Þær þekkjast allstaðar hér á landi og tíðkast (jeg held) eins mikið og dansleikar, að minnsta kosti þar sem jeg þekki til. Þeir leikar er tíðkast mest, eru glímur, dansleikar og boltaleikar. Þar eð tíminn er nú orðinn naumur, þá get jeg ei farið betur út í þetta, en jeg hefi

1 Lbs 3364 4to – Skinfaxi 24. maí 1903, bls. 221.

gjört, svo að jeg ætla að fara að lýsa einum leik, er jeg þekki bezt, og þessi leikur er útilegumannaleikur; hann er þannig; Þeir piltar er taka þátt í honum, velja sjer einn úr hópnum, sem stjórna skuli, og er sá kallaður konungur og verður hann ávalt að vera á sama staðnum og er sá staður nefndur konungssæti eða konungshöll; konungurinn velur úr hópnum svo sem 3 eða 4 pilta og eru það útilegumennirnir, þeir fara þá strax af stað til að fela sig, nokkru síðar skipar konungurinn jafn marga njósnarmenn, sem mega fara af stað 2 mínútum á eptir útilegumönnunum og gæta að hvort þeir fara og segja svo frá; þegar útilegumennirnir eru farnir og njósnarmennirnir, þá skiptir konungur hópnum, sem eptir er, í smádeildir og setur yfir hverja einn fyrirliða og er hann með sverð við hlið sjer, til að drepa útilegumennina með, ef þeir verða ósvífnir í orðum eða gjörðum. Þegar útilegumennirnir eru búnir að húa, – svoleiðis láta þeir vita þegar þeir eru búnir – þá fara allar herdeildirnar af stað sín í hvora áttina, til að leyta að útilegumönnunum og ef þær fynna einhvern þeirra (útilegumannanna) þá elta þær hann, þar til þær hafa náð honum og fara þá með hann til konungsins, sem dæmir sökudólgana; hafi útilegumaðurinn gjört margt ilt af sjer, þá er hann drepinn, en hafi hann verið stilltur, á meðan hann lá úti, þá er honum boðið að velja um; hvort heldur hann vilji ganga í biggð og verða kristinn eða deyjja og er það optast að hann kýs hið síðara, því það þykir löðurmannlegt, að gjörast undirgefinn óvinum sínum. Þannig er farið með sjerhvern útilegumann þar til allir eru náðir, þá er leikinn nýr leikur og kosinn nýr konungur og svo er farið að öllu sem fyr.

Leikur þessi er mjög skemtilegur, bæði fyrir krakka og fullorðna og er hann því opt leikinn, en einkum þó á vetrum.<sup>1</sup>

### *Reinhold Samúelsson Richter*

Reinhold fæddist árið 1886. Hann hóf nám við Lærða skólann 1902, varð síðar forstjóri í Reykjavík. Hann lést árið 1966.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Reinhold Richter er lítill maður vexti, enda er hann ungur að aldri og lítt þroskaður. En hnellinn er hann og all-knár. Fallegur er hann á velli og fríður í andliti. Mun hann ærið ganga í augu kvennfólki, þegar stundir líða [...]<sup>3</sup>



- 
- 1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1903. Vorpróf 2. bekkur.
  - 2 Pálína Magnúsdóttir, *Pálsætt á Ströndum*. III. bindi (Reykjavík, 1991), bls. 786.
  - 3 *Lbs* 3364 4to – Skinfaxi 24. maí 1903, bls. 193.

*Hverjir leikar og fimleikaæfingar tíðkast mest  
hér á landi? Lýs vandlega einhverjum leik er þú þekkir*

(1903)

Helztu leikar, sem jeg þekki og tíðkast hjer á landi eru sjónleikar sem mjög hafa aukist á síðari árum, einkum í kauptúnum, enda er skemmtilegt að sjá vel leikinn sjónleik, hvort sem hann er heldur sorgarleikur eða gleðileikur. Svo eru einnig dansleikar, sem mjög hafa farið í vöxt nú í seinni tíma, og vart þykir sá maður með mönnum, sem ekki kann að dansa.

Af fimleikaæfingum þekki jeg glímur, og eru þær mjög góð æfing, en helzt til lítið hafa þær verið æfðar nú á seinni árum. Sund hefur aukist mjög á seinni árum og til sveita eru víða laugar, sem menn geta æft sig í. Knattspark hefur flust hingað frá Englandi og er það mest æft hjer í Reykjavík, enda eru hjer all margir ungir menn, sem kunna meira eða minna að sparka knetti. Í leiknum eru hafðir vanalega um tuttugu menn, tíu eða ellefu í hverju liði. Hverju liði er þannig skipt, að einn ver markið (the goal), tveir eða þrír eru framverðir og jafnmargir apturverðir, en hinir, sem eptir eru sækja fram. Vinningurinn er að koma knettinum í gegn um hliðið. Hjólreiðar eru talsverðar hjer á landi, þó að vegir sjeu víðast óhentugir til hjólreiða, og hjer í Reykjavík eiga margir hjól. Skíðaferðir eru lítið æfðar, nema í einstöku hjeruðum á Norðurlandi, en það er vonandi að ungir og frískir menn fari að æfa þessa íþrótt, sem áður var svo almenn.<sup>1</sup>

*Ásgeir Gunnlaugsson Már*

Ásgeir fæddist árið 1885. Hann var tekinn í 2. bekk Lærða skólans árið 1902 og varð stúdent 1907. Hann stundaði nám í verkfræði í Kaupmannahöfn, fór svo í siglingar og var bátsmaður í fyrri heimsstyrjöldinni. Afdrif hans eftir þann tíma eru ókunn.<sup>2</sup>



1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1903. Vorpróf 2. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. I. bindi, bls. 91.

## *Hverjir leikar og fimleikaæfingar tíðkast mest hér á landi? Lýs vandlega einhverjum leik er þú þekkir*

(1903)

Leikar eru margir á Íslandi og allflestir innlendir, margir leikar eru ein-kennilegir fyrir hvert hjerað, en aptur eru margir, sem tíðkast um land allt. Nú á seinni árum hafa ýmsir útlendir leikar flust inn í landið og helztir þeirra eru handboltaleikar og knattleikur. Knattleikur mun þó hvergi tíðkast enn hjer á landi nema í Reykjavík, en handboltaleikar eru orðnir algengir í mörgum kaupstöðum og sjáfarplássum. Af innlendum leikum, sem jeg þekki til og held, að sjeu algengastir á Íslandi, eru feluleikar, útilegumannaleikar, skessuleikar, flokkaleikar og útburðsleikur, öllum þessum leikum hef jeg vanist, svo má nefna stórfiskaleik, sem er þannig, að sljettur fyrirndur flötur er afmarkaður og á hverju horni hans er sett niður spýta og svo er snúra fest utan um allar spýturnar, stórfiskurinn má ekki fara út fyrir þessa snúru. Þeir sem, taka þátt í leiknum, velja einhvern úr hópnun og hafa hann fyrir stórfisk, svo stökkva smáfiskarnir inn á flötinn og á þá stórfiskurinn að grípa þá, stórfiskurinn verður að vera liðugur í snúningum til þess að smáfiskarnir hlaupi ekki fram hjá honum. Þegar hann er búinn að ná einum smáfisk, þá verður smáfiskur að stórfiski og hjálpar hinum og svona gengur það koll af kalli, þangað til að búíð er að ná öllum. Það eru einkum börn fyrir innan fermingu, sem taka þátt í þessum leikjum. Um jólin er opt mikið um glaðværð og skemmtanir hjá fólki, menn bjóða þá vinum sínum og kunningjum heim til sín og fara þá í ýmsa leika, sem bæði eldri og yngri taka þátt í, þessir leikar eru nefndir jólaleikar. Af fimleikaæfingum má nefna skautaferðir, sem tíðkast mjög um allt Ísland og handahlaup, stökk og ýmsar aflraunir. Glímur mætti líka telja undir fimleikaæfingar, því að eins og menn glíma á Íslandi er mest komið undir því, að menn sjeu fimir, á Íslandi eru brúkuð brögð; en þegar menn glíma í útlöndum, þá brúka þeir hryggjaspennur og þá er mest komið undir afli.<sup>1</sup>

### *Sigfús Marius Jóhannsson Johnsen*

Sigfús fæddist árið 1886. Hann lauk prófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1907 og prófi í lögfræði frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1914. Sigfús starfaði lengst af í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Hann lést árið 1974.<sup>2</sup>



1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1903. Vorpróf 2. bekkur.  
2 Brynleifur Tóbiásson, *Hver er maðurinn*. II. bindi, bls. 175.

## XXVI. Listin að lifa

Hér er lengsti kafli bókarinnar. Innan hans má finna ritgerðir frá ýmsum árum sem allar fjalla um þær gildir og háskabrautir er gátu orðið á vegi ungra manna á síðari hluta nítjándu aldar. Dyggðugt líferni var hið ædsta takmark hvers manns, og ljóst að skólinn lagði nokkra áherslu á að boða slíkt líferni, enda eru piltarnir hér á mótunarárum og því brýnt að biðja þá að hugleiða æskilegan lífsmáta.

Í ritgerðunum takast piltarnir á við siðferðileg álitamál og stundum fylgja með ýmsar skemmtilegar sögur úr hversdagslífi þeirra. Flestar ritgerðanna boða ýmis ráð þegar þarf að takast á við lífernislíftina, og eiga þau enn að einhverju leyti við, nú í upphafi 21. aldarinnar.

Í þessum kafla taka til máls meðal annarra Klemens Jónsson (1862-1930) síðar ráðherra, Bjarni Þorsteinsson síðar prestur (1861-1938), Jón Magnússon (1859-1926) síðar forsætisráðherra, Einar H. Kvaran (1859-1938) rithöfundur og Ólafur Davíðsson (1862-1903) síðar þjóðsagnasafnari og náttúrufræðingur.



### *Í hverju er sönn hugprýði innifalin?*

(1853)

Hin sanna hugprýði er sá mannkostur, að sá, sem hefur hann til að bera, lætur eigi hugfallast, þótt leynilegar eða bersýnilegar hættur beri að höndum, heldur gengur á móti þeim öruggur og ótraudur, og neytir jafnframt þeirra bragða, sem hann með skynsemi sinni sjer, að geta orðið honum að liði, og stutt að því, að hann geti unnið svig á þeim, og sigrað þær, hvenær sem þær mæta honum.

Oss veitir auðveldar að sjá, í hverju hin sanna hugprýði er innifalin, ef vjer athugum þá lesti, sem hugprýðinni eru gagnstæðir, því að þá sjáum vjer þá ókosti, sem þeim eru samfara, og þá jafnframt þá kosti, sem hugprýðinni fylgja.

Fífldirfska og hugleysi eru þeir lestir, sem hugprýðinni eru gagnstæðir; hinn hugprúði gengur hughraustur og viðbúinn gegn öllum hættum og torfærum,

viðbúinn gengur hann móti þeim, þar eð hann athugar vandlega, hvernig bezt sje að yfirbuga þær, áður en hann ræðst á móti þeim; á hinn bóginn steypir hinn fífldjarfi sjer út í hættur og torfærur hugsunarlaust, jafnvel þó það sje út í opinn dauðann, því að skynsemin stjórnar ekki hugrekki hans, heldur er það einber ofsi og ákafi, sem rekur hann út í hvað, sem vera skal; en hinn huglausi flýr, eins skjótt og hann getur, undan öllum hættum og torfærum, sem hann heldur, að muni mæta sjer.

Hinn hugprúði er því ólíkur hinum fífldjarfa í því, að hann gengur ekki hugsunarlaust, eða eins og í blindni út í hættur og torfærur, heldur tekur hann viðbúinn á móti þeim, og lætur skynsemina stjórna sjer í öllum sínum fyrirtækjum; hinum huglausa er hinn hugprúði ólíkur að því leytí, að hann flýr ekki undan hættunni, eins og hinn huglausi, heldur neytir allra bragða til að reka hana á flóttu. Af þessu er það auðsætt, að hinn fífldjarfi yfirbugar hættuna einungis sjaldan; hinn hugprúði næstum því allajafna; en hinn huglausi aldrei.<sup>1</sup>

### *Bjarni E. Magnússon*

Bjarni fæddist árið 1831. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1847 og lauk burtfararprófi árið 1853. Hann lauk prófi í heimspeki og lögfræði í Kaupmannahöfn og varð sýslumaður Húnvetninga frá 1871 þar til hann lést, árið 1876.<sup>2</sup>



## *Hvernig getur þrifnaður stutt að velmegan og vellíðan manna?*

(1855)

Þrifnaðurinn stíður mjög að vellíðan og velmegan manna. 1. Eikur þrifnaður hreint lopt í húsum manna, og kemur þá í veg fyrir ýmsa sjúkdóma, sem mjög er hætt við að komi í þau hús þar sem óhreint er lopt; og er þrifnaður eitthvert hið bezta meðal á móti sjúkdómum. 2. Skemmast allir hlutir með óþrifnaði, og verða ónýtir á stuttum tíma; en þrifnaðurinn þar á móti heldur þeim við líði, og geta þeir þá varað langan tíma. 3. Vekur þrifnaður þokka annarra manna á manni, en allir verða frábítnir hinum óþrifna. 4. Vekur þrifnaður hjá manningum ánægju með sjálfan sig, því að það er sannreynt, að maðurinn kann miklu betur við sig, þegar bæði hann sjálfur og það, sem í kringum hann er, er hreint, enn þegar bæði hann sjálfur, og það sem í kringum hann er, er óhreint. 5. Geng-

1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1853-1854.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. I. bindi, bls. 181-182.



ur þeim manni, sem þrifar vel vörur sínar, þær miklu betur út, enn þeim sem ekki gjörir það. Af þessu sjest að með sanni má segja, að þrifnaður stuðlar mikið til vellíðunar og velmegunar manna.<sup>1</sup>

### *Þorgrímur A. Johnsen*

Þorgrímur fæddist árið 1838. Hann var tekinn í Lærða skólann 1852, lauk burtfararprófi 1860 og prófi í læknisfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1868. Þorgrímur var lengst af læknir í Eyjafirði. Hann lést árið 1917.<sup>2</sup>



### *Að útlista, hvers vegna gott mannorð er áriðandi fyrir hvern mann*

(1862)

Gott mannorð er eitt af því, sem hvað mest ræður líf skjörum manna, og samlífi þeirra við meðbræður sína; það er skilyrði fyrir því, að lífið verði þeim þægilegt og gagnlegt. Gott mannorð er áriðandi fyrir hvern mann í hverri stjett, sem hann er, og sjerhverjum ber að lifa svo, að jafnvel illgjarnar tungur geti ekki hnekktt mannorði hans, því ef maðurinn hefur misst mannorð sitt, þá verður honum ekki viðhjálpað, sumir fyrirliða hann, enginn trúir honum og jafnvel ekki þeir, sem eins er ástatt fyrir, allir góðir menn sneiða sig hjá honum og allt er lokað fyrir honum nema örvæntingin eða glæpurinn. Gott mannorð er því skilyrði fyrir því, að maðurinn geti komist fram í heiminum, og orðið nýtur meðlimur í fjelagi því, sem hann á að vinna gagn, en þartil útheimtist, að framferði hans sje ólastanlegt og hjarta hans óflekkað, eða með öðrum orðum, að hann aldrei gefi neinum tilefni til að ráðast á mannorð sitt, því þá getur enginn neitað honum um virðingu sína.

Af þessu sjest, að gott mannorð þarf til alls, sem maður tekur sjer fyrir hendur í lífinu, það er grundvöllur sælufulls lífs, og því öflugri sem grundvöllurinn er, þess traustara verður það, sem maður byggir á honum.<sup>3</sup>

### *Þorlákur Thorarensen*

Þorlákur fæddist árið 1842. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1858 og lauk burtfararprófi 1864. Hann stundaði nám við Kaupmannahafnarháskóla um

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1855.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 136.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1862.

skeið, fór svo til Akureyrar en hélt þaðan til Vesturheims. Ekki er vitað um afdrif hans þar.<sup>1</sup>



*Að útlista, hvers vegna gott mannorð er áriðandi  
fyrir hvern mann*

(1862)

Þegar í æsku mannsins leggja góðir foreldrar allt kapp á að ala hann upp til góðra siða og hegðunar; það er með öðrum orðum: þau kenna honum að stunda hið góða, en hafna hinu illa. Þetta gjöra foreldrarnir af því, að þau sjá, að hinn ungi maður getur ekki á annan hátt verið sjer og öðrum til gagns og sóma. Þegar skynsemi mannsins tekur að þroskast, fer hann einnig sjálfur að finna til þess betur, hversu áriðandi það er fyrir hann að hafa óflekkað mannorð og vera vel metinn; því ef mannorð hans hefur flekkast á einhvern hátt, finnur hann til þess, að aðrir menn hljóti að hafa fyrirlitning á honum eða að minnsta kosti, að mannfjelagið verði að hafa minna traust til hans en ella. Hann hlýtur að sjá, að það bakar honum mikillar óánægju að vera blettaður á mannorði sínu fyrir allra manna sjónum, ef samvíska hans er vakandi. Maðurinn hlýtur að finna, að gott mannorð er skilyrðið fyrir því, að hann geti notið virðingar í mannfjelinu, og að hann geti gegnt skyldum sínum sómasamlega. Því hvernig á sá, sem misst hefur mannorð sitt, að gegna að öllum skyldum sínum? Hann hefur brotið svo af sjer við mannfjelagið, að það getur ekki trúað honum fyrir því, sem það annars hefði getað.

Hins vegar er það auðsætt, að menn hljóta að þeim manni, sem kunnur er að því, að ganga veg dygða og mannkosta, menn hljóta að dást að honum og unna honum. Hann hlýtur þó sjálfur, að verða var við ávexti þá, er spretta af góðu mannorði, ást og hylli góðra manna, og það hvetur hann enn meira til þess, að gjöra ekkert það, sem vítavert sé, hvorki fyrir guði nje mönnum.<sup>2</sup>

*Tómas Björnsson*

Tómas fæddist árið 1841. Hann var tekinn í Lærða skólann 1858, lauk burtfararprófi 1865 og prófi frá Prestaskólanum 1866. Hann var lengst af prestur á Barði í Fljótum. Tómas lést árið 1929.<sup>3</sup>



1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 168.

2 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1862.

3 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 12.

## *Í hverju er ófarsæld manna fólgin?*

(1868)

Farsældin er tilfinning fullkomlegleikans. Ófarsældin er gagnstæð henni, og því er hún tilfinning um ófullkomlegleika; en ófullkominn er sá maður sem ekki gegnir ákvörðun sinni. Vjer getum því sagt, að sá maður, sem eigi gegnir ákvörðun sinni, sje ófarsæll.

En ákvörðun vorri er skipt í tvennt, í hina stundlegu og hina eilífu ákvörðun. Hin stundlega ákvörðun er leidd út af sambandi mannsins hjer við heiminn. Þetta samband er: Maðurinn lifir hjer á jörðunni, sál hans er sameinuð líkama, og hann lifir í fjelagi við aðra menn. Ákvörðun þessi verður því: Maðurinn á að kynna sjer gæði jarðarinnar, og nota þau sem best eptir tilgangi skaparans; hann á að efla og herða líkamskraftana, og gjöra líkamann að hæfilegu verkfæri handa sálinni; hann á að verða borgmaður í ríki, lifa í hjónabandi og uppala börn.

Hin eilífa ákvörðun er í því fólgin, að maðurinn á að afla sjer þekkingar á sannleikanum, það er: hann á að vera vitur; hann á að hafa hreinan og fullkominn vilja, það er: hann á að vera góður; hver sem nær þessu, er líka sæll.

Maðurinn er því sæll, ef hann gegnir þessari ákvörðun sinni, en ófarsæll, ef hann eigi gjörir það. Enginn maður er með öllu sæll, því að enginn er svo fullkominn, að hann hafi ákvörðun sína ávallt fyrir augum; mennirnir eru því ófarsælari, sem þeir hugsa minna um að gegna ákvörðun sinni; af því koma stig í farsældinni. En til þess að gegna ákvörðun sinni þarf maðurinn eigi að gegna nema einu boðorði, það er að segja, boðorði kærleikans. Sá, sem gegnir því, gegnir öllum skyldum sínum í tilliti til ákvörðunar sinnar, því að í því eru þær allar fólgnar, og sá sem eigi gegnir skyldu kærleikans, gegnir eigi neinni annari skyldu rjettilega. Ófarsældin er því tilfinning um ófullkomlegleika; ófullkomlegleiki manna er fólgin í því, að þeir gegna eigi ákvörðun sinn; þeir gegna eigi ákvörðun sinni af því, að þeir gegna eigi boðorði kærleikans; af þessu leiðum vjer að ófarsæld manna sje einungis í því fólgin, að þeir gegna eigi boðorði kærleikans.<sup>1</sup>

### *Björn M. Ólsen*

Björn fæddist árið 1850. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1863 og lauk burtfararprófi 1869. Hélt til Kaupmannahafnar 1872 og lauk prófi í málvísind-

---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1868.

um 1877. Hann var kennari og síðar rektor Lærða skólans. Björn varð dr. phil frá Kaupmannahafnarháskóla 1883 og varð prófessor við Háskóla Íslands 1911 og jafnframt fyrsti rektor skólans. Eftir hann liggja fjölmörg fræðirit og ritgerðir. Björn lést árið 1919.<sup>1</sup>



*Að hve miklu leyti er það satt,  
að skaðinn gjöri mann hygginn?*

(1869)

Reynslan er eitthvert bezta ráð til þess, að afla mönnum hygginda, en skaðinn aflar mönnum reynslu, og að því leyti hygginda. Að vísu gjörir hann það eigi beinlínis, heldur óbeinlínis, því að óttinn um það, að hann muni dynja yfir á hverri stundinni, og vitneskjan um það, að skaðinn hegnir mönnum fyrir sjálf-skaðaða heimsku, þetta gjörir mennina hyggna, og er orsök til þeirra tilrauna og ráða, er menn beita, til að bægja skaðanum brott frá sjer.

Vjer sjáum það opt í mannlegu lífi, að margir þeir, er verða fyrir miklu tjóni, hefðu getað komizt hjá því með einhverju ráði, sem stundum er hægt að sjá. Sjá menn þá, glögglega að þetta tjón, er refsing fyrir heimsku þeirra; og beri slíkt eða það, er líkt er því, aptur að höndum, þá munu þeir komast hjá því, með því að skaði sá, er þeir áður hafa beðið, hefur gjört þá hyggna. Með því, að tjón getur sífellt að höndum borið, eru menn sífellt hræddir um að það kunni að dynja yfir þá á hverri stundinni, og gjöra því þær tilraunir, er þeir hafa vit á, og þeim framast er unnt, til þess, að bægja því burtu, og búa sig sem viturlegast undir það, svo að þeir fái staðizt það, þótt þeir eigi geti bægt því burtu. Að þessu leyti gjörir skaðinn mennina, að vísu óbeinlínis, hyggna.<sup>2</sup>

*Jens Pálsson*

Jens fæddist árið 1851. Hann var tekinn í Lærða skólann 1863, lauk burtfarar-prófi árið 1870 og prófi frá Prestaskólanum 1872. Hann var lengst af prestur í Görðum á Álftanesi. Sat jafnframt á Alþingi um skeið. Jens lést árið 1912.<sup>3</sup>



1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. I. bindi, bls. 237-238.

2 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1869.

3 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 15-16.

## *Að útlista eðli og einkenni sannrar hugprýði*

(1870)

Líf manna hjer í heimi er sífellt erfiði og barátta. Það er ætlunarverk hvers manns að vinna og starfa, vinna að farsæld sjálfs sín og annara, og enginn sá maður er til, að hann eigi ekki við margt mótdrægt að stríða, ef hann gengur í gegn um reynsluskóla þessa lífs. Til þess að geta verið góðir verkamenn eða staðið vel í stöðu vorri og unnið það, sem oss ber að gjöra, þurfum vjer fremur öllu á þori og áræði að halda, en til hins, að æðrast ekki í andstreymi lífsins, er þol og þrek oss með öllu nauðsynlegt. Þessir tveir kostir, sem svo eru nauðsynlegir, til þess að vjer getum unnið dagsverk vort við sæmd og barizt góðri baráttu, eru það, sem einu nafni er kallað hugprýði. Sönn hugprýði er því eptir eðli sínu bæði þor eða áræði til að vinna það, sem oss er á herðar lagt, og þol eða þrek til að bera það, sem oss ber mótdrægt að höndum.

Eðli og einkenni sannrar hugprýði er því að vera einarður, djarfur og einbeittur framkvæmdarmaður og jafnframt þolgóður og þrekmikill krossberi á vegferð vorri hjer í heimi, og sá maður er hugprúður kallaður, sem hefur þessa tvo mannkosti til að bera. Þetta er reyndar stutt, en allglögg einkenning sannrar hugprýði eptir því, sem hún kemur fram hjá öllum mönnum yfir höfuð. En auðvitað er, að hún getur komið fram á ýmsan veg hjá einstökum mönnum, og fer það mest eptir lunderni og lífsstöðu hvers og eins.

Það er reyndar satt, að hugprýðin býr hið innra hjá manningum, og er því ein grein (factor) af geðslagi hans; en þó geta tveir menn verið næsta ólíkir í skapi, þótt hvortveggja sje maður hugprúður. Og fyrir því verður hugprýði vor, og hvernig hún kemur fram hjá oss, fyrir miklum áhrifum af því, hvernig vjer að öðru leyti erum skapi farnir. Sá maður, sem stilltur er í lund, sýnir hugprýði sína í því að fylgja með rólegri einurð og einbeittri staðfestu fram því máli, sem hann vill að góðan framgang fái. En aptur á móti sá maður, sem hvatur er í lund og bráður, sýnir hugprýði sína í því að brjóta allar hindranir, sem verða á vegi hans, á bak aptur, og neyta allrar sinnar atorku og ötulleiks til að koma því fram, sem honum leikur hugur á. Þetta er eitt af hinum afar mörgu og miklu áhrifum, sem hugprýðin verður fyrir af því, hvernig skapferli vort er að öðru leyti. En þó hefur, ef til vill, hagur manna og lífsstaða enn meiri og margbreyttari áhrif á hugprýði þeirra, og það, hvernig hún kemur fram. Sá maður, sem hefur hættuleg þrekvirki að vinna, svo sem hermaður, sýnir hugprýði sína í því að ganga vel fram í orustum, og yfir höfuð stofna sjer ótrauður í hverja þá hættu, er hann má eigi undan komast við góðan orðstír. Það, sem hann sýnir, er

Því einkum áræði og dirfð. En sá maður, sem fremur öðrum þarf á samvizku-semi að halda til þess að gegna vel köllun sinni, sýnir hugprýði sína í því að láta ekki ótta fyrir mönnum hrinda sjer út af hinum þrönga vegi rjettvísinnar. Sá dómari, sem gegn betri sannfæringu dæmir rangan dóm, af því að hann óttast hatur hlutadeigenda, sýnir auk ranglætis hina mestu ragmennsku, og engu síður sá, sem er fulltrúi þjóðar sinnar en svíkst um að fylgja því fram, sem honum sjálfum finnst rjett, af því að hann óttast óvild eða lætur kúgast af ofurvaldi æðri manna.

Þannig geta dæmin verið með mörgu móti, og eru hjer að eins til grein örfá af óteljandi. Yfir höfuð má ganga að því vísu, að, ef einhver maður vanræki þá sýslu, sem honum er á hendur falin, þótt hann skorti hvorki vit nje krapta, til að leysa hana svo af hendi, sem vera ber, þá eigi það optast nær meiri eða minni rót í hugprýðisskorti hans, ístöðuleysi og ragmennsku. Og af því sjest aptur, að hugprýðin er að mörgu leyti móðir skylduræktarinnar, eða með öðrum orðum, flestra þeirra mannkosta, sem nauðsynlegastir eru til þess að vera nýtur maður í mannlegu fjelagi.<sup>1</sup>

### *Ólafur Briem*

Ólafur fæddist árið 1851. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1865 og lauk burtfararprófi 1870. Hann sat á Alþingi og var um skeið formaður Sambands íslenskra samvinnufélaga. Ólafur lést árið 1925.<sup>2</sup>



## *Hví eigum vjer að forðast að vera of auðtrúa? Og hver er meðalvegurinn milli þess og of mikillar tortryggni?*

(1877)

Vjer eigum að forðast of mikla trúgirmi, af því að vjer getum hlotið mikið tjón af því, að vera of auðtrúa, og hreppt af því skaða og ósóma. Þá er vjer festum of mikla trú á draugasögum og þess háttar sögum, getum vjer beðið mikið tjón af því, t.a.m. þá er eitthvað óvanalegt ber fyrir oss í myrkri, verðum vjer svo ákaflega hræddir, að heilsu og jafnvel lífi er hætt, og sumir hafa jafnvel misst vitið. Þegar vjer erum of auðtrúa, færa ýmsir hrekkjóttir menn sjer það í nyt, og bæði hafa út úr oss tje og koma oss til ýmsra verka, er vjer annars myndum hafa látið ógjörð, en síðan gjöra bæði þeir og aðrir gabb að oss; þannig verður

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1870.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 32.

trúgirnir voru oss til ósóma jafnframt þeim óhag, sem vjer kunnum að verða fyrir sakir hennar. Lýsir það einnig heimsku að hlaupa eptir hverju, sem oss er sagt, hversu óskynsamlegt sem það er. Þeir, sem eru of auðtrúa, eiga og bággt með að ná sönnum fróðleik og þekkingu, þar sem þeir trúa jafnt skynsamlegu og óskynsamlegu. En vandratað er meðalhófið; það sannast á sumum, er áður voru mjög auðtrúa og höfðu látið tæla sig út í einhverja vitleysuna, en síðan þeir urðu ákaflega tortryggir, er þeir komust að, hvernig þeir höfðu látið blekkjast. En ofmikla tortryggni eigum vjer jafnt að forðast og ofmikla trúgirmi, því að það getur komið oss og öðrum í mikinn vanda, ef vjer engu trúum öðru en því, er vjer sjáum eða heyrum sjálfir. Þeir menn, er engu trúa, kvelja sig ef til vill sjálfa mest. Sú saga er kunn um Dionysos, harðstjóra í Syrakúsu, að hann ljét sviða skegg sitt með koli af tortryggni og ótta fyrir hnífnum. Slíka menn má sannarlega aumka. Hver er og það, er eigi man þessi viðvörunarorð: „sælir eru þeir, sem trúa þótt þeir eigi sjái“?

En þá er meðalvegurinn að trúa bæði því, er skynsemi vor bendir oss á að satt sje, og því, er vjer vitum af reynslu sjálfra vor og annara áreiðanlegra manna, og því, sem almennt er álitid satt vera og rjett.<sup>1</sup>

### *Páll Briem*

Páll fæddist árið 1856. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1873, lauk burtfararprófi 1878 og prófi í lögfræði 1883. Hann var amtmaður í Norður- og Austuramtum 1894-1904. Páll lést árið 1904.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Lítill, lágur og mjór, og ófríður. Nokkuð sérlegur í skoðunum sínum, og ósveigjanlegur. Lagði fremur öðru stund á sögu og fögur vísindi; reglusamur og gáfður.<sup>3</sup>



## *Hví eigum vjer að forðast að vera of auðtrúa? Og hver er meðalvegurinn milli þess og of mikillar tortryggni? (1877)*

Svar upp á fyrri spurningunar liggur beint í augum uppi, það er, af því að auðtryggnin er afar skaðsamleg og bakar manni margra tjóna og meinsemda; og eru mörg dæmi upp á þetta; þá er maður er í æsku, eru honum optlega sagðar

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1877.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 113.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1877-1878, bls. 24.



ýmsar sögur, sem eigi eru sem best valdar af þeim, sem segja þær, t.a.m. draugasögur og meinvættasögur; en af því að maður er þá barn og hefur ekki fengið fullkominn skilning og greind, þá trúir hann öllu eins og nýju neti og festir það í minni sínu, og af því leiðir það, að er hann eldist, þá loðir jafnan þessi trú hjá honum um forynjur og drauga og alls konar meinvætti, og hann hræðist þetta af því að hann trúir því. Þetta bakar honum aptur ótal meinsemda; hann þorir eigi að ganga út, nje vera einn, ef eigi er fullbjart; hann sjer allskonar ímyndaðar skrípamyndir og ófreskjur, af því að hann er hræddur; hann hyggur, að úr hverju skoti stökkvi á sig einhver illur andi og hremmi sig; og getur allt þetta haft þau áhrif á hann, að hann bíður þess aldrei bætur.

Pann, sem trúir öllu, má telja trú um allt og segja honum allt, hversu vitlaust og heimskulegt, sem það er; og sá maður getur aldrei náð sannri menntun, sem öllu trúir; það er ómögulegt, því að hann trúir öllu, jafnt skynsamlegu sem óskynsamlegu, og jafnvel fremur því, sem öðrum þykir óskynsamlegt; og það að ná eigi svo mikilli menntun, sem auðið er í þessum heimi, er ein hin mesta ógæfa, sem til er; og með því að trúgirnir er þannig valdi, að vizkan fæst eigi, byrjar að forðast hana á allan hátt. Ef þessi ókostur kemur fyrir hjá öðrum af tveim vinum, getur hann haft illar afleiðingar; þá geta öfundsjúkir menn og smjaðrarar, er ofsjónum sjá yfir vinsemd þessara manna, borið illmæli og óhróður á vin þessa trúgjarna manns, sem þá að líkindum lætur skipast við orð þessara manna og getur svo varla litið hinn fyrra vin sinn rjettu auga; og getur það svo valdið miklu böli fyrir þá báða, þar eð hin helgu vináttu-bönd voru slitin og bíða þeir svo ef til vill þess aldrei bætur; þessi hugsun kemur fram í Háva-málum, þar sem segir: „Vini þínum, ver þú aldregi, fyrri at flaumslitum“.

Opt getur og það verið, að af trúgirnir of mikilli spretti forvitni, og vita allir hvílikur ókostur og skaðsamlegur löstur hún er. Af þessu má sjá, hve nauðsynlegt það er að vera laus við þann ókost að vera of auðtrúa, því að hann kemur manni fyr eða síðar á kaldan klaka, og er það eitru, sem eitrar og drepur hina fögrustu og beztu tilfinningu manns. Með þessu hygg jeg þá, að svarað sje fyrri spurningunni; hin spurningin er torveldari, því að vandratað er á meðalhófið. Að vera of auðtrúa er þá sá ókostur að trúa of miklu, en að vera tortrygginn er aptur sá löstur að trúa of litlu og meðalvegurinn er sá að trúa eigi of miklu né of litlu; en nú kemur aptur sú spurning hvað þetta of mikla og of litla sje; það of mikla er að trúa því, sem er eigi trúlegt og óskynsamlegt hitt er aptur þvert á móti; og finnst mjer því meðalvegurinn vera sá, að trúa öllu því, er manni finnst skynsamlegt vera, og staðist geta, eftir því sem skynsemi hans fær bezt sjeð; en trúa ekki því sem skynsemin hans fær ekki skilið; jeg tala hjer ekki um það, sem maður getur ekki skilið í tilliti til guðs veru og hans eiginleika; aptur á mót á maður ekki að vera svo, að efa það, sem skynsamlegt þykir, svo



sem efunarmanna flokkurinn (sceptici) því að það er eins mikill ókostur, sem hitt, að trúá öllu.<sup>1</sup>

### *Finnur Jónsson*

Finnur fæddist árið 1858. Hann var tekinn í Lærða skólann 1872 og brautskráðist 1878. Hann lauk doktorsgráðu frá Kaupmannahafnarháskóla 1884 þar sem hann var síðar prófessor. Finnur var afkastamikill fræðimaður á sviði norræna fræða. Hann lést árið 1934.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

[...] Stundaði íslenska fornfræði, grísku og latínu. Gáfumaður, og reglumaður allt of mikill eptir reglum Lúters.<sup>3</sup>



## *Sælla er að gefa en þiggja*

(1881)

Þegar vjer virðum þessi orð fyrir oss, þá sjáum vjer, að þau hafa í sjer fólgin hreinan og óyggjandi sannleika, að það sje sælla að gefa en þiggja, og að það hafi miklu meiri blessun í för með sjer. En þó virðizt, sem hin gagnstæða þýðing liggir í orðum þessum. Fátæklingurinn, sem líður þann skort, að hann verður að taka til þess óyndisúrræðis að biðja, fyrirverður sig opt og tíðum, einkum hafi hann áður átt við betri hag að búa og haft svo mikið, að hann hafi getað rjett öðrum þurfandi hjálparhönd, þá virðist sem gjöfin opt sje honum betri, heldur en þeim, sem gefur, t.a.m. ef hann er svangur og seðst, þá er það án efa betra fyrir þann, sem þiggur en þann, sem gefur. En afleiðingar velgjörðarinnar eru sælli gjafaranum, en hinum, því að fyrir hvert góðverk öðlast gjafarinn laun á hinnum, „því það, sem þjer hafið gjört við einn af hinum minnstu bræðrum mínum, það hafið þjer og gjört við mig“ segir frelsarinn, og vísar hann þeim, sem góðverk hafa unnið, til eilífrar sælu, en hinum hörðu, sem nóg hafa fyrir sig á sína, og tíma þó ekki að hjálpa náunga sínum og reka hina þurfandi frá húsi sínu, án þess að leggja þeim lið, verður útskúfað; þetta á að hvetja þá, sem nóg auðæfi hafa, að hjálpa náunga sínum. Kærleikinn til náunga vors á að vera oss nóg hvöt til þess, en þar að auki á sú von að hvetja oss, að vjer fyrir velgjörðanna sakir öðlumst eilíft líf á hinnum. Orð þessi hvetja þá, sem

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1877.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. II. bindi, bls. 12-13.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1877-1878, bls. 24.

meira en nóg fyrir sig að leggja, og eru vel færir um að sjá fyrir sjer og sínum, en eru í engu komnir upp á aðra, að styrkja og hjálpa hinum þurfandi náunga sínum, en fyrir þann, sem aðeins hefur það, sem hann þarf með, án þess að hafa neitt fram yfir, hlýtur það að vera hryggilegt að þurfa að láta fátækari og bágstaddari náunga sinn fara hjálparlausan frá sjer, og hafa þó hinn bezta vilja til þess að hjálpa honum. Þannig höfum vjer þá sýnst, að þótt gjöfin komi þeim að lið, sem fá hana, þá er hún þó gjafaranum að meiru liði, þar eð hún hefur í för með sjer eilífa sælu á himnum.<sup>1</sup>

### *Klemens Jónsson*

Klemens fæddist árið 1862. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1877, lauk burtfararprófi 1883 og lagaprófi frá Kaupmannahafnarháskóla 1888. Klemens gegndi ýmsum embættum um ævina, hann var sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, bæjarfógeti á Akureyri, amtmaður í Norður og Austuramti, landritari og atvinnumálaráðherra ásamt setu í ýmsum nefndum og ráðum. Hann lést árið 1930.<sup>2</sup>



### *Sælla er að gefa en þiggja*

(1881)

Það er sjálfsagt, að þegar í bágindi er komið og maður er orðinn hjálparþurfi, þá er hjálpin góð, og það er sælt að hafa einhverja þá, fleiri eða færri, sem þá geta hjálpað; það er sjálfsagt mikil sæla fyrir gamla og gráhærða foreldra, og sem eru búnir að verja öllum kröptum sínum til að ala börn sín sem bezt upp og koma þeim á framfæri, að geta þá fengið hjá þeim þá hjálp, sem bæði foreldrunum er nauðsynleg, og börnunum ætti að vera svo ljúft að veita. Fleiri dæmi mætti koma með upp á það, að það sje sælt að þyggja, en málsháttur þessi segir, að það sje sælla að gefa, og er sú sæla einkum fólgin í meðvitundinni á eptir; hún er miklu betri á eptir því að hafa gefið, en að hafa þegið; þegar einhver hefur þegið eitthvað af öðrum, þá er hann að hugsa um, að það sje leiðinlegt að vera kominn upp á annara hjálp, og úr því hann sje búinn að þyggja hjálp af öðrum, þá sje það skylda hans að gjöra honum eitthvað til greiða, og getur þá hæglega staðið svo á, að hinn sje annað hvort einskins þurfi eða að hann geti ekki endurgoldið honum velgjörðir hans eins og honum kem-

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1880-1881. Miðsvetrarpróf 4. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 362.

ur bezt; en á hinn bóginn, þegar einhver hefur gefið öðrum eða hjálpað öðrum á einhvern hátt, þá er hjarta hans svo rólegt, og eru margar orsakir til þess; sú fyrst, að honum er í guðs orði boðið að hjálpa hinum nauðstöddu og liggja ekki á liði sínu, þegar hann á einhvern hátt er fær um að veita öðrum hjálp; og auk þess, sem það er gott að gjöra vel fyrir sig í þessu sem öðru, og þeir menn, sem öðrum hafa gjört gott, geta átt vissari hjálpar von, ef þeir þurfa. Þá eru gjöfulir menn og greiðasamir optast meira metnir í mannlegu fjelagi.<sup>1</sup>

### *Bjarni Þorsteinsson*

Bjarni fæddist árið 1861. Hann lauk prófi frá Lærða skólanum 1883 og frá Prestaskólanum 1888. Hann var bæjarfógetaritari í Reykjavík 1883-85 og stundakennari við Lærða skólann 1884-85. Bjarni var lengst af prestur á Siglufirði (1888-1935). Hann stundaði þjóðlagarannsóknir og gaf út grundvallarrit um þær í upphafi tuttugustu aldar, *Íslensk þjóðlög*. Bjarni vann að skipulagi Siglufjarðar í upphafi aldarinnar, gerði m.a. uppdrátt að skipulagi bæjarins, stóð fyrir gerð vatnsveitu 1911, símasambandi 1912 og rafveitu með götulýsingu 1913. Bjarni lést árið 1938.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður á hæð og vel vaxinn; fríður sýnum, hörundsbjartur, dökkhárr, bláeygur og rangeygur; gáfaður vel. Lagði mikla stund á latínu og grísku en þó mesta á söng og hljóðfærslátt, síður á aðrar námsgreindir; skrifaði og teiknaði bezt allra sinna skólabræðra; bar af öllum piltum í leikfimi; reglumaður ágætur.<sup>3</sup>



## *Sælla er að gefa en þiggja*

(1881)

Kjörum manna í heimi þessum er misjafnlega varið. Sumir baða í rósum og hafa nægtir, en sumir eiga alltaf í vök að verjast og við fremur bág kjör að búa. Það snertir eigi þetta mál, hvort þessi munur er sjálfum þeim að kenna eða eigi; hinir fátæku verða opt að leita hinna auðugu og eiga ef til vill sína tímanlegu velferð undir góðvilja þeirra.

Kristur segir, að æðsta boðorðið sje að elska guð; en hið næsta sje að elska náungann eins og sig sjálfan. Það er því skylda manna ef þeir eru þess um

1 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1880-1881. Miðsvetrarpróf 4. bekkur.

2 Gunnlaugur Haraldsson, *Guðfræðingatal 1847-2002*. I. bindi, bls. 249-250.

3 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1882-1883, bls. 31-32.

komnir, að rjetta nauðstöddum bróður hjálparhönd og bæta úr böli hans eptir megni. Vjer sjáum og, að eðli manna er svo varið, að minnsta kosti meðan það er óspillt, að þeir hafa ánægju af því að gjöra gott. Þótt mennirnir eigi sýni með breyttni sinni, að þeir hlýði mannkærleikans boðorði eða gjöri öðrum gott, þá sjáum vjer eigi að síður, að ef einhver skarar fram úr öðrum að góðverkum, þá lúka þeir lofsorði á hann

Sælan í því að gefa og gjöra gott er þá fólgin í því, að mennirnir finna, að þeir með því hafa gjört það, sem í þeirra valdi stóð til þess að breyta eptir boðorðunum, og svo einnig með því þeir eptir eðli sínu gleðjast af góðverkunum, og um leið finna þeir, að það er sælt að þurfa eigi að leita til annara en geta sjeð fyrir sjer og sínum.

Það liggur í eðli mannanna að vilja vera frjálsir og öðrum mönnum óháðir að svo miklu leyti, sem unnt er. Þetta kemur þegar fram hjá börnunum. Öll skerðing á frjálsræði mannsins hinu rjetta dregur úr sælu hans, eða gjörir hann eigi eins ánægðan með lífið. En sá, sem verður að leita til annara eða þiggja af þeim, finnur til þess, að hann verður þessum manni skuldbundinn eða háður. Hann finnur þá sárara en annars til báginda sinna, er hann sjer, hversu sæll hinn er af því að miðla öðrum, en hann getur það eigi sjálfur sakir fátæktar sinnar, þar sem hann eigi getur alið önn fyrir sjer og sínum.

Auðnum er einnig þá að eins rjett varið ef hann er hafður til að bæta kjör bágstaddir meðbræðra, enda sagði Kristur: „Gjörrið yður vini af þeim ranglætis Mammoni, að þeir, nær yður þrýtur, meðtaki yður í eilífur tjaldbúðir“.

Hjer hefur þá verið leitazt við að sýna fram á það, að það sje sannmæli: Sælla er að gefa en þiggja.<sup>1</sup>

### *Guðmundur Magnússon*

Guðmundur fæddist árið 1863. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1877 og lauk prófi 1883. Hann lauk prófi í læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla 1890 og vann á sjúkrahúsum í Danmörku og Þýskalandi. Hann var lengst af kennari í Læknaskólanum og síðar prófessor við læknadeild Háskóla Íslands. Guðmundur lést árið 1924.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Lítill maður og liðlega vaxinn, fríður sýnum, smáleitur, fölleitur og skarpleitur; gáfaður ágætlega og iðinn. Hann las margt og mikið og var einhvern hinn

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1880-1881. Miðsvetrarpróf 4. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. II. bindi, bls. 171.

fjölfróðasti sinna skólabræðra. Stilltur og hægur í framgöngu, en skemmtilegur og opt gamansamur. Gaf sig fremur lítið við skólamálum; reglumaður ágætur; vinsæll mjög.<sup>1</sup>



## *Hví eigum vjer að vera varkárir í lofordum vorum?*

(1880)

Það hefur frá alda öðli þótt svívirðing að bregða heit sín, og sá verið kallaður ódrengur, er eigi efnir þau. Þar sem mönnum almennt og á öllum tímum kemur saman um þetta, hlýtur einhver ástæða að vera til þess, og það er ástæða til þess, því að hvernig getur mannfjlagið staðizt, ef enginn hefur traust til annars, og vjer getum sannarlega ekki treyst lofordum neins manns, ef engin refsing, hvorki siðferðisleg nje lagaleg liggur við því að bregða heit sín. Það er því eðlilegt, að sá maður, sem efnir vel heit sín, ávinni sjer hylli og traust allra góðra manna, en hinn aptur á móti, sem bregður loford sín, óþokka og vantraust þeirra. Þess vegna skyldi enginn lofa því, sem hann getur eigi efnit. Jeg tala hjer eigi um þau loford, sem vjer ásetjum oss að bregða um leið og vjer gefum þau. Slík loford eru hrein og bein lygi, því að þá segjumst vjer ætla að gjöra það, er vjer ætlum ekki að gjöra. Vjer getum reyndar komizt í það ástand, að vjer eigi vitum, hverju vjer lofum; þá erum vjer alls eigi bundnir við loford vor, en þó erum vjer ekki án sakar, nema veikindi valdi því, að vjer komumst í slíkt ástand.

Vjer getum ímyndað oss, að einhver, sem vildi fá oss til að lofa einhverju, sem vjer vildum ekki lofa, narraði oss til að drekka svo mikið af víni, að vjer yrðum viti voru fjær, og lofuðum því þá, þá erum vjer, eins og jeg áður sagði, reyndar eigi bundnir við loford vort en þó í mikilli sök, þar sem vjer aldrei þurftum nje máttum komast í slíkt ástand. Það getur opt komið miklu böli til leiðar að lofa einhverju, sem ekki er hægt að efna, og verðum vjer því að vera mjög varkárir í lofordum vorum og því varkárari sem vjer vitum eigi, hvað ókomni tíminn hefur í för með sjer.

Af þessu má þá draga þá ályktun, að vjer eigum aldrei að lofa neinu statt og stöðugt, sem vjer erum ekki vissir, að vjer megum og getum efnit.<sup>2</sup>

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1882-1883, bls. 31.

2 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1880-1881. Miðsvetrarpróf 5. bekkur.

## Jón Magnússon

Jón fæddist árið 1859. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1875, lauk burtfararprófi árið 1881 og prófi í lögfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1891. Jón gegndi ýmsum embættum á sínum ferli, var sýslumaður í Vestmannaeyjum, landshöfðingjaritari, bæjarfógeti í Reykjavík og forsætis- og dómsmálaráðherra árið 1917 og aftur 1924 til æviloka 1926.<sup>1</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður á hæð og allsnotur. Gáfaður, hygginn og ástundunarsamur. Prúðmenni og þótti fremur hneigjast að höfðingjaflokki hin síðari árin. Reglumaður, en eigi jafnmikill fjandmaður Bakkusar sem faðir hans.<sup>2</sup>



*Því eigum vjer að forðast að vera of auðtrúa?  
Og hver er meðalvegurinn millum þess,  
að vera of auðtrúa, og tortrygginnar?*

(1881)

Það er gamalt máltæki, að misjafn sauður sje í mörgu fje. Því verður því miður heldur ekki neitað, að vjer rekum oss allopt á sannleik þessa málsháttar, og að fyrir oss verða þeir menn, er vjer mundum óska, að væru miklum mun vandaðri í dagfari sínu, en þeir eru. Þó að þetta verði allvíða fyrir oss í lífinu í öllum myndum, þá á það ef til vill einkum við orð manna. Enginn galli er almennari en óvarkárni með orðræður sínar; mörgum verður slíkt á, er kallaðir eru vænir menn og góðir, og fyrir því er og erfiðara að varast það; mönnum hryllir við afbrotum og afbrotamennirnir verða fyrir óbeit manna og hatri, en opt fá ósannindin ráðrúm til að grafa um sig í næði, án þess nokkuð sje við þeim amaszt, og ósannindamennirnir komast klakalaust af. Opt er það, sem ósannindin myndast og breiðast út af rangri eptirtekt og öðru þess háttar, án þess sjeð verði, að höfundar þeirra hafi haft nokkurn vissan tilgang með þau. Aftur er það allopt, að ósannindamennirnir hafa ákveðinn tilgang með þau, og ætla sjer að nota þau sjer til gagns, eða öðrum til tjóns. Hvortveggja ósannindin valda blekkingu og gefa oss skakka hugmynd um það, sem um er að ræða. Slíkt hljótum vjer að vilja forðast, þó að vjer að eins lítum til þess, að það er ósatt. Ósannindin í sjálfu sjer ættu að vera næg til að vekja óbeit hvers góðs manns.

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 224-225.

2 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1880-1881, bls. 128.

En þó getum vjer eigi látið hjer staðar numið, þá er vjer leitum að ástæðun-um fyrir því, að vjer eigum að forðast að vera of auðtrúa. Þó að full ástæða sje til þess, og það sje sjálfsögð skylda að forðast ósannindin vegna þeirra sjálfra, þá hljótum vjer og að hafa tillit til afleiðinga þeirra, er blekkingunni fylgja. Það að vera of auðtrúa á ósannindi hefur hin skaðlegustu eptirköst. Vjer þurfum eigi annað en renna huganum til trúgirnri Njálssona, þá er Hörður rægði Höskuld Hvítanesgoða, eða Haraldar Hárfagra, þá er Hildiríðarsynir rægðu Þórólf Kveldúlfsson, til þess að sjá hryllilegar afleiðingar trúgirninnar. En hví erum vjer að leita svo langt. Hvervetna í lífinu verður það fyrir oss, að óhróðri um aðra menn er trúað, og að ýmis önnur ósannindi valda vandræðum, óvild og ótal mörgu illu.

Þá verður fyrir oss spurningin um meðalveginn milli þess að vera of auðtrúa og tortrygninnar. Meðalvegurinn er þar, eins og víða annars staðar, vandræður, og hvort sem um það er að ræða, að rengja eða trúá, þá verðum vjer að vera mjög varkárir. Vjer eigum ekki að ætla illt um aðra, áður en þeir hafa sjálfir gefið ástæðu til þess. Þar af leiðandi eigum vjer hvorki að tortryggja menn að óreyndu, nje trúá því illu, sem sagt er um aðra menn, áður en vjer höfum fulla ástæðu til að trúá því. Til þess að vjer getum verið vissir um, hverju vjer eigum að trúá, verðum vjer því að þekkja mjög vel þá menn, sem vjer eigum við, og er það þó opt ekki einhlítt. Yfir höfuð eigum vjer að leita sannleikans sjálfir, að svo miklu leyti, sem oss er auðið, en annars trúá þeim mönnum, er vjer þykjumst sannfærðir um, að bæði viti rjettast og vilji segja rjettast frá.<sup>1</sup>

### *Einar H. Kvaran*

Einar fæddist árið 1859. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1875 og lauk burtfararprófi 1881. Hann stundaði nám við Kaupmannahafnarháskóla 1881-1885, en dvaldist í Winnipeg 1885-1895 sem ritstjóri *Lögbergs* og *Heimskringlu*. Hann varð meðritstjóri *Ísafoldar* 1895-1901 og fjölda annarra tímarita. Einar vann mikið að bindindismálum og sálarrannsóknum. Hann var jafnframt afkastamikill rithöfundur. Einar lést árið 1938.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður á hæð og fremur grannvaxinn. Laglegur, gáfur í bezta lagi. Skáld gott, og samdi ljóðmæli og skáldsögur manna mest í skóla. Vel máli farinn og

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1880-1881. Miðsvetrarpróf 6. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. I. bindi, bls. 371-372.

vel að sjer, einkum í skáldskap og Æstetik. Átti marga óvildarmenn í skóla. Meðallagi reglumaður.<sup>1</sup>



*Hví megum vjer eigi fresta því til morguns,  
sem vjer getum gjört í dag?*

(1882)

Þegar vjer lítum til sögunnar, þá sjáum vjer, að starfsemin hefur verið og er enn í dag eitt hið helzta einkenni allra þeirra manna, sem í raun og veru hafa verið miklir menn; vjer sjáum að þeir hafa fundið til þess ljóslega, að þeir þurftu að styrkja anda sinn og líkama með því að vinna um leið og þeir fundu til þess að þeir gjörðu öðrum gagn með vinnu sinni, og mættum vjer þó ætla, að þeir, fremur öðrum mönnum, hefðu mátt fresta því, er þeir þurftu að gjöra, í þeirri von, að þeir gætu bætt það upp síðar með gáfum sínum og atorku. Vjer þurfum ekki að nefna dæmi upp á þetta; öllum hljóta að detta einhver slík dæmi í hug, þegar þeir hugsa um það.

Vjer höfum þannig söguna til sönnunar því, að mikilmennin hafa hugsað svo, að þeir mættu ekki draga að gjöra það, er þeir gætu gjört þegar. En fyrst þeir menn, er svo eru nefndir, hafa haft þá ætlun, þá er því minni ástæða fyrir þá, sem minna er gefið, til þess að hugsa þessu gagnstætt. Líf vort er svo stutt, að vjer hljótum að ætla, að hverri stund þess sje einhver starfi ætlaður; það er svo margt að vinna og margt að læra. „Livet er kort, men kunsten er lång“, sagði Tegnér í einni ræðu sinni, og er það vel sagt. Vjer höfum svo margar skyldur bæði við sjálfa oss og aðra, að vjer megum enga stund láta ónotaða; en það, sem vjer höfum vel gjört í dag, það þurfum vjer ekki að gjöra aptur á morgun, og eins og dagurinn í dag hefur sína ákvörðun, eins hlýtur einnig dagurinn á morgun að hafa sína.

En hið einfaldasta svar, sem gefið verður upp á þessa spurningu, verður þó þetta: „Vjer megum ekki fresta því til morguns, sem vjer getum gjört í dag, því liðin stund kemur aldrei aptur“. Vjer heyrum svo opt, að lífi voru er líkt saman við hjól. Sjerhver stundin og hvert augnablikið gjörir meira eða minna skarð í það hjól, eptir því, hvað líf vort verður langt. En þó ekki væri úr því numin nema hin minnsta línubreidd, er vjer getum hugsað oss, þá er það þó víst, að vjer höfum ekkert, til þess að fylla með aptur upp í skarðið. Það hlýtur að verða autt og verður því breiðara sem nær þokar æfilokum. Hjer kemur og ávallt að

---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1880-1881, bls. 129-130.



því saman, að vjer getum ekki goldið það ókomnu stundinni, sem liðna stundin á hjá oss.<sup>1</sup>

### *Sigurður H. Kvaran*

Sigurður fæddist árið 1862. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1877, lauk burtfararprófi 1883 og prófi í læknisfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1893. Hann stundaði lækningar á Akureyri og var ritstjóri *Norðurlands* á árunum 1905-1912. Sigurður lést árið 1936.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Lágur maður, gildvaxinn, herðamikill; nokkuð einkennilegur í göngulagi; rjóður og þykkleitur í andliti; gáfaður vel og iðinn; lagði sig eptir estetik. Hann ritaði mikið bæði í bundnu og óbundnu máli, gaf sig mikið að skólamálum og kom jafnan vel fram.<sup>3</sup>



## *Quisque suae fortunae faber* *(Hver er sinnar gæfu smiður)*

(1882)

Það er eðlilegt, að allir sækist eptir því, að vera sem sælastir að auðið er, og að alla langi til, að komast sem bezt áfram í lífinu, en það, sem hjálpar oss til þess, það er hamingjan eða gæfan, sem svo er nefnd. Ef það væri hreinn og beinn sannleiki, að hver væri sinnar gæfu smiður, þá ættu allir að geta orðið sælir, því það ræður að líkindum, að allir reyni af alefli til að efla sem mest hamingju sína. Aptur getur ekki hjá því farið, að vjer verðum þess varir, að margir eru ósælir, og lítur þá svo út í fljótu bragði, að ekki þurfi að fara lengra til að fá sannanir fyrir því, að málsháttur þessi sje ósannur. En þá getur það aptur komið til greina, hvort menn þessir hafi farið rjett að, er þeir leitust við, að „smíða gæfu sína“.

Vjer getum alls eigi smíðað gæfu vora, ef vjer vitum eigi í hverju hún er fólgin. Þeir eru margir, er hyggja, að gæfa sje líkamleg velgegni, auður og tign og að þeir sjeu gæfusamir, er verða slíks aðnjótandi. En jeg hygg, að sönn gæfa sje fólgin í góðu og glaðværu skapi, sem getur verið ánægð með það, sem fyrir hendi er. Það er vitaskuld, að auður og upphefð er gott og blessað, ef það er samfara góðum og glöðum skapsmunum.

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1882.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 244-245.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1882-1883, bls. 32.

Jeg hygg, að vjer byrjum þegar að starfa að gæfusmíði voru, er vjer komum til vits og ára. Vjer hljótum að eiga hægra með að smíða gæfu vora, ef góðir foreldrar og heppileg lífstaða hefur búið oss í haginn, en það, sem aðrir gjöra fyrir oss, er alls ekki einhlítt, til að gjöra líf vort gæfusamt og farsælt. Nei, vjer verðum sjálfir að gjöra það, sem í voru valdi stendur til að smíða gæfu vora. Það stoðar t.d. ekkert þótt foreldrar vorir setji oss í skóla, ef vjer erum latir og reynum ekki til að færa oss menntun þá í nyt, sem vjer eigum kost á að öðlast. Já, vjer verðum að byrja snemma á því, að efla gæfu vora. Það getur ekki hjá því farið, að oss virðist stundum sumt vera gæfa, sem ekki er það í raun og veru, en þá er allt undir því komið að hafa dug og skynsemi til að stilla sig um að sækjast eptir henni. Vjer eigum að sækjast eptir því einu, sem er sönn og varanleg gæfa fyrir oss, en hafna augnabliks-unaðsemdum að svo miklu leyti, sem þær eru skaðlegar í raun og veru. Ef vjer gjörum það eitt, sem gott er og höfum vit á að sníða oss stakk eptir vexti, þá getur ekki hjá því farið, að vjer verðum gæfusamir.

Vjer höfum mörg dæmi til þess í veraldarsögunni, að menn hafa byrjað á engu, en endað þannig, að þeir hafa verið mikils metnir. Jeg þarf ekki annað en að minnst á Benjamín Franklín. Aftur heldur sagan sjaldan nafni þeirra manna á lopti, sem hafa lifað heiðarlegu og ánægðu lífi, þótt lítið hafi borið á þeim, en slíkir menn eru þó til og hafa verið uppi á öllum öldum.

Þeir eru aptur sumir, er sjá aldrei í hverju sönn gæfa er fólgin. Þeir leita því einhverrar falsgæfu. Ef þeir öðlast hana ekki, þá gremst þeim það, og spillir það ánægju þeirra, en ekki verða þeir sælari þótt þeir nái henni, því hún var aldrei sönn gæfa, og það er hún ein, sem getur gjört oss farsæla.

Vera má og, að sumir hirði eigi um að öðlast hina sönnu gæfu, þótt þeir viti í hverju hún er fólgin. Þeir hljóta og að verða ógæfusamir, að því er jeg hygg. Þessir menn eru því sinnar ógæfu smiðir.<sup>1</sup>

### *Ólafur Daviðsson*

Ólafur fæddist árið 1862. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1877, lauk burtfararprófi 1882 og lagði stund á náttúrufræði við Kaupmannahafnarháskóla. Hann kom heim til Íslands árið 1898 og kenndi við Möðruvallaskóla. Ólafur vann jafnframt að þjóðlegum fræðum. Hann lést árið 1903.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Hann var langur og lotinn í herðum. Andlitið lítið, augun blá og fögur, munnurinn smár. Hann var hirðulaus um klæðaburð. Hafði ágætær gáfur; las og lærði

1 *Þí* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1882.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 35.

mikið og margt og ritaði, og var skáldmæltur. Hann var glaður og skemmtilegur í viðræðum og vinsæll mjög. Var einna fróðastur í skóla á sinni tíð. Iðjumaður og afkastaði miklu. Safnaði mjög sögum og lausavísum o.fl. Reglumaður ágætur. Matgoggur hinn mesti.<sup>1</sup>



*Að hve miklu leyti er það sannmæli,  
„suae quisque fortunae faber“?*

(1886)

Þessi málsháttur er á íslensku: „Hver er sinnar gæfu smiður“. Merkingin í málshætti þessum er sú; sjerhver getur meira eða minna ráðið hamingju sinni.

Vjer sjáum í hinu daglega lífi hversu kjörum manna er margvíslega skipt, sumir eiga við allskonar örbyrgð að búa, en sumir lifa í allsnægtum.

Þá er litið er á þessa 2 flokka, getur það verið efasamt, hvort hægt sje að álíta alla þá, sem lifa í allsnægtum, hamingjusama; en það er hægt að segja með vissu, að þeir, sem við örbyrgðina búa, geta aldrei verið hamingjusamir.

Að hverju leyti hver geti ráðið hamingju sinni, getur verið á margvíslegan hátt.

Jeg ætla að taka til dæmis barnauppleidið og skoða það sem undirstöðu þess, hvernig maðurinn kemur fram í lífinu, þegar hann á að fara að ráða sjer sjálfur og koma fram verkandi í mannfjelaginu. Ef börnin eru rjettilega uppalin við reglusemi, hófsemi, siðsemi, lítillæti, hlýðni við foreldra sína og vel upprædd; ef börnin eru uppalin eptir þessum og fleiri reglum, þá er engin ástæða til að halda, að þau eigi temji sjer þetta, þegar þau eiga að fara að stjórna sjer sjálf: „Hvað ungur nemur, það gamall temur.“

Vjer getum líkt heimilislífinu við þjóðfjelagslífið, því þjóðfjelagið samanstendur af heimilum; vjer getum skoðað heimilið sem sjálfstætt ríki, þar sem foreldrarnir hafa hin æðstu yfirráð gagnvart hjúum og börnum; ef hjú og börn geta í ríki þessu unnið í bróðurlegri samvinnu við foreldrana, svo að hagar heimilins verður blómlegur, þar sem foreldrarnir gefa einungis gott eptirdæmi, þá er eigi annað hægt að álíta en að sá, sem kann að hlýða, kunni að stjórna sjer, og sá, sem kann að stjórna sjer, kunni að stjórna öðrum; af þessu leiðir, að hver, sem kann að stjórna sjer og öðrum, verður eins hamingjusamur og auðið er.

Jeg vil taka það fram, að við það að stjórna sjer, skil jeg eigi aðeins það að

---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1881-1882, bls. 161.

stjórna geðsmunum sínum, heldur einnig að stýra þannig efnum sínum og beita þannig þekkingu sinni, að hann geti orðið sjálfum sjer og öðrum gagnlegur.

Þessu næst er að athuga, að orðið „fortuna“ í latínunni þýðir ekki einungis hamingja, heldur einnig óhamingja; þá fer það á gagnstæða leið. Óhamingja stafar af þekkingarleysi, óhlýðni gegn þeim, sem betur vita, eyðslusemi, óreglusemi og siðleysi.

Þó geta verið undantekningar frá báðum þessum tilfellum, því ástæðum sumra manna getur verið þannig varið af ýmisskonar orsökum, að þeir geta eigi ráðið kjörum sínum t.d. veikir annaðhvort á sál eða líkama.<sup>1</sup>

### *Pórarinn Pórarinsson*

Pórarinn fæddist árið 1864. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1880, lauk burtfararprófi 1886 og prófi úr Prestaskólanum 1890. Hann var lengst af prestur á Valþjófsstað. Pórarinn lést árið 1939.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Hár maður vexti, heldur karlmannlegur en þó grannvaxinn og fremur laglegur. Hann las útlendar skáldsögur allra manna mest en stundaði lítið annað. Gáfaður var hann allvel og mjög svæsinn í lund; hugsaði talsvert um „pólitik“ og var mjög „rauður“ í henni þótt maðurinn sjálfur væri hvítur að andlitsfalli. Hann las utanskóla 3 síðustu veturna.<sup>3</sup>



*Að hve miklu leyti er það sannmæli,  
„suae quisque fortunae faber“?*

(1886)

Þegar vjer almennt lítum á mannlífið, þá sjáum vjer að það er ærið margt, er mennirnir geta kennt sjálfum sjer um af hinu mótdrægu, og eins aptur að hinu leytinu margt er menn beinleiðis geta þakkað sjer í meðlætinu; að þessu lýtur líka það, er vjer heyrum svo opt sagt í daglegu tali, að þessi maður eða hinn komist áfram að svo miklu leyti, sem í hans valdi stendur, en með því er aptur svo gott sem sagt að það sje til sumt annað, er mönnum sje ekki í sjálfsvald sett. Þegar það er nú auðsætt að hver sje sinnar hamingju smiður að svo miklu leyti, sem í hans valdi stendur, þá liggur næst að rannsaka það nánar, hvað það

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1886.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 79-80.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1885-1886, bls. 134.

sje, sem maðurinn getur sjálfur ráðið, þegar talað er um það, að hve miklu leyti það sje sannmæli að hver sje smiður hamingju sinnar.

Það ólán, er yfir menn kemur af sjúkdómum, stórkostlegum missi fjármuna af höfuðskepnanna völdum, ástvinatapi og öðru fleira, sem eigi er hægt að sjá fyrir, er allt þeirrar tegundar, að mennirnir ráða ekkert við það. Og sömuleiðis er lán það að verða auðugur að erfðum og óvæntum höppum t.a.m. hvalrekum [er] eigi manningum í sjálfsvald sett. En aptur á móti er sú óhamingja, er maðurinn verður fyrir, sakir leti, ráðleysis og óreglulegs lifnaðar, allt honum sjálfum að kenna, og ef maðurinn hefur þessa og aðra ókosti til að bera, þá gagnar honum eigi hin áðurnefnda hamingja, þótt hann hafi hlotið hana fyrir einhverja heppni. Aptur á hinn bóginn getur maðurinn orðið hamingjumaður, ef hann er ráðdeildarsamur, starfsamur og hófsamur í lifnaðarháttum; ef maðurinn hefur þessa kosti, sem almennt eru taldir mönnum sjálfráðir, þá getur hann þrátt fyrir vöntun á því láni, er mönnum er ósjálfrátt, og ytri óhöpp orðið hamingjusamur; með ráðum og dáð geta duglegir menn optast bætt hag sinn, enda þótt þeim hafi stórtjón að höndum borið. Um ástvinamissi og annað þesskonar geta að vísu verið skiptar skoðanir, en víst er um það, að skynsamleg umhugsun og sálarrósemi geta mjög bætt úr þessu böli. Hugsunarháttur manna er líka mjög þýðingarmikið atriði, þegar hann er spilltur eða öfugur hjá einstaklingnum eða heilli þjóð, leiðir af því mikla óhamingju, en gangi hann í rjetta stefnu, er hann hin mesta hamingju uppspretta.

Víst eru hinar ytri og innri ástæður fyrir hamingjuseminni opt í sambandi hverjar við aðrar, en af því, er að framan hefur verið sagt er það augljóst, að meira af hamingju manna er undir þeim sjálfum komið.<sup>1</sup>

### *Jóhannes Lárus Lyng*

Jóhannes fæddist árið 1859. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1881, lauk burtfararprófi 1886 og prófi frá Prestaskólanum 1888. Hann var lengst af prestur í Suðurdalabyggingum. Jóhannes lést árið 1929.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

[...] Hann var gáfumaður og stundaði nám sitt vel; las hann og margt utan hjá; má eflaust telja hann betur menntaðan en piltar gjörast almennt er þeir skrifast út úr skólanum. Einkum lagði hann stund á samberandi málfræði (Comparativ filologi) og íslenzku; sagði rektor, að Jóhannes hefði mestur íslenzkumaður skrifast út úr skólanum í sinni tíð. Jóhannes var glaðlyndur, ákaf-

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1886.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 34-35.

ur í lund og ekki laus við sjervizku; hann var reglumaður. Eptir hann liggja margar fróðlegar ritgjörðir í „Framtíðarfjelaginu“.<sup>1</sup>



*Hví eru svo margir af mönnunum óánægðir  
með stöðu þá, sem þeir eru í?*

(1884)

Pegar færa á ástæður fyrir óánægju manna með stöðu sína, liggja tvær ástæður beinast fyrir. Sú er hin fyrri, að lunderni manna er svo margvíslegt; einum fellur þetta, öðrum hitt. Hin síðari er hin margvíslegu kjör manna og að þau eru svo mismunandi.

Margir eru svo skapi farnir, að þeir sjá ofsjónum yfir kjörum annara manna; þeim finnst að þeir sjeu settir hjá af hamingjunni, og að þeir mundu una miklu betur við kjör þessa og þessa manns, þó þau ef til vill sjeu engu betri. Öfundin er einhver hin öflugasta ástæða til óánægju. Hún gjörir það að verkum, að oss sýnast kjör þeirra, sem vjer öfundum, miklu glæsilegri, en þau eru í raun og veru. Hinn fátæki öfundar hinn ríka af efnun hans; af því leiðir, að þó að kjör hins fátæka sjeu vel viðunandi, þá getur hann aldrei verið ánægður, og spillir með því öllum sínum stundlegu sálarfriði. Það er eðlilegt, að menn reyni til að bæta kjör sín á hvern þann hátt sem hægt er og leyfilegt, en engu að síður gætu menn verið ánægðir með það, sem fyrir hendi er. Ættu menn allt í sameign og væru menn hver öðrum jafnir bæði að efnun og upphæð, væri þeirri ástæðu, sem hin mismunandi kjör manna gefa til óánægju, burtu felld. Þetta er það, sem hinir svokölluðu „commúnistar“ vilja, en með því væri loku skotið fyrir öll tímanleg laun, er menn verðskulduðu með dugnaði sínum og öðrum kostum. En þau (launin) eru samt einhver hin helzta hvöt fyrir menn til þess, að sýna dugnað og atorku. Opt getur verið mikil ástæða til óánægju, en optar mun hún þó vera sprottin af hugarfari mannsins. Nægjusemi er svo fágæt, að óhætt mun að fullyrða, að eigi sjeu nema einn af hundraði, sem í raun og veru er ánægður með kjör sín. Menn ættu samt að hugleiða það, hversu óánægja er heimskuleg, og að hún er ekki til annars en að trufla sálarfriðinn. Breitingagirnir er og opt ástæða til óánægju; sumir kunna bezt við að vera ávallt að skipta um stöðu sína, enda þótt þeir eigi viti, hvort þeir muni hreppa nokkuð betra.

Yfir höfuð getum vjer sagt, að óánægja með stöðu sína leiði af röngum hugsunarhætti, röngum samanburði af kjörum vorum við kjör annara, og af því,

---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1885-1886, bls. 128.

að vjer skoðum ekki hvað eina, sem vjer höfum og hljótum sem gjöf guðs, sem oss beri þakksamlega að taka á móti og láta oss lynda. Guðs orð kennir oss, að vjer hljótum allar góðar gjafir guðs, án allrar vorar verðskuldunar, einungis vegna hans náðar og að vjer eigum eigi heiming á neinu af hendi guðs.<sup>1</sup>

### *Stefán Stefánsson*

Stefán fæddist árið 1864. Hann var tekinn í Lærða skólann 1880, lauk burtfararprófi 1886 og prófi í læknisfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1893. Hann starfaði lengst af sem læknir í Danmörku. Stefán lést árið 1938.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Hann var meðalmaður á hæð og svaraði sjer vel að gildleika; lotinn var hann nokkuð í herðum og ekki skörulegur á velli; stilltur var hann og góðlyndur en nokkuð ósjálfstæður; gáfumaður í bezta lagi og vel að sjer í öllum námsgreinum.<sup>3</sup>



## *Í hverju er hin ytri hamingja fólgin? Með hverju móti getum vjer sjálfir stutt að henni?*

(1894)

Þá er vjer köllum einhvern mann hamingjusaman, ráðum vjer það af öllum hinum ytri hag hans, svo sem efnun, álitu, heilsu, atgjörfi og þvítíku. Þannig erum vjer vanir að kalla hvern þann mann hamingjusaman, sem er vel efnaður, heilsugóður, hraustur, vel að sjer, gjör til líkama og sálar, vel menntaður, fríður sínum, ættstór og ættmargur, þann mann sem er í miklu álitu hjá mönnum. Um þetta getum vjer dæmt, því að hina innri hamingju er opt ekki unnt um að segja, þar eð hún þarf alls eigi að fara eptir hinum ytri hag mannsins. Á hinni ytri og innri hamingju verður alveg samskonar munur og á stundlegum og andlegum gæðum. Vjer köllum þann mann alls ekki hamingjusaman, sem er snauður af fje, lítill fyrir mann að sjá og yfir höfuð ekki vel úr garði gjörður af náttúrunni. Og þó getur þessi maður verið miklu hamingjusamari í raun rjettri, heldur en annar maður, sem bæði er ríkur og tignarlegur sýnum.

Til þess að einhver maður megi kallast hamingjusamur hið ytra, nægir ekki, að hann sje vel efnun búinn, hann verður einnig að hafa þá kosti til að bera, er

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1884. Vorpróf 4. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 335.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1885-1886, bls. 126.

þurfa til að hafa yndi af efnunum og færa sjer þau í nyt; og er þá meðal þeirra fyrst og fremst að nefna heilsuna, því að ef hana vantar, höfum vjer hvorki yndi af efnunum eða nokkrum hlut, og auðmaður, sem er heilsulaus, telur jafnvel kotunginn, sem þarf að vinna baki brotnu til að hafa ofan af fyrir sjer, miklu hamingjusamari en sig. En til þess að hafa hina ytri hamingju til að bera, heyrir það líka, að vera af góðum ættum og tiginn, ennfremur metorð, upphefð og vald. Allir þeir, er sækjast eftir hinni ytri hamingju, sækjast því mjög eptir þessu. Menn eru því vanir að líta öfundaraugum til þeirra, sem eru af háum stigum, enda eru þeir fyrir margra hluta sakir öfundsverðir. Einkum hafa menn á öllum tímum sókst eptir konungstign og stjórnandatign, og er mannkynssagan öll full af deilum, er sprottið hafa af valdafíkn eða drottunarlöngun, og hefur fyrir það mörgu mannsblóðinu verið úthellt. Til að hafa hina ytri hamingju til að bera heyrir ennfremur fyrir utan ættgöfgi, auð og upphefð, og hið annað, er jeg hef talið, að hafa einhverja þá kosti til að bera, er veki aðdáun manna, því að þeir afla mönnum álitis, ef þeir eru látnir koma í ljós og mikið á þeim ber. Til þessa helst einhver framúrskarandi kunnátta eða snilld í einhverri grein, hverri sem vera skal, aðeins ef hún þykir eptirsóknarverð eða öfundsverð. Hin ytri hamingja er þá fólgin yfir höfuð í ytra hag og velsæld mannsins og þeim hæfileikum, er stuðla til að fá hana.

Að hinni ytri hamingju styðjum vjer, með því að sækjast eptir öllu því, er heyrir til hinnar ytri hamingju. Sá maður, sem leggur stund á að afla sjer fjár, styður að því að auka hina ytri hamingju sína, sömuleiðis þá, er sækist eptir upphefð, metorðum og álit almennings; sá, er leggur alla stund á að auka virðingu og veg sinn, og gætir þess vandlega að rýra hann ekki, eða þá að minsta kosti að hylja það fyrir öðrum mönnum. Það er og viðleitni til að auka hina ytri hamingju að fara svo varlega með heilsu sína sem unnt og forðast allt það, er spillir heilsunni og veikir líkamann. Einnig styður sá maður að eflingu hinnar ytri hamingju sinnar, er leggur stund á að nema einhverja þá list eða íþrótt, er síðar afli honum frægðar og orðstírs hjá öðrum mönnum. Eptirsókn eptir frægð miðar líka til hins sama, því að frægðin miðar til að auka og efla almenningsálitid, en á því verður dómur um hamingju hvers og eins manns að vera byggður. Með öllu þessu móti styðjum vjer sjálfir að hinni ytri hamingju vorri, en þar að auki geta ýmis ytri atvik orðið til að efla hana eða til að minnka hana, en þar eð vjer höfum þar ekki hönd á bagga með, getum vjer ekki ráðið neinu um þau.<sup>1</sup>

---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1894. Vorpróf 5. bekkur.



### *Páll Friðrik Vídalín Bjarnason*

Páll fæddist árið 1873. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1889, lauk burtfararprófi 1895 og prófi í lögfræði frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1900. Hann var lengst af sýslumaður í Snæfells- og Hnappadalssýslu. Páll lést árið 1930.<sup>1</sup>

#### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður á allan vöxt; jarphærður, dökkbrýndur, og fremur fríður í andliti. Ágætlega gáfaður og iðinn, enda var hann optast „dux“ í neðribekkjunum og ávallt í þeim efri, en við dimissionina bar hann lægri hlut fyrir Birni, en þó hafði hann ágætiseinkunn, eins og Björn, betri en nokkur áður (106 stig). Við skólamálum gaf hann sig talsvert, enda var hann dável máli farinn og mjög vel ritfær, en fljótfær. Þmis störf hafði hann á hendi við skólann, var t.d. formaður Íþóku, fjehirðir Framtíðarinnar, og leysti það vel af hendi. Ritari árbókanna var hann frá 1893. Reglumaður.<sup>2</sup>



*Era svo gott  
sem gott kveða,  
öl aldasonum,  
því færra veit,  
er fleira drekkur,  
síns til geðs gumi*

(1903)

Satt er það, að ekki er öl aldarsonum eins gott og margir álíta. Betur væri, að áfengi væri ekki til í landinu. Fyrst og fremst er það tjón fyrir þjóðina í heild sinni, og svo líka fyrir einstaklinginn. Mikið er það fje, sem árlega er eitt í áfengi, og mikið gagn mundi það gera fósturjörðu vorri, ef það væri brúkað henni til styrkingar og eflingar á einhvern hátt. Þar að auki er það hin skaðlegasta eiturlind, hverjum þeim manni, sem hrekst eptir straumi hennar. Hún hrífur allt hans fje úr hendi hans, og kemur honum, konu hans og börnum á vonarvöl, ef hann á konu og börn. Síðasta krónan hverfur í þessa eiturlind, auk þess að hann skemmir sinn efnahag, þá hefur það einnig hræðileg áhrif á manninn, bæði líkamlega og andlega tekið. Það gerir manninn máttvana og deyfir gáfur hans, og gerir hann þar af leiðandi óhæfari, bæði til andlegra og líkamlegra

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 110-111.

2 *Þí* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1894-1895, bls. 168.

starfa, og það getur jafn vel haft svo ill áhrif á menn, að það géri þá vitstola; og svo er nú það sem verst er af því öllu, að það hefur svo skaðleg áhrif, bæði á líkama og sálarþrek aumingja barnanna þeirra. Þannig er slíkum mönnum ekki nóg, að þeir géri sjálfum sjer óbætanlegt tjón, heldur koma þeir einnig því til leiðar, að afkomendur þeirra berast ef til vill með straumi þessarar eiturlindar. Mikið mættu slíkir menn hafa á samviskunni, ef þeir hefðu nokkra samvisku. Tjónið stendur auðvitað í hlutfalli við nautn áfengisins; því meira sem þess er neitt, því meira og áþreifanlegra verður tjónið, eins og sjá má dagsdaglega hjer í bænnum. En hvað lítið sem maður neytir þess, og hversu vel maður getur haldið bátnum í horfinu, án þess hann hrekist með straumi eiturlindarinnar, þá hefur það þó eigi að síður ill áhrif. Það er hægt að afsaka sig með því að hófdrykkja sje ekki skaðlegri en hvað annað, sem maður neytir eins og t.d. kaffi. Raunar er þetta harla lítil afsökun, og mjög svo lítilvæg. En það einkennilega við áfengið er það, að þegar maður er birjaður, þá er svo erfitt að vera hófdrykkjumaður til lengdar og vanalega er það, að fyr eða síðar fer maður að hrekjast með straumnum, og nemur ekki staðar, fyr en hann er orðinn ofdrykkjumaður, og þessvegna er best að leggja aldrei út á þessa hættulegu braut. Ef að maður gæti verið hófdrykkjumaður alla sína æfi, þá hefur það samt ill áhrif, ekki máske svo mikið á sjálfan hann, heldur á menn umhverfis hann, sem vilja reyna hið sama, en eru máske ekki eins fastir fyrir á svellinu eins og hann, og með því gæti hann leitt annan út í það að verða ofdrykkjumaður. Það er talað um, hvað sje mikil skemtun að vera góðglaður, eins og kallað er, en þegar menn eru farnir að reika, og eru máske orðnir svo að þeir detta um sjálfan sig, þá skil jeg ekki hve mikið gaman það er. Og svo koma „timburmennirnir“ sem kallaður eru, og þá er víst orðið mjótt á mununum, að hafa notið gleðinnar að vera góðglaður, og að hafa aldrei orðið það.<sup>1</sup>

### *Páll Sigurðsson*

Páll fæddist árið 1884. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1906 og prófi í guðfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1912. Hann var prestur í Norður-Dakota á árunum 1916-1926, en lengst af prestur í Bolungarvík. Páll lést árið 1949.<sup>2</sup>



---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1903. Vorpróf 3. bekkur.  
2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 465.

*Era svo gott  
sem gott kveða,  
öl aldasonum,  
því færra veit,  
er fleira drekkur,  
síns til geðs gumi*  
(1903)

Efni vísunnar er þetta: Öl er mönnum ekki svo gott, sem sagt er, því að vitið þver að því skapi, sem meira er drukkið. Þá er menn drekka, finnst þeim vínið örva og eyða áhyggjum. Þeir verða glaðir og þykir þá allt leika í lyndi. Vínið er ljúffengt og því meir, sem drukkið er, því meir vex löngunin í það. Menn verða ávallt glaðari og örari og að lokum er því líkast, sem menn falli í dá. Þetta þykir hin mesta sæla, enda höfðu menn fyr á tímum vínguðinn í hinum mestu hávegum. Þetta telja menn kosti vínsins, er sagt hefir verið. En á hinn bóginn eru margir gallar þess. Einn af hinum helztu göllum þess er sá, er vísan segir frá. Vitið þver að því skapi, sem meira er drukkið. Vínið deyfir allar tilfinningar, sljófgar skilninginn og menn geta ekki neytt skynsemi sinnar. En er vitið þver, minnkar einnig mátturinn og menn verða að lokum ósjálfbjarga. Þegar ölvíman rennur af, vitkast menn aptur, en sje opt drukkið og mikið, dofnar fjörið smám saman, líkaminn verður þróttminni og vitið þver. Þegar svo er komið, verður líkaminn þróttlaus og skilningurinn sljór, enda þótt ölvíman sje af runnin. Finnst mönnum þá, sem þeir meigi ekki án víns vera og verði jafnan að vera drukknir. Þá er líkami og sál spillt af áhrifum vínsins. Það eru því ókostir vínsins; að það deyfir vit og skilning, og spillir líkamanum.

Að vísu eru áhrif vínsins eigi jafnmikil, ef þess er neytt í hófi. Menn verða hvorki ósjálfbjarga nje viti sínu fjær, en vínið hefur engu að síður skaðleg áhrif. Vínið er tælandi og meðalhófið vandratáð. Getur því svo farið, að menn drekki meir en þeir hafa í upphafi ætlað sjer.

Vínið hefur skaðleg áhrif á líkama og sál, hvort sem drukkið er mikið eða lítið, en áhrif þessi eru að því skapi minni, sem minna er drukkið.

Á þessu má sjá, að áfengi gjörir meira tjón en gagn. Þessvegna „era svo gott, sem gott kveða, öl alda sonum.“<sup>1</sup>

---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1903. Vorpróf 3. bekkur.

## Árni Árnason

Árni fæddist á Seltjarnarnesi árið 1885. Hann lauk prófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1906 og cand. med. prófi frá Háskóla Íslands 1912 (dr. med 1935). Hann var lengst af héraðslæknir í Dalahéraði, í Berufjarðarhéraði og Skipaskagahéraði. Árni lést árið 1971.<sup>1</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Árni Árnason er fremur lágur og grannur enda ungur að aldri. Hárið ljóst og lítið eitt hrokkið, augun gráblá og alllagleg; alt er andlitið smáfellt og stúlkulegt – Árni er fyrirtaksnámsmaður enda les hann ágætlega og svo virðist sem hann hafi ekki áhuga á neinu [nema] „fögunum“ og ekkert gefur hann sig við skolamálum, en fyllir flokk „sumblunga“ [...]²



## *Gjör reislú og vog þínu tali, og set hurð með loku fyrir þinn munn*

(1893)

Í orðum þessum virðist liggja sú þýðing og áminning, að vjer eigum nákvæmlega að gefa gætur að því, hvað það er, sem vjer ætlum að tala; að vjer eins og leggjum orð vor á reislú eða vog til þess að geta rannsakað nákvæmlega höfga og gildi þeirra; og ef vjer þá verðum þess varir, að orð vor hafa ekkert gott gildi; sju annaðhvort þýðingarlaus eða þá skaði sjálfa oss eða aðra, þá eigum vjer alls eigi að sleppa orðunum af vörunum, heldur eins og höfundurinn að orði kemst, „seta hurð með loku fyrir munninn“. Fyrir höfundu ofanritaðra orða, virðist hafa vakað, hve miklu illu taumlaust tal geti komið af stað, og hve ósamboðið slíkt sje mönnum.

Það mun óhætt að fullyrða, að málið er einhver af hinum fegurstu og dýr-mætustu gjöfum, er maðurinn hefur þegið; það er einkum málið, sem aðgreinir manninn frá dýrunum; vitaskuld er það, að dýrin hafa og einskonar mál, en það er svo ófullkomið, að það líkist í engu hinu fullkomna og addáunarverða máli mannsins. Með málinu geta menn látið í ljósi hinar margbreyttustu hugsanir sínar og tilfinningar. Með því að málið er nú svo fullkominn hæfilegleikur hjá manninum, og, ef svo mætti að orði kveða, fullkomið verkfæri fyrir manninn til að vinna með sjer sjálfum og öðrum til góðs, þá liggur í augum

1 *Læknar á Íslandi*, bls. 23.

2 *Lbs 3364 4to – Skinfaxi* 24. maí 1903, bls. 221.

uppi, að miklu illu muni meiga koma til leiðar með málinu, sje það vanbrúkað. Þess vegna er áriðandi fyrir hvern og einn, að byrja þegar í æsku á því að stjórna orðum sínum; sje það ekki gjört, er hætt við, að maðurinn láti sjer opt þau orð um munn fara, sem hann iðri eptir á, að hafa talað. Sá er sjaldan mikils virtur, sem reynist mikill lausmælgismaður; enginn ber traust til hans, er þekkir hann. Hann missir smátt og smátt tiltrú allra þeirra, er hann þekkja, og áður en hann veit af, hefur hann látið alla vini sína. Hjer er og athugandi, að hirðuleysi og kæruleysi í orðum eru opt ávextir af annarskonar óráðvendni manna og eins og skuggsjá hins innra mannsins.

Mestu böli veldur tunga mannsins, þá er menn snúast gegn öðrum beinlínis af mannvonzku; þá getur tunga mannsins orðið „beittari hverju tvíeggjuðu sverði“. Rógur hefur á öllum öldum komið svo miklu illu til leiðar og gjörir enn í dag, að óþarft virðist að fara nákvæmlega út í það mál. Margir saklausir hafa horft sorgbitnir á rústir hamingju sinnar, en rógismaðurinn hlegið kulda-hlátri í skugganum og glott um tönn yfir atgerðum sínum! Margur hefur orðið að sjá á bak móður, föður, bróður eða vini sökum rógsmála.<sup>1</sup>

### *Þorvarður Þorvarðarson*

Þorvarður fæddist árið 1863. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum 1894 og prófi frá Prestaskólanum 1897. Hann var lengst af prestur í Vík í Mýrdal og jafnframt kennari og skólastjóri við unglingaskólann í Vík. Þorvarður lést árið 1948.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Hár maður og eigi gildur, toginleitur, þunnefjaður og smáeygur, hefur ljósleitt hár og lítið skegg á efri vör. Hann kom í skóla 1883, gjörði margar atrennur við fjórða bekkjar próf, en strandaði jafnan á stærðfræðinni [...] Frá fyrri skólaárum sínum er hann kunnastur fyrir óreglu sína, en síðan hann kom í skóla í annað sinn hefur hann verið reglumaður, og jafnvel verið í talsverðu álitum hjá piltum. Þannig var hann kjörinn „inspector scholæ“ síðasta skólaár sitt og stóð hann sæmilega í þeirri stöðu. Hann ritaði talsvert og er fremur vel máli farinn. Hann er að vorri hyggju fremur skynsamur þótt honum ljeti eigi skólanámið sem bezt, og stundaði hann það þó allvel hin síðari árin.<sup>3</sup>



- 
- 1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1893. Vorpróf 5. bekkur.
  - 2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 535.
  - 3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1893-1894, bls. 94.

*Að skýra orðtækið:*  
*Enginn veit hvað átt hefur, fyrr en misst hefur*  
(1880)

Mörgum mönnum er meðfædd ljettúð og hyrðuleysi. Ljettúð þessi eldist af sumum, en við suma festist hún, og loðir við þá alla æfi. Þeir sem svo eru skapi farnir, láta allt ganga í sukki og svalli, meðan þeir eiga þess kost; þeir njóta dagsins í dag, en hugsa ekki fyrir deginum á morgun. Þeim ferst líkt og Lúðvík 15., er hann sagði, að Frakkland myndi lafa saman meðan hann sæti að völdum, en sá, er konungur yrði á eptir sjer yrði sjálfur að sjá um sig. En þeir eru mjög fáir er helzt slíkt athæfi uppi til lengdar. Fjedd þverrar, og svo lýkur, að þeir sitja eptir með sárt enni. Þá sjá þeir fyrst hvað þeir hafa misst, en það er ekki svo lítið: fyrst og fremst fjedd og ef til vill mannorðið. Þeir óska sjer þá, að þeir væru orðnir ungir aptur, svo þeir gætu byrjað nýtt líf, en þeim getur ekki orðið að þeirra ósk, því liðinn tími kemur aldrei aptur; þeir verða að sitja við svobúíð. Þeir hvorki geta nje vilja haldið áfram í sömu stefnu, og þeir hjeldu í áður, en af því þeir eru opt hignir á efra aldur, er þeir sjá villu sína, þá hafa þeir ekki kjark til að skipta um lífsstefnu, og verða því optast sjálfum sjer og öðrum til leiðinda. Óhamingju manna þessara leiðir af því, að þeir sáu ekki hvað þeir áttu, fyr en þeir höfðu misst það.

Allir menn eiga dýrmæta fjársjóðu, en sumir hafa ekki gagn af þeim, af því þeir þekkja þá ekki í tækan tíma. Þessir fjársjóðir eru heilsan og tíminn. Unglingurinn finnur til afls þess og fjörs, er í honum býr, hann hyggur að sjer sjeu allir vegir færir, og ætlar sjer ekki af, en þá fer opt svo, að hann ofreynir annaðhvort líkama, eða sálu, eða þá hvorttveggja; menn verða ekki varir við ofraun sálarinnar, en ofraun líkamans kemur optar í ljós en vera skyldi, því opt verða heilsusterkir unglingar heilsulausir, þegar fram líða stundir. Þeir finna þetta sjálfir, en nú eru þeir orðnir heilsulausir, og heilsan verður ekki aptur tekin. Þeir hafa misst hina dýrmætu heilsu, er þeir áttu áður.

Annar fjársjóðurinn var tíminn. Þeir eru fjölmargir er ekki kunna að færa sjer hann rjett í nyt og gæta ekki, hve mikils virði hann er. Þeir gæta ekki að orðtæki Englendinga „time is money“, en tíminn er meira en peningar; hann er menntun. Þótt litlum tíma sje eytt í hvert skipti, þá dregur það sig saman, þegar tíma er opt eytt; margir hálf tímar verða að dögum, en dagarnir aptur að vikum og jafnvel árum. Hve margt mætti ekki gjöra á þessum dögum og árum sjer og mannkyninu í hag ef vel væri farið með tíman?; hve margt mætti ekki læra á þeim? En yðjuleysingjarnir gæta ekki að þessu, þeir eyða helmingnum af æfi

sinni til ónýtis. En tíminn hefnir sín. Áður en lýkur finna yðjuleysingjarnir til villu sinnar, en þá er liðni tíminn um garð genginn og ómögulegt að færa sjer hann framár í nyt. Þeim hlýtur að finnast mikið til um missi tímans, og nota ef til vill betur það, sem þeir eiga eptir ólifað, en þeir hafa þó mikið misst. Þenna missi leiðir af því, að þeir hugsuðu ekki eptir rás tímans, og vissu ekki hvað þeir áttu er þeir áttu tíman.

Af þessu má sjá, að menn eiga að vísu marga góða gripi, en vita ekki ef þeim, og færa sjer þá ekki í nyt, en þegar þeir verða þess vísir, að þeir eiga þá, geta þeir ekki ávallt notað þá.

Menn ættu því að „halda fast því sem þeir hafa“, og nota það sem bezt, en keppa ekki eptir öðru.<sup>1</sup>

### *Ólafur Daviðsson*

Ólafur fæddist árið 1862. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1877, lauk burtfararprófi 1882 og lagði stund á náttúrufræði við Kaupmannahafnarháskóla. Hann kom heim til Íslands árið 1898 og kenndi við Möðruvallaskóla. Ólafur vann jafnframt að þjóðlegum fræðum. Hann lést árið 1903.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Hann var langur og lotinn í herðum. Andlitið lítið, augun blá og fögur, munnurinn smár. Hann var hirðulaus um klæðaburð. Hafði ágætar gáfur; las og lærði mikið og margt og ritaði, og var skáldmæltur. Hann var glaður og skemmtilegur í viðræðum og vinsæll mjög. Var einna fróðastur í skóla á sinni tíð. Iðjumaður og afkastaði miklu. Safnaði mjög sögum og lausavísnum o.fl. Reglumaður ágætur. Matgoggur hinn mesti.<sup>3</sup>



### *Að skýra orðtækið: Enginn veit hvað átt hefur, fyrr en misst hefur (1880)*

Þá er vjer athugum þetta orðtak, sjáum vjer þegar í stað, að eigi þarf að skýra hvert orð í því út af fyrir sig, með því að þau eru hvort um sig almenn og í hinni vanalegu merking sinni; það er því hugsanin í öllu orðtakinu í heild sinni er helzt kynni að þurfa skýringar við og er hún þó hvorki tvíræð nje þungskilin.

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1880-1881. Miðsvetrarpróf 4. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 35.

3 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1881-1882, bls. 161.

Hún er þessi: Mönnum hættir til að meta það eigi að verðungu, er þeir eiga, en finna þá fyrst er þeir hafa verið sviptir því, hversu mikilvægt og ómissandi það hefur verið. Ver viljum þá leitast við, að leiða þann sannleik í ljós, er fólgin er í orðtaki þessu. Vjer sjáum það bæði, ef vjer rennum huga vorum aptur yfir umliðna tíman, af mannkynssögunni og sömuleiðis, ef vjer gefum gaum að högum manna þeirra, er vjer þekkjum af eigin reynslu, að menn hafa jafnan verið og eru jafnan að meiru eða minnu leyti óánægðir með efni sín og hagi. Þessi óánægja fer eigi minnkandi, þótt auður og metorð vaxi, heldur sjáum vjer þess mörg dæmi, að hún jafnvel þróast við það. Nú kynni einhver að spyrja: Hvernig er þessi óánægja með efni sín og af hverju kemur hún? Vjer svörum því þannig: Óánægja er það, að una eigi högum sínum og vilja þá jafnan einhvern veginn öðruvísi en þeir eru; en að því, er snertir uppruna óánægjunnar, er það að segja, að hún er mönnunum meðfædd og ásköpuð. Þótt þeir lifi við auð og allsnægtir og sjeu hinir sælustu fyrir manna sjónum, þá er þó jafnan einhver hugsun eða einhver rödd hið innra hjá þeim, er segir þeim að þessi heimur sje eigi hið eiginlega heima þeirra, heldur sjeu þeir gestir og að allt, sem þeir þykist eiga, sje þeim lánað um lengri eða skemmri tíma. Þessi hugsun veldur því, að þeim þykir harla lítið til hinna skammæju eigna sinna koma. En þá er þeir hafa misst þær, sjá þeir það þó glögglega að þær hafa verið þeim nauðsynlegar; já, að jafnvel það, er þeir undu hvað verst við meðan þeir nutu þess, það fellur þeim hvað þyngst að missa.

Vjer viljum segja til skýringar frá karlmanni einum og kvenmanni, er vjer höfum þekkt. Þau voru ung og efnileg, urðu ástfangin hvort í öðru, áttust og urðu hjón. Þá fyrst komust þau að því, að þau áttu eigi lund saman. Þau skatt-yrtust daglega að heita mátti, og hjúskapur þeirra var sífelldur innbyrðis-ófriður. Þá er þau höfðu lifað þannig saman í 6 ár, dó konan frá 5 börnum. Þá fann bóndinn fyrst, hvað hann hafði átt, er hann var orðinn einmana; og þá er móðurlaus börnin leituðu huggunar hjá honum, kviknuðu sárar tilfinningar í brjósti hans. Hann fann þá bæði, hvað hann sjálfur hafði misst, og það, sem þyngra var, fannst honum, hvert tár er börnin felldu hrópa hefnd yfir sig, með því að hann gat ásað sig um að hafa stytt móður þeirra aldur með úlfúð og ónotum. Af þessu og fjölmörgu fleiru sjáum vjer sannindi orðtaksins og þýðingu.<sup>1</sup>

### *Jakob Sigurðsson*

Jakob lést þann 19. nóvember 1880, nokkrum mánuðum eftir að hann skrifaði þessa ritgerð.



1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1880-1881. Miðsvetrarpróf 4. bekkur.



## *Kapp er best með forsjá*

(1886)

Þegar vjer íhugum málshátt þennan, sjáum vjer að hann er mjög sannur, því ekki dugar af tómu kappi og ákafa að ana áfram hvað sem fyrir er án þess, áður að hafa íhugað hvernig vjer getum losast frá því, og eru til óteljandi dæmi bæði úr mannkynssögunni og daglegu lífi, er sýna oss hvað illt getur hlotist af kappi án forsjá. En þó þarf eigi ætíð svo að fara ef hamingjan er með í leiknum.

Ef við nú tökum mannkynssöguna til dæmis, þá sjáum vjer að jafnvel hin-ir skynsömustu og mestu menn hafa eigi ætíð íhugað afleiðingar þær, er hlotizt gætu af hinu óforsjála kappi þeirra.

Þannig hefur því víst verið varið með Napóleon mikla, er hann knúður af kappi sínu og drottunarfýsn, rjett undir vetur ruddist austur í gegn um alla Evrópu og inn í Rússland, en afleiðingarnar sýndu líka hve miklu betra það hefði verið, að hann hefði farið að öllu með forsjá, því hann mátti vita það, að örðugt mundi verða að yfirbuga eins stóra þjóð og Rússar eru, og það í þeirra eigin landi, þar sem hann um hávetur átti að berjast mót veðri og vindi og harðri og herskárri þjóð, sem barðist fyrir frelsi sínu, og svo vildi óheppilega til, að veturinn 1812 var ákaflegur frostavetur, svo menn hans drápustr hrönn-um saman og liðið skorti vistir. Því fór nú eins og fór og eptir þá för náði Napóleon sjer aldrei aptur.

En opt getur kappið komið oss að góðu haldi og hjálpað oss áfram í lífinu, en bezt er kapp með forsjá.<sup>1</sup>

### *Ólafur Thorberg*

Ólafur fæddist árið 1869. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1881, lauk burt-fararprófi 1887 og stundaði um skeið nám við Kaupmannahafnarháskóla en hélt svo til San Francisco. Ekki er vitað hvað varð um hann eftir það samkvæmt heimildum.<sup>2</sup>

---

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. Skrifleg próf 1886. Miðsvetrarpróf 5. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 86.

### *Palladómur skólabræðra:*

Ólafur Thorberg var vart meðalmaður á hæð, og lítt þroskaður, dökkur á hár og ljós í andliti, ekki ófriður og snotur á velli. Hann var ekki sjerstaklega vel að sjer í neinu, en góður drengur.<sup>1</sup>



### *Morgunstund hefur gull í mund*

(1889)

Morgunstundin er sú stund dagsins, sem hefur bezt áhrif bæði á líkama og sálu mannsins. Ekkert er eins hressandi og að ganga út í góðu veðri snemma morguns sumardag, anda að sjer hinu hreina, nærandi morgunlopti og njóta svo þeirrar unaðsmiklu sjónar að sjá hina upprennandi sól senda sína fyrstu geisla yfir fallett byggðarlag eða spegilfagran vatnsflöt. Gamall maður, sem farinn er að missa fjörið úr æðum sínum, finnur þessi unaðsríku áhrif morgunstundarinnar betur enn unglíngurinn; þá er morgunstundirnar mest nærandi einmitt fyrir ungvíðið. Börn, sem eru vanin á að fara snemma á fætur, verða hraustari en þau, sem eru látin sofa fram á dag.

Starfsmaðurinn gengur snemma morguns til vinnu sinnar, nýtur allra þeirra gæða, sem morgunstundin veitir og treystir svo krapta sína við arðsama vinnu. En letinginn spillir á meðan kröptum sínum með því að liggja í fletinu, en hafna þeirri hressingu og þeim arð, er hann hefði getað fengið af morgunstundinni. Um dagsmál rís hann upp við olnbogna í rúmi sínu, klórar sjer í höfðinu, geispar, lítur út um gluggann og segir: „Hvernig skyldi þá veðrið verða í dag?“ Samt fer hann úr rekkju sinni, og lítill verður arðurinn af vinnu hans um daginn; hann hefur ekki einu sinni nóg til matar handa konu og börnum, þá er hann kemur heim að kveldi. En hinn, sem gekk snemma morguns til vinnu sinnar, kemur að kveldi með nóg föng til búsis og lifir ánægður með fjölskyldu sinni. Annar íslenskur málsháttur segir:

„Sá árla í rekku og árla upp rís  
auðmaður verður, hygginn og vís.“

Notaðu morgunstundina, því hún hefur gull í mund.<sup>2</sup>

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1886–1887, bls. 175.

2 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1889. Miðsvetrarpróf 5. bekkur.

## *Kristján Kristjánsson*

Kristján fæddist árið 1870. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1884, lauk burtfararprófi 1890 og prófi í læknisfræði frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1897. Hann var lengst af læknir á Seyðisfirði. Kristján lést árið 1927.<sup>1</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Kristján Kristjánsson, ættaður frá Mývatni, er meðalmaður á hæð, þreklegur, rauður í andliti og svartur á hár; hefur góðar gáfur og stundaði nám sitt heldur vel. Gaf sig mikið við söng og stýrði söngfjlagi pilta síðasta ár sitt í skóla; kom talsvert við skólamál og ritaði nokkuð í „Framtíðina“. Hann hefur verið ritari þessara árbóka.<sup>2</sup>



## *Leiðir verða langþurfamenn*

(1896)

Það má óhætt fullyrða að þurfamenn eru hvarvetna hvumleiðir, jafnvel þó að þeir sjeu ekki langþurfamenn og eru ýmsar orsakir til þess. Fyrst og fremst lifa þeir á sírum sveita annara, án þess að leitast við að bjarga sjer sjálfir, þótt þeim sje þess auðið. Í öðru lagi virða þeir opt og tíðum að vettugi hjálpsemi annara og álíta hana nokkurs konar sjálfskyldu, er þeir eigi heimtingu á. Að vísu eru allmargar undantekningar frá þessu. Sumir eru sannir þurfamenn; það er þeir, sem ekki geta fleytt fram lífinu án mannlegrar hjálpar ýmist vegna einhverrar líkamslýta eða af skorti á andlegum hæfilegleikum. Þessum þurfamönnum erum vjer skyldir að hjálpa, því að þeir eru vorir náungar, og náungar vora er oss boðið að elska. En ef aldrei hefðu þurfamenn verið aðrir en þessir, þá hefði ofangreindur málsháttur ekki orðið til meðal manna. Því miður höfum vjer þurfamenn, sem ef til vill eru margfalt fleiri en hinir. Þeir hafa af leti og ómennsku og ýmsu fleiru lagt árar í bát og kosið heldur að láta aðra hafa ofan af fyrir sjer og sínum. Það eru þessir þurfalingar, sem leiðastir verða allra, því að alloptast er illt að gjöra þeim til hæfis og mönnum er það fullkomlega ljóst að þeir vinna ekkert kærleiksverk þó að þeir ali önn fyrir slíkum langþurfa-mönnum.

Hjer má vel við eiga málshátturinn: „Betra er hjá sjálfum sjer að taka en sinn bróður að biðja“. Það er allt eins hvumleitt fyrir þann, sem nokkra sóma-tilfinningu hefir, að vera öðrum háður, eins og fyrir þá að ala önn fyrir honum.

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 379.

2 *ÞÍ* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1889-1890, bls. 159-160.

Frelsið er manni fyrir öllu, en það hefur hann þegar misst, er hann þarf að leita á náðir annara. Þessvegna kappkostar hver drenglundaður maður að bjargast áfram með guðs hjálp og hyggjuviti sínu og að þyggja sem minnst af hendi bróður síns.<sup>1</sup>

### *Stefán Guðmundsson Stefánsson*

Stefán fæddist árið 1876. Hann lauk burtfararprófi frá Lærða skólanum árið 1899 og prófi í lögfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1906. Hann starfaði að mestu í Danmörku. Stefán lést árið 1948.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Meðalmaður á hæð, þrekinn, þjóhnappamikill, stirðlegur, en hraustur nokkuð. [...] Hann var stilltur og siðprúður í umgengni, dulur í skapi, sérgóður nokkuð og talinn ekki allur jafnan þar sem hann var séður. Prályndur og lét ekki hlut sinn fyrir neinum. Hann var gáfaður fremur, duglegur og starfsamur. Málfræðingur allmikill, einkum var hann vel að sér í ensku og frönsku, enda var hann einatt kallaður Stebbi „enski“. Grúskaði jafnvel í ítölsku, spönsku og rússnesku. Hann hafði og gott söngeyra og lék á ýmis hljóðfæri, svo sem fiðlu. Hann lagði stund á myndagerð og fékkst við ýmsar pantanir frá útlöndum, einkum Þýskalandi. Hann var nokkurnveginn vinsæll, en snurða nokkur hljóp á vinsældir hans, er hann var í 5. bekk. Hann var mjög atkvæðalitill um skólamála. Reglu- maður.<sup>3</sup>



## *Leiðir verða langþurfamenn*

(1896)

Það má fullyrða, að þessi málsháttur er sannur, og eigi ólíkur öðrum góðum málshætti nefnilega: Sælla er að gefa en að þiggja. Það má jafnvel sjá á svip beiningamanna, hve leiðinlegt, já, hve sorglegt þeim þykir, að þurfa að leita hjálpar náunga sinna og biðjast matar af þeim. Snemma morguns ganga þeir um og biðja sjer vinnu, að þeir gætu unnið fyrir sjer, konu og jafnvel fjölda barna, sem bíða hungruð heima og vænta fæðu, sem þau hafa eigi bragðað, síðan daginn áður. En er þeir eigi geta fengið sjer vinnu, neyðast þeir til að taka sjer poka í hönd, ganga á milli manna og biðja þá ásjár. Kemur þá stundum

- 
- 1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1896. Vorpróf 3. bekkur.
  - 2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. V. bindi, bls. 494.
  - 3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1898-1899, bls. 27.

fyrir, að þeim er vísað á dyr, án nokkurrar úrlausnar; getur maður þá vel ímyndað sjer, að þeim leiðist að vera til lengdar þurfamenn og komnir upp á náunga sína. Opt veldur þetta örvæntingu, leggjast þeir þá fyrir, þar, sem þeir eru staddir, og geta enga björg sjer veitt, hungraðir og þreyttir, en enginn vildi skjóta skjólshúsi yfir þá.

Sumir þurfamenn geta eigi komið sjer til að leita ásjár hjá náunga sínum, en er hungur og skortur á öðrum nauðsynlegum hlutum, knýr þá til þess, þá er auðsætt, að þeim leiðist að gjöra það til lengdar. Ennfremur er það auðskilið, að ekkja, sem ásamt barnahóp sjer á bak eiginmanni sínum, bregði við að biðja sjer matar ef hún áður gaf hann. Eða kona, sem þarf að sjá fyrir manni sínum, sem liggur rúmfastur, og börnin biðja grátandi um mat, en hún getur eigi saki-ir fátæktar veitt þeim hann, komist við, en hún má eigi víkja frá rúmi eiginmanns síns, en verður þó að sjá fyrir börnum sínum; og að hún þreytist að biðja um mat og drykk og annað nauðsynlegt.<sup>1</sup>

### *Jón Ólafsson Rósinkrans*

Jón fæddist árið 1879. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1893, lauk burtfararprófi 1899 og læknaprófi 1904. Hann var læknir í Vestmannaeyjum, síðar skrifari landlæknis og háskólaritari frá 1911. Jón lést árið 1924.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Hann er lágur vexti, en gildur, ljós á hár, gráeygur og afar kerlingalegur. Hvatlegur í göngu, en vaggaði mjög. Hann var ómannblendinn og allra mesti „delerant“. Treggáfaður mjög, en las allvel. Bindindismaður mikill, sem hann átti kyn til.<sup>3</sup>



## *Að sýna fram á „ærlighed varer længst“*

(1890)

Til þess að sýna fram á þetta orðtak, vil jeg líta til daglega lífsins, því í því verða daglega þeir atburðir, sem fyllilega sýna fram á, að ráðvendni kemur sjer vel í hverju sem er. Þetta sýnir sig meðal annars í því, að ef vjer tókum lán hjá öðrum, og gjöldum honum skuld vora á tilteknum tíma, þá verður þessi maður ávallt fús á að lána oss aptur ef vjer þurfum á því að halda. En ef vjer gjöldum ekki á þeim tíma, sem hefur verið tiltekinn, þá verða menn tregir til að lána oss

1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1896. Vorpróf 3. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. III. bindi, bls. 250-251.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1898-1899, bls. 29.

framvegis. Smásaga sú sem jeg ætla að segja hjer á eptir ætla jeg að beri ljósan vott um það, hversu ráðvendnin er affarasæl. Það kom einusinni lítill umkomulaus drengur til kaupmanns B. og bað hann að taka sig í vist hjá sjer, þó ekki væri fyrir annað kaup en fæði. B. sem sá, að drengurinn var í nauðum staddur, sagði þegar í stað, að hann skyldi verða við bæn hans og taka hann eitt ár til reynslu, og ef hann sýndi, að hann væri reglusamur og ráðvundur, mundi hann lofa honum að vera hjá sjer framvegis. B. ljét hann hafa þann starfa að sópa búðargólfíð á hverju kvöldi, og leysti drengurinn það vel af hendi, og ekkert bar til tíðinda sem í sögur sje færandi. Á laugardagskvöld fyrir hvítasunnu var drengurinn að sópa búðina og fann þá tíu krónur á gólfínu. Hann stakk þeim á sig og hugsaði sjer að skila þeim húsbónda sínum. En er samþjónar drengsins urðu þessa áskynja, sögðu þeir: „Fyrst þú varst svona heppinn, komdu þá með okkur á veitingahúsið og við skulum gjöra oss glatt kvöld.“ En hann skoraðist undan því, og sagðist ekki eiga peningana. Um kvöldið gekk hann á fund húsbónda síns og fjeck honum peninginn. Húsbóndinn varð glaður við og sagði: „Jeg ljét þennan pening detta viljandi á gólfíð til þess að reyna ráðvendni þína. Sökum þess að þú reyndist mjer trúr, og tókst ekki það, sem þú áttir ekki, hef jeg nægar sönnur fyrir því, að þú ert ráðvundur, og ráðvandir menn komast ætíð áfram í heiminum; þú mátt eiga þennan pening, og hjeðan af skalt þú vera mjer í sonarstað.“ Þetta sögukorn sýnir vel, hversu ráðvendni er affarasæl ekki einungis í stóru heldur og í smáu; því sá sem ekki sýnir af sjer ráðvendni í smáu, hann getur ekki heldur verið ráðvundur í því sem stærra er og meira áriðandi. Ef vjer látum aðra sjá að vjer erum ráðvandir þá glæðir það velvilja hjá þeim til vor, og þeir verða fúsari á að veita oss hjálp ef vjer erum í nauðum staddir eða þurfum að einhverju leyti hjálpar við. Hver sem starf hefur á hendi, hann gæti þess, eptir því sem honum eru gefnir kraptar til þess, og hver sem þráir að vinna sjer álit og hilli annara, hann hafi ávallt fyrir augum að: „ráðvendni er affarasæl“.<sup>1</sup>

### *Pétur Guðjohnsen*

Pétur fæddist árið 1870. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1885 og lauk burtfararprófi árið 1892. Hann fór til Kaupmannahafnar og lagði stund á lögfræði, en lést þar árið 1900.<sup>2</sup>

---

1 *Þí* – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1890. Vorpróf 4. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. IV. bindi, bls. 155-156.

### *Palladómur skólabræðra:*

Heldur vel gáfaður, en las lítt fyrr en 2 síðustu árin, allvel að sér í frönsku. Hár og grannur, kempulegur karl, en ekki fríður, fölleitur og hárið ljóst. Lærði trésmíði á sumrum, og tók sveinsbréf sama vorið og hann varð student. Hann svipaði í mörgu til afa síns, var t.a.m. musíkalskur, enn ekki raddmaður, óláta-seggur og ófyrirleitinn í orðum og sást lítt fyrir við hvern hann átti, drembinn og upp með sér, og hinn harðvítugasti í hvívetna. Skartmaður með köflum; reglumaður enn ekki félagsmaður.<sup>1</sup>



### *Er það rjett, sem stendur í prjedikara Salómons (1.18): „Sá, sem eykur sína þekkingu, eykur og sínar raunir“?*

(1893)

Skóðanir manna á því, hvort menntunin sje í rauninni farsælegri og hamingju-vænlegri fyrir mennina og tilveru þeirra, hafa verið næsta misjafnar. Sumir hafa haldið því fram, að með vaxandi menntun og þekkingu, hlyti andi manna að taka framförum til hins betra, hlyti að göfgast og fullkomnast og menn fengju jafnframt betri hæfilegleika til að gegna störfum sínum og berjast gegn örðugleikum lífsins, og gætu því gjört sjer lífið þægilegra og ánægjusamlegra. Aðrir hafa fylgt þeirri skoðun, að þekkingarframförin, er fjarlægði mannkynið meir og meir frá hinu upphaflega náttúruástandi þess og gæfi því betra skynbragð á tilverunni og tilhögun náttúrunnar, að hún fjarlægði það jafnframt meir og meir frá hinu upphaflega sakleysisástandi þess. Þessari síðarnefndu skoðun fylgdi Rousseau, frægi frakkneski rithöfundurinn, er lifði á 18. öld (dáiinn 1778). Orðtak hann var svohljóðandi: „Hverfum aptur til náttúrunnar.“ Hann kvað mennina hafa verið sælasta meðan þeir voru á lægsta menntunarstigi. Hann vildi því eyða menningunni og hverfa aptur til upphaflega ástandsins, hverfa frá óhöfi og munaði, er menntuninni fylgdi, til lítilþægni og nægjusemi. Meðal þeirra mörgu þúsunda, er fjellust á rit hans, var Robespierre, grimmdarseggurinn mikli í stjórnarbyltingu Frakka, og svo kom að allt Frakkland og jafnvel mikill partur Evrópu var á hans máli.

Hvor þessara skoðana muni rjettari er enginn hægðarleikur að dæma um. Báðar hafa eflaust mikið til síns máls. Eptir því sem maðurinn hefur fengið betri þekkingu á lífinu og lært að nota fleiri og fleiri af þeim gjöfum, er því eru veittar, eptir því hafa freistingarnar orðið fleiri og sterkari, þarfirnar fjölbreytt-

---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1891-1892, bls. 130.

ari og því hættara við falli. Löngunin hefur vaxið til að njóta lífsins, til að reyna það er þekkingin hefur gefið mönnum hugmynd um. Hugsunin fær meiri áhyggjur og sálin minni ró. Margir vitrir menn hafa komist svo að orði, að sælir sjeu fávísir menn, er sjeu lausir við margt það, er spekingarnir hafa við að stríða. Í sorgarleiknum Manfred, eptir enska stórskáldið Byron (dáiinn 1824), kemur þessi skoðun fram.

Jafnframt ætti þó menntunin að gjöra manninn hæfari og styrkari til að stjórna tilhneigingum sínum og láta þær ekki hlaupa með sig í gönur. Í menntunarleysinu eru menn lausir við margt, er til óánægju getur leitt. Tilhneingar þeirra geta ekki orðið eins sterkar og fjölbreytilegar, vegna þess að þeir ekki þekkja ýmislegt, er þær helzt stefna að. Menn eru þá þurftaminni og lítilþægari. Þakklátssemi við forsjónina býr í brjóstum þeirra, og þeir þykjast hafa himin höndum tekið ef eitthvað óvanalegt happ hefur borizt þeim að höndum.

Því verður ekki neitað, að hin góðu áhrif þekkingarinnar eru mörg og mikilsverð, þótt hún hafi reyndar opt í för með sjer undirrót spillingar og rauna, ef menn ekki kunna að færa sjer hana í nyt. Þessi orð: „sá sem eykur þekkingu sína, eykur og sínar raunir“, eiga alls eigi ætíð heima.<sup>1</sup>

### *Björn Bjarnason*

Björn fæddist árið 1873. Hann var tekinn í Lærða skólann árið 1890 og lauk burtfararprófi árið 1895. Hann hélt til Kaupmannahafnar og lauk þar doktorsprófi í norrænum fræðum árið 1905. Hann var skólastjóri barnaskólans á Ísafirði, stundaði kennslu í Reykjavík og var bókavörður á Landsbókasafni. Hann var ritstjóri *Skirnis* um skeið. Björn lést árið 1918.<sup>2</sup>

### *Palladómur skólabræðra:*

Er meðalmaður á hæð og lipurlega vaxinn; hann er ljóshærður, frekknóttur í andliti og eigi fríður, en býður góðan þokka af sjer. Gymnasticus var hann meðal hinna fremstu í skóla í sinni tíð, danzmaður mikill og glímumaður allgóður. Þrýðilega gáfaður og las vel, en var þó langt frá að vera „curisti“. Hann hefur fengið hæztan vitnisburð allra stúdenta frá Reykjavíkurskóla (107 stig). Við skólamálum gaf hann sig talsvert hin síðari árin og var nokkuð lengi í Framtíðinni og ritari hennar síðasta árið. Reglumaður.<sup>3</sup>



1 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1893. Vorpróf 4. bekkur.

2 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. I. bindi, bls. 207-208.

3 ÞÍ – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. Árbækur Lærða skólans 1894-1895, bls. 168.



## XXVII. Viðauki – fyrstu skref fræðimanns

Hér má finna ritgerð sem Sigurður Nordal (1886-1974) skrifaði árið 1906, á sínu tuttugasta aldursári. Ritgerðarefnið var að fjalla um hvers vegna það sé nauðsynlegt hverri þjóð að leggja rækt við sögu sína og fyrri alda bókmenntir. Verkefnið er sérstaklega áhugavert í ljósi ævistarfs Sigurðar, en hann lauk doktorsgráðu í norrænum fræðum við Kaupmannahafnarháskóla árið 1914 og helgaði líf sitt rannsóknnum á íslenskum menningararfi. Sigurður varð prófessor í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands og var einn áhrifamesti fræðimaður tuttugustu aldar á því sviði. Með ritum sínum um íslenskar bókmenntir fyrri og síðari alda, fjölda greina og fyrirlestra auk kennslu sinnar við Háskóla Íslands og erlenda háskóla, mótaði hann skilning og túlkun bókmennta og menningar Íslendinga öðrum fremur. Áhrif Sigurðar náðu langt út fyrir raðir fræðimanna, alla ævi var hann áberandi á sviði íslenskrar menningarumræðu og hann var virtur og viðurkenndur meðal fræðimanna á sviði íslenskra og norrænna fræða um heim allan. Hann var einn forvígismanna þeirrar stefnu í rannsóknnum íslenskra miðaldabókmennta sem kennd er við „íslenska skólann“ og hefur verið áhrifamikill í miðaldarannsóknnum allt fram á þennan dag. Ritsafn Sigurðar var gefið út í 12 bindum á árunum 1986-1996.



*Hvers vegna er það nauðsynlegt hverri þjóð  
að leggja rækt við sögu sína og fyrri alda bókmenntir?*

(1906)

Öll menning nútíðarinnar stendur, sem kunnugt er, á gömlum merg. Ef forfeður vorir hefðu eigi stöðugt keppt lengra og lengra í menningaráttina, þá væri öðruvísi umhorfs nú í heiminum. En til þess að geta sem haganlegast að verða má byggt á þessari undirstöðu, verðum vjer, ef svo má að orði kveða, að þekkja hvern stein í henni. Vjer verðum að kynna oss framþróunina stig af stigi til þess að geta hyggilega haldið áfram að auka við þá undirstöðu, er vjer tókum við og

búið í haginn fyrir afkomendur vora. Þetta er einn af höfuðkostum hinnar almennu sögu, að hún vísar oss leiðina, sem halda skal til menningar og framkvæmda.

En fyrir utan þetta gildi, sem hin almenna saga hefur fyrir mannkynið í heild sinni, hefur hún engu minna gildi fyrir hinar einstöku þjóðir. Ennþá gilda hin sömu allsherjarlög, sem rjeðu þegar fyrst fara sögur af viðvíkjandi heill og þroska þjóðanna. Ósjerplægni, ættjarðarást og siðvendni efla þjóðirnar út á við og gjöra einstaklingana hamingjusama, en ágirnd, metorðagirnd og sællífi, sem leiðir af sjer flokkadráttu og siðspilling, kollvarpa jafnvel hinum öflugustu stórveldum.

Í stuttu máli: sagan er full af dæmum, ýmist til eptirbreytni eða viðvörunar, sem rjett skilin geta verið mannkyninu í heild sinni, þjóðunum og einstaklingunum ein hin æðsta lífsspeki, sem unnt er að nema.

Auðvitað á það, sem hjer hefur verið sagt um söguna, að því er snertir hinar einstöku þjóðir, fyrst og fremst við um þeirra eigin sögu. Það fær meira á oss Íslendinga að lesa um Einar þveræing og Gissur jarl, en um Appulus, Claudíus og Æsckines, þótt verkin sjeu lík. Saga þjóðar vorrar hittir á viðkvæmari strengi hjá oss, en saga erlendra þjóða, áhrifin verða dýpri og lærdómurinn því meiri. En nú erum vjer komnir að nýju atriði, er söguna snertir, það er áhrif þau, er hún hefur á tilfinninguna.

Allir hafa komið á einhvern sögustað og allir hafa að líkindum fundið til þeirrar lotningar, sem gagntekur þá á slíkum stöðum. Víða er það meðfram vegna stórfelldrar náttúrufegurðar, eins og t.d. á Þingvöllum, en aðalorsökin er sagan, sem lætur líða fyrir hugsjónir vorar glæsilegar myndir frá dáðríkri fornöld. Þetta er einn af meginþáttunum í ættjarðarástinni, vjer elskum landið ekki eingöngu fyrir fegurð þess og gæði, heldur einnig fyrir alla þá viðburði, sem þar hafa gjörst, vjer elskum það líka sem land feðra vorra.

En sagan sjálf, aðeins minningin, án áhrifa frá sagnastöðunum og öðru slíku, fær á tilfinningu vora engu síður. Ekkert glæðir meira ást á þjóðerni voru og máli, en sagan, ekkert eggjar oss framur lögeggjan að verða eigi eptirbátar fyrri alda manna, heldur sækja fram. Þegar Matthías særir Vestur-Íslendinga að gleyma eigi máli sínu, þá minnir hann þá á, að

Það hefur voða þungar tíðir  
þjóðinni verið guðleg móðir

Með því að minna þá á formhelgi þess veit hann að ástin til þess eykst. Og þegar Jónas Hallgrímsson hefur Fjölni með hvataljóði, sem á að vekja þjóðina af „600 sumra“ deyfðarmóki, þá ber hann saman það, sem fyrr var og það sem nú er:

Þá riðu hetjur um hjeröð  
og skrautbúin skip fyrir landi  
flutu með fríðasta lið,  
en nú er hún Snorrabúð stekkur.

Og enginn getur neitað því að orðin misstu ekki marks. Fáum þjóðum hefur sagan orðið heilladrýgri, en oss Íslendingum, henni þökkum vjer mál vort og þjóðerni, þökkum það að vjer erum þjóð.

Nú vík jeg mjer að bókmenntunum, sem að vísu að mörgu leyti eiga sammerkt við söguna, að því er snertir ást á máli og þjóðerni. Engin þjóð, sem litlar eða engar bókmenntir á, getur verndað tungu sína til lengdar fyrir annarlegum áhrifum, en með tungunni er þjóðernið farið. En til þess að geta fengið þjóðlegar og lifandi bókmenntir, er nauðsynlegt að hafa grundvöll á að byggja, sem vel á við eðli og hugsunarhátt þjóðarinnar. Ákjósanlegast af öllu er að eiga fornþjóðmenntir. Eins og trje, sem vant er feitum jarðvegi og heitu loftslagi, þrífst illa í hrjóstugri jörð og kaldara lopti, þannig getur sú bókmenntastefna, sem vel þrífst hjá einni þjóð, ef til vill alls ekki átt við aðra. Hin eiginlega bókmenntaöld Dana byrjar t.d. ekki fyr en þeir tóku að gefa gaum þeim bókmenntum, er þeim stóðu næstar, en það voru fornþjóðmenntir Íslendinga.

Sama má segja um Íslendinga, þótt skáldskapurinn hjá báðum þjóðunum hafi síðar orðið fyrir margskyns utanaðkomandi áhrifum.

Og af engu sjest betur, hve nátengdar bókmenntirnar eru lífi og gengi þjóðarinnar, en af því, að með gullöld þjóðanna er optast samhliða gullöld bókmenntanna. Þær rifja því engu að síður en sagan upp fyrir oss kjör og kosti þjóðarinnar.

Hver sú þjóð, er gleymir sögu sinni og bókmenntum, hún gleymir sjálfri sjer og hættir að vera sjerstök þjóð.<sup>1</sup>

*Sigurður Nordal*

---

1 Þí – Skjalasafn Menntaskólans í Reykjavík. M.R. skrifleg próf 1906. Vorpróf 6. bekkur.



## Heimildaskrá

### *Óprentaðar heimildir*

*Landsbókaskoðun Íslands – Háskólabókaskoðun, handritadeild: Lbs*

*Lbs 1700 4to – Bréfasafn Steingríms Thorsteinssonar.*

*Lbs 2429 4to – Bréfasafn Árna Thorsteinssonar og Þórunnar Hannesdóttur.*

*Lbs 2686 8vo – Dagbók Ólafs Davíðssonar.*

*Lbs 2701 4to – Ævisögur dimmittenda frá Reykjavíkur lærða skóla.*

*Lbs 3317 4to – Bræðrablað 3. ár 1847.*

*Lbs 3335 4to – Aðalbók Ingólfs 1. ár 1878.*

*Lbs 3367 4to – Fjölsvinnur 1. ár 1867.*

*Lbs 3754 8vo – Guðmundur Davíðsson. Forlög I.*

*Lbs 4077 4to – Dagbók Árna Þorvaldssonar.*

*Lbs 742a 4to – Föstuinnangangurinn 1861.*

*Lbs 3293 4to – Fundabók Bandamannafélagsins 1871-1872.*

*Lbs 3325-6 4to – Rit Bandamannafélagsins.*

*Lbs 3364 4to – Skinfaxi 3. ár 1903.*

*Landsbókaskoðun Íslands – Háskólabókaskoðun: Lbs-Hbs*

Bragi Þorgrímur Ólafsson, „Þjóð eignast fegurri framtíð. Einsögurannsókn á framtíðarsýn Íslendinga á síðari hluta 19. aldar.“ B.A. ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands, 1999.

Guðmundur Hálfðanarson, „Old Provinces, Modern Nations. Political Responses to State Intergration in Late Nineteenth and Early Twentieth-Century Iceland and Brittany.“ Doktorsritgerð frá Cornell University í Bandaríkjunum, 1991.

Ólafur Rastrick, „Uppeldi þjóðar. Alþýðumenntun og ríkisvald 1880-1918.“ B.A. ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands, 1993.

*Ejódskjalaskoðun Íslands: ÞÍ*

*Skjalaskoðun Menntaskólans í Reykjavík.*

Árbækur Lærða skólans 1874-1902.

M.R. skrifleg próf 1847-1906.

Skýrsla yfir ritendur Árbóka hins lærða skóla í Reykjavík.

Annað:

Upplýsingar frá Hagstofunni um brautskráða stúdenta 2003, október 2004.

*Prentaðar heimildir*

*Alþingismannatal 1845-1975* (Reykjavík, 1978).

Ariès, Philippe, *Centuries of Childhood. A Social History of Family Life.* (London, 1962).

„Auðlegð Íslendinga.“ *Fjóðó.fur* 41. árg. 8. mars 1889, bls. 47-48.

*Auglýsing um reglugjörð fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík* (Reykjavík, 1877).

Árni Thorsteinsson, „Á víð og dreif.“ *Minningar úr menntaskóla.* Ritstjórar Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (Reykjavík, 1946), bls. 77-86.

Árni Thorsteinsson, *Harpa minninganna* (Reykjavík, 1955).

*Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna.* Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir (Reykjavík, 1998).

Ben-Amos, Ilana Krausman, „Adolescence as a Cultural Intervention: Philip Ariès and the Sociology of Youth.“ *History of the Human Sciences* 8:2 (1995), bls. 69-89.

Benedikt Gröndal, *Dægradvöl* (Reykjavík, 1965).

Benedikt Gröndal, *Skóla-farganið* (Reykjavík 1883).

Berglind Hallgrímsdóttir, „Framtíðin.“ *Skólablaðið* 71. árg. 2. tbl. (1996), bls. 54-55.

Bourdieu, Pierre & Passeron, Jean-Claude, *Reproduction in Education, Society and Culture.* Second edition (London, 1990).

Bragi Þorgrímur Ólafsson, „Fljúgandi loptbátar. Samtímafrásagnir af tækninýjungum 19. aldar í íslenskum dagblöðum.“ *Lifandi Vísindi* 11 tbl. (1999), bls. 80-81.

Bragi Þorgrímur Ólafsson, „Í þágu niðjanna. Framtíðasýn Íslendinga á 19. öld.“ *Sagnir* 20 (1999), bls. 4-11.

Brynleifur Tóbiasson, *Hver er maðurinn.* I-II. bindi (Reykjavík, 1944).

„Bræðrasjóður Reykjavíkurskóla.“ *Reykjavíkurbósturinn* 1. ár (1846), bls. 46-47.

Einar H. Guðmundsson, „Björn Gunnlaugsson og náttúruspekin í Njólu.“ *Ritmennt* 8 (2003), bls. 9-78.

Einar H. Kvaran, *Mannlýsingar* (Reykjavík, 1959).

Einar Laxness, *Íslandssaga a-ö.* I-III (Reykjavík, 1995).

*Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubref frá 19. öld.* Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 3. Sigrún Sigurðardóttir tók saman (Reykjavík, 1999).

- Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð. Ímyndir, veruleiki og frelsis-  
hugmyndir kvenna á 19. öld.“ *Saga* 35 (1997), bls. 57-94.
- Finnur Jónsson, „Latínuskólinn 1872-1878.“ *Skírnir* 105 (1931), bls. 32-62.
- Finnur Jónsson, „Um hinn lærða skóla á Íslandi.“ *Andvari* 9 (1883), bls.  
97-135.
- Finnur Jónsson, Páll Briem, Skúli Thoroddsen, *Brjef til Íslendinga um lærða  
skólann frá Velvakanda og bræðrum hans* (Kaupmannahöfn, 1882-1883).
- Friðrik Friðriksson, „Latínuskólinn.“ *Minningar úr menntaskóla*. Ritstjórar  
Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (Reykjavík, 1946), bls. 119-  
123.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801-1930. Studies in the Relationship between Demographic and Socio-Economic Development, Social Legislation and Family and Household Structures* (Uppsala, 1988).
- Gísli Blöndal, „Próun viðhorfa í íslenskri fjármálastjórn.“ *Fjármálatíðindi*  
12:2 (1965), bls. 101-110.
- Graff, Harvey, J, *Conflicting Paths. Growing up in America* (Cambridge,  
Massachusetts, 1995).
- Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur 1870-1940. Bærinn vaknar*. Fyrri hluti  
(Reykjavík, 1991).
- Guðlaugur R. Guðmundsson, *Skótal.f. Starf og síðir í latínuskólunum á Íslandi  
1552-1846* (Reykjavík, 2000).
- Guðmundur Eggerz, *Minningabók Guðmundar Eggerz sýslumanns* (Reykja-  
vík, 1952).
- Guðmundur Guðmundsson, „Um menntun og jafnrjetti kvenna.“ *Ejódófur* 38.  
árg. 4. júní 1886, bls. 90-91.
- Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagspróun á 19. öld.“ *Íslensk  
þjóðfélagspróun 1880-1990. Ritgerðir*. Ritstjórar Guðmundur Hálfðanarson  
og Svanur Kristjánsson (Reykjavík, 1993), bls. 9-58.
- Gunnar Halldórsson, „Lútherskur rétttrúnaður og lögmál hallæranna.“ *Sagnir*  
10 (1989), bls. 46-57.
- Gunnar Karlsson, „Krafan um hlutleysi í sagnfræði.“ *Sögulóðir. Afmælisrit  
helgað Ólafi Hanssyni sjötugum* (Reykjavík, 1979), bls. 145-167.
- Gunnar Sveinsson, „Íslenskur skólaskáldskapur 1846-1882.“ *Skírnir* 130  
(1956), bls. 127-171.
- Gunnlaugur Haraldsson, *Guðfræðingatal 1847-2002*. I-II bindi (Reykjavík,  
2002).
- Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*. Ritstjórar Magnús S. Magnússon  
og Guðmundur Jónsson (Reykjavík, 1997).

- Halldór Laxness, „Sumarstörf manna hér á landi.“ *Ritmennt* 7 (2002), bls. 186-187.
- Hannes Þorsteinsson, *Endurminningar og hugleiðingar um hitt og þetta, er á dagana hefur drifið* (Reykjavík, 1962).
- Heimir Þorleifsson, „Menntaskólahúsið. Bygging og nýting í 150 ár.“ *Skólablaðið* 71. árg. 2. tbl. (1996) bls. 33-39.
- Heimir Þorleifsson, *Saga Reykjavíkurskóla II. Skólalífið í Lærða skólanum* (Reykjavík, 1978).
- Heimir Þorleifsson, „Samskipti skólapilta í Lærða skólanum og Reykvíkinga á öldinni sem leið.“ *Reykjavík miðstöð þjóðlífs*. Safn til sögu Reykjavíkur (Reykjavík, 1978), bls. 116-136.
- Heimir Þorleifsson, „Skáldskapur á skólahátíðum 19. aldar.“ *Söguslóðir. Afmælisrit helgað Ólafi Hanssyni sjötugum* (Reykjavík, 1979), bls. 203-226.
- Hjalti Hugason, *Bessastadaskolan. Ett försök till prästskola på Island 1805-1846* (1983).
- „Hollt er heima hvað.“ *Norðarfari* 4. árg. 14.-15. tbl. 19. apríl 1865, bls. 27-28; 30. maí 1865, bls. 37-38.
- Hrefna Róbertsdóttir, *Reykjavíkufélög. Félagastarf og menntastarf á cfanverðri 19. öld*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 26 (Reykjavík, 1990).
- Indriði Einarsson, *Séð og lifað. Endurminningar* (Reykjavík, 1972).
- Inga Dóra Björnsdóttir, „Hin karlmannlega raust og hinn hljóðláti máttur kvenna. Upphaf kórsöngs á Íslandi.“ *Saga* 36 (2001), bls. 7-50.
- Ingi Sigurðsson, *Íslensk sagnfræði frá miðri 19. öld til miðrar 20. aldar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 15 (Reykjavík, 1986).
- Ingólfur Gíslason, „Í langaloftinu.“ *Minningar úr menntaskóla*. Ritstjórar Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (Reykjavík, 1946), bls. 133-143.
- Ingólfur Gíslason, *Læknisævi* (Reykjavík, 1948).
- Íslenskir samtíðamenn*. Síðara bindi. Ritstjórar Jón Guðnason og Pétur Haraldsson (Reykjavík, 1967).
- Jes A. Gíslason, „Nokkrar minningar frá skólaárum mínum 1885-1891.“ *Minningar úr menntaskóla*. Ritstjórar Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (Reykjavík, 1946), bls. 99-117.
- Jón Guðnason, „Greiðsla verkkaups í peningum. Þáttur í sjálfstæðisbaráttu íslensks verkalýðs.“ *Saga* 23 (1985), bls. 7-57.
- Jón Guðnason, *Íslenskar æviskrár*. VI. bindi (Reykjavík, 1976).
- Jón Helgason, *Þeir, sem settu svip á bæinn. Endurminningar frá Reykjavík uppvaxtarára minna* (Reykjavík, 1954).



- Jón Þorkelsson, *Ástandið og umsjónin í latínuskólanum* (Kaupmannahöfn 1883).
- Jón Þorláksson, „Kennslan í lærða skólanum.“ *Skírnir* 106 (1932), bls. 124-132.
- Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*. I. bindi (1929).
- „Kvennaskólarnir.“ *Ejódólfur* 31. árg. 19. júlí 1879, bls. 77-78.
- Lofur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar og lýçfræðilegrar greiningar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 10 (Reykjavík, 1983).
- Lækjarbotnaett*. II. bindi Ritstjóri Jónína Margrét Guðnadóttir (Reykjavík, 2001).
- Læknar á Íslandi*. Þriðja útgáfa. Ritstjóri Gísli Ólafsson (Reykjavík, 1984).
- Marta Valgerður Jónsdóttir, Þorsteinn Jónsson og Þóra Ása Guðjohnsen, *Knudsenætt*. I. bindi (Reykjavík, 1986).
- Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér* (Reykjavík, 1959).
- Matthías Viðar Sæmundsson, „Sagnagerð frá upplýsingu til raunsæis.“ *Íslensk bókmenntasaga*. Þriðja bindi. Ritstjóri Halldór Guðmundsson (Reykjavík, 1996), bls. 497-588.
- Mills, C. Wright, *The Power Elite* (Oxford, 1968).
- Minningar úr menntaskóla*. Ritstjórar Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (Reykjavík, 1946).
- Minnigarrit fimtíu ára çfmælis Hins Lærða skóla í Reikjavík* (Reykjavík, 1896).
- Nisbet, Robert A., *History of the Idea of Progress*. Second edition (New Brunswick, 1994).
- Ólafur Davíðsson, *Ég læt allt jjúka. Sendibref og dagbókarbrot frá skólaárunum*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar (Reykjavík, 1955).
- Ólafur Ragnar Grímsson, *The Icelandic Elite and the Development of the Power Structure 1800-2000* (Århus, 1975).
- Ólafur Þ. Kristjánsson, *Kennaratal á Íslandi*. I-II. bindi (Reykjavík, 1958-1965).
- Pálína Magnúsdóttir, *Pálsætt á Ströndum*. III. bindi (Reykjavík, 1991).
- Páll Björnsson, „Að búa til íslenska karlmenn: kynjaímyndir Jóns forseta.“ *Íslenska söguþingið 30. maí-1. júní 2002. Ráðstefnurit I* (Reykjavík, 2002), bls. 43-53.
- Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár*. I-V. bindi (Reykjavík, 1948-1952).
- Páll Melsteð, *Endurminningar Páls Melsteð* (Kaupmannahöfn, 1912).
- Pétur Guðmundsson, *Annáll níjándu aldar*. II-V. bindi (Reykjavík, 1924-1959).

- Reglugjörð um kennsluna og lærdómspréfin í hinum lærða skóla í Reykjavík* (Reykjavík, 1852).
- Ritverk Jónasar Hallgrímssonar*. IV. bindi. *Skýringar og skrár*. Ritstjórar Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson (Reykjavík, 1989).
- Saga Reykjavíkurskóla I. Nám og nemendur*. Ritstjóri Heimir Þorleifsson (Reykjavík, 1975).
- Saga Reykjavíkurskóla I-IV*. Ritstjóri Heimir Þorleifsson (Reykjavík, 1975-1984).
- Sigfús Blöndal, *Endurminningar* (Reykjavík, 1960).
- Sigrún Sigurðardóttir, „Tveir vinir. Tjáning og tilfinningar á nítjándu öld.“ *Einsagan – ólíkar leiðir Átta ritgerðir og eitt myndlistaverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík 1998), bls. 145-169.
- Sigurbjörn Á. Gíslason, „Skólapiltaferðir undir lok 19. aldar.“ *Minningar úr menntaskóla*. Ritstjórar Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (Reykjavík, 1946), bls. 145-154.
- Sigurður Árnason, *Með straumnum. Nokkrar afminningar* (Reykjavík, 1950).
- Sigurður Jónsson, „Sitthvað um kennara, kennslu og kennslubækur í Lærða skólanum á síðasta áratug 19. aldar.“ *Minningar úr menntaskóla*. Ritstjórar Ármann Kristinsson og Friðrik Sigurbjörnsson (Reykjavík, 1946), bls. 155-165.
- Sigurður Magnússon, *Æviminningar læknis* (Reykjavík, 1985).
- Sigurður Gylfi Magnússon, „Alþýðumenning á Íslandi 1850-1940.“ *Íslensk ljóðfélagsþróun 1880-1990. Ritgerðir*. Ritstjórar Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson (Reykjavík, 1993), bls. 265-320.
- Sigurður Gylfi Magnússon, „Jeg er 479 dögum yngri en Nilli. Dagbækur og daglegt líf Halldórs Jónssonar frá Miðdalsgröf.“ *Skírnir* 169 (haust 1995), bls. 309-347.
- Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar*. Sagnfræðirannsóknir 13 (Reykjavík, 1997).
- Skólaræður Sveinbjarnar Egilssonar*. Haraldur Sigurðsson sá um prentun (Reykjavík, 1968).
- „Skólaröð.“ *Ísafold* 17. árg. 3. apríl 1889, bls. 106.
- Skýrsla um Hinn Lærða skóla í Reykjavík skólaárið 1847-48;1848-49; 1849-50;1850-51;1851-52;1852-53;1856-57; 1886-87; 1894-95; 1901-02* (Reykjavík, 1848-1902).

- Stjórnartíðindi* 1886 A-hluti (Reykjavík, 1886).
- „Stjórnuturninn á Hamiltonfjalli.“ *Ísafold* 13. árg. 21. september 1887, bls. 179.
- Sumarliði R. Ísleifsson, *Ísland, framandi land* (Reykjavík, 1996).
- Sveinn Björnsson, *Endurminningar Sveins Björnssonar* (Reykjavík, 1957).
- Tíðindi frá Alþingi Íslendinga* 1861 (Reykjavík, 1861-1862).
- Tryggvi Gunnarsson, „Formáli“ *Dýravinurinn* 2 (1887), án bls.
- „Um lærða skólann.“ *Íslendingur* 4. árg. 3.-4. tbl. 25. ágúst 1864, bls. 20-22; 9. september 1864, bls. 25-27.
- „Um síðustu ferð strandferðaskipsins.“ *Fjallkonan* 7. árg. 11. nóvember 1890, bls. 137.
- „Vegabætur og vegabótafje.“ *Ísafold* 11. árg. 19. nóvember 1884, bls. 182.
- Þorleifur Óskarsson *Saga Reykjavíkur í þúsund ár 870-1870*. Seinni hluti (Reykjavík, 2003).



## Nafnaskrá

- Anton H. Möller (1839-?) 168  
Árni Árnason, síðar læknir (1885-1971) 91, 301, 335  
Árni Jóhannsson, síðar prestur (1842-1880) 270  
Árni Sigurðsson 189  
Árni Þorsteinsson, síðar prestur (1851-1919) 267  
Ásgeir G. Gunnlaugsson, síðar verslunarmaður (1879-1956) 54  
Ásgeir Gunnlaugsson Már, stúdent (1885-?) 305  
Ásgeir Torfason, síðar efnafræðingur (1871-1916) 65  
Baldur Sveinsson, síðar ritstjóri (1883-1932) 116  
Benedikt Þ. Gröndal, síðar kennari (1870-1938) 259  
Benedikt Sveinsson, síðar ritstjóri (1877-1954) 124, 231  
Bjarni Jónsson, síðar prestur (1881-1965) 241  
Bjarni E. Magnússon, síðar sýslumaður (1831-1876) 307  
Bjarni Þorsteinsson, síðar prestur (1861-1938) 178, 318  
Björn Bjarnason, síðar ritstjóri (1873-1918) 347  
Björn Jónsson, síðar prestur (1858-1924) 217  
Björn M. Ólsen, síðar prófessor (1850-1919) 311  
Björn Stefánsson, síðar prestur (1843-1877) 272  
Bogi Benediktsson, síðar skrifstofustjóri (1878-1947) 84  
Bogi Brynjólfsson, síðar sýslumaður (1883-1965) 71  
Brynjúlfur Kúld, síðar cand. phil (1864-1901) 111  
Davíð Guðmundsson, síðar prestur (1834-1905) 103  
Eggert Briem Eiríksson, síðar bóndi (1879-1939) 171, 298  
Einar Arnórsson, síðar prófessor (1880-1955) 55  
Einar Benediktsson, síðar sýslumaður, skáld (1864-1940) 219  
Einar P. Jónsson, síðar ritstjóri (1880-1959) 62  
Einar Hjörleifsson Kvaran, síðar ritstjóri (1859-1938) 322  
Eiríkur Magnússon, síðar bókavörður (1833-1913) 153  
Eiríkur Þ. Stefánsson, síðar prestur (1878-1966) 57  
Elínborg Jakobsen síðar nuddlæknir (1871-1929) 149  
Emil Schou, stúdent (1860-1891) 286

Finnur Jónsson, síðar prófessor (1858-1934) 315  
 Friðrik Friðriksson, síðar prestur (1868-1961) 293  
 Friðrik Jónsson, síðar kaupmaður (1860-1938) 216  
 Friðrik Sigurðsson 76  
 Gestur Pálsson, skáld (1854-1891) 265  
 Gísli Guðmundsson, síðar stúdent (1859-1884) 110  
 Guðmundur Benediktsson, síðar bankaritari (1879-1918) 299  
 Guðmundur Guðmundsson, skáld (1874-1919) 67, 249  
 Guðmundur G. Jóhannesson 277  
 Guðmundur Magnússon, síðar prófessor (1863-1924) 319  
 Guðni Guðmundsson, síðar læknir (1850-1908) 155  
 Gunnlaugur Blöndal, síðar sýslumaður (1834-1884) 101  
 Gunnlaugur Þorsteinsson, síðar læknir (1884-1946) 83  
 Halldór Hermannsson, síðar prófessor, bókavörður (1878-1958) 273  
 Halldór Jónasson, síðar starfsmaður á Hagstofunni (1881-1966) 240  
 Hallgrímur Sveinsson, síðar biskup (1841-1909) 211  
 Hannes Hafstein, síðar ráðherra (1861-1922) 104, 283  
 Hannes Þorsteinsson, síðar ritstjóri (1860-1935) 138  
 Hans Bjarnason 192  
 Haraldur Sigurðsson, síðar forstöðumaður (1882-1934) 73, 278  
 Helgi Melsteð, stúdent (1849-1872) 186  
 Hendrik Erlendsson, síðar læknir (1879-1930) 173  
 Indriði Einarsson, síðar hagfræðingur, leikritaskáld (1851-1939) 156, 253  
 Jakob Sigurðsson 339  
 Jens Pálsson, síðar prestur (1851-1912) 312  
 Jóhann Briem (1874-1892) 95  
 Jóhann G. Sigurðsson, síðar stúdent (1882-1906) 80, 247  
 Jóhann Sigurjónsson, síðar leikritaskáld (1880-1919) 123  
 Jóhann Þorkelsson, síðar prestur (1851-1944) 255  
 Jóhannes Lárus Lyngge, síðar prestur (1859-1929) 328  
 Jóhannes D. Ólafsson (1855-1897) 267  
 Jón Benediktsson 97  
 Jón Blöndal, síðar læknir (1873-1920) 96  
 Jón Brandsson, síðar prestur (1875-1959) 190  
 Jón Helgason, síðar biskup (1866-1942) 141  
 Jón Hermannsson, síðar tollstjóri (1873-1960) 143  
 Jón A. Hjaltalín, síðar skólastjóri (1840-1908) 129  
 Jón Jakobsson, síðar landsbókavörður (1860-1925) 285  
 Jón Jóhannesson, síðar prestur (1878-1958) 192

Jón Jónsson Aðils, síðar prófessor (1869-1920) 222  
 Jón Jónsson, síðar prestur (1830-1898) 99  
 Jón Jónsson, síðar prestur (1849-1920) 184  
 Jón Kristjánsson, síðar prófessor (1885-1918) 245  
 Jón Magnússon, síðar forsætisráðherra (1859-1926) 289, 321  
 Jón Ófeigsson, síðar kennari (1881-1938) 121, 229  
 Jón Ólafsson Rósinkrans, síðar læknir (1879-1924) 344  
 Jón Hjaltalín Sigurðsson, síðar prófessor (1878-1955) 169  
 Jón Porláksson, síðar forsætisráðherra (1877-1935) 251  
 Jónas Jónasson frá Hrafnagili, síðar prestur (1856-1918) 105, 134  
 Júlíus Havsteen, síðar sýslumaður (1886-1960) 115, 199  
 Júlíus Havsteen, síðar amtmaður (1839-1915) 167  
 Klemens Jónsson, síðar ráðherra (1862-1930) 317  
 Knud Zimsen, síðar borgarstjóri (1875-1953) 144  
 Kristinn Björnsson, síðar læknir (1879-1939) 172  
 Kristján Kristjánsson, síðar læknir (1870-1927) 342  
 Lárus Árnason, síðar lyfsali (1862-1909) 290  
 Lárus Benediktsson, síðar prestur (1841-1920) 182  
 Lárus Blöndal, síðar sýslumaður (1836-1894) 181  
 Lárus Halldórsson, síðar prestur (1851-1908) 131  
 Lárus E. Sveinbjörnsson, síðar sýslumaður (1834-1910) 205  
 Lárus Thorarensen, síðar prestur (1877-1912) 126  
 Magnús Arnbjarnarson, síðar lögfræðingur (1870-1956) 256  
 Magnús Hannesson Stephensen (1832-1856) 102  
 Magnús Jónsson, síðar prestur (1864-1951) 220  
 Magnús (Maggi) Júlíusson, síðar læknir (1886-1941) 86  
 Magnús Magnússon, námsmaður (1879-1902) 162  
 Magnús Pétursson Stephensen, síðar læknir (1835/6-1865) 208  
 Magnús Sigurðsson, síðar bankastjóri (1880-1947) 236  
 Magnús Stephensen, síðar landshöfðingi (1836-1917) 151  
 Magnús Stephensen, síðar verslunarmaður (1885-1916) 119  
 Matthías Jochumsson, síðar prestur, skáld (1835-1920) 209  
 Matthías S. Þórðarson, síðar þjóðminjavörður (1877-1961) 275  
 Már Nielsson 225  
 Oddur Hermannsson, síðar skrifstofustjóri (1884-1927) 78  
 Oscar Clausen, síðar verslunarmaður, rithöfundur (1887-1980) 87  
 Ólafía Jóhannsdóttir, síðar rithöfundur (1863-1924) 148  
 Ólafur Briem, síðar formaður SÍS (1851-1925) 313  
 Ólafur Davíðsson, síðar þjóðsagnasafnari (1862-1903) 325, 338

Ólafur Einarsson 288  
Ólafur Gunnarsson, síðar læknir (1885-1927) 61  
Ólafur Jóhannesson, síðar stúdent (1885-1912) 197  
Ólafur Möller (1876-1910) 70  
Ólafur P. Pétursson, síðar stúdent (1886-1911) 200  
Ólafur Thorberg (1869-?) 341  
Ólafur Thorlacius, síðar læknir (1869-1953) 223  
Páll Briem, síðar amtmaður (1856-1904) 314  
Páll Eggert Ólason, síðar prófessor (1883-1949) 164  
Páll Friðrik Vídalín Bjarnason, síðar sýslumaður (1873-1930) 331  
Páll Melsteð, stúdent (1844-1863) 184  
Páll Sigurðsson, síðar prestur (1884-1949) 333  
Páll Sveinsson, síðar kennari (1878-1951) 234  
Páll Sæmundsson, síðar bókarari (1874-1961) 228  
Páll Þorláksson, síðar prestur (1849-1882) 132  
Pálmi Pálsson, síðar kennari (1857-1920) 107  
Pétur Á. Jónsson, síðar óperusöngvari (1884-1956) 280  
Pétur Bogason, síðar læknir (1882-1961) 53  
Pétur Guðjohnsen, stúdent (1870-1900) 345  
Reinhold Samúelsson Richter, síðar forstjóri (1886-1966) 63, 303  
Sigfús Bjarnason, síðar útgerðamaður (1857-1923) 136  
Sigfús Maríus Jóhannsson Johnsen, síðar lögfræðingur (1886-1974) 306  
Sigtryggur Guðlaugsson, síðar prestur (1862-1959) 94  
Sigurbjörn Ármannsson Ármann, síðar kaupmaður (1884-1950) 60  
Sigurður Guðmundsson, síðar kennari (1878-1949) 58, 243  
Sigurður Hjörleifsson Kvaran, síðar læknir (1862-1936) 175, 324  
Sigurður Jensson, síðar prestur (1853-1924) 134  
Sigurður Lýðsson, síðar ritstjóri (1884-1926) 279  
Sigurður Magnússon, síðar læknir (1869-1945) 258  
Sigurður Nordal, síðar prófessor (1886-1974) 349  
Sigurður Pálsson, síðar bóndi (1870-1947) 227  
Sigurður Sigtryggsson, síðar kennari (1884-1944) 238  
Sigurður Thoroddsen, síðar verkfræðingur (1863-1955) 109  
Sigurjón Markússon, síðar sýslumaður (1879-1959) 191  
Skúli Bogason, síðar læknir (1881-1949) 237  
Skúli Skúlason, síðar prestur (1861-1933) 291  
Stefán Guðmundsson Stefánsson, síðar lögfræðingur (1876-1948) 343  
Stefán S. Stephensen, síðar prestur (1832-1922) 152, 207  
Stefán Stefánsson, síðar læknir (1864-1938) 139, 330



Steindór Björnsson, síðar leikfímikennari (1885-1972) 201  
Sveinn Björnsson, síðar forseti Íslands (1881-1952) 69  
Sæmundur Jónsson, síðar prestur (1832-1896) 206  
Tómas Björnsson, síðar prestur (1841-1929) 183, 310  
Valdimar Erlendsson, síðar læknir (1879-1951) 196  
Valtýr Guðmundsson, síðar prófessor (1860-1928) 176  
Vernharður Þorsteinsson, síðar kennari (1884-1959) 89  
Vigfús Einarsson, síðar skrifstofustjóri (1882-1949) 161  
Vilhjálmur Finsen, síðar ritstjóri (1883-1960) 193  
Þorgrímur A. Johnsen, síðar læknir (1838-1917) 308  
Þorlákur Thorarensen (1842-?) 309  
Þorsteinn Þorsteinsson, síðar hagstofustjóri (1880-1979) 194  
Þorvaldur Thoroddsen, síðar náttúrufræðingur (1855-1921) 263  
Þorvarður Andrésson Kjerulf, síðar læknir (1848-1893) 133, 269  
Þorvarður Þorvarðarson, síðar prestur (1863-1948) 336  
Þórarinn Kristjánsson, síðar hafnarstjóri (1886-1943) 118  
Þórarinn Þórarinsson 160  
Þórarinn Þórarinsson, síðar prestur (1864-1939) 327  
Þórður Guðmundsen 300

